



# SAGA LISTASAFNA Á ÍSLANDI

Ritstjóri Sigurjón Baldur Hafsteinsson





Saga listasafna á Íslandi © 2019  
Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla  
Íslands og höfundar.

Ritstjóri:  
Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Umbrot:  
Helga Björg Kjerúlf

Hönnun kápu:  
Hildur Erna Sigurjónsdóttir.

Prentun:  
Oddi

Útgefandi:  
Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla  
Íslands.

Bók þessa má afrita með ljósmyndun, prentun,  
hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt,  
að hluta til, svo fremi sem hennar er getið og  
að sú afritun sé ekki gerð í hagnaðarskyni. Sé  
afritun bókarinnar, að hluta til eða í heild, gerð  
í hagnaðarskyni, þarf skriflegt leyfi höfunda,  
rétthafa myndefnis og útgefanda.

ISBN: 978-9935-9465-0-8



# Efnisyfirlit

Aðfararorð Sigurjón Baldur Hafsteinsson	8
Listasafn Íslands (1884) Heiða Björk Árnadóttir	12
Listasafn Einars Jónssonar (1923) Sigríður Melrós Ólafsdóttir	62
Listasafn Vestmannaeyja (1932) Kári Bjarnason Listasafn	88
Alþýðusambands Íslands (1961) Ragnheiður Pálsdóttir	104
Listasafn Ísafjarðar (1963) Helga Þórsdóttir	128
Listasafn Árnesinga (1963) Inga Jónsdóttir. Gerðarsafn	146
Gerðarsafn (1966) Kristín Dagmar Jóhannesdóttir	168
Listasafn Borgarness (1970) Guðrún Jónsdóttir.	190
Listasafn Reykjavíkur (1973) Eiríkur Þorláksson.	204
Nýlistasafnið (1978) Bergsveinn Þórsson.	236
Myndlistarsafn Þingeyinga (1978) Jóhannes Dagsson.	258
Ljósmyndasafn Reykjavíkur (1980) Helgi Máni Sigurðsson.	274
Listasafn Háskóla Íslands (1980) Auður Ava Ólafsdóttir	290



<b>Listasafn Fjallabyggðar (1980)</b> <b>Anita Elefsen og Örlygur Kristfinnsson</b>	304
<b>Listasafn Sigurjóns Ólafssonar (1984)</b> <b>Aðalsteinn Ingólfsson</b>	316
<b>Hafnarborg (1988)</b> <b>Ágústa Kristófersdóttir</b>	338
<b>Listasafnið á Akureyri (1993)</b> <b>Arndís Bergsdóttir</b>	358
<b>Listasafnið í Reykjanesbæ (1994)</b> <b>Valgerður Guðmundsdóttir</b>	392
<b>Safnasafnið, Alpýðulistasafn Íslands (1995)</b> <b>Niels Hafstein</b>	404
<b>Listasafn Svavars Guðnasonar (1995)</b> <b>Björg Erlingsdóttir</b>	432
<b>Sveinssafn (1998)</b> <b>Erlendur Sveinsson</b>	452
<b>Hönnunarsafn Íslands (1998)</b> <b>Harpa Þórsdóttir</b>	480
<b>Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar (2001)</b> <b>Smári Geirsson</b>	502
<b>Safn: Einkasafn Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur (2003)</b> <b>Edda Halldórsdóttir.</b>	522
<b>Vatnasafnið (2007)</b> <b>Guðni Tómasson</b>	548

# Aðfararorð

Sigurjón Baldur Hafsteinsson

„Megnið af volæði veraldarinnar stafar af skorti á ímyndunaraflí.“  
– Þórbergur Þórðarson, *Bréf til Láru*.

Viðfangsefni bókarinnar er að varpa ljósi á tilurð, vöxt og starfsemi listasafna hér á landi. Greinarnar eiga það sameiginlegt að gera tilraun til að svara spurningunni: Hvernig hafa söfn sem sérhæfa sig í að safna list, varðveita og gera hana aðgengilega, þróast hér á landi? Líta má á viðfangsefnið sem hluta af rannsóknabylgju á síðustu árum sem hafa þyrlað upp spurningum um upphaf og hlutverk listasafna í fortíð og nútíð.<sup>1</sup> Líta má svo á að bókin sé nauðsynlegur grundvöllur að frekari rannsóknum á þessu sviði, svo sem eins og; hver séu áhrif pólitískra afskipta af starfsemi listasafna<sup>2</sup>, hvert er vald listasafna til túlkunar<sup>3</sup>, hver eru tengsl listasafna við þjóðernishyggju og fjárhagslega hagsmuni<sup>4</sup>, hver eru hlutverk og áskoranir smærri listasafna<sup>6</sup>, hvaða hlutverkum gegna listamenn og safnarar í starfi listasafna, hvaða gagnrýnu þýðingu hafa gjafir til listasafna<sup>5</sup>, hver eru siðferðileg álitamál um samskipti listamanna<sup>7</sup>, safna og gesta þeirra<sup>8</sup>, hvað má segja um ritskoðunartilburði listasafna, sem sögð hafa verið „tjáningahallir frelsisins“<sup>9</sup>, og með hvaða hætti eru alþjóðleg tengsl listasafna hér á landi<sup>10</sup>, svo eitthvað sé talið.

Undirbúningur fyrir gerð bókarinnar hófst árið 2015 og var hugmyndin sú að gerð yrði grein fyrir öllum listasöfnum á landinu. Leitað var til höfunda sem höfðu staðgóða þekkingu á starfsemi safnanna sem starfsmenn og/eða sem fræðimenn. Þrátt fyrir ítarlega leit að höfundum til að skrifa um Þjóðminjasafn Íslands, fékkst enginn til verkefnisins. Er það miður, en Þjóðminjasafnið varðveitir myndlist frá því að land byggðist, að ógleymdri kirkjulist, og hefur með ýmsum hætti frá stofnun þess árið 1863 sinnt varðveislu, rannsóknum og miðlun á þeim arfi með myndarlegum hætti og gerir enn.<sup>11</sup> Á síðustu stigum bókarinnar kom í ljós að minnsta kosti tvö listasöfn til viðbótar vantar á listann yfir starfandi listasöfn. Á haustdögum 2018 komst ég fyrir tilviljun að því að Listasafn Skagfirðinga<sup>12</sup> væri til, sem og Listasafn Akraness<sup>13</sup>. Tími til að efna til rannsóknar á sögu og starfsemi þeirra var hins vegar



Verkið Museum '99 eftir Hallgrím Helgason.

ekki fyrir hendi, þar sem handritið var á lokametrinum fyrir undirbúning á útgáfu. Segja má að þessi óvænta vitneskja um söfnin tvö sé lýsandi dæmi um nauðsyn bókarinnar. Í bókinni er ekki fjallað um líflega sýninga- og gallerístarfsemi sem þrífist hefur hér á landi og ræðst það aðallega af því að tilgangur þeirra er að öllu jöfnu annar en rekstur safna. Sýningar og gallerí eru hins vegar mikilvægur hlekkur í starfsemi listasafna, hluti af listheiminum, og bíður frekari rannsóknna.<sup>15</sup>

Fjölmarginir hafa komið að gerð bókarinnar og vil ég sérstaklega þakka öllum höfundum í bókinni fyrir þolinmæðina og ánægjulegt samstarf við að gera hana að veruleika. Ólöf Bjarnadóttir var mér til halds og trausts við margvíslegan undirbúning á verkinu og vil ég þakka henni fyrir samstarfið. AlmaDís Kristinsdóttir, Andrea Þormar, Inga Lára Baldvinsdótti, Tinna Grétarsdóttir, Erla Dís Sigurjónsdóttir, Kristín Birgisdóttir, Sigrún Fossberg, Arndís Bergsdóttir, Guðbrandur Benediktsson, Hildu Erna Sigurjónsdóttir



veittu mér ýmsa aðstoð og vil ég færa þeim þakkir fyrir. Ég vil einnig þakka Hallgrími Helgasyni fyrir góðfúslegt leyfi að birta mynd hans í bókinni. Öðrum myndhöfundum vil ég einnig þakka fyrir að styðja við útgáfuna. Að lokum vil ég þakka aðstoðarmannasjóði Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræðideildar við Háskóla Íslands, öndvegisverkefnum Mobilities and Transnational Iceland og Safnasjóði fyrir veittan fjárstuðning við gerð verksins.

#### Neðanmálgreinar

- 1 Paul, Carole ritstj., *The First Modern Museums of Art: The Birth of An Institution in 18th- and Early-19th-Century Europe*. Los Angeles, 2012: Paul Getty Museum. Sjá einnig Curran, Katherine, *The Invention of the American Art Museum: From Craft to Kulturgeschichte, 1870-1930*. Los Angeles: Getty Research Institute, 2016.
- 2 Hannes Lárusson, „Korpúlfsstaðabeljurnar“, Morgunblaðið, 6. maí 1993, 20. Hannes Lárusson, „Yfirsjónir“, Lesbók Morgunblaðsins, 12. apríl 2003, 4-5.
- 3 Hannes Lárusson, „Þriðji maðurinn“, *Heimsmynd*2(4) 1989, 54-57. Sjá einnig „Selur húsið sitt til að byggja listaskála í Hveragerði“, Morgunblaðið D, 12. apríl 1996, 2.
- 4 Hannes Lárusson, Ásmundur Ásmundsson og Tinna Grétarsdóttir. KODDU. Reykjavík: Sýningarstjórar, 2011.
- 5 Sjá greinar í þessari bók.
- 6 Sjá væntanlega bók, *Að finna listinni samastað í samfélaginu: Þættir úr sögu FÍM*; Einar Falur Ingólfsson, „Hið mikla listasafn læknisins“, Morgunblaðið, 4. apríl 2019, 52-53.
- 7 Sjá greinar í þessari bók.
- 8 Marstine, Janet, *Critical Practice: Artists, museums, ethics*. New York: Routledge, 2017. Sjá einnig Walden, Jennifer ritstj., *Art and destruction*. Newcastle: Cambridge Scholars Publishing, 2013.
- 9 Skapti Hallgrímsson, „Kveðjuhóf um hugmyndir 19. og 20. aldar“, Lesbók Morgunblaðsins, 20. Október 2007, 13. Dubin, Steven, *Displays of Power: Controversy in the American Museum from the Enola Gay to Sensation*. New York and London: New York University Press, 1999.
- 10 Tinna Grétarsdóttir, „Á milli safna: útrás í (lista)verki“, *Ritið* 1, 2010.
- 11 Þóra Kristjánsdóttir, *Mynd á þili: íslenskir myndlistarmenn á 16., 17. og 18.öld*. Reykjavík: JPV og Þjóðminjasafn Íslands, 2005. Sjá einnig Inga Lára Baldvinsdóttir, „Ljósmyndum safnað í 111 ár“, *fyrirlestur* 5. mars 2019 á Þjóðminjasafni Íslands.
- 12 Sparisjóður Sauðárkróks lagði grundvöll að stofnun Listasafns Skagafjarðar með peningagjöf árið 1968. Líflæg sýningarstarfsemi var í sýningarsal safnahússins á Sauðárkróki á áttunda og níunda áratugnum. Safneignin hefur byggt upp með kaupum og gjöfum á listaverkum.
- 13 Listaverkaeign Akraneskaupstaðar á sér rætur í gjöf Friðu Proppé, apotekara á Akranesi. Eftir hennar dag gaf hún bænum listaverkaeign sína og var það upphafið að söfnun bæjarins á listaverkum. Friða lést í ársbyrjun 1976.
- 14 Gunnar J. Árnason, *Ásýnd heimsins: um listir og fagurfræði í hugmyndaheimi nútímans*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Listaháskóli Íslands, 2017.
- 15 Arndís S. Árnadóttir, *Nútímaheimilið í mótun: fagurbætur, funksjónalismi og norræn áhrif á íslenska hönnun 1900-1970*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011. Ólafur Rastrick, *Háborgin: menning, fagurfræði og pólitik í upphafi tuttugustu aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2013. Harpa Flóvendsdóttir, *Undirliggjandi þræðir listasögunnar: Listamannarekin rými og söfn í íslensku myndlistarumhverfi. Óbirt MA ritgerð: Háskóli Íslands, 2012.*



# Listasafn Íslands

Heiða Björk Árnadóttir

Listasafn Íslands er eitt þriggja almenningssafna sem stofnuð voru á Íslandi á síðari hluta 19. aldar. Til þess var stofnað af Birni (Stefánsyni) Bjarnarsyni, þáverandi aðstoðarmanni konungsfógeta, í nafni íslensku þjóðarinnar og var viðburðurinn tilkynntur í danska tímaritinu Politiken þann 16. október 1884.<sup>1</sup> Hugmynd að stofnun málverkasafns í Reykjavík reifaði Björn fyrst í greininni „Söfn vor“, sem hann birti í tímaritinu Heimdalli þann 1. júlí 1884. Þar tilkynnti Björn að hann hefði fengið loforð fyrir sextán myndum í safnið frá listamönnum á Norðurlöndum sem hann hefði leitað til. Að endingu samanstóð stofngjöf safnsins af fimmtíu og þremur verkum og voru flest eftir danska listamenn, en auk þess voru í stofngjöfnni verk eftir norska og sænska listamenn, eitt verk eftir austurrískan listamann og eitt verk eftir Íslending; andlitsmynd Sigurðar málara af Birni Gunnlaugssyni stærðfræðingi frá árinu 1859.<sup>2</sup> Voru verkin send til Reykjavíkur á sumarmánuðum 1885 og var safninu fyrst komið fyrir og sýnt almenningi í barnaskólahúsinu í Reykjavík til bráðabirgða.<sup>3</sup>

Af stofngjöfnni og grein Bjarnar í Heimdalli er ekki að sjá að hliðstæð markmið hafi legið að baki þeirri hugmynd hans um stofnun þjóðlistasafns og hugmynd Sigurðar málara að forngripasafni rúmum tuttugu árum fyrr.<sup>4</sup> Hann gerir enga tilraun til þess að leita aftur í fortíð og bjarga menningarverðmætum frá glötun eða draga fram í dagsljósið listsköpun Íslendinga frá fyrri öldum. Markmið Björns virðist, með öðrum orðum, ekki hafa verið listsögulegs eðlis. Hann virðist heldur ekki hafa ígrundað hlutverk safnsins eða skyldur gagnvart íslenskum myndlistarmönnum sérstaklega, enda voru engir starfandi atvinnumyndlistarmenn á Íslandi á þeim tíma sem safnið var stofnað. Þess í stað ímyndar hann sér safnið sem eina af mörgum menntastofnunum sem ætlað er að ala upp siðaða og fágaða einstaklinga, í anda alþjóðlegs húmanisma og svipar hugmyndum hans mjög til þeirra viðhorfa sem greina má í skrifum forstöðumanna safna og fræðimanna erlendis á þessum tíma um uppeldis- og fræðsluhlutverk safna.

Eftir sýninguna í barnaskólanum var verkunum komið fyrir í Alþingishúsi Íslendinga við Austurvöll. Þar stækkaði safneignin ört næstu ár, í gegnum stór-



gjafir frá einkaaðilum.<sup>5</sup> Fyrstu verkin sem keypt voru fyrir landsfé bættust í safnið árið 1915. Voru það tvö málverk eftir Ásgrím Jónsson, tvö eftir Þórarín B. Þorláksson og eitt eftir Jóhannes S. Kjarval.<sup>6</sup> Safnið hafði hins vegar engum starfsmanni til að skipa og bjó þannig við nokkuð hirðuleysi fyrstu árin, eða fram til ársins 1916 þegar Matthíasi Þórðarsyni, þjóðminjaverði, var falin umsjá með því, en Matthías hafði nokkru fyrr tekið að sér hreinsun verka og skráningu.<sup>7</sup> Um leið var Listasafn Íslands formlega sett undir Þjóðminjasafn Íslands og þar með svipt sjálfstæði sínu.

Kaflaskil urðu í afskiptum íslenskra stjórnvalda af menningarmálum á þriðja áratug 20. aldar, þegar menning og listir voru í fyrsta sinn tekin í markvissa þjónustu íslenskra yfirvalda. Árið 1928 samþykkti Alþingi lög um Menntamálaráð (nr. 7/1928) og Menningarsjóð (nr. 54/1928). Um leið var Listasafn Íslands sett undir beina stjórn Menntamálaráðs og nafni safnsins breytt í Listasafn ríkisins, en Matthíasi Þórðarsyni áfram falin umsjón með safneigninni. Menntamálaráði var falið að annast innkaup til safnsins og hafði til þess einn þriðjung af tekjum Menningarsjóðs. Kváðu löggin um að við innkaup til safnsins skyldi horft bæði til „varanlegs gildis listaverkanna“ og þess að „skapa markað fyrir listaverk eftir íslenska menn.“ Hvernig meta skyldi varanlegt gildi listaverka var ekki tekið fram.<sup>8</sup>

Þó að skýrt orðaða söfnunarstefnu væri ekki að finna í nýjum lögum birtist sú afstaða að listasafnið skyldi styðja við íslenska myndlistarmenn með innkaupum á verkum þeirra og safnið þannig fyrst og fremst helgað íslenski myndlist. Slík afstaða, sem og það hlutverk sem safninu var ætlað í menningarlegu uppeldi og styrkingu íslenskrar ímyndar og sjálfsmyndar, grundvallaðist á skilgreiningu íslensks þjóðernis og íslenskrar myndlistar. Harðar deilur geisuðu hins vegar í blöðum og tímaritum á þriðja áratugnum um skilgreiningu þjóðlegrar listar og samfélagslegt hlutverk myndlistar. Lá Menntamálaráð undir vaxandi ámæli lista- og menntamanna fram á fyrri hluta fimmta áratugarins og beindist gagnrýni listamanna sérstaklega að skrifum formanns ráðsins, Jónasar Jónssonar frá Hriflu, um menningarmál og tilraunum hans til þess að stýra menningarframléiðslu og láta pólitískar skoðanir ráða styrkveitingum ráðsins til skálda og listamanna.<sup>9</sup> Jafnframt ríkti óánægja meðal listamanna um innkaup ráðsins til Listasafns ríkisins.<sup>10</sup> Sú óánægja náði hámarki árið 1942 eftir fræga háðsýningu formannsins á „klessugerðarlist“ í Alþingishúsinu og seinna í búðarglugga Gefjunar í

Aðalstræti. Í kjölfarið sendu sextíu og sex listamenn Alþingi kærur á hendur Menntamálaráði auk þess sem margar alvarlegar athugasemdir voru gerðar við störf ráðsins á listamannaþingi sama ár. Urðu endalok þau að Jónas frá Hriflu varð að afsala sér formannsstöðunni í hendur Valtýs Stefánssonar árið 1943.<sup>11</sup>

## Í átt til sjálfstæðis: mótun starfseminnar á sjötta áratugnum

Kaflaskil urðu í sögu Listasafns ríkisins árið 1950, þegar safnið fékk til umráða efri hæð í nýreistu húsnæði að Suðurgötu 41.<sup>12</sup> Í októbermánuði sama ár var Selma Jónsdóttir ráðin til safnsins og svo skipuð umsjónarmaður þess árið 1953. Í fyrsta sinn frá stofnun hafði safnið yfir sérstöku sýningarrými að ráða og á næsta ári fékk það í fyrsta sinn rekstrarfé af fjárlögum.<sup>13</sup> Fyrsta verk hins nýja umsjónarmanns var að undirbúa yfirlitssýningu á íslenskri myndlist sem send skyldi til Noregs snemma árs 1951. Auk verka í eigu safnsins voru sýnd verk í einkaeigu sem valin voru af nefnd fjögurra myndlistarmanna sem Menntamálaráð skipaði. Undir stjórn Menntamálaráðs hafði safneign listasafnsins dreift víða um land, þar sem verk voru lánuð eða jafnvel gefin í skóla og ríkisstofnanir. Við undirbúning sýningarinnar þurfti því að byrja á að leita uppi og innkalla verk í eigu safnsins sem höfðu verið lánuð á ýmsar stofnanir, jafnvel erlendis, og koma þannig skipulagi á reiðuleysi safnsins.<sup>14</sup> Samhliða innköllun verka hófst Selma handa við ítarlega skráningu safneignarinnar. Taldi hún átta hundruð fimmtíu og eitt verk fyrsta ár sitt í starfi. Á næstu árum kom hún saman spjaldskrá yfir verk í eigu safnsins, þar sem greint var frá aldri myndanna, gerð og sögu þeirra. Auk þess fylgdi ljósmynd af hverju verki með spjaldskránni. Listfræðingurinn Frederick N. Bohrer hefur fjallað um hlutverk ljósmyndataekni í þróun listfræða. Hann bendir á að ljósmyndin hafi þjónað mikilvægu hlutverki í þróun greinarinnar, með því að auðvelda samanburð og þar með flokkun á verkum, miðlun myndlistar, auk þess sem notkun ljósmyndunartækninnar fékk greininni vísindalegt yfirbragð á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar.<sup>15</sup> Það er því ekki að furða að listfræðingurinn Selma hafi talið spjaldskrána, auk úrklippusafns greina um myndlist úr íslenskum blöðum, sitt stóra stolt.<sup>16</sup>

Verk í eigu safnsins sem safnað hafði verið saman voru sýnd almenningi í safninu á vetrarmánuðum 1950 og vakti sýningin talsverðan áhuga meðal



Verk Listasafns Íslands á veggjum Alþingis við upphaf 20. aldar. Mynd: Pétur Brynjúlfsson/Ljósmyndasafn Íslands.

almennings.<sup>17</sup> Snemma árs 1951 var sýningin send til Noregs og þar sem mikilvægur hluti safneignarinnar fór með henni var ákveðið að fresta formlegri opnun safnsins þar til hún hefði verið endurheimt. Þann 27. ágúst 1951 opnaði Björn Ólafsson menntamálaráðherra Listasafn Íslands almenningi, með opnun yfirlitssýningar á íslenskri myndlist. Var verkum raðað nokkurn veginn eftir aldri höfunda, auk þess sem norrænni myndlist í eigu safnsins var komið fyrir innst í vesturálmú húsnæðisins.<sup>18</sup> Við sama tækifæri var safninu formlega afhent mikil gjöf úr málverkasafni Markúsar Ívarssonar, járnsmiðs og eiganda vélsmiðjunnar Héðins og hafði henni verið komið fyrir í þremur herbergjum að vestanverðu.<sup>19</sup>

Fljótlega var mörkuð hefð fyrir því að haldnar væru árlegar sérsýningar tileinkaðar einstökum listamönnum, gjarnan í tilefni afmælis þeirra eða andláts. Verður það að skoðast í ljósi þeirrar tilhneigingar, sem mótað hefur listfræði frá upphafi að líta á myndlist sem afurð einstakra afburðarmanna – svokallaðra sénía – en slíkt sjónarmið virðist jafnframt hafa haft mikil áhrif á íslenska menningarstefnu á þriðja og fjórða áratugnum. Auk þess efndi safnið nokkuð reglulega til sýninga á íslenskri myndlist erlendis og fékk lánaðar





Birgir Thorlacius, Sigríður Stefánsdóttir, Vigdís Finnbogadóttir, Garðar Halldórsson og Blaka Jónsdóttir við skrifborð og ljósmynd af Selmu Jónsdóttur á bókasafni Listasafns Íslands við Frikirkjuveg. Mynd: Listasafn Íslands.

sýningar til safnsins frá erlendum söfnum.<sup>20</sup> Árið 1954 varð talsverður styr þegar sýningarrýmið var lánað undir sölusýningu Nýja myndlistarfélagsins.<sup>21</sup> Jón Stefánsson, upphafsmaður sýningarinnar, benti hins vegar á að safnið hafði nokkru fyrir hýst sölusýningu á norskri myndlist.<sup>22</sup> Vegna slíkra sýninga og skorts á starfsfólki, rekstrarfé og geymslu- og pökkunarrými var safnið oft lokað í lengri tíma allan sjötta áratuginn.<sup>23</sup> Voru yfirleitt haldnar ein eða tvær sýningar á ári allan áratuginn og fram á miðjan þann sjöunda og opnunartími mjög takmarkaður.<sup>24</sup>

Þjónustuhlutverk safnsins við landsbyggðina var reglulega til umræðu í fjölmiðlum og lagði Menntamálaráð talsverða áherslu á að auka þjónustu þess utan höfuðborgarinnar. Árið 1957 hófst tilraunaverkefni um listkynningar í skólum með málverkasýningu í Samvinnuskólanum að Bifröst.<sup>25</sup> Ári síðar stakk Jónas frá Hriflu upp á því að listasafnið kæmi á fót útibúum í öllum sýslum landsins yfir sumartímamann.<sup>26</sup> Slíkar hugmyndir voru hins vegar erfiðar í framkvæmd fyrir fjársvelta stofnun með einn fastráðinn starfsmann auk eins gæslumanns og lítið varð um aðgerðir.

Safneignin stækkaði umtalsvert á sjötta áratugnum og jukust innkaup til

safnsins nokkuð.<sup>27</sup> Mestu munaði þó um gjafir og þá sérstaklega fyrrnefnt safn Markúsar Ívarssonar og gjöf danska prófessorsins Elof Risebye á fjörutíu og sex myndum eftir Mugg árið 1958.<sup>28</sup> Ásgrímur Jónsson arfleiddi safnið að eftirlátnum verkum sínum árið 1953 og skyldi safninu afhent þau til varðveislu þegar það flytti í eigið húsnæði.<sup>29</sup> Árið 1957 gaf nýstofnað Listasafnsfélag safninu verk eftir franska málarann Auguste Herbin og ári síðar tvö verk eftir ungverska málarann Viktor Vasarely og rússnesku listakonuna Idu Kasakayu. Í ræðu við afhendingu verkanna greindi Gunnlaugur Þórðarson, formaður félagsins, frá því að það hefði það markmið að „afla íslenzku þjóðinni listaverka eftir núlifandi viðurkennda erlenda listamenn.“<sup>30</sup> Selma Jónsdóttir tók undir þá skoðun að safna skyldi erlendum nútímalistaverkum til safnsins í viðtali við Samvinnuna árið 1960 og lista- og menntamenn vöktu reglulega máls á því sjónarmiði næstu ár.<sup>31</sup> Það reyndist hins vegar nánast ógerningur vegna bággs fjárhags safnsins, auk þess sem það rakst á sjónarmið þeirra sem töldu að safnið ætti fyrst og fremst að helga sig íslenskri myndlist.

### **Sjálfstæð stofnun 1961: nútímalistin og listfræðingurinn**

Árið 1957 var lögum um Menningarsjóð breytt, tekjur sjóðsins auknar og verkefni hans stóraukin, meðal annars í því augnamiði að gera Listasafni ríkisins kleift að keppa við einkaaðila á listaverkamarkaði um innkaup til safnsins.<sup>32</sup> Nokkru síðar, snemma árs 1959, var frumvarp til laga um listasafnið lagt fyrir Alþingi, en fékkst ekki samþykkt. Gerði frumvarpið ráð fyrir því að safnið yrði sjálfstæð stofnun með sérstakri stjórn, safnráði, eigin byggingu og auknum fjárráðum til listaverkakaupa.<sup>33</sup> Í grein um þróun íslenskrar myndlistar sem birtist í dagblaðinu *Vísir* í desembermánuði 1960 fagnaði Selma Jónsdóttir frumvarpinu og lýsti pólitískri kosningu Menntamálaráðs sem óheppilegri ráðstöfun sem tímabært væri að leiðrétta.<sup>34</sup> Þann 29. mars 1961 voru lög um Listasafn Íslands loks undirrituð af forseta Íslands.<sup>35</sup> Með þeim endurheimti safnið upprunalegt heiti sitt og sjálfstæðið sem það hafði verið svipt árið 1916. Þann 1. júlí sama ár var Selma Jónsdóttir skipaður forstöðumaður safnsins af menntamálaráðherra.

Með nýjum lögum voru innkaup til safnsins færð í hendur safnráðs, sem skipað skyldi þremur myndlistarmönnum, einum manni skipuðum af menntamálaráðherra og forstöðumanni safnsins, sem jafnframt skyldi

vera formaður safnráðs.<sup>36</sup> Kjörgengi og kosningaréttur myndlistarmanna til safnráðs var háð félagsskap í „einhverju því félagi myndlistarmanna, sem starfandi er, þegar kosning fer fram“ og skyldu félögin kjósa tvo listmálara og einn myndhöggvara og jafnmarga varamenn til fjögurra ára í senn í leynilegri kosningu.<sup>37</sup> Þann 26. september 1961 birti Morgunblaðið bréf frá Finni Jónssyni listmálara þar sem hann gagnrýndi harðlega þetta fyrirkomulag.<sup>38</sup> Benti hann á að meðal þeirra sem ekki hefðu kjörgengi eða kosningarétt samkvæmt nýjum lögum væru þekktir listamenn sem ættu langan og virtan starfsferil að baki.<sup>39</sup> Sakaði Finnur fremstu menn í flokki félaga myndlistarmanna sem og nefnd um nýjar starfsreglur fyrir listasafnið um einokun og einræðistilburði og studdi mál sitt meðal annars með því að í fyrirmælum um framkvæmd hinnar „leynilegu“ kosningar hafi kjósendur verið beðnir um að senda kjörstjórn atkvæði sín í nafnmerktum umslögum.<sup>40</sup>

Til safnráðs úr röðum myndlistarmanna voru kosnir þetta ár; Þorvaldur Skúlason, Gunnlaugur Scheving og Ásmundur Sveinsson, en varamenn voru Sigurð Sigurðsson, Karl Kvaran og Sigurjón Ólafsson. Voru þessir listamenn í forvigi hóps íslenskra formbyltingarmanna sem tileinkað hafði sér geómetríska myndgerð hinnar óhlutbundnu eða „abstrakt“ myndlistar sem blómstraði í París eftir seinni heimsstyrjöld og varð ráðandi hérlandis á síðari hluta fimmta áratugarins og fyrri hluta þess sjötta, ekki síst vegna yfirráða abstraktlistamanna á helstu ábyrgðar- og áhrifastöðum myndlistarmanna.<sup>41</sup> Jafnframt nutu þeir stuðnings Selmu Jónsdóttur eftir að hún tók við hlutverki umsjónarmanns listasafnsins árið 1950 og má merkja það meðal annars af þeirri áhrifastöðu sem hún skipaði mörgum þeirra í við uppsetningu og val verka á sýningar fyrir og eftir lagasetningu um safnið, sem og við innkaup til safnsins.<sup>42</sup> Minnkaði stuðningur Selmu við abstraktlistamenn síst eftir að henni var veitt forstaða yfir safninu 1961, en af skrá yfir safneignina sem fylgdi eitt hundrað ára afmælisriti safnsins frá árinu 1985 má greinilega sjá að auk kaupa á verkum frumherja íslenskrar myndlistar hefur áhersla verið lögð á það allan sjöunda áratuginn að kaupa verk abstraktlistamanna framar annarra, sérstaklega þeirra sem þátt tóku í sýningum September-hópsins á fimmta og sjötta áratugnum.<sup>43</sup>

Stuttu eftir að lög um listasafnið voru samþykkt frá Alþingi vorið 1961 var ný sýning á safneigninni opnuð. Verkum yngri abstraktlistamanna, sem áður höfðu verið sýnd inn af safninu var komið fyrir í fremstu sölum og er það



Karl Helgi Gíslason, Klara Stephensen, Viktor Smári Sæmundsson og Stefán Halldórsson setja upp málverk á sýningunni Ljós úr norðri, Norræn aldamótalist, árið 1995. Mynd: Listasafn Íslands.

táknrænt fyrir þá stefnu sem mörkuð var í kaupum og sýningum næstu ár.<sup>44</sup> Á næstu árum skipulagði Selma fjölda yfirlitssýninga um íslenska myndlist bæði hérlendis og erlendis. Á sama tíma var horfið frá þeirri venju sem mótast hafði undir stjórn Menningarráðs að halda árlega sýningar tileinkaðar starfsferli einstakra listamanna. Má líta þær breytingar sem áhrif af faglegri þjálfun Selmu sem listfræðings.<sup>45</sup> Gagnrýndi Helgi Sæmundsson, þáverandi formaður Menntamálaráðs, stefnubreytinguna og hvatti til þess að komið væri á þeim sið að sýna reglulega verk sem keypt væru til safnsins og að unnið væri að því að fá erlendar listsýningar í safnið.<sup>46</sup> Ári síðar, í októbermánuði 1964, opnaði sýning á verkum sem safnið hafði eignast síðastliðin þrjú ár, eða síðan safnráð tók við kaupum á listaverkum í janúarmánuði 1962.<sup>47</sup> Á komandi árum voru haldnar nokkrar slíkar sýningar á nýjum verkum í eigu safnsins, án þess þó að nokkurri reglu væri komið þar á. Eftir 1965 jókst fjöldi árlegra sýninga einnig markvert. Yfirlitssýningar tileinkaðar ferli einstakra listamanna voru teknar aftur upp, en á sama tíma varð algengara að sýningar væru tileinkaðar tilteknu tímabili, ákveðinni listgrein eða myndefni og þannig byggðar á sterkari hugmyndafræðilegum grunni.<sup>48</sup>

Af viðtali sem birtist í Vísi 1962 má sjá að Selma hefur verið sér meðvituð um nauðsyn þess að fagleg sjónarmið stýrðu starfsemiinni frekar en pólitísk. Spurð um afstöðu sína til þess að safnið láni verk til sýninga í félagsheimilum og skólum á landsbyggðinni bendir Selma á að raunverulegt aðgengi að myndlist sé fyrst og fremst háð þekkingu og fræðslu á sögu listarinnar í viðara samhengi: „Það er ekki nóg að hafa listaverk. Það vantar ekki síður fræðslu um myndlist. [...] Náttúrufræðingar eru alltaf að tala um að það þurfi B.A. deild í náttúrufræði við háskólann. Af hverju ætti ekki alveg eins að kenna þar listasögu? Þegar slík fræðsla er fyrir hendi, þá getur listin fyrst orðið eign almennings í landinu.“<sup>49</sup> Selma leggur hér megináherslu á skyldur hefðbundinna menntastofnana svo sem háskóla við uppfræðslu almennings. Í lok sjöunda áratugarins og á þeim áttunda má hins vegar greina breytingu á hugmyndum almennings um hlutverk listasafnsins. Í kjölfar endurskoðunar listamanna á samfélagslegu hlutverki myndlistar og stofnanaumhverfi hennar og listfræðinga á aðferðum við ritun listasögu, vaknar krafa um breytingar á framsetningu og kynningu myndlistar innan safna og endurskilgreiningu á hlutverki safna.<sup>50</sup>



## Nýlistin og niðursuðudósir: gagnrýni á Listasafn Íslands á áttunda áratugnum

Gagnrýni á safnið og starfsemi þess fór vaxandi í lok sjöunda áratugarins og á þeim áttunda. Innkaup til safnsins voru harðlega gagnrýnd, einkum af ungum myndlistarmönnum og nýrri kynslóð listagagnrýnenda, sem sakaði safnráð um þröngsýni og að vanrækja skyldur sínar um að „afla svo fullkomins safns íslenzkrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna“, eins og kveðið var á um í lögum um safnið.<sup>51</sup> Í grein sem rituð var í tilefni 90 ára afmælis Listasafns Íslands fór Niels Hafstein hörðum orðum um stjórn safnsins, sér í lagi innkaup til þess. Benti hann á að miklar eyður væru í safneigninni og að meðal þess sem þar vantaði inn í væri alþýðulist frá 20. öld, hreyfist, súrrealismi, op-list, pop-list, konseptverk, ljósmyndaverk, minimalismi, gjörningalist og umhverfisverk. „Það er vægt til orða tekið þegar fullyrt er að þetta sé HNEYKSLI. Vísitandi fölsun“, skrifaði Niels og var ekki einn um þá skoðun, enda varð skeytingarleysi safnsins um nýja list beinlínis til þess að Nýlistasafnið var stofnað árið 1978.<sup>52</sup>

Ári eftir að grein Niels birtist sýndi safnið í fyrsta sinn nokkra viðleitni til að rétta hlut nýlistarinnar, þegar efnt var til lítillar yfirlitssýningar á íslenski pop-list í stigapalli í anddyri safnsins.<sup>53</sup> Þó að áhugi á sýningunni hafi verið umtalsverður leiddi það ekki til frekari sýninga á pop-list eða annarri nýlist á næstu árum, enda eflaust erfitt til framkvæmda eftir áratuga vanrækslu safnsins á slíkri listsöfnun. Ekki er heldur að merkja skýra stefnubreytingu í innkaupum á nýlist til safnsins næstu ár.<sup>54</sup> Þegar innkaup til safnsins eru skoðuð má hins vegar sjá að hlutur kvenna fór vaxandi á áratugnum. Árið 1975 voru verk tuttugu og fimm íslenskra listakvenna í eigu safnsins sýnd í tilefni kvennaárs Sameinuðu þjóðanna, en fram að þeim tíma höfðu einungis verið haldnar tvær einkasýningar á verkum íslenskra kvenna í safninu.<sup>55</sup> Talsverð umræða varð um stöðu íslenskrar grafíklistar og skeytingarleysi safnráðs gagnvart henni. Brást safnið við gagnrýninni þannig að það lagði í fyrsta sinn heilan sýningarsal undir grafíkmyndir í eigu safnsins árið 1969 og jók jafnframt innkaup til safnsins á grafík á næstu árum. Ljósmyndir voru einnig keyptar til safnsins í fyrsta sinn seint á áttunda áratugnum en fyrstu sýningar tileinkaðar ljósmyndum voru ekki haldnar fyrr en um miðjan níunda áratug.<sup>56</sup>

Auk gagnrýni á innkaupastefnu safnráðs var stjórn safnsins ásökuð um að

vanrækja kynningar- og fræðsluskyldu sína og komst einn gagnrýnandi svo að orði að safnið væri „ekki sá aflvaki né fræðslustofnun í íslenzku menningarlífi sem það ætti að vera“, heldur líktist frekar niðursuðudós um listina í landinu.<sup>57</sup> Lítið hafði farið fyrir fræðslustarfsemi síðan tilraunaverkefni um listkynningar á landsbyggðinni lognaðist út af í lok sjötta áratugarins og kynningarstarf takmarkaðist við auglýsingar í dagblöðum og útgáfu lista-verkakorta sem hófst árið 1963. Sýningarskrár voru framan af efnislitlar, útgáfa þeirra takmörkuð við stærri sýningar og ekki var heldur boðið upp á leiðsagnir eða aðra fræðslu fyrir almenning inni á safninu. Nokkrar framfarir urðu þó á þessu á síðari hluta áttunda áratugarins. Árið 1975 stofnaði safnið í fyrsta sinn til námshópa, þar sem almenningi var boðið að fræðast um myndlist undir leiðsögn listfræðings. Á næstu árum var fræðslustarfsemi safnsins stóraukin, en auk námshópa var boðið upp á fræðilega fyrirlestra og sýningar á kvikmyndum um erlenda myndlist. Á sama tíma var þjónusta safnsins við landsbyggðina aukin til muna, með sýningarhaldi og fyrirlestrum um myndlist víða um land.<sup>58</sup>

Árið 1982 ritaði Guðbergur Bergsson umsögn um yfirlitssýningu safnsins á verkum Jóns Þorleifssonar þar sem hann lýsti stjórnendum safnsins sem „snillingum í lognmollugerð“ og líkti safninu við líkhús fyrir málverk. Kvartaði Guðbergur undan því að þó að sýningin væri smekkleig útlits væri hún efnislítill og innantóm þar sem verkin hefðu verið slitin úr öllu félagslegu, sögulegu og listrænu samhengi.<sup>59</sup> Gagnrýni Guðbergs beinist hér að hugmyndinni um listasöfn- og gallerí sem hlutlaus umgjörð um myndlist, svokallaða „hvíta kassa“ (e. white cubes), sem verið hefur ríkjandi fyrirmynd í safnastarfi og tengist náíð uppgangi nútímalistar á 20. öld. Veggir eru málaðir í ljósum lit eða litum sem „ríma“ við verkin sem til sýnis eru, upplýsingamiðlun inni á sýningum er afar takmörkuð og rík áhersla lögð á að ekkert í umhverfinu trufla sjónræn áhrif verkanna. Fræðimenn hafa hins vegar bent á að slík framsetning miði ekki síst að ákveðinni upphafningu myndlistar sem byggir fyrst og fremst á því að verk séu slitin úr sögulegu, félagslegu og pólitísku samhengi í þeim tilgangi að fella listaverkið að listsögulegri og/eða menningarlegri frásögn safnsins. Opinber listasöfn varðveita menningarminni samfélaga; minni sem hvorki er hlutlaust né náttúrulegt, heldur endurspeglar ávallt ákveðna hugmyndafræði, sögulega sýn og pólitíska hagsmuni.<sup>60</sup> Einangrun myndlistar og „hlutlaus“ framsetning



hennar innan nútímalistasafnsins þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að setja fram sem algilda – sem óháða tíma og rúmi – þá sögulegu sýn og þau gildi sem liggja til grundvallar safninu og sýningum þess og stýra þannig upplifun safngestsins og hjálpa honum að gangast við frásögn safnsins.<sup>61</sup> Hugmyndinni um hlutleysi listasafna og sýningarrýma hafði verið hafnað snemma á öldinni af „föður hugmyndalistarinnar“, Marcel Duchamp, og byggðu ný listform svo sem innsetningar, umhverfislist og hljóðlist á þeirri höfnun sem og á höfnun hins sjónræna og formræna grundvallar myndlistar. Má segja að krafa Guðbergs um að safnið staðsetti myndlist í sögulegu samhengi byggji á þessari höfnun nýlistarinnar – sem og sögulegu framúr stefnunnar – á hugmyndinni um sjálfstæði listarinnar.

## **Barátta fyrir húsnæði og flutningar að Fríkirkjuvegi 7**

Flutningur Listasafns ríkisins í eigið húsnæði árið 1950 var grundvöllur þess að starfsemi safnsins gæti þróast á næstu áratugum. Hins vegar var ljóst frá upphafi að húsnæðið hentaði illa undir starfsemi listasafns, enda hafði það ekki verið hannað með það í huga að safnið yrði þar til langtíma.<sup>62</sup> Eftir því sem safneignin stækkaði og kröfur til safnsins jukust á sjöunda og áttunda áratugnum varð sífellt ljósara hversu mjög húsnæðisskortur háði starfsemi þess. Sérstök aðstaða fyrir starfsemi safnsins var lítil sem engin, auk þess sem það deildi inngangi með Þjóðminjasafninu og var aðgengi almennings að safninu gagnrýnt. Mikilvægi þess að safnið kæmist í eigið húsnæði var enn fremur undirstrikað á fyrri hluta níunda áratugarins þegar í ljós kom að gallar á byggingu Þjóðminjasafnsins ógnuðu bæði öryggi safneignarinnar og starfsfólks.<sup>63</sup>

Formleg tillaga um byggingu húsnæðis undir Listasafn Íslands var fyrst flutt á Alþingi árið 1929 af Ingibjörgu H. Bjarnason alþingismanni í umboði Menntamálaráðs, en hlaut ekki hljómgrunn.<sup>64</sup> Þegar samþykkt var að reisa hús undir Þjóðminjasafnið í tilefni af lýðveldisstofnun kviknaði umræða um nauðsyn þess að reist yrði sérstakt hús undir listasafnið og árið 1947 sendi Félag íslenskra myndlistarmanna Alþingi erindi þar sem það fór þess á leit að allt að þremur milljónum króna yrði varið til safnbyggingar á fjárlögum þess árs.<sup>65</sup> Tillögur listamanna hlutu lítinn stuðning meðal þingmanna og ekkert þokaðist í byggingarmálum safnsins þar til árið 1959, þegar Jóhannes



Bera Nordal í málverkageymslunni í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg, við opnun safnsins árið 1988. Mynd: Listasafn Íslands.

S. Kjarval afsalaði sér fé sem safnað hafði verið í sjóð til byggingar íbúðar og vinnustofu fyrir hann frá árinu 1945 með þeim tilmælum að féð gengi sem stofnfé í byggingarsjóð Listasafns Íslands.<sup>66</sup> Lagði Alþingi árlega nokkurt fé í sjóðinn á næstu áratugum. Hins vegar komst fyrst skriður á málið árið 1963 þegar Sesselja Stefánsdóttir píanóleikari arfleiddi safnið að þriðjungi húseignarinnar Austurstræti 12, sem reist hafði verið af foreldrum hennar, Stefáni Gunnarssyni stórkaupmanni og Sigríði Benediktsdóttur árið 1928.<sup>67</sup> Jóhannes S. Kjarval bjó og hafði jafnframt vinnuástöðu í þakíbúð Austurstrætis 12 í skiptum fyrir málverk og hafði Stefán Gunnarsson þannig eignast eitt stærsta Kjarvalssafn þess tíma.<sup>68</sup> Ári eftir andlát Sesselju Gunnarsdóttur buðu systkin hennar, Gunnar Stefánsson og Guðríður Stefánsdóttir Green, safninu afsal fyrir eignarhlutum sínum í sömu húseign og við fráfall Gunnars árið 1967 eignaðist safnið þar að auki helming húseignarinnar að Sóleyjargötu 31a,<sup>69</sup> sem og hálf málverkasafn Stefáns Gunnarssonar og Sigríðar Benediktsdóttur.<sup>70</sup> Var söluandvirði eignarinnar

lagt til byggingarsjóðs Listasafns Íslands, auk þess sem hluti andvirðisins fór til kaupa á hinum hluta málverkasafnsins úr dánarbúi hjónanna.

Árið 1972 samþykkti menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, beiðni safnráðs um heimild til eignaskipta á Austurstræti 12 og rúst veitingahússins Glaumbæis við Fríkirkjuveg 7, sem brunníð hafði 1971 og var í eigu Húsbyggingarsjóðs Framsóknarflokksins.<sup>71</sup> Ýmsar hugmyndir höfðu verið reifaðar um framtíðarstaðsetningu safnsins á undanförunum árum. Árið 1949 birti Tímarit Máls og Menningar tillögur Björns Th. Björnssonar listfræðings um hönnun og byggingu safnhúss í Laugardalnum, sunnan Þvottalauganna.<sup>72</sup> Lagði Björn til að safnið gæti deilt þar lóð með fyrirhuguðum grasagarði og þannig mættu höggmyndir safnsins njóta sín í fallegu umhverfi.<sup>73</sup> Einnig var rætt um hugsanlega staðsetningu safnsins við Kringlumýrarbraut eða í Öskjuhlíð.<sup>74</sup> Í greinargerð um sögu listasafnsins frá árinu 1984 segir Selma Jónsdóttir að þeim sem unnu að undirbúningi eignaskiptanna hafi þótt „ákjósanlegt, að Listasafninu yrði valinn staður sem næst þungamiðju höfuðborgarsvæðisins þannig að sem best tengsl gætu skapast við almenning og að það yrði í leið sem flestra.“<sup>75</sup> Hins vegar samræmdist ákvörðun safnráðs um kaup á Fríkirkjuvegi 7 illa sjónarmiðum margra um mikilvægi þess að tryggja safninu nægt vaxtarrými til framtíðar á lóð þar sem einnig mætti koma fyrir höggmyndagarði og tryggja gestum gott aðgengi að safninu.

Á næstu árum réðst safnið í viðamiklar og kostnaðarsamar endurbætur á húseigninni að Fríkirkjuvegi.<sup>76</sup> Auk viðgerða og endurbyggingar á upprunalegu byggingunni var reist nýbygging á baklóð og tengibygging sem tengir gömlu bygginguna við bakbyggingu. Var hönnun hússins í höndum Garðars Halldórssonar, húsameistara ríkisins.<sup>77</sup> Byggingarnefnd var skipuð í árslok 1975 og miðuðu upphaflegar áætlanir hennar við að framkvæmdum yrði lokið árið 1979.<sup>78</sup> Þær áætlanir stóðust hins vegar ekki og hófst jarðvinna ekki fyrr en 1980, meðal annars vegna ágreinings um þakform hússins og kjallara.<sup>79</sup> Sama ár var safnráði tilkynnt að Sigurliði Kristjánsson kaupmaður og Helga Jónsdóttir eiginkona hans, hefðu ánafnað fjórðungi eigna sinna til byggingar safnsins. Greindu fjölmiðlar frá því að eignir í dánarbúi hjónanna næmu rúmum þremur og hálfum milljarði króna og var gjöfin því mikill fengur fyrir safnið.<sup>80</sup> Hins vegar vakti það hneykslan margra og nokkru fári í fjölmiðlum þegar greint var frá því að safnráð hefði hafnað listaverkagjöf hjónanna, sem innihélt tæplega sex hundruð málverk – þar af tæplega tvö

hundruð og sjötíu eftir Sigurliða sjálfan – á sama tíma og peningagjöf í byggingarsjóð var þegin.<sup>81</sup>

Mikið var lagt upp úr því að öryggismál í hinu nýja húsnæði væru til fyrirmyndar, enda safnið reist á brunarúst, en umræða um öryggis- og varðveislumál safnsins hafði aukist nokkuð á áttunda og níunda áratugnum samhliða aukinni vitund um aðstöðuleysi safnsins.<sup>82</sup> Árið 1974 olli það miklu hneyksli þegar í ljós kom að myndir sem Jóhannes S. Kjarval hafði málað á veggfóður, gólf og húsbúnað vinnustofu sinnar að Austurstræti 12, sem Listasafn Íslands hafði eignast áratug fyrir en selt árið 1972, höfðu skemmst illa og var safnið og Selma Jónsdóttir forstöðumaður þess sökuð um vanrækslu í starfi. Selma kenndi vafa um eignarhald á myndunum um það að safnið hefði ekki fylgst með og gætt að öryggi verkanna.<sup>83</sup> Þar að auki var engin aðstaða til viðgerða í húsnæði safnsins í Þjóðminjasafninu og hafði safnið engum forverði á að skipa.

Við flutning að Fríkirkjuvegi 7 gjörbreyttust allar aðstæður safnsins. Hin nýju húsakynni voru samtals 2.565 m<sup>2</sup> og samanstóðu af fjórum sýningar-sölum, fyrirlestrarsal, bókasafni, geymslum, skrifstofum fyrir starfsfólk, vinnustofum, pökkunar-, verkstæðis- og lagerrými, jafnframt móttöku, fatageymslum, snyrtingu, verslun og kaffihúsi. Sýningarrými í sölum var samtals 960 m<sup>2</sup> en hafði verið um 510 m<sup>2</sup> í húsi Þjóðminjasafnsins.<sup>84</sup> Listasafn Íslands var formlega vígt og opnað almenningi að Fríkirkjuvegi 7 þann 31. janúar 1988. Sú sorgarfrétt barst hálfu ári fyrir að Selma Jónsdóttir, fyrsti forstöðumaður safnsins, hefði látist þann 5. júlí 1987. Fékk hún því ekki tækifæri til þess að vígja bygginguna sem hún hafði barist svo ötullega fyrir að reist yrði. Við lát Selmu var Bera Nordal sett forstöðumaður til bráðabirgða en formlega skipuð í starfið þá um haustið og gegndi hún starfinu næsta áratug.<sup>85</sup>

Við vígslu safnsins opnaði Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, sýninguna Aldarspegill – Íslensk myndlist í eigu safnsins 1900-1987. Viðbrögð gagnrýnenda við sýningunni og hinum nýju húsakynnum voru blendin. Auk gagnrýni á kostnað framkvæmdanna var val á gólfefni, lýsingu og annarri hönnun sýningarrýmisins gagnrýnd nokkuð.<sup>86</sup> Aðalsteinn Ingólfsson, er starfaði sem listgagnrýnandi fyrir DV, gagnrýndi sýninguna jafnframt harðlega sem og aðrar yfirlitssýningar sem safnið hefði staðið fyrir. Sagði hann þær „flausturslega undirbúnar“, skipulag þeirra handahófskennt

og stefnumörkun óljósa.<sup>87</sup> Í viðtali við blaðamann DV sagði Bera Nordal sýninguna hins vegar ekki vera eiginlega yfirlitssýningu þar sem ekki væri hægt að koma fyrir nema litlu úrvali af verkum úr safneigninni í hinum nýju húsakynnum.<sup>88</sup> Húsnæðismálin áttu eftir að marka umræðu um safnið næstu áratugi og valda töluverðum vanda fyrir forstöðumenn þess sem neyddust til að finna leiðir til þess að sinna skyldum safnsins við þröngar aðstæður.

## Útvíkkun og þróun starfseminnar á tíunda áratugnum

Sama ár og safnið opnaði að Fríkirkjuvegi 7 tóku gildi ný lög um Listasafn Íslands (nr. 58/1988), sem skilgreindu safnið sem „meginsafn íslenskrar myndlistar í landinu og miðstöð rannsókna, heimildasöfnunar og kynningar á íslenski myndlist.“<sup>89</sup> Var skilgreindum verkefnum safnsins breytt nokkuð frá því sem verið hafði. Ákvæði um að safnið skyldi verja allt að tíu af hundraði af því fé sem það hafði til listaverkakaupa til þess að afla „viðurkenndra erlendra listaverka“ var fjarlæggt og bætt var við ákvæði um rannsóknarskyldu safnsins, það er að það skyldi „rannsaka eftir föngum íslenska myndlist að fornu og nýju.“<sup>90</sup> Auk þess var ákvæði um þjónustuskyldu safnsins við landsbyggðina breytt þannig að aðeins var gerð krafa um að safnið efndi til kynninga á verkum sínum og starfsemi, en ekki gerð sérstök krafa um kynningar utan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt kváðu lögin á um að sérstök innkaupanefnd skyldi skipuð óháð safnráði. Hlutverk safnráðs var tilgreint sem svo að það skyldi „hafa umsjón og eftirlit með starfsemi safnsins“ og var menntamálaráðherra falið að skipa í ráðið tvo menn samkvæmt tilnefningu fulltrúaráðs Sambands íslenskra myndlistarmanna og einn af starfsmönnum safnsins, auk fjórða manns sem menntamálaráðherra skipaði að eigin frumkvæði.<sup>91</sup> Forstöðumaður safnsins skyldi jafnframt eiga sæti í safnráði en var ekki settur formaður þess eins og verið hafði, heldur skyldi formaður skipaður af ráðherra. Innkaupanefnd skyldi annast kaup listaverka til safnsins og skyldi hún skipuð þremur mönnum; forstöðumanni safnsins og tveimur fulltrúum listamanna í safnráði. Enginn fulltrúi Menntamálaráðuneytis tók þannig þátt í ákvörðunum um innkaup til safnsins eins og áður hafði verið. Þannig má segja að völd forstöðumanns í safnráði og þar með í yfirmsjón og rekstri safnsins hafi verið minnkuð nokkuð en aukin í innkaupum til safnsins og um leið komið í veg fyrir íhlutun stjórnmalaafla í innkaupum.

Í viðtölum við blaðamenn vegna opnunar safnsins í nýjum húsakynnum greindi Bera Nordal frá því að hún myndi leggja sérstaka áherslu á eflingu kynningar- og fræðslustarfs safnsins í þeim tilgangi að auka aðsókn almennings að því.<sup>92</sup> Auk þess lagði hún áherslu á að auka þyrfti fjárveitingar til listaverkakaupa,<sup>93</sup> en í viðtali við blaðamann Morgunblaðsins sagðist nýi forstöðumaðurinn telja nauðsynlegt að leita nýrra leiða í fjármögnun safnsins „og þá í sambandi við einkageirann.“<sup>94</sup> Þau ummæli Beru má tengja við þá þróun sem varð á safnastarfi víða í vestrænum löndum á níunda og tíunda áratug síðustu aldar og rekja má til innleiðingar menningar- og menntastefnu nýfrjálshyggju í stjórnartíð ríkisstjórna Margrétar Thatcher í Bretlandi og Ronald Reagans í Bandaríkjunum. Samhliða því að ríkisstjórnir þessara landa drógu úr styrkjum til menningar og lista jukust ítök einkaaðila innan listastofnana og listaheimsins. Innan safna réðu sjónarmið og verklag viðskipta í auknum mæli. Ein afleiðing þróunarinnar á safnastarfi er aukin krafa um að söfn afli sértekna með ýmsum hætti, einkum með því að auka aðsókn, en helstu leiðir sem söfn hafa farið til þess eru að auka kynningar- og markaðsstarf sem og að bæta og útvíkka þjónustu við safngesti. Innan listasafna hefur uppgangur svokallaðra stórsýninga (e. blockbuster exhibitions) – viðamikilla og dýrra sýninga sem ferðast milli landa, eru gjarnan skipulagðar í kringum einföld þemu eða heimsþekkta listamenn og laða að sér gesti sem heimækja listasöfn ekki að jafnaði – jafnframt verið ein sýnilegasta afleiðing stefnunnar.<sup>95</sup>

Áhrifa menningar- og menntastefnu nýfrjálshyggju má greina í starfi og rekstri Listasafns Íslands frá upphafi tíunda áratugarins, en þó einkum um og eftir aldamótin 2000.<sup>96</sup> Á opunarári safnsins 1988, tvöfölduðust rúmlega fjárveitingar til listaverkakaupa og á næstu þremur árum voru þær einnig auknar, úr 7,4 milljónum í 12 milljónir milli 1988 og 1991. Eftir ríkisstjórnarskipti 1991, þegar svokölluð Viðeyjarstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks tók við völdum, staðnaði fjárveiting til safnsins hins vegar og varð engin aukning á fjármögnun listaverkakaupa til safnsins í rúman áratug, eða fram til ársins 2004, þegar fjárveitingin var minnkuð úr 12 milljónum í 10,8 milljónir í ráðuneyti Halldórs Ásgrímssonar.<sup>97</sup> Afskipti viðskiptalífsins af starfi safnsins voru hins vegar lítil allan níunda áratuginn og framan af þeim tíunda, þó að fyrirtæki hafi veitt styrki til einstakra sýninga og minni verkefna.<sup>98</sup>

Árið 1987 var safnkennari ráðinn til safnsins í fulla stöðu og var fræðslustarfið stóraukið á næstu árum.<sup>99</sup> Meðal þeirra nýjunga sem boðið var upp á í nýjum húsakynnum voru leiðsagnir um sýningar af hljóðsnældum auk vikulegar leiðsagnar með sérfræðingi. Þar að auki var boðið upp á vikulega umfjöllun sérfræðings um svokallaða „mynd mánaðarins“ – valið verk af yfirstandandi sýningu – og var það jafnframt kynnt í fjölmiðlum.<sup>100</sup> Reglulegir fyrirlestrar voru haldnir af sérfræðingum í fyrirlestrarsal safnsins í tengslum við einstaka sýningar og í fyrsta sinn var boðið upp á markvissa þjónustu og fræðslu fyrir börn.<sup>101</sup> Forvörður var fyrst ráðinn til safnsins í janúar 1990.<sup>102</sup>

Árið 1989 vöktu kaup safnsins á Gullfjöllum Svavars Guðnasonar frá árinu 1946 fyrir 3,3 milljónir króna – eða tæpan helming þess fjármagns sem safnið hafði til listaverkakaupa á fjárlögum þess árs – talsvert umtal, sérstaklega í ljósi ummæla Úlfar Þormóðssonar, framkvæmdastjóra Gallerí Borgar, um að safnið hefði borgað fimmfalt verð fyrir verkið.<sup>103</sup> Við flutning Listasafns Íslands í eigið húsnaði eignaðist safnið jafnframt æviverk Ásgríms Jónssonar og tók yfir stjórn á safni Ásgríms Jónssonar að Bergstaðastræti 74. Árbók með upplýsingum um ný aðföng til safnsins og greinum starfsfólks um starfsemi þess var gefin út í fyrsta sinn árið 1988 og aftur árið 1990 og 1993, sem viðleitni til þess að mæta kröfum um rannsóknarskyldu safnsins.<sup>104</sup> Jafnframt var útgáfa í tengslum við sýningar safnsins, með greinum eftir sýningarstjóra og aðra starfsmenn safnsins, aukin.

Fljótlega eftir að hún tók við starfi forstöðumanns safnsins lýsti Bera yfir vilja sínum til þess að bæta í þau göt sem myndast höfðu í safneigninni undir stjórn Selmu Jónsdóttur.<sup>105</sup> Árið 1991 efndi safnið í fyrsta sinn til sýningar á verkum SÚM-listamanns og á næstu árum voru haldnar nokkrar sérsýningar á verkum SÚM-ara.<sup>106</sup> Auk þess var talsverður fjöldi verka sem sýnd höfðu verið á sýningum SÚM-hópsins á sjöunda og áttunda áratugnum keypt til safnsins, auk verka eftir yngri kynslóðir listamanna sem tengdust Gallerí Suðurgötu 7. Mesta athygli vöktu kaup á tveimur verkum eftir Kristján Guðmundsson og þótti sumum verðlag nýlistarinnar ekki í samræmi við efnistöð eða handbragð listamannsins.<sup>107</sup>

Auk einkasýninga á úrvali verka eftir starfandi listamenn voru haldnar reglulegar yfirlitssýningar á æviverki látinna listamanna í stjórnartíð Beru á árabílinu 1987-1997. Árið 1993 dró Gunnar J. Árnason listheimspekingur í efa fræðilegt gildi slíkrar sýningarstefnu og sagði það byggjast á tilhneigingu



til þess að líta á listamanninn sem einangrað fyrirbæri. Jafnframt dró Gunnar í efa að sýningar tileinkaðar verkum einstakra SÚM-ara sem fyrir löngu höfðu öðlast viðukenningu erlendis væru til þess fallnar að auka almennan skilning á eða endurskoða tímabilið eða SÚM hópinn sem heild.<sup>108</sup> Árlegar sýningar á nýjum aðföngum til safnsins voru haldnar á árunum 1994-1998, yfirleitt á upphafsmánuðum ársins.<sup>109</sup> Annað sem markaði sýningarhald í stjórnartíð Beru var áhersla á norrænt samstarf.<sup>110</sup> Allnokkrar farandsýningar á norrænni list voru fengnar til safnsins auk þess sem verk eftir Marc Chagall, André Masson, Daniel Buren, Egon Schiele og Arnulf Rainer voru sýnd í tengslum við Listahátíð í Reykjavík.<sup>111</sup> Má líta á þetta sem viðleitni til þess að svara vaxandi kröfum um að safnið tæki að sér það hlutverk að kynna Íslendinga fyrir og fræða um markverða strauma í alþjóðlegum listheimi, sem og til þess að auka aðsókn að safninu þó að raunverulegar stórsýningar í líkingu við þær sem ferðuðust milli stærstu safna heims væru safninu um megn fjárhagslega.<sup>112</sup>

## **Virkir notendur eða menningarneytendur?: Viðskipta- og lýðræðisvæðing á nýrri öld**

Ólafur Kvaran var skipaður forstöðumaður Listasafns Íslands af menntamálaráðherra, Birni Bjarnasyni, 1. mars 1997.<sup>113</sup> Í starfi Ólafs og mótun starfsemi safnsins undir hans stjórn má segja að greina megi fyrstu skýru merkin af áhrifum menningarstefnu nýfrjálshyggjunnar hérlendis. Árið 1996 gaf Menntamálaráðuneytið út skýrslu þar sem menningarstefna íslenskra stjórnvalda var kynnt. Var áhersla lögð á að auka afskipti einkaaðila og viðskiptalífsins af menningarstarfi til þess að draga mætti úr opinberum styrkveitingum til menningar og lista. Jafnframt var rík áhersla lögð á gagnsæi og skilvirkni við rekstur opinberra menningarstofnana, valdreifingu og aukið samstarf milli stofnana sem kenna má við mennta- og menningarstefnu nýfrjálshyggju.<sup>114</sup> Árið 2000 skrifaði listasafnið í fyrsta sinn undir árangursstjórnunarsamning við Menntamálaráðuneytið,<sup>115</sup> en slíkir samningar byggja á sömu rökum um aukna hagkvæmni, skilvirkni og gagnsæi í rekstri.<sup>116</sup>

Á fyrstu árum í starfi lagði Ólafur sérstaka áherslu á að efla samstarf við aðrar liststofnanir sem og að auka fræðslu og þjónustu við gesti safnsins





Ólafur Kvaran, Viktor Smári Sæmundsson og fleiri að setja upp verk Jeff Koons, Michael Jackson og Bubbles, fyrir sýninguna í nærmynd/Close-up. Bandarísk samtímalist, sem sýnd var sumarið 2004. Mynd: Listasafn Íslands.

og var það í fullu samræmi við menningarstefnu yfirvalda.<sup>117</sup> Jafnframt varð Ólafi tíðrætt um mikilvægi þess að skapa það sem hann kallaði „hinn virka áhorfanda.“<sup>118</sup> Í því augnamiði voru möguleikar Internetsins Ólafi ofarlega í huga og lagði hann ríka áherslu á nýtingu margmiðlunartækni til þess að opna aðgengi almennings að safneigninni og auka fræðslu og kynningarstarf safnsins. Þar sem fjárveitingar til safnsins nægðu einungis fyrir launakostnaði og föstum útgjöldum var safnstjórninn hins vegar tilneyddur að sækja fjárstuðning til slíkra verkefna til viðskiptalífsins.<sup>119</sup>

Á blaðamannafundi snemma árs 1999 kynnti Ólafur Kvaran nýja heimasíðu fyrir safnið og áherslubreytingar sem fyrirhugaðar voru í sýningarhaldi safnsins á komandi ári.<sup>120</sup> Greindi hann frá því að áhersla yrði lögð á örari sýningaskipti en verið höfðu og að efnt yrði jafnt til sérsýninga innlendra og erlendra listamanna og sýninga á verkum í eigu safnsins. Við sama tækifæri undirritaði forstöðumaðurinn samstarfssamning við Landssímamann, sem gerðist aðalstyrktaraðili safnsins næstu tvö ár. Sagði Ólafur markmið

safnsins með samstarfinu og breyttum áherslum fyrst og fremst vera að stækka og breikka gestahóp safnsins, ekki síst í því augnamiði að auka aðsókn yngri kynslóða að safninu og miðaðist samstarfið einkum við að auka kynningarstarf safnsins.<sup>121</sup>

Á næstu árum var sýningarfjöldi stóraukinn. Árið 1999 voru haldnar tæplega tuttugu sýningar í safninu,<sup>122</sup> en á næstu árum fækkaði þeim nokkuð aftur og var fjöldi sýninga á ári að jafnaði um tíu til tólf.<sup>123</sup> Fjöldi sérsýninga var haldinn, en jafnframt voru sýningar skipulagðar í kringum ákveðin þemu og settar upp sýningarraðir. Auk þess sem þeim var ætlað að laða yngri gesti að safninu mótuðust breyttar áherslur í sýningarhaldi að miklu leyti af takmörkuðu sýningarrými safnsins. Um leið má segja að þær hafi falið í sér tilraun til höfnunar á söguskilningi og sýningarmódeli sem flestir fræðimenn töldu löngu úreltan, það er að segja hugmyndinni um listasögu sem hlutlaus og óbreytanlega. Lagði Ólafur Kvaran áherslu á breytileika listasögunnar í því samhengi sem og hlutverk safnsins við mótun listasögunnar.<sup>124</sup>

Ekki voru þó allir á eitt sáttir um þá mótun og miðlun íslenskrar listasögu sem átti sér stað innan safnsins. Þótti sumum gagnrýnendum sýningar endurtektarsamar og lítil gróska í rannsóknum og endurskoðun listasögunnar innan safnsins.<sup>125</sup> Jafnframt var safnstjórinn sakaður um áhugaleysi og skilningsleysi á nýmiðlum og samtímalist, en fyrsta sýning tileinkuð nýmiðlum var sett upp árið 2000.<sup>126</sup> Sem svar við gagnrýninni opnaði safnið nýtt sýningarrými í kjallara safnsins sem tileinkað var sýningum á verkum yngri listamanna. Hlaut rýmið heitið Sjónarhorn og var opnað með sýningu á vídeóverkum og innsetningu eftir Önnu Líndal árið 2003.<sup>127</sup> Þótti sumum þó viðleitnin frekar bera merki um almennt metnaðarleysi safnsins til sýninga á samtímamyndlist.<sup>128</sup>

Árið 2001 var undirritaður annar styrktarsamningur við Símann, þar sem Síminn lagði meðal annars til tölvukost í safnið sem veita skyldi almenningi aðgang að Netinu og að gagnasöfnum safnsins.<sup>129</sup> Síðar á sama ári var svokölluð netstofa opnuð þar sem áður hafði verið kaffihús safnsins og var almenningi veittur aðgangur að stafrænum gagnagrunni safnsins yfir um eitt þúsund verk Gunnlaugs Scheving og sýndar-sýningu á Netinu samhliða opnun á yfirlitssýningu verka Gunnlaugs í safninu sjálfu.<sup>130</sup> Rafrænni skráningu safneignarinnar var haldið áfram á næstu árum og árið 2006 opnaði svokölluð Fræðslumiðstöð í kjallara safnsins, þar sem gestum var

boðið að skoða rafrænan gagnagrunn um öll íslensk verk í eigu safnsins, um 8500 verk samanlagt.<sup>131</sup>

Árið 2002 gerðist lyfjafyrirtækið Pharmaco hf. aðalstyrktaraðili safnsins til tveggja ára og endurnýjaði síðar samninginn árið 2004.<sup>132</sup> Gerðu samningarnir safninu kleift að kaupa til sín stórar yfirlitssýningar frá erlendum söfnum, svokallaðar „stórsýningar“. <sup>133</sup> Vakti yfirlitssýning á bandarískri samtímalist frá Astrup Fearnley listasafninu í Osló – sem bróðir Ólafs, Gunnar Kvaran, stýrði þá og stýrir enn – mikla athygli í fjölmiðlum árið 2004, ekki síst vegna hás tryggingarverðmætis eins verks á sýningunni, postulínstyttunni Michael Jackson og Bubbles (1988) eftir bandaríska listamanninn Jeff Koons.<sup>134</sup>

Kostun listasafnsins hlaut litla opinbera gagnrýni. Þó vakti það athygli þegar safnið var gert að kynningarvettvangi fyrir lúxusbíla árið 1999.<sup>135</sup> Sama ár gagnrýndi Áslaug Thorlacius, myndlistarmaður og gagnrýnandi, að safnið skyldi hýsa kynningarfund Fjárfestingabanka atvinnulífsins og Landsvirkjunar á fjárfestingarkostum á Íslandi fyrir erlenda banka og fjármagnseigendur á sama tíma og efnt var til sýningarinnar Örfalandslag, sem tileinkuð var verkum sem tókust á einn eða annan hátt á við ósnerta náttúru á hálendi Íslands; „Má ætla að bréfin í eyðileggingu hinnar ósnortnu náttúru norðan Vatnajökuls hafi þar verið ofarlega á sölulistanum“, skrifaði Áslaug.<sup>136</sup> Tæpum áratug síðar tók Ásmundur Ásmundsson, listamaður, í svipaðan streng þegar hann gagnrýndi aðkomu samfélagssjóðs Alcoa – þriðja stærsta álframleiðanda heims – að yfirlitssýningu á íslenskri samtímalist sem listasafnið skipulagði og sett var upp í Scandinavia House í New York árið 2008, en sjóðurinn var aðalstyrktaraðili sýningarinnar ásamt íslenskum yfirvöldum.<sup>137</sup> Líkt og Örfalandslag hverfðist From Another Shore: Recent Icelandic Art um hugmyndir um áhrifamátt íslenskrar náttúru á menningu þjóðarinnar og sjálfsmýnd. Rímaði sýningin þannig vel við markmið annars styrktaraðila sýningarinnar, markaðssetningarátaksins Iceland Naturally, sem íslensk stjórnvöld hrundu af stað árið 1999 og byggði að miklu leyti á hugmyndinni um hreina og ósnortna náttúru Íslands.<sup>138</sup>

Árið 2006 gerðist eignarhaldsfélagið Samson aðalstyrktaraðili safnsins og fól samningur safnsins við Samson í sér að styrktarfé til þriggja ára yrði nýtt til þess að fella niður aðgangseyri að safninu, í þeim tilgangi að auka aðsókn almennings.<sup>139</sup> Safninu hafði, líkt og öðrum ríkisstofnunum, verið

gert að taka upp aðgangseyri árið 2001 – en fram að því hafði verið frítt á safnið alla daga – og var það í samræmi við stefnu yfirvalda um að opinberar stofnanir ykju sértekjur sínar svo minnka mætti ríkisframlög til þeirra.<sup>140</sup> Greindi Ólafur Kvaran frá því að aðsókn að safninu hefði tvöfaldast fyrsta árið eftir niðurfellinguna.<sup>141</sup>

Auk þess að laða að nýja gesti með niðurfellingu aðgangseyris og fjölbreyttara sýningarhaldi var þjónusta við fastagesti safnsins sett í markvissan forgang með stofnun listaklúbbsins Selmu árið 2002, sem bauð meðlimum ýmis fríðindi innan safnsins, boð á foropnanir með leiðsögn og veitingum og aðgang að sérsniðnum leiðsögnum um listasöfn innlendis og erlendis. Um svipað leyti var opnuð sérverslun í safninu þar sem gestir gátu verslað útgáfurit safnsins, listmuni, skartgrip og aðra minjagrip.<sup>142</sup> Almennum sýningargestum var áfram boðið upp á leiðsagnir um sýningar með sérfræðingum safnsins, en jafnframt var tekin upp sú nýjung að bjóða gestum að ræða um sýningarnar við myndlistarnema frá Listaháskóla Íslands sem gengu um sali safnsins og svöruðu spurningum gesta sem og að spjalla um sýningar við listamenn.<sup>143</sup> Veturinn 2004-2005 tók safnið þátt í tilrauna- verkefni fimm menningarstofnana á Norðurlöndum um rannsókn og þróun möguleika miðlunar menningararfs með farsímataekni, sem fjármagnað var af Norrænu ráðherranefndinni og var safngestum boðið að sækja upplýsingar um verk í síma og miðla eigin reynslu af sýningum.<sup>144</sup> Árið 2004 stóð safnið fyrir seríu af svokölluðum Laugardagsstefnum, sem ætlað var að vera vettvangur umræða um stöðu myndlistar í landinu.<sup>145</sup> Málþing voru haldin í tengslum við einstaka sýningar og boðið var upp á námskeið um fyrirbyggjandi forvörslu listaverka í tengslum við 120 ára afmælisýningu safnsins 2004 þar sem almenningi var veitt innsýn í forvörslustarf innan safnsins.<sup>146</sup>

Árið 2001 tóku í gildi Safnalög (nr. 106/2001) sem skilgreindu Listasafn Íslands sem höfuðsafn á sviði íslenskrar myndlistar.<sup>147</sup> Kváðu löggin á um að safnið skyldi vera miðstöð safnastarfsemi á sínu sviði, það er í söfnun, skrásetningu, varðveislu, heimildasöfnun, kynningu og rannsóknum á íslenskri myndlist. Hlutverk safnsins sem miðstöð rannsókna hafði verið talsvert til umræðu allan tíunda áratuginn, ekki síst í tengslum við „stóra málverkafölsunarmálið“ svokallaða.<sup>148</sup> Bentu listfræðingar og forverðir á skort á almennri þekkingu sem og sérþekkingu á íslenskri listasögu sem eina af

forsendum þess að tekist hefði að koma meintum fölsunum í sölu í því mikla magni sem reyndist. Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, benti til að mynda á að einungis ein útgefin heildarskrá væri til yfir verk íslensks myndlistarmanns. Sagði Aðalsteinn að „listasöfnin ættu með réttu að gefa út slíkar skrár“, en slíkt væri þeim ófært nema að opinber fjárstuðningur yrði stóraukinn.<sup>149</sup> Aðspurður um áhrif fölsunarmálsins á starf og starfsumhverfi Listasafns Íslands lagði Ólafur Kvaran áherslu á að safnið og starfsmenn þess hefði sýnt getu sína og styrk sem virkur rannsóknaraðili, en sagði jafnframt brýnt að styrkja rannsóknir á íslenskri listasögu.<sup>150</sup> Greindi Ólafur frá því að yfirvöld hefðu samþykkt fjárveitingu af fjárlögum næsta árs til ritunar íslenskrar listasögu sem Listasafn Íslands skyldi hafa umsjón með og gefin skyldi út í fjórum bindum.<sup>151</sup> Er ekki ólíklegt að umræða um grundvöll fölsunarmálsins í vanrækslu rannsókna og fræðslu um íslenska myndlist, sem og áhrif þess á markað með íslenska myndlist, hafi haft eitthvað um það að segja að yfirvöld réðust í þetta verkefni með listasafninu, rúmum fjórum áratugum eftir að yfirlit Björns Th. Björnssonar yfir íslenska listasögu var útgefið.

Árið 2001 tók safnið í notkun nýtt húsnæði að Laufásvegi 12 og voru skrifstofur, viðgerðarstofa og bókasafn safnsins þá flutt af Fríkirkjuvegi.<sup>152</sup> Öryggismál safna voru nokkuð til umræðu á næstu árum, meðal annars vegna stórbruna í geymslum Listasafns Reykjavíkur í Fákafeni árið 2002.<sup>153</sup> Í kjölfarið var farið yfir ástand öryggis- og geymslumála hjá Listasafni Íslands en Ólafur Kvaran vildi þó meina að það væri almennt gott.<sup>154</sup> Fjórum árum síðar, í lok árs 2006, komst starfshópur um varðveislu- og geymslumál þrettán menningarstofnana hins vegar að þeirri niðurstöðu að einungis eitt af fjórum geymslurýmum safnsins stæðist kröfur um varðveislu og öryggi. Jafnframt að auka þyrfti geymslurými safnsins um 3.840 m<sup>2</sup> á næstu 20 árum, sem jafngilti tæpri sexföldun frá því sem þá var.<sup>155</sup>

Árið 2002 gagnrýndi Fríða Björk Ingvarsdóttir skort á samvinnu og hlutverkaskiptingu milli stærstu listasafna landsins, Listasafns Íslands og Reykjavíkur, sem hún sagði leiða til einsleitni í sýningarhaldi safnanna.<sup>156</sup> Ein af skyldum Listasafns Íslands sem höfuðsafns samkvæmt nýjum safnalögum var einmitt að stuðla að samvinnu listasafna. Auk þess var það eitt af yfirlýstum markmiðum Ólafs Kvarans eins og áður segir. Ári eftir að hann tók við starfi forstöðumanns, árið 1998, skrifaði Ólafur undir samstarfssamning við Listasafnið á Akureyri um sýningarsamstarf og samstarf á sviði safna-,

tækni- og fræðslumála.<sup>157</sup> Hins vegar var lítið samstarf milli stóru listasafnanna í höfuðborginni fram til ársins 2005, þegar Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur sameinuðust í fyrsta sinn um stórt samstarfsverkefni; skipulag og undirbúning að stórri sýningu á verkum Dieters Roth á Listahátíð í Reykjavík. Leiddi það verkefni jafnframt til frekara samstarfs þar sem Kjarvalsstaðir hóstu sumarsýningu Listasafns Íslands sama ár.<sup>158</sup>

## Listamiðstöð á krepputímum

Í upphafi ársins 2007 skipaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, Halldór Björn Runólfsson listfræðing í stöðu forstöðumanns Listasafns Íslands.<sup>159</sup> Markaðist starfsemi Listasafns Íslands næstu ár óhjákvæmilega af hruni íslensks og alþjóðlegs bankakerfis árið 2008. Skömmu eftir hrunið var það tilkynnt að Samson eignarhaldsfélag hefði óskað eftir greiðslustöðvun á styrktarsamning félagsins við listasafnið.<sup>160</sup> Í kjölfarið var aðgangseyrir að sérsýningum tekinn upp, í maí 2010, en börnum yngri en átján ára var áfram veittur ókeypis aðgangur. Ári síðar var almennur aðgangseyrir tekinn upp að öllum sýningum safnsins. Ókeypis aðgangur var þó veittur einn dag í viku, en því var hætt í mars 2012.<sup>161</sup> Framlag til reksturs safnsins hækkaði á fyrstu árum Halldórs Björns í starfi og vöktu kaup safnsins á ljósmyndaverkinu Mountain (1980-82) eftir Sigurð Guðmundsson fyrir tíu milljónir króna athygli árið 2009.<sup>162</sup> Næstu þrjú ár var framlag til safnsins af fjárlögum hins vegar skorið talsvert niður og því gert að hagræða í rekstri í kjölfar útgáfu skýrslu Ríkisendurskoðunar 2009, þar sem fram kom að um 3 milljóna halli hefði safnast upp í rekstri safnsins.<sup>163</sup>

Í kjölfar hruns bankanna og yfirtöku ríkisins á þeim skapaðist mikil umræða um framtíðaraufdrif listaverka í eigu bankanna.<sup>164</sup> Snemma árs 2009 lagði viðskiptanefnd Alþingis fram tillögu um framkvæmd á listfræðilegu mati á söfnunum í því skyni að undirbúa kaup á verkum sem talist gætu „þjóðargersemar og öðrum verkum er þýðingu kunna að hafa fyrir íslenska listasögu og gætu verið verðug viðbót við listaverkaeign Listasafns Íslands.“<sup>165</sup> Fól menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, Listasafni Íslands að meta listasöfn bankanna á eigin vegum, undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis. Í skýrslu um matið sem gefin var út sama ár kemur fram að starfsfólk listasafnsins hafi haft skilgreiningu „þjóðardýrgripa“, úr drögum





Halldór Björn Runólfsson, Guðni Gunnarsson, Sigríður Melrós Jónsdóttir, Ólafur Ingi Jónsson, og fleiri að setja upp verk fyrir sýninguna árið KONA / FEMME - LOUISE BOURGEOIS árið 2011. Mynd: Listasafn Íslands.

sem menntamálaráðuneyti hafði unnið að í frumvarpi til nýrra laga um menningarminjar, til hliðsjónar við matið, sem og þingsályktunartillögu viðskiptanefndar.<sup>166</sup> Greindu fjölmiðlar frá því að starfsfólk safnsins hefði komist að þeirri niðurstöðu að um þrjú hundruð verk í eigu Íslandsbanka og Nýja Kaupþings – síðar Arion-banka – uppfylltu skilyrðin og lagt til að þau myndu færð í þjóðareign og höfð í Listasafni Íslands.<sup>167</sup> Um sama leyti, í októbermánuði 2009, opnaði listasafnið sýningu á völdum verkum í eigu ríkisbankanna þriggja sem sýnd voru samhliða verkum úr eign safnsins. Í umsögn um sýninguna benti Anna Jóa (Jóhannsdóttir) á að sýning á þeim verkum í eigu bankanna sem ekki féllu í flokk „þjóðardýrgripa“ gæti verið áhugaverð og falið í sér möguleika á endurmati á íslenskri listasögu þar sem þau kynnu að endurspeglar aðra myndlistarsögu en þá opinberu sögu sem safnið hefði mótað.<sup>168</sup> Árið 2010 gekk mennta- og menningarmálaráðuneytið frá samningi við Arion-banka sem tryggði ríkinu og Listasafni Íslands forkaupsrétt að 193 listaverkum í eigu bankans.<sup>169</sup>

Við skipun í stöðu forstöðumanns 2007 greindi Halldór Björn frá því í fjölmiðlum að hann vildi leggja aukna áherslu á samtímalist sem og að

sýna íslenska myndlist í samhengi alþjóðlegrar listasögu og að stuðla að samstarfi íslenskra samtímalistamanna og erlendra. Stefndi hann á að ráða utanaðkomandi sýningarstjóra til þessa eftir föngum. Jafnframt kvaðst hann vilja nýta möguleika tölvu- og margmiðlunartækni til frekari miðlunar á safneigninni. Sá nýi forstöðumaðurinn fyrir sér að safnið yrði „listamiðstöð“ – vettvangur fræðslu og virks samtals um myndlist í samtímanum.<sup>170</sup>

Þegar litið er yfir sýningarsögu safnsins má sjá greinileg merki sýningarstefnu Halldór Björns á fyrstu árum hans í starfi. Árið 2008 setti safnið upp tvær sýningar þar sem íslenskri samtímalist var stillt upp samhliða verkum erlendra samtímalistamanna. Auk þess, sérsýningu á verkum írönsku listakonunnar Shirin Neshat, í tengslum við Kvikmyndahátíð í Reykjavík. Árið 2010 var sömuleiðis sett upp samsýning á verkum íslenskra samtímalistamanna og verkum erlends listamanns. Sama ár var sýning á ljósmyndaverkum Cindy Sherman opnuð í safninu. Eftir það voru hins vegar ekki skipulagðar neinar samsýningar íslenskra og erlendra samtímalistamanna fram til ársins 2015.<sup>171</sup> Fljótlega var brugðið út af þeirri braut sem Ólafur Kvaran markaði að sækja til safnsins stórar sögulegar yfirlitssýningar. Árið 2008 kom til safnsins stór yfirlitssýning á 20. aldar myndlist frá Würth-safninu í Suður-Þýskalandi og 2011 sýning á verkum frönsku listakonunnar Louise Bourgeois sem látist hafði ári fyrr, en ekki hafa verið fengnar fleiri „stórsýningar“ til safnsins. Hins vegar hafa verið settar upp allnokkrar sýningar á erlendra samtímalist.<sup>172</sup> Jafnframt gerði safnið talsvert af því að ráða sjálfstæða sýningarstjóra, líkt og Halldór Björn lagði upp með.<sup>173</sup> Árið 2009 var að miklu leyti helgað íslenskri nýlist, með röð sýninga á verkum SÚM-listamanna, en á síðari árum í starfstíð Halldórs Björns var áhersla lögð á sýningar íslenskrar samtímamyndlistar og var hljóð- og vídeólist sérlega áberandi.<sup>174</sup>

Auk þess að leggja áherslu á samtímalist í alþjóðlegu samhengi varð breyting á sýningum á safneigninni og íslenskri list frá 20. öld. Á fyrstu tveimur árum eftir að Halldór Björn tók við starfi forstöðumanns safnsins voru haldnar hefðbundnar sumarsýningar sem ætlað var að gefa yfirlit yfir íslenska listasögu. Þó var horfið frá þeirri kaflaskiptu umfjöllun sem einkennt hafði sýningar safnsins í tíð Ólafs Kvaran. Þess í stað voru sýningarnar oft skipulagðar í kringum ákveðin hugmyndafræðileg þemu. Jafnframt var það sjónarhorn á íslenska myndlist sem ríkjandi hafði verið á undangengnum



árum, þar sem megináhersla var lögð á áhrif náttúrunnar á íslenska myndlist og menningu, tekin til gagnrýnnar skoðunar. Með sumarsýningu safnsins árið 2007, sem hlaut titilinn Ó-náttúra, varð til að mynda gerð tilraun til þess að endurskoða náttúruhugtakið og hvernig íslenskir listamenn hafa fengist við það utan hins hefðbundna landslagsmálverks.<sup>175</sup> Nokkru síðar, á sumarmánuðum 2012 var þjóðarátakið Ölvuð af Íslandi, sem hrundið var af stað í kjölfar bankahrunsins, og hin rómantíska sýn á landið sem þar birtist tekið til endurmats á samnefndri sýningu.

Nýtt leiðsögukerfi fyrir íslensk söfn, sem bauð gestum að hlaða niður upplesnum leiðsögnum um einstaka sýningar sér að kostnaðarlausu og hlusta á í eigin tæki, var opnað árið 2008.<sup>176</sup> Innan Listasafns Íslands var áfram var unnið að því að gera gagnagrunn safnsins aðgengilegan almenningi á Netinu. Frá árinu 2011 til 2013 var safnið þátttakandi í samevrópsku verkefni, Digitising Contemporary Art, sem ætlað var að vinna að stafrænni varðveislu og miðlun samtímalistar í gegnum áætlunina Europeana.<sup>177</sup> Árið 2011 tók safnið ákvörðun um að færa skráningu á listaverkum í eigu safnsins úr eldri gagnagrunni í Sarp, sameiginlegt upplýsingakerfi íslenskra safna.<sup>178</sup> Sarpur var opnaður almenningi á Netinu árið 2013 og áttu fimmtíu söfn aðild að því, þar á meðal Listasafn Íslands. Þar má nálgast hluta verka í eigu Listasafns Íslands, einkum eldri verk sem eru utan höfundarréttar.<sup>179</sup> Jafnframt má nálgast gagnagrunn með ljósmyndum og heimildum um öll verk í eigu Listasafns Íslands á bóka- og heimildasafni þess á Laufásvegi 12.

Miklar breytingar hafa orðið á safneign Listasafns Íslands síðustu áratugi. Af yfirliti yfir verk í eigu safnsins sem fylgdi eitt hundrað ára afmælisriti um sögu safnsins má sjá að yfirgnæfandi meirihluti verka í eigu safnsins árið 1984 voru málverk, máluð með olíu- eða vatnslitum. Auk þess átti safnið nokkuð magn af teikningum og grafíkverkum, en höggmyndir mynduðu tiltölulega lítinn hluta safneignar og safnið átti einungis örfá ljósmynda- og textílverk.<sup>180</sup> Frá þeim tíma hefur safneignin meira en tvöfaldast og fjölbreytni miðla jafnframt aukist mikið. Þó að hefðbundnir miðlar eins og teikningar, málverk og höggmyndir séu enn í meirihluta, hefur sú aukna áhersla sem lögð hefur verið á samtímamyndlist innan safnsins síðustu áratugi orðið til þess að safnið á nú fjölda nýmiðlaverka, ljósmyndaverka og bókverka. Textílverk í eigu safnsins eru hins vegar enn fá.<sup>181</sup> Í ársbyrjun 2019 eru rúmlega þrettán þúsund skráð verk í safneigninni.



Nemendur vinna verkefni á yfirlitssýningu á verkum Svavars Guðnasonar árið 1990. Mynd: Listasafn Íslands.

Árið 2012 var gengið frá samkomulagi þess efnis að Listasafn Íslands eignaðist allar eignir Listasafns Sigurjóns Ólafssonar til varðveislu, þar með talið safnbyggingu að Laugarnestanga.<sup>182</sup> Tveimur árum síðar var haldin yfirlitssýning á verkum Sigurjóns í Listasafni Íslands að Fríkirkjuvegi og í Listasafni Sigurjóns í Laugarnesi. Árið 2014 greindi safnið frá áformum um stofnun Vasulka-stofu, tileinkaða varðveislu myndbandalistar. Jafnframt að Listasafn Íslands fengi til varðveislu í þessari nýju deild safnsins stóran hluta verka hjónanna Steinu og Woody Vasulka, frumkvöðla í myndbandalist á alþjóðavísu.<sup>183</sup> Þann 16. október sama ár, á 130 ára afmæli Listasafns Íslands, var Vasulka-stofa formlega opnuð með sýningu á myndbanda- og ljósmyndaverkum Vasulka-hjónanna sem ekki höfðu áður verið sýnd utan Bandaríkjanna. Auk þess að hýsa verk Vasulka-hjónanna er Vasulka-stofu ætlað að safna og varðveita upplýsingar um öll íslensk raflistaverk og verður stofnun hennar því að teljast merkisviðburður í sögu Listasafns Íslands sem og sögu íslenskrar myndlistar.<sup>184</sup>

## Lokaorð

Listasafn Íslands er eitt elsta safn landsins og höfuðsafn á sviði myndlistar. Sem slíkt gegnir það lykilhlutverki í heimildasöfnun auk kynningar og rannsóknna á íslenskri myndlist. Það hefur því mikið um eflingu og framþróun íslenskrar myndlistar og listfræði að segja. Starfsemi og rekstur safnsins hefur eðlilega tekið stórum breytingum frá stofnun safnsins á síðari hluta 19. aldar. Safnið varðveitir í dag á tólfta þúsund íslenskra og erlendra myndlistarverka – flest frá 19. og 20. öld – í fjölda miðla og stíla.<sup>185</sup> Iðkun myndlistar sem faglegrar iðju á sér stutta sögu hérlendis og Listasafn Íslands hefur frá upphafi gegnt mikilvægu hlutverki, ekki einungis í varðveislu og skráningu þeirrar myndlistarhefðar sem mótaðist í upphafi 20. aldar, heldur jafnframt í fræðslu íslensks almennings um alþjóðlega og íslenska myndlistarsögu. Safninu var frá stofnun ætlað menntunarlegt hlutverk, en eins og fram hefur komið hafa viðhorf og væntingar almennings til safnsins breyst samhliða pólitískri, félagslegri, hugmyndasögulegri og listsögulegri þróun hérlendis og alþjóðlega. Samhliða hefur starfsemi Listasafns Íslands mótast í nánu samtali við myndlist í landinu og hafa myndlistarmenn gegnt mikilvægu hlutverki í mótun þess í gegnum árin. Þjónusta við safngesti hefur, frá áttunda áratug síðustu aldar, verið markvisst aukin og tók stórstíga framförum á tíunda áratug síðustu aldar og fyrstu árum nýrrar aldar. Á sama tíma hefur safnið gegnt forystuhlutverki í rannsóknnum á íslenskri myndlistarsögu.

Safnaráð, sem stofnað var árið 2011, hefur síðustu ár unnið markvisst að samhæfingu og stefnumörkun um safnastarf.<sup>186</sup> Þann 11. júní 2012 var frumvarp til Myndlistarlaga samþykkt frá Alþingi og féllu lög um Listasafn Íslands frá 1988 (nr. 58/1988) þar með úr gildi.<sup>187</sup> Auk þess að skilgreina hlutverk og skyldur Listasafns Íslands sem höfuðsafn myndlistar í landinu var nýju lögnum ætlað að móta heildarskipulag og fyrirkomulag myndlistarmála í landinu. Í umsögn um frumvarpið gagnrýndi Halldór Björn Runólfsson, þáverandi forstöðumaður Listasafns Íslands, einföldun á lögum um safnið og sagði eðlilegt að sérlög yrðu gerð um safnið líkt og þau sem sett höfðu verið um önnur höfuðsöfn, Þjóðminjasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Jafnframt að með nýjum lögum væri aðilum sem ekki hafa þekkingu á safnkosti safnsins eða listsögulega yfirsýn gefin of mikil áhrifavöld á starfsemi safnsins. Kallaði Halldór Björn eftir auknum áhrifum

faglærðra einstaklinga á starfsemi Listasafns Íslands, svo að fræðileg sjónarmið – fremur en pólitísk eða listpólitísk – fengju að ráða í söfnun og miðlun myndlistar innan safnsins.<sup>188</sup> Með tilkomu framhaldsnáms í listfræðum og safnafræðum við Háskóla Íslands hlýtur sú krafa að aukast næstu ár, eftir því sem hópur fagmenntaðra list- og safnafræðinga stækkar og fræðileg umræða um starfsemi safna eykst.

Halldór Björn Runólfsson lét af störfum forstöðumanns Listasafns Íslands 1. mars 2017 og nýr forstöðumaður, Harpa Þórsdóttir, var skipuð af menntamálaráðherra og tók við 1. maí sama ár. Í viðtali við Fréttablaðið við það tækifæri gagnrýndi Halldór Björn stefnuleysi og aðgerðarleysi yfirvalda í málefnum safnsins. Nefndi hann húsnæðisskort sem einn helsta dragbít á starfsemi safnsins, bæði vöntun á viðunandi geymslurými og sýningarrými sem rúmað gæti yfirlitssýningu um íslenska myndlistarsögu.<sup>189</sup> Tók Halldór Björn þar í sama streng og undangengnir forstöðumenn Listasafns Íslands sem ítrekað hafa bent á brýna þörf fyrir aukið húsrými handa safninu. Eins og komið hefur fram var Listasafn Íslands húsnæðislaust í fjölda áratuga eftir stofnun safnsins og bjó síðan til fjölda ára við þröngan kost í húsnæði sem aldrei var ætlað að mæta framtíðarþörfum þess. Safnið komst ekki í eigið húsnæði, að Fríkirkjuvegi 7, fyrr en árið 1987, eða rúmri öld eftir stofnun þess. Þó að flutningur í núverandi húsnæði hafi á sínum tíma verið mikið framfaraskref og nauðsynlegur til eflingar starfsemi safnsins svaraði hann ekki framtíðarþörfum listasafnsins, enda var frá upphafi gert ráð fyrir stækkun safnsins með kaupum á húsunum í kringum Fríkirkjuveg 7, líkt og Guðmundur G. Þórarinnsson, formaður byggingarnefndar Listasafns Íslands, ítrekaði í aðdraganda opnunar safnsins árið 1987.<sup>190</sup> Harpa Þórsdóttir, núverandi forstöðumaður Listasafns Íslands, ítrekaði enn þörfina á auknu húsrými til handa safninu í viðtali við blaðamann Morgunblaðsins sem birtist í septembermánuði 2017 og benti meðal annars á að safnið hefði í núverandi mynd minni húsakost en upphaflega var stefnt að við opnun þess við Fríkirkjuveg árið 1987.<sup>191</sup>

Til Listasafns Íslands var stofnað í nafni íslensku þjóðarinnar og safninu hefur frá upphafi verið ætlað hlutverk við mótun sjálfsmyndar og ímyndar þjóðarinnar. Undanfarin ár hefur sú orðræða sem stjórnmalamenn og opinberar stofnanir hafa beitt í nafni þjóðarímyndar verið tekin til gagnrýnnar skoðunar af sagnfræðingum og öðrum fræðimönnum, ekki síst í

tengslum við rannsóknir á áhrif stefnu nýfrjálshyggju á menningarstarfsemi í landinu.<sup>192</sup> Hliðstætt ferli má að nokkru merkja í þróun starfsemi Listasafns Íslands undanfarin ár, þar sem safnið hefur leitast við að endurskoða ríkjandi orðræðuhefð um íslenska myndlist. Með vexti íslensks fræðasamfélags og aukinni umræðu um áhrif hnattvæðingar á íslenskt samfélag hlýtur gagnrýnin umræða um starfsemi og hlutverk Listasafns Íslands að aukast og þar með efla starf safnsins, sem höfuðsafn á sviði myndlistar, í forystu um söfnun, rannsóknir og miðlun á íslenskri myndlist í fortíð og nútíð.

## Óprentaðar heimildir

Harpa Þórsdóttir. Tölvupóstur til höfundar, 6. september 2017.

Harpa Þórsdóttir. Tölvupóstur til höfundar, 26. september 2017.

## Prentaðar heimildir

- Aðalsteinn Ingólfsson, „Árbók um myndlist“, DV, 29. júní 1990, 36.
- Aðalsteinn Ingólfsson, „Kafaskipti í íslenski myndlistarsögu“, DV, 11. febrúar 1988, 18.
- Aðalsteinn Ingólfsson, „Kaupa hvorki né selja“, Morgunblaðið, 17. nóvember 2002, 6B.
- Aðalsteinn Ingólfsson, „Listasöfnin á Netinu“, DV, 13. apríl 1999, 11.
- Aðalsteinn Ingólfsson, „Spegilmyndir: Aldarspegill“ í Listasafni Íslands“, DV, 28. mars 1988, 18.
- „Afturhaldið gegn nútímalistinni“, DV, 5. október 1993, 14.
- „Allir geta fengið að vita allt um list“, Visir, 12. september 1977, 8.
- „Almenningi boðin innsýn í nútíma myndlist“, Visir, 11. mars 1976, 3.
- „Alþingi: Listasafn Íslands á 9,2 millj. í byggingarsjóði“, Morgunblaðið, 29. október 1970, 12 og 14.
- Anna Jóa, „Úr sjóðum bankanna“, Lesbók Morgunblaðsins, 17. október 2009, 12.
- Anna Jóhannsdóttir, „Ólíkir fjársjóðir: Samanburður á hugmyndafræði tveggja íslenskra listasafna.“ Tímarit Máls og Menningar 2, 2007, 5-21.
- Arnar Eggert Thoroddsen, „Dýrasta verkið“, Morgunblaðið, 31. maí 2009, 2.
- Auður A. Ólafsdóttir, „Ímynd Íslands, sagan, menningararfurinn og hin ýmsu sjálf Íslendingins“, Saga 46:2 2008, 56-85.
- „Aukin fræðsla í Listasafni Íslands“, Fréttablaðið, 10. mars 2006, 34.
- „Áfanga náð í íslenski menningarsögu: Listasafn ríkisins opnað í Þjóðminjasafnhúsinu nýja“, Þjóðviljinn, 28. ágúst 1951, 1.
- „Áminning um að huga að örygginu“, Morgunblaðið, 9. ágúst 2002, 26.
- Ásgeir Ingvarsson, „Söfn þurfa að þróast í takt við umhverfi sitt“, Morgunblaðið, 25. september 2017.
- Ásgeir Tómasson, „Fjölmíðlalykt“, Dagblaðið, 20. nóvember 1980, 18.
- Áslaug Thorlacius, „Opíð bréf til menntamálaráðherra“, Morgunblaðið, 20. október 2004, 30.
- Áslaug Thorlacius, „Pólitíska landslagið“, DV, 18. október 1999, 16.
- Ásmundur Ásmundsson, „LÍ-Alcoa-SB“, Viðskiptablaðið, 16. maí 2008, 20.
- ÁT, „Vandamálapakki“ í gjöf allra alda: Listasafnið afþakkaði 600 málverk úr dánarbúi Sigurliða og Helgu“, Dagblaðið, 3. nóvember 1980, 7.
- „Átak í söfnun og varðveislu raflistaverka“, Fréttablaðið, 16. október 2014, 42.
- BE, „Listasafn Íslands: Vettvangur listumræðu. Árbók Listasafnsins kemur út öðru sinni“, Þjóðviljinn, 27. júní 1990, 7.
- Bennett, Tony, *The Birth of the Museum: History, Theory, Politics*. London: Routledge, 1995
- „Bera Nordal forstöðumaður Listasafns Íslands“, Morgunblaðið, 27. júlí 1987, 2.
- Bera Nordal, „Norræn konkretlist“, Morgunblaðið, 4. júní 1988, B2-B3.
- Bergþóra Jónsdóttir, „Lestarferð með Dieter Roth á Listahátíð“, Lesbók Morgunblaðsins, 14. maí 2005, 8-9.
- Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitik*, Reykjavík: Nýhil, 2011.
- „Björn Bjarnarson fyrrv. sýslumaður“, Lögrjetta. 18. desember 1918, 203.
- Björn Th. Björnsson, „Íslensk þjóðlist: Hugleiðingar vegna sýningar Kjarvals“, Birtingur, 1. desember 1955, 1-5.
- Björn Th. Björnsson, „Opinbert listasafn á Ísland [Kaupmannahöfn, 21.3.1949]“, Tímarit Máls og Menningar, 1. maí 1949, 132-148.
- Bohrer, Frederick N., „Photographic Perspectives: Photography and the Institutional Formation of Art history“. *Í Art History and Its Institutions. Foundations of a Discipline*. Ritsjóri Elizabeth Mansfield. London and New York: Routledge, 2002.
- Bolli Guðstavsson, „Að lyfta landsins menning“, Lesbók Morgunblaðsins, 22. desember 1984, 16-19.
- Bragi Ásgeirsson, „Í tilefni Borealis 6“, Morgunblaðið, 15. júní 1993, 14.
- Bragi Ásgeirsson, „Listasafn Íslands“, Morgunblaðið, 21. febrúar 1988, 24-25.
- Bragi Ásgeirsson, „Listasafn Íslands – ábendingar“, Morgunblaðið, 25. ág. 1987, 12-13.
- Bragi Ásgeirsson, „Myndlistarsyrpa“, Morgunblaðið, 20. ágúst 1977, 17.
- Bragi Ásgeirsson, „Sjónmenntavettvangur“, Morgunblaðið, 15. apríl 1989, B2-B3.

„Bruna- og þjófavarnir í nýju Listasafni Íslands: Kerfið mun líklega kosta á aðra milljón“, Helgarpósturinn, 13. mars 1986, 16.

„Býzönsk dómsdagsmynd í Flatatungu“, Nýjar Kvöldvökur, 1. febrúar 1960, 35-37.

„Dagbók“, Morgunblaðið, 26. nóvember 1953, 4.

„Danskir vordagar 1991“, Morgunblaðið, 28. mars 1991, 92.

Duncan, Carol, „Art Museums and the Ritual of Citizenship.“ Í *Exhibiting Cultures: The Poetics and Politics of Museum Display*. Ritstjórnar I. Karp og S.D. Lavine. Washington: Smithsonian Institute Press, 1991

Duncan, Carol, „The Art Museum as Ritual“. Í *Civilizing Rituals: Inside Public Art Museums*. London and New York: Routledge, 2006.

Duncan, Carol & Wallach, Alan, „The Universal Survey Museum.“ Í *Museum Studies: An Anthology of Contexts*, ritstj. Bettina Messias Carbonell. Oxford: Blackwell, 2004, 89-103.

Einar Falur Ingólfsson, „Áfall fyrir lítið safn eins og okkur“, Morgunblaðið, 8. október 2008, 28.

Einar Falur Ingólfsson, „Djúpstæð list og heillandi“, SunddagsMogginn, 14. nóvember 2010, 50-51.

Einar Helgason, „Björn Bjarnarson fv. sýslumaður“, Tíminn, 21. desember 1918, 250-251.

Einar Kárasón, „Afturhaldið gegn nútímalistinni“, DV, 5. október 1993, 14.

EIR, „Listasafn Íslands stækkar um helming“, DV, 18. feb. 1987, 5.

Eiríkur Þorláksson, „Að miðla myndlist“, Morgunblaðið, 3. maí 1992, C9.

Eiríkur Þorláksson, „Að vera eða vera ekki...“, Morgunblaðið, 24. febrúar 1991, C22.

Eiríkur Þorláksson, „Daniel Buren“, Morgunblaðið, 12. júní 1992, 12.

Eiríkur Þorláksson, „Eru að verða kynslóðaskipti? Hinir nýju listunendur“, Morgunblaðið, 25. nóvember 1990, C22.

Eiríkur Þorláksson og Halldór B. Runólfsson, „Listfræðilegt mat á listaverkasöfnum bankanna – II. hluti“, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2009.

Eiríkur Þorláksson, „Styrkir og stuðningur“, Morgunblaðið, 26. nóvember 1989, C21.

„Eldsvöðinn í Fákafeni vekur umræðu um eldvarnir og aðbúnað í listaverka- og minjageymslum: Brýnt að bæta geymsluaðstöðu“, Morgunblaðið, 9. ágúst 2002, 26-27

Finnur Jónsson, „Bref sent Mbl.: Kosning í safnráð“, Morgunblaðið, 26. september 1961, 15.

Fjármálaráðuneytið, Árangursstjórnun í ríkisrekstri – handbók. Reykjavík: Fjármálaráðuneytið, 2004.

„Fjöldi gesta tvöfaldast á Listasafni Íslands“, Morgunblaðið, 7. júlí 2007, 56.

„Fleiri styttri sýningar í Listasafni Íslands“, Lesbók Morgunblaðsins, 13. febrúar 1999, 2.

Fríða Björk Ingvarsdóttir, „Kallað eftir skýrari stefnumótun“, Lesbók Morgunblaðsins, 28. desember 2002, 8-9.

Fríða Björk Ingvarsdóttir, „Mótun menningararfsins mikilvæg“, Morgunblaðið, 15. október 2004, 30-31.

„Fyrirspurnir og svör á Alþingi: Hvers vegna hafnaði Listasafn Íslands 600 málverkum?“, Morgunblaðið, 6. nóvember 1980, 26.

Garðar Halldórsson, „Byggingarlýsing“. Í *Aldarspegill: Íslensk myndlist í eigu safnsins 1900-1987*. Ritstjóri Karla Kristjánsdóttir. Reykjavík: Listasafn Íslands, 1988.

Geir Björnsson, „Er Þjóðminja- og Listasafn Íslands hríplekt?“, Helgarpósturinn, 21. nóvember 1985, 3.

„Get ekki tjáð mig um málið“, Morgunblaðið, 2. nóvember 1980, 40.

GHS, „Rétt eftirnafn er ekki nóg“, Dagur-Tíminn, 25. febrúar 1997, 14.

Gíslí Sigurðsson, „Afskekkt og afskipt“, Morgunblaðið, 20. nóvember 1988, 30C.

Gíslí Sigurðsson, „Húsið mun valda straumhvörfum fyrir safnið“, Lesbók Morgunblaðsins, 30. janúar 1988, 10-14.

Gíslí Sigurðsson, „Landslið aldarinnar á Kjarvalsstöðum“, Morgunblaðið, 6. nóvember 2005, 32-33.

„Gjöf Helgu og Sigurliða til menningarmála: Brunabótamat eignar rúmar 3560 milljónir“, Morgunblaðið, 1. nóvember 1980, 48.

„Grennslast fyrir um verk Jóns Gunnars Árnasonar“, Morgunblaðið, 7. desember 1993, 11.

Guðbergur Bergsson, „Blátúsi illur Jón“, Helgarpósturinn, 5. nóvember 1982, 9.

Guðmundur G. Þórarinnsson, „Bygging Listasafns Íslands“, DV, 1. júní 1987, 16.

Guðmundur G. Þórarinnsson, „Vilmundur, Listasafn Íslands og Framsóknarflokkurinn“, Dagblaðið, 22. okt. 1976, 18-19.

Gunnar Árnason, „Listasafn Íslands hefur sniðgengið heila kynslóð íslenskra myndlistarmanna. Hvað er að gerast hjá Listasafninu?“, Pressan, 16. september 1993, 31.

Gunnar J. Árnason, „Orka og víddir“, Pressan, 13. maí 1993, 27.

Gunnlaugur Þórðarson, „Bréf: Árétting við athugasemd“, Morgunblaðið, 11. nóvember 1954, 6.

Gunnlaugur Þórðarson, „Listasafn Íslands Frikirkjuvegi 7“, Morgunblaðið, 6. janúar 1973, 11 og 23.

Gunnlaugur Þórðarson, „Sýning Nýja myndlistarfélagsins“, Alþýðublaðið, 9. nóvember 1954, 4 og 7.

Gylfi Þ. Gíslason, „Gylfi Þ. Gíslason skrifar um Listasafn Íslands“, Alþýðublaðið, 6. apríl 1963, 4.

Gylfi Þ. Gíslason, „Stórbrotin rausn Kjarvals“, Alþýðublaðið, 18. apríl 1959, 5 og 1.

Halldór Björn Runólfsson, „Enn um blessaðan módernismann“, Morgunblaðið, 15. desember 2000, 42-43.

Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Formbylting“, Í Íslensk listasaga, frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar, III bindi, Abstraktlist. Ritstjóri Ólafur Kvaran. Reykjavík: Forlagið og Listasafn Íslands, 2011.

Hannes Sigurðsson, „Staða safnanna við upphaf nýrrar aldar“, Lesbók Morgunblaðsins, 27. febrúar 1999, 4-6.

„Hannes á horninu“, Alþýðublaðið, 21. Nóv. 1950, 4

Heiða Jóhannsdóttir, „Yfirlitssýning á verkum Gunnlaugs Scheving opnuð í Listasafni Íslands: Í sýnd og reynd“, Lesbók Morgunblaðsins, 27. október 2001, 6-7.

Helgi Sæmundsson, „Listasafnið og myndlistin“, Alþýðublaðið, 9. október 1963, 7 og 10.

Hildur Einarisdóttir, „Íslensk listasöfn: Varðveislu ábótavant?“, Morgunblaðið, 15. júní 1986, 22-24.

Hjörleifur Sigurðsson, „Hjörleifur Sigurðsson ræðir við dr. Selmu Jónsdóttur listfræðing um: Listasafn ríkisins“, Samvinnan, 1. febrúar 1960, 16-17.

HK, „Daniel Buren býr til útilistaverk á Íslandi: Faguð í útliti og útsmugin í hugsun“, DV, 1. júní 1992, 18.

„Hulunni lyft 20. árum eftir dauða hennar – Listasafn Íslands opnar sýningu á verkum Hilma af Klint“, Morgunblaðið, 8. apríl 1989, B4.

„Hvað er á seyði“, Tíminn, 2. mars 1996, 22.

„Höfðingleg og kærkomin gjöf dansks prófessors“, Þjóðviljinn, 6. ágúst 1958, 12.

Inga María Leifsdóttir, „Samspil náttúru og menningar“, Morgunblaðið, 13. apríl 2005, 43.

Ingveldur Geirsdóttir, „Nýskipaður forstöðumaður Listasafns Íslands ánægður: Mun setja mark sitt á safnið“, Morgunblaðið, 22. janúar 2007, 15.

„Íslenska þjóðin verður að koma sér upp listasafni“, Þjóðviljinn, 22. febrúar 1947, 7-8.

JBj, „Listasafn Íslands: Nefnd leitar að skýringu á eitt hundrað milljónum“, DV, 13. feb. 1988, 7.

JKH, „Stór tímamót í sögu Listasafnsins – segir Bera Nordal forstöðumaður“, DV, 30. janúar 1988, 18-19.

Jó, „Safnið á að sýna þróun íslenzkrar myndlistar“, Tíminn, 18. janúar 1957, 7-8.

Jóhann Briem, „Mitt eigið húsi!“, Vísir, 25. apríl 1942, 2.

Jóhann Hauksson, „Ríkisstofnanir á köldum klaka“, DV, 10. júlí 2009, 10.

Jón B.K. Ransu, „Afmælis(s)ár listasafna“, Lesbók Morgunblaðsins, 27. desember 2003, 14.

Jón B.K. Ransu, „Straumar og stefnur í íslenskri samtímalist“, Morgunblaðið, 8. desember 2002, 30.

Jón Kjartansson, „Með eða móti rörbút?“, DV, 9. nóvember 1993, 15.

Jón Stefánsson, „Sýning Nýja myndlistarfél. Í Listasafninu“, Morgunblaðið, 7. nóvember 1954, 2.

Jónas Guðmundsson, „Listasafnið poppar – Gunnar Örn í Norræna-húsinu“, Tíminn, 19. feb. 1976, 8

Jónas Jónsson, „Afmæli Menningarsjóðs“, Nýja Dagblaðið, 17. apríl 1938, 1 og 3.

Jónas Jónsson, „Skipulag íslenzkra listasafna“, Mánudagsblaðið, 2. október 1961, 4 og 7.

Jónas Jónsson, „Tillögur um listasafn ríkisins“, Mánudagsblaðið, 22. júní 1959, 4.

Jónas Jónsson, „Um framkvæmdir og störf Menntamálaráðs“, Nýja Dagblaðið, 5. júní 1938, 3-4.

Khh, „Fræðsla í Sýndarsafni“, Fréttablaðið, 18. desember 2006, 34.

Khh, „Málverk Matisse og Renoir á Íslandi“, Fréttablaðið, 29. september 2006, 32.

„Kjarval afsalar sér íbúð og vinnusal“, Morgunblaðið, 15. apríl 1959, 3.

„Kjarval afsalar sér Kjarvalshúsi“, Þjóðviljinn, 14. apríl 1959, 12 og 6.

„Kjarval afsalar sér Kjarvalshúsi“, Nýi Tíminn, 16. apríl 1959, 10.

Kristinn E. Andrússon, „Alþingi gagnvart bókmenntum og listum“, Tímarit Máls og Menningar, 1. maí 1943, 5-12.

Kristín Loftsdóttir, „Vikings Invade Present-Day Iceland“, Í Gambling Debt: Iceland's Rise and Fall in the Global Economy. Ritstjóri E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson. Boulder: University Press of Colorado, 2014.

„Kaup vekja upp deilur“, Fréttablaðið, 2. júní 2009, 36.

„Laggott – Innlent“, Dagur, 13. júní 1998, 5.

„Listahátíð í Reykjavík 2.-16. júní 1990“, Þjóðviljinn, 24. maí 1990, 32.

„Listaklúbburinn Selma“, Morgunblaðið, 4. október 2002, 8.



„Listasafni ríkisins gefin norsk listaverk“, Tíminn, 13. október 1951, 8.

„Listasafnið þarf mikið hús: Fær herbergi í Þjóðminjasafninu“, Morgunblaðið, 27. febrúar 1947, 2.

„Listasafn Íslands: 9000 hafa séð Chagall“, Morgunblaðið, 23. júlí 1988, 7.

„Listasafn Íslands: Afþakkaði nær 600 málverk úr dánarbúinu“, Morgunblaðið, 1. nóvember 1980, 48.

„Listasafn Íslands býður fyrirlestra“, Sveitastjórnarmál, 1. apríl 1977, 109.

„Listasafn Íslands festir kaup á Laufásvegi 12: Framtíðarlausn á húsnæðisvanda safnsins“, Lesbók Morgunblaðsins, 17. janúar 1998, 2.

„Listasafn Íslands: Finnisk kvöld“, Morgunblaðið, 3. nóv. 1992, 17.

„Listasafn Íslands: Finnskur listamaður heldur fyrirlestur“, Morgunblaðið, 5. júní 1988, 59.

„Listasafn Íslands fær kauprétt“. Morgunblaðið, 24. febrúar 2010, 9.

„Listasafn Íslands fær safn Sigurjóns Ólafssonar: Gjöfin felur m.a. í sér rúmlega 180 höggmyndir“, Morgunblaðið, 22. júní 2012, 38.

„Listasafn Íslands: Hugarorka og sólstafir“, DV, 18. mars 1994, 20.

„Listasafn Íslands: Höggmyndasýning opnuð“, Morgunblaðið, 16. apríl 1983, 26.

„Listasafn Íslands kaupir ljósmyndir“, Morgunblaðið, 16. mars 1978, 11.

„Listasafn Íslands: Litróf íslenskrar myndlistar“, DV, 19. jan. 1996, 22.

„Listasafn Íslands: Ljós úr norðri – norræn aldamótalist“, DV, 11. ág. 1995, 22.

„Listasafn Íslands: Norrænt samstarfsverkefni: Myndlist kynnt með farsíma“, Morgunblaðið, 30. október 2005, 61.

„Listasafn Íslands: Norræn konkretlist 1907-1960“, Þjóðviljinn, 4. júní 1988, 13.

„Listasafn Íslands: Ný aðföng II“, Morgunblaðið, 3. feb. 1995.

„Listasafn Íslands og Pharmaco undirrita samstarfssamning: Skiptir sköpum fyrir samskipti við erlend sófn“, Morgunblaðið, 3. febrúar 2004, 25.

„Listasafn Íslands og umhverfi undirlagð“, Pressan, 6. maí 1993, 27.

„Listasafn Íslands: Ókeypis á miðvikudögum“, Fréttablaðið, 8. ágúst 2001, 18.

„Listasafn Íslands: Ólafur Kvaran skipaður forstöðumaður“, Morgunblaðið, 14. febrúar 1997, 10.

„Listasafn Íslands – salur 2: Draumur í fjórum litum“, DV, 27. apríl 1990, 21.

„Listasafn Íslands: Sýning 5 danskra myndlistarmanna opnuð í dag“, Morgunblaðið, 11. ágúst 1984, 4.

„Listasafn Íslands: Sýning á norrænni konkretlist“, Morgunblaðið, 29. maí 1988, 22.

„Listasafn Íslands sækir um leyfi til að byggja við gamla Glaumbæ“, Tíminn, 9. maí 1976, 40.

„Listasafn Íslands verður 120 ára í október: Ósýnilegu verkin eru mikilvæg“, Fréttablaðið, 8. október 2004, 28.

„Listasafn Íslands: Úr íslenski list yfir í rússneska“, Morgunblaðið, 12. apríl 2002, 27.

„Listasafn Íslands: Pemasýning á listaverkum Sigurðar Guðmundssonar“, Morgunblaðið, 4. október 1991, 18.

“Listasafn ríkisins“, Alþýðublaðið, 28. ág. 1951, 4.

„Listasafn ríkisins eignast þrjár nýjar myndir“, Morgunblaðið, 16. september 1958, 20.

„Listasafn ríkisins lokað í 20 daga“, Alþýðublaðið, 1. febrúar 1952, 8.

„Listasafn ríkisins opnað að nýju í dag“, Morgunblaðið, 21. janúar 1956, 12.

„Listasafn ríkisins opnað á ný“, Vísir, 25. september 1954, 1.

„Listasafn ríkisins opnað í dag“, Þjóðviljinn, 27. nóvember 1954, 12.

„Listasafn ríkisins opnað í gær í húsakynnum Þjóðminjasafnsins“, Morgunblaðið, 28. ágúst 1951, 2.

„Listasafn ríkisins opnar aftur í dag“, Morgunblaðið, 25. mars 1954, 16.

„Listasafn ríkisins sýnir 70 nýkeypt listaverk“, Þjóðviljinn, 23. október 1964, 12.

„Listasafnshús á dagskrá“, Þjóðviljinn, 15. október 1970, 9.

„Listaverk Guðmundar ‘Muggs’ Thorsteinssonar sýnd hér“, Vísir, 6. ágúst 1958, 8 og 5.

„Listaverkið ‚rörbútur‘“, DV, 15. október 1993, 12.

„Listi yfir aukafjárveitingar frá 4. ágúst til 17. september 1987“, Alþýðublaðið, 1. október 1987, 3.

„Listin þarf umhverfi“, Vísir, 8. nóvember 1962, 9.

“Listkynning í skólum: Málverkasýning í skólanum að Bifröst. 16 málverk eftir ýmsa málara sýnd“, Alþýðublaðið, 16. apríl 1957, 8.

Loftur Atli Eiríksson, „Menningarvæðing viðskiptalífsins“, Ritið 1, 2010, 59-82.

„Lyfjaris styrkir listina – Pharmaco helsti styrktaraðili Listasafns Íslands“, DV, 14. mars 2002, 8.

Lög um Menningarsjóð, þskj. 736, 40. löggjafarþing, 22. mál. Alþingistiðindi 1928. B umræður um samþykkt

lagafrumvörp með aðalefnisyfirliti

Macdonald, Sharon. „Expanding Museum Studies: An Introduction“, í *A Companion to Museum Studies*, ristj. Sharon Macdonald. Malden, MA: Blackwell, 2006.

Magnús Guðmundsson, „Öll ljós slökkt“, *Fréttablaðið*, 25. febrúar 2017, 26-27.

Magnús Tómasson, „Myndlistarbankar“, *Tímarit Máls og Menningar*, 1. mars 1977, 56-60.

Margrét Elísabet Ólafsdóttir, „Listasafn Íslands og alþjóðlegri samhengi“, *Morgunblaðið*, 23. október 2002, 24.

Marstine, Janet. „Introduction“, í *New Museum Theory and Practice: An Introduction*. Ritstjóri Janet Marstine. Malden, MA: Blackwell, 2006.

Maleuvre, Didier, *Museum Memories: History, Technology, Art*. Stanford: Stanford University Press, 1999.

„Málverkasafn ríkisins“, *Vísir*, 28. ág. 1951, 4.

„Málverkasýning í Bifröst á vegum listkynningar í skólum“, *Þjóðviljinn*, 16. apríl 1957, 12.

„Málþing um málverkið“, *Fréttablaðið*, 14. október 2006, 50.

„Menning og metnaður“, *Morgunblaðið*, 11. ágúst 1999, 28.

Menntamálaráðuneytið, *Menning og menntun: Forsenda framtíðar*, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1996.

„Menntamálaráðuneytið gerir árangursstjórnunarsamninga við ellefu menningarstofnanir“, *Morgunblaðið*, 4. Jan. 2000, 8.

„Menningarsamstarf Íslands og Finnlands“, *Tíminn*, 9. janúar 1992, 6

MEO, „Fyrsta árbók Listasafns Íslands komin út ásamt stóru riti um Jón Stefánsson listmálara“, *Morgunblaðið*, 16. desember 1989, B7.

„Myndasafn“, *Suðri*, 10. júlí 1885, 80.

„Myndir úr Listasafni ríkisins til sýnis“, *Tíminn*, 26. ág. 1951, 1.

„Myndlistarsýningin í Þjóðminjasafninu“, *Alþýðublaðið*, 30. nóvember 1950, 4.

„Náttúran frá öllum hlíðum“, *Fréttablaðið*, 20. júlí 2007, 27.

Niels Hafstein, „Listasafn Íslands: Hugleiðingar í tilefni 90 ára afmælis á þessu ári“, *Þjóðviljinn*, 9. nóvember 1975, 9.

„Norræni menningarmálasjóðurinn: Um 50 milljónum króna úthlutað“, *Morgunblaðið*, 12. mars 1995, 14.

„Ný aðföng í Listasafni Íslands“, *Dagur*, 16. Janúar 1998, 21.

„Ný aðföng í Listasafni Íslands“, *Morgunblaðið*, 4. febrúar 1994, 11.

„Nýjar myndir í Listasafni“, *Alþýðublaðið*, 23. október 1964, 16 og 4.

„Nýlista safnið tíu ára: Sýning í Listasafni og Nýlistasafni“, *Morgunblaðið*, 14. október 1988, 14-15.

„Nýtt húsnæði Listasafns Íslands: Laus á húsnæðisvanda“, *Fréttablaðið*, 4. júlí 2001, 18.

O'Doherty, Brian, *Inside the White Cube: The Ideology of the Gallery Space*. Berkeley and Los Angeles, California: University of California Press, 1986.

Ólafur Engilbertsson, „Orka og viddir“, *DV*, 12. júní 1993, 17.

Ólg, „Nýtt listasafn rís í gömlu Herðubreið“, *Þjóðviljinn*, 18. febrúar 1987, 8-9.

Páll Baldvin Baldvinsson, „Svört skýrsla menntamálaráðherra um safnamál vekur spurningar: Stór söfn og lítil þurfá geymslur“, *Fréttablaðið*, 30. desember 2006, 12.

Páll Baldvin Baldvinsson, „Það á að gera þetta með stæl“, *Fréttablaðið*, 18. nóvember 2007, 12-13.

„Pharmaco og Listasafn Íslands gera samstarfssamning“, *Morgunblaðið*, 12. mars 2002, 29.

„Rafrænn gagnagrunnur um listaverkakeign Listasafns Íslands opnaður: Menningararfur aðgengilegur“, *Morgunblaðið*, 14. desember 2006, 19.

Ragna Sigurðardóttir, „Hvað er áhugaverð samtímalist?“, *Morgunblaðið*, 20. febrúar 2003, 22.

Ragna Sigurðardóttir, „Litróf hjartans“, *Morgunblaðið*, 12. maí 2007, 30.

„Reykjavíkurbreif“, *Morgunblaðið*, 2. mars 1947, 9.

R.J., „Úlfabýtur að engu tilefni“, *Helgafell*, 1. nóvember 1954, 55-56.

RV, „Helene Schjerfbeck“, *Vera*, 1. okt. 1992, 36-37.

SA, „Að skapa hinn virka áhorfanda“, *DV*, 20. september 1999, 18.

SA, „Þrír stórvíðburðir í Listasafni Íslands á morgun: Scheving, gagnagrunnur og netstofa“, *DV*, 26. október 2001, 32.

„Safnaleiðsögn á veraldarvefnum“, *Fréttablaðið*, 28. júlí 2008, 19.

„Samson styrkir Listasafn Íslands: Fella niður aðgangseyri að Listasafni Íslands“, *Friðlys verslun*, 1. febrúar 2006, 14.

„Samstarfssamningar undirritaðir á Listasafninu á Akureyri: Sýning á úrvali verka í eigu safnsins opnuð“,

Morgunblaðið, 24. október 1998, 19.

Sáf, „Listasafn Íslands: Áætlanir hveilsprungnar“, Þjóðviljinn, 1. október 1987, 1.

Sáf, „Listasafn Íslands: Kostnaður úr böndunum“, Þjóðviljinn, 30. september 1987, 1.

S.dór, „Listasafn Íslands kaupir málverk eftir Svavar Guðnason“, DV, 24. febrúar 1989, 48.

S.dór., „Málverkið Gullfjöll eftir Svavar Guðnason: Metið á 600 þúsund en keypt á 3,3 milljónir“, DV, 25. febrúar 1989, 64.

Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins. Reykjavík: Listasafn Íslands, 1985.

Selma Jónsdóttir, „Próun íslenzkrar myndlistar í 50 ár“, Vísir, 14. desember 1960, 25-28.

SG, „Listasafn Íslands: Framkvæmdir fyrir 245 milljónir að hefjast“, Alþýðublaðið, 7. ágúst 1976, 3.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, „Myndlistarheimurinn skelfur“, Helgarpósturinn, 20. ágúst 1987, 4-5.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Heiða Björk Árnadóttir, „Menningarstefna og fagurfræði“, Þjóðarspegil: Rannsóknir í félagsvísindum XI. Ritstjórar Helga Ólafs og Hulda Proppé. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2010.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir, „Sigurður Guðmundsson og stofnun Forngrípasafnsins“, Málarrinn og menningarskópun: Sigurður Guðmundsson og Kvöldfélagið 1858-1874. Ritstjórar Karl Aspelund og Terry Gunnell. Reykjavík: Opna og Þjóðminjasafn Íslands, 2017.

„Síminn styrkir Listasafn Íslands“, Morgunblaðið, 9. febrúar 2001, 29.

„Skipta á Glaumbæ og Austurstræti 12“, Morgunblaðið, 7. júní 1972, 32 og 31

„Skylda að geyma og varðveita véðeólíst“, Fréttablaðið, 13. febrúar 2014, 42.

„Smáauglýsingar – Tilkynningar“, DV, 3. desember 1997, 72.

„Spurðu myndlistarnemann“, Morgunblaðið, 6. febrúar 2004, 28.

StB, „Sveiflukenndur listmarkaður“, DV, 22. mars 1989, 60-61.

Steingrímur Sigurðsson, „Evrópusýning íslenzkrar myndlistar“, Líf og list, 7. desember 1950, 3-1.

„Stofna nýtt listasafn, NÝLISTASAFNID“, Dagblaðið, 24. janúar 1978, 4.

„Stóraukin aðsókn að Listasafni Íslands“, Morgunblaðið, 9. september 2006, 21.

„Stóru listasófinn fá tæplega 40 milljónir til kaupa í ár“, Morgunblaðið, 8. október 2008, 28.

Súsanna Svavarsdóttir, „Þrjár sólar á lofti“, Lesbók Morgunblaðsins, 15. febrúar 2003, 16.

Svavar Hávarðsson, „Kjarval í kjallaraholunni“, Fréttablaðið, 2. janúar 2007, 20.

Sveinn Björnsson, „Nýju fötin keisarans: Dót og drasl“, Morgunblaðið, 27. nóvember 1993, 12.

„Sýning á verkum Louise Bourgeois“, Morgunblaðið, 26. maí 2011, 34.

„Sýningar“, Dagblaðið, 27. ágúst 1976, 17.

„Sýningar“, Helgarpósturinn, 22. nóvember 1984, 14.

„Sýningin íslensk poplist“ framlengd.“ Vísir, 12. mars 1976, 10.

„Sýningin Ný aðföng framlengd“, Morgunblaðið, 11. apríl 1997.

Tinna Grétarsdóttir, Ásmundur Ásmundsson og Hannes Lárusson, „The cultural worker“, Þjóðarspegil: Ráðstefna í félagsvísindum, XII. Ritstjórar Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011.

Tinna Grétarsdóttir, Ásmundur Ásmundsson og Hannes Lárusson, „Creativity and Crisis“. Í Gambling Debt: Iceland's rise and fall in the global economy. Ritstjórar E. Paul Durrenberger og Gisli Pálsson. Boulder: University Press of Colorado, 2015.

TPF, „Ný forusta í Listasafni Íslands“, Blaðið, 23. febrúar 2007, 21.

„Tveir aðalsmenn“, Alþýðublaðið, 17. apríl 1959, 4.

„Um helgina“, Þjóðviljinn, 16. mars 1990, 26.

Una Sighvatsdóttir, „Aftur í Þjóðareigu“, Morgunblaðið, 27. febrúar 2010, 6.

Úlfar Þormóðsson, „Opíð bréf til frú Beru“, Morgunblaðið, 4. ág. 1993, 20.

„Úr söllum Listasafns Íslands: Sjálfmynd eftir Jón Stefánsson“, Morgunblaðið, 27. ágúst 1988, 2B.

Valtýr Pétursson, „Franskar ljósmyndir“, Morgunblaðið, 4. desember 1984, 20.

Valtýr Pétursson, „Syrpa um sýningar“, Morgunblaðið, 11. nóvember 1964, 17.

Valtýr Pétursson, „Sýning Nýja Myndlistarfélagsins“, Morgunblaðið, 5. nóvember 1954, 9 og 12.

Valtýr Pétursson, „Yfirlitssýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur“, Morgunblaðið, 1. október 1957, 6.

„Veggfóður Kjarvals: Listasafnið skipti sér ekki af málverkunum í 10-12 ár“, Ný Vikutiðindi, 18. október 1974, 1 og 7.

„Hvernig er fé almenning varið?“, Morgunblaðið, 15. október 1993, 45.

„Athugasemd frá Listasafni Íslands“, Morgunblaðið, 4. nóvember 1993, 43.

Vergo, Peter, „Introduction“. Í *The New Museology*. Ritstjóri Peter Vergo. London: Reaktion, 1989.

„Verk Olle Bærtlings í Listasafni Íslands“, Morgunblaðið, 24. febrúar 1995, 20.

„Viðfangsefni Menningarsjóðs“, Þjóðviljinn, 18. maí 1957, 7 og 10-11.

Vilmundur Gylfason, „Að hafa ekki riðið hrossum Sigurbjörns – eða harmsaga Listasafnsins“, Dagblaðið, 15. október 1976, 10-11.

„Vikverji skrifar ...“, Morgunblaðið, 7. júlí 1999, 46.

„Yfirlitssýningu Hreins að ljúka“, Morgunblaðið, 19. mars 1993, 11.

„Þjóðarhjartað í skafrenningnum“, Fréttablaðið, 20. febrúar 2003, 21.

„Þjóðminjasafn þarf aukid geymslurými“, Fréttablaðið, 28. des. 2006, 10.

PK. „Heimsókn í Listasafn Íslands: Sýningar og aðrir listviðburðir árið um kring“, DV, 3. apríl 1996, 30.

Þóra Þórisdóttir, „Frír aðgangur og aukin fræðsla“, Morgunblaðið, 7. apríl 2006, 53.

Þóra Þórisdóttir, „Hlutbundið raunsæi og óhlutbundin frásögn“, Lesbók Morgunblaðsins, 8. október 2005, 15.

Þóra Þórisdóttir, „Listasagan máluð eftir munstri“, Lesbók Morgunblaðsins, 4. nóvember 2006, 15.

Þóra Þórisdóttir, „Mótun listasögunnar, einsýni, geðþótti og valdbeiting“, Morgunblaðið, 5. september 2005, 16.

Þórunn Þórsdóttir, „Frumkraftar: Orka og viddir á sýningunni Borealis 6 í Listasafni Íslands“, Morgunblaðið, 8. maí 1993, B1-B2.

Þráinn, „Fáein orð um Listasafn ríkisins: Niðursuðudós utan um íslenska myndlist“, Vísir, 5. júlí 1968, 6 og 13.

„Þrjú hundruð verk mikilvæg þjóðararfi“, Fréttablaðið, 26. október 2009, 2.

„Þyngdar sinnar virði í gulli“, Morgunblaðið, 8. maí 2004, 6.

Æsa Sigurjónsdóttir, „Nýr sjónheimur.“ Í *Íslensk listasaga frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar*, II bindi, Þjóðerni, náttúra og raunveruleiki. Ritstjóri Ólafur Kvaran. Reykjavík: Forlagið og Listasafn Íslands, 2011.

„Önnur Laugardagsstefna ársins haldin í Listasafni Íslands“, Morgunblaðið, 16. apríl 2004, 29.

„5500 heimsóttu Listasafn ríkisins síðastliðið ár“, Morgunblaðið, 28. apríl 1957, 4.

„60-70 íslensk listaverk sýnd í Brüssel“, Tíminn, 21. október 1951, 1.

#### Vefheimildir

„Digitising Contemporary Art“, Europeana, 9. sept. 2014. Sótt 06.09.2018 af: <https://pro.europeana.eu/project/dca>.

Fjárlög fyrir árið 2012 (Afgreidd frá Alþingi 7. desember 2011). Sótt 01.05.2017 af: <https://www.althingi.is/altxt/140/s/0493.html>.

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 55 14. júní 1929, um breyting á þeim lögum, þskj. 313, 50. löggjafarþing 1936, 93. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/50/s/pdf/0313.pdf>. [Sótt á vefinn 12.05.2017].

Frv. til laga um byggingarsjóð Listasafns Íslands, þskj. 373, 78. löggjafarþing 1958-59, 145. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/78/s/pdf/0373.pdf>. [Sótt á vefinn 13.05.2017].

Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 11, 89. löggjafarþing 1968-69, 11. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/89/s/pdf/0011.pdf>. [Sótt á vefinn 15.05.2017].

Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 254, 78. löggjafarþing 1958-59, 109. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/78/s/pdf/0254.pdf>. [Sótt á vefinn 12.05.2017].

Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 381, 89. löggjafarþing 1968-69, 11. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/89/s/pdf/0381.pdf>. [Sótt á vefinn 15.05.2017].

Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 464, 81. löggjafarþing 1960-61, 41. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/81/s/pdf/0464.pdf>. [Sótt á vefinn 14.05.2017].

Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 796, 110. löggjafarþing 1987-88, 446. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/110/s/pdf/0796.pdf>. [Sótt á vefinn 14.05.2017].

Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 979, 110. löggjafarþing 1987-88, 446. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/110/s/pdf/0979.pdf>. [Sótt á vefinn 14.05.2017].

Frv. til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, þskj. 107, 136. löggjafarþing 2008-2009, 100. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/136/s/0107.html>. [Sótt á vefinn 20.06.2017].

Fyrirspurn til menntamálaráðherra um listaverkakaup Listasafns Íslands, Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni, þskj. 862, 122. löggjafarþing 1997-98, 502. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/>

altext/122/s/0862.html. [Sótt á vefinn 11.06.2017]

Halldór Björn Runólfsson, Umsögn um frumvarp til myndlistarlaga (Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012). sbr. þingskjal 713 – 476. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/erindi/140/140-1184.pdf>. [Sótt á vefinn 20.06.2017].

„Hvað er safnaráð?“ Safnaráð. Sótt 06.06.2017 af: <https://safnarad.is/um-safnarad/hvad-er-safnarad/>

„Lidnar sýningar.“ Listasafn Íslands. Sótt 20.06.2017 af <http://www listasafn.is/syningar/lidnar-syningar/>.

Lög um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 55 14. júní 1929, um breyting á þeim lögum, þskj. 421, 50. löggjafarþing 1936, 93. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/50/s/pdf/0421.pdf>. [Sótt á vefinn 12.05.2017].

Lög um byggingarsjóð Listasafns Íslands, þskj. 540, 78. löggjafarþing 1958-59, 145. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/78/s/pdf/0540.pdf>. [Sótt á vefinn 12.05.2017].

Lög um Listasafn Íslands, þskj. 399, 89. löggjafarþing 1968-69, 11. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/89/s/pdf/0399.pdf>. [Sótt á vefinn 17.05.2017].

Lög um Listasafn Íslands, þskj. 576, 81. löggjafarþing 1960-61, 41. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/81/s/pdf/0576.pdf>. [Sótt á vefinn 14.05.2017].

Lög um Listasafn Íslands, þskj. 1123, 110. löggjafarþing 1987-88, 446. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/1123.pdf>. [Sótt á vefinn 17.05.2017].

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason), Umræða í þingsal um listaverkakaup Listasafns Íslands, 11. mars 1998, 84. fundur, 122. Löggjafarþing 1997-98, 502. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/122/03/r/1153337.sgml>. [Sótt 20.06.2017].

Myndlistarlög, þskj. 1501, 140. löggjafarþing 2011-12, 476. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/140/s/1501.html>. [Sótt 21.06.2017].

Safnalög, nr. 106, 2001, þskj. 1491, 126. löggjafarþing 224. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/126/s/1491.html>. [Sótt á vefinn 21.06.2017].

„Safneignin.“ Listasafn Íslands. Sótt 21.06.2017 af: <http://www listasafn.is/safneign/>.

Tillaga til þingsályktunar um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna, þskj. 109, 136. Löggjafarþing 2008-2009, 102. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/136/s/0109.html>. [Sótt 22.06.2017].

Tillaga til þingsályktunar um húsrúm fyrir listaverk landsins, þskj. 499, 41. löggjafarþing 1929, 136. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/41/s/pdf/0499.pdf>. [Sótt á vefinn 10.05.2017].

Tillaga til þingsályktunar um listfræðilegt mat á listaverkasöfnum banka, þskj. 918, 136. löggjafarþing 2008-2009, 470. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/136/s/0918.html>. [Sótt 20.06.2017].

## Neðanmálgreinar

1 Sjá: Selma Jónsdóttir, „Ágrip af sögu safnsins“, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 7. Björn lagði jafnframt grunn að Náttúrugripasafni Íslands, ásamt Stefáni Stefánssyni skólameistara á Akureyri, með söfnun náttúruminja í Kaupmannahöfn. Aðeins einn árgangur af mánaðarriti hans, Heimdalli, kom út, en þann 3. janúar 1885 kom út fyrsta tölublað nýs dansks vikublaðs sem Björn hafði þá komið á fót, undir heitinu Vort hjem. Því ritstýrði Björn einungis í hálf ár, þegar eigandaskipti urðu og nýr ritstjóri tók við. Eftir heimkomu til Íslands sinni Björn sýslumannsstörfum og sat á þingi fyrir Heimastjórnarflokkinn á árunum 1901-1907. Siðustu árunum varði hann í Sauðafelli í Dalasýslu og var hans ekki síst minnst sem búaðarfrómuðs þegar hann lést árið 1918. Sjá: Bolli Gústavsson, „Að lyfta landsins menning“, 1984, 16-19; Einar Helgason, „Björn Bjarnarson f.v. sýslumaður“, 1918, 250-251. Svo virðist sem önnur viðfangsefni hafi fangað hug Björns fljótlega eftir stofnun Listasafns Íslands og hann hafi ekki fylgt stofnun þess eftir af mikilli athygli. Til að mynda kemur fram í bréfi sem Alexander W. Mogensen, konunglegur rammasmíður í Kaupmannahöfn, skrifaði 2. júní 1987 og stílaði á „Islands Museum for Kunst“, að Mogensen hafi aðstoðað Björn við úttegun nokkurra málverka í safnið, en að Björn hafi síðan hætt samskiptum við hann. Þýðst Mogensen til þess að vinna áfram að söfnun gjafa í safnið erlendis án samráðs við Björn, ef hann fái til þess umboð frá stjórn safnsins. Bréfaskipti varðandi listasafnið höfðu frá stofnun þess farið beint til landshöfðingjaembættisins, en var eftir 1896 vísað til Alþingis. Engar erlendar gjafir bárust safninu eftir þann tíma og þó að bréf Mogensen hafi verið fært til bókar á Alþingi var því aldrei svarað. Sjá: Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1885, 9.

2 Í yfirlitsriti yfir sögu Listasafns Íslands sem út kom 1985, í tilefni af aldarafmæli safnsins ári fyrir, segir frá því að verk Sigurðar málara hafi verið afhent Matthíasi Þórðarsyni, þáverandi þjóðminjavörði og að hann hafi skráð verkið í Mannamyndasafn Þjóðminjasafns Íslands árið 1911, þar sem hún er enn. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1885, 7-18.

3 „Myndasafn“, 1885, 80.

4 Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Edda Björnsdóttir, „Sigurður Guðmundsson og stofnun Forngripasafnsins“, 2017

5 Helgi Sigurðsson, prestur á Melum, arfleiddi til að mynda safnið að þremur olíumálverkum og fjórutú

teikningum eftir sjálfan sig og bættust þau í safnið eftir andlát hans árið 1888. Ári síðar gaf Thorvaldsensafnið í Kaupmannahöfn safninu sextíu og sex grafísk verk, þar á meðal átta verk eftir Thorvaldsen sjálfan. Edvald J. Johnsen lækur ánaðnaði safninu einnig tutugu og átta olíumálverk og vatnslitamyndir sem hann hafði safnað í Kaupmannahöfn, þar sem hann starfaði frá árinu 1870 til dauðadags árið 1893 og barst sú gjöf safninu árið 1895. Árið 1902 gaf Ditlev Thomsen kaupmaður safninu Útilegumann Einaris Jónssonar. Nokkru síðar, árið 1910 gáfu „nokkrir menn í Reykjavík“ safninu verkið Áning eftir Þórarinn B. Þorláksson. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 9.

6 Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 9-10.

7 Undir stjórn Matthíasar var safneignin skráð í fyrsta sinn síðan árið 1887. Auk þess tók Matthías upp á því að eigin frumkvæði og í óleyfi yfirvalda að breyta innra skipulagi safnsins. Samkvæmt bréfi Stjórnarráðs Íslands frá 1916 þar sem Þjóðminjaverði er fallin umsjá með safninu skyldi það skiptast í málverka- og höggmyndasafn, en árið 1916 bætti Matthías við Ljósmynda- og prentmyndasafni og Listiðnaðarsafni árið 1918. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 10-11.

8 Jafnframt var kveðið á um að ef tekjur færu fram úr meðallagi skyldi afgangur af þessum þriðjungi lagður í húsbýggingarsjóð sem ávaxtaður yrði í Landsbankanum, uns hægt yrði að reisa hús yfir safnið. Tekjur Menningarsjóðs voru fengnar af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfni og voru þær mjög ótryggar fyrstu ár svo að sum ár féllu inkaup til listasafnsins niður að mestu. Árið 1936 voru sjóðnum hins vegar tryggðar 50 þúsund krónur árlega og kveðið svo á um að hann fengi árlega hluta af óskiptum rekstrarhagnaði Áfengisverslunar ríkisins. Lög um Menningarsjóð, þskj. 736, 40. löggjafarþing, 22. mál. Alþingistiðindi 1928. B umræður um samþykkt lagafrumvörp með aðalefnisyrirliti; Lög um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 55 14. júní 1929, um breyting á þeim lögum, þskj. 421, 50. löggjafarþing 1936, 93. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/50/s/pdf/0421.pdf>; Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 55 14. júní 1929, um breyting á þeim lögum, þskj. 313, 50. löggjafarþing 1936, 93. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/50/s/pdf/0313.pdf>; Jónas Jónsson, „Áfmæli Menningarsjóðs“, 1938, 1 og 3.

9 Tilraun formannsins til afskipta af innihaldi og gerð listaverka birtist ekki einungis í ákvörðunum um fjárveitingar. Árið 1938 lýsti hann því t.a.m. yfir í grein sem birtist í Nýja dagblaðinu að Menntamálaráð hefði gert „tilraun til að fá listamennina til að snúa sér að mannmyndum meir en aður var tit“ með því að veita fé til gerðar andlitsmynda af forsetum Alþingis. Jónas Jónsson, „Um framkvæmd og stórf Menntamálaráðs“, 1938, 3-4.

10 Í grein sem birtist í Vísí vorið 1942 lýsti Jóhann Briem listmálari vinnubrögðum formannsins sem svo: „Undanfarin ár hefur J.J. ekki fundið ástæðu til þess að verja nema 3-4 klukkustundum á ári til þess skyldustarfs síns að kynna sér íslenska myndlist, og eru þessar klukkustundir venjulega teknar af dimmasta mánuði ársins. Hefur hann þá, ásamt fylgdarliði, heimsótt flesta listamenn bæjarins, dvalið 5-10 mínútur hjá hverjum og skoðað verk þeirra við ófullkomið rafljós – eða í myrkri. Á þennan hátt eru þau listaverk valin, sem keypt eru fyrir fé Menningarsjóðs og ári síðan að mynda Listasafn ríkisins.“ Jóhann Briem, „Mitt eigið hús“, 1942, 2.

11 Ása Sigurjónsdóttir, „Nýr sjónheimur“, 2011, 8-17; Kristinn E. Andrésson, „Alþingi gagnvart bókmenntum og listum“, 1943, 5-12.

12 Selma Jónsdóttir greinir frá því að það hafi að nokkru leyti verið fyrir tilstuðlan íslenskra listamanna að samþykkt var að byggja yfir Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn ríkisins, en í ályktun listamannaþings 1942 var áskorun til Alþingis um að láta reisa hús yfir Listasafn ríkisins. Í kjölfar þess að ónafngreindur maður tilkynnti Félagi íslenskra myndlistarmanna að hann myndi leggja fram 15.000 kr. til að láta fara fram samkeppni um teikningu að húsi fyrir safnið bað FIM Matthías Þórðarson, þáverandi umsjónarmann Listasafns ríkisins, um að senda bæjarráði Reykjavíkur umsögn um lóðarbeiðni sem félagið hafði sent bæjarráði. Eins og Selma greinir frá sá Matthías „sér leik á borði að fá nú einnig byggt yfir Þjóðminjasafnið og hóf af sínum alkunna dugnaði bréfaskipti og viðræður við ráðamenn [...]“ Bað háskólaráð lóð undir Þjóðminjasafnsbyggingu á háskólalóðinni. Af máli Selmu að dæma má ráða að upphaflega hafi Listasafni ríkisins verið ætluð sérbygging á lóðinni, en að lokum ákveðið að safnið fengi efri hæð byggingarinnar, „þar sem lóð sú, sem úthlutað hafði verið, reyndist ekki nægilega stór til að þar yrði byggt sérstakt hús fyrir Listasafnið.“ Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 16.

13 Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 13.

14 Hjörleifur Sigurðsson, „Hjörleifur Sigurðsson ræðir við dr. Selmu Jónsdóttur listfræðing um: Listasafn ríkisins“, 1960, 16-17.

15 Bohrer, „Photographic Perspectives: Photography and the Institutional Pformation of Art History“, 2002.

16 Jó., „Safnið á að sýna þróun íslenskrar myndlistar“, 1957, 7-8.

17 „Hannes á horninu“, 1950, 4; „Vikverji skrifar: Úr daglega lífinu“, 1950, 8; „Myndlstarsýningin í Þjóðminjasafninu“, 1950, 4; Steingrímur Sigurðsson, „Evrópusýning íslenskrar myndlistar“, 1950, 3-1.

18 Á opunarárinu sendi Listiðnaðarsafnið í Osló Listasafni Íslands 51 teikningu og svartlitamyndir eftir 35 norræna menn, þar af 3 myndir eftir norska listmálarann Edvard Munch, sem bættust við þær 15 svartlitamyndir eftir Munch sem safninu hafði verið gefið af Christian Gierloff árið 1947. „Listasafn ríkisins gefin norsk listaverk“, 1951, 8.

19 „Myndir úr Listasafni ríkisins til sýnis“, 1951, 1; „Listasafn ríkisins“, 1951, 4; „Listasafn ríkisins opnað í gar í húsakynnum Þjóðminjasafnsins“, 1951, 2; „Málverkasafn ríkisins“, 1951, 4; „Áfanga náð í íslenskrri menningarsögu: Listasafn ríkisins opnað í Þjóðminjasafnshúsinu nýja“, 1951, 1.

- 20 Auk yfirlitssýningarinnar á íslenskr myndlist sem haldin var í Osló 1951 var íslensk myndlist kynnt í Brussel árið 1952, í Danmörku 1954 og árið 1959 opnaði sýning á íslenskr myndlist í Sovétríkjunum og Póllandi. Á sjötta áratug síðustu aldar voru fengnar til Listasafns Íslands sýningar á myndlist frá Noregi, Sovétríkjunum, Bandaríkjunum og Póllandi. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 223-224.
- 21 R.J., „Úlfabytur að engu tilefni“, 1954, 55-56; Valtýr Pétursson, „Sýning Nýja Myndlistarfélagins“, 1954 og 12; Jón Stefánsson, „Sýning Nýja myndlistarfél. í Listasafninu“, 1954, 2; Gunnlaugur Þórðarson, „Sýning Nýja myndlistarfélagins“, 1954, 4 og 7; Gunnlaugur Þórðarson, „Bréf: Árétting við athugasemd“, 1954, 6.
- 22 Jafnframt vísaði Jón til skorts á sýningarhúsnæði í borginni en varið áður hafði Bjarni Benediktsson menntamálaráðherra hótað að láta rífa Listamannaskálan við Austurvöll vegna hugmynda Félags íslenskra myndlistarmanna um að lána skálan undir kosningaskrifstofu Sósíalaflokksins. Jón Stefánsson, „Sýning Nýja myndlistarfél. í Listasafninu“, 1954, 2; Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Formbylting“, 2011, 103-107.
- 23 „Listasafn ríkisins lokað í 20 daga“, 1952, 8; „Listasafn ríkisins opnað á ný“, 1954, 1; „Listasafn ríkisins opnað í dag“, 1954, 12; „Listasafn ríkisins opnað að nýju í dag“, 1956, 12.
- 24 Fyrst um sinn var safnið opið í tvær klukkustundir á virkum dögum, kl. 1-3 e.h., en í þrjár klukkustundir á sunnudögum, kl. 1-4 e.h. „Listasafn ríkisins opnað í gær í húskynnum Þjóðminjasafnsins“, 1951, 2. Árið 1954 var opnunartíma safnsins breytt og var það þá opið þriðjudaga, fimtudaga og laugardaga kl. 1-3 e.h. en kl. 1-4 e.h. á sunnudögum. „Listasafn ríkisins opnar aftur í dag“, 1954, 16. Yfirlit yfir sýningar safnsins á fyrstu árum þess má finna í: Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 223-224.
- 25 „Listkyrning í skólum: Málverkasýning í skólanum að Bifröst. 16 málverk eftir ýmsa málara sýnd“, 1957, 8; „Málverkasýning í Bifröst á vegum listkyrningar í skólum“, 1957, 12.
- 26 Jónas Jónsson frá Hriflu, „Tillögur um listasafn ríkisins“, 1959, 4.
- 27 Samkvæmt skrá í afmælisriti safnsins frá 1984 voru eitthundrað tuttugu og níu verk keypt til safnsins á fimmta áratugnum en eitthundrað fimmtíu og fimm á þeim sjötta. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 161-224. Árið 1963 greindi Gylfi P. Gíslason, menntamálaráðherra, frá því að á árunum 1940-1950 hefði sú upphæð sem varið var árlega til listaverkakaupa verið 30.562 kr. að meðaltali, en á árunum 1950-1957 hefði hún verið 146.294 kr. að meðaltali. Gylfi P. Gíslason, „Gylfi P. Gíslason skrifar um Listasafn Íslands“, 1963, 4.
- 28 „Listaverk Guðmundar ‘Muggs’ Thorsteinssonar sýnd hér“, 1958, 8 og 5; „Höfðingleg og kærkomin gjöf dansks prófessors“, 1958, 12.
- 29 Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 14.
- 30 „Listasafn ríkisins eignast þrjár nýjar myndir“, 1958, 20.
- 31 Hörleifur Sigurðsson, „Hörleifur Sigurðsson ræðir við dr. Selmu Jónsdóttur listfræðing um: Listasafn ríkisins“, 1960, 16-17.
- 32 „Viðfangsefni Menningarsjóðs“, 1957, 7 og 10-11.
- 33 Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 254, 78. lögjafarþing 1958-59, 109. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/78/s/pdf/0254.pdf>.
- 34 Selma Jónsdóttir, „Dröun íslenzkrar myndlistar í 50 ár“, 1960, 25-28.
- 35 Lög um Listasafn Íslands, þskj. 576, 81. lögjafarþing 1960-61, 41. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/81/s/pdf/0576.pdf>; Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 464, 81. lögjafarþing 1960-61, 41. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/81/s/pdf/0464.pdf>.
- 36 Fram til þessa höfðu innkaup til safnsins formlega verið í höndum Menntamálaráðs, en í ágripi af sögu safnsins frá 1985 segir Selma frá því að eftir 1950 hafi hún og málarafrnr Gunnlaugur Scheving, Jón Þorleifsson og Þorvaldur Skúlason oft verið „höfð með í ráðum um val listaverka.“ Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 13.
- 37 Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 464, 81. lögjafarþing 1960-61, 41. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/81/s/pdf/0464.pdf>.
- 38 Finnur Jónsson, „Bréf sent Mbl.: Kosning í safnráð“, 1961, 15.
- 39 Finnur nefndi sérstaklega Nínu Sæmundsson, Júlíönu Sveinsdóttur, Jóhannes Geirsson, Svein Björnsson og Ásgerði Búadóttur. Ibid.
- 40 Ibid.
- 41 Árið 1953 var Valtýr Pétursson ráðinn listgagnrýnandi Morgunblaðsins. Ári síðar var Svavar Guðnason kosinn formaður Félags íslenskra myndlistarmanna og Íslandsdeildar Norræna listbandalagsins. Valtýr Pétursson var kosinn gjaldkeri og Hörleifur Sigurðsson ritari. Olli kosningin klofningi meðal myndlistarmanna með myndun tveggja nýrra félagasamtaka; Nýja myndlistarfélagins og Félags óháðra myndlistarmanna. Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Formbylting“, 2011, 103-105.
- 42 Selma Jónsdóttir greindi frá því í yfirliti um sögu safnsins frá 1985 að vegna skorts á starfsfólki hefði verið ógerlegt að reka stofnunina fyrstu sautján árin ef ekki hefði komið til „mikið og óeigingjarn starf listamannanna Gunnlaugs Schevings, Jóns Þorleifssonar, Sigurjóns Ólafssonar, Svavars Guðnasonar og Þorvalds Skúlasonar.“ Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985,



- 7-18. Blaðagreinar um starfsemi safnsins á sjötta áratugnum greindu reglulega frá því að þessir listamenn hefðu aðstoðað umsjónarmanninn eða séð einir um val á verkum á sýningar sem og uppsetningu verka. Sjá t.a.m.: „Listasafn ríkisins opnað í gær í húsakynnum Þjóðminjasafnsins“ 1951, 2; „60-70 Íslenzk listaverk sýnd í Brüssel“ 1951, 1; „Málverkasýning í Bifröst á vegum listkynningar í skólum“, 1957, 12; Valtýr Pétursson, „Yfirlitssýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur“, 1957, 6.
- 43 Á sjöunda áratugnum keypti Listasafn Íslands fjögur eða fleiri verk af eftirfarandi listamönnum: Braga Ásgeirssyni, Einari Hákonarsyni, Guðmundu Andrésdóttur, Gunnlaugi Scheving, Hafstein Austmann, Herði Ágústssyni, Jóhanni Briem, Jóhannesi Jóhannessyni, Jóhannesi S. Kjarval, Jóni Engilberts, Jóni Stefánssyni, Júlíönu Sveinsdóttur, Karli Kvaran, Kristjáni Davíðssyni, Nínu Tryggvadóttur, Sigurjóni Ólafssyni, Snorra Arinbjarnar, Svavari Guðnassyni, Valtý Péturssyni og Þorvaldi Skúlasyri. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 161-208.
- 44 Ekki voru allir á eitt sáttir með þessa niðurskipan. Jónas Jónsson frá Hríflu kvartaði undan yfiringangri „klessumálara“ og lýsti listasafninu sem „heimili og verkstæði og atvinnuvon manna sem eru svo frumstæðir að þekkingu og smekk að landinu og þjóðinni allri verður stórminnkun og álitsnekkir að starfrækslu og innihaldi þessa fyrirtækis.“ Jónas Jónsson, „Skipulag íslenzkra listasafna“, 1961, 4 og 7.
- 45 Selma Jónsdóttir stundaði nám í listfræðum við háskólann í Berkeley í Kaliforníu og lauk B.A. prófi í listasögu frá Columbia-háskóla í New York árið 1944. Hún stundaði framhaldsnám í listasögu við sama skóla og einnig við the Warburg Institute í London og lauk meistaraþrúfsgráðu frá Columbia-háskóla árið 1949. Árið 1960 varð hún fyrsta konan til þess að ljúka doktorsprófi við Háskóla Íslands. Meðal kennara Selmu við Columbia-háskóla var hinn þekkti litháfíski listfræðingur Meyer Schapiro, sem þekktur var fyrir þverfaglega nálgun sína á listasögu og áherslu sína á samfélagslegan grundvöll og skilyrði myndlistar. „Býzönsk dómsdagsmynd í Flatatungu. Fyrsta doktorsritgerð konu við Háskóla Íslands“, 1960, 35-37.
- 46 Helgi Sæmundsson, „Listasafnið og myndlistin“, 1963, 7 og 10.
- 47 Voru það sextíu og eitt málverk og fjórar höggmyndir, auk einnar myndar í eir eftir Ásmund Sveinsson. Jafnframt fimm olíumálverk eftir erlenda listamenn, en samkvæmt nýjum lögum bar safnráði skylda til að verja 10% þeirrar upphæðar sem það hafði til umráða til kaupa á erlendum listaverkum. „Nýjar myndir í Listasafni“ 1964, 16 og 4; „Listasafn ríkisins sýnir 70 nýkeypt listaverk“, 1964, 12; Valtýr Pétursson, „Syrpa um sýningar“, 17.
- 48 Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 223-224.
- 49 „Listin þarf umhverfi“, 1962, 9.
- 50 Ný safnafræði (e. New Museology) er hugtak sem kom fyrst fram á níunda áratug síðustu aldar og var formlega kynnt af Peter Vergo í rit safninu The New Museology, sem út kom árið 1989. Í inngangi bar Vergo hina nýju safnafræði saman við þá eldri og komst að þeirri niðurstöðu að sú síðarnefnda hefði „snúist of mikið um aðferðir safna og of lítið um tilgang þeirra.“ Vergo, „Introduction“, 3. Eins og Janet Marstine greinir frá, í kynningarriti um nýja safnafræði sem út kom árið 2006, byggði Vergo og aðrir fræðimenn nýrrar safnafræði sem fylgdu í kjölfarið endurskoðun sína á gagnrýni listamanna á liststofnanir á sjöunda og áttunda áratug tuttugustu aldar, sem og þeirri baráttu fyrir jöfnum, samfélagslegum kjörum kynjanna, kynþátta, stétta og minnihlutahópa, sem slík gagnrýni tengdist. Marstine, „Introduction“, 1-36. Sharon Macdonald nýrrar safnafræði á að áherslur nýrrar safnafræði á afstæði og um leið pólitískt eðli þekkingar – að „merking“ safngrips sé ávallt háð bæði því samhengi sem hann sé settur í innan sýningarrýmisins, í merkingum á sýningum, í safnskrá, í ritum á vegum safnsins o.s.frv. sem og bakgrunni og aðstæðum áhorfandans – tengist endurskoðun fræða á níunda áratugnum á spurningum sem tengjast framsetningu þekkingar. Macdonald, „Expanding Museum Studies: An Introduction“, 2006.
- 51 Lög um Listasafn Íslands, þskj. 399, 89. löggjafarþing 1968-69, 11. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/89/s/pdf/0399.pdf>; Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 381, 89. löggjafarþing 1968-69, 11. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/89/s/pdf/0381.pdf>; Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 11, 89. löggjafarþing 1968-69, 11. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/89/s/pdf/0011.pdf>.
- 52 Niels Hafstein, „Listasafn Íslands: Hugleiðingar í tilefni 90 ára afmælis á þessu ári“, 1975, 9; „Stofna nýtt listasafn, NÝLISTASAFNIÐ“, 1978, 4. Áhugaleysi markaði ekki einungis viðhorf safnsins til ungra íslenskra listamanna. Til að mynda keypti safnið ekkert verk eftir Dieter Roth þrátt fyrir vaxandi viðurkenningu á verkum hans á sjöunda og áttunda áratugnum. Jafnframt greindi Pétur Arason frá því í viðtali við Fréttablaðið 2007 að safnráð hefði á áttunda áratugnum hafnað verkum eftir Richard Long og Donald Judd sem safninu var boðið til kaups eftir sýningar þeirra hérlendis í Gallerí SÚM. Páll Baldvin Baldvinsson, „Það á að gera þetta með stæl“, 2007, 12-13.
- 53 Ólafur Kvaran listfræðingur, sem starfaði sem listráðgjafi safnsins, tók sýninguna saman, en á henni voru m.a. verk eftir Kristján og Sigurð Guðmundssyni, Magnús Pálsson, Sigurjón Jóhannsson, Jón Gunnar Árnason, Braga Ásgeirsson, Jónas Guðmundsson, Hring Jóhannesson og Björgu Þorsteinsdóttur. „Listasafnið poppar – Gunnar Örn í Norræna-húsinu“, 1976, 8; Magnús Tómasson, „Myndlistarþankar“, 1977, 56-60; „Sýningin íslensk poplist“ framlengd“, 1976, 10.
- 54 Á árunum 1960 til 1980 voru keypt til safnsins fimmhundrað og fjögur verk, en þar að auki arfleiddi Gunnlaugur Scheving listamaður safnið að öllum verkum í sinni eigu – samtals fjögurhundrað tuttugu og sex verkum – árið 1972 og 1976 tók safnið við stórrí dánargjöf Karls Kjerúlfis Einarssonar þekktum sem Dunganon. Af því voru áttatíu og fjögur verk eftir listamenn fædda árið 1940 eða síðar. Á þessu tímabili keypti safnið nokkuð af málverkum eftir SÚM-arana Vilhjálm Bergsson og Tryggva Ólafsson sem og nokkur verk eftir

Magnús Tómasson, en eingöngu eitt verk eftir Hrein Friðfinnson, Kristján Guðmundsson, Jón Gunnar Árnason og Magnús Pálsson. Auk þess, einungis eitt málverk eftir Erró. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 161-208.

55 Árið 1957 var haldin yfirlitssýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur og árið 1974 á verkum Nínu Tryggvadóttur. Fram til ársins 1975 höfðu hins vegar verið haldnar ellefu yfirlitssýningar tileinkaðar íslenskum myndlistarmönnum. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 223-224.

56 Þann 16. mars 1978 greindi Morgunblaðið frá því að Listasafn Íslands hefði í fyrsta sinn keypt ljósmyndir fyrir safnið af sýningunni LJÓS á Kjarvalsstöðum. Segir frá því að verk eftir Kaldal, Kjartan B. Kristjánsson, Gunnar S. Guðmundsson og Pjetur P. Maack hafi verið keypt. „Listasafn Íslands kaupir ljósmyndir“ 1978, 11. Í verkaskrá sem fylgdi eitt hundrað ára afmælisriti safnsins eru hins vegar einungis skráðar ein ljósmynd eftir Gunnar S. Guðmundsson, keypt 1980, og ein eftir Kjartan B. Kristjánsson, keypt 1980. Auk þess eru skráðar í eigu safnsins ljósmyndir eftir Kristín G. Harðarson keyptar 1979. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 161-208. Árið 1983 voru ljósmyndir eftir Bandaríkjamanninn David Finn af höggmyndum Ásmundar Sveinssonar, Einars Jónssonar og Sigurjóns Ólafssonar sýndar samhlíða höggmyndum þessara listamanna. Ári síðar var opnuð í safninu farandsýning frá Musée d'Art Moderne de la Ville de Paris á verkum tíu franskra ljósmyndara. „Listasafn Íslands: Höggmyndaýning opnuð“ 1983, 26.; „Sýningar“ 1984, 14.; Valtýr Pétursson, „Franskar ljósmyndir“, 1984, 20.

57 Þráinn, „Fáein orð um Listasafn ríkisins: Niðursuðudós utan um íslenska myndlist“, 1968, 6 og 13.

58 „Almenningi boðin innsýn í nútíma myndlist“ 1976, 3.; „Sýningar“ 1976, 17.; Magnús Tómasson, „Myndlistarþankar“, 1977, 56-60.; „Listasafn Íslands býður fyrirlestra“, 1977, 109.; „Allir geta fengið að vita allt um list“, 1977, 8.

59 Guðbergur Bergsson, „Blátúns illur Jón“, 1982, 9.

60 Tilurð nútímalistasafna má rekja til endurskipulagningar og mótunar borgaralegs almannaþviðs í Evrópu á 18. og 19. öld. Sjá t.d.: Tony Bennett, *The Birth of the Museum: History, Theory, Politics*, 1995; Didier Maleuvre, *Museum Memories: History, Technology, Art*, 1999.

61 Listfræðingarnir Brian O'Doherty og Carol Duncan hafa bent á að hönnun og skipulagning nútímalistasafna líkist í útliti og áhrifum helgistöðum fornaldar. O'Doherty, *Inside the White Cube: The Ideology of the Gallery Space*, 1986; Carol Duncan, „Art Museums and the Ritual of Citizenship“, 1991; Duncan, Carol & Wallach, Alan, „The Universal Survey Museum“, 2004, 89-103; Duncan, „The Art Museum as Ritual“, 2006. Líkt og trúarlegir helgisíðir er heimsókn gestsins á listasafnið ætlað að ummynda hann að einhverju leyti með því að hafa áhrif á sjálfsmynd hans og heimsmynd. Safngestinum er lofuð hlutdeild í hinum andlega auði þjóðarinnar, sem varðveitt er í helgiskrinni listasafnsins, gegn því skilyrði að hann tengist og samsami sig þjóðinni og þjóðríkinu, að hann gangist við hlutverki sínu sem ríkisþegn. Þannig gera opinber ríkislistasöfn mögulega persónulega og andlega tengingu þegnsins við ríkið. Anna Jóhannsdóttir, myndlistarmaður og listfræðingur, hefur greint táknelga framsetningu Listasafns Íslands og bendir á að byggingarstill safnahússins við Frikirkjuveg stuðli að sérstöku, upphöfnu andrúmslofti sem gefi fyrirheit um andlega uppljómun og staðfesti hugmyndina um ríkislistasafnið sem helgiskrín utan um menningararfleifið þjóðarinnar. Anna Jóhannsdóttir, „Ólíkir fjársjóðir: Samanburður á hugmyndafræði tveggja íslenskra listasafna“, 2007, 5-21.

62 Alexander Jóhannesson, prófessor og formaður byggingarnefndar fyrir Suðurgötu 41, sagði til að mynda um hið nýja húsnæði, að í því yrði „allmikið rúm sem ætlað er fyrir listaverk, á meðan ekki er annað listasafn til. Er efsta hæð hússins ætluð fyrir Listasafn ríkisins til bráðabirgða.“ „Listasafnið þarf mikið hús: Fær herbergi í Þjóðminjasafninu“, 1947, 2. Sama ár sendi Félag íslenskra myndlistarmanna Alþingi bréf þar sem bent var á nauðsyn þess að reisa sérhúsnæði fyrir Listasafn ríkisins. „Íslenska þjóðin verður að koma sér upp listasafni“, 1947, 8.; „Reykjavíkurbréfi“, 1947, 9.

63 Geir Björnsson, „Er Þjóðminja- og Listasafn Íslands hriplekt?“, 1985, 3.

64 Tillaga til þingsályktunar um húsrúm fyrir listaverk landsins, þskj. 499, 41. lögjafarþing 1929, 136. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/41/s/pdf/0499.pdf>.

65 „Íslenska þjóðin verður að koma sér upp listasafni“, 1947, 8.

66 „Kjarval afsalar sér Kjarvalshúsi“, 1959, 12 og 6; „Kjarval afsalar sér íbúð og vinnusal“, 1959, 3; „Kjarval afsalar sér Kjarvalshúsi“, 1959, 10; „Tveir aðalsmenn“, 1959, 4; Gylfi P. Gíslason, „Stórbrotin rausn Kjarvals“, 1959, 5 og 1. Frumvarp til laga um byggingarsjóð Listasafns Íslands var lagt fyrir Alþingi á 78. lögjafarþingi, 1959 og samþykkt 13. maí sama ár. Frv. til laga um byggingarsjóð Listasafns Íslands, þskj. 373, 78. lögjafarþing 1958-59, 145. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/78/s/pdf/0373.pdf>; Lög um byggingarsjóð Listasafns Íslands, þskj. 340, 78. lögjafarþing 1958-59, 145. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/78/s/pdf/0540.pdf>.

67 Selma Jónsdóttir segir frá því að þetta hafi gerst fyrir milligöngu Kristjáns Jóhanns Kristjánssonar, eiganda Kassagerðar Reykjavíkur. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 17.

68 Gunnlaugur Þórðarson, „Listasafn Íslands Frikirkjuvegi 7“, 1973, 11 og 23.

69 Selma Jónsdóttir greinir frá því að húseignin að Sóleyjargötu 31a hafi síðar verið seld og andvirðið lagt til byggingarsjóðs. Jafnframt, að gjafir systkinanna Sesselju, Guðríðar og Gunnars hafi gert safnsinu kleift að

eignast húseignina að Fríkirkjuvegi 7 og lóð að Laufásvegi 16. Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 17-18.

70 Um samninga sá Gunnlaugur Þórðarson, hrl. Var samið um að í skiptum fyrir hlut þeirra í eigninni að Austurstræti 12 fengu Guðriður og Gunnar árlegar próventugreiðslur meðan þau lifðu og var miðað við nafnvirði 16.000 dollara í íslenskum krónum. Eftir fráfall Gunnars 1967 lækkaði árleg greiðsla í jafnvirði 9.000 dollara og rann til Guðriðar og eiginmanns hennar meðan þau lifðu. Gunnlaugur Þórðarson, „Listasafn Íslands Fríkirkjuvegi 7“, 1973, 11 og 23.

71 Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 17; „Skipta á Glaumbæ og Austurstræti 12“, 1972, 32 og 31; Gunnlaugur Þórðarson, „Listasafn Íslands Fríkirkjuvegi 7“, 1973, 11 og 23.

72 Björn Th. Björnsson, „Opinbert listasafn á Íslandi“, 1949, 132-148.

73 Björn endurtók þessar hugmyndir í grein sem birtist í tímaritinu Birtingi. Björn Th. Björnsson, „Íslensk þjóðlist: Hugleiðingar vegna sýningar Kjarvals“, 1955, 1-5.

74 „Listasafnshús á dagskrá“, 1970, 9.; „Alþingi: Listasafn Íslands á 9,2 millj. í byggingarsjóði“, 1970, 12 og 14.

75 Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 7-18.

76 EIR, „Listasafn Íslands stækkar um helming“, 1987, 5; Ólg, „Nýtt listasafn rís í gömlu Herðubreið“, 1987, 8-9; Guðmundur G. Þórarinnsson, „Bygging Listasafns Íslands“, 1987, 16; Sáf, „Listasafn Íslands: Kostnaður úr böndunum“, 1987, 1; „Listi yfir aukafjárveitingar frá 4. Ágúst til 17. September 1987“, 1987, 3; Sáf, „Listasafn Íslands: Áætlanir hvelsprungnar“, 1987, 1.

77 Garðar Halldórsson, „Byggingarlýsing“, 1988.

78 „Listasafn Íslands sækir um leyfi til að byggja við gamla Glaumbæ“, 1976, 40; SG, „Framkvæmdir fyrir 245 milljónir að hefjast“, 1976, 3.

79 Gunnlaugur Þórðarson, „Listasafn Íslands Fríkirkjuvegi 7“, 1973, 11 og 23; „Listasafn Íslands sækir um leyfi til að byggja við gamla Glaumbæ“, 1976, 40; „Framkvæmdir fyrir 245 milljónir að hefjast“, 1976, 3; Vilundur Gylfason, „Að hafa ekki riðið hrossum Sigurbjörns – eða harmsaga Listasafnsins“, 1976, 10-11; Guðmundur G. Þórarinnsson, „Vilmundur, Listasafn Íslands og Framsóknarflokkurinn“, 1976, 18-19; JBj, „Listasafn Íslands: Nefnd leitar að skýringu á eitt hundrað milljónum“, 1988, 7.

80 „Gjöf Helgu og Sigurliða til menningarmála...“, 1980, 48.

81 „Gjöf Helgu og Sigurliða til menningarmála...“ 1980, 48.; „Get ekki tjáð mig um málið“, 1980, 40; ÁT, „Vandamálapakki í gjöf allra alda ...“, 1980, 7.; „Fyrirspurnir og svör á Alþingi...“, 1980, 26; Ásgeir Tómasson, „Fjölmiðlalykt“, 1980, 18.

82 Bragi Ásgeirsson, „Myndlistarsyrpa“, 1977, 17; Hildur Einarsdóttir, „Íslensk listasöfn: Varðveislu ábótavant?“, 1986, 22-24.; „Bruna- og þjófavarnir í nýju Listasafni Íslands...“, 1986, 16.

83 „Veggfóður Kjarvals...“ 1974, 1 og 7.

84 Garðar Halldórsson, „Byggingarlýsing“, 1988.

85 „Bera Nordal forstöðumaður Listasafns Íslands“, 1987, 2; Sigmundur Ernir Rúnarsson, „Myndlistarheimurinn skelfur“, 1987, 4-5; Bragi Ásgeirsson, „Listasafn Íslands – ábendingar“, 1987, 12-13.

86 Aðalsteinn Ingólfsson, „Kaflaskipti í íslenskri myndlistarsögu“, 1988, 18.; Bragi Ásgeirsson, „Listasafn Íslands“, 1988, 24-25.

87 Aðalsteinn Ingólfsson, „Spegilmyndir: Aldarspegi“ í Listasafni Íslands“, 1988, 18.

88 JKH, „Stór tímamót í sögu Listasafnsins – segir Bera Nordal forstöðumaður“, 1988, 18-19.

89 Lög um Listasafn Íslands, þskj. 1123, 110. löggjafarþing 1987-88, 446. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/1123.pdf>; Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 979, 110. löggjafarþing 1987-88, 446. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/0979.pdf>; Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 796, 110. löggjafarþing 1987-88, 446. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/0796.pdf>.

90 Frv. til laga um Listasafn Íslands, þskj. 796, 110. löggjafarþing 1987-88, 446. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/0796.pdf>.

91 Ibid.

92 Gísli Sigurðsson, „Húsið mun valda straumhvörfum fyrir safnið“, 1988, 10-15.

93 Sem dæmi benti Bera á að ári fyrr hafði safnráð ákveðið að verja þriðjung af ráðstöfunarfé ársins til kaupa á málverkum eftir Svavar Guðnason frá árinu 1941, sem þá fékkst á uppboði í Kaupmannahöfn fyrir rúma milljón króna. Eftir stóðu þá 1800 þúsund krónur til annarra innkaupa. Ibid.

94 JKH, „Stór tímamót í sögu Listasafnsins – segir Bera Nordal forstöðumaður“, 1988, 18-19; Gísli Sigurðsson, „Húsið mun valda straumhvörfum fyrir safnið“, 1988, 10-15.

95 Sjá: Chin-tao Wu, *Privatising Culture: Corporate Art Intervention Since the 1980s*. London: Verso, 2002.

96 Loftur Atli Eiríksson hefur rannsakað stefnu íslenskra stórfyrirtækja í styrkveitingum til menningarmála á menningarstofnunum á árunum 2002-2008. Sjá: Loftur Atli Eiríksson, „Menningarvæðing viðskiptalífsins,“

2010, 59-82.

97 Jón B.K. Ransu, „Afmælis(s)jár listasafna“, 2003, 14; Áslaug Thorlacius, „Ópið bréf til menntamálaráðherra“, 2004, 30.

98 Árið 1984 styrktu Eimskipafélag Íslands og Flugleiðir sýningu á verkum fimm danskra myndlistarmanna í safninu. „Listasafn Íslands: Sýning 5 danskra myndlistarmanna opnuð í dag“, 1984, 4. Árið 1989 kvartaði Eiríkur Þorláksson undan áhugaleysi íslenskra fyrirtækja á menningarmálum og lýsti því sinnuleysi sem merki um skort á þroska fyrirtækja og samfélagsins. Eiríkur Þorláksson, „Styrkir og stuðningur“, 1989, C21.

99 Eiríkur Þorláksson, „Eru að verða kynslóðaskipti? Hinir nýju listunnendur“, 1990, C22; Eiríkur Þorláksson, „Að miðla myndlist“, 1992, C9.

100 „Úr söllum Listasafns Íslands....“, 1988, 2B.

101 JKH, „Stór tímamót í sögu Listasafnsins – segir Bera Nordal forstöðumaður“, 1988, 18-19.

102 Harpa Þórsdóttir. Tölvupóstur til höfundar, 6. september 2017.

103 S.dór, „Listasafn Íslands kaupir málverk eftir Svavar Guðnason“, DV, 24. Feb. 1989, 48; S.dór, „Málverkið Gullfjöll eftir Svavar Guðnason“, 1989, 64; StB, „Sveiflukenndur listmarkaður“, 1989, 60-61; Bragi Ásgeirsson, „Sjónmenntavettvangur“, 1989, B2-B3.

104 MEO, „Fyrsta árbók Listasafns Íslands komin út ásamt stóru riti um Jón Stefánsson listmálara“, 1988, B7; BE, „Listasafn Íslands: Vettvangur listumræðu. Árbók Listasafnsins kemur út öðru sinni“, 1990, 7; Aðalsteinn Ingólfsson, „Árbók um myndlist“, 1990, 36; Úlfar Þormóðsson, „Ópið bréf til frú Beru“, 1993, 20.

105 Gíslí Sigurðsson, „Húsið mun valda straumhvörfum fyrir safnið“, 1988, 10-14.

106 Árið 1991 var haldin þemasýning á ljósmyndaverkum Sigurðar Guðmundssonar frá árunum 1970-1980, auk þess sem skúlptúr eftir Sigurð í eigu Stedelijk safnsins í Amsterdam var sýndur. Tveimur árum síðar var fengin að láni yfirlitssýning á verkum Hreins Friðfinnssonar frá miðstöð nútímalista í Amsterdam (ICA) og árið eftir efndi safnið til yfirlitssýningar á verkum Jóns Gunnars Árnasonar. Auk þessa hósti safnið 10 ára afmælisýningu Nýlistasafnsins árið 1988. „Listasafn Íslands: Þemasýning á listaverkum Sigurðar Guðmundssonar“, 1991, 18.; „Yfirlitssýningu Hreins að ljúka“, 1993, 11.; „Grennslast fyrir um verk Jóns Gunnars Árnasonar“, 1993, 11.; „Listasafn Íslands: Hugarorka og sólstafr“, 1994, 20.; „Nýlistasafnið tíu ára...“, 1988, 14-15.

107 Einar Káráson, „Afturhaldið gegn nútímalistinni“, 1993, 14.; „Listaverkið „rörbútur““, 1993, 12; „Hvernig er fé almennings varið?“, 1993, 45; „Athugasemd frá Listasafni Íslands“, 1993, 43; Jón Kjartansson, „Með eða móti rörbútu?“, 1993, 15; Sveinn Björnsson, „Nýju fötin keisarans: Dót og drasl“, 1993, 12.

108 Gunnar Árnason, „Listasafn Íslands hefur sniðgengið heila kynslóð íslenskra myndlistarmanna....“, 1993, 31.

109 „Ný aðföng í Listasafni Íslands“, 1994, 11; „Listasafn Íslands: Ný aðföng II“, 1995, 18; „Listasafn Íslands: Litróf íslenskrar myndlistar“, 1996, 22; „Sýningin Ný aðföng framlengd“, 1997, 24; „Ný aðföng í Listasafni Íslands“, 1998, 21.

110 Árið 1988 var farandsýning á norrænni konkretlist sett upp á LÍ í tengslum við Listahátið í Reykjavík, að frumkvæði listamiðstöðvarinnar í Sveaborg í Svíþjóð. Eins og Bera Nordal greindi frá tóku starfsmenn LÍ að undirbúningi sýningarinnar, en val verka og heimildaöflun var í höndum listfræðinga frá hverju fimm Norðurlandanna og stóð undirbúningur í rúm tvö ár. Árið 1989 fékk LÍ lánaða farandsýningu á verkum Hilma af Klint, sem einnig var skipulögð af Listamiðstöðinni í Sveaborg. Árið 1990 var sett upp farandsýning á norrænni myndlist frá Norrænu listamiðstöðinni og farandsýning á verkum finnska listamannsins Olli Lyytikäinen. Árið 1991 var sýning á verkum danskra súrrealista í safninu. Árið 1992 voru olíumyndir eftir finnska aldamótalistamenn sýndar í safninu, í tilefni sjötuúu og fimm ára sjálfstæðis Finnlands og var styrkt af Menningarsjóði Íslands og Finnlands. Árið 1993 var samsýning listamanna frá Norðurlöndum, Ítalíu og Sviss fengin frá norrænu listamiðstöðinni í Helsinki, en Halldór Björn Runólfsson var sýningarstjóri hennar. Árið 1995 voru verk sænska listamannsins Olle Bærtling sýnd í LÍ og samsýningin „Ljós í norðri – norræn aldamótalist“ fengin að láni frá Spáni, með styrk frá Norræna menningamálasjóðnum. Og árið 1996 var sýningin „Ný öld – norræn framtíðarsýn“ sett upp í LÍ, en hún var samstarfsverkefni fimm borga á Norðurlöndum og unnin á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar með stuðningi Menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Sjá: Bera Nordal, „Norræn konkretlist“, Morgunblaðið, 4. júní 1988, B2-B3; „Listasafn Íslands: Sýning á norrænni konkretlist“, Morgunblaðið, 29. maí 1988, 22; „Listasafn Íslands: Norræn konkretlist 1907-1960“, 1988, 13; „Listasafn Íslands: Finnskur listamaður heldur fyrirlestur“, 1988, 59; „Hulunni lyft 20. árum eftir dauða hennar – Listasafn Íslands opnar sýningu á verkum Hilma af Klint“, Morgunblaðið, 8. apríl 1989, B4 „Um helgina“, 1990, 26; „Listasafn Íslands – salur 2: Draumur í fjórum litum“, 1990, 21; „Danskir vordagar 1991“, 1991, 92; „Menningarsamstarf Íslands og Finnlands“, 1992, 6; RV, „Helene Schjerbeck“, 1992, 36-37; „Listasafn Íslands: Finnsk kvöld“, 1992, 17; „Listasafn Íslands og umhverfi undirlagt“, 1993, 27; Þórunn Þórsdóttir, „Frumkraftar: Orka og viddir á sýningunni Borealis 6 í Listasafni Íslands“, 1993, B1-B2; Gunnar J. Árnason, „Orka og viddir“, 1993, 27; Ólafur Engilbertsson, „Orka og viddir“, 1993, 17; Bragi Ásgeirsson, „Í tilefni Borealis 6“, 1993, 14; „Verk Olle Bærtlings í Listasafni Íslands“, 1995, 20; „Norræni menningarmálasjóðurinn: Um 50 milljónum króna úthlutað“, 1995, 14; „Listasafn Íslands: Ljós úr norðri – norræn aldamótalist“, 1995, 22; „Hvað er á seyði“, 1996, 22.

111 „Listasafn Íslands: 9000 hafa séð Chagall“, 1988, 7; „Listahátið í Reykjavík 2.-16. júní 1990“, 1990, 32; HK, „Daniel Buren býr til útlistaverk á Íslandi“, 1992, 18; Eiríkur Þorláksson, „Daniel Buren“, 1992, 12; PK,

- „Heimsókn í Listasafn Íslands“, 1996, 30.
- 112 Gísli Sigurðsson, „Húsið mun valda straumhvörfum fyrir safnið“, 1988, 10-14.; Gísli Sigurðsson, „Afskekkt og afskipt“, 1988, 30C.
- 113 „Listasafn Íslands: Ólafur Kvaran skipaður forstöðumaður“, 1997, 10.
- 114 Menntamálaráðuneytið, Menning og menntun: Forsenda framtíðar, 1996
- 115 „Menntamálaráðuneytið gerir árangursstjórnunarsamninga við ellefu menningarstofnanir“, 2000, 8.
- 116 Fjármálaráðuneytið, Árangursstjórnun í ríkisrekstri – handbók, 2004.
- 117 GHS, „Rétt eftirnafn er ekki nóg“, 1997, 14.
- 118 SA, „Að skapa hinn virka áhorfanda“, 1999, 18.
- 119 Ibid.
- 120 „Fleiri styttri sýningar í Listasafni Íslands“, 1999, 2; Aðalsteinn Ingólfsson, „Listasöfnin á Netinu“, 1999, 11. Heimasíða fyrir safnið, með grunnupplýsingum um það og starfsemi þess, var fyrst opnuð árið 1996. ÞK, „Heimsókn í Listasafn Íslands: Sýningar og aðrir listviðburðir árið um kring“, 1996, 30; „Smáauglýsingar – Tilkynningar“, 1997, 72. Árið 1998 fékk safnið 2,1 milljóna styrk frá Norraena menningarmálasjóðnum til þess að útbúa heimasíðu fyrir börn yngri en tólf ára með upplýsingum um efni í eigu safnsins. „Laggott – Innlent“, 1998, 5.
- 121 SA, „Að skapa hinn virka áhorfanda“, 1999, 18.
- 122 Ibid.
- 123 Yfirlit yfir liðnar sýningar frá árinu 2000 má finna á vefsíðu LÍ. Sjá: „Liðnar sýningar.“ Listasafn Íslands, <http://www.listasafn.is/sýningar/liðnar-sýningar/>.
- 124 SA, „Að skapa hinn virka áhorfanda“, 1999, 18.; Friða Björk Ingvarsdóttir, „Mótun menningararfsins mikilvæg“, 2004, 30-31.
- 125 Halldór Björn Rúnólfsson, „Enn um blessaðan mödernismann“, 2000, 42-43; Margrét Elísabet Ólafsdóttir, „Listasafn Íslands og alþjóðlegt sambengi“, 2002, 24; Þóra Þórisdóttir, „Mótun listasögunnar, einsýni, geðþótti og valdbeiting“, 2005, 16; Þóra Þórisdóttir, „Hlutbundið raunsæi og óhlutbundin frásögn“, 2005, 15; Gísli Sigurðsson, „Landslið aldarinnar á Kjarvalsstöðum“, 2005, 32-33; Þóra Þórisdóttir, „Frir aðgangur og aukin fræðsla“, 2006, 53; Þóra Þórisdóttir, „Listasagan máluð eftir munstri“, 2006, 15.
- 126 Pann 20. maí 2000 opnaði sýningin Nýr heimur – Strafrænar sýnir í Listasafni Íslands. Vardandi gagnrýni, sjá: Margrét Elísabet Ólafsdóttir, „Listasafn Íslands og alþjóðlegt sambengi“, 2002, 24; Jón B.K. Ransu, „Straumar og stefnur í íslenskri samtímalist“, 2002, 30.
- 127 Súsanna Svavarsdóttir, „Þrjár sólar á lofti“, 2003, 16.; „Þjóðarhjartað í skafrenningnum“ 2003, 21.
- 128 Í grein sem birtist í Morgunblaðinu 2. feb. 2003 skrifaði Ragna Sigurðardóttir um viðleitni LÍ til þess að skapa rými fyrir nýmiðla innan safnsins: „Það hefði verið spennandi að fá að sjá stóra yfirlitssýningu á verkum Önnu í einhverjum stærri sala safnsins, en nú verðum við að láta okkur kjallarann duga. Sú skilgreining sem safnið gefur á ætlunarverki þessa kjallararýmis vekur upp spurningar um hvert hlutverk hinna sala safnsins sé. Eitthvað finnst mér bogið við að safnið ætli áhugaverðri samtímalist sérstaklega afgangsrými í kjallara.“ Ragna Sigurðardóttir, „Hvað er áhugaverð samtímalist?“, 2003, 22.
- 129 Auk þess að veita tölvukost til safnsins og aðstoða við kynningarmál nýttist styrkurinn til kaupa á sýningunni Náttúrusýnir – Visions de la nature frá Musée de Petit Palais í París. „Síminn styrkir Listasafn Íslands“, 2001, 29.
- 130 SA, „Þrjár stórvíðburðir í Listasafni Íslands á morgun: Scheving, gagnagrunnur og netstofa“, 2001, 32; Heiða Jóhannsdóttir, „Yfirlitssýning á verkum Gunnlaugs Scheving opnuð í Listasafni Íslands: Í sýnd og reynd“, 2001, 6-7.
- 131 „Rafrænn gagnagrunnur um listaverkæign Listasafns Íslands opnaður...“, 2006, 19; Khh, „Fræðsla í Sýndarsafni“, 2006, 34.
- 132 „Pharmaco og Listasafn Íslands gera samstarfssamning...“, 2002, 29; „Lyfjarisi styrkir listina ...“, 2002, 8; „Listasafn Íslands og Pharmaco undirrita samstarfssamning...“, 2004, 25.
- 133 Árið 2002 var fengin til safnsins yfirlitssýning á rússneskri aldamótalist frá Tretjakov safninu í Moskvu, sem og yfirlitssýning á sögu ljósmyndarinnar frá Moderna Museet í Stokkhólmi. Árið 2006 var sett upp sýning á verkum franskra expressjónista frá Musée des Beaux-Arts í Bordeaux, Frakklandi. „Listasafn Íslands: Úr íslenskri list yfir í rússneska“, 2002, 27; Khh, „Málverk Matisse og Renoir á Íslandi“, 2006, 32.
- 134 „Þyngdar sinnar virði í gulli“, 2004, 6.
- 135 „Vikverji skrifar ...“, 1999, 46.
- 136 Áslaug Thorlacius, „Pólítiska landslagið“, 1999, 16.
- 137 Ásmundur Ásmundsson, „LÍ-Alcoa-Sþ“, 2008, 20.
- 138 Tinna Grétarsdóttir, Ásmundur Ásmundsson og Hannes Lárusson, „The cultural worker“, 2011; Tinna Grétarsdóttir, Ásmundur Ásmundsson og Hannes Lárusson, „Creativity and Crisis“, 2015.

- 139 „Samson styrkir Listasafn Íslands ...“, 2006, 14.
- 140 „Listasafn Íslands: Ókeypis á miðvikudögum“, 2001, 18.
- 141 „Stóraukin aðsókn að Listasafni Íslands“, 2006, 21.; „Fjöldi gesta tvöfaldast á Listasafni Íslands“, 2007, 56.
- 142 „Listaklúbburinn Selma“, 2002, 8.
- 143 „Spurðu myndlistarnemann“, 2004, 28.; „Aukin fræðsla í Listasafni Íslands“, 2006, 34.
- 144 „Listasafn Íslands: Norrænt samstarfsverkefni ...“, 2005, 61.
- 145 „Önnur Laugardagsstefna ársins haldin í Listasafni Íslands“, 2004, 29.
- 146 „Listasafn Íslands verður 120 ára í október ...“, 2004, 28.; „Málþing um málverkið“, 2006, 50.
- 147 Safnalög, nr. 106, 2001, þskj. 1491, 126. löggjafarþing 224. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/126/s/1491.html>.
- 148 Eiríkur Þorláksson, „Að vera eða vera ekki ...“, 1991, C22; Hannes Sigurðsson, „Staða safnanna við upphaf nýrrar aldar“, 1999, 4-6; „Menning og metnaður“, 1999, 28; SA, „Að skapa hinn virka áhorfanda“, 1999, 18.
- 149 Aðalsteinn Ingólfsson, „Kaupa hvorki né selja“, 2002, 6B.
- 150 Friða Björk Ingvarsdóttir, „Mótun menningararfsins mikilvæg“, 2004, 30-31. Í svari menntamálaráðherra, Björns Bjarnasonar, við fyrirspurn Ísólfs Gylfa Pálmasonar um listaverkakaup til Listasafns Íslands, sem lögð var fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997-98 kemur fram að einungis eitt verk í eigu Listasafns Íslands hafi verið meðal þeirra verka sem kærð voru af Ólafi Jónssyni forverði vegna gruns um fölsun. Var það teikning sem talin var eftir Jóhannes S. Kjarval og keypt var á uppboði 1994. Fyrirspurn til menntamálaráðherra um listaverkakaup Listasafns Íslands, Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyri, þskj. 862, 122. löggjafarþing 1997-98, 502. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/122/s/0862.html>; Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason), Umræða í þingsal um listaverkakaup Listasafns Íslands, 11. mars 1998, 84. fundur, 122. löggjafarþing 1997-98, 502. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/122/03/r11153337.sgml>.
- 151 Friða Björk Ingvarsdóttir, „Mótun menningararfsins mikilvæg“, 2004, 30-31. Íslensk listasaga frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar var útgefin í fimm bindum af Listasafni Íslands og Forlaginu árið 2011.
- 152 „Listasafn Íslands festir kaup á Laufásvegi 12 ...“, 1998, 2.; „Nýtt húsnæði Listasafns Íslands ...“, 2001, 18.
- 153 „Áminning um að huga að örygginu“, 2002, 26.
- 154 „Eldsvöðinn í Fákafeni vekur umræðu ...“, 2002, 26-27.
- 155 „Þjóðminjasafn þarf aukið geymslurými“, 2006, 10; Páll Baldvin Baldvinsson, „Svört skýrsla menntamálaráðherra um safnamál vekur spurningar: Stór söfn og lítill þurfa geymslur“, 2006, 12; Svavar Hávarðsson, „Kjarval í kjallaraholunni“, 2007, 20.
- 156 Friða Björk Ingvarsdóttir, „Kallað eftir skýrari stefnumótun“, 2002, 8-9.
- 157 „Samstarfssamningar undirritaðir á Listasafninu á Akureyri ...“, 1998, 19.
- 158 Inga María Leifsdóttir, „Samspil náttúru og menningar“, 2005, 43; Bergþóra Jónsdóttir, „Lestarferð með Dieter Roth á Listahátíð“, 2005, 8-9.
- 159 Ingveldur Geirsdóttir, „Nýskipaður forstöðumaður Listasafns Íslands ánægður: Mun setja mark sitt á safnið“, 2007, 15. Á sama tíma var Pétur Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómari, skipaður formaður safnráðs og tók hann við af Knúti Bruun sem gegnt hafði henni um langa hríð. TPF, „Ný forusta í Listasafni Íslands“, 2007, 21.
- 160 Einar Falur Ingólfsson, „Áfall fyrir lítið safn eins og okkur“, 2008, 28.
- 161 Harpa Þórsdóttir. Tölvupóstur til höfundar, 6. september 2017.
- 162 „Stóru listasöfnin fá tæplega 40 milljónir til kaupa í ár ...“, 2008, 28; Arnar Eggert Thoroddsen, „Dýrasta verkið“, 2009, 2; „Kaup vekja upp deilur“, 2009, 36.
- 163 Jóhann Hauksson, „Ríkisstofnanir á köldum klaka“, 2009, 10.
- 164 Tvö mál voru lögð fram á Alþingi þar sem lagt var til að listaverkakeign bankanna yrðu eign ríkisins. Frv. til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, þskj. 107, 136. löggjafarþing 2008-2009, 100. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/136/s/0107.html>; Tillaga til þingsályktunar um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna, þskj. 109, 136. Löggjafarþing 2008-2009, 102. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/136/s/0109.html>.
- 165 Tillaga til þingsályktunar um listfræðilegt mat á listaverkasöfnum banka, þskj. 918, 136. löggjafarþing 2008-2009, 470. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/136/s/0918.html>.
- 166 Eiríkur Þorláksson og Halldór B. Runólfsson, „Listfræðilegt mat á listaverkasöfnum bankanna – II. Hluti“, 2009.

- 167 „Þrjú hundruð verk mikilvæg þjóðararfi“, 2009, 2.
- 168 Anna Jóa, „Úr sjóðum bankanna“, 2009, 12.
- 169 „Þrjú hundruð verk mikilvæg þjóðararfi“, 2010: 9; Una Sighvatsdóttir, „Aftur í þjóðareigu“, 2010, 6.
- 170 Ingvaldur Geirsdóttir, „Nýskipaður forstöðumaður Listasafns Íslands ánægður: Mun setja mark sitt á safnið“, 2007, 15.
- 171 Árið 2015 opnaði safnið sýninguna Saga – þegar myndir tala, með úrvali verka eftir íslenska og erlenda samtímalistamenn, sem framlag LÍ til Listahátíðar í Reykjavík. Sýningunni var stýrt af Halldóri Birni og Norbert Weber. Ári síðar var haldin samsýning þriggja erlendra samtímalistamanna og íslenska listamannsins Tuma Magnússonar. Upplýsingar um sýningar LÍ á árabílinu 2000-2018 má finna á vefsíðu safnsins. Sjá: „Liðnar sýningar.“ Listasafn Íslands, <http://www listasafn.is/syningar/lidnar-syningar/>.
- 172 Árið 2012 var haldin sýning á norrænni og balteskri jaðarlist í tengslum við Listahátíð í Reykjavík og 2013 var sett upp sýning á verkum eftir listamenn frá smárikjum Evrópu sem og sýning á verkum tveggja þýskra listamanna. Ibid.
- 173 Sjá t.d.: Ragna Sigurðardóttir, „Litróf hjartans“, 2007, 30; Einar Falur Ingólfsson, „Djúpstæð list og heillandi“, 2010, 50-51; „Sýning á verkum Louise Bourgeois“, 2011, 34.
- 174 Í upphafi árs 2009 opnaði í safninu sýning tileinkuð myndbandalist og samhlíða því var haldið málþing um upphaf og varðveislu myndbandalistar og árið 2014 hóf safnið sýningarröð á videólist á kaffistofu safnsins og sýndi fjöldi íslenskra og erlendra verk sín þar á næstu tveimur árum. Sjá: „Liðnar sýningar.“ Listasafn Íslands, <http://www listasafn.is/syningar/lidnar-syningar/>.
- 175 „Náttúran frá öllum hliðum“, 2007, 27. Harpa Þórsdóttir, núverandi forstöðumaður Listasafns Íslands, sem var á þessum tíma deildarstjóri sýningardeildar, fékk það verkefni frá ráfarandi forstöðumanni safnsins, Ólafi Kvaran, að skipuleggja samrýningu safnsins og velja þema. Harpa Þórsdóttir. Tölvupóstur til höfundar, 26. september 2017.
- 176 „Safnaleiðsögn á veraldarvefnum“, 2008, 19.
- 177 „Digitising Contemporary Art“, Europeana, 9. sept. 2014, <https://pro.europeana.eu/project/dca>.
- 178 Forsenda ákvörðunarinnar var sérstakt skráningarsnið fyrir aðföng listasafna á innri vef í Sarpi 3.0 sem starfsmenn Listasafns Íslands tóku þátt í að þróa. Harpa Þórsdóttir. Tölvupóstur til höfundar, 6. september 2017.
- 179 Í byrjun septembermánaðar 2017 hafði almenningi verið veittur aðgangur að um fimmtungi safneignar Listasafns Íslands í gegnum Sarp, eða um tvö þúsund verk af þeim rúmlega ellefu þúsund sem safnið átti á þeim tíma. Harpa Þórsdóttir áætlað að um sjö hundruð og sjötíu verk í eigu safnsins sem fallin væru úr höfundarrétti hefðu verið flutt á ytri vef Sarps. Auk þess hluti verka höfunda sem safnið fer með höfundarrétt og verk sem tengjast vefsýningum á Sarpur.is. Harpa Þórsdóttir. Tölvupóstur til höfundar, 6. september 2017.
- 180 Selma Jónsdóttir, Listasafn Íslands 1884-1984: Íslensk listaverk í eigu safnsins, 1985, 161-208.
- 181 Á vefsíðu LÍ má finna upplýsingar um safneign þess. Þar greinir frá því að af rúmlega 11.000 verkum eru tæplega 5.000 teikningar, rúmlega 3.800 verk sem tilheyra málralist, um 850 grafikverk, tæplega 600 skúlptúrar, um 200 bókverk, rúmlega 100 ljósmyndaverk, tæplega 200 verk sem falla undir nýja miðla, tæplega 50 samklipp og rúmlega 30 textilverk. Jafnframt, að af heildarsafneign séu um 1.100 verk eftir 400 erlenda listamenn. „Safneignin.“ Listasafn Íslands, <http://www listasafn.is/safneign/>.
- 182 „Listasafn Íslands fær safn Sigurjóns Ólafssonar ...“, 2012, 38.
- 183 „Skylða að geyma og varðveita videólist“, 2014, 42.
- 184 „Átak í söfnun og varðveislu raflistaverka“, 2014, 42.
- 185 Harpa Þórsdóttir. Tölvupóstur til höfundar, 6. september 2017; „Safneignin.“ Listasafn Íslands, <http://www listasafn.is/safneign/>.
- 186 Safnaráð er skipað af mennta- og menningarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, samkvæmt Safnalögum nr. 141/2011. „Hvað er safnaráð?“, Safnaráð, <https://safnarad.is/um-safnarad/hvad-er-safnarad/>.
- 187 Myndlistarlög, þskj. 1501, 140. löggjafarþing 2011-12, 476. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/140/s/1501.html>.
- 188 Samkvæmt Myndlistarlögum skal innkaupanefnd Listasafns Íslands skipuð af ráðherra til þriggja ára í senn. Í henni skal sitja safnstjóri, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM) og einn án tilnefningar og skal ráðherra skipa formann úr hópi nefndarmanna. Auk þess skipa lögin svo um að innkaupanefnd geti „heimilað safnstjóra að ráðstafa allt að 20% af því fé sem árlega er ætlað til listaverkakaupa til kaupa á innlendum verkum.“ Myndlistarlög, þskj. 1501, 140. löggjafarþing 2011-12, 476. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/140/s/1501.html>. Í umsögn sinni um frumvarp til Myndlistarlaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 140. Löggjafarþingi 2011-2012 lagði Halldór Björn Runólfsson, þáverandi forstöðumaður Listasafns Íslands, til að innkaupanefnd væri skipuð safnstjóra – sem ávallt skyldi vera formaður nefndarinnar – auk fjögurra manna, þar af tveimur fulltrúum frá SÍM, einum úr hópi fastráðinna starfsmanna safnsins og einum manni úr Listfræðafélagi Íslands. Í athugasemd vegna tillögunnar skrifaði Halldór Björn: „... starfsmenn Listasafns Íslands, að safnstjórarnum meðöldum hafa snöggtum betri yfirsýn yfir safneign Listasafns Íslands en innkaupanefnd, skipuð til þriggja ára í senn. Tveir fulltrúar frá SÍM eru þó hafðir inni í þessum breytingartillögum svo engin hætta sé á því að hagsmunir starfandi



listamanna teljist fyrir borð bornir. Hins vegar er næg ástæða til að bæta við einum fulltrúa þess ört vaxandi hóps fræðimanna, sem hafa lagt fyrir sig listfræði – listasögu, listheimspeki eða skyldar listfræðilegar greinar á háskólastigi – og sjálfsgætt er að hafi aukin áhrif innan hinna fjölmörgu nefnda og fagráða, sem skipuð eru á vettvangi íslenskrar myndlistar. Mætti hann að ósekju koma í staðinn fyrir fulltrúa án tilnefningar. Mikilvægt er að safnstjóri sé formaður innkaupanefndar, bæði í krafti sérþekkingar sinnar, þekkingar á safnkosti Listasafns Íslands og viðtækum skilningi á íslenskrri listasögu, sem ein getur tryggt ákjósanlegan safnkost.)“ Halldór Björn Runólfsson, Umsögn um frumvarp til myndlistarlaga (Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012). sbr. þingskjal 713 – 476. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/erindi/140/140-1184.pdf>. Myndlistarlög voru samþykkt, án þess að taka undir breytingartillögu Halldórs Björns.

189 Magnús Guðmundsson, „Öll ljós slökkt“, 2017, 26-27.

190 Guðmundur G. Þórarinnsson, „Bygging Listasafns Íslands.“, 1987, 16. Á fjárlögum ársins 2012 var gert ráð fyrir kaupum á viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands. Fjárlög fyrir árið 2012 (Afgreidd frá Alþingi 7. desember 2011), <https://www.althingi.is/altext/140/s/0493.html>. Í svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Margræti Gauju Magnúsdóttur um opinberar byggingar, sem lögð var fyrir 143. löggjafarþing 2013-2014, kemur fram að húsnæði að Laufásvegi 14 – sem keypt var vegna landréttinda til að Listasafn Íslands hefði stækkunarmöguleika til framtíðar – sé ónothæft og standi því autt. Svar fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Margræti Gauju Magnúsdóttur um opinberar byggingar, þskj. 601, 143. löggjafarþing 2013-14, 218. mál. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/143/s/0601.html>.

191 Ásgeir Ingvarsson, „Söfn þurfa að þróast í takt við umhverfi sitt“, 2017.

192 Auður A. Ólafsdóttir, „Ímynd Íslands, sagan, menningararfurinn og hin ýmsu sjálf Íslendingins,“ 2008, 56-85.; Bjarki Valtýsson, Íslensk menningarpólitík, 2011.; Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Heiða Björk Árnadóttir, „Menningarstefna og fagurfræði“, 2010.

# Listasafn Einars Jónssonar

Sigríður Melrós Ólafsdóttir

Í byrjun fyrri heimstyrjaldar flutti Einar Jónsson myndhöggvari ásamt unnustu sinni, Önnu Marie Mathilde Jørgensen, frá Danmörku til Íslands. Þeim leist ekki á stríðsblikur þær er voru á lofti í Kaupmannahöfn en þyngra vó þó kannski skeyti er Einar fékk frá Sveini Björnssyni alþingismanni, síðar ráðherra og fyrsti forseti Íslands, þess efnis að drífa sig heim með næsta skipi. Ástæðan var að á Alþingi var kominn skriður á málefni safnhúss yfir listaverk Einars. Í endurminningum sínum segir Einar:

„Heima á þingi hafði þá verið talað um það, að fá reistan einhvern skúr yfir það „dót“ mitt, er ég hafði myndað. Átti ég það ýmsum mér velviljuðum þingmönnum að þakka, t.d. Birni Kristjánssyni og fleirum, þó umfram allt þeim manni, er ég á allra fremst það að þakka, að Safnhús mitt komst upp: Bjarna Jónssyni alþingismanni frá Vogu. Hann barðist ótrauðlega fyrir mér og mínum málefnum [...] Með gleði greip ég því tækifærið og ætlaði nú heim og fór að undirbúa allt.“<sup>1</sup>

Sveinn Björnsson var honum mikill haukur í horni. Einar hafði tröllatrú á Sveini og talar um hann í endurminningum sínum sem hið trausta og tryggja bjarg. Þetta „allt“ sem fékk Einar og unnustu hans til að flytja heim með hraði í stríðsbyrjun 1914 var það sem nú er Listasafn Einars Jónssonar; virðuleg ríkisstofnun í miðborg Reykjavíkur og fyrsta listasafn landsins sem reist var sem slíkt í eigið húsnæði, hannað og hugsað frá grunni sem höggmyndalistasafn.

Upphaf og aðdraganda að byggingu safnsins má rekja til þess að Einar, sem þá var búsettur í Kaupmannahöfn, ritar Alþingi bréf árið 1909, og býður þjóðinni verk sín gegn því að þau verði flutt heim á kostnað ríkisins og að yfir þau yrði reist einhvers konar geymsla.<sup>2</sup> Hann hafði reyndar fyrst árinu áður, 1908, í blaðaviðtali nefnt opinberlega vilja sinn til að gefa þjóðinni öll listaverk sín að gjöf; ef vilji væri fyrir hendi að leggja til sómasamlegt húsnæði fyrir verkin. Einar hafði þá þegar gert uppdrátt að safnbyggingu sem einnig

gæti hýst verk annarra íslenskra listamanna.<sup>3</sup> Í kjölfarið, snemma árs 1909, sendir hann Alþingi fyrrnefnt bréf og býður höggmyndir sínar, fjörutíu að tölu. Ekki fékk hann afgerandi svar þó að Alþingi byðist til að flytja verkin heim en það þáði Einar ekki, vitandi að þau yrðu í reiðileysi án húsnæðis. Það er athyglisvert að í fyrsta bréfi sínu til Alþingis nefnir Einar ekki á nafn orðið safn jafnvel þótt ljóst sé að hann hafði hugmyndir þar að lútandi. Þrátt fyrir að Alþingi hafi ekki svarað boðsbréfi Einars, gættu menningarvitar þjóðarinnar þess að halda hugmyndinni á lofti með greinaskrifum. Hinn mikli mennta- og menningarfrömuður þess tíma, Guðmundur Finnbogason, ráðunautur Alþingis í menntamállum, háskólaprófessor og síðar landsbókavörður, bendir meðal annars á það er hann ritar um gjöf Einars í Ísafold þetta sama ár að landið ætti að þiggja gjöfina með þökkum, þar sem það myndi eignast „stórmerkilegan vísi til listasafns“. Í skrifunum tengdi hann saman þjóðerni Einars og helstu einkenni listar hans og lagði á það áherslu að það væri aðeins Íslendingum gefið að geta metið list hans að verðleikum.<sup>4</sup>

Á þessum tíma var ekkert safnhús til á landinu sem sýndi íslensk listaverk. Og hafði áðurnefndur alþingismaður og velgjörðarmaður Einars, Bjarni Jónsson frá Vogu, meðal annars gert það að umtalsefni í fyrirlestri um Ingólfsstyttuna er hann hélt á ungmennafélagsfundi árið 1907 og hnykkti svo á í öðrum fyrirlestri mánuði síðar. Þar talaði hann fyrir því að stofna ætti íslenskt þjóðlistasafn um þann „vorgróður“ í íslenskri myndlist sem hefði sprottið upp í byrjun aldarinnar. Einar Jónsson myndhöggvari var honum ofarlega í huga og setti hann verk hans í samhengi við hina nýju myndlist og hlutverk nýs safnhúss sem brýnt væri að komið væri upp í landinu.<sup>5</sup> Þetta var tveimur árum áður en Einar skrifar Alþingi og býður verk sín að gjöf.

Í bók sinni *Íslensk myndlist fjallar Björn Th. Björnsson listfræðingur um dögum íslenskrar myndlistar á 19. öld*. Hann rekur hvernig vaknandi sjálfsvitund þjóðarinnar kallaði fram mann eftir mann sem bjóst til að helga sig listum, án þess að þjóðfélagið væri enn reiðubúið að veita þeim nokkur starfsskilyrði. Undir lok aldarinnar, þegar sjálfstæðisvitundin var að fullu vakin og landsmenn orðnir fjár síns forráða, hafi loks myndast grundvöllur sem á var stætt.<sup>6</sup> Þeir ungir menn sigldu utan til náms í myndlist á þessum tíma; Einar var einn þeirra, hinir voru þeir Þórarinn B. Þorláksson og Ásgrímur Jónsson. Það er þessi grundvöllur sem Bjarni frá Vogu talaði um sem hina nýju myndlist í landinu. Bjarni taldi jafnframt að fé yrði varla betur



Skuld eftir Einar Jónsson, 1900-1927. Myndhluti. Mynd: Listasafn Einars Jónssonar.

varið en drífa í því að flytja verk Einars Jónssonar heim frá Danmörku og Einari eigi að veita sæmileg árslaun til frambúðar, gegn því að ríkið eignist verk hans í staðinn. „Nú er tími til að sjá um að safn íslenskra listaverka verði hér frá upphafi. En síðar yrði það dýrara, er aðrar þjóðir hefði keypt verkin.“<sup>7</sup> Svipaðar hugmyndir hafði Guðmundur Finnbogason lagt fram skömmu áður, um að stofnað væri „Íslenskt Myndasafn“ sem geymdi íslensk verk sem keypt væru með fé af íslenskum fjárlögum.<sup>8</sup>

Framtíðarsýn þeirra Guðmundar og Bjarna fól í sér að nýtt þjóðlistasafn hefði þýðingarmikið samfélagslegt hlutverk í uppbyggingu hins íslenska þjóðríkis.<sup>9</sup> Opinber umræða í þessu sambandi og tilboð Einars til Alþingis um að gefa þjóðinni verk sín skerptu mjög áherslurnar í þjóðernislegri orðræðu um list Einars og styrktu um leið stöðu hans í íslensku menningarsamfélagi. „Það var öðru fremur hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar sem mótaði þessa sýn

á list Einars.<sup>10</sup> List hans var í orðræðunni tengd náttúru landsins, ekki síður en málalalistin, en einnig var lögð áhersla á sögulegt samhengi listar hans og blómaskeið íslenskrar menningar á miðöldum.<sup>11</sup>

Þessar fyrstu hugmyndir um íslenskt listasafn í upphafi 20. aldar voru tengdar þjóðernishyggju og sjálfstæði landsins. Þjóð væri ekki þjóð á meðal þjóða nema hún ætti listasafn. Og fjölmargir valinkunnir einstaklingar úr íslensku þjóðlífi fylktu sér þétt að baki þeim hugmyndum að reisa safn yfir verk Einars Jónssonar. Til að styðja málstaðinn var umræðan með þeim hætti að bjarga yrði verkum Einars frá glötun og um leið koma fótunum undir íslenska samtímameningu. Það lá fyrir þarna árið 1909 að Einar var blásnauður í Kaupmannahöfn og myndi þurfa að farga verkum sínum ef ekki kæmi eitthvað til bjargar. Litlu síðar fóru menningarfrömuðir Íslands að óttast að verkin yrðu hýst í söfnum Danmerkur eða Kanada.<sup>12</sup>

Samkvæmt Birni Th. var hlutverk lista á fyrstu tveimur áratugum 20. aldar að gæða sjálfstæðishugsjón þjóðarinnar menningarlegu inntaki.<sup>13</sup> Ólafur Kvaran, listfræðingur og fyrrverandi safnstjóri Listasafns Einars Jónssonar, bendir á þann þjóðernislega merkingarheim sem túlkendur verka Einars lögðu áherslu á frá upphafi<sup>14</sup> og framámenn í menningu og stjórnámálum leggja upp með í aðdraganda stofnunar Listasafn Einars Jónssonar. Það skal þó tekið fram að þjóðernishyggja stóð ekki nærri Einari sjálfum, það er hans hugarheimi, þó að hann og list hans félli vel að hugmyndum annarra þar að lútandi í samhengi stjórn mála og lista á þeim tíma.

## Sjónarmið Einars

Ekki er ljóst hvort Einar var meðvitaður um þessar hræringar í íslensku þjóðlífi þegar hann árið 1909 bauð verkin sín að gjöf gegn flutningi þeirra heim og ósk um viðeigandi húsnæði fyrir höggmyndirnar. Ástæður Einars fyrir tilboðinu virðast, þegar grannt er skoðað, frekar hafa verið tilkomnar vegna efasemda hans um að eiga sér framtíð í dönsku listalífi, sem og kröpp kjör hans allt frá því hann kom úr Rómardvöl sinni árið 1903. Um tíma lá við að hann þyrfti að eyða höggmyndum sínum vegna þess að hann gat ekki greitt leigu fyrir geymslu og vinnuhúsnæði.<sup>15</sup>

Um haustið 1909 fór hann til Berlínar og var þar fram á sumar árið eftir. Eftir dvölinu í Berlín var hann orðinn fráhverfur því að setjast að á Íslandi að

sinni en snemma árs 1911 var hann kallaður til landsins til skrafs og ráðagerða um minnisvarða Jóns Sigurðssonar í tilefni af aldarafmæli Jóns á því ári. Sú Íslandsferð virðist hafa vakið með honum löngun á ný til að geta unnið að list sinni hér á landi. Í nóvember sama ár ritaði hann bæjarstjórn Reykjavíkur bréf og fór fram á að hún seldi sér byggingarlóð undir vinnustofu á 3000 ferálna svæði á Skólavörðuhæð fyrir austan Skólavörðuna. Staðarvalið á gróðursnauðri hæð utan við byggð er til vitnis um framsýni Einars.<sup>16</sup> Ekki fékk hann heldur skýr svör við þeirri beiðni þó að leikar færu svo að þarna risi Listasafn Einars Jónssonar að lokum.

Í endurminningabók sinni segir Einar frá því að hann hafi aldrei haft í hyggju að láta verkin ílendast í Danmörku. Hann taldi engin líkindi til skilnings á þeim þar í landi, þó að hann virti skoðanir Dana á list og ynni þjóðinni fyrir góð kynni. Einar taldi sig fjarskyldan í eðlinu, listrænt séð. Danmörk og Ísland væru svo ólík lönd. Valdajafnvægið sagði hann einnig óhagstætt, „stóra hundinum hefur alltaf fundist, að hann samkvæmt óskrifuðum lögum, ætti að drottna yfir þeim litla.“<sup>17</sup>, skrifaði hann og bætir við:

„Á þessum tímum var sjálfstæðisbarátta Íslendinga þess valdandi, að heldur var grunnt á því góða milli þeirra og Dana; og af hálfu hinna síðarnefndu var þetta skoðað sem lúaleg árás á danskan málstað, að ég skyldi einmitt þá gefa Íslandi verk mín, og voru mér ekki vandaðar kveðjurnar í dönskum blöðum. En það uppþot var þó á hreinasta misskilningi byggt, því að ég stóð alls ekki í neinu stjórn-málastímabaki, þá heldur en endranær, og tilviljun réð því, að ég afhenti Íslandi verk mín þá, en ekki síðar.“<sup>18</sup>

Einar virðist samkvæmt þessu hafa kosið að láta ekki draga sig inn í þá pólitík sem í kringum gjöf hans var og túlkun á verkum hans út frá þjóðernispólitísku sjónarmiði. Ástæða hans fyrir gjöfinni byggðist fyrst og fremst á því að eftir tuttugu ára dvöl í Danmörku, þar sem hann lagði hart að sér við að hasla sér völl, þótti honum útséð um að hann yrði annað en utangarðsmaður í listheiminum þar.

## Athygli erlendis frá

Verk Einars vöktu athygli víða um lönd og þótt honum tækist ekki að koma undir sig fótunum fjárhagslega né skapa sér starfsvettvang í Kaupmannahöfn, þá birtust í mörgum erlendum blöðum jákvæðar greinar um list hans þar sem honum var meðal annars lýst sem „listamanni Íslands“<sup>19</sup> og að Ísland hefði gefið heiminum snilling.<sup>20</sup> Þar er jafnframt haft á orði að þarna sé að finna ljómandi þjóðareinkenni norrænnar þjóðar, en slíkt var ofarlega á baugi í listum á þeim tíma. Vakti umfjöllunin í erlendu stórbliðunum mikla athygli í íslenskum blöðum sem hefur efalítið haft sitt að segja í að styrkja orðspor Einars og stöðu sem listamanns á Íslandi.<sup>21</sup> Hróður Einars barst til Íslendingabyggða í Winnipeg í Kanada þar sem, meðal annarra, var búsettur Þorsteinn Erlingsson skáld. Hann skrifaði grein í tímaritið Ísafold árið 1914 sem markaði upphaf að töluverðri umfjöllun um listaverk Einars í Reykjavík sumarið 1914. „Myndir Einars birtast nú í hverju heimsblaðinu á fætur öðru og fá lof mikið fyrir það, hversu frumlegar þær séu. Ber Einar nú nafn Íslands víða um lönd. Við slíkan mann má oss eigi farast smásmugulega.“<sup>22</sup>

Þann 24. júlí, tveimur dögum eftir birtingu greinar Þorsteins í Ísafold, lagði Bjarni Jónsson frá Vogu fram frumvarp á Alþingi þess efnis að listaverk Einars yrðu flutt heim og geymd á kostnað landsþjóðs.<sup>23</sup> Hugur var í Bjarna og lagði hann frumvarpið upp eins og hann gerði í skrifum sínum og fyrirlestrum; að bjarga þyrfti verkum Einars frá tortímingu því listamaðurinn hefði ekki lengur efni á geymsluhúsnæði fyrir þau. Spurði Bjarni þingheim hvort hann vildi forða „föðurlandi hans“ frá því tjóni. Frumvarpið var samþykkt í neðri deild þingsins en andstæðingar frumvarpsins bentu á að ef þingið samþykkti frumvarpið og veitti fé til flutnings verkanna, þá myndi væntanlega svo fara, jafnvel á næsta þingi að farið yrði fram á að veita fé til þess að byggja dýrt hús fyrir þau.<sup>24</sup> Flutningsmenn frumvarpsins bentu einnig á að gjöf Einars gæti orðið „vísir til listasafns hér á landi, en einmitt slíku safni verðum við sem fyrst að reyna koma okkur upp, ef við viljum teljast þjóð með þjóðum – menningarþjóð.“<sup>25</sup> Þetta gekk allt eftir og þeir þingmenn reyndust einnig sannspáir sem að á sumarþinginu 1914 höfðu spáð því að ef frumvarp Bjarna frá Vogu yrði samþykkt, þá myndi fljótlega verða farið fram á fjárveitingu til að byggja hús yfir verkin. Á haustþingi sama ár voru veittar tíu þúsund krónur til byggingar safnsins. Ólafur Kvaran bendir á það í bók sinni Einar Jónsson



myndhöggvari. Verk, tákneimur og menningarsögulegt samhengi að þessi ákvörðun Alþingis hafi markað þáttaskil í afstöðu ríkisvaldsins til hlutverks myndlistar í íslensku samfélagi. Forsendurnar fyrir slíkri menningarpólitískri ákvörðun verður í senn að skoða út frá hugmyndafræði sjálfstæðisbaráttunnar og í samhengi við þann þjóðernislega merkingarheim sem túlkendur verka Einars höfðu frá upphafi lagt mikla áherslu á í umfjöllun um list hans. Það er jafnframt ljóst að ákvarðanir Alþingis styrktu þjóðernislega túlkun á list Einars og safnið varð á þann hátt sýnilegur og virkur þátttakandi í mótun íslensks þjóðríkis í upphafi 20. aldar.<sup>26</sup>

### **Þar með var björninn ekki unninn**

Ekki voru þetta heppilegir tímar til húsbygginga, heimsstyrjöld geisaði með dýrtíð og skorti. Einar var samt ekki vonlaus um að „skúrinn“ yrði byggður „og var við og við að reisa ýmsar skýjaborgir, þessar allra þörfustu byggingar, sem maður reisir, og átti líking þeirra einhvern tíma að jarðfestast.“<sup>27</sup> Vandinn var sá að Alþingi ætlaði einungis að veita tíu þúsund krónum til verksins en kostnaðinn mátu húsameistarar þrefalt hærri. Einar gerðist vondaufur og var við það að láta af þessum draumum er hann varð þess var að verið var að safna peningum til húsbyggingarinnar. Landstjórnin hafði ákveðið að hætta við bygginguna nema að tuttugu þúsund krónur söfnuðust til viðbótar þeim tíu þúsundum sem veita átti af opinberu fé. Fyrir söfnuninni fóru velunnarar og vinir Einars, Hannes S. Hansson kaupmaður og Gerda S. P. Hanson. Var það Gerda sem gekk á milli velgjörðarmanna í þeirri von um að veita verkefninu fjárhagslegt liðsinni.<sup>28</sup>

Í fyrstu var Einari boðin lóðin sem Þjóðleikhúsið stendur nú á og var í eigu landssjóðs, en Einar afþakkaði boðið þar sem hann taldi að þrengt yrði að safnbyggingunni á þeim stað. Sem fyrr sá hann Skólavörðuhæðina sem ákjósanlegastan stað fyrir safnið. Í bréfi til Stjórnarráðs Íslands segir Einar meðal annars að hann telji klappirnar sunnan við Skólavörðuna hentugar til safnbyggingarinnar:

„Jeg hef leitað um og fyrir utan bæinn að hentugri lóð fyrir hús þetta, og hef komist að þeirri niðurstöðu að staður þessi sje langhentugastur vegna þess að lífskilyrði er fyrir listaverk, að þau standi sem hæst, svo að ryk nái sem minnst til þeirra, og þess vegna meðal annars, er það hentugast að slíkt



Vinnuherbergi Einars í turnhýsi safnsins. Þar bjuggu þau Anna sér einstakt heimili sem nú er hluti af safninu og er varðveitt í upprunalegri mynd. Mynd: Listasafn Einars Jónssonar.

hús standi utantil í bænum.[...] Auðvitað væri heppilegast að landið gæti fengið þarna stærri grunn en nægir fyrir þetta litla hús, því við má búast að jafnvel á næstu árum að bæði hús þetta verði stækkað og ný hús fyrir söfn verði byggð.<sup>29</sup>

Einar fól í fyrstu Guðjóni Samúelssyni að gera uppdrætti að safnbyggingu en Guðjón hafði þá gert hlé á námi sínu í byggingarlist við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn og starfaði sem arkitekt í Reykjavík. Einari þótti fyrirhugað hús hins vegar of lítið fyrir safn og vinnustofu og ekkert framhald varð á samvinnu þeirra Guðjóns. Þá var það Einar Erlendsson, aðstoðarmaður Rögnvalds Ólafssonar, byggingarráðunautar heima-stjórnarinnar, sem vann að gerð uppdráttanna að safnbyggingunni í samvinnu við Einar, enda stóð til að safnbyggingin yrði reist fyrir opinbert fé. Húsið sem þeir nafnar teiknuðu var mun stærra en húsið á uppdráttum Guðjóns Samúelssonar.<sup>30</sup> Það má líka sjá á eldri uppdráttum Einars að hann sér jafnvel fyrir sér að safnið hýsi önnur listasöfn svo sem verk Ásgríms Jónssonar listmálara og frænda hans og jafnvel Listasafn Íslands.

## Listasafnið opnað

Bygging hússins hófst haustið 1916 og var hornsteinn lagður að því 28. október það ár. Sumarið 1917 var Einar boðið til Bandaríkjanna og falið að móta stóra standmynd af Þorfinni karlsefni. Dvaldist hann þar ásamt eiginkonu sinni vel á annað ár. Þetta var á árum heimsstyrjaldarinnar fyrri og tafir urðu á byggingu safnsins vegna efnisskorts. Þau hjón komu ekki aftur til Íslands fyrr en vorið 1920 eftir vetrardvöl í Danmörku, þar sem Einar undirbjó flutning verka sinna til Íslands. Byggingu safnhússins var þá lokið, en það hafði staðið óinnréttað og opið þeim sem þar vildu leita skjóls og höfðu í einhverjum tilvikum unnið skaða innanhúss auk þess að skilja eftir rusl.<sup>31</sup>

Hafist var handa við að innrétta húsið og koma verkum Einars fyrir í sýningarsal á aðalhæð þess, en á jarðhæð var vinnustofa listamannsins og að hluta íbúð þeirra Einars og Önnu, baðherbergi, eldhús og borðstofa. Í turni hússins var setustofa og einkaherbergi þeirra hjóna. Skipulag sýningarsalarins var í höndum listamannsins.<sup>32</sup>

Til að byrja með var búsetan á safninu ekkert sældarlíf fyrir þau hjónin. „Rakinn var afleitur, skórnir okkar urðu grænir af myglu undir rúmum,“ segir Anna í viðtali í Tímanum er hún rifjar upp gamla tíð er þau voru að koma sér fyrir í húsinu.<sup>33</sup> Bæði urðu þau alvarlega veik í framhaldinu af vistinni og var ráðlagt að fara suður á bóginn til heilsubótar. Einar tók það ekki í mál, þar sem eftir átti að koma öllu haganlega fyrir í safninu fyrir opnun þess. Einhvers staðar var kippt í spotta og miðstöðvarhitun var komið fyrir í húsinu og Einar gat sett upp verkin til sýnis. Safnið var svo opnað almenningi á Jónsmessudag 24. júní 1923. Gerður var óformlegur samningur milli ríkis og Einars um safnið. Ríkið kostaði viðhald þess og galt honum laun eins og væri hann kennari við Háskóla Íslands. Samkvæmt samningnum vann listamaðurinn í safninu og eignaðist þjóðin myndverk hans.<sup>34</sup>

## Safnið í höndum Einars og Önnu

Opnun safnsins markaði tímamót í lista- og menningarlífi Íslands því listasafnsbyggingin var fyrsta listasafnið sem opið var almenningi hér á landi. Á upphafsárum safnsins var það aðeins opið tvo daga í viku. Spenna var í loftinu og safnið vel sótt en aðsókn dalaði fljótt, enda samfélagið fámenn og

ekki hefð fyrir safnaheimsóknum. Einar segir í æviminningum sínum að hann hafi reiknað með að aðsóknin yrði mest í byrjun en hún myndi svo fjara út á tveimur árum. Það varð þó ekki alveg raunin því að í grein í Morgunblaðinu eftir Helga Hannesson, sem birtist um tveimur mánuðum eftir opnun safnsins, er dræm aðsókn að safninu gerð að umræðuefni og landsmenn ávittir fyrir áhugaleysi.<sup>35</sup> Listasafnið var þó mikils metið og ef fyrirfólk heimsótti landið var nær undantekningalaust farið með það í safnið. En Einar vildi ekki lokka og laða fólk að á fölskum forsendum, var ekkert óánægður með rólegheitin sem þýddi að einungis þeir komu sem áttu erindi, það erindi að raunverulega njóta listar og andagiftar. Aðrir gestir fannst honum óþarfir. Í kringum 40 ára afmæli safnsins 1963 kemur fram í Morgunblaðinu að gestir í safni Einars Jónssonar séu flestir erlendir og þegar skemmtiferðaskip eru í höfn séu þeir allt að 500 á dag en aðra daga færri.<sup>36</sup> Einar og Anna sáu um rekstur safnsins en höfðu að jafnaði tvær konur til gæslu er safnið var opið. Einar var með vinnustofu á jarðhæð og vann þar daglega að verkum sínum meðan eiginkona hans sá um hversdaglegri verkefni svo sem daglegan rekstur, þrif og umhirðu garðsins. Hún aðstoðaði Einar einnig við leirmótunina með því að leggja klúta á leirinn svo réttur raki héldist í verkunum meðan unnið var að þeim.

Í blaðaviðtali árið 1961 rifjar Anna upp þann tíma eftir að safnið hóf starfsemi og segir meðal annars að það hafi verið „æði ólíkt umhorfs í kringum safnið nú og þegar við fluttum hingað fyrst. Þá lá aðeins troðningur frá Skólavörðustígnum heim að safninu, götuljós voru engin og holtin umhverfis full af rusli.“<sup>37</sup> Anna segir jafnframt að Einar hafi þurft að kosta til hreinsun svo að ryðja mætti því versta burt er von var á ferðamannahópum af skemmtiferðaskipum. Og þegar Kristján X Danakonungur var væntanlegur var hjöllum og hæsnakofum rutt burt en spruttu upp jafnóðum að heimsókn lokinni.<sup>38</sup> Jónas Jónsson frá Hríflu gerir þessa slæmu umgengni í árdaga safnsins á holtinu að umræðuefni í minningargrein um Einar Jónsson og segir þar á þá leið að á stríðs- og krepputímum hafi myndast óregluleg og illa skipulögð byggð á Skólavörðuholtinu. „Sóttu lítt tamin ungmenni að iðka þar drykkjusiði, róstur og hreinlætisspjöll kring um safnhúsið.“ Er stytan af Leifi Eiríkssyni sem gefin var af Bandaríkjastjórn reis á holtinu sumarið 1932 þá kærðu erlendir ferðamenn umgengnina og atferlið til stjórnarinnar í Washington. Þá setti íslenska stjórnin vörð um styttuna og í kjölfarið batnaði umgengnin.<sup>39</sup>



Anna Marie Mathilde Jørgensen Jónsson var fyrsti safnstjóri Listasafns Einars Jónssonar. Anna var listhneigð, hún var Einari manni sínum ómetanleg aðstoð við listsköpunina og saman byggðu þau upp safnið. Safninu veitti Anna forstöðu fram á níræðisaldur og gekk frá bókasafni og þakibúð þeirra hjóna til sýningar. Mynd: Listasafn Einars Jónssonar.

Margt breyttist frá því safnið var opnað og er fram leið. Í fyrstu var þetta einangruð bygging á Skólavörðuholtinu er sást langt að, sérstaklega af hafi er siglt var inn í höfnina og því ekki að furða að byggingin hafi vakið athygli ferðalanga. Einar og Anna fegruðu allt umhverfið, fengu veglega girðingu kringum stóra lóð sunnan við safnið þar sem þau ræktuðu fagan trjágard. Í gegnum árin bættist ýmislegt við innanstokks og húsakostur safnsins stækkaði einnig smám saman, ýmist á kostnað Einars eða ríkisins.

Á fjórða áratugnum var tveimur álmum bætt við húsið, austan- og vestanvert. Önnur álman var á kostnað Einars en hann hafði fengið veglega greitt fyrir pöntun á verki frá Póllandi.<sup>40</sup> Og hin álman var byggð við safnið á kostnað ríkisins. Auk þess var byggt lítið íbúðarhús á safnlóðinni sem þau

hjón fluttu sig í er Einar var kominn undir sjötugt, enda var mikið óhagræði af búsetu inni í safnhúsinu sjálfu, en íbúðin þar skiptist milli jarðhæðar og efstu hæðar með fimmtíu og tveggja þrepa þröngum hringstiga á milli. Íbúðarhúsinu í garðinum var einnig ætlað það hlutverk eftir þeirra dag að hýsa gæslumann safns. Í dag eru í íbúðarhúsinu skrifstofur safnsins. Íbúðarhúsið var að mestu kostað af ríkissjóði en reist í áföngum og hluti þess hugsað sem geymsla.<sup>41</sup>

Er Einar fór að eldast velti hann fyrir sér hvað yrði um ævistarfið eftir sinn dag. Hann var ekki tilbúinn að treysta því að allt myndi ganga sjálfkrafa um varðveislu þeirra án þess að hann gerði ráðstafanir „til verndunar og viðreisnar því, er maður vill bjarga.“<sup>42</sup> Hans ráð var að skrifa arfleiðsluskrá varðandi list sína og tiltók þar óskir sínar til þeirra er myndu annast menningararfinn í framtíðinni með tólf skilyrðum og skýringum við hvert skilyrði. Skýringarnar ritar hann í bók sína *Minningar*, sem kom út 1944 en eiðsluskráin stendur sér og er lokaútgáfan undirrituð árið 1954. Stuttu fyrir andlát listamannsins.

Einar Jónsson treysti engum betur en Önnu eiginkonu sinni til að annast safnið er hans nyti ekki við. Þess vegna mælti hann svo fyrir að safnið skyldi vera í hennar umsjá svo lengi sem hún óskaði og að tillit skyldi tekið til vilja hennar um allt það er list hans varðaði, enda þekkti enginn sem hún óskir hans, né hvað list hans væri fyrir bestu. Þetta kemur meðal annars fram í bréfi sem Einar lét eftir sig til landa sinna en skrifað mörgum árum fyrir andlát hans. Þar kemur einnig fram sú ást og umhyggja, sem hann bar fyrir eiginkonu sinni, enda segist hann engri manneskju sem henni eiga eins mikið að þakka.

„Kæru landar! Ég set hér fram fyrir ykkur heitustu ósk mína, sem er sú, að biðja ykkur fyrir konuna mína. Hjálpa henni og láta henni líða vel á allan hátt sem gæti staðið í valdi ykkar að veita henni, ef svo færi að ég yrði fyrr en hún kallaður burtu héðan [...] Það er ósk mín, að enginn án hennar vilja breyti neinu hvað list minni og heimili viðvikur. Með því ég með þessu þykist vita að þið, mínir kæru landar, munið uppfylla þessar óskir mínar - þakka ég ykkur fyrir allt - af öllu mínu hjarta. Reykjavík, 8. febrúar 1933. Einar Jónsson myndhöggvari.“<sup>43</sup>



## ARFLEIÐSLUSKRÁ

Við undirrituð hjón, ég, Einar Jónsson, myndhöggvari, og ég, Anna Maria Mathilde Jónsson, bæði til heimilis í Reykjavík, sem hvorugt á neina skylduerfingja á lífi, gerum hér með svofellda arfleiðsluskrá:

### 1.

Það okkar, sem lengur lifir, skal erfa allar eignir hins, er fyrr andast, hverju nafni sem þær nefnast.

### 2.

Eftir andlát þess okkar, sem lengur lifir, skal eignum okkar ráðstafað sem hér segir:

- a) Höggmyndir mínar, Einars Jónssonar, sem taldar eru í meðfylgjandi skrá og geymdar eru í myndasafni mínu á Skólavörðuhæð, skulu allar verða eign íslenska ríkisins.
- b) Viðbygging sú við safnhúsið á Skólavörðuhæð, sem byggð var á árunum 1937-38 fyrir okkar fé, skal einnig verða eign ríkisins.
- c) Ennfremur skulu bækur, málverk, teikningar og ýmsir aðrir munir, sem taldir eru á meðfylgjandi skrá, verða eign ríkisins, - þó með því skilyrði, að þeir verði aldrei lánaðir eða fluttir úr safnhúsinu.
- d) Aðrar eftirlátnar eignir okkar skulu að 1/3 hluta ganga til Rauða kross Íslands, en að 2/3 hlutum skulu þær renna í sjóð, er varið skal til að kosta bronssteypur af höggmyndum mínum, Einars Jónssonar, fyrir safn mitt.

### 3.

Gjöf þá, er ræðir um í 2 a-c, bind ég, Einar Jónsson, eftirgreindum skilyrðum, og er það einnig vilji minn, Önnu Jónsson, að hún sé þeim skilyrðum háð.

- a) Umræddar höggmyndir og munir sé æfinlega varðveitt saman, sem ein heild, safn, er beri nafn mitt, og heiti Safn Einars Jónssonar, og má ekki ætla myndum, er aðrir hafa gert, stað í safninu. Ríkið taki að sér og kosti viðhald safnsins og gæslu, þar með talið viðhald safnhússins.



- b) Safnhúsið á Skólavörðuhæð, sem safnið nú er í, verði framvegis notað til geymslu þess og eingöngu til þess. Niðurröðun höggmynda minna sé ekki raskað, heldur verði þær jafnan látnar standa í sömu skorðum og ég hef skilið við þær.
- c) Enginn hlutur úr safninu verði nokkurn tíma fluttur úr húsinu, hvorki um lengri né skemmri tíma, nema sá flutningur sé nauðsynlegur til að varðveita hann frá tortímingu eða skemmdum eða til þess að gera bronsafsteypu.
- d) Afsteypur af höggmyndum mínum má aðeins gera handa safninu sjálfu. Til afsteypuþöku skal einungis velja hina færustu menn í bronsafsteypuiðn. Hinar stærstu og vandmeðförnustu myndir má eigi flytja úr stað til afsteypu. Eigi má setja mynd á sýningu, hvorki innan lands né utan, og eigi heldur selja þær eða láta með öðrum hætti af hendi, hvorki til listasafna né annarra. Eigi má nota myndir af verkum mínum til auglýsinga eða á annan hátt til fjárafla. Ef gerð er bronsafsteypa, skal hún og frummyndin varðveitt í safninu.
- e) Sérstaka aðgæslu skal hafa við rykhreinsun myndanna, því að óaðgætni í því efni getur geryðilagt verkið. Bezt er að nota fínan kúst í sambandi við ryksugu, er sýgur í sig rykið áður en það getur þyrlast út í herbergið. Engin ástæða er til að rykhreinsa oftár en á 10 ára fresti við þær aðstæður, sem eru í og umhverfis safnið. Ekki má hreinsa myndirnar með vatni eða nokkrum örðum legi (sem yrði hrein eyðilegging) eða á nokkurn annan hátt en að framan segir. Ef aðrar betri hreinsunaraðferðir verða fundnar upp, ennþá hættuminni fyrir verkin, ber auðvitað að nota þær. Aldrei má setja neina málningu eða gibsvatn á myndirnar, né heldur neinn annan lög. er myndað geti hina allra minnstu húð utan á þá.
- f) Þegar gestum, og þá sérstaklega börnum, er leyft að skoða safnið, ber að hafa vakandi auga á, að þar sé gengið um með gætni, og enginn snerti neinar myndir. Eigi skal neinn hátt með auglýsingum reynt að auka aðsókn fólks að safninu, umfram venjulegar auglýsingar um sýningartíma þess. Þess ber og vandlega að gæta, er um málningu hússins og hreinsun alla eða aðra aðgerð á því er að ræða, að höfð verði full varkárni, og öruggar venjur verði settar um verkin (t.d. trékassi yfir bronslampann).

- g) Ég óska þess, að sérstökum, samviskusömum, trúum og reglusömum gæslumanni verði falið að hafa umsjón með safninu. Hann skal jafnan vera viðstaddur, er aðgerðir fara fram á húsinu eða ef einhverjir koma þar í því skyni að vinna þar að einhverjum lagfæringum, og sjá um, að myndirnar í safninu séu óhultar meðan á slíkum aðgerðum stendur, og yfirleitt skal hann vaka yfir því, að reglum þeim sé fylgt, er ég hefi sett um meðferð og gæslu safnsins. Hvorki gæslumanni né öðrum þeim mönnum, er kynni að starfa við safnið, skal heimilt að nota húsakynni safnsins til bústaðar eða til nokkurra listiðkana eða annarrar vinnu yfirleitt. Bústaður gæslumanns skal vera hús það (garðhús), er stendur sunnan við safnið og byggt hefir verið sérstaklega í þessu skyni. Stjórnarnefnd safnsins ræður gæslumanninn og setur honum erindisbréf.
- h) Það er eindregin ósk mín, að garðurinn umhverfis safnhúsið, sem ég hefi sjálfur skipulagt, mætti vera friðaður, og að jafnan sé um hann örugg girðing.
- i) Stjórn safnsins skal falin nefnd 5 manna, og áskiljum við okkur rétt til að tilnefna menn í hana á meðan okkar nýtur við. En losni sæti í nefndinni eftir andlát okkar beggja, skulu þeir nefndarmenn, er eftir verða, kjósa mann í stað þess er úr nefndinni hvarf.
- j) Það, sem fyrir mér vakir, er, að fullkominn friður fái að ríkja um myndir mínar og ævistarf í komandi tímum, og að þær fái að vera til sýnis í því umhverfi, sem þeim hefir verið búið, og túlka þann sannleika, sem ég tel æðstan, fyrir minni ástkæru þjóð. Til frekari leiðbeiningar fyrir stjórnendur og aðra gæslumenn safnsins, vísa ég til bókar minnar, Minningar, Reykjavík 1944, bls. 345-361.

#### 4.

Við áskiljum okkur rétt til að búa í safnhúsinu, meðan við bæði eða annað okkar lilfir. Stjórn safnsins höfum við með höndum meðan við lifum, bæði eða annað, nema því aðeins að við kjósum fyrr að fela hana væntanlegri stjórnarnefnd.

5.

Við lát okkar, sem lengur lifir, skal sumarbústaður okkar á Galtafelli verða eign systkina minna, Einars Jónssonar, þeirra frú Guðnýjar Jónsdóttur og Bjarna Jónssonar eða niðja þeirra, verði annað þeirra eða bæði þá fallin frá. Sumarbústaðinn skulu þau erfa með öllum lóðarréttindum, sem við eigum á Galtafelli. Svo skulu þau og eignast sumardvalarherbergi þau tvo, sem við eigum inni við bæinn á Galtafelli. Jafnframt áskiljum við að sú kvöð verði á lögð, að hvorki byggingar né önnur mannvirki verði gerð í svonefndri Gyltubrekku.

6.

Með arfleiðsluskrá þessari er felld úr gildi arfleiðsluskrá okkar frá 30. ágúst 1923, svo og viðbót við þá arfleiðsluskrá, gerð 12. júní 1951.

Til staðfestu ritum við nöfn okkar hér undir í viðurvist tveggja vitundarvotta. Skál færa arfleiðsluskrána inn í notarialbókina hjá borgarfógeta, og skál staðfest útskrift af henni úr bókinni hafa sama gildi og frumrit, ef frumritið sjálft kemur ekki fram.

Reykjavík, 11. september 1954

Einar Jónsson (handskrifað)

Anna Jónsson (handskrifað)

Við undirritaðir, sem kvaddir höfum verið til að votta undirritun ofanritaðrar arfleiðsluskrár, vottum hér með, að arfleiðendurnir hafa bæði undirritað hana með fullu ráði og af fúsum og frjálsum vilja.

Reykjavík, 11. september 1954

Halldór Jónasson (handskrifað)

Eftir andlát Einars 18. október 1954 annaðist Anna safnið eins og hann hafði óskað eftir. Var hún á launaskrá ríkisins ásamt afgreiðslu- og vaktkonum safnsins enda orðin forstöðumaður safnsins. En að Einari liðnum var erfiðara að ná eyrum ráðamanna og ýmissa velunnara. Í blaðaviðtölum kemur fram að oft hafi henni fundist hún vera ein og óstudd en ekki hvarflaði að henni að gefast upp og hélt hún áfram ótrauð, hljóðlát eins og verið hafði hennar háttur.<sup>44</sup>

Það er ekki fyrr en árið 1968 að skipað er í fimm manna stjórnarnefnd eins og hafði verið kveðið á um í erfðaskrá Einars Jónssonar frá árinu 1954. Í þessari fyrstu nefnd voru: frú Anna Jónsson, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, séra Jón Auðuns dómprófastur, Kristján Eldjárn þjóðminjavörður og Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður. Þá var Anna Jónsson kosin formaður stjórnar, en hún var einnig starfandi forstöðukona safnsins.<sup>45</sup> Í fundargerð tveimur árum síðar kemur fram að Anna er tilbúin til að hætta störfum og koma ábyrgðinni fyllilega á aðrar hendur enda orðin 85 ára gömul. Var þá Jón Auðuns kosinn formaður safnstjórnar í stað Önnu en sat hún þó áfram í safnstjórn. Einnig var óskað eftir því að Jón tæki við safnvörslunni. „Frú Anna Jónsson hefur haft safnvörzluna á hendi síðan eigimaður hennar andaðist. Hún hefur nú látið í ljós, að hún vildi láta af þeim starfa og lýst sig fylgjandi því, að sr. Jón Auðuns tæki við safnvörzlunni. Nefndarmenn fóru þess á leit við sr. Jón Auðuns, að hann tækist á hendur safnvörzluna frá 1. janúar 1971 að telja, að áskildu samþykki menntamálaráðherra.“<sup>46</sup> Þetta gekk eftir og Anna Jónsson lét af störfum sem forstöðumaður safnsins um áramót 1970-1971 og tók Jón Auðuns við stöðunni. „Annast hann alla umsjón með safninu en hefir til aðstoðar tvær konur, sem sýna safnið daglega mánuðina maí -sept. Hina sjö mánuði ársins annast hann safnið einn að öllu leyti. Með samþykki ráðherra heldur ekkja listamannsins, frú Anna Jónsson, þeirri þóknun, sem henni hefir áður verið greidd.“<sup>47</sup>

Eins og fram hefur komið var húsið byggt á stríðstíma og árunum eftir fyrri heimstyrjöld og reyndist í sumum efnum lítt vandað. Það var kalt og lekt. Oft skorti þar bæði vatn og hita. Árið 1980 var gerð úttekt á ástandi safnhússins á vegum Húsameistara ríkisins, Eldvarnareftirlits Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur að beiðni stjórnarnefndar safnsins, í ljósi þess að lítið hafði verið lagt til viðhalds hússins um áratuga skeið. Kom það á daginn að ýmsu var ábótavant sem brýnt væri að ráða bót á. Gluggar voru

óþéttir, útihurðir sundurbrunnar af ryði, málning öll mjög slitin og áberandi skemmdir á loftum og víðar eftir leka frá þaki og gluggum. Raflagnir voru einnig úr sér gengnar.<sup>48</sup>

Um þetta leyti var tiltölulega nýtekinn við nýr forstöðumaður, Ólafur Kvaran listfræðingur. Hann hafði verið ráðinn til að veita safninu forstöðu árið 1978 og kom inn með kraft og nýja strauma.<sup>49</sup> Ráðist var í miklar endurbætur á safnhúsinu. Mikil þrengsli voru í byggingunni og á neðri hæð hússins ægði saman listaverkum, geymsluskápum, innréttingum og fleiru sem voru leifar frá því er húsið var vinnustaður og heimili Einars og Önnu. Stjórn hafði ákveðið árið 1971 að varðveita íbúð þeirra hjóna á efstu hæð safnhússins í því horfi er hún var í þeirra tíð og hafa til sýnis eins og aðra hluta safnsins. Var það í höndum Önnu að koma henni í það horf ásamt því að skrá bókasafn Einars sem telur um tvö þúsund rit.<sup>50</sup> Má segja að varðveisla íbúðarinnar á efstu hæð sé vísir að minjasafni. Stjórn taldi hins vegar óþarfa að varðveita ýmislegt er við kom fyrrum búsetu þeirra hjóna á neðstu hæð hússins. Nýir og breyttir tímar kölluðu einnig á meira rými fyrir safngesti og áhersla var lögð á að skapa aðstæður til að halda fyrirlestra og taka á móti skólahópum.

Ráðist var í það verkefni að velja tuttugu og fimm verk til að gera eirafsteypur af, eins og hafði verið einlæg ósk Einars að öll hans verk yrðu steipt í eir, og slá tvær flugur í einu höggi með því að koma þeim fyrir í garðinum sem Einar og Anna höfðu ræktað sunnan við safnhúsið. Garðurinn átti jafnframt að vera opinn almennungi sem hafði ekki verið raunin fram að þessu. Hluti sýningarsvæðisins var með öðrum orðum fluttur út fyrir veggj safnsins um leið og rýmkaðist inni þar sem þau verk er flutt voru út stóðu áður. Þannig var safnið allt gert aðgengilegra fyrir safngesti. Ekki er víst að Einar og Anna hefðu verið ánægð með þessar ráðstafanir, því stranglega er kveðið á um í arfleidsluskrá (sem jafnframt er stofnskrá safnsins) að engu megi breyta. Á móti kemur að þar er jafnframt kveðið á um að verk verði færð í eir og eirverkin látin standa í safninu ásamt fyrri verkum. Ef þetta hefði gengið eftir hefði verið erfitt að ganga um safnið eða nýta á annan hátt miðað við kröfur og þarfir samtímans um rekstur listasafns. Í ljósi þessa var ákveðið að rýmka til í sýningarrýmum og ráðast í aðrar breytingar. Að sjálfsögðu er það grunnþáttur safnsins að varðveita og sýna list Einars Jónssonar en einnig húsið og rýmið sem er sköpunarverk hans og minnisvarði þess tíma er það var reist.

## Betur má ef duga skal

Safnstjórar frá því að Anna Jónsson lét af störfum hafa verið: Jón Auðuns 1971 – 1978, Ólafur Kvaran 1978 – 1991, Hrafnhildur Schram 1991 – 1999, Júlíana Gottskálksdóttir 2000 – 2013 og núverandi safnstjóri er Sigríður Melrós Ólafsdóttir sem tók við í ársbyrjun 2014. Safnstjóri er eini fastráðni starfsmaður safnsins og leiðir allt starf safnsins í samráði við stjórn safnsins. Safnstjórar á hverjum tíma hafa haft sínar áherslur auk þess að takast á við þau verkefni sem aðkallandi hafa verið á hverjum tíma. Þannig var það Ólafur Kvaran sem leiddi safnið í gegnum þær breytingar að fara úr þeim föstu skorðum er stofnendur höfðu sett. Má segja að safnið hafi verið fram að komu Ólafs eins og opin geymsla, leifar af þeirri tíð er safnið var einnig heimili og vinnustofa þeirra hjóna.<sup>51</sup> Einar hafði gert sitt besta til að koma öllu sem best fyrir og krafa hans um að engu skyldi breyta mótaðist líklega fyrst og fremst af tortryggni og til að fyrirbyggja að safnið væri tekið til annarra nota, að sýna það skýrt og leggja áherslu á til hvers var stofnað í upphafi. Þess má geta að aðstæður Listasafns Íslands voru ekki góðar á þessum tíma er Einar gerði síðustu útgáfu erfðaskrár sinnar. Á þeim tíma var allt í óvissu með hvar listaverkæign Listasafns Íslands yrði endanlega komið fyrir og safnið ekki enn komið í eigið húsnæði.<sup>52</sup> Í því samhengi er eðlilegt að Einar óttaðist um afdrif Listasafns Einars Jónssonar.

Áðurnefndar breytingar, sem Ólafur Kvaran leiddi, fólust í því að opna faðminn mót safngestum og auka heimsóknir á safnið. Endurbætur og viðhald á húsnæðinu voru aðkallandi en það var orðið illa farið og vanrækt til margra áratuga, eins og áður hefur komið fram. Rýmkað var til á sýningu safnsins, safngripum að einhverju leyti endurraðað og tuttugu og fimm stytur steypar í brons og færðar út í garð. Þannig jukust möguleikar á fræðslustarfi og hægt að taka á móti skólahópum og halda fyrirlestra og málþing. Á sama tíma var komið á fót föstum og kerfisbundnum heimsóknum grunnskólanema.<sup>53</sup> Garðurinn sunnan safnbyggingar sem Einar og Anna höfðu ræktað upp, en haldið lokuðum og aðskildum frá safninu, var endurskipulagður og endurhannaður með tilliti til þess að áðurnefndar afsteypur nytu sín sem best. Hönnun garðsins var í höndum Reynis Vilhjálmssonar landslagsarkitekts og uppröðun verka var í höndum Steinþórs Sigurðssonar listmálara sem einnig kom að endurskipulaginu inni í safninu sjálfu. Garðurinn var opnaður

almenningi á 60 ára afmæli safnsins árið 1983.<sup>54</sup> Bronsafsteypur og allur kostnaður við garðinn var kostaður með sölu á afsteypum, enda ekki hefð fyrir því að ríkissjóður legði fé í garðinn og umhirðu hans. Gerðar voru sérstakar afsteypur í upplagi og seldar til að hægt væri að standa straum af umræddum kostnaði.<sup>55</sup> Einar hafði verið svo forsjáll að stofna sjóð, sokaallaðan afsteypusjóð til að standa straum af eirafsteypum verka sinna og tekjuöflun sjóðsins var og er enn, að hans frumkvæði, sala á afsteypum verka hans og bókasala.<sup>56</sup>

Ólafur skrifaði doktorsritgerð sína um list Einars í safninu og fékk mikinn stuðning við það frá stjórn safnsins. Þarna var unnin mikil rannsóknarvinna, sem safnið hefur búið að síðan. Auk þessa var farið út í töluverða bókaútgáfu. Safnið gaf út ritgerðir og tók þátt í bókaútgáfu með Skuggsjá, en árið 1982 var gefin út mikil myndabók um listamanninn, Einar Jónsson myndhöggvari. Í framhaldinu svo endurútgefin bók Einars, Minningar og skoðanir árið 1983. Safnið gaf svo út ritgerð Guðmundar Finnbogasonar, Einar Jónsson myndaskáld í bæklingi. Allt þetta kvað Ólafur Kvaran hafa verið mögulegt vegna virkrar og duglegrar stjórnar sem stóð ætíð þétt við bakið á honum að framgangi mála. Mikinn feng sagði Ólafur hafa verið þegar Hörður Bjarnason fyrrverandi húsameistari ríkisins settist í sæti formanns stjórnar í byrjun níunda áratugarins. Hann var nýkominn á eftirlaun og með óþrjótandi starfsþrek og þekkingu á innviðum hins opinbera.<sup>57</sup>

Er Hrafnhildur Schram tók við safninu 1991 var aftur farið að síga á ógæfuhliðina hvað varðar viðhald á þökum, gluggum og ytra byrði safnsins enda húsnaðið afar viðkvæmt gagnvart raka. Upplifði hún safnið í niðurníðslu, lekataumar niður veggj og á stöku listaverki Einars. Náði hún góðu sambandi við þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, sem sýndi safninu mikinn áhuga og skilning. Ráðist var í viðgerðir og lekar stöðvaðir og safnið málað hátt og lágt að innan. Hrafnhildi fannst stjórn safnsins fremur íhaldssöm framan af og hamlandi varðandi framþróun í safnastarfi og nýjungum tekið með tortryggni, þó allt hefði verið á vinsamlegum nótum. Í stjórn safnsins sátu þá: Ármann Snævarr formaður, Runólfur Þórarinnsson varaformaður, Guðmundur Benediktsson, Sr. Pétur Sigurgeirsson og Sveinn Björnsson.<sup>58</sup> Opnunartími var stuttur og fáu mátti breyta en hún kom því þó í gegn að hafa tónleika í safninu sem var nýlunda en hefur verið sjálfsagður liður í starfinu allar götur síðan. Ýmislegt fleira gerði hún til að halda þeirri





Stilla úr *Andsetningu*, vídeóverki Önnu Hallin og Olgu Bergmann, sem sýnt var meðal annarra verka þeirra á samnefndri sýningu á Vetrarhátíð í febrúar 2019. Mynd: Anna Hallin.

vegferð áfram sem hófst um 1980 að opna safnið betur almenningi og gera það aðgengilegra. Meðal annars voru hlið höggmyndagarðsins höfð opin allan sólarhringinn og lýsing í garðinum bætt. Hrafnhildi tókst að koma því svo fyrir í íbúð Einars og Önnu að óhætt taldist að hafa hana opna öllum safngestum á opnunartíma safnsins en áður hafði hún verið lokað að jafnaði en sýnd eftir pöntunum og þá aðeins í fylgd safnvarðar.<sup>59</sup>

Um aldamótin tók Júlíana Gottskálksdóttir við keflinu. Þá var viðhald fasteigna að komast í gott horf hjá Fasteignum ríkisins sem tóku við vörslu húseignanna árið 2005. Reglulegt viðhald er afar mikilvægur liður í varðveislu safnsins þannig að safnmunum stafi ekki hætta af utanaðkomandi aðstæðum en einnig er safnhúsið sjálft mikilvægt menningarsögulega séð og er nú alfríðað. Júlíana vann að friðun hússins og margslungnar húsarannsóknir

voru unnar í samvinnu við Pétur Ármannsson arkitekt og sviðsstjóra hjá Minjastofnun Íslands. Þarfagreining var einnig gerð og í kjölfarið ráðist í það verkefni að teikna þjónustubyggingu fyrir safnið. Geymsluhúsi við Freyjugötu var komið í gott horf en safnið varðveitir ævistarf Einars Jónssonar. Á safninu var varðveitt mikið bréfasafn Einars og Önnu. Júlíana sá til þess að það var skráð og flutt til varðveislu í Þjóðskjalasafni. Einnig var safnmunaskrá flutt í rafrænt form. Unnið var að útgáfumálum og fræðslubæklingar gefnir út og vegleg heimasíða smíðuð. Júlíana áttaði sig á verðmæti fólksins er starfaði við gæslu, og virkjaði það markvisst til góðra verka. Hún lagði áherslu á að vinna með ungu fólki og fá það til ýmissa verkefna, þannig hélt hún lífi í ýmsum glæðum og ungt fólk á fræðibraut fékk tækifæri til að spreyta sig um leið og það bast safninu og arfleið Einars böndum.<sup>60</sup>

Frá því 2014 er Sigríður Melrós Ólafsdóttir tók við hefur verið lögð áhersla á að auka umræðu um safnið og gera það sýnilegra. Unnið er að því að ná til samfélagsins nær og fjær og öflugasta tækið hefur reynst internetið og samfélagsmiðlarnir, auk þess sem skólahópum á öllum stigum er boðið í safnið. Opnunartími hefur verið rýmkaður verulega frá því að vera opið þrjá tíma á dag og lokað hluta árs yfir í daglega opnun, sex daga vikunnar frá klukkan 10 – 17 árið um kring. Aðstaða til þjónustu við safngesti er þó afleit og í takmörkuðum takti við þær kröfur sem eru gerðar í dag, svo sem salerni, safnbúð, fatahengi, rými fyrir sérsýningar og ítarefni, gestamóttöku og kaffihús svo eitthvað sé talið. Varðveislumálum á safnkosti mætti einnig bæta úr. Af þeim sökum er unnið ötullega að því að gera áður nefnda þjónustubyggingu sem búið er að hanna, teikna og undirbúa, að veruleika. Stjórn safnsins og safnstjóri standa þétt saman í því máli en ákvörðun liggur hjá mennta- og menningarmálaráðherra.

Varðveisla og viðhald húsakosts er komið í góðan farveg hjá Fasteignum ríkisins en koma þyrfti viðhaldi listaverka í svipaðan farveg og liggur fyrir mikið starf þar. Stærð safneignar er ekki alveg ljós þó að meginverk safnsins séu nú skráð í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp. Árið 2017 var hafist handa um skráningu safneignar í Sarp og eru nú á fjórða hundrað verka skráð en eftir er að skrá þar inn mikið af teikningum, skissum, ljósmyndum og munum er tilheyrðu Einari og Önnu og fjallar um líf þeirra í safninu. Einnig er nú unnið að því að koma bókasafni í stafræna skráningu. Stærsti gripurinn er húsið sjálft, Hnitbjörg, sem er höfundarverk Einars Jónssonar og merkilegt

fyrir margra hluta sakir. Til að tryggja varðveislu hússins í upprunalegri mynd, en jafnframt mæta þörfum gesta og kröfum um aukið þjónusturými þarf að reisa þjónustubygginguna sem búið er að hanna og vinna alla þá vinnu sem til þarf svo hús megi rísa, utan fjármögnun.

Eini faglegi og fastráðni starfsmaður safnsins í gegnum tíðina hefur verið safnstjóri sem sinnir öllum störfum utan afgreiðslu, gæslu og ræstingar. Ábyrgðin og krafan á einn aðila er mikil og ljóst að ekki er hægt að þoka miklu áfram við svo búið. Betur má ef duga skal.

## Lokaorð

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeirri rúmu öld frá því að hugmyndir þær er leiddu til safnbyggingar fæddust. Listasafn Einars Jónssonar reis og stutt er í 100 ára afmælið. Hvað varðar ytri ásýnd safnsins þá hefur lítið breyst en innri starfsemi hefur tekið breytingum eftir því hvernig vindar blása hverju sinni og tíðarandinn segir til um í safnamálum og menningarrekstri. Safnið var reist á grunni þjóðernishyggu í stjórn- og menningarmálum og jafnframt mótað af hugmyndum Einars um hvernig stofnunin safn ætti að vera. Á tímum Einars og Önnu voru börn ekki æskilegir safngestir nema þeirra væri vandlega gætt í fylgd fullorðinna. Í dag hins vegar er yngsti gesturinn verðmætastur, hann er framtíðin og allt gert til að lokka og laða hann að. Honum fylgja foreldrar, afar og ömmur og síðar hans eigin börn.

Frá því um 1980 hefur verið unnið að því að gera safnið aðgengilegra öllum almenningi svo starfsemin sé í takt við hugmyndir samtímans um erindi mennta- og menningarstofnana. Þetta hefur gengið í mismunandi sprettum og framtíðarmarkmiðin eru stór. Mikið starf er óunnið á sviði rannsókna hjá Listasafni Einars Jónssonar því að í safninu er einstakur efniviður til þekkingaröflunar. Það ætti ekki að vera áhyggjumál þar sem mikið af fólki menntast árlega til slíkra rannsókna en stærri sjóði þarf þó til að koma slíkum verkefnum á koppinn. Einnig þarf safnið að svara kalli gesta um aukna þjónustu sem ekki er hægt að veita vegna annmarka safnbyggingarinnar. En nú standa björtustu vonir til þess að á aldarafmælinu árið 2023 verði hægt að opna nýja þjónustubyggingu við safnið og manna þær stöður er safnið þarfnast til að geta blómgast og borið ávöxt.

### Óprentaðar heimildir

- Einar Jónsson. Bréf til Stjórnarráðs Íslands, 29. desember 1915. Þjóðskjalasafn Íslands
- Einar Jónsson, Bréf til Stjórnarráðs Íslands, 8. febrúar 1933. Skjalasafn Listasafns Einars Jónssonar.
- Fundargerðir stjórnar Listasafns Einars Jónssonar. Skjalasafn Listasafns Einars Jónssonar.
- Gjafabréf Einars Jónssonar til Alþingis, 20. febrúar 1909. Skjalasafn Alþingis.
- Greinargerð, 21. júní 1971. Skjalasafn Listasafns Einars Jónssonar.
- Hrafnhildur Schram. Viðtal við höfund, 2. nóvember, 2017.
- Hörður Bjarnason ártal óþekkt en áætlað 1981. Greinargerð. Skjalasafn Listasafns Einars Jónssonar.
- Jón Auðuns. Samningur milli sr. Jóns Auðuns stjórnarformanns Listasafns Einars Jónssonar f.h. safnstjórnarinnar, og Ólafs Kvarans listfræðings sem forstöðumanns safnsins. 24. júní 1978. Skjalasafn Listasafns Einars Jónssonar.
- Ólafur Kvaran. Viðtal við höfund, 1. nóvember, 2017.
- Sigurður Trausti Traustason. Viðtal við höfund, 8. nóvember 2017.
- Starfsreglur afsteypsjúðs Listasafns Einars Jónssonar, 7. febrúar 1995. Skjalasafn Listasafns Einars Jónssonar.

### Prentaðar heimildir

- Alþingistiðindi 1914B.
- Bjarni Jónsson, „Einar Jónsson frá Galtafelli“, Ingólfur, 17. mars 1907, 41.
- Björn Th. Björnsson, Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld: drög að sögulegu yfirliti. I bindi. Reykjavík: Helgafell, 1964.
- Bragi Bergsson, Almenningsgarðar í Reykjavík. Minjasafn Reykjavíkur, 2004.
- „Einar Jónsson myndhöggvari“, Heimskringla, 19. janúar 1911, 2.
- „Einar Jónsson frá Galtafelli“, Fjallkonan 21. mars 1911, 30.
- Einar Jónsson, Minningar og skoðanir. Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1983.
- Elín Pálmadóttir, „Konan í kastalanum á Skólavörðuholtinu“, Morgunblaðið 24. desember 1965, 6-8.
- „Gestir í safni Einars Jónssonar flestir erlendir“, Morgunblaðið 25. júní 1963, 13
- Gísli Sigurðsson, „Út í dagsljósið“, Lesbók Morgunblaðsins, 27. nóvember 1984, 9-10.
- Grétar Fells, „Steinarnir tala“, Sunnudagsblað Tímans, 1. ágúst 1965, 676-678.
- Guðmundur Finnbogason, „Íslenskt Myndasafn“, Fjallkonan 4. janúar 1907, 1-2.
- Guðmundur Finnbogason, „Gjöf Einars Jónssonar myndasmiðs“, Ísafold 13. febrúar 1909, 33
- Jón Sigurðsson, „Hjá Einari Jónssyni listamanni“, Ingólfur 15. nóvember 1908, 181.
- Helgi Hannesson, „Hnitbjörg“, Morgunblaðið, 17. ágúst 1923, 3-4.
- Jónas Jónsson, „Einar Jónsson, myndhöggvari“, Vísir, 21. desember 1954, 4.
- Ólafur Kvaran, „Brautryðjendur í upphafi aldar.“ Í Íslensk listasaga: Frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar. I bindi. Landslag, rómantik og symbolismi. Ritstjóri Ólafur Kvaran. Reykjavík: Listasafn Íslands og forlagið, 2011.
- Ólafur Kvaran. Einar Jónsson myndhöggvari. Verk, tákneimur og menningarsögulegt samhengi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2018.
- Sigríður Thorlacius, „Nú er það mitt hlutskipti að ganga svo um garðinn og safnið , að það sé verðug umgerð um list Einars“, Tíminn, 13. apríl 1961, 9 og 13.
- Þorsteinn Erlingsson, „Íslenskar listir og vísindi“. Ísafold, 22. júlí 1914, 219.

## Vefheimild

Júlíana Gottskálksdóttir, „Listasafn Einars Jónssonar 90 ára“, 2013. Sótt 12. 11. 2018 af <http://www.lej.is/heimildasafn/greinar/>.

## Neðanmálgreinar

- 1 Einar Jónsson, Minningar, 266-267.
- 2 Gjafabréf Einars Jónssonar til Alþingis, 1909
- 3 Jón Sigurðsson, „Hjá Einari Jónssyni listamanni“, 1908.
- 4 Guðmundur Finnbogason, „Gjöf Einars Jónssonar myndasmiðs“, 1909, 33.
- 5 Bjarni Jónsson, „Einar Jónsson frá Galtafelli“, 1907.
- 6 Björn Th. Björnsson, Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld, 55.
- 7 Bjarni Jónsson, „Einar Jónsson frá Galtafelli“, 1907.
- 8 Guðmundur Finnbogason, „Íslenskt Myndasafn“, 1907.
- 9 Ólafur Kvaran, „Einar Jónsson Myndhöggvari“, 2011, 122.
- 10 Sama heimild, 126.
- 11 Sama heimild.
- 12 Guðmundur Finnbogason, „Gjöf Einars Jónssonar myndasmiðs“, 1909, 33.
- 13 Björn Th. Björnsson, Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld, 55
- 14 Ólafur Kvaran, „Brautryðjendur í upphafi aldar“, 75.
- 15 Einar Jónsson, Minningar, 232.
- 16 Júlíana Gottskálksdóttir, „Listasafn Einars Jónssonar 90 ára.“
- 17 Einar Jónsson, Minningar, 240.
- 18 Einar Jónsson, Minningar, 239-240.
- 19 „Einar Jónsson myndhöggvari“, 1911, 2 .
- 20 „Einar Jónsson frá Galtafelli“, 1911, 30.
- 21 Ólafur Kvaran, Einar Jónsson myndhöggvari, 172.
- 22 Þorsteinn Erlingsson, „Íslenskar listir og vísindi“, 219.
- 23 Alþingistíðindi 1914B, 424.
- 24 Sama heimild, 434
- 25 Sama heimild, 223.
- 26 Ólafur Kvaran, Einar Jónsson myndhöggvari,, 181.
- 27 Einar Jónsson, Minningar, 272.
- 28 Sama heimild, 275.
- 29 Einar Jónsson, 1933..
- 30 Júlíana Gottskálksdóttir, „Listasafn Einars Jónssonar 90 ára.“
- 31 Einar Jónsson, Minningar og skoðanir, 199.
- 32 Júlíana Gottskálksdóttir, „Listasafn Einars Jónssonar 90 ára.“
- 33 Sigríður Thorlacius, „Nú er það mitt hlutskipti að ganga svo um garðinn og safnið , að það sé verðug umgerð um list Einars“, 1961.
- 34 Jónas Jónsson, „Einar Jónsson, myndhöggvari“, 1954.
- 35 Helgi Hannesson, „Hnitbjörg“, 1923, 3
- 36 „Gestir í safni Einars Jónssonar flestir erlendir“, 1963.
- 37 Sigríður Thorlacius, „Nú er það mitt hlutskipti að ganga svo um garðinn og safnið , að það sé verðug umgerð um list Einars“, 1961, 9.
- 38 Sama heimild.
- 39 Jónas Jónsson, „Einar Jónsson myndhöggvari“, 1954.
- 40 Elín Pálmadóttir, „Konan í kastalanum á Skólavörðuholtinu“, 1965.
- 41 Júlíana Gottskálksdóttir, „Listasafn Einars Jónssonar 90 ára.“
- 42 Einar Jónsson, Minningar, 346.
- 43 Grétar Fells, „Steinarnir tala“, 1965, 678.

- 44 Sigríður Thorlacius, „Nú er það mitt hlutskipti að ganga svo um garðinn og safnið , að það sé verðug umgerð um list Einars“, 1961.
- 45 Fundargerðir stjórnar Listasafns Einars Jónssonar, 27. febrúar 1968.
- 46 Fundargerðir stjórnar Listasafns Einars Jónssonar, 20. nóvember 1970.
- 47 Greinargerð 21. júní 1971.
- 48 Hörður Bjarnason ártal óþekkt en áætlað 1981.
- 49 Jón Auðuns, 1978.
- 50 Fundargerðir stjórnar Listasafns Einars Jónssonar, 21. janúar 1971.
- 51 Ólafur Kvaran. Viðtal við höfund, 2017.
- 52 Einar Jónsson, Minningar, 351
- 53 Ólafur Kvaran. Viðtal við höfund, 2017.
- 54 Bragi Bergsson, Almenningsgarðar í Reykjavík, 2004.
- 55 Gísli Sigurðsson, „Út í dagsljósið“, 1984.
- 56 Starfsreglur fyrir afsteyppusjóð Listasafns Einars Jónssonar, 1995
- 57 Ólafur Kvaran. Viðtal við höfund, 2017.
- 58 Fundargerðir stjórnar Listasafns Einars Jónssonar, 10. maí 1991.
- 59 Hrafnhildur Schram. Viðtal við höfund, 2017.
- 60 Sigurður Trausti Traustason. Viðtal við höfund, 2017.

# Listasafn Vestmannaeyja

Kári Bjarnason

Listasafn Vestmannaeyja rekur upphaf sitt til Þorsteins Þ. Víglundssonar, eins mesta afburðamanns í menningarsögu Eyjanna. Þorsteinn var stofnandi og forstöðumaður Bygðarsafns Vestmannaeyja (eins og hann ritaði ævinlega) frá stofnun þess, 1932 til 1978. Á vegum bygðasafnsins var um tíma Þorsteins safnað ýmiss konar munum frá atvinnu- og hversdagslífi Eyjanna en einnig hvers kyns öðrum menningarverðmætum Vestmannaeyja svo sem fundargerðabókum, skjalasöfnum, Vestmannaeyjablöðum og -bókum, ljósmyndum og listaverkum. Vestmannaeyjar í öllum sínum margbreytileika og framþróun voru viðfangsefni meginþorra alls safnefnisins. Samkvæmt aðfangaskrá drógu listaverkin einnig dóm af meginstefnunni og voru í upphafi í yfirgnæfandi meirihluta af Vestmannaeyjum eða eftir Vestmannaeyinga. Þó var einnig safnað, eða þegið að gjöf, listaverkum viðurkenndra listamanna ofan af fastalandinu. Þessir efnisþættir hafa æ síðan verið höfuðeinkenni Listasafns Vestmannaeyja, þaulsöfnun listaverka af Vestmannaeyjum og eftir sem allra flesta Vestmannaeyinga sem og verk eftir íslenska listamenn sem töldust virtir eða frægir. Löngu síðar átti margt af því sem upphaflega var safnað saman af frumkvöðlinum eftir að mynda sjálfstæðar safneiningar sem ljósmyndasafn, skjalasafn og listasafn auk sérstakrar áttahagadeildar innan bókasafns. Allar þessar safneiningar urðu upphaflega til sem hluti af starfsemi Bygðasafns Vestmannaeyja en uxu smám saman þaðan og tóku að dafna á eigin forsendum. Allar heyra þær nú undir forstöðumann Safnahúss Vestmannaeyja ásamt bókasafninu. Það má því með sanni segja að Þorsteinn Þ. Víglundsson hafi verið frumkvöðull í söfnun og varðveislu menningararfs Vestmannaeyja nánast í hvaða formi sem er allt frá því fyrst var farið að huga kerfisbundið að þeim málum. Þáttur Þorsteins verður því aldrei ofmetinn.

En þar lét frumkvöðullinn þó ekki staðar numið. Miðlun hinnar sérstæðu menningar sem kalla má vestmannaeynska var ævinlega sérstakt áhugamál Þorsteins. Árið 1936 brýtur hann í menningarblað með stofnun tímaritsins Blik, ársrit Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum, sem kom út allt til 1980, þó ekki á hverju ári. Sem ritstjóri þess og ábyrgðarmaður alla tíð miðlaði hann ótrúlegri þekkingu sinni á menningararfi Vestmannaeyja og fékk fjölda



einstaklinga til liðs við sig við skrifin. Sá sem hér tekur saman þekkir af eigin reynslu að það að lesa í Bliki reglulega er besta nám um menningararf Vestmannaeyja sem til er. Þegar haft er í huga að ritið er samtals hvorki meira né minna en 5.000 blaðsíður og stútfullt af fróðleik um fyrri tíð er ljóst að alltaf má finna eitthvað nýtt, eitthvað spennandi um menningararfinn sem ekki var vitað áður. Árið 2011, eða 75 árum eftir að tímaritið hóf göngu sína, stóð Bókasafn Vestmannaeyja og ritstjórn Heimaslóðar í samstarfi við fjölskyldu Þorsteins fyrir því að koma öllu efni þess á Heimaslóð, sem er sögu- og menningarvefur um Vestmannaeyjar (sjá heimaslod.is). Þangað er að leita fyrstu spora þess er síðar varð safneiningin Listasafn Vestmannaeyja.

Í skýrslu sem Þorsteinn tekur saman um Gagnfræðaskólann fyrir árin 1958-1959 segir hann á einum stað:

„Á uppstigningardag, 7. maí, [1959] hélt Gagnfræðaskólinn og Byggðarsafnsnefnd Vestmannaeyja [5 manna nefnd og var Þorsteinn alla tíð formaður nefndarinnar] sameiginlega sýningu í Gagnfræðaskólabyggingunni eins og verið hefur nokkur undanfarin vor. [...] Hreinar tekjur af sýningunni urðu samtals kr. 6.500,00. Byggðarsafnsnefndin fékk upphæð þessa til ráðstöfunar, og keypti hún fyrir hana 3 málverk, sem Engilbert Gíslason, málarameisteri, hafði málað af gömlum húsum og hverfum á Heimaey, og hafði hann gert riss af þessum málverkum um aldamót. Byggðarsafnsnefndin ætlast til, að málverk þessi verði eilítill vísir að listasafni á kaupstaðnum. Byggðarsafnsnefndin bauð um 80 gestum á sýninguna, fólki, sem sýnt hafði Byggðarsafni kaupstaðarins sérstakan velvilja og skilning. Þegar þetta er skráð, hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja keypt málverk af Sveini Björnssyni, listmálara, og afhent Byggðarsafnsnefnd til varðveislu og lagt þannig sitt til vísisins að listasafni bæjarins.“<sup>1</sup>

Listasafnið átti þó enn langt í land með að verða sjálfstæð safneining. Árin liðu og listaverkasöfnunin var áfram aðeins einn þáttur í þeirri margþættu viðleitni Þorsteins að varðveita atvinnu-, þróunar- og menningarsögu Vestmannaeyja. Í grein Helgu Hallbergsdóttur safnstjóra um Sagnheima, byggðasafn Vestmannaeyja segir hún á einum stað: „Allnokkur málverk voru í eigu byggðasafns, m.a. verk eftir Engilbert Gíslason (1877-1971)



Þorsteinn P. Víglundsson fékk málverkið að gjöf á sjötugsafmæli sínu hinn 19. október 1969 frá stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja en Þorsteinn var sparisjóðsstjóri þar árin 1942-1974. Guðni Hermansen málaði verkið og dagsetur það á afmælisdaginn. Útibú Landsbankans í Vestmannaeyjum færði Vestmannaeyjabæ verkið að gjöf árið 2016. Mynd: Listasafn Vestmannaeyja.

og Kristinn Ástgeirsson (1894-1981). Báðir máluðu þeir myndir sem voru einkennandi fyrir atvinnuhætti, verklag og mannlíf í Eyjum fyrr á öldum. Hvatti Þorsteinn þá til dáða og keypti byggðasafnið nokkur slík verk.<sup>42</sup> Hér kemur fram mikilvægt framlag listasafnsins. Þorsteinn er ekki einasta að safna úr því sem að berst, hann er ekki bara að varðveita. Eitt af því sem gerir þátt Þorsteins svo einstakan er að á meðvitaðan hátt er hann að kortleggja hið sérstæða í sögu og menningu Vestmannaeyja og fylla með því upp í allar eyður sem hann kemur auga á. Listaverkasöfnun hans gegnir öðrum þræði því hlutverki að bregða upp mynd af því sem var en er ekki lengur varðveitt með neinum sýnilegum hætti, hvort heldur það voru gömlu tómthúsin sem höfðu vikið fyrir reisulegri húsum eða andartaksmyndir af vinnubrögðum sem voru horfin. Með því að leita til listamanna á borð við Engilbert Gíslason sem lærði málaraiðn í Kaupmannahöfn á árunum 1899-1903 og gjörþekkti Vestmannaeyjar fyrri tíðar þá fékk Þorsteinn í hendur traustar heimildir eins og um ljósmyndir væri að ræða, unnar af fagmanni, um hvaðeina sem hann vanhagaði um eða vildi sýna eftirkomendum.

Þáttaskil í sögu listasafnsins verða síðan þann 18. janúar 1967 er hjónin Sigfús M. og Jarþrúður Johnsen „seldu bænum að nafninu til“ þrjátíu og fjögur málverk eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval. Þorsteinn sem skrifar um þennan einstæða viðburð í Bliki 1969 segir svo frá tilurð málsins:

„Við Sigfús M. Johnsen höfðum nokkrum sinnum á það minnzt, að ánægjulegt væri og ómetanlegt menningu Vestmannaeyja, ef tök yrðu á að stofna þar til listaverkasafns, og margur Vestmannaeyingur mundi láta af hendi rakna til þess góðar gjafir, væri það til á annað borð. Sérstaklega ræddum við þetta velferðarmál okkar á milli í einrúmi, er ég heimsótti þau hjón að Laufásvegi 79 í Reykjavík, eftir að þau fluttu héðan 1949. Það hef ég iðulega gert s.l. 20 ár mér til mikillar ánægju og sálubótar. Sérstaklega hafði ég hug á, að bæjarfélagið okkar mætti með tíð og tíma eignast einhvernveginn málverk þau eftir Jóhannes Kjarval, er þau hjón höfðu lengi átt og prýtt hafa heimili þeirra um árabil. Hugmynd þessi hélt lífi. Svo bar það við sumarið 1966, er ég var á ferð í Reykjavík og sat á bekk við stytta Jóns forseta, sleikti þar sólskinið, að fyrrverandi bæjarfógeti okkar Vestmannaeyinga átti leið fram hjá. Auðvitað tókum

við tal saman. Þá kom enn til tals listaverkasafnið þeirra hjóna og hugmyndin sú, að Vestmannaeyjakaupstaður mætti einhvern veginn eignast það. Þá kom í ljós, að þau hjón höfðu hugsað mál þetta og rætt. Og nú var þetta allt auðsótt. Ég mátti, sagði hann, gera uppkast að kaupsamningnum, þegar ég vildi, og helztu ákvæði hans þuldi okkar fyrrverandi bæjarfógeti upp þarna, þar sem við sátum saman á bekknum. Ég undraðist velvild þeirra hjóna og höfðingsskap gagnvart Vestmannaeyjum, fólkinu þar og byggðinni í heild.“<sup>3</sup>

Ástæða þess að Þorsteinn kallar að málverk Kjarvals hafi verið seld að nafninu til er annars vegar sú staðhæfing hans að verðmæti málverkanna hafi verið langt umfram kaupverðið. Hins vegar var það sökum sérstaks ákvæðis í samningi hjónanna við Vestmannaeyjabæ sem hljóðaði svo að „[a]lf kaupverði þessu [sem var kr. 500.000] skulu 40%, - 40 af hundraði -, leggjast í sérstakan sjóð ásamt vöxtum af þeim hluta andvirðisins, sem til sjóðsins rennur. Sá sjóður skal vera eign listasafns Vestmannaeyjakaupstaðar og notast því til viðgangs og eflingar eftir sérstökum reglum, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja setur honum“. Niðurstaða Þorsteins er því: „Lesir þú, lesari minn góður, kaupsamning þennan ofan í kjölinn, kemstu að þeirri niðurstöðu, að málverkin eru svo að segja gefin Vestmannaeyingum, gefin bænum þeirra. Menn, nákunnugir sölu slíkra listaverka á opinberum uppboðum höfðu verðlagt listasafn þetta á eina milljón til tólf hundruð þúsundir króna. Það er að nafninu til selt Vestmannaeyjakaupstað fyrir hálfvirði og tæplega það.“<sup>4</sup>

Kaupverðið (500.000) er að núvirði [ágúst 2018] um kr. 6.500.000. Árið 2012 var samið við Gallerí Fold um verðmat allra Kjarvalsmálverka listasafnsins auk málverka eftir Ásgrím Jónsson, Alfreð Flóka og Svein Björnsson ásamt Eyjalistamönnunum Júlíönu Sveinsdóttur og Sverri Haraldssyni. Kjarvalsverkin þrjátíu og fjögur voru metin á um kr. 20.000.000 að núvirði. Miðað við þær tölur voru málverkin keypt á innan við þriðjung að raunvirði reiknað aftur til kaupdags. Þorsteinn var því ekki mjög fjarri að meta „gjöfina“ rétt, að minnsta kosti ef tekið er mið af verðmati Gallerí Foldar. Að núvirði var sjóður listasafnsins (40% af andvirði sölu Kjarvalsmálverkanna) um kr. 2.500.000. Í verðbólgu komandi ára skrapp sjóður listasafnsins allmjög saman, en einhverra hluta vegna var hann aldrei notaður til listaverkakaupa – aðeins „ávaxtaður“. Árið 1980 ákvað þáverandi menningarmálanefnd

að leggja sjóðinn niður og nýtti andvirðið sem þá stóð í kr. 150.000 til að kaupa listaverk eftir Ásgrím Jónsson. Að núvirði er það verk metið á ríflega kr. 3.000.000 miðað við verðmat Gallerí Foldar og samkvæmt því hefur verðgildið haldið sér og ríflega það þrátt fyrir að innstæðan hafi ekki ávaxtast mikið í bankanum.

Svo skörp þáttaskil urðu í vegferð Listasafns Vestmannaeyja er Kjarvalsmálverkin bættust í hópinn að upphaf þess er jafnan tengt þessum eina gjörningi: „Þegar talað er um listasafn Vestmannaeyja er jafnan miðað við kaup bæjarins á 34 Kjarvalsmálverkum úr eigu hjónanna Sigfúsar M. Johnsen fyrrverandi bæjarfógeta, og konu hans, Jarþrúðar P. Johnsen árið 1967. [...] Kjarvalsmyndir listasafns Vestmannaeyja er enn stærsta safn Kjarvalsmynda utan Reykjavíkur.“<sup>5</sup> Enda þótt listasafnið væri samkvæmt þessum skilningi orðin sjálfstæð safneining var hún enn og lengi áfram rekin sem hluti af byggðasafni Vestmannaeyja.

Umræður um sérstakt húsnæði undir safnaflórana í Vestmannaeyjum hafði staðið áratugum saman er hér var komið sögu en hugsanlega hefur viðbótin við listasafnið ýtt enn frekar við Þorsteini, því í Bliki 1967, sem kom út nokkrum mánuðum eftir afhendinguna ritar hann um nauðsyn þess að safnahús verði byggt í Eyjum: „Allir Eyjabúar vænta þess fastlega, að bæjarstjórn hefjist nú handa um byggingu veglegs safnahúss hér í bænum. Bókasafn bæjarins nýtur ekki tilveru sinnar og bæjarbúar ekki þess sökum húsnæðisvandræðanna þar. Vísir að listasafni hefur bæjarstjórn nú fest kaup á. Hvar skal það geymast?“<sup>6</sup>

Í Bliki 1973 tekur Þorsteinn síðan saman byggingarsögu Safnahússins og framgang þess með þessum orðum:

„Í nóvember 1918 samþykkti Alþingi lög um kaupstaðarréttindi til handa þéttbýlinu í Vestmannaeyjum. Þegar nálgast tók 50 ára afmæli kaupstaðarins (1968), vöknudu óskir ráðandi manna í Eyjum að minnast þessa markverða afmælis á verðugan hátt. Meðal annars var afráðið að byggja safnahús í kaupstaðnum og koma þannig á móti þeim, sem lengst höfðu unnið að stofnun byggðarsafns í kaupstaðnum. Safnahúsið skyldi jafnframt verða bókhlaða. Byggingu þessari var afráðinn staður á fegursta stað í bænum, á Stakkagerðistúni vestan sjúkrahússins gamla sem teiknað

var af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Fyrsta skóflastunga að byggingunni var tekin sumarið 1969 og svo hófust byggingaframkvæmdirnar árið 1970. Sparisjóður Vestmannaeyja lánaði samtals þrjár milljónir króna til þessarar menningarframkvæmdar. Þegar eldurinn brautz út á Heimaey, hafði nýlega verið lokið við að steypa upp veggi efri hæðar, en byggingin skal vera kjallari og tvær hæðir. Bókasafni bæjarins er ætluð neðri hæðin öll og megin af húsrúmi í kjallara, en Byggðarsafni bæjarins er fyrirhuguð efri hæð og lítill hluti kjallarans. Þá er gert ráð fyrir að byggja vestan við bygginguna rúmgóðan sal, sem meðal annars skal vera sýningarsalur listaverka og hljómlistarsalur. - Þrátt fyrir allt og allt, sem á móti blæs, vonum við Eyjabúar, að þessi hugsjón okkar eigi eftir að rætast, og erum reyndar sannfærðir um það.“<sup>7</sup>

Heimaeyjargosið batt enda á uppbyggingu Safnahússins um tíma. Munir byggðasafnsins voru vitaskuld í stórhættu enda vissi enginn maður þá hver þróunin yrði. Það má einfaldlega segja að hinn örlagaríka dag, 23. janúar 1973, hafi allir hlutir farið á ferð og flug. Þorsteinn segir frá ævintýralegri björgun listasafnsins yfir hafíð í ítarlegri umfjöllun en hér verður að nægja að stikla á stóru. Í Bliki 1973 segir hann frá því er þau hjónin eru komin á fastalandið en verðmætin öll eftir í óvissu í Eyjum. Hann segir svo frá:

„Aðfaranótt 25. janúar gistum við hjónin að Háaleitisbraut 111, þar sem hjónin Kristín S. Þorsteinsdóttir, dóttir okkar, og Sigfús J. Johnsen búa. Ég gat lítið notið hvíldar þessa nótt sökum áhyggna. Íbúðarhúsið okkar í Eyjum, Goðasteinn, var í mikilli hættu, og í því voru mikil verðmæti. M.a. átti Vestmannaeyjakaupstaður geymd þar 34 listaverk eftir Jóhannes Kjarval, listmálara. [...] Klukkan 10 um morguninn 25. janúar, hringdi Víglundur Þór, sonur okkar, heim að Háaleitisbraut 111 og tjáði mér, að forstöðumenn Kjarvalsstaða á Miklatúni hefðu átt tal við sig. Báðu þeir hann að koma þeim boðum til mín, að mér væri heimilt geymslurými fyrir listaverkasafn kaupstaðarins að Kjarvalsstöðum, ef ég hefði einhver ráð með að bjarga því, flytja það suður.“<sup>8</sup>



Þorsteinn kemur sér til Eyja með harðfylgi en þá tekur ekki betra við:

„Ég tók undir eins til starfa, þegar heim kom. Fyrst byrjaði ég á því að búa listaverkasafnið undir flutning. Það var allt geymt í skrifstofunni minni og váttryggt þar fyrir þrjár milljónir króna, og þó ekki fyrir bruna af völdum eldgoss. Þarna voru allar myndirnar geymdar í stórum kössum nema þær stærstu, og voru plastplötur lagðar á milli þeirra. Þarna var gengið frá þeim eftir flutninginn til Eyja frá fyrrverandi eiganda Sigfúsi M. Johnsen, fyrrverandi bæjarfógeta, í nóvember 1972. Til þess að tryggja betur meðferð eða flutning málverkanna, hringdi ég í góðkunningja minn og gamlan viðskiptavin í Sparisjóði Vestmannaeyja, Heiðmund stórkaupmann Sigurmundsson, og bað hann að færa mér heim bæði svarta og grúa plastpoka, sem ég vissi, að hann hafði verzlað með. Það gerði hann í skyndi. Í þá smeygði ég málverkunum, þegar ég hafði lagt að þeim froðuplastplöturnar og bundið vel að. Allt þetta starf tók mig lengri tíma en ég hafði ætlað eða gert ráð fyrir. Ég vann að þessu og öðrum undirbúningi flutningsins sleitulaust fram á kvöld. Þá flaug mér í hug, hvort ekki væru gámar standandi við afgreiðslu v/s Herjólfss eða Ríkisskips efst á Básaskersbryggjunni. Ef svo reyndist, væri til valið að stela svo sem tveim gámum, — taka þá traustataki, — og setja í þá málverkasafnið, og svo bóka- og skjalasafn Bygðarsafnsins og pota svo gámunum niður í lest Árvakurs.“<sup>9</sup>

Þegar til átti að taka kunnir Þorsteinn ekki við að stela gámunum enda þótt nauðsyn krefðist og bar sig upp við lögreglumann á staðnum með vandamálið. Sá svaraði honum einfaldlega að eins og staðan væri „ættu allir allt“. Hann heldur áfram frásögn sinni:

„Klukkan sex um morguninn komu svo þrjár lögregluþjónar mér til hjálpar. Þeir báru út málverkin með mér og bóka- og skjalakassana, og við létum allan þennan flutning í gámana, sem þarna stóðu að einum þriðja á kafi í gjósku, sem fallið hafði um nóttina. Síðan fylltu þessir góðu gestir marga kassa af bókum með mér. Margt fleira flaut





Guðni Hermansen að mála Hefnd Helgafells. Málverkinu fylgir merkileg saga. Þannig var að árið 1971 ofbauð Guðna svo mjög malartöku úr Helgafelli að hann málaði mynd af því er fjallið greip til sinna ráða og kallaði málverkið Hefnd Helgafells. Hann hafði þá nýverið farið í sína fyrstu og að því er börn hans segja einu mótmælagöngu, sem var farin að hlíðum Helgafells. Voru skilaboðin sem í verkinu fólust að sá kæmi dagur að Helgafell myndi vakna af dvala árbúsundanna og launa fyrir spjöllin – sem það og gerði. Guðni Hermansen seldi Jóhönnu Hermannsdóttur frá Vestmannaeyjum sem búsett er í Bandaríkjunum málverkið árið 1972 og tók hún það með sér til síns heima í Bandaríkjunum. Hún ákvað svo nýlega að gefa málverkið til Vestmannaeyja og fór Eyjamaðurinn Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra til hennar og sótti verkið sem nú er komið til síns heima. Málverkið var formlega afhent Vestmannaeyjabæ 23. janúar 2018, en þá voru liðin rétt 45 ár frá upphafi Eyjagossins. Mynd: Sigurgeir Jónasson.

## Afmælissýningaröð í Einarstofu í Safnahúsi

### 1. sýning: Kristinn Ástgeirsson frá Miðhúsum

Sýningin opnar miðvikudaginn 30. janúar og stendur til 5. febrúar.

Í tilefni af 100 ára afmæli Vestmannaeyjabæjar er efnt til 10 sýninga á jafnmörgum Eyjamönnum og -konum á árinu.


Með sýningaröðinni er ætlunin að draga fram þá fjölbreyttu flóru sem vestmannaeyskir listavinir eru.

Öll eiga verkin það sameiginlegt að vera í eigu

Listasafns Vestmannaeyja sem geymir um 700 listaverk.

Fyrsti listamaðurinn í sýningaröðinni er Kristinn Ástgeirsson frá Miðhúsum (1894-1981) en margar mynda hans eru ómetanlegar heimildir um atvinnuhætti og verklag í Vestmannaeyjum fyrri tíðar.

Kristinn er flokkaður sem „naivist“ en helstu einkenni þeirrar stefnu er einfaldleiki í litum og dráttum. Aðalsteinn Ingólfsson hefur gert grein fyrir list Kristins í bók sinni *Naive and Fantastic Art in Iceland*.



Sýningin opnar miðvikudaginn 30. janúar kl. 17:00

og verða ættingjar viðstaddir opnunina.

Allir hjartanlega velkomnir á forvitnilega sýningu einstaks listamanns.

Auglýsing safnins í ársbyrjun 2019. Mynd: Listasafn Vestmannaeyja.

þar með. Allt lék í lyndi fyrir mér, því að þessir „verðir laganna“ veittu mér ómetanlega hjálp, svo sljór, þreyttur og máttvana, sem ég var orðinn. En nú vönduðust málin enn á ný. Ekkert viðlit var að aka bifreið heim að Goðasteini sökum gjóskudyngju á götunum. Ég hringdi nú í Áhaldahús bæjarins og bað um hjálp. Það var auðsótt beiðni. Þeir sendu þegar ýtu af stað til þess að ryðja veg austur að Goðasteini. Þegar því starfi var lokið, voru gjall- og gjóskuhaugarnir eins og háir snjóskaflar beggja vegna veganna, þó að liturinn væri annar og skuggalegri. Síðan sendu þessir hjálpsömu menn mér kranabifreið, sem flutti gámana norður á Nausthamarsbryggju. Þar var þeim sveiflað um borð í Árvakur og niður í lest hans. Og þeim var borgið. — Ég skýt því hér inn í frásögn mína, að nokkrum dögum síðar komu gámarnir til Reykjavíkur með varðskipinu Ægi. Þaðan voru þeir fluttir að Kjarvalsstöðum, þar sem við tæmdum þá í geymslu þar. Síðan var gámunum skilað á afgreiðslu Ríkisskips í Reykjavík með einlægum þakkarhug og góðum óskum.“<sup>10</sup>

Við þessa sögu bætist sérkennilegur lokakaflí. Eftirfarandi frásögn er að finna í Morgunblaðinu, dags. 10. júlí 1998 undir heitinu „Tvö Kjarvalsmálverk finnast eftir 25 ár“:

„Árið 1967 gáfu Sigfús M. Johnsen og Jarþrúður Johnsen Vestmannaeyjakaupstað 34 myndir og málverk eftir Jóhannes Kjarval og eru umræddar myndir hluti af þeirri gjöf. Í Vestmannaeyjagösinu 1973 voru öll málverkin flutt í Þjóðminjasafnið til geymslu. Þegar þau fóru svo aftur til Vestmannaeyja hafa þessi tvö orðið eftir og fundust nú nýlega í ómerktum pakka í Þjóðminjasafninu. Á Þjóðminjasafninu fundu starfsmenn út hvaðan málverkin gætu verið komin og höfðu samband við Jóhann Friðfinnsson, safnstjóra Byggðasafns Vestmannaeyja. Jóhann kom í land og eftir að hafa borið saman gjafabréfið sem fylgdi myndunum á sínum tíma og skráningu sem gerð var á Kjarvalsmýndunum fékkst sú niðurstaða að málverkin ættu heima í Vestmannaeyjum með verkunum 32 sem þar eru. Annað málverkið er Hluti af Almannagjá sem lítur út fyrir að vera málað á stríðsárunum og hitt Frá Dyrfjöllum sem virðist málað um 1930.“<sup>11</sup>

Svo virðist sem málverkasafnið hafi farið á flakk eftir að það kom upp á fastalandið, því eins og fram kom hjá Þorsteini hér að ofan var það vistað á Kjarvalsstöðum í upphafi. Það má kalla furðulegt að „finna“ tvö Kjarvalsmálverkanna svona löngu seinna og vafalaust að menn hafa óttast að þau hafi einfaldlega mislagst í öllum atganginum sem fylgdi flóttanum frá Eyjum.

Fljótlega eftir gos var aftur hafist handa við byggingu Safnahússins og það loks tekið í notkun á árunum 1977 (bókasafn) og 1978 (byggðasafn). En húsnaðishraki listasafnsins lauk ekki með byggingu nýs Safnahúss. Eins og fram kom hér að framan var fyrirhugað að reisa sérstaka álmu sem átti að vera vestan megin við anddyrið þar sem meðal annars átti að koma upp sýningarsal fyrir listasafnið. En vesturálman kom aldrei. Árið 2007 var hugmyndin síðan vakin upp öðru sinni og gekk það svo langt að forseti bæjarstjórnar tilkynnti að „viðbygging Safnahúss [myndi] rísa næstu mánuði“.<sup>12</sup> Þrátt fyrir þessa ákvörðun reis vesturálman aldrei og er raunar ekki enn risin og vandséð að það verði nokkru sinni. Sérstakt rými á byggðasafninu á efri hæð Safnahúss var eina rými hússins þar sem málverk voru höfð til sýnis og var það eina aðstaðan til málverkasýninga allt fram í apríl 2007 þegar miklar skipulagsbreytingar áttu sér stað í safnamálum í Vestmannaeyjum. Í framhaldinu var forstöðumanni Safnahúss og safnstjóra byggðasafns sagt upp störfum og byggðasafninu lokað tímabundið. Hinn 1. júlí sama ár var höfundur þessa pistils ráðinn forstöðumaður bókasafns, en aðrar safndeildir – skjalasafn, ljósmyndasafn og byggðasafn – settar undir stjórn framkvæmdastjóra stjórnarsýslu- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyja. Tæpu ári síðar, í júníbyrjun 2008 var samið við Sögusetur 1627, áhugamannafélag um sögu Vestmannaeyja, um taka yfir rekstur byggðasafnsins og opna það að nýju. Um leið var ákveðið að fara í mikla endurskipulagningu á byggðasafninu.<sup>13</sup> Meðal þess sem var ákveðið var að listasafnið skyldi ekki fylgja með í þessum samningi og í þess stað var samið við forstöðumann bókasafns að sjá um safnið. Listasafnið var þar með ekki lengur hluti af byggðasafninu og miklu og farsælu samstarfi þar með lokið. Í stað þess að heyra undir byggðasafnið var listasafnið komið undir forræði bókasafnsins.

Nýr kafli hófst í sögu Listasafns Vestmannaeyja þann 7. febrúar, 2011 er anddyri Safnahúss var breytt í listasal og kallað Einarsstofa til heiðurs Einari Sigurðssyni athafnamanni. Er sá salur eini staðurinn sem Safnahúsið

hefur til umráða fyrir listaverkasýningar. Í kjölfarið á opnun Einarstofu var stofnað vinafélag listasafnsins, undir heitinu Listvinir Safnahúss. Frá upphafi hefur verið um að ræða hóp 7-9 sjálfboðaliða sem flestir fást við listsköpun af einhverju tagi í tólmstundum. Talsverð endurnýjun er í hópnum og heltast að jafnaði 1-2 úr lestinni á ári og aðrir koma í staðinn. Hópurinn hittist að jafnaði fyrsta fimmtudag í mánuði yfir vetrartímamann og leggur á ráðin varðandi listsýningarnar. Það má kalla að frá opnun Einarstofu hafi óslitið verið boðið upp á málverkasýningar, að jafnaði um eða yfir tuttugu yfir árið. Gróflega má skipta sýningunum niður í fjóra meginflokka: 1) Sýnd verk úr eigu safnsins. Talsvert hefur verið um temasýningar að ræða – málverk dregin saman úr fórum safnsins sem tengjast sjómennsku, af tilteknu viðfangsefni – Heimaklettur, börn, karlar við vinnu, horfin vinnubrögð og svo framvegis, verk sem fjalla um Vestmannaeyjar, sýna gömul hús eða umhverfi sem er horfið, eftir einstaka listamenn til dæmis afmælissýningar og þar fram eftir götunum. Oft er boðið upp á málþing í tengslum við temasýningarnar. 2) Stundum hefur verið brugðið á það ráð að fá verk léð úr heimahúsum til að bæta við þann safnkost sem til er og hefur það ævinlega verið auðsött. 3) Í samstarfi við önnur söfn á fastalandinu og í Vestmannaeyjum hefur verið boðið upp á farandsýningar. Í samstarfi við forstöðumann Sagnheima, byggðasafns var til dæmis boðið upp á farandsýningu Kvenréttindafélags Íslands, Veggir úr sögu kvenna og Þjóðminjasafns Íslands, Ég fæ ekki af mér að flýja af hólmi, um sögu hinsegin fólks. Í samstarfi við Landsbókasafn Íslands og Hið íslenska biblíufélag var sett upp farandsýningin Biblíuútgáfur á Íslandi í tilefni af því að bókasafnið fékk að gjöf allar biblíuútgáfur frá Guðbrandsbiblíu að telja og í samstarfi við Landsbókasafn var jafnframt boðið upp á farandsýningu til heiðurs Hafsteini Guðmundssyni, einum virtasta prentara landsins, sem ættaður er frá Vestmannaeyjum. 4) Mikil eftirspurn hefur verið eftir því að sýna eigin verk í Einarstofu. Reynt hefur verið að bjóða jöfnum höndum upp á listamenn frá Vestmannaeyjum sem og ofan af fastalandinu. Þá hefur verið reynt að bjóða upp á sem allra mest úrval listamanna til þess að ná að höfða til sem flestra heimamanna. Þannig hafa sýnt í Einarstofu, svo dæmi sé tekið ofan af fastalandinu svo ólíkir listamenn sem Kjuregej Alexandra Argunova, Guðlaugur Arason, Hugleikur Dagsson, Ingvar Björn Þorsteinsson, Ísabella Leifsdóttir, Oddur Eysteinn Friðriksson, Óskar Guðnason og Þorvaldur Jónsson ásamt fjölda annarra.

En þessi nöfn sýna að virkilega er reynt að bjóða upp á ólíka listamenn. Listvinahópurinn hefur lagt mikinn metnað í að draga fram listamenn sem eru frá Vestmannaeyjum eða tengjast Eyjum með einum eða öðrum hætti og gera þá sýnilega. Sem dæmi um það starf má nefna listmálarann Axel Theodór Einarsson. Áður en Listvinir Safnahúss efndu til sýningar á verkum hans var hann algjörlega óþekktur. Raunar svo mikill huldumaður að engar upplýsingar hafa fundist um hann í bókum og ljósmynd fannst ekki af listamanninum fyrr en eftir ítarlega leit. Fljótlega eftir kynningu á listamanninum var haft samband við undirritaðan frá Gallerí Fold og beðið um greinargerð um listamanninn þar sem talsvert væri spurt um hann en minna væri um svör. Listasafnið átti tvö verk eftir listamanninn, síðar áttu önnur tvö eftir að bætast í hópinn. Einn úr Listvinahópnum komst í samband við dóttur Axels er bjó í Svíþjóð og auglýst var eftir málverkum eftir Axel úr fórum bæjarbúa og meðal brottfluttra Eyjabúa ofan af fastalandi til að geta boðið upp á sýningu á verkum hans. Afraksturinn var sá að hinn 17. júní 2011 var haldin fyrsta einkasýning á verkum hans er Listvinir Safnahúss fengu lánuð þrjátíu verk bæði úr Vestmannaeyjum og fastalandi sem sýnd voru í sal Landakirkju þar sem Einarstofa reyndist of lítil. Dóttir Axels, og eina eftirlifandi barn hans, Soffía, þá 88 ára kom ásamt dóttur sinni Silvi sem er kennari við háskólann í Gautaborg. Við þetta tilefni var dagskrá um listamanninn og um leið tilkynnt að í framhaldinu yrði hafist handa við að skrá niður og kalla eftir upplýsingum um málverk eftir listamanninn á landsvísu. Í listasafninu eru nú skráð yfir eitt hundrað málverk eftir Axel Einarsson í einkaeigu víðs vegar um land og enn er verið að senda póst á einhvern í Listvinahópnum með upplýsingum um verk hans í fórum einstaklinga. En hver var Axel Einarsson? Axel var fæddur 16. nóvember 1886 í Garðhúsum að Kirkjuvegi 14 í Vestmannaeyjum. Hann gekk í hjónaband 12. september 1922 en þá bjó hann enn í Vestmannaeyjum og eignuðust þau eitt barn, dótturina er hingað kom löngu síðar. Árið 1930 flutti hann með fjölskyldu sína frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur. Axel var orðinn óreglumaður í Vestmannaeyjum og var svo alla sína ævi. Hann var húsamálari í stopulli vinnu en málaði alltaf óhemjumikið þrátt fyrir glímu sína við Bakkus. Mikið af myndum hans eru mótíf eftir ljósmyndum af þekktustu stöðum landsins eins og Þingvöllum og eins eru Vestmannaeyjar honum berlega hugstæðar alla tíð. Axel lést í Reykjavík 30. apríl 1974. Á bak við þessa mynd er saga



Færanlegir skilveggir sem hýsir hluta af málverkasafni Listasafns Vestmannaeyja. Mynd Viktor Pétur Jónsson.

ógæfumannsins með mikla hæfileika en stóra bresti.

Skráð listaverk á Listasafni Vestmannaeyja voru undir árslok 2017 samtals sjöhundruð áttatíu og fimm eftir hundrað og sextíu nafngreinda listamenn. Tæplega fimmhundruð og fimmtíu verkanna eða um 70% þeirra eru eftir einstaklinga sem annaðhvort eru fæddir í Vestmannaeyjum eða hafa búið þar a.m.k. um talsverðan tíma og teljast því vera Eyjalistamenn. Samtals er um að ræða fimmtíu og sex listamenn, fjórtíu og sex karla og tíu konur. Sumir eru þekktir á landsvísu, aðrir þekktari í Vestmannaeyjum en utan þeirra. Meðal landsþekkra Eyjalistamanna sem eiga verk í Listasafni Vestmannaeyja eru: Ágúst F. Petersen, Áki Gränz, Jóhanna Bogadóttir, Júlíana Sveinsdóttir, Páll Steingrímsson, Sigmundur Jóhannsson (þrjú verk og um ellefu þúsund teikningar), Sveinn Björnsson, Sverrir Haraldsson og Þórður Ben Sveinsson. Aðrir Eyjalistamenn sem eru mikils virtir í Vestmannaeyjum en miður þekktir utan þeirra eru: Axel Einarsson, Ástþór Jóhannsson, Bennó Georg Ægisson, Bjarni Ólafur Magnússon, Engilbert Gíslason, Guðgeir Matthíasson, Guðni A. Hermansen, Jóhann Jónsson (Listó), Ragnar Engilbertsson, Sigurfinnur Sigurfinnsson og Steinunn Einarsdóttir. Hundrað og fjórir listamenn skipta milli sín þeim um tvö hundruð og þrjátíu listaverkum sem eftir standa. Þessir



listamenn eiga það eitt sameiginlegt að teljast til fastlendinga. Margir af þekktari listamönnum landsins eiga verk í listasafninu. Meðal þeirra eru: Alfred Flóki, Árni Elfar, Ásgrímur Jónsson, Ásmundur Sveinsson, Barbara Árnason, Einar Jónsson, Eiríkur Smith, Gerður Helgadóttir, Gunnlaugur Blöndal, Gunnlaugur Scheving, Hringur Jóhannesson, Hulda Hákon, Jóhannes Kjarval, Karl Kvaran, Leifur Breiðfjörð, Magnús Á. Árnason, Ragnar Lár, Ríkey Ingimundardóttir, Sigfús Halldórsson, Sigurjón Ólafsson, Steingrímur St. Th. Sigurðsson, Tryggvi Ólafsson og Veturlíði Gunnarsson.

Sá listamaður sem á fleiri verk eftir sig varðveitt á listasafninu en nokkur annar er Gísli Þorsteinsson frá Laufási í Vestmannaeyjum eða sjötíu og sjö málverk. Sjálfur leit hann ekki á sig sem listamann og er haft eftir honum að hann væri aðeins að mála fyrir sjálfan sig.<sup>14</sup> Sjálfur Jóhannes Kjarval kemur þar næstur með þrjátíu og sjö málverk, þar af þrjátíu og fjögur úr safni hjónanna Sigfúsar og Jarþrúðar Johnsen, eins og áður hefur komið fram. Feðgarnir og heimamennirnir Engilbert Gíslason og Ragnar Engilbertsson eru með þrjátíu verk hvor en aðrir minna. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur hefur sagt að „[e]kkert byggðarlag fyrir utan Reykjavík [sé] að finna jafnoft sem viðfangsefni á málverkum og Vestmannaeyjar. Hundruð verka eftir ótal listamenn þjóðarinnar fjalla beint eða óbeint um landslag eða staði í Vestmannaeyjum. Listamenn hafa verið að mála Eyjarnar allt frá miðri 19. öld og eru enn að í dag.“<sup>15</sup> Vestmannaeyjar er fágæt náttúruperla og ótrúlegur fjöldi listamanna rekur ættir sína þangað. Áhugi á myndlist og myndlistarsýningum er þar mikill, auðvelt er að fá húsfylli við opnun listsýninga og áhugi á því að sýna eigin verk er töluverður, bæði ofan af fastalandinu sem og frá heimamönnum. Í Eyjum er starfandi Listfélag Vestmannaeyja og hafa margir félagsmanna sýnt í Einarstofu, ýmist í einkasýningum eða með í samsýningum.

Síðasti kafliinn í sögu listasafnsins var 1. desember 2014 er höfundur þessara lína var skipaður forstöðumaður Safnahúss og þar með yfir öllum þeim safneiningum sem Vestmannaeyjabær rekur í Safnahúsi eða undir umsjón Safnahúss. Þær safneiningar eru: bókasafn, ljósmyndasafn, skjalasafn, Einarstofa, Landlyst og listaverkasafn. Byggðasafnið er eina safnið í Safnahúsi sem ekki er rekið af Vestmannaeyjabæ. Um rekstur þess sér Þekkingarsetur Vestmannaeyja og Sagnheimar, byggðasafn, eins og það er nefnt, því ekki á forræði forstöðumanns Safnahúss. Að mati höfundar er það



með þessari skipulagsbreytingu að Listasafn Vestmannaeyja verður loksins sjálfstæð safneining í stað þess að vera á forræði annarra. Á líkan hátt og aðrar safndeildir er Listasafn Vestmannaeyja ekki lengur hluti af stærra safni, fyrst byggðasafns og síðar bókasafns.

Það sem vantar er stöðugildi við listasafnið til þess að unnt sé að gera safnið enn sýnilegra. Sjálfboðavinna sú sem unnin er af Listvinum Safnahúss og margvísleg störf sem starfsmenn annarra safndeilda Safnahúss vinna í þágu listasafnsins dregur langt en stöðugildi við safnið er það sem myndi gerbreyta möguleikum listasafnsins til langrar framtíðar. Að því hefur lengi verið stefnt og vonandi að sjái fyrir endann á þeirri baráttu á næstunni.

#### Prentaðar heimildir

- Elín Pálmadóttir, „Kjarvalsmálverk rata heim eftir 25 ár frá Eyjagosi“, Morgunblaðið, 10. júlí 1998, 4.
- Helga Hallbergsdóttir, „Sagnheimar, byggðasafn Vestmannaeyja.“ Í Byggðasöfn á Íslandi, ritstj. Sigurjón Baldur Hafsteinnsson. Reykjavík: Rannsóknasetur í safnafræðum, 2015.
- Skipulagsbreytingar í Safnahúsi, 2007. Fjölrit.
- „Sýning á verkum Gísla Þorsteinnssonar í Laufási“, Fréttir, 17. febrúar 2000, 6.
- „Sýning á listaverkum Kjarvals í eigu bæjarins“, Eyjafréttir, 26. nóvember 2017.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson, „Skýrsla skólans“, Blik, 1960.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson, „Hjónin Sigfús M. Johnsen og Jarþrúður Þ. Johnsen: Hvað hafa þau bezt gert fyrir þetta bæjarfélag?“, Blik, 1969.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson, „Byggðarsafn Vestmannaeyja: Þróunarsaga þess er nú 35 ára“, Blik, 1967.
- Þorsteinn Þ. Víglundsson, „Aldrei liður mér úr minni ...“, Blik, 1973.

#### Neðanmálgreinar

- 1 Þorsteinn Þ. Víglundsson. „Skýrsla skólans“, 1960, 197.
- 2 Helga Hallbergsdóttir, „Sagnheimar, byggðasafn Vestmannaeyja“, 2015, 75.
- 3 Þorsteinn Þ. Víglundsson. „Hjónin Sigfús M. Johnsen og Jarþrúður Þ. Johnsen: Hvað hafa þau bezt gert fyrir þetta bæjarfélag?“, 1969, 13-14.
- 4 Sama heimild, 15.
- 5 Helga Hallbergsdóttir, „Sagnheimar, byggðasafn Vestmannaeyja“, 2015, 75.
- 6 Þorsteinn Þ. Víglundsson. „Byggðarsafn Vestmannaeyja: Þróunarsaga þess er nú 35 ára“, 1967, 295-296.
- 7 Þorsteinn Þ. Víglundsson, „Aldrei liður mér úr minni ...“, 1973, 222.
- 8 Sama heimild, 246.
- 9 Sama heimild, 247-248
- 10 Sama heimild, 250
- 11 Elín Pálmadóttir, „Kjarvalsmálverk rata heim eftir 25 ár frá Eyjagosi“, 1998.
- 12 Skipulagsbreytingar í Safnahúsi, 2007, 1.
- 13 Helga Hallbergsdóttir, „Sagnheimar, byggðasafn Vestmannaeyja“, 2015, 79.
- 14 „Sýning á verkum Gísla Þorsteinnssonar í Laufási“, 2000, 6.
- 15 „Sýning á listaverkum Kjarvals í eigu bæjarins“, 2017.

# Listasafn ASÍ

Ragnheiður Pálsdóttir

Listasafn Alþýðusambands Íslands var stofnað 17. júní 1961 þegar Ragnar Jónsson, kenndur við smjörlíkisgerðina Smára gaf Alþýðusambandi Íslands hundrað og tuttugu málverk til eigu. Í safninu eru mörg af þeim verkum sem álitin eru lykilverk í íslenski myndlistarsögu. Með gjöfinni fylgdi bók sem skrifuð var um sögu íslenskrar myndlistar, sú fyrsta sinnar tegundar og fékk Ragnar Björn Th. Björnsson listfræðing til verksins. Með gjöfinni ýtti Ragnar Alþýðusambandinu út í áður óþekkta menningarstarfsemi en þótt Ragnar hafi ekki látið nákvæmar leiðbeiningar um umgengni fylgja gjöf sinni hafði hann uppi miklar hugmyndir um hlutverk safnsins og útbreiðslu myndlistar til almennings. Ragnar og Hannibal Valdimarsson, þáverandi forseti Alþýðusambandsins gerðu með sér heiðursmannasamkomulag um að varðveita verkin en Ragnar setti þau skilyrði með gjöfinni að myndlistin ætti að fara sem víðast, sér í lagi til ungmenna og að utan um safnkostinn yrði byggt hús.

Í greininni verður fjallað stuttlega um Ragnar Jónsson, hugmyndir hans um íslenska myndlist, um aflið sem listirnar geta verið í lífum fólks, og hvernig hann sá fyrir sér safnið utan um verkin sem hann gaf Alþýðusambandinu. Því næst er rakin saga Listasafns ASÍ, hvernig starfseminni var háttað og hvernig Alþýðusambandinu farnaðist að láta hugmyndir Ragnars verða að veruleika. Höfundur greinarinnar hefur að mestu stuðst við ársskýrslur Alþýðusambandsins og efni úr dagblöðum og tímaritum við ritun greinarinnar auk viðtala við aðila sem tengjast sögu safnsins. Saga listasafnsins hefur ekki verið skráð, takmarkaðar upplýsingar eru á heimasíðu safnsins og safnkosturinn er ekki aðgengilegur nema að litlum hluta á netinu. Lítið fannst af ljósmyndum úr sögu safnsins.

## Ragnar

Tilurð Listasafns ASÍ er samofin lífi og heimssýn Ragnars í Smára. Hann fæddist á Eyrarbakka árið 1904 og flutti til Reykjavíkur sextán ára gamall. Skömmu síðar fór hann að venja komur sínar í Unuhús til Erlends Guðmundssonar en hann hafði mikil áhrif á Ragnar með örlæti sínu, gæsku, fróðleik og áhuga á listum og heiminum öllum. Erlendur varð eins konar andlegur guðfaðir Ragnars. Í Unuhúsi ráku Erlendur og Una Gísladóttir móðir hans eldhús og gistiheimili, tóku að sér kostgangara og veittu listamönnum bæjarins og fólki með lítið milli handanna húsaskjól og næringu gegn vægu eða engu gjaldi. Unuhús var athvarf og vin þeirra sem fengust við listir í Reykjavík á þeim tíma þegar Íslendingar sáu takmarkað gildi í slíkri iðju. Ragnar réði sig til vinnu í smjörlíkisgerðinni Smára árið 1922 þar sem hann gerðist síðar annar eigandi. Upp frá því gerðist margarínstasjónin sem Laxness kallaði svo<sup>1</sup> helsta aflíð í fjármögnun listalífs á Íslandi. Í fyrstu var tónlistin umsvifamest og útbreiðsla hennar og stofnaði Ragnar ásamt fleirum Tónlistarfélagið, Tónlistarskólann og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þegar Flugleiðir hófu að fljúga milli Evrópu og Bandaríkjanna greip hann það á lofti og fékk heimsþekktu tónlistarmenn til þess að spila á Íslandi á leiðinni yfir hafið. Ragnar áleit sinfóníuhljómsveit sjálfsagt uppeldistæki og sagði hann í viðtali að slík hljómsveit væri heilsulind og vörn gegn vonleysi, afleysi og pilluáti þar sem hljómsveitarstjórinn legði til orrustu við smáborgaraskap og basl hversdagslífsins.<sup>2</sup> Árið 1942 stofnaði Ragnar bókaútgáfuna Helgafell. Í grein Jóhannesar Nordal í tilefni 90 ára fæðingarafmæli Ragnars segir að fyrirtækið hafi markað tímamót í útgáfu á Íslandi, prentað var í stærri upplögum, höfundar fengu í fyrsta sinn sómasamleg laun en jafnframt sóttist hann „eftir verkum yngri rithöfunda og var boðinn og búinn til að styrkja efnilega menn til starfa.“<sup>3</sup> Ragnar gerðist útgefandi margra helstu höfunda á landinu og starfaði Helgafell þar til ári eftir andlát hans, árið 1985.

Ragnar talaði mikið um hve sjálfsagt það væri að listamenn fengju greitt fyrir sína vinnu, bæði opinberlega og við ráðamenn. Í viðtali í Morgunblaðinu árið 1954 fjallar Ragnar um kjör listamanna: „Það er eðlilegt að listamenn þurfi að fá eitthvað fyrir sinn snúð til að skapa listaverk er aðrir njóta.“ Hann kveðst sjaldan reiðast jafn mikið og þegar fólk dragi í efa vinnutíma listamanna og fullyrti að listamenn yrði meðal tekjuhæstu manna landsins, yrði



Ragnar ásamt Björgu Ellingsen eiginkonu sinni. Mynd: Ólafur K. Magnússon/Morgunblaðið.

þeim greidd tímavinna, enda þótt listastörfin væru ekki metin hærra verði en vegavinna. „En hitt er harður kostur, að við, sem njótum verka þeirra, gerum okkur ekki grein fyrir, að mikil listaverk krefjast meiri áreynslu, meiri fórna, meiri þjáninga en önnur mannleg afrek.“<sup>4</sup>

Ragnar byrjaði snemma að sinna myndlist og keypti hundruði verka um ævina. Hann dreifði verkunum víða og var oft með málverk í bílum sínum sem hann gaf til vina og kunningja. Hann styrkti listamenn með því að kaupa verk þeirra, kostaði nám nokkurra og byggði hús fyrir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara.<sup>5</sup> Ragnar leyfði myndlistarfólki að búa endurgjaldslaust í Unuhúsi eftir að hann eignaðist það og lánaði og gaf peninga til ótal listamanna svo þeir mættu einbeita sér að listsköpun sinni. Flestallir myndlistarmenn sem ástunduðu list sína af alvöru á þessum tíma höfðu notið góðvildar hjá Ragnari.

Tónlist, bókmenntir og myndlist voru jafnmikils virði fyrir Ragnari en hann var sannfærður um að Íslendingar ættu fleiri góða myndlistarmenn en rithöfunda.<sup>6</sup> Ragnar sagði í viðtali árið 1961, rétt eftir að hann gaf ASÍ

málverkasafn sitt að „stöðugt samneyti við listir breytir fólkinu í annað og meira fólk, upplitsdjarfara, hamingjusamara, betra.“<sup>7</sup> Hann talaði um að frítími og tekjur fólks væru að aukast og það væri mjög brýnt að veita því andleg viðfangsefni með því að færa listirnar sem víðast og „kveikja lotningu fyrir fegurðinni“.<sup>8</sup>

## Gjöfin

Dagblöðin fjölluðu mikið um höfðingskap Ragnars þegar opinbert varð að hann ætlaði að gefa Alþýðusambandinu sín bestu málverk, alls hundrað og tuttugu talsins í júní árið 1961. Alþýðublaðið sagði að gjöfin væri „ein hin höfðinglegasta og dýrmætasta sem nokkur íslenzkur maður hefur lagt fram – og jafnframt sérstæð og óvenjuleg. Hún er fengin í hendur þeirri stétt manna sem fæst tækifæri hefur haft til þess að njóta listfegurðar og listþroska.“<sup>9</sup> Þjóðviljinn sagði verkalýðshreyfinguna „gerast öflugri þátttakandi í menningarlífi þjóðarinnar og eftir hina stórmannlegu gjöf hefur Ragnar Jónsson lagt ASÍ miklar skyldur á herðar til eflingar íslenzkra lista og til að gera listaverkin að sameign og samnautn þjóðarinnar.“<sup>10</sup> Í skipulagsskrá safnsins segir að safnið heiti Listasafn Alþýðusambands Íslands (Gjöf Ragnars Jónssonar). Að tilgangur safnsins sé að varðveita og hafa til sýnis fyrir almenning listaverk þau, sem Ragnar Jónsson gaf og önnur verk sem safnið kann að eignast. Eigin sýningarsal skuli koma upp, eins fljótt og ástæður leyfa. Safnið sé sjálfseignarstofnun og er ákvæði um að eignir þess megi ekki skerða. Það sé stofnað að frumkvæði og ósk Ragnars Jónssonar, forstjóra, til minningar um Erlend Guðmundsson í Unuhúsi. Að stjórn safnsins skuli skipuð sex mönnum til fimm ára í senn, þrjú af Ragnari, þrjú af miðstjórn Alþýðusambandsins.<sup>11</sup> Í gjöfinni voru verk eftir þessa listamenn: Ásgrímur Jónsson, Bragi Ásgeirsson, Einar Baldvinsson, Gunnar Gunnarsson, Gunnlaugur Blöndal, Gunnlaugur Scheving, Hafsteinn Austmann, Hjörleifur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Jón Engillberts, Jón Stefánsson, Jóhann Briem, Jóhannes Geir, Jóhannes Jóhannesson, Jóhannes Kjarval, Jón Þorleifsson, Karl Kvaran, Kristján Davíðsson, Louisa Matthíasdóttir, Nína Tryggvadóttir, Sigurður Sigurðsson, Sverrir Haraldsson, Snorri Arinbjarnar, Svavar Guðnason, Valtýr Pétursson, Veturliði Gunnarsson, Þorvaldur Skúlason, Þórarinn Þorláksson og Örlygur Sigurðsson.

Verkin voru formlega afhent við opnun sýningar í Listamannaskálanum þann 1. júlí 1961 þar sem sjötíu og sjö verk úr stofngjöfinni voru til sýnis. Allir helstu listamenn og fyrirmenni bæjarins mættu á opnunina til að verða vitni að stórviðburðinum. Tómas Guðmundsson skáld hélt tölu fyrir hönd Ragnars á opnun sýningarinnar sem er birt hér í heild sinni þar sem hún lýsir vel hugarheimi gefandans og tíðarandanum:

“Mér veitist sá heiður, í fjarveru Ragnars Jónssonar og í hans umboði, að þjófda yður öll velkomin á þessa sýningu. Hún hefir að geyma stærsta og tvímælalaust einnig merkilegasta safn íslenzkra myndlistarverka, sem til eru í einkaeign, og fer því fjarri, að þessi salarkynni hafi rúmað öll þau verðmætu myndlistarverk, sem heyra safninu til og eiga þar heima. Eins og sjá má af myndaskránni tekur sýningin til sjötíu og sjö málverka, auk þess sem önnur 43 eru á viðbótarskrá og munu á sínum tíma verða hinum samferða. Er þá fátt eitt sagt um það, sem gerir þessa sýningu minnisverða, og kem ég nánar að því síðar. Öll list er persónuleg. Hún á uppruna sinn í hugarheimi einstaklingsins og hvorki geta samtök einstaklinga né þjóðarheildir skapað listaverk. En ríki og félagasamtök geta á hinn bóginn verið lifandi afl í listmenningu þjóðanna með því að hlutast til um að listaverkin verði arðbær þegnumum. Þetta geta ríki og félagasamtök gert með margskonar menningarlegri fyrirgreiðslu, svo sem starfrækslu listasafna og almennri listfræðslu.

En jafnvel þótt ríki og félagasamtök geti með slíkum hætti lagt fram mikinn skerf til listmenningar, eru þau síður fallin að gerast brautryðjendur um nýjan skilning á listaverkum. Af þeim sökum er það næsta sjaldgæft, að hin lífvænlegustu verk samtímalistar leggi leið sína beint frá vinnustofu listamannsins og inn á opinber myndlistarsöfn. En um skeið má því gera ráð fyrir, að flest hin athyglisverðustu listaverk staldri við, langan eða skamman tíma, á heimilum og einkasöfnum, og eins má telja eðlilegt, að þar hljóti ný list eldskírn sína og fyrstu viðurkenningu. Hitt ætti að vera jafn sjálfsagt, að opinber söfn og stofnanir, sem almenningur á greiðan aðgang að, dragi smám saman til sín hin verðmætustu listaverk. Og sú hefir einnig orðið reyndin í flestum menningarlöndum.



# Íslenzkar konur

Venjið unga fólkið  
á umgengni við listaverk

Lítið andrúmsloft hinna miklu skapandi snillinga leika um vistarverur þess. Hafið á veggjunum eftirprentanir eftir miklum listaverkum Kjarvals, Ásgrims, Jóns Stefánssonar, Þórarins, Þorvaldar og Schevings.



Lítið eftir því að æskan lesi góðar bækur, bókmenntir Davíðs, Kiljans, Gunnars, Steins, Þórbergs, Nordals, Tómasar, Jakobs Helgafellsbækur

Ef þér gætið þessa gerist þér virkur þáttakandi í sköpun nýrrar og betri kynslóðar, með þroskaðri smekk, aflmeiri vilja og skýrari dómgreindar

**Það sem vantar fæst allt og sumt aðeins í**

**UNUHÚSI, Helgafelli, Veghúsastíg 7**  
(Sími 16837)



Segja má, að þessi þróun eigi sér rætur í þjóðfélagslegri menningar- nauðsyn. Í orði kveðnu að minnsta kosti væri ekkert til fyrirstöðu þeim möguleika, að áhugasamur og ötull safnari gæti lagt undir sig allt ævistarf mikils listamanns, lokað það inni og jafnvel stungið því undir stól, en af augljósum ástæðum er myndlist flestum listgreinum varnarlausari gagnvart slíkri hættu. Það, að þetta hefir samt ekki tíðkast, á sér umfram allt þá orsök, að þeir, sem taka að umgangast listaverk og safna þeim að sér af ást og áhuga, öðlast við það menningarlegan tilgang, sem þeim var ef til vill ekki meðvitaður í fyrstu. Nokkur ágætustu listasöfn heims eiga uppruna sinn að rekja til einkasöfnunar áhugamanna, sem nán kynni af listaverkum hafa skuldbundið til menningarlegrar þjónustu.

Vér Íslendingar höfum á einum mannsaldri eignast ótrúlega mikið af stórbrotinni myndlist, sem sprottin er upp af innstu rótum lands og þjóðar, og vér trúum því, að hún muni í vaxandi mæli ryðja sér til rúms í meðvitund heimsins. En listvísi almennings hefir líka fleygt ótrúlega ört fram á þessu tímabili. Bæði ríki og einstaklingar hafa átt þar hlut að máli, og þessari þróun þarf að fylgja fast eftir, ef vel á að vera. Til þess liggja tvær meginástæður, og báðar augljósar.

Í fyrsta lagi er það smáu og fámennu þjóðfélagi ein hin brýnast lífsnauðsyn að eignast ákveðin menningarleg markmið. Vér getum naumlega vænst þess að verða að sinni forystuþjóð í vreklegri eða tæknilegri menningu, en vér getum orðið öllum heimi til vitnisburðar um það, að maðurinn er umfram allt sál og andi og verður að leita hamingju sinnar þar – hjá sjálfum sér. Í annan stað má ætla, ef allt ræðst nokkurnveginn skaplega um heim vörn og þjóðfélag, að almenningi gefist æ fleiri tómstundir frá hinni eiginlegu lífsbaráttu. Það er auðvitað æskileg þróun, en hún leiðir samt hugann að því vandamáli framtíðarinnar, hvernig þjóð og einstaklingum megi takast að gera þessar tómstundir að skapandi afli í stað tortímingar í lífi sínu. Að sjálfsögðu eru margar leiðir til að fullnægja slíkri lífsnauðsyn, en hvort munu samt önnur ráð nærtækari til þeirra hluta en þau andlegu verðmæti, í mynd, máli, eða tónum, sem höfða sterkast til persónulegs þroska einstaklingsins? Ef þjóðfélagið hefir ekki þessi sjónarmið sífelldlega í huga, gæti svo farið, að nýjar kynslóðir yrðu

því athvarfslausari í landi sínu sem þær ættu sér fleiri tómsundur og tækifæri.

En list stendur einatt höllum fæti gagnvart dægrastyttingum, sem fjármunir og tækni hafa á takteinum. Einnig af þeim sökum er það mjög aðkallandi nauðsyn, að listinni sé sem víðast komið á framfæri við fólk í landinu. Því að listin á ekki að vera mönnum munaður til hátíðabrigða heldur til daglegrar lífsnautnar, og er ég þá aftur staddur þar sem ég byrjaði – á þessari sýningu. Það er mörgum okkar kunnugt, að Ragnar Jónsson hefir í meira en 30 ár unnið að því af dæmafáum áhuga, árvekni og stórhuga að safna að sér því bezta, sem fram hefur komið í íslenskri myndlist á þessu tímabili. Það er einnig alkunna, að enginn einn maður hefur keypt meira af verkum ungra listamanna og margir þeirra hafa sótt til hans sína fyrstu viðurkenningu. Hitt mun samt verða mönnum enn meira undrunarefni á þessari sýningu, hversu margt er þar saman komið af stórbrotnustu verkum hinna elztu og kunnustu myndlistarmanna íslenskra, svo að jafnvel þeir bæta hér enn við hæð sína. Mér liggur við að segja að þetta gangi töfrum næst, og víst er um það, að í þessu tilliti getur aldrei frammar neitt íslenskt listasafn keppt við þessa sýningu. Má af því marka, hvílíkt menningartjón það væri, ef þessi frábæru listaverk væru lokuð inni eða þeim stungið undir stól, eins og ég tók til máls í upphafi máls míns.

En Ragnar Jónsson hefur víst aldrei haft slíkt í huga. Hann hefir áður gefið Reykjavíkurbæ að gjöf verðmætt safn málverka eftir Ásgrím Jónsson, Kjarval og Jón Stefánsson, og vonandi verður þess ekki langt að bíða, að þeim verði komið með æskilegum hætti á framfæri við almenning. En nú að lokum leyfist mér einnig að geta þess, að eigandi þessarar sýningar hefir þegar ráðstafað til almennings í landinu öllum þeim málverkum, sem hér eru sýnd, og þeim öðrum, sem ekki hafa komið hér fyrir, en greind eru sérstaklega á sýningarskrá. Hér er með öðrum orðum risið upp nýtt listasafn og fágætlega verðmætt, sem afhent verður alþýðu þessa lands til varðveislu, samkvæmt nánari fyrirmælum, og hefir þá einnig þótt eðlilegast að það væri sérstaklega tengt þeim félagasamtökum, sem telja stærstan hóp vinnandi fólks innan vébanda sinna. Ég tel mig

loks mega fullyrða, að þegar séu fyrirhugaðar ráðstafanir, sem ættu að geta flýtt verulega fyrir því, að byggt verði yfir safnið innan tíðar. Þar sem ég er hér umfram allt kominn í umboði vinar míns, Ragnars Jónssonar, ber mér ekki að fara mörgum orðum um þá einstæðu rausn og menningarvilja, sem hann hefir hér sýnt. En um leið og ég bið yður, hr. forseti Alþýðusambands Íslands, að taka á móti heimildarbréfi fyrir þessu nýja safni, vil ég láta í ljós þá einlægu ósk, að sá trúnaður, sem íslenskri alþýðu er sýndur með svo höfðinglegri ráðstöfun, og að það traust á hlutverki göfugrar listar, sem hún vottar, megi verða þjóðinni allri fyrirheit um æ auðugra líf í þessu fagra en dálítið erfiða landi, sem við unnum öll.”<sup>12</sup>

Hannibal Valdimarsson, forseti ASÍ, svaraði ræðu Tómasar:

“Fyrir því hefði sjálfsagt fáa órað í upphafi, en nú hefur það gerst, að samtök íslenzkra erfiðismanna Alþýðusambandið, er orðið milljónamæringur í fegurðarverðmætum, sem halda munu fullu gildi, þótt gengið falli, og nálega á hverju sem veltur. Eitt málverk eftir einhvern af höfuðsnillingum íslenzkrar málalistar er mikil gjöf – þjóðhöfðingjum samboðin. Hvílík stórgjöf er þá ekki þau 77 listaverk, sem hér hefur nú verið komið fyrir á veggjum Listamannaskálans og þau 43 engu síðri sem ekki var rúm fyrir í þessum húsakynnum? Mig brestur orð til að lýsa verðmæti þessarar gjafar, en um gefandann leyfi ég mér að viðhafa orð Njálu, höfð eftir Flosa Þórðarsyni um afreksmanninn Kára Sölmundarson: „Engum manni er Kári líkur, þeim, sem nú eru á landi váru.“ Við, sem nú eigum sæti í stjórn Alþýðusambands Íslands, gerum okkur fyllilega ljóst, að mikill vandi og þung ábyrgð fylgir því að taka við slíkri gjöf. Hennar verður vandlega að gæta. Hana verður að ávaxta. Hennar bjarta ljós má ekki liggja undir mælikeri. Þessi dýrmæta gjöf skyldi dag hvern minna oss á, að maðurinn lifir ekki af brauði einu saman. Að barátta verkalýðssamtakanna beinist ekki einungis að bættum efnahag hins vinnandi manns, heldur engu að síður að hinu: að fegra líf hans. Takmarkið æðsta er hamingjusamara og fegurra líf. Og í baráttunni að því marki eru hinar fögru listir, ekki sízt myndlist

og tónlist – máttugustu tækin til aukins þroska. Megi sá vísir að listasafni, sem hér er stofnað til, verða íslenskum erfiðismönnum góður skóli, er efli fegurðarskyn þeirra, lífshamingju og lífsnautn, opni augu þeirra fyrir hinu fagra í öllum myndum í kringum þá. Við það verða þeir betri menn, meiri menn og vissulega betri og meiri Íslendingar. Ég játa, að enga miðstjórnarsamþykkt hef ég fyrir því, að safnhús skuli reist yfir þau miklu listaverðmæti, sem nú verða falin Alþýðusambandi Íslands til fósturs. En ég leyfi mér samt að segja, að oss ber að beita öllum mætti hinna fjölmennu og sterku samtaka vorra til þess, að listasafn alþýðu eignist á næstu tveim þrem árum húsakynni við sitt hæfi. Að því að svo geti orðið hefur Ragnar Jónsson þegar lagt traustan grunn og í viðbót við það er það eiginlega viljinn einn, sem þarf. Skyldi það framlag síst breyta af hendi verkalýðssamtakanna, þegar svo er í hendur búíð, sem Ragnar Jónsson hefur gert. Góðir sýningargestir! Áður en ég lýk máli mínu vil ég biðja Tómas skáld Guðmundsson að færa Ragnari Jónssyni, lofgróna þökk fyrir það mikla traust, er hann sýnir Alþýðusambandi Íslands, og þá sæmd, er hann gerir samtökum íslenskra erfiðismanna, með því að trúna þeim fyrir varðveislu og ávöxtun þessa dýrmæta listasafns. Þetta þakka ég í nafni Alþýðusambands Íslands og lýsi því yfir, með nokkrum hjartslætti að vísu að vér göngumst undir þann heiður, ásamt þeim vanda og þeirri ábyrgð, sem því fylgir að veita gjöf hans, hinni dýrmætu, móttöku. Vér biðjum fulltrúa gefandans, Tómas Guðmundsson skáld, að færa Ragnari Jónssyni þakkir Alþýðusamtakanna og honum og húsi hans biðjum vér gæfu og blessunar.”<sup>13</sup>

Ragnar og Hannibal voru vinir og höfðu rætt sín á milli um gjöfina og gert með sér eins konar heiðursmannasamkomulag um varðveislu hennar. Gjöfin fól í sér siðferðilega skuldbindingu Alþýðusambandsins gagnvart verkunum; að varðveita þau, viðhalda þeim, og að sýna þau. Eða með öðrum orðum að mennta og kynna Íslendinga fyrir myndlist. Gjöfin kom með tveimur óskum frá hendi Ragnars; að koma myndlistinni sem víðast, og að byggja hús um safnkostinn, helst úti í náttúrunni.

Að Ragnar hafi ákveðið áratugum fyrr að gefa ASÍ safnið dregur Björn Th.

Björnsson í efa. Björn segist oft hafa hugsað um þetta og efist um réttmæti þess. Telur hann að um augnablikshugljómun hafi verið að ræða sem eigi sér þó margslungnar og djúpar rætur. Uppruni hans á Eyrarbakka, þar sem alþýðufólk var uppfullt af menningu og miðlunareðli Ragnars, spiluðu sinn þátt. Björn heldur einnig að gjöfin hafi verið viss uppreisn gegn ríkinu, enda hafði hann verið mjög ósáttur við listaverkakaup hins opinbera um áratuga-skeið.<sup>14</sup> Ragnar gerði atlögu að Gunnari Thoroddsen borgarstjóra árið 1954 að stofna Listasafn Reykjavíkur. Hann afhenti sjö verk sem stofngjöf að safninu og skrifaði bréf í Morgunblaðið um gjöfina.<sup>15</sup> Sinnuleysi borgarinnar í málefnum myndlistar og skortur á skýrum svörum hefur eflaust haft áhrif á það að Ragnar ákvað að íslenskir erfiðismenn, gegnum ASÍ, eignuðust verkin.<sup>16</sup>

Fyrsta áratuginn eftir að ASÍ tók við stofngjöf Ragnars snerist starfsemi Listasafnsins um fjáröflun fyrir safnhús, þar sem sala og dreifing bókar Björns Th., Íslenzk myndlist, var í lykilhlutverki. Bókin, skrifaði Ragnar Birni, „á að vera alþýðleg saga nútímalistar okkar, stafrófskver í myndlist fyrir íslenskt alþýðufólk sem er byggð á safninu og lykill að því en líka áreiðanleg yfirlitsbók um myndlist okkar.“<sup>17</sup> Fyrsta bindið kom út árið 1964, það síðara árið 1973 en Ragnar vildi hana tilbúna alla árið 1963 og að strax yrði byrjað að byggja. Björn hafði úr litlu að móða af heimildum í bókina, enda hafði lítið sem ekkert verið skrifað um myndlist á Íslandi fram að því. Verkið var því mun umfangsmeira og erfiðara en Björn óraði fyrir í upphafi.

Árið 1969 var fyrsti safnstjórinn ráðinn til starfa, myndlistarmaðurinn Hjörleifur Sigurðsson. Sama ár hóf Listasafnið samstarf við Menningar- og fræðslusamband Alþýðu, (MFA) um leigu og rekstur salar á 3. hæð Laugavegar 18 og var þá kominn sýningarsalur til afnota. Salurinn þótti vel innréttaður og snotur en lítill.<sup>19</sup> Fram til ársins 1972 voru sumarsýningar í salnum en hann var notaður til fræðslu á vegum verkalýðshreyfingarinnar á vetrum. Sýningastefna safnsins var sú að „sýna myndir úr eign safnsins sjálfs, en jafnframt leitast við að breikka verksvið þess, m.a. með því að ráðast í verkefni, er hliðstæðar stofnanir hafa ekki sinnt. Með þessu móti hyggst safnið ná til stærri hópa fólks í þjóðfélaginu, ekki sízt úr alþýðu- og verkalýðsstéttum landsins.“<sup>20</sup> Árið 1973 efldist starfsemi safnsins til muna en þá um vorið fluttist starfsemi þess að Laugavegi 31 í nýtt húsnæði Alþýðubankans sem ASÍ átti á þeim tíma. Þar voru tveir sýningarsalir, geymslupláss fyrir verkin og

skrifstofa.<sup>21</sup> Þetta var stórbætt aðstaða fyrir safnið og þá hófst reglubundið sýningarhald allt árið um kring.

Sama ár fór safnið af stað með vinnustaðasýningar í samstarfi við Menningar- og fræðslusamband Alþýðu. Fyrst var vélsmiðjan Héðinn til að fá sýningu og „urðu þar fjörugar umræður um myndlistina og hlutverk hennar auk verkalýðsmálanna.“<sup>22</sup> Sýningin stóð í tvær vikur og var þá flutt í matsal Stáliðjunnar í Reykjavík. Því næst fór sýningin til Byggingasamvinnufélagsins í Breiðholti og að lokum í sláturhús kaupfélagsins á Sauðárkróki. Vinnustaðasýningarnar voru þaðan í frá ein lykilstarfsemi safnsins, fóru mjög víða um höfuðborgarsvæðið og til bæja um allt land næstu áratugina. Þær voru unnar í samstarfi við verkalýðsfélögin á hverjum stað en einnig milliliðalaust við vinnustaði.

Í tilefni af sjötugsafmæli Hannibals Valdimarssonar árið 1973 stofnaði ASÍ sérstakan listaverkasjóð og var stofnfé í honum 250.000 kr. Hlutverk sjóðsins samkvæmt 1. grein reglugerðar um hann var að taka á móti fjárframlögum og leggja fram fé til kaupa á myndlistarverkum, sem verði eign listasafnsins. Stjórn sjóðsins var stjórn safnsins og mátti eyða helmingi hans árlega í kaup á myndlistarverkum. Ekki var tiltekin ákveðin stefna við kaup verkanna.

Frá því safnið fékk eigin sýningarsal að Laugavegi 31 árið 1973 voru haldnar árstíðabundnar sýningar í salnum, jóla-, sumar- og miðsvetrar-sýningar. Þær voru ýmist haldnar að frumkvæði listamannanna sjálfra, safnstjóra eða samstarfsaðila. Listasafnið myndaði tengsl við ýmis félagasamtök auk verkalýðsfélaga, innanlands og utan á tímabilinu. Norræna myndlistarbandalagið efndi til sýninga árin 1975 og 1976 og fóru íslenskir listamenn einnig utan til Svíþjóðar og Færeyja. Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna (MÍR) fékk afnot af salnum í nokkur ár til að sýna list frá Sovétríkjunum. Nokkrir erlendir listamenn sýndu í salnum. Mikið ber á grafík og textíl í sýningarsögu safnsins ef miðlarnir eru skoðaðir. Ljósmyndasýningar voru nokkrar á tímabilinu en flestar sýningar voru málverkasýningar, þar sem verk unnin með olíu og vatnslit voru áberandi. Fram til ársins 1977 var mikil gróska og vöxtur í starfseminni með sýningum mjög víða um landið, vinnustaðasýningum fjölgaði ört og sýningar í húsnæðinu að Laugavegi 31 voru reglulegar og vel sóttar. Samkvæmt skýrslum forseta ASÍ má gera ráð fyrir að rúmlega þrjátíu þúsund manns hafi notið sýninga á vegum safnsins fram til ársins 1977. Árið 1978 kemur fram í skýrslu forstöðumanns safnsins

**Mennt er máttur — umgengni við góð listaverk er undirstaða mennta**

Börn yðar geta ekki náð afmíklum vilja eða andlegum þroska né eignast góðan smekk nema umgangast listaverk.

Málverkaprentanir Helgafells eru ekki aðeins óviðjafnanleg heimilisþrýði, en bera jafnframt vott mikilli heimilismenningu.

Gefið börnum yðar málverkaprentanir og góðar bækur í jólagjöf.

Verið fastur viðskiptavinur í **U N Ú S Í** (sími 16837).

11. des. 1959 — Alþýðublaðið

Auglýsing í Alþýðublaðinu, 11. desember 1959.

að sérstakt fagnaðarefni sé að taka upp samvinnu við bókasöfn og aðrar menningarstofnanir.

Árið 1976 var stofnað hlutafélagið Listaskáli alþýðu hf. af tuttugu og fimm verkalýðsfélögum auk Alþýðusambandsins og Listasafnsins í þeim tilgangi að kaupa og eiga 3. hæð Grensásvegur 16 þar sem ASÍ byggði nýjar höfuðstöðvar. Árið 1980 flutti safnið starfsemi sína þangað og hafði þá verið án sýningarhúsnæðis frá árinu 1977 þegar Alþýðubankinn tók sýningarsalina í notkun fyrir sína starfsemi. Á tímabilinu sinnti Listasafnið sýningum um landið þrátt fyrir húsnæðisleysið í Reykjavík.

Á árinu 1979 hætti Hjörleifur Sigurðsson sem forstöðumaður safnsins og Þorsteinn Jónsson var ráðinn í hans stað. Hann hafði menntað sig í Svíþjóð í safnafræðum, þjóðháttufræðum og fjölmiðlun. Þá urðu einnig breytingar á stjórn safnsins en fyrir tilskipan Ragnars kom Hrafnhildur Schram, listfræðingur, inn fyrir Hjörleif. Aðrir stjórnarmeðlimir frá árinu 1961 voru; Hannibal Valdimarsson, forseti ASÍ, formaður, Eggert Þorsteinsson, varaforseti ASÍ, Árni Guðjónsson, lögmaður, Björn Th. Björnsson, listfræðingur og Stefán Ögmundsson, formaður Menningar- og fræðslusambands Alþýðu.<sup>23</sup>

Árið 1980 fékk Listasafn ASÍ langþráð heimili að Grensásvegi 16. „Glæsilegt gallerí, kaffihús og myndlistarsýningar“ er fyrrisögn í Helgarpóstinum þann 8. febrúar 1980 þar sem galleríinu er lýst sem einu af því glæsilegasta hérlendis. Þar er húsnæðinu fagnað sem og starfseminni þar sem hægt yrði að fræðast, drekka kaffi, jafnvel horfa á leikrit og hlýða á tónlist. Auk þess voru geymslur fyrir verkin sagðar vera orðnar „fullkomnar og öruggar.“<sup>24</sup>



## Hugmyndir um safnhús

Ragnar vildi sjá málverkasafn sitt í umhverfi þar sem fjölskyldur kæmu í afþreyingarskyni sér til innblásturs og yndisauka, til að upplifa myndlist og kynnast listasögunni, einnig að njóta annarra listforma, fræðast og njóta náttúrunnar. Ragnar sá fyrir að tæknibyltingin og aukin lífsgæði myndu kalla á meiri frítíma sem hann vildi að fólk eyddi til andlegra viðfangsefna eins og safnheimsóknna. Í viðtali í Tímanum í tilefni af gjöfnni kemst Ragnar svo að orði um hugmynd sína að andrúmsloftinu í safnhúsi framtíðar: „Listin þarf að komast til fólksins. Alþýðusafn á ekki að vera stofnun, þar sem menn spásséra inn í því sérstaka augnamiði að skoða myndir, heldur hluti af umhverfi fólksins, þar sem líf og list geta sameinast. Ég mundi því kjósa, að það húsnæði, sem kann að verða byggt yfir þessar myndir, væri um leið hressingarheimili, samkomustaður almennings, þar sem tónlist, orðsins list og myndlist gætu komið til mannsins, þegar hugur hans er opinn – utan hins daglega brauðstrits.“<sup>25</sup>

Í bréfaskriftum við Björn Th. Björnsson fór Ragnar yfir hugmyndir sínar varðandi bygginguna. Ragnar vildi fyrst og fremst að safnhúsið væri staður þar sem „fólk þorir að líta hvað upp á annað“ og safnstjórnin óskaði þess að safnið yrði „skemmtileg menningarmiðstöð í fallegu umhverfi þar sem ungir og aldnir gætu unað sér.“<sup>26</sup> Fyrir milligöngu vinar Ragnars bauðst safninu lóð á Kársnesi: „eða réttara sagt landareign, framtíðarsvæði fyrir byggingar, skógræktarsvæði, bátahöfn, baðströnd og byggingar fyrir starfsfólk og annað.“<sup>27</sup> Ragnar vildi efna til samkeppni á Norðurlöndum um skipulag og sagði að annaðhvort gerðist þetta núna strax eða ekki, það væri ekki hægt að bíða með þetta fram í annað líf. Skömmu síðar fréttist að „illþefjaðar fabrikkur hafi verið settar niður á landinu og þar með kafnaði draumurinn um Listasafn alþýðu við Fossvoginn“.<sup>28</sup> Skömmu síðar kom upp sú hugmynd að byggja safnhús í Ölfusi þar sem Sigvaldi Thordarson hafði teiknað orlofshús og þjónustumiðstöð hjá orlofsheimilum ASÍ og var Sigvaldi beðinn um að gera ráð fyrir safninu í teikningunum.<sup>29</sup> Margar hugmyndir voru á lofti og minnst var á Louisiana-safnið fyrir utan Kaupmannahöfn sem fyrirmynd, það safn væri „opið, ef svo mætti segja, í staðþeirrar dauðakýrrar stjórnudýrkunar og blýþungrar alvöru er léttleiki yfir safninu og það í nánum tengslum við náttúruna og umhverfið.“<sup>30</sup>

Engin þessara hugmynda rættist, enda fékkst ekki fé til þess að byggja safnhús fyrir ágóða bókarinnar eða með öðrum fjáröflunarleiðum. Vissulega er það útópísk hugmynd að bók fjármagni húsbyggingu en það virðist vera að viljann og/eða áhugann hafi vantað hjá verkalýðsförystunni til að láta safnhús verða að veruleika. Það var því ekki fyrr en árið 1980 að safnið fékk almennilega aðstöðu fyrir starfsemi sína í nýjum höfuðstöðvum ASÍ, á 3. hæð að Grensásvegi 16.

## **Starfsemi safnsins frá árinu 1980**

Safnið opnaði þann 1. maí 1980 í nýjum húsakynnum og voru haldnar sex sýningar það ár við Grensásveg. Með bættri aðstöðu gerðist safninu kleift að auka þjónustustarfsemina og sýningunum List um landið og vinnustaðasýningum fjölgaði. Áratuginn á eftir voru haldnar á bilinu átta til þrettán sýningar á ári, en fækkar frá árinu 1989 í um sex sýningar á ári en ASÍ fór í auknum mæli að nota sýningarsalina undir sína starfsemi. Sýningarstefnan var opin og lýðræðisleg og skilaði það sér í fjölbreyttum sýningum. Sú stefna hélt þar til safninu var lokað árið 2016 að auglýst var eftir listamönnum til að sýna í safninu, og listráð valdi úr umsóknum. Sýningarnar voru af ýmsu tagi; úr safnkosti safnsins, nýjum aðföngum og eldri, sýningar innlendra og erlendra myndlistarmanna, og sýningar unnar í samstarfi við ýmis félög. MÍR hélt áfram að sýna list frá Sovétríkjunum árlega, einnig fengu frístundamálarar aðgang að safninu gegnum verkalýðsfélög. Hin árlega sýning fréttaljósmyndara, World Press Photo, var haldin í safninu frá árinu 1982-1992. Í kringum sýningar safnsins voru oft haldnir fyrirlestrar og dagskrá, prentaðar voru sýningarskrár og stundum plaköt. Með bættri aðstöðu og aukinni starfsemi jukust einnig listaverkagjafir til safnsins en safnkosturinn byggist að langstærstum hluta af gjöfum frá listamönnum og söfnurum. Ragnar hélt áfram að gefa safninu verk til ársins 1981. Einnig fékk safnið þrjátíu og sjö verk úr málverkasafni Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur árið 1973 og var haldin sýning á þeirri gjöf árið 1975. Af þeim safnaukum sem Listasafnið keypti eru grafíkverk áberandi. Safneignin sem byrjaði í hundrað og tuttugu verkum, telur nú um fjögur þúsund verk.

Árið 1981 var haldin heimildasýning um gerð Guernicu eftir Pablo Picasso.



Höfuðstöðvar ASÍ á Grensásvegi. Mynd: Gunnar Elíson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósprentun af verkinu í fullri stærð var til sýnis auk ljósmynda af skissum og fleiru. Með sýningunni komu kennslugögn fyrir skóla, framleidd var litskyggnuröð, plakat, bæklingur og haldinn fyrirlestur. Á þessum tíma jókst útgáfustarfsemi safnsins. Björn Th. Björnsson sá um að útbúa litskyggnuraðir af verkum myndlistarmanna til að kynna í safninu og dreifa í grunnskóla um landið. Hver röð samanstóð af þrjátíu og sex litskyggnum auk texta um efni myndanna. Litskyggnur Gísla Jónssonar og Íslensk vefjalist frá 1950-1980 komu fyrst, á eftir komu verk Nínu Tryggvadóttur og Ásgerðar Búadóttur. Árið 1982 gerðu bókaútgáfan Lögberg og Listasafn ASÍ samning um útgáfu listaverkabóka. Fyrsta bókin var viðtalsbók við Ragnar sem Ingólfur Margeirsson ritstýrði og bók um Eirík Smith eftir Aðalstein Ingólfsson. Að auki komu út bækur um tiltekna listamenn: Jóhann Briem árið 1983, höfundur Halldór Björn Runólfsson; Muggur: Guðmundur Thorsteinsson árið 1984, höfundur Björn Th. Björnsson; Jóhannes Geir árið 1985, höfundar Aðalsteinn Ingólfsson og Sigurjón Björnsson; Ásgrímur Jónsson árið 1986, höfundar Hjørleifur Sigurðsson og Hrafnhildur Schram; Tryggvi Ólafsson árið 1987, höfundar Halldór Björn Runólfsson og Thor Vilhjálmsson; Jón Engilberts árið 1988, höfundar Ólafur Kvaran og Baldur Óskarsson og Hringur Jóhannesson árið 1989, höfundur Aðalsteinn Ingólfsson. Að auki

woru gefin út listaverkakort með bókunum til styrktar starfsemi safnsins.

Listaskáli alþýðu hf. var lagður niður árið 1981 og var rekstur safnsins settur undir miðstjórn ASÍ árið 1982. Stjórn safnsins var lögð niður og stofnuð þriggja manna rekstrarstjórn í staðinn; hana skipuðu Jóhannes Siggeirsson, framkvæmdastjóri MFA, Tryggvi Þór Aðalsteinsson, fjármálastjóri ASÍ og Þorsteinn Jónsson, forstöðumaður Listasafns ASÍ. Listráð var skipað af miðstjórn ASÍ en Ragnar Jónsson afsalaði sér því að tilnefna menn í stjórn þetta ár. Í listaráði voru sem fyrr: Björn Th. Björnsson, Hrafnhildur Schram og Þorsteinn Jónsson. Rekstur gekk ágætlega með blómlegri starfsemi safnsins og útgáfu. Frá árinu 1986 var Sólveig Georgsdóttir, þjóðfræðingur, ráðin forstöðumaður safnsins en Ólafur Jónsson tók við af henni 1. janúar árið 1990. Árið 1989 kom fram í ársskýrslu forstöðumanns Listasafnsins að ASÍ hafi í auknum mæli notað sýningarsalina undir ýmsa starfsemi ASÍ og var ákveðið að breyta áherslum í rekstri safnsins.<sup>31</sup> Áherslan átti að vera á vinnustaðasýningar og List um landið, farandsýningar með list um allt land í samstarfi við verkalýðsfélög og stjórnir sveitarfélaga.<sup>32</sup> List um landið taldi átta sýningar árið 1990 en fastir viðskiptavinir vinnustaðasýninga voru þrjátíu en fjölgaði í fjórtíu tveimur árum síðar. Sýningartími var þá lengdur úr fjórum mánuðum í sex. Mikil umsýsla fylgdi sýningunum en á þessum tímamarki var komin töluverð reynsla af samstarfi við mismunandi vinnustaði og stofnanir og fjárhagshliðin hafði einnig rétt úr sér. Viðtakendur borguðu allan kostnað af sýningunum. Listasafnið fékk tólf listamenn til að gera myndir sérstaklega fyrir List um landið árið 1990, inntak myndanna átti að vera Ísland, landið sjálft og þjóðin.<sup>33</sup> Árið 1991 voru þrjátíu ár frá stofnun Listasafns ASÍ og þá efndi safnið til farandsýningar á verkum þrettán listamanna á íslenski grafík, sem bar titilinn Íslensk myndlist á ferð um Norðurlönd. Að auki var efnt til málverkasýningar sem einnig fór um Norðurlöndin. Sýning á verkum úr gjöf Ragnars Jónssonar var að Kjarvalsstöðum um sumarið. Hátíðardagskrá var í Borgarleikhúsinu til að heiðra minningu Ragnars og var Listasafnið aðili að þeim viðburði auk Rithöfundasambands Íslands og Tónlistarfélagssins.

Árið 1995 ákvað miðstjórn ASÍ að nýta alfarið sýningarsalina að Grensásvegi undir eigin starfsemi og útleigu. List um landið og vinnustaðasýningar héldu áfram starfsemi á meðan farið var að svipast um eftir annarri sýningaraðstöðu fyrir safnið. Sýningar voru tvær á því ári og svo var hætt að úthluta salnum til listastarfsemi.

## Ásmundarsalur

Ólafur Jónsson var forstöðumaður safnsins árið 1996 þegar Alþýðusambandið festi kaup á Ásmundarsal að Freyjugötu 41. Fyrsta sýningin opnaði 7. júní á Listahátíð en starfsemi safnsins fluttist eftir endurbætur á húsinu í upphafi árs 1997. Kristín Guðnadóttir listfræðingur tók við af Ólafi Jónssyni sem forstöðumaður safnsins árið 1997. Í skýrslu forseta Alþýðusambandsins árið 1997 segir að „nú þegar Listasafn ASÍ er flutt í nýtt og fallegt húsnæði miðsvæðis í Reykjavík eru allar forsendur fyrir hendi til blómlegrar starfsemi safnsins þar sem staðsetningin ein setur það inn í hringið menningar og lista í Reykjavíkurborg.“ Einnig segir þar að kaupin hafi verið „ljós vottur um ræktarsemi forystu Alþýðusambandsins í garð frumkvöðulsins, Ragnars Jónssonar í Smára, stofnanda Listasafns Íslands.“<sup>34</sup>

Listasafn ASÍ eignaðist góðan samastað í Ásmundarsal. Ásmundur Sveinsson myndhöggvari byggði húsið árið 1933 og óskaði þess að það yrði nýtt í þágu listarinnar eftir sinn dag. Sýningahald blómstraði í Ásmundarsal og safnið festi sig í sessi sem eftirsótt sýningarrými og samkomustaður í menningarlífi borgarinnar. Safnið hafði sætt gagnrýni fyrir að láta listamenn greiða leigu fyrir afnot af sýningarsal auk þess sem þeir áttu að sinna sýningagæslu en leigunni var aflétt árið 2002. Það ár voru tveir starfsmenn ráðnir til starfa til að aðstoða við uppsetningu sýninga og vakta þær. Til að fjármagna breytingarnar var notað styrkfé úr nýstofnuðum Safnasjóði og styrkur frá Menningarmálanefnd Reykjavíkur auk þess sem rekstrarstyrkur safnsins á fjárlögum var aukinn á árinu 2002. Starfsemi safnsins eflist mikið á þessum tíma og segir í ársskýrslu ASÍ frá árinu 2002:

„Starfsemi Listasafns ASÍ er komin í fastar skorður og hefur safnið öðlast sess í menningarlífi landsins, sem vettvangur fyrir áhugaverðar og fjölbreytilegar sýningar. Markmiðið með sýningahaldi safnsins hefur verið að hýsa vandaðar sýningar sem gefa margþætta innsýn í íslenska samtímalist og listhefð. Það má einnig geta þess að sýningar ársins 2002 hafa hlotið óvenju góða dóma gagnrýnenda og viðtökur almennings. Listasafn ASÍ hefur slitið barnsskónum í Ásmundarsal að Freyjugötu 41 og reynslan hefur sýnt að þetta húsnæði er mikil lyftistöng fyrir starfsemi safnsins. Listasafn ASÍ hefur fullan hug á að

þróa áfram virka menningarstarfsemi í þessu góða húsi, ásamt því að stuðla að kynningu á íslenskri myndlist sem víðast, bæði innan veggja fyrirtækja og stofnana og út um landsbyggðina.“<sup>35</sup>

Í húsinu voru þrjár sýningarsalir; Ásmundarsalur 100 fermetrar og Gryfjan 20 fermetrar með mikilli lofthæð og var ýmist notaður fyrir litlar einkasýningar eða nýttur í tengslum við sýningar í Ásmundarsal. Þriðji salurinn, Arinstofa, var 25 fermetrar og var að jafnaði nýttur til að kynna listaverkæign safnsins.<sup>36</sup> Fyrirkomulag sýningahalds var opið og var öllum sem áhuga höfðu á að efna til sýninga frjálst að sækja um aðstöðu í safninu til þess. Úthlutað var fimmtán sýningartímabilum í Gryfju og Ásmundarsal á ári, hver sýning var opin í þrjár vikur. Listráð safnsins valdi sýningartillögur inn með „það að leiðarljósi, að sýningar í Listasafni ASÍ væru í háum gæðaflokki og að sýningaplan ársins endurspegli fjölbreytni íslenskrar myndlistar bæði hvað varðar tækni og liststefnur.“<sup>37</sup> Á árinu 2003 komu 8.400 gestir í safnið. Það ár settist Einar Garibaldi myndlistarmaður í listráðið sem varamaður fyrir Björn Th Björnsson sem hafði setið í því frá upphafi. Hrafnhildur Schram og forstöðumaður safnsins, Kristín Guðnadóttir sátu einnig í listráðinu.

Á þessum tíma voru um árlega settar upp um fimmtíu vinnustaðasýningar hjá verkalýðsfélögum, ýmsum opinberum stofnunum svo sem ráðuneytum og hjá einkafyrirtækjum. Gerður var samningur til sex mánaða við hverja stofnun eða fyrirtæki með möguleika á framlengingu. Safneignin var að mestu notuð í þessa starfsemi en einnig voru leigð verk af listamönnum til að auka á fjölbreytileika. „Sýningar Listasafns ASÍ í stofnunum og fyrirtækjum gera starfsemi þess frábrugðna starfsemi annarra listasafna og þjóna því markmiði safnsins að sem flestir fái notið myndlistar, einnig þeir sem ekki sækja söfn og sýningar að staðaldri“.<sup>38</sup>

Ársskýrslur safnsins á þessum árum eru að mestu leyti eins ár frá ári, sami texti er afritaður milli ára fyrir utan sýningardagskrána. Árlega voru haldnar ein til þrjár sýningar úr safneign en aðrar sýningar voru sýningar listamanna sem sóttu um að sýna. Árið 2006 kom Júlíana Gottskálksdóttir listfræðingur inn í listráðið fyrir Hrafnhildi Schram og Einar Garibaldi orðinn fastur ráðsmaður. Björn Th Björnsson andaðist árið 2007. Árið 2007 kom inn í ársskýrslu „að innan safnsins fer einnig fram hefðbundið safnastarf, hvað varðar varðveislu, viðhald rannsóknir og sýningu safnmuna. Safnið á

aðild að alþjóðaráði safna ICOM og faglegt starf tekur mið af samþykktum og siðareglum þess“.<sup>39</sup> Árið 2008 var gert við tuttugu verk, unnið að viðhaldi á húsinu og tekið fram að verið væri að efla faglegt starf safnsins, meðal annars með því að opna nýja heimasíðu og stunda skráningu og rannsóknir á safnkosti. Árið 2010 komu Hulda Stefánsdóttir prófessor við Listaháskóla Íslands og Ólafur Gíslason listfræðingur inn í listráðið í stað Einars Garibalda og Júlíönu Gottskálksdóttur. Frá 2009 dró úr vinnustaðasýningum en eftirspurn eftir nýjum sýningum var lítil á sama tíma og mörg fyrirtæki og stofnanir hafa sagt upp samningum sínum eða fækkað verkum sökum samdráttar.<sup>40</sup>

Árið 2012 var reglugerð fyrir Listasafn ASÍ breytt í aðdraganda þess að safnið fékk viðurkenningu Safnaráðs árið 2014. Viðurkennd söfn geta sótt um fjármagn til reksturs og verkefna í safnasjóð og þurfa að uppfylla ýmis skilyrði um fagleg vinnubrögð, öryggi og aðgengi. Frá árinu 2016 hefur Safnaráð haft reglulegt og ítarlegt eftirlit með söfnunum með úttektum og mati á starfsemi safna. Í nýrri reglugerð kveður meðal annars á um að komi til þess að safnið verði lagt niður skuli safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar. Að auki er hlutverk listráðs skilgreint betur og verksvið þess vikkað miðað við það sem verið hafði. Í 6. grein reglugerðarinnar segir að listráðið skuli vera rekstrarstjórn og miðstjórn til ráðuneytis um allt sem lýtur að listfræðilegum málum. Allar umsóknir um afnot af sýningarsal safnsins skulu lagðar fyrir listráðið. Þá skal listráðið fjalla um sýningar, sem efnt er til á vegum safnsins hvort sem er í sýningarsal þess eða annars staðar. Ef til greina kemur að safnið þiggi listaverk að gjöf eða kaupum listaverk skal slíkt lagt fyrir listráðið. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við safnalög og reglugerð um viðurkenningu safna. Ári síðar er tekið fram að faglegu starfi „svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsókna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er með hliðsjón af starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.“<sup>41</sup>

Árið 2016 var Ásmundarsalur seldur til fjárfesta. Í ársskýrslu ASÍ frá árinu 2016 segir að:

„rekstrarstjórn tilkynnti í apríl 2016 að Listasafn ASÍ myndi hætta starfsemi sinni að Freyjugötu 41 þann 3. október og til staði að selja húsið. Húseignin var seld í maí. Meginástæða þessara breytinga



er rekstrarvandi safnsins. Safnið mun starfa áfram með breyttu fyrirkomulagi, án þess að reka eigið sýningarrými. Safneigninni verður komið fyrir í góðum geymslum og skrifstofa safnsins flyst í Guðrúnartún. Áhersla verður lögð á að sinna safneigninni og stefnt er að því að setja árlega upp tvær til þrjár sýningar úr safneigninni í samstarfi við söfn og sýningarrými um allt land. Einnig mun safnið áfram bjóða upp á vinnustaðasýningar. Allir starfsmenn safnsins láta af störfum þann 1. nóvember og nýr forstöðumaður verður ráðinn í 50% starfshlutfall.<sup>42</sup>

Nokkuð hávær mótmæli urðu í röðum myndlistarfólks við söluna. Myndlistardeild Listaháskóla Íslands sendi frá sér yfirlýsingu og hvatti ASÍ til þess að endurskoða ákvörðunina og „fórna ekki lífsgæðum almennings á altari efnishyggjunnar og skammtímahagsmuna.“<sup>43</sup> Samband íslenskra myndlistarmanna lýsti yfir áhyggjum sínum yfir áformum ASÍ varðandi safneignina og sjálft húsið í yfirlýsingu þegar lá fyrir að ASÍ myndi selja húsnæðið. Jafnframt furðaði stjórn sambandsins sig á því að Fjallamjólk Jóhannesar Kjarval hafi farið inn á skrifstofu til Gylfa Arnbjörnssonar við söluna á Ásmundarsal. SÍM efndi til undirskriftarlista og mótmælti sölu húsnæðisins. Rúmlega fimmtán hundruð manns skrifuðu undir mótmælin sem síðan voru afhent Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ, Illuga Gunnarssyni þáverandi menntamálaráðherra og Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.<sup>44</sup> Viku eftir að Ásmundarsalur var auglýstur til sölu var húsið selt fjárfestunum Sigurbirni Þorkelssyni og eiginkonu hans Aðalheiði Magnúsdóttur.

Eftir söluna á Ásmundarsal gerði rekstrarstjórn ASÍ fimm ára áætlun „þar sem lögð verður áhersla á að kaupa markvisst ný verk inn í safneignina og efla sýningarhald í samstarfi við aðrar stofnanir og samtök víða um land.“<sup>45</sup> Að auki verði skipulögð „tvíhliða sýningardagskrá, annars vegar sýning á nýjum verkum sem valin hafa verið til kaups og hins vegar kynning á eldri verkum í safneigninni. Lögð verður sérstök áhersla á samvinnu við skóla í tengslum við sýningarnar.“ Að auki segir á heimasíðu safnsins að ný innkaupastefna hafi verið mótuð og taki:

„hún mið af því menntunar- og miðlunarátaki sem safnið mun ráðast í með sýningarhaldi víða um land á næstunni. Valin verða og keypt

inn ný verk þar sem viðfangsefni og/eða miðill endurspeglar tíðarandann með afgerandi hætti. Ekki verður notast við afmarkað þema fyrsta árið (2017) en næsta ár og árin þar á eftir verður unnið með þemu, eitt fyrir hvert ár. Auk sýningarhalds og kaupa á nýjum verkum er unnið að því að finna varanlega lausn á geymslumálum safnsins. Til greina kemur að byggja geymslurnar þannig upp að öll verkin verði aðgengileg fagfólki, skólahópum og almenningi með reglulegum opnunartíma, leiðsögn og skipulagðri dagskrá.<sup>46</sup>

Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt var ráðin forstöðumaður safnsins í hálf starf árið 2016. Hún hefur unnið út frá nýjum gildum safnsins; efnt til sýninga á samtímamyndlist, farið í grunnskóla með málverk úr safneign og gefið út plaköt með málverkum úr safneign svo eitthvað sé nefnt.

## Lokaorð

Listasafn ASÍ og saga þess er að mörgu leyti einstök enda þekktist það ekki víða, ef einhvers staðar, að verkalýðssamtök reki listasafn. Ómetanlegur menningarfjársjóður var fenginn í hendur samtökum sem höfðu enga reynslu af því að fást við umsýslu listaverka. Hún er einstök því að stofngjöfin felur í sér mörg lykilverk í myndlistarsögu þjóðarinnar. Einnig vegna þess hve skýrt markmiðið var um útbreiðslu og menntunarhlutverk listanna til almennings. Í frumstæðu listaumhverfi Reykjavíkur treysti Ragnar vini sínum Hannibal Valdimarssyni og Alþýðusambandinu til að grípa boltann og vinna málinu framgang á þeirri braut sem hugsjón hans lagði upp með; að stofnað yrði framsækið og aðlaðandi safn sem starfaði í takt við vaxandi samfélag í örri þróun. Eftir daga Hannibals fór áhugi forystu ASÍ hins vegar dvínandi. Ragnar hefði gjarnan mátt formfesta hugsjón sína frekar í reglum og fyrirmælum varðandi starfsemi safnsins en hann vildi lítið skipta sér af starfsemi safnsins eftir afhendingu verkanna. Það er auðvelt að sjá fyrir sér að verkalýðssamtök sem berjast fyrir réttlátara samfélagi, aukinni fræðslu og menntun til almennings og hugsjón Ragnars eigi samleið en svo virðist sem að ASÍ skorti bæði þekkingu og vilja til þess að uppfylla óskir Ragnars.

Viljaleysi Alþýðusambandsins til að koma upp almennilegu húsnæði um safnkostinn hljóta að hafa verið Ragnari vonbrigði. Björn Th. Björnsson sagði

að honum hefði þótt „alþýðusamtökin ekki bregðast nærri nógu höfðinglega við gjöf Ragnars. Hópi sem telur tugþúsundir manna, ætti að vera leikur einn að reisa menningarlegt stórvirki, íslenskum samtíma til ævarandi sóma. Í staðinn hefur þessi stofnun stöðugt baslast áfram í þrengingum. Íslensk list er upp úr mold þjóðarinnar sprottin, og hver ætti þá frekar en alþýðusamtök þjóðarinnar að lyfta henni til vega?“<sup>47</sup> Verði verkin í vörslu ASÍ um ókomna tíð er þess óskandi að kynslóðir framtíðar megi njóta þess menningarsögulega fjársjóðs sem safnið geymir í umgjörð sem líkist því sem Ragnari dreymdi um.

#### Óprentaðar heimildir

Jóna Hlíf Halldórsdóttir. Viðtal við höfund, 18. mars 2018.

Ragnar Jónsson, bréf 17. júní 1961. Skjalasafn Alþýðusambands Ísland.

#### Prentaðar heimildir

Birgir, „Listin þarf að komast til fólksins“, Tíminn, 1. júlí 1961, 7 og 13.

„Enginn má verða útundan“, Þjóðviljinn, 2. júlí 1961, 3.

Gísli Sigurðsson, „Beta að vera í kindahóp en kokteilpartíi“, Vikan, 28 (50) 1966, 30-31 og 37.

Ingólfur Margeirsson, Ragnar í Smára, Reykjavík: Listasafn ASÍ og Lögberg, 1982.

Jóhannes Nordal, „Ragnar í Smára“, Morgunblaðið, 6. febrúar, 1994, 20-21.

Jón Þórarinnsson, „Fimmtugur listunandi rifjar upp hugrenningar sínar og athafnir“, Morgunblaðið, 7. febrúar 1954, 9-11.

Krístín Heiða Kristinsdóttir, „Höggmyndir við hafíð“, Morgunblaðið, 1. júní 2003, 30.

Ragnar Jónsson, „Vísir að listasafni Reykjavíkur“, Morgunblaðið, 21. mars 1954, 9.

Ragnheiður Pálsdóttir, „Tundrið í sálinni: Ragnar í Smára, Listasafn ASÍ og efling fegurðarskyns Íslendinga.“ Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, 2018.

Sigurður E. Guðmundsson, „Stjórnudýrkun eða alþýðulist“, Alþýðublaðið, 6. nóvember 1971, 4.

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, Reykjavík: ASÍ, 1962

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, Reykjavík: AS., 1969-72.

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, Reykjavík: ASÍ, 1973.

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, Reykjavík: ASÍ, 1981.

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, Reykjavík: ASÍ, 1989.

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, Reykjavík: ASÍ, 1990.

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, Reykjavík: ASÍ, 1997.

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, Reykjavík: ASÍ, 2003.

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, Reykjavík: ASÍ, 2016.

„Takmarkið er hamingjusamara og fegurra líf“, Þjóðviljinn, 4. júlí 1961, 7.

Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, „Lífíð er áhættusamt fyrir okkur alla“, Alþýðublaðið, 1. júlí 1961, 5.

Porgrímur Gestsson, „Listasafn ASÍ undir eigið þak: Glæsilegt galleri, kaffihús og myndlistarsýningar“, Helgarpósturinn, 8. febrúar 1980, 7.

#### Vefheimildir

Jóna Hlíf Halldórsdóttir, „Undirskriftasöfnun vegna Ásmundarsalar“, 2. maí 2016. Samband íslenskra myndlistarmanna. Sótt 2. maí 2019 af <http://sim.is/undirskriftasofnun-vegna-asmundarsals/>.

„Myndlistardeild ályktar vegna fyrirhugaðrar sölu á Listasafni ASÍ“, Listaháskóli Íslands, 4. maí 2016. Sótt 2. maí 2019 af <https://lhi.is/en/node/12456>.

„Nýjar áherslur í starfsemi Listasafns ASÍ“, Listasafn ASÍ, 19. apríl 2017. Sótt 2. maí af <http://www listasafnasi.is/frettir/fretti/2017/04/19/nyjar-aherslur-i-starfsemi-listasafns-asi>.

## Neðanmálgreinar

- 1 Ingólfur Margeirsson, Ragnar í Smára, 1982, 18.
- 2 Vilhjálmur S. Vilhjálmsón „Lífið er áhættusamt fyrir okkur alla“, 1961, 5.
- 3 Jóhannes Nordal, „Ragnar í Smára“, 1994, 20-21.
- 4 Jón Þórarinnsson, „Fimmtugur listunnandi rifjar upp hugrenningar sínar og athafnir“, 1954, 9-11.
- 5 Kristín Heiða Kristinsdóttir, „Höggmyndir við hafíð“, 2003, 30.
- 6 Gísli Sigurðsson, „Betra að vera í kindahóp en kokkteilpartíi. Gísli Sigurðsson ræðir við Ragnar í Smára.“, 1966, 31.
- 7 Vilhjálmur S. Vilhjálmsón „Lífið er áhættusamt fyrir okkur alla“, 1961, 5.
- 8 Birgir, „Listin þarf að komast til fólksins“, 1961, 7 og 13.
- 9 Vilhjálmur S. Vilhjálmsón „Lífið er áhættusamt fyrir okkur alla“, 1961, 5.
- 10 „Enginn má verða útundan“ 1961, 3.
- 11 Ragnar Jónsson, Skjalasafn Alþýðusambands Ísland.
- 12 „Takmarkið er hamingjusama og fegurra líf“, 1961, 7.
- 13 Sama heimild, 9.
- 14 Ingólfur Margeirsson, Ragnar í Smára, 139-140.
- 15 Ragnar Jónsson, Vísir að listasafni Reykjavíkur. Morgunblaðið, bls. 9.
- 16 Ingólfur Margeirsson, Ragnar í Smára, 139-140.
- 17 Sama heimild, 142.
- 19 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, 1969-1972, 272.
- 20 Sama heimild, 272.
- 21 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, 1973, 108.
- 22 Sama heimild, 105.
- 23 Ingólfur Margeirsson, Ragnar í Smára, 199.
- 24 Þorgrímur Gestsson, „Listasafn ASÍ undir eigiðþak: Glæsilegt gallerí, kaffihús og myndlistarsýningar“, 7.
- 25 Birgir, „Listin þarf að komast til fólksins“, 1961, 7 og 13.
- 26 Ingólfur Margeirsson, Ragnar í Smára, 143.
- 27 Sama heimild, 142.
- 28 Sama heimild, 143.
- 29 Sama heimild, 144.
- 30 Sigurður E. Guðmundsson, 1971, 4.
- 31 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, 1989, 126.
- 32 Sama heimild, 156.
- 33 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands, 1990, 159.
- 34 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands 1997, 202.
- 35 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands 2002, 304.
- 36 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands 2003, 273.
- 37 Sama heimild, 273
- 38 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands 2002, 304.
- 39 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands 2008, 244.
- 40 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands 2011, 354.
- 41 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands 2014, 258.
- 42 Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands 2016, 278.
- 43 „Myndlistardeild ályktar vegna fyrirhugaðrar sölu á Listasafni ASÍ“, 2016.
- 44 Jóna Hlíf Halldórsdóttir, „Undirskriftasöfnun vegna Ásmundarsalar“, 2016.
- 45 „Nýjar áherslur í starfsemi Listasafns ASÍ“, 2017.
- 46 Sama heimild.
- 47 Ingólfur Margeirsson, Ragnar í Smára, 144.

# Listasafn Ísafjarðar

Helga Þórsdóttir

Sjötti áratugur síðustu aldar var uppgangstími í menningalífi Ísafjarðar. Kaupstaðurinn tók hlutverk sitt hátíðlega sem leiðandi afl fyrir landsfjórðunginn og þó víða væri leitað. Heimamenn stóðu að fyrirmynda-samfélagi og sjálfbærni í mennta- og menningamálum. Ísafjarðakaupstaður var borgaralegt samfélag á íslenskan mælikvarða, enda eitt elsta þéttbýlis-svæði landsins. Bæjarbragurinn var marglaga og voru stéttaráttök á fáum stöðum á landinu jafn áberandi og á Ísafirði. Bæjarbúar tókust á um hug-myndafræðilega skipun samfélagsins þannig að eftir því var tekið. Jóhann Gunnar Ólafsson var sýslumaður Ísfirðinga og hvatamaður að flestum fram-förum sem urðu í menningalífi Ísafjarðar á sjötta og sjöunda ártug síðustu aldar. Jóhann var mikill bókamaður og fróður um hin margvíslegu efni. Hann var sannkallaður menningarforkólfur á Ísafirði, einn af stofnendum Tónlistarfélags Ísfirðinga og fyrsti formaður þess. Hann var hvatamaður að stofnun Héraðsskjalasafns Ísfirðinga og stjórnarformaður Byggðasafns Ísfirðinga, sem og aðalhvataamaðurinn að stofnun Sögufélags Ísfirðinga og Listasafni Ísafjarðar. Sögufélagið var stofnað árið 1953, en hlutverk þess var meðal annars að safna og varðveita hverskonar fróðleik um héraðið og íbúa þess að fornu og nýju. Félagið átti jafnframt að stuðla að vexti og viðgangi Héraðsskjalasafns Ísfirðinga, sem og að efla vöxt og viðgang Byggðasafns Ísfirðinga.<sup>1</sup>

Elín Sigríður Halldórsdóttir, ekkja Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíða-meistara á Ísafirði ákvað að arfleiða Ísafjarðarkaupstað af öllum eigum þeirra hjóna. Arfurinn var settur í sjóð ætluðum til að efla menningamál á Ísafirði. Í tilkynningu um stofnun Listasafns Ísafjarðar hljóðaði svona:

„Með erfðaskrá dags. 13. ágúst 1958, ákvað Elín Sigríður Halldórs-dóttir, Fjarðarstræti 11, Ísafirði, að af eftirlátnum eignum hennar skyldi stofna sjóð, sem bæri nafnið: Minningarsjóður Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara og Rögnvalds Ólafssonar, húsa-meistara, og skyldi markmið sjóðsins vera að efla menningarmál í Ísafjarðarkaupstað, svo sem kirkjumál og það sem lyti að listrænni

fegrun Ísafjarðarkaupstaðar. Stjórn sjóðsins skyldi skipa: bæjarfógeti, sóknarprestur og bæjarstjórinn á Ísafirði, og Guðmundur G. Kristjánsson, skrifstofustjóri, en sjóðurinn skyldi vera í vörzlu bæjarfógeta og hann vera reikningshaldari sjóðsins. Frú Elín Sigríður andaðist 15. febrúar 1962. Stjórn sjóðsins kom saman 12. febrúar 1963 og setti honum skipulagsskrá, sem leitað verður staðfestingar á. Í skránni var ákveðið að höfuðverkefni sjóðsins skyldi vera að koma á fót listasafni ísafjarðar með kaupum á listaverkum, málverkum og höggmyndum, eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar. Standa vonir til að sjóðurinn muni nema um 500 þús. kr. og er ætlunin að verja árlega 9/10 hlutum vaxtanna af fjáreign sjóðsins til starfsemi hans. Við höfuðstólinn skal árlega leggja 1/10 vaxtanna, þar til sjóðurinn nemur 1 milljón króna. Þá skal öllum tekjum sjóðsins árlega varið til starfsemi hans. Stjórnin samþykkti á stofnfundinum að fara þess á leit við bæjarstjórn, að Listasafn Ísafjarðar fái til afnota þann hluta þakhæðar sundhallarbyggingarinnar, sem ekki hefur verið ráðstafað til byggðasafnsins.“<sup>2</sup>

Litið hefur verið svo á að Listasafn Ísfirðinga sé stofnað formlega með gerð og samþykkt skipulagskrár fyrir Minningarsjóð Jóns Þorkels. Á stofnlegi safnsins ákvað stjórn Byggðasafns Vestfjarða að gefa því fyrstu myndina, málverk af Ísafirði eftir Kristján Magnússon, listmálara, víðkunnan Ísfirskan listamann.<sup>3</sup> Safneignin átti þó ekki að byggjast upp með það fyrir augum að búa til sér ísfirskan myndheim, með áherslu á að safna myndlistamönnum úr héraði. Val stjórnarmanna safnsins á myndverkum gefur til kynna að ætlunin hafi verið að koma upp safni myndverka eftir þekktu listamenn, sem gæfi ákveðið sýnishorn af þróun íslenskrar viðurkenndrar myndlistar á tuttugustu öld. Fjárráð safnsins takmörkuðust við kaup á einu til tveimur myndverkum á ári, sem Jóhann Gunnar sýslumaður sá um fyrir hönd stjórnarinnar. Upphæðin sem árlega var ráðstafað til kaupa á myndverkum fyrir safnið var um 50 þúsund krónur (1.308.000 þúsund krónur að verðgildi árið 2017).<sup>4</sup>

Fyrsta listaverkið sem stjórn Listasafns Ísafjarðar fjárfesti í var Sjávarhamrar eftir Þórarinn B. Þorláksson. Myndin var keypt á uppboði. Það sama ár var fjárfest í olíumálverkinu Þingvellir eftir Jóhannes S. Kjarval frá árinu 1937.

## Starfsemi safnsins

Listasafn Ísafjarðar hóf safnastarfsemi árið 1966, en þá var ákveðið að þau myndverk sem áður höfðu verið í vörslu Byggðasafns Vestfjarða, skyldu sameinuð safnkosti listasafnsins. Með þeim gjörningi fór safnið úr því að sýsla með þrjú myndverk í að taka við tólf myndverkum frá byggðasafninu. Árið 1966 var 100 ára afmæli Ísafjarðarkaupstaðar og markar það þáttaskil fyrir Listasafni Ísafirðinga, en það ár eru tuttugu og fimm ný verk skráð í safneignina. Flest eru verkin gefin safninu og ber þá fyrst að nefna gjöf Gunnlaugar Þórðarsonar og Herðisar Þorvaldsdóttur. Þau afhentu Listasafni Ísafjarðar fimm myndlistaverk eftir: Snorra Arinbjarnar, Sólbakkaverksmiðjan, 1939, vatnslitir. Karl Kvaran, Kínverskt ljóð, 1956, olía. Nínu Tryggvadóttur, Án titils, 1963, olía. Kristján Davíðsson, Morgunstund, framleiðsluár ekki skráð, olía. Gunnlaug Scheving, Þjóðvísa, límklipp, 1944. Gunnlaugur Þórðarson, var landskjörinn varaþingmaður Ísafirðinga á árunum 1957 til 1959. Sagan segir að Gunnlaugur hafi verið að undirbúa framboð á Vestfjörðum fyrir kosningarnar 1967 og litu sumir Vestfirðingar á gjöfina sem snemmbúinn heimamund frá Gunnlaugi og fjölskyldu. Hinsvegar er Gunnlaug ekki að finna á framboðslistum Alþýðuflokksins eða annarra flokka fyrir kosningarnar 1967 og má því segja að gjöfin til Listasafns Ísafjarðar sé ómengtuð af pólitík. Önnur merk gjöf sem safnið tók á móti árið 1966 var frá Bjarnveigu Bjarnadóttur. Bjarnveig afhenti Listasafni Ísafjarðar þrjú verk, þau voru; Skessan á Steinnökkvanum (Þríhöfða þursinn – ævintýri) frá 1957 eftir Ásgrím Jónsson, Mjaðveig Mánadóttir og tröllíð (ævintýri) eftir Ásgrím Jónsson frá 1957 og Frá höfninni í Reykjavík eftir Jón Jónsson frá árinu 1952. Bjarnveig Bjarnadóttir hafði áður fært Listasafni Árnesinga að gjöf fjórtíu og eitt myndlistaverk eftir Ásgrím Jónsson og var það upphaf listasafnsins þar. Mögulega er gjöfin til komin vegna þess að kunningsskapur var á milli Bjarnveigar og Jóhanns Gunnars Jóhannssonar sýslumanns Ísafirðinga, en hann hafði verið áður sýslumaður í Vestmannaeyjum og komist þar í kynni við Bjarnveigu.

Fyrsta sýning Listasafns Ísafjarðar er sett upp í tilefni hátíðarhaldanna vegna 100 afmæli Ísafjarðarkaupstaðar. Morgunblaðið lýsti afmælishátíðinni nokkuð nákvæmlega, en um sýningu listasafnsins hafði blaðamaður þetta að segja:



„Kl. 18 var opnuð málverkasýning í Gagnfræðaskólanum. Við anddyri skólans hefur verið komið fyrir afsteypu af högg myndinni „Fýkur yfir hæðir” eftir Ásmund Sveinsson, en það listaverk er gjöf Reykjavíkurborgar til Ísafjarðar á aldarafmælinu. Hefur styttni enn ekki verið valinn staður. Björgvin Sighvatsson, forseti bæjarstjórnar, opnaði sýninguna og færði Birni Th. Björnssyni, listfræðingi sérstakar þakkir fyrir að hafa valið listaverk og komið sýningunni upp. Björgvin gat þess, að á sýningunni væru 37 verk eftir ýmsa kunnustu listamenn þjóðarinnar, en auk þess væri deild á sýningunni frá Listasafni Ísafjarðar, sem stofnað var 1963 og mun vera fyrsta listasafn, sem stofnað er utan Reykjavíkur. Forseti bæjarstjórnar flutti sérstakar þakkir fyrir höfðinglega gjöf hjónanna, frú Herdísar Þorvaldsdóttur, leikkonu og dr. Gunnlaugs Þórðarson, hrl. sem gefið hafa listasafninu málverk eftir fjóra þjóðkunnna listamenn. Hann færði einnig þakkir til Listasafns Íslands, Listasafns ASÍ og Ásgrímssafns og kvað það einstaklega ánægjulegt að listin væri á þennan hátt flutt út meðal fólksins í landinu. Kvaðst hann telja þessa sýningu marka tímamót í menningarsókn Ísafjarðarkaupstaðar og nágrannabyggðanna. Þá tók til máls Björn Th. Björnsson, listfræðingur og rakti í fáum, en meitluðum orðum sögu íslenzkrar málalistar og skýrði verkin á sýningunni.“<sup>5</sup>

Lýsing blaðamanns Morgunblaðsins er í ágætum takti við þá sýn sem ráðamenn bæjarins höfðu um myndlist og stöðu safnsins innan bæjar-skipuritsins, það er að segja vera huggulegur menningaarfur sem bæri að njóta á tyllidögum með alþýðu manna. Það virðist því aldrei hafa verið meiningin að skapa túlkandi vettvang innan eigin samtíma í samtali við íbúa Ísafjarðar. Stjórnin mætti líklega til höfuðborgarinnar einu sinni á ári fyrir hönd Listasafns Ísfirðinga í þeim embættiserindum að kaupa smekkleg málverk eftir viðurkennda listamenn og nota fyrst og fremst sem veldistákn inn á skrifstofum og stofnunum bæjarins. Á sama tíma tók safnið við öllum myndverkum sem því var gefið, án þess að hugsa frekar út hvaða afleiðingar það hefði fyrir ásýnd safneignarinnar. Mikilvægt er að vera sér meðvitaður um viðhorf til þessara mála víða um land, en uppbygging safneignar listasafna virðist sambærileg svo sem hjá Listasafni Reykjavíkur. Sem dæmi



Jón Hróbjartsson, Ísafjörður, 1977. Mynd: Listasafn Ísafjarðar.

segir eftirfarandi í texta um sýninguna Flæði frá árinu 2013 í Listasafni Reykjavíkur að „Í fyrstu sáu pólitískt kjörnir fulltrúar eða embættismenn um kaupin en listaverk voru líka tekin sem greiðsla fyrir þjónustu eða opinber gjöld. Nú annast breytileg þriggja manna innkaupanefnd kaup listaverka í samræmi við fjárheimildir og innkaupastefnu safnsins.“<sup>6</sup>

### **Listamenn á Vestfjörðum.**

Héraðslistamönnum var safnað í bland við aðra í gegnum gjafir sem safninu bárust, sumir af þeim sem safnað var fyrir tilviljun, hafa í dag fengið endurmat á sýnu framlagi til listarinnar og má helst þakka Jóni Sigurpálssyni fyrverandi safnstjóra fyrir það. Þar ber fyrst að nefna Jón Hróbjartsson, kennara og kortagerðamann. Jón útskrifaðist með kennarapróf úr Flensborgarskólanum aldarmótin 1900 og tók við kennarastöðu hjá Ísfiarðarkaupstað árið 1918. Í eftirmælum sem Ólafur Þ. Kristjánsson ritaði um hann í tímaritið Menntamál árið 1946 segir meðal annars:

„Söngur, teikning og landafræði voru eftirlætisgreinar hans. Jón var starfsmaður mikill og vandvirkur. Hann teiknaði marga landsuppdrætti fyrir skólann, sem hann vann við, og gaf honum, en auk þess gerði hann kort af Ísafjarðarsýslu og kortabók fyrir fræðslumálastjórnina til þess að bæta úr sárum skorti á slíkri kennslubók. Var Jón drátthagur svo að af bar og hafði mikið yndi af þeirri iðju. Gleðja landslagsmyndir þær, sem hann teiknaði og málaði fagurlega, margra augu á Vestfjörðum og víðar.“<sup>7</sup>

Uppdráttur Jóns af Vestfjarðakjálkanum þótti hin mesta stofuprýði meðal samferðafólks hans og voru kortin höfð uppi við, innrömmuð á öllum betri heimilum í landsfjórðunginum. Ekki er víst að Jón hafi litið á sjálfan sig sem listamann, miklu líklegra er að hann hafi litið á þessa iðju sem gagnlega fyrir svæðið, bæði hvað varðar teikningar, málverk og uppdrætti. Portrettteikningar eftir Jón nutu mikilla vinsælda á Vestfjörðum, enda líta þær út fyrir að vera nákvæmlega teiknaðar eftir ljósmyndum, sem margar þeirra voru. Einnig vann Jón olíumálverk eftir pöntun og færði inn á verkin tilbrigði eftir óskum kaupanda. Verkin eftir Jón Hróbjartsson sem Listasafn Ísafjarðar eignaðist árið 1966 frá Byggðasafni Vestfjarða eru: Frá Flateyri, Frá Fiskivötnum, Einar Jónsson frá Garðsstöðum, Jón Pálsson skipsstjóri, Ásgeir Guðmundur Ásgeirsson, og Glanni í Norðurá. Listasafn Ísafjarðar á nú tuttugu og þrjár myndir eftir Jón Hróbjartsson, ásamt því að eiga eina eftirlíkingu af mynd eftir Jón, sem gerð var með leyfi erfingja hans. Myndheimur Jóns höfðaði það sterkt til Vestfirðinga að þegar hann féll frá var ekkert annað að gera en að afrita verkin. Með gjöfinni fylgdi ljósmynd af upprunalegu myndverki Jóns Hróbjartssonar. Jón vann flest myndverk sem litlar teikningar, stækkaðar upp með pantograph-vél. Þannig má segja að afritun hafi verið Jóns helsta fag, enda var hann fær handverksmaður fram í fingurgóma og dáðist fólk mjög að leikni hans. Björn Th. Björnsson segir svo um Jón:

„Þegar hann átti tólmstund til og vel viðraði – og menn af tagi Jóns Hróbjartssonar eignast margar tólmstundir – tók hann málaradót um öxl og hélt upp í hlíðar eða inn í fjörð. Með virðulegri nærfærni listunnandans setti hann þar upp spjald sitt eða léreft, og með

nákvæmni teiknarans tók hann síðan að mæla upp myndsvið sitt, dró upp, taldi rúður og gætti vel að, hvort allt væri sannleikanum samkvæmt, girðingastaurar, kálgarðsbeð, eða fannir í fjalli. Hið eina sem hann má hafa syndgað upp á sannleikann var að rétta við það sem skekkst hafði eða snyrta til það sem leti manna hafði forsómað. Fiskkasir eða óhreinindi og sorp áttu samkvæmt skilningi Jóns Hróbjartssonar ekkert erindi inn í fagar listir. Því eru myndir hans af kaupstöðum og kaupúnum vestfjarða slíkir sælureitir þrifnaðar og góðrar húsamálunar, sem ríkti þar ævinlegur morgun heiðríks þjóðhátíðardags. Og í skilningi innileikans eru myndir hans fagar. Hann reynir sjaldan sem aldrei, svo sem Gísli Jónsson, að útmála neitt tilfinningalega eða skapa rómantískt andrúm; í augum hans er nákvæmni sama og sannleikur og sannleikur sama og fegurð.“<sup>8</sup>

Jón Hróbjartsson var flinkur teiknari sem lagði sig fram við að vinna öll sín verk vel og nákvæmlega. Myndir hans eru hispurslausar án utan að komandi áhrifa, oft fjölfaldaðar með sér tilbrigðum fyrir hverja mynd. Vera má að myndirnar hafi ekki speglað „sannleika“ staðarins, fjarðarins, samfélagsins, þar sem ekki allir dagar eru sólríkir hátíðisdagar, en víst er að samferðamenn Jóns Hróbjartssonar á Vestfjörðum spegluðu sig í myndverkum hans. Sem dæmi um hug Vestfirðinga til hans málara skrifaði Hannibal Valdimarsson um Jón minningagrein í Skutul. Þar segir hann að „enginn málari hefir komið sannleikanum nær um vestfirzkt landslag, en einmitt hann. Skuggsæla vestfirzkra fjarða og dala, og miðnæturbjarminn á vestfirzkum hamrafjöllum á vornóttum voru hans kærustu viðfangsefni á þessu sviði.“<sup>9</sup> Ísfirðingar hafa Jón í miklum metum enn þann daginn í dag og skiptir þá engu hvort umheimurinn þekki til þeirra ástkæra myndagerðamanni. Þannig hafa verk Jóns mikið gildi fyrir sameiginlegt menningarlíf Vestfirðinga.<sup>10</sup>

Árin á milli 1966–1983 voru tiltölulega viðburðasnaud hjá Listasafni Ísafjarðar, en stjórnin hélt þó áfram að kaupa myndlist með reglulegum hætti. Á þessum árum eru skráð þrjátíu ný myndverk, sex myndir eru gefnar og tuttugu og fjögur keyptar af stjórn safnsins. Framan af kaupir stjórnin verk eftir þekkta myndlistamenn eins og yfirlýstur tilgangur safnsins var. Seinna fer að bera á því að stjórnin kaupir myndverk af heimafélki, mögulega í þeim tilgangi að styrkja listamenn í og úr héraði. Verk eftir þekkta listamenn sem



Kristján Guðmundsson, Náttsteinn, 1987. Mynd: Listasafn Ísafjarðar.

keypt voru á þessum tíma eru til dæmis verk eftir Jóhannes S. Kjarval, Einar Jónsson, Gunnlaug Blöndal, Ragnar Kjartansson, og Kristján Guðmundsson. Önnur verk sem safnið keypti á þessum árum voru eftir misþekktu listamenn, svo sem eins og verk eftir Guðrúnu Jónmundardóttur, Eggert Guðmundsson, Sigfús Halldórsson, Halldór Pétursson, Gunnar I. Guðjónsson, Steinþór Marinó Gunnarsson, Jón Hermannsson, Roland Símonarson, Halldóru Sigurjónsdóttur, Zator og Vilberg Vilbergsson.

### **Þáttur Jóhanns Hinrikssonar, 1974–1984**

Það varð Listasafni Ísafjarðar til happs þegar forstöðumanni Bókasafns Ísafjarðarkaupstaðar, Jóhanni Hinrikssyni, misbauð skeytingarleysi ráðarmanna þegar kom að málefnum listasafnsins. Árið 1974 var Jóhann ráðinn sem forstöðumaður Bókasafns Ísafjarðar, sem þá var staðsett á annarri hæð Sundhallar Ísafjarðarkaupstaðar, en safneign Listasafns Ísafjarðar var geymd á þriðju hæð í sama húsi. Reglulegt sýningarhald hafði ekki verið frá 100 ára afmælishátíð kaupstaðarins árið 1966. Jóhann tók það upp að gera skrá yfir myndverk í eigu safnsins og má leiða að því líkum að margt úr safneigninni hefði mögulega glatast hefði ekki verið fyrir þetta framtak hans. Undir forustu Jóhanns var einnig staðið fyrir myndlistaviðburðum á vegum bókasafnsins. Það var því bókasafnið sem nærði sjónmenningu Ísafjarðar fram á miðjan 9. áratug síðustu aldar. Sýningar á vegum bókasafnsins urðu

áttatíu og ein samkvæmt skráningu forstöðumannsins.<sup>11</sup> Sýnendur voru oft ungir myndlistamenn sem í dag eru margir meðal þekktustu myndlistamanna Íslendinga. Meðal þeirra sem sýndu í bókasafninu voru; Hringur Jóhannesson, Kristján Guðmundsson, Hannes Lárusson, Finnbogi Pétursson, Jón Sigurpálsson, Valgarður Gunnarsson, Surrealistahópurinn Medúsa, Philippe Richard, og Jan Voss svo einhverjir séu taldir. Einnig var efnt til sýninga á verkum úr eigu Listasafns Íslands og Listasafni ASÍ. Markmiðið með sýningarstarfinu var að skapa vettvang fyrir listunnendur, færa myndlist inn í ljósið, afhelga, ástunda og jafnvel ögra. Sýningarnar voru því bæði fjölbreyttar og tíðar. Þegar Jóhann var ynntur eftir því hvernig hann hefði valið inn á sýningarnar, svaraði hann því til : „gott með góðu, vont með vondu.“<sup>12</sup> Sýningahald bókasafnsins undirbjó jarðveginn fyrir mikla grósku í myndlistariðkun á Ísafirði næstu tvo áratugi sem varð leiðandi í íslensku myndlistarlífi fram undir aldamótin 2000.

### **Þáttur Jóns Sigurpálssonar, 1984–2010**

Árið 1984 er ákveðið að auglýsa stöðu safnvarðar fyrir bæði Bygðasafn Vestfjarða og Listasafn Ísafjarðar. Í auglýsingunni um starfið er vikið að hlutverki safnvarðarins er viðvíkur listasafninu, en þar segir að viðkomandi eigi að hafa „umsjón og eftirlit með verkum Listasafns Ísafjarðar, ráðgjöf við kaup á nýjum listaverkum og uppsetning sýninga, sem safnið stendur fyrir.“<sup>13</sup> Bæjarstjórn ákvað að ráða Jón Sigurpálsson í stöðuna, en Jón hafði bæði reynslu af vinnu við endurgerð húsa í Neðstakaupstað, þar sem Bygðasafnið er með aðstöðu, og menntun sem myndlistarmaður. Jón var þá nýkomin frá Hollandi, ásamt Margréti Gunnarsdóttur eiginkonu sinni, píanókennara, þar sem þau höfðu stundað nám í sex ár, fyrst í Haag og svo í Amsterdam þar sem Jón var við De Rijksakademie van Beeldende Kunsten. Að loknu námi var Jóni boðið að kenna við sama skóla í eitt misseri.

Þegar Jón tekur við Listasafni Ísafjarðar var arfurinn sem Elín Sigríður Halldórsdóttir eftirlét Ísafjarðarkaupstað til að sinna menningamálum horfinn. Líklegt er að sjóðurinn hafi farist á verðbólguþálí á áttunda áratug 20. aldar. Jón fór sér hægt í sýningahaldi fyrstu tvö árin, enda upptekinn við að gera upp húsin í Neðstakaupstað. Á þessum tíma stóð hann ásamt góðum hópi manna og kvenna hins vegar að formlegri stofnun Myndlistafélags Ísafjarðar,

þann 11. nóvember árið 1984. Í ávarpi fundastjóra Jónínu Guðmundsdóttur, segir um tilgang félagsins:

„Kæru félagar! Ég býð ykkur hjartanlega velkomna til samstarfs um stofnun félags áhugafólks um myndlist. Sérhvert okkar er mikilvægur hluti að félagsskap sem þessum, því félag getur aldrei samanstaðið af einum einstaklingi. En til hvers að stofna félag? Getum við ekki bara unnið ein og sér í friði og ró og fylgst með því sem er að gerast eins og okkur hentar. Jú vissulega, en það höfum við einmitt verið að gera ljóst og leynt öll þessi ár. Sum okkar eru menntuð á sýnu sviði, aðrir eru ódrepanði áhugamenn, en eitt er okkur sameiginlegt. Við viljum öll læra. Læra að öðrum, fyrir okkur sjálf og þroskast hvert á sinn máta. Við viljum hittast og ræða okkar áhugamál, gagnrýna og fá gagnrýni. Verkefni félags áhugafólks um myndlist eru óþrjótandi og óneitanlega heillandi. Við viljum stuðla að fleiri sýningum á mynd og handverkum en verið hefur og ýtarlegri kynningu á þeim. Við viljum efla og auka áhuga og umfjöllun meðal almennings á mynd og handmennt. Við viljum stuðla að aukinni almennri fræðslu um listastefnur og listamenn innanlands og erlendis. Við viljum koma á fót útgáfustarfsemi innan félagsins, kynna félagsmenn þess og standa fyrir námskeiðum á hinum mörgu ólíku þáttum myndmenntar. En – það er ekki nóg að vilja, við verðum líka að geta. Og við getum hlutina þegar við stöndum saman. Það sem áður virtist ófyrstíganlegt verður mögulegt. Fyrsta skrefið er stofnun samtakana eins og þeirra sem við stofnum í dag. Og finnst okkur í rauninni ekki tímabært að slíkum félagsskap verði hleypt að stökknum hér á Vestfjörðum árið 1984? Fundur okkar í dag mun færa okkur svarið við því.“<sup>14</sup>

Stofnfélagar í Myndlistafélaginu voru: Jón Sigurpálsson, Margrét Gunnarsdóttir, Kristín Þóra Guðbjartsdóttir, Herdís Hubner, Guðmundur Atli Friðriksson, Jóhann Hinriksson, Pétur Guðmundsson, Ólafur Már Guðmundsson, Jónína Guðmundsdóttir, Anna Ragna Gunnarsdóttir, Ingibjörg S Hjørleifsdóttir, Guðrún Vigfúsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Lára Gunnarsdóttir, Líf Haralds, Ingibjörg Þórðardóttir, Ólafur Kristófer Ólafsson, Vilberg Vilbergsson, Jón Hermannsson, Svala Sigurleifsdóttir, Reynir



Torfason og Einar Valur Guðmundsson.<sup>15</sup>

Félagið hafði heppnina með sér, því á fyrsta starfsári losnaði leiguhúsnæði við Aðalstræti í eigu Brunabótafélagsins og fékkst það á góðu verði. Í raun má líta svo á að leiguverðið hafi verið styrkur til Myndlistafélagsins. Félagsmenn hófust handa við að búa til metnaðarfulla sýningadagskrá fyrir veturinn 1985. Listamaðurinn Ingólfur Arnarsson opnaði fyrstu sýninguna í Slunkaríki, sem var galleríi Myndlistafélagsins og sló sú sýning tóninn fyrir framsækna starfsemi Slunkaríkis. Það ár stóð félagið fyrir sextán sýningum ólíkra myndlistamanna. Systkinin Jónína Guðmundsdóttir, Pétur Guðmundsson og Ólafur Már Guðmundsson voru í upphafi aðal hvatamennirnir að stofnun Myndlistafélagsins og voru framan af mjög virk innan þess. Það kom hinsvegar mikið í hlut Jóns Sigurpálssonar velja myndlistamenn sem sýndu á vegum félagsins, enda margir framsæknustu myndlistamenn þess tíma vinir og skólasystkini Jóns.

Oft skaraðist starfsemi Slunkaríks og Listasafns Ísafjarðar, þar sem safnið gat stundum keypti verk af sýningum Slunkaríkis. Jóni hafði tekist að þefa uppi gagnlegan sjóð hjá Menningarmálaráðuneytinu. Menningasjóður félagsheimila gerði Myndlistafélagi Ísafjarðar kleift að bjóða listamönnum til bæjarfélagsins. Hitt var að Jón sótti styrki beint í ráðuneytið sem líklega voru veittir sem rekstarstyrkir samkvæmt heimildum úr Mennta og menningarmálaráðuneytinu.<sup>16</sup> Jón nýtti eitthvað að því fé til myndverkakaupa í safneignina.

Fyrsta sýningin sem Jón Sigurpálsson stóð fyrir sem forstöðumaður Listasafns Ísafjarðar var haldin á Hótel Ísafirði árið 1985 með verkur eftir áður nefndan Jón Hróbjartsson. Það sama ár kaupir Jón skúlptúr af Ingólfi Arnassyni, en það verk er fyrsta „nýlistarverkið“ í eigu Listasafns Ísafjarðar. Listasafnið tók þátt í að minnast 200 ára afmælis Ísafjarðarkaupstaðar árið 1986. Áfanganum var fagnað með tveimur sýningum í samstarfi við Tónlistafélag Ísafjarðar og Frímúrararegluna á Ísafirði, sem lagði til sal fyrir viðburðina. Fyrri sýningin var á verkum Kristjáns Helga Magnússonar, sem fæddist á Ísafirði árið 1903. Jón Sigurpálsson leit svo á að Kristján hafi verið vanmetinn í myndlistaheiminum á Íslandi og þá fyrir þá sök að hafa framið þann „glæp“ að læra málaralist í Ameríku, nánar tiltekið í Boston.<sup>17</sup> Jón lagði mikið á sig til að finna sanngjarnt samhengi fyrir Kristján Helga innan íslenskrar myndlistasögu, sem að hans mati, hafði gengið fram hjá honum.



Kristján Helgi Magnússon, Úr Skutulsfirði, 1963. Mynd: Listasafn Ísafjarðar.

Jón og Rúnar Helgi Vignisson skrifuðu til að mynda grein í Morgunblaðið, í þeim tilgangi að rétta við hlut Kristjáns Helga og nefnist hún „Fórnarlamb öfundar og fordóma.“ Í greininni segja þeir meðal annars:

„Snemma árs 1929 heldur Kristján til Íslands og giftist árið eftir lífsförunaut sínum, Klöru Helgadóttur. Kristján ferðaðist víða um land og málaði af kappi. Hann var einnig ötull við að sýna, frá vori og fram á haust 1930 hélt hann tvær einkasýningar í Reykjavík, eina á Ísafirði og eina í Lundúnum og átti auk þess stóran hlut í Landakotssýningunni í Reykjavík. Sýningin í Lundúnum fékk prýðilega dóma, eins og a.m.k. tvö íslensku dagblaðanna greindu frá. Í Vísi þann 10. október 1930 er haft eftir listdómara “The Morning Post” að “Kristján Magnússon sýni frábæra leikni í meðferð líta, og í myndunum speglist ýmist veðráttu landsins eða skapbrigði

málarans”. Og Alþýðublaðið hefur eftir “The Times” 7. október sama ár: “List Kristjáns er ákveðin, skír og einföld og spennir yfir vítt svið. Efnisval og meðferð lita er hvorttveggja hið ákjósanlegasta.” Sýningin seldist upp og breskur auðmaður bauð Kristjáni til eyjar sinnar að mála. Árið eftir efndi Kristján aftur til sýningar í Lundúnum, þá í The Fine Art Society Ltd. og fékk viðlíka dóma. En þegar að íslenskum gagnrýnendum kom jukust þó vandræði Kristjáns heldur. Að vísu átti hann sér allmarga formælendur og seldi vel. Hann var sagður frumlegur og leikinn og margir gátu þess að hann hefði orðið fyrstur íslenskra málara “til að sýna á lérefti margbreytta fegurð og dásemd íslensks vetrar,” eins og lesa mátti í Nýja Dagblaðinu. Og Diskos nokkur skrifaði: “List hans er þurr á yfirborðinu við fyrstu sýn - en þar er bæði loftsvali og birta og rúm við nánari kynningu. Það þarf að horfa lengur á myndir hans en annarra, þá uppgötvar maður listgildi þeirra. En þá kemur til kasta “Orra”, sem var dulnefni Jóns Þorleifssonar listmálara og gagnrýnanda Morgunblaðsins. Þann 4. maí 1930 skrifar hann um sýningu Kristjáns í Góðtemplarahúsinu: “Myndirnar sýna formið dautt. - Málarinn virðist rígbundinn í vanaskorður. Hann þarf að gefa sjálfum sjer olnbogarúm, reyna að horfa frjálsmannlegar á viðfangsefni sín, en hann gerir nú, og sjá það “maleriska” líf í því, sem hann málar.” Þegar Kristján virðist ekki taka tilsögn færast Orri í aukana og skrifar meðal annars þetta um sýningu Kristjáns sem hann hélt árið 1934: “Kristján Magnússon veit ekki hvað litir eru í listrænum skilningi. Hann notar þá svipað og þegar unglingar eru sjer til skemtunar að “kolorera” teikningar. Hann kann ekki að gefa þeim neinn “maleriskan” kraft.” Orsökina segir hann sumpart vera hæfileikaskort, sumpart ónógan skóla og ónóga listræna menntun, sumpart dekur við fjöldann, “þarna var í uppsiglingu hreindýrkaður “publikum” málarí”. Orri telur einnig að Kristján hafi þrætt mótíf annarra og útpýnt þau.”<sup>18</sup>

Listasafn Ísafjarðar lagði sig fram við að eignast verk eftir Kristján Helga og eru nú níu verk í eigu safnsins. Þar af keypti Jón Sigurpálsson fjögur verk fyrir hönd safnsins, en fimm verk gaf sonur Kristjáns, Magnús H. Kristjánsson, listasafninu. Hin sýningin sem listasafnið hélt árið 1986 var

sýning á portrettmyndum eftir Jón Hróbjartsson. Eftt var til samstarfs við Tónlistafélagið en Jón var jafnframt frumkvöðull á sviði tónmennta á Ísafirði. Þannig var sýningin í takti við lífssýn Jóns Hróbjartssonar.<sup>19</sup>

Næstu tvo áratuginu hélt Jón Sigurpálsson úti sýningastarfsemi úr safneigninni í hinum ýmsu sölum bæjarins. Oft var erfitt að koma upp sýningum, þar sem engu fjármagni var úr að spila. Jón þurfti því oft sjálfur, og úr eigin vasa, að ramma inn myndir og halda safneigninni þar með í sýningarhæfu ástandi. Á þessum tíma var það markmið að setja upp eina eða tvær sýningar á ári með myndverkum úr safneigninni. Sökum þess að hvorki fé né sýningarými var til að dreifa var ekki lagt upp með að bjóða samtímamyndlistarfólki að sýna á vegum safnsins.

Slunkaríki sannaði sig hinsvegar sem einn öflugasti sýningavettvangur landsins allt fram til ársins 2005. Þar voru settar upp tvöhundruð og sjötíu sýningar á tuttugu árum með öllum helstu og mörgum minniháttar postulum í íslenskri samtímalist. Listasafn Ísafjarðar naut góðs af gróskunni af starfsemi Myndlistafélags Ísafjarðar og náði með því samstarfi að auka við safneign sína. Nokkrir af þeim listamönnum sem safnið keypti verk af í forstöðumannstíð Jóns Sigurpálssonar voru til dæmis verk eftir Sigurð Guðmundsson, Karólínu Lárusdóttir, Kristján Guðmundsson, Ragnheiði Jónsdóttur, Hallgrím Helgason, Söra Vilbergs, Guðbjörgu Lind og Spessa. Samkvæmt samtali við Jón fannst honum ávallt erfitt að fá stjórn listasafnsins til að samþykkja kaup á verkum listamanna og var það í grunninn vegna þess að stjórn safnsins var ekki skipuð fólki með þekkingu á list eða safnastarfsemi. Stjórnarmenn voru og eru alltaf embættismenn.

Árið 1999 tilkynnti þáverandi ríkisstjórn nýtt verkefni sem Mennta- og menningamálaráðaneytið stóð fyrir, undir forustu Björns Bjarnasonar mennta- og menningarmálaráðherra. Ætlunin var að standa fyrir uppbyggingu menningarhúsa á völdum stöðum á landinu. Í tilkynningu um áformin segir:

„Um er að ræða aðstöðu fyrir lista- og menningarstarfsemi og nefndir voru fimm staðir þar sem húsin munu rísa: Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri, Egilsstaðir og Vestmannaeyjar. Forsætisráðherra kvaðst þó ekki útiloka þann möguleika að menningarhús muni rísa á fleiri stöðum í framtíðinni. Menningarhúsunum er ætlað að skapa



Jonas Ohlson athafnar sig á sýningu hans og Heimis Björgúlfssonar í Slunkaríki árið 2004. Mynd: Heimir Björgúlfsson.

nútímalega aðstöðu fyrir menningarstarf, tónlist og leiklist og taka mið af breyttum kröfum auk þarfa í ferðaþjónustu. Ekki liggur fyrir hvenær framkvæmdir hefjast nákvæmlega eða hversu langan tíma þær munu taka en forsætisráðherra benti á að mismunandi aðstæður í hverju sveitarfélagi væru áhrifaþáttur. “Við væntum þess að geta byrjað frá og með næsta fjárlagaári en hefja undirbúningsvinnu og samningsvinnu við sveitarfélögin á þessu ári,” sagði Davíð Oddsson, forsætisráðherra, en áætlaði að um tveimur árum að meðaltali yrði varið í byggingu á hverju húsi. Áhersla verði fremur lögð á að menningarhúsin verði vegleg en að þau rísi ört. Framkvæmdirnar verða fjármagnaðar sameiginlega af ríki og sveitarfélögum auk þess sem einstaklingar munu taka þátt í verkefninu. Kostnaður liggur ekki fyrir en að sögn forsætisráðherra ræðst hann af mismunandi kröfum og aðstæðum hvers sveitarfélags. “Á stöðum eins og Ísafirði er þegar verið að vinna að endurbótum á svonefndu Edinborgarhúsi sem menn hafa hugsað sér sem menningarhús á þeim stað. Þar hafa einkaaðilar haft frumkvæði og ríkið komið að með stuðningi. Það er því hægt að hugsa sér þetta með ýmsu móti,” sagði Björn Bjarnason, menntamálaráðherra.<sup>20</sup>

Eins og segir í fréttinni var verkefnið um Edinborgarhúsið þegar hafð. Þeir sem stóðu að því voru frjáls félagasamtök, einkaaðilar og opinberar stofnanir eins og Listasafn Ísafjarðar, sem enn á hlut í húsnæðinu. Myndlistafélag Ísafjarðar tók einnig þátt í verkefninu, enda ætlunin að opna nýtt sýningarými Slunkaríkis í einum af sölum Edinborgar. Á meðan að á framkvæmdum stóð var ákveðið að gera sýningahlé hjá starfsemi Myndlistafélagsins. Eins og er stendur sýningahléið enn yfir þar sem framkvæmdirnar voru félaginu fjárhagslega mjög þungar, hefur myndlistafélagið ekki treyst sér til að leysa til sín húsnæðið sem ætlað var til sýningahalds undir merkjum Slúnkaríks. Því er húsnæðið enn leigt út til að standa undir kostnaði fræmkvæmda og rekstar á sameign Edinborgarhúsins og mun það verða svo um ófyrirséða framtíð. Flestar sýningar Slúnkaríkis voru eftirminnilegar að mati Jóns Sigurpálssonar, þó hann harmi hve fá verk voru keypt af listamönnum sem lögðu leið sína vestur til að halda sýningar á Ísafirði. Söfnun myndverka stöðvaðist árið 2006 hjá Listasafni Ísafjarðar og er síðasta verk safnsins skráð það ár. Sjálfstæð kaup safnsins höfðu minnkað verulega eftir að rekstarstyrkir hættu að fást beint frá Mennta og menningarráðaneytinu, þó Jón hafi fundið nokkra sjóði til að fjármagna þau fáu myndverk sem safnið keypti eftir það. Eftir efnahagshrunið árið 2008 var skrúfað fyrir alla sjóði á vegum ríkisins sem mögulega var hægt að nota til að fjármagna kaup á myndlist.

Annað verkefni sem gert var hjá Ísafjarðabæ og er tengt menningarátaki þeirrar ríkisstjórna sem Björn Bjarnason sat í sem mennta- og menningarmálaráðherra, var endurgerð á gamla sjúkrahúsinu. Sjúkrahúsið er eitt glæsilegasta hús sinnar tegundar hér á landi og ber vitni um stórhug og djörfung þeirra sem að því stóðu. Byggingin er teiknuð af Guðjóni Samúelssyni og það var vígt þann 17. júní 1925 við hátíðlega athöfn.<sup>21</sup> Eftir endurbygginguna var húsið endurskýrt og nefnist nú Safnahúsið Eyratúni. Í húsinu hafa eftirfarandi stofnanir starfsemi sína: Bókasafnið Ísafirði, Skjalasafnið Ísafirði, Ljósmyndasafnið Ísafirði og Listasafn Ísafjarðar. Við opnun Safnahúsins árið 2003 hófst þar með nýr kafli í sögu Listasafns Ísafjarðar, en með staðsetningu þess í húsinu fékk það langþráðan sýningarsal til eigin yfirráða. Segja má að á þessum tímamótum hafi Listasafn Ísafjarðar tekið yfir sem aðalsýningavettvangur myndlistar á Ísafirði. Slunkaríki var þegar hér var farið að hægja á sýningastarfseminni vegna skuldbindinga Myndlistafélags Ísafjarðar í Edinborgarhúsinu.



Þrátt fyrir þessar jákvæðu breytingar og byr undir vængi Listasafns Ísafjarðar, með tilkomu eigin sýningaraðstöðu í gamla sjúkrahúsinu, hefur verið sótt að starfsemi þess og í raun grafið undan faglegum metnaði því til handa. Kosningarárið 2010 átti eftir að umbylta starfssemi Listasafns Ísafjarðar til hins verra, þegar bæjarstjórn ákvað að breyta skipuriti menningarmála á Ísafirði. Við breytingarnar var forstöðumaður settur sem yfirmaður allra stofnana sem hýstar eru innan veggja gamla sjúkrahússins. Jón Sigurpálsson leit svo á að með breytingunum hafi hann verið settur af sem forstöðumaður og listrænn stjórnandi Listasafns Ísafjarðar, og það án þess að honum hafi verið gert það kunnugt fyrir eða eftir að skipuritinu var breytt. Breytingarnar hafa mælst misvel fyrir og óttast margir að sjálfstæði viðkomandi stofnana og möguleikar til öflugrar menningarstarfsem, þar á meðal á sviði myndlistar sem Listasafn Ísafjarðar á að sinna. Í dag er skráð safneign Listasafns Ísafjarðar hundrað áttatíu og fimm verk.

## Lokaorð

Af þessari samantekt um sögu Listasafns Ísafjarðar má sjá að á brattann hefur verið að sækja. Safnið er stofnað í andrúmslofti mikils metnaðar fyrir hönd íbúa Vestfjarða um að geta notið menningar og lista, og naut framtakið mikils velvilja og meðbyrs íbúa. Nokkuð hefur hins vegar skort á að unnið sé frekar með þann metnað og styrkum stöðum skotið undir bæði vaxandi safneign og sýningarstarf. Segja má að framtaks- og útsjónarsemi þeirra Jóhanns Hinrikssonar og Jóns Sigurpálssonar hafi gert það að verkum að lífi hafi verið haldið í Listasafni Ísafjarðar og skiptir þar sköpum umhyggja og skilningur þeirra á verðmæti þeirra listaverkæignar sem safnið á. En hvers virði er sú eign, ef henni er ekki sinnt og miðlað áfram til samfélagsins? Sýningarstarfið í tíð þeirra hefur verið liður í að auka lífsgæði fólks, skapað vettvang fyrir listamenn, og ekki síst verið til menntunar um fagurfræðileg gildi lífs og listar. Ný aðstaða safnsins í gamla sjúkrahúsinu er góðra gjalda verð og verður vonandi til þess að auka vegsemd listasafnsins. Það er hins vegar mikilvægt að gleyma því ekki að fjármagn og sérþekking á list og listtengdri starfsemi er grundvallaratriði í vexti og viðgangi stofnunar eins og Listasafns Ísafjarðar. Njóti þess ekki við, er hætta á að metnaðarfullar áætlanir renni út í sandinn og að fjöreggið, safneign listasafnsins, verði ekki til þess að ýta undir liststarfsemi í fjórðungnum sem skildi.



## Óprentaðar heimildir

Ásta Ingólfsdóttir. Viðtal við höfund, 21. febrúar.

Jóhann Hinriksson. Viðtal við höfund, 25. október, 2018.

Samkomulag menntamálaráðuneytis og Ísafjarðarbæjar um menningarhús á Ísafirði 2003. Skjalasafn Ísafjarðar.

Myndlistafélag Ísafjarðar, „Félagaskrá.“ Stofnfundur Myndlistafélags Ísafjarðar, 11. nóvember 1984. Gögn í eigu Myndlistafélags Ísafjarðar.

Jónína Guðmundsdóttir, „Ávarp fundarstjóra,“ Stofnfundur Myndlistafélags Ísafjarðar, 11. nóvember 1984. Gögn í eigu Myndlistafélags Ísafjarðar.

## Prentaðar heimildir

Björn Th. Björnsson, Íslenzk myndlist á 19 og 20 öld: drög að sögulegu yfirliti. II bindi. Reykjavík: Helgarfell, 1973.

Hannibal Valdimarsson, „Jón Hróbjartsson kennari, látinn.“ Skutull 24(33) 1946, 2.

H.T., „Myndarleg Afmælishátíðahöld Ísafjarðar.“ Morgunblaðið 19. júlí 1966, 10-12.

„Lausar stöður“, Morgunblaðið 22. júlí 1984, 6.

Jón Sigurpálsson, „Listasafn Ísafjarðar.“ Ársrit Sögufélags Ísfríðinga, 1987, 137-138.

„Listasafn Ísafjarðar.“ Ísfríðingur, 19. febrúar 1963, 4.

„Til að menning og listir fái blómstrað“, Morgunblaðið, 31. október 1999, 34-35.

Ólafur Þ. Kristjánsson, „Jón Hróbjartsson kennari látinn“ Menntamál 19(4) 1946, 116.

Rúnar Helgi Vignisson og Jón Sigurpálsson, „Fórnlamb öfundar og fordóma.“ Morgunblaðið, 10. september 1994, 4-5.

„Stofnað Listasafn Vestfjarða á Ísafirði“, Morgunblaðið 6. nóvember 1965, 2.

„Sögufélag Ísfríðinga stofnað“, Visir, 10. febrúar 1953, 2.

## Vefheimildir

„Flæði: Salon-sýning af safneigninni“, Listasafn Reykjavíkur, 2013. Sótt 22.02.2019 af <http://listasafnreykjavikur.is/syningar/flaedi-salon-syning-af-safneigninni>.

„Saga hússins“, Safnahúsið Ísafirði. Sótt 01.11.2018 af <https://www.safnis.is/is/ws-stakar/saga-hussins/>.

„Sýningar í bókasafninu á Ísafirði“, Internet Archive WayBackMachine, 24. desember 2007. Sótt 25. 10. 2018 af <https://web.archive.org/web/20071224211637/http://safn.isafjordur.is:80/vidhengi/boka/syningar.html>.

## Neðanmálgreinar

- 1 „Sögufélag Ísfríðinga stofnað“, 1953, 2.
- 2 „Listasafn Ísafjarðar“, 1963, 4.
- 3 Sama heimild.
- 4 „Stofnað Listasafn Vestfjarða á Ísafirði“, 1965, 2.
- 5 H.T., „Myndarleg Afmælishátíðahöld Ísafjarðar“, 1966, 10.
- 6 „Flæði: Salon-sýning af safneigninni“, 2013.
- 7 Ólafur Þ. Kristjánsson, „Jón Hróbjartsson kennari látinn“, 1946, 116.
- 8 Björn Th. Björnsson, Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld, 260.
- 9 Hannibal Valdimarsson, „Jón Hróbjartsson kennari, látinn“, 1946, 2.
- 10 Klara Steinsdóttir. Viðtal við höfund, 2018. Hilmar Einarsson. Viðtal við höfund, 2018.
- 11 „Sýningar í bókasafninu á Ísafirði.“
- 12 Jóhann Hinriksson. Viðtal við höfund, 2018.
- 13 „Lausar stöður“, 1984, 6.
- 14 Jónína Guðmundsdóttir, „Ávarp fundarstjóra“, 1984.
- 15 Myndlistafélag Ísafjarðar, 1984.
- 16 Ásta Ingólfsdóttir. Viðtal við höfund, 2019.
- 17 Jón Sigurpálsson, „Listasafn Ísafjarðar“, 1987.
- 18 Rúnar Helgi Vignisson og Jón Sigurpálsson, „Fórnlamb öfundar og fordóma“, 1994, 4.
- 19 Jón Sigurpálsson, „Listasafn Ísafjarðar“, 1987.
- 20 „Til að menning og listir fái blómstrað“, 1999.
- 21 „Saga hússins“, 2018.

# Listasafn Árnesinga

Inga Jónsdóttir

„Bjarnveig Bjarnadóttir var guðsblessunarlega ein af þeim sem haldin var söfnunaráráttu“ varð Hildi Hákonardóttur eitt sinn að orði, en Bjarnveig lagði grunninn að Listasafni Árnesinga með því að gefa Árnesingum málverkasafn sitt. Hildur átti stóran þátt í því að þróa safnið þannig að það væri rekið sem lifandi listasafn með breytilegum sýningum og viðburðum. Það er því verðugt að hefja umfjöllun um Listasafn Árnesinga með því að nefna þessar tvær konur fyrst til sögunnar. Þrjátíu árum eftir að Bjarnveig afhenti Árnesingum málverkasafn sitt ritaði Hildur áhugaverða blaðagrein sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins, þar sem hún fjallar um hugtökin að safna og dreifa og setur í samhengi samtímalistar en er þá jafnframt að fjalla um grunnviðfangsefni safna sem er að safna og dreifa í merkingunni að miðla, en auk þess ber söfnum að varðveita, skrá og rannsaka.

„Söfnun og líka sundrun eru fullkomlega náttúrulegir hlutir. Vindurinn safnar saman og vindurinn dreifir. Vatnið safnast saman og vatnið gufar upp og dreifist. Það gerist aðeins mismunandi hratt. Menninir hafa líka yndi af því að safna og dreifa. Sumir meira að öðru hvoru. Aðrir að hvoru tveggja. Sumir eru í því að safna upplýsingum. Öðrum er meira í mun að koma upplýsingum á framfæri.“<sup>1</sup>

## Að safna og miðla

Bjarnveig Bjarnadóttir lagði grunninn að Listasafni Árnesinga þegar hún ákvað ásamt sonum sínum, Lofti og Bjarna Markúsi Jóhannessonum, að gefa Árnesingum málverkasafn sitt. Það afhenti hún formlega við opnun sýningar á því þann 19. október 1963 í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands þar sem Listasafn Íslands var einnig til húsa á þeim tíma. Sú dagsetning er viðmiðið þegar litið er til aldurs Listasafns Árnesinga, þó að Bjarnveig hafi fyrst boðið málverkasafn sitt að gjöf með bréfi dagsettu 6. júlí 1961. Safnið samanstóð af fjórtíu og einu málverki eftir sautján listamenn, sem allir voru meðal helstu listamanna landsins á þeim tíma og hún hélt áfram að gefa verk

til safnsins. Þegar Bjarnveig opnaði sýninguna og afhenti gjöfina til Árnesinga sagði hún frá þeirri ástríðu sinni að safna málverkum:

„Ég hef alla ævi haft mikið yndi af góðri myndlist og smátt og smátt á 30-40 árum eignast það safn málverka sem hér er. Hefur það gerst með ýmsu móti eins og til dæmis af þeirri venju um árabíl að leggja mánaðarlega til hliðar í sérstakan málverkasjóð, sem var við og við notaður þegar tækifæri bauðst. Voru líka ýmsir af málurunum mér hliðhollir þegar um kaup var að ræða. En um málverk Ásgríms frænda míns, sem hér eru, er það að segja að sum þeirra færði hann mér að gjöf á hátíðum og tyllidögum og mun hafa viljað votta mér þakklæti sitt fyrir margs konar hjálp er ég veitti honum á efri árum er heilsa hans tók að bila. Og þó réð kannski einna mest um þetta örlæti hans að hann þóttist viss um þá fyrirætlun mína að myndasafn mitt yrði á sínum tíma almenningseign. Og nú mun það fara heim á æskulóðir hans. Þannig má segja að þetta málverkasafn hafi orðið til.“

Og síðar segir Bjarnveig í ávarpinu:

„Ég lít svo á, að það sé mikils vert fyrir listmenningu Þjóðarinnar, að listasöfn séu staðsett sem víðast, og vænti þess, að íbúum hinna föggu sveita og þorpa austanfjalls verði það menningarauki að eignast þetta safn málverka, sem er hið fyrsta staðsett utan Reykjavíkur. Og ekki sízt vænt ég þess, að skólar héraðsins kynni nemendum sínum verk þessara 17 listamanna.“<sup>2</sup>

Með söfnun sinni er Bjarnveigu umhugað um að gera vel við listamenn með því að kaupa verk þeirra, að safna, en ekki síður er henni umhugað, að dreifa/ miðla, að koma listamönnum og verkum þeirra á framfæri svo sem flestir megi kynnast þeim og njóta, ekki síst börn.

Í ávarpi sínu svarar Bjarnveig að hluta þeirri spurningu af hverju hún gefi safn sitt Árnesingum frekar en öðrum og hún tileinkar gjöfina móður sinni, Guðlaugu Hannesdóttur frá Skipum í Stokkseyrarhreppi. Ásgrímur Jónsson listmálari, einn frumkvöðla íslenskrar nútíma myndlistar, var fæddur í Suðurkoti í Rútsstaðahverfi í Flóa og þau Bjarnveig voru náskyld. Ásgrímur



Bjarnveig Bjarnadóttir var forstöðumaður Ásgrímssafns og stendur hér við myndir eftir Ásgrím á safninu árið 1963. Mynd: Alþýðublaðið/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

og Guðlaug, móðir Bjarnveigar, voru systkinabörn og þar sem Ásgrímur var ókvæntur og barnlaus hafði Bjarnveig tekið að sér að annast frænda sinn á hans efri árum. Eftir að hann lést, varð heimili hans að Ásgrímssafni, sem opnað var almenningi árið 1960 og var Bjarnveig fyrsti forstöðumaður þess, en nú tilheyrir það Listasafni Íslands.

Önnur gjöf lagði líka lóð á vogarskálina, Listasafni Árnesinga til góða. Árið 1969 tilkynnti Halldór Einarssonar tréskurðarmeistari frá Brandshúsum í Flóa að hann hefði ákveðið að gefa fæðingarhéraði sínu tréskurðarsafn sitt ásamt peningagjöf að upphæð tíu þúsund dollara. Halldór var fæddur árið 1893 og hafði numið teikningu og tréskurð hjá Stefáni Eiríkssyni myndskera í Reykjavík. Hann fluttist til Vesturheims árið 1922 og starfaði lengst af við tréskurð í húsgagnaverksmiðju í Chicago. Ytra lærði hann líka að höggva í marmara og stein og sinnti hann alla tíð myndskurði í frístundum. Að baki verka Halldórs liggja ólíkar hugmyndir. Í sumum þeirra birtist söknuður útflytjandans, sem horfir til baka á sögueyjuna. Í öðrum eru áhrif af táknafræði ólíkra menningarheima sem og dulspeki eins og áberandi eru í verkum Einars Jónssonar sem Halldór dáði.

Halldór afhenti sýslunni safn sitt við opnun þess er síðara safnhúsið á

Selfossi var vígt 14. júní 1974. Við það tækifæri sagði hann meðal annars:

„Hvað snertir hjáverk mín, það dót það, sem ég hefi verið að „bauka“ við að búa til, þegar flestir aðrir hafa hvílt sig eftir önn dagsins eða fundið sína fró í þeim hlutum öðrum, sem hugurinn hefir helst beint þeim til, þá er það að segja, að ég hefi haft því dóti komið fyrir hérna og ætla því það hlutverk að geyma minningu foreldra minna.“<sup>3</sup>


## **Að varðveita; húsnæðið og öryggismál**

Til þess að varðveita söfn þurfa þau samastað. Málverkasafni Bjarnveigar var til að byrja með komið fyrir í litlum sal í Byggðasafni Árneseinga, á efri hæð í nýbyggingu að Tryggvgötu 23 á Selfossi, sem hafist var handa við að byggja í ágúst 1961 og vígð var 5. júlí 1964. Á neðri hæð hússins var Héraðsbókasafn Árneseyslu. Þetta hús er jafnan nefnt eldra safnhúsið að Tryggvagötu 23. Bjarnveig lét í það skína við afhendingu gjafarinnar að hún myndi halda áfram að bæta listaverkum í safnið og þegar gjöf Halldórs bættist líka við, var ljóst að huga þurfti að stækkun safnhússins og peningagjöf hans hratt þeim áformum af stað. Að vandlega athuguðu máli var ákveðið að í stað þess að byggja við safnhúsið sem fyrir var, væri æskilegra að byggja aðra ámóta byggingu norðan við húsið með það í huga að reisa mætti tengibyggingu á milli húsanna, þegar umfang safnastarfseminnar yrði enn meira. Síðla árs 1970 var ráðist í þá byggingu og var hún jafnan nefnd Listasafnhúsið. Aðsetur þess var Tryggvagata 23a, 268 fermetrar að grunnflatarmáli og líkt og fyrra safnhúsið á tveimur hæðum. Það var tekið í notkun árið 1974 með hátíðlegri athöfn og þá var nafni safnsins einnig breytt í Byggða- og listasafn Árneseinga. Á efri hæð voru tveir salir og í þeim eystri var gjöf Bjarnveigar komið fyrir en í vestursal safni Halldórs og vann Halldór útlit gólfsins í þeim sal sem lagt var línóleumflísu. Hann lét leggja þar svart spíralmynstur með inngreyptum svart-hvítum táknum sem minntu á lífsferil foreldra hans og nefndi salinn Minning Brandshúsahjónanna. Þegar neðri hæðin var tekin í notkun var þar um tíma sýningarsalur þar sem breytilegar sýningar voru settar upp og gafst þá myndlistarmönnum, bæði leikum sem lærðum, tækifæri til þess að sýna þar og um tíma hafði Myndlistarfélag Árneseyslu aðgang að salnum til námskeiðahalds og sýninga. Löngum voru rými á neðri

hæð notuð til fjáröflunar með útleigu; meðal annars til Tónlistarskólans, Héraðsskjalasafns Árnesinga og Fjölbrautaskóla Suðurlands. Dýrasafn var þar um tíma og neðri hæðin var einnig nýtt sem geymslur fyrir safnmuni.

Haustið 1992 var sú ákvörðun tekin að flytja Byggðasafn Árnesinga í Húsið á Eyrarbakka og í framhaldinu ákveðið að aðskilja Byggða- og listasafn Árnesinga í Byggða- og náttúrusafn Árnesinga annars vegar og Listasafn Árnesinga hins vegar. Listasafnið var áfram staðsett á Selfossi, en árið 2001 keypti Héraðsnefnd Árnesinga húsið að Austurmörk 21 í Hveragerði undir starfseminu, en við það stækkaði flatarmálið sem safnið hafði til umráða um 425 fermetra. Húsið hafði Einar Hákonarson listmálari látið reisa og rak þar sýningarsal og matsölu undir heitinu Listaskálinn í Hveragerði á árunum 1996 – 2000. Ráðast þurfti í talsverðar endurbætur á húsnæðinu áður en hægt var að flytja safnið þangað. Húsnæði listasafnsins er 961 fermetri að stærð. Jarðskjálftinn árið 2000 hafði skilið eftir ummerki sem þurfti að laga og eins voru ýmsar hugmyndir í gangi um að setja aðra starfsemi inn í húsið svo sem upplýsingamiðstöð ferðamála til þess að deila rekstrarkostnaði þess. Áður en fyrsta sýningin á vegum Listasafns Árnesinga var opnuð var búið að flota gólf í megin sýningarsölunum og tvö rými urðu að þremur misstórum sýningarsölum, kaffistofa var innréttuð og fyrrum eldhúsi skipt upp í tvennt, annars vegar í aðstöðu starfsmanns inn af kaffisölonni og hins vegar í blautrými sem tengist vinnurými baka til sem nýtist við undirbúning sýninga og sem verkfærageymsla. Draga þurfti líka úr ofanbirtu sem flæddi um sýningarsali og setti afgerandi birtuform á vegg. Áður en verkin voru flutt frá Selfossi var líka útbúin listaverkageymsla í vinnurýminu baka til. Við flutninginn til Hveragerðis var safnið komið í 961 fermetra húsnæði, þar sem sýningarsalir og geymsla voru á einni hæð og bæði flatarmál og loft-hæð umtalsvert meiri en áður og á endanum hýsti húsið einungis starfsemi Listasafns Árnesinga.

Til þess að varðveita safngripi þarf meira að koma til en reisa byggingar utan um þá. Það þarf hæfa starfsmenn til þess að sinna innra starfi safnsins og öryggismál þurfa líka að vera í lagi. Fréttir af byggingu safnhúss sem hýsa átta bóka- og byggðasafn á Selfossi hafði haft áhrif á ákvörðun Bjarnveigar að gefa safn sitt Árnesingum, samanber viðtal við hana í Tímanum árið 1963 en öryggismál höfðu líka áhrif á ákvörðunina:



Halldór Einarsson við nokkur verka sinna eftir 1965, er hann fluttist aftur heim til Íslands. Mynd: Listasafn Árnesinga.

„En ég get sagt þér það í einlægni, að það er að sumu leyti léttir fyrir mig að myndirnar eru farnar úr heimili mínu. Ég er óskaplega eldhrædd, og eiga málverkin sinn þátt í því. Ég bý í 60 ára gömlu timburhúsi, sem gæti fuðrað upp á augnabliki. Ég held að það hefði orðið mér ofraun, ef eldur hefði fargað myndunum.“<sup>4</sup>

Og öryggismál eru enn í huga hennar þegar hún ritar bréf til Páls Hallgrímssonar sýslumanns, 25. apríl 1979.

„En eitt er það sem veldur mér miklum áhyggjum í þessu dýrmæta málverkasafni, en sem hægt er að lagfæra og breyta með góðu móti, á ég þar við vatnskynntu ofnana. [...] Það sem nauðsynlegt er að gera í safnahúsinu er að skifta um ofna, láta rafmagnshitun í stað heita vatnsins. Ég ráðlegg eindregið til þess að þetta verði framkvæmt hið fyrsta. Mér er ákaflega annt um þetta málverkasafn, og tel víst að Árnesingum sé það einnig hugljúft. Slík breyting ætti ekki að kosta mikið fé, og ofnum þeim sem fyrir eru má áreiðanlega koma fyrir annars staðar á Selfossi. Ég má ekki til þess hugsa að ofn springi í húsinu og myndirnar yrðu gufu að bráð. Þetta eru tilmæli og ábending frá mér, sögð af reynslu minni og umhyggju fyrir þessum ómetanlegu listaverðmætum, bæði í Ásgrímssafni og safninu á Selfossi.“<sup>5</sup>



## Hvað er verið að varðveita? – Safneign og sýningar

Listasöfn varðveita menningarsöguna engu síður en menningarminjasöfn. Listasafn Árnesinga varðveitir listaverk og þá menningarsögu sem felst í tilurð þeirra, en jafnframt þau sjónarhorn sem fást með fjölbreyttu og lifandi sýningarhaldi þar sem bæði er litið inn á við og út á við, til eigin safneignar og samfélagsins nær og fjær, en einnig til annarra safna og listamanna. Sýningarnar tengja menningarsöguna við starfssvæði safnsins sem er Árnessýsla í víðara samhengi.

Þegar safn Bjarnveigar var afhent Árneseingum, árið 1963, fékk það töluverða athygli dagblaðanna og Ólafur Jónsson ritaði meðal annars eftirfarandi:

„Ég man ekki hvort einhver hefur haldið fram þeirri fullyrðingu, sem ég býst við að styðja megi gildum rökum, að myndlistin sé sú listgrein sem nú stendur í mestum og fjölskrúðugustum blóma héraendis. [...] Árneseingum er vandi á höndum að taka við slíkri gjöf. Vandinn er ekki mestur að varðveita dýrgripina — öllu heldur að forðast að varðveita þá í lokuðu skríni. Gjöf sem þessari hlýtur að fylgja sú kvöð að reka lifandi listasafn þar sem þessar myndir yrðu kjarni, halda áfram að eignast myndir, halda myndir í heiðri, og umfram allt að sýna fólki myndir. En hitt er meiri furða að þetta Bjarnveigarsafn skuli verða fyrsta safn íslenzkrar myndlistar utan Reykjavíkur.“<sup>6</sup>

Kjarninn í safneign Listasafns Árnesinga eru stofngjafirnar, safn Bjarnveigar og sona og safn Halldórs. Bjarnveig hélt áfram að færa safninu listaverk, allt til ársins 1986. Flest verkanna eru málverk en í gjöf hennar eru líka vatnslitamyndir, teikningar og skúlptúrar, alls sjötíu og tvö listaverk eftir þrjátíu og sjö listamenn, það elsta eftir Ásgrím Jónsson frá því um 1900 og það yngsta eftir Pál á Húsafelli frá árinu 1986. Síðan hafa mörg listaverk bæst í safnið og mörg þeirra með sterkar rætur við starfssvæði safnsins.

Við vígslu síðara safnhússins á Selfossi árið 1974 bættist í safneignina portrett eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara, sem fæddur var og uppalinn á Eyrarbakka. Það er bronsafsteypa af Ásgrími Jónssyni og var gjöf Árneseingafélagsins í Reykjavík til safnsins, en frummyndina hafði Sigurjón

gert fyrir Félag íslenskra myndlistarmanna í tilefni sjötugsafmælis Ásgríms tæpum þrjátíu árum áður. Að frumkvæði sýslunefndar var Sigurjón fenginn til þess að vinna portrett af Bjarnveigu sérstaklega fyrir safnið og vildi nefndin þannig votta henni virðingu fyrir framlag hennar til eflingar menningarlífs í sýslunni og var það afhjúpað í safninu 1. júlí 1978.

Samband Sunnlenskra kvenna færði safninu til varðveislu stórt veggteppi eftir Hildi Hákonardóttur árið 1976, en teppið segir frá því er nokkrar bóndakonur á Suðurlandi tóku sér ferð á hendur til höfuðborgarinnar og lögðu fram á Alþingi rökstudda yfirlýsingu um bágborna stöðu bænda og kröfðust viðurkenningar á eigin vinnuframlagi. Teppið tengist líka þeim sögulega viðburði er konur lögðu niður vinnu 24. október 1975.

Árið 1998, bættist við safneignina fjörutíu og tvær teikningar af ábúendum í Grímsnesi eftir Baltasar Samper, en það var tengdafaðir hans, Guðni Jón Guðbjartsson sem gaf safninu verkin. Teikningarnar, sem eru af hverjum bónda sem bjó í Grímsnesi í byrjun árs 1966, voru gerðar þegar Guðni og Baltasar dvöldu í héraðinu á meðan beðið var eftir því að Baltasar yngri Kormákur liti dagsins ljós í febrúar 1966.

Í safnið bættust líka verk sem voru tekin upp í salarleigu á meðan það tíðkaðist að listamenn fengu afnot af sýningarsalnum á neðri hæðinni eins og minnst hefur verið á og örfá verk voru keypt, en sjaldnast var fjármagn aflögu til þess. Á meðan safnið var á Selfossi bættust í safnið alls hundrað tuttugu og átta listaverk eftir fjörutíu og sex listamenn, þar af fimm sem einnig áttu fyrir verk í safni Bjarnveigar.

Eftir að safnið var flutt í Hveragerði hefur aldrei verið gert ráð fyrir kaupum á verkum í fjárhagsáætlun en þó hefur safneignin aukist vegna gjafa sem borist hafa og stjórn samþykkt að taka á móti, en nokkur verk hafa einnig verið boðin safninu sem gjöf en ekki verið þegin þar sem þau töldust ekki samræmast söfnunarstefnu safnsins sem að grunni er frá árinu 2009, en þar segir meðal annars:

„Listasafn Árnesinga er listasafn sem safnar myndlist frá upphafi 20. aldar til samtímans. Ekki er lagt fram fé til kaupa á listaverkum í rekstraráætlun safnsins, en tekið við gjöfum að fengnu samþykki stjórnar þar sem eftirfarandi þættir eru hafðir til hliðsjónar:

- Listaverkið styrkir núverandi safnkost, - Listaverkið tengist sýningu á vegum safnsins, - Listaverkið tengist starfssvæði safnsins.“<sup>7</sup>

Samkvæmt 8. grein í stofnskrá safnsins má ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjafabréf skal fylgja gjöf sem stjórn samþykkir að veita viðtöku og aldrei má selja gjöfina eða láta á annan hátt af hendi nema með samþykki stjórnar. Stjórn leggur áherslu á listræn gæði aðfanga og áskilur sér rétt til að leita álits fagaðila. Þegar efni og ástæður gefa tilefni til innkaupa á listaverkum gilda um það sömu skilyrði og við móttöku gjafa.

Árið 2012 bættist í safnið safn þrjátíu pappírsv verka eftir indverska listamanninn Baniprosonno sem dvalið hefur nokkrum sinnum í listamannahúsinu Varmahlíð í Hveragerði og hélt hann þá jafnan fjölsóttar listasmíðjur í safninu, bæði fyrir börn og kennara. Verkin gaf hann eftir að sett var upp lítil sýning á þeim í safninu. Þrjátíu og tvö verk af ýmsum toga, eftir tólf listamenn, hafa að auki bæst við safnið, þar af voru verk eftir fjóra þeirra þegar til í safninu. Síðasta stóra gjöfin til safnsins var safn þrjátíu verka eftir Valtý Pétursson úr listaverkasafni listmálarans og afhent var á vordögum 2017.

Mikilvægt er að skrá safneignina til þess að ná utan um umfangið. Elstu skráningarnar eru vélrituð blöð í samræmi við tæknimál þess tíma. Til að byrja með sá Bjarnveig sjálf um að skrá safnið sem hún gaf og hélt því áfram er hún gaf fleiri verk til safnsins. Í bréfi sem Bjarnveig sendi Páli Hallgrímssyni sýslumanni, 25. apríl 1979 má lesa: „Ég afhenti Pétri Sigurðssyni safnverði handrit af nýrri skrá þar sem stærð mynda er getið ásamt ártali og skrásetningarnúmeri, en ég hef skrásett safnið allt, 66 verk. [...] Mér þykir rétt að ganga vel frá safninu á meðan ég hefi til þess krafta, og við það verk aðstoðar mig Guðmundur myndhöggvari.“<sup>8</sup> Halldór sá líka um að skila safninu vélritaða skrá yfir verk sín og Páll Lýðsson, þáverandi stjórnarformaður safnsins, bætti líka við vélrituðu skjali þar sem lesa má viðtal sem hann tók við Halldór um verkin.

Þegar fastasýningarnar voru teknar niður varð það að samkomulagi að setja upplýsingar um safn Halldórs á veraldarvefinn og var Alvörufélagið á Selfossi fengið til þess að vinna það. Vefsíðan er bæði á íslensku og ensku en ekki hefur verið unnið áfram við að aðlaga síðuna núverandi heimasíðu safnsins sem er líka ófullkomin á margan hátt og nauðsynlegt að endurnýja.<sup>9</sup>

Til að byrja með var útbúin spjaldskrá þar sem upplýsingar um hvert verk voru skráð á sér spjald, en með aukinni tæknivæðingu var farið í það að skrá verkin rafrænt. Ekki var um sameiginlegan gagnagrunn eða samræmda skráningu að ræða hjá listasöfnunum til að byrja með. Árið 2005 var

Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari fenginn til þess að ljósmynda öll verkin í safneigninni fyrir rafræna skráningu. Um tíma var safnið í samstarfi við tæknimann sem var að vinna skráningarforrit í file-maker, en ekki var búið að ganga frá þeirri skráningu þegar ákveðið var að Listasafn Árnesinga, ásamt fleiri söfnum undir forystu Listasafns Íslands, tækju þátt í því að Sarpur.is yrði sameiginlegur gagnagrunnur allra safna landsins.

## Starfsmannamál

Eitt er að stofna safn og finna því samastað, en annað að reka það og lykillinn að farsælu og lifandi safni eru starfsmenn þess. Safnstjóri þarf að hafa svigrúm og frelsi til þess að móta listræna stefnu og fylgja henni eftir í samvinnu við stjórn sem styður við og byggir upp. Í þriggja manna stjórn Listasafns Árnesinga hefur þess jafnan verið gætt að stjórnarmenn séu fulltrúar mismunandi svæða sýslunnar og eftir að safnið kom í Hveragerði kemur einn stjórnarmaður úr Sveitarfélaginu Árborg sem er stærsta sveitarfélagið, einn úr Hveragerði þar sem aðsetur þess er og sá þriðji úr Uppsveitum Árnessýslu. Bakgrunnur stjórnarmanna og þekking á myndlist og safnamálum er mjög mismunandi og margir hafa staldrað stutt við. Flestir hafa sinnt safninu af einurð en oftast hafa þeir einnig verið sveitarstjórnarmenn sem hafa þurft að taka tillit til ýmissa sjónarmiða og þar með fleiri hagsmuna en safnsins. Þó að rekstur safna sé ekki lögboðið verkefni sveitarfélaga, geta þau átt þátt í því að móta ímynd sveitarfélaganna og aukið þjónustustig þeirra. Eigendur þurfa að tryggja fjármagn til rekstursins, en einnig er reynt að afla annarra tekna svo sem með kaffi- og safnbúðarsölu en drjúgur tími fer líka í styrkumsóknir. Safnvarðastaðan hefur oft mátt gjalda þess að takmarkað var lagt til rekstursins og skilningur manna löngum sá að einungis þyrfti mann til gæslu safnanna. Lengst af var safnvarðastaðan hlutastarf og til að byrja með sinnti starfsmaðurinn öllum söfnunum að Tryggvagötu 23, afgangið bækur og sýndi byggðasafnið, listasafnið og dýrasafnið þegar það kom til sögunnar.

Bjarnveig sá um að koma safni sínu fyrir til sýnis í báðum safnhúsum á Selfossi og hafði sér til aðstoðar myndlistarmennina Hjörleif Sigurðsson til að byrja með og síðar líka Guðmund Benediktsson sem sá meðal annars um að koma fyrir milliveggjum þegar verkunum fjölgaði. Halldór sá líka um uppsetningu verka sinna og naut þar aðstoðar frænda síns, smiðsins Einar

Hallmundssonar. Ekki var gert ráð fyrir listaverkageymslu til að byrja með þar sem öll verkin voru höfð til sýnis.

Kjartan Magnússon, yfirbókavörður og jafnframt fyrsti safnvörður Byggðasafnsins, tók við málverkasafninu og „sinnti safninu af alúð og trúmennsku og tók sér til dæmis aldrei frí á sunnudögum allan sinn starfstíma.“<sup>10</sup>, sem náði fram á mitt ár 1972. Eftirmaður hans var Pétur M. Sigurðsson sem „var talinn kraftaverkamaður í störfum sínum og hann vildi veg safnanna sem mestan. Hann lagði sitt af mörkum við stofnun Listasafns Árnesinga“<sup>11</sup> og starfaði við söfnin til ársins 1984 er hann hætti vegna aldurs. Páll Lýðsson var stjórnarformaður Byggða- og listasafns Árnesinga frá 1968 til 1982 og með honum í stjórn lengst af Hjalti Gestsson. Páll var virtur bóndi í samfélaginu sem og sagnfræðingur og honum var annt um uppbyggingu safnanna líkt og öðrum nefndarmönnum, en þó voru skiptar skoðanir um staðsetningu húsnæðisins, hvar á Selfossi það ætti að vera. Síðar átti Páll sæti í menningarmálanefnd Héraðsnefndar þar sem málefni safnanna voru líka á dagskrá. Björn Pálsson, sagnfræðingur, tók við stjórnarformennsku af Páli og sinnti því næstu átta árin. Hann lagði áherslu á að starf forstöðumanns Byggða- og listasafns Árnesinga væri ekki aukastarf yfirbókavardar og vildi Björn að starf safnvarðar yrði auglýst og því sinnt sem aðalstarfi, en ekki fékkst samþykki fyrir því. Við tóku döpur ár fyrir uppbyggingu innra starfs safnanna. Nýr bókavörður lagði áherslu á viðhald húsanna sem voru farin að láta á sjá, einkum eldra húsið sem vegna alkalískemmda þoldi illa ágang veðurs, sýningar voru staðnaðar, gestum fór fækkandi, enda tíminn sem safnið var opið skertur vegna manneklu og á endanum var söfnunum utan bókasafnsins lokað um tíma.

Loks var það samþykkt að auglýsa starf safnvarðar sem 50% starf. Árið 1987 var Hildur Hákonardóttir, myndlistarmaður, ráðin sem fyrsti forstöðumaður Byggða- og listasafns Árnesinga en leitað hafði verið til hennar áður varðandi uppsetningu muna og fleira. Sem safnstjóri tók hún vel til hendinni, safninu til eflingar. Hún endurskipulagði grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga, kom upp fjargeymslu í kjallara Hótel Selfoss, skráði listmuni sem bæst höfðu við, lagði áherslu á að kynna söfnin, kom upp breytilegum sýningarvegg í listaverkasal Bjarnveigar, tók niður tréskurðarsafn Halldórs Einarssonar og gerði þann sal að vettvangi listsýninga sem safnið stóð sjálft að. Þannig var salurinn nýttur til haustsins 1993 að gjöf Halldórs

var aftur sett þar upp með tilskipun frá Héraðsnefnd. Árið 1990 hafði Sigurður Einarsson tekið við af Birni sem formaður stjórnar. Þegar Skjala- og bókasafnið var farið úr eldra safnhúsinu við Tryggvagötu kynnti Hildur hugmyndir að breytingum í skipulagi safnanna.

Í kjölfar alvarlegs bílslyss sem Hildur lenti í var Lýður Pálsson sagnfræðingur fenginn til þess að aðstoða við söfnin og þegar Hildur óskaði eftir ársleyfi frá störfum á vordögum 1992 tók Lýður tímabundið við starfinu. Að beiðni stjórnar féllst Hildur á að sjá áfram um fjárreiður safnsins og sat einnig stjórnarfundi. Stjórnin ákvað að bíða með breytingar á skipulagi safnanna á meðan Hildur væri í leyfi, en hún kom ekki aftur til starfa að loknu leyfi. Þegar söfnin voru aðskilin í Byggðasafn annars vegar og Listasafn hins vegar árið 1994, var stjórn skipuð fyrir hvort safnið og var Lýður settur safnstjóri beggja safnanna til að byrja með. Hann var í fullu starfi með meiru við Byggðasafnið en um algjöra lágmarksstarfsemi var að ræða við Listasafnið og því sinnt í tímavinnu til 1998. Fyrsta stjórn Listasafns Árnesinga eftir að það varð sjálfstæð eining var skipuð þeim Knúti Bruun, Ingibjörgu Helgu Guðmundsdóttur og sr. Sigurði Sigurðarsyni sem var formaður stjórnar fram á mitt ár 2002. Knútur var búsettur í Hveragerði, lögfræðingur og sérfræðingur í höfundarréttarmálum sem þekkti vel íslenskt myndlistarsvið og var meðal annars formaður stjórnar Listasafns Íslands, I. Helga var virkur þátttakandi í Myndlistarfélagi Árnessýslu, búsett á Selfossi og Sigurður var vígslubiskup í Skálholti. Knútur átti einnig sæti í héraðsráði Héraðsnefndarinnar á árunum 1994-96. Mikill hugur var í nefndarmönnum að efla hag safnsins og gera það að áhugaverðum viðkomustað en fjárframlög til safnsins settu nefndarmönnum þröngar skorður og meðan ekki var hægt að ráða safnvörð var Knútur Lýð innanhandar. Það var ekki fyrr en í byrjun árs 1998 að fé fékkst til þess að auglýsa stöðu safnvarðar við Listasafn Árnesinga og þá einungis í 50% stöðu til eins árs til að byrja með, sem var ekki alveg samkvæmt ósk og væntingum stjórnar. Sex umsóknir bárust um stöðuna og var hún veitt Hildi Hákonardóttur myndlistarmanni og fyrrum safnstjóra. Hún var eini fastráðni starfsmaður safnsins, en gat lausráðið aðstoð við safnvörslu og þríf. Þorbjörg Sigurðardóttir tók sæti Knúts í stjórn haustið 1998, en Knútur kom aftur inn í stjórn safnsins 2006 og þá sem formaður til ársloka 2012.

Hildur stýrði af miklum dugnaði Listasafni Árnesinga sem þá var eina

safnið sem eftir stóð að Tryggvagötu 23 á Selfossi. Hún þurfti að glíma við ítrekuð andmæli aðstandenda safnanna tveggja, safni Bjarnveigar annars vegar og safni Halldórs hins vegar, sem ekki voru sáttir við þær breytingar að hafa ekki lengur fastasýningarnar uppi. Stjórn og safnstjóri voru þeirrar skoðunar að safninu bæri að halda lifandi, með breytilegum sýningum, en jafnframt halda minningu Halldórs og annarra gefenda á lofti því án þeirra væri Listasafn Árnesinga ekki til.<sup>12</sup> Hildur hvatti til þess að safninu yrði mörkuð menningarstefna til framtíðar og þá væri ekki nóg að hafa starfs- hlutfall safnvarðar einungis 50%. Í tíð Hildar voru settar upp sýningar sem vöktu mikla og verðskuldaða athygli, en árið 2000 sagði hún starfi sínu lausu, meðal annars vegna óvissu um framtíðarskipan safnsins, en þá voru ýmsar hugmyndir á lofti um breytingar og ef til vill flutning safnsins. Hildur sinnti safninu þó áfram um tíma að beiðni stjórnar á meðan verið var að finna safninu nýjan vettvang, en að loknum sýningartíma Telgt í tré sumarið 2000 var Listasafninu að Tryggvagötu 23a endanlega lokað almenningi til heimsóknna.

Að beiðni Héraðsnefndar var skipuð nefnd sem falið var að vinna að framgangi hugmynda, um framtíðarskipan Listasafns Árnesinga og átti nefndin að vinna í nánú samráði við Héraðsráð. Eftirfarandi skipuðu nefndina: Jón Hólm Stefánsson, bæjarfulltrúi í Ölfusi, formaður og með honum María Hauksdóttir, bæjarfulltrúi í Árborg, og Margeir Ingólfsson, hreppsnefndarmaður í Biskupstungum. Í greinargerð sem þau unnu segir meðal annars:

„Það er að mörgu að hyggja ef gera á svo róttækar breytingar sem flutningur á safninu er. Má þar nefna söguna um tilurð safnsins, um listaverkagjafir og peningagjafir til byggingar safnsins og ýmsar kvaðir sem þeim fylgdu, og í framhaldi af því spurning um rétt erfingja til afskifta af rekstri og framtíð safnsins. [...] Nefndin telur að margt hafi verið vel gert í rekstri Listasafns Árnesinga og hafi Hildur Hákonardóttir staðið vel og metnaðarlega að rekstri safnsins en peningaskortur hefur háð mjög framsækinni listastarfsemi á vegum safnsins. [...] Þegar að við horfum til framtíðar þá sér nefndin Listasafn Árnesinga fyrir sér ekki eingöngu sem safn heldur frekar sem lifandi menningarmiðstöð þar sem möguleiki væri að taka inn sem flestar



listgreinar. Nefndin telur að hús Listaskálans í Hveragerði henti þeirri starfsemi mun betur en núverandi húsnæði og leggur þess vegna til að kannað verði hvort mögulegt verði að kaupa hús Listaskálans í Hveragerði, m.a. með athugunum á fjármögnunarleiðum og hvernig breyttur rekstur kæmi út peningalega. [...] Af þessari greinargerð sést að við teljum framtíð Listasafns Árnesinga best tryggða með því að gera safnið opið og lifandi þannig að sem flestir telji sig eiga erindi þangað og finnist safnið höfða til sín.“<sup>13</sup>

Ákvörðunin um að flytja Listasafn Árnesinga frá Selfossi til Hveragerðis var umdeild og á stjórnarfundi 4. maí 2000 hafði Hildur meðal annars lagt áherslu á „að renna þurfi sterkari stoðum undir reksturinn, eigi það að vera valkostur að flytja safnið í Hveragerði.“<sup>14</sup> Einnig var rætt um aðra möguleika. Staðsetningin við Tryggvagötu þótti ekki í tengslum við uppbyggingu miðbæjar á Selfossi og í mars 2001 ritar Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Brúar hf., sem þá er að byggja upp Ársali með samliggjandi hótél- og veitingaaðstöðu í miðbæ Selfoss, bréf til Héraðsnefndar Árnessýslu og stjórnar Listasafns Árnesinga þar sem hann bendir á þann möguleika að leigja með langtímasamningi tvær hæðir í turni Ársala, hvor hæð tæpir 200 fermetra. Þetta hafði hins vegar ekki áhrif á undirbúning flutningsins til Hveragerðis, því í apríl 2001 skilaði Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands af sér greinargerð varðandi „hugmyndir um að flytja starfsemi Listasafns Árnesinga úr núverandi húsnæði að Tryggvagötu 23a á Selfossi í Listaskálann í Hveragerði.“<sup>15</sup>

Í kjölfar ákvörðunarinnar um að kaupa húsnæði skálans undir starfsemi Listasafns Árnesinga sagði I. Helga Guðmundsdóttir sig úr stjórn safnsins með bréfi þar sem meðal annars stendur: „Listasafn Árnesinga hefur verið staðsett á Selfossi frá upphafi og skapað sér fastan sess í menningarlífi bæjarins. Vegna óánægju með þá ákvörðun að flytja listasafnið frá Selfossi hef ég ákveðið eftir vandlega athugun að ég geti ekki tekið þátt í þeim flutningum.“<sup>16</sup> Varamaður hennar, Ólafur Th. Ólafsson myndlistarmaður og framhaldsskólakennari á Selfossi, tók þá sæti í stjórn. Eftir sveitarstjórnarkosningar 2002 var stjórn safnsins þannig skipuð: Árni Magnússon, bæjarfulltrúi í Hveragerði formaður stjórnar, Alda Sigurðardóttir myndlistar- og verslunarmaður á Selfossi og Halla Guðmundsdóttir leikkona og bóndi á Ásum í Gnúpverjahreppi.

Sumarið 2003 tók Herdís Þórðardóttir, bæjarfulltrúi í Hveragerði, sæti Árna sem formaður og haustið 2005 tók Gylfi Þorkelsson, framhaldsskólakennari á Selfossi, sæti Öldu.

Þegar búið var að ganga frá kaupunum á húsnæði undir safnið í Hveragerði var næsta mikilvæga mál að auglýsa starf safnstjóra. Birna Kristjánsdóttir, myndlistarmaður, var ráðin í 100% stöðu forstöðumanns árið 2001, eini fastráðni starfsmaður safnsins, en lausráðnir starfsmenn fengnir í safnvörslu og uppsetningarvinnu þegar þar að kom. Stór verkefni biðu Birnu, en hún líkt og Hildur, lagði einnig sitt afl á vogarskálina til uppbyggingar safnsins. Hún þurfti að koma húsnæðinu í starfhæft horf, eins og áður hefur komið fram, sem tók mikinn tíma og orku. Annað mikilvægt viðfangsefni Birnu var að skilgreina markmið safnsins í samræmi við ný safnalög (nr. 106/2001). Að hennar sögn var starfsemi Listasafns Árnesinga skipt upp í safnasvið, fræðslusvið, myndlistarsvið og hönnunarsvið. Gert var ráð fyrir því að sviðin myndu ætíð skarast, mismikið og að það væru verkefni og þeir sem koma að þeim sem liti áherslur sviðanna. Stefna safnsins var að sinna menningarmálum á framsækin hátt en jafnframt að höfða til sem flestra. Trú þessari stefnu stóð Birna fyrir mörgum áhugaverðum og vönduðum sýningum sem hlutu athygli fjölmiðla og voru það ýmist sýningar á samtímalist eða sýningar unnar út frá safneign og hönnunarsýningar, en fjárskortur setti safninu talsverðar skorður, líkt og oft áður. Birna sagði starfi sínu lausu frá og með 1. janúar 2007. Ný stjórn hafði þá verið skipuð í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna árið 2006. Knútur Bruun kom aftur í stjórn og nú sem formaður og með honum voru Jóhanna Róbertsdóttir, starfsmaður Rauða krossins frá Selfossi, og Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri í Hrunamannahreppi.

Í þriðja sinn var staða safnstjóra við Listasafn Árnesinga auglýst undir lok árs 2006. Inga Jónsdóttir, myndlistarmaður, var ráðin og tók til starfa við upphaf árs 2007, fyrsta mánuðinn í 50% stöðu, síðan í 70% stöðu uns hún varð að 100% stöðugildi í byrjun árs 2012. Um miðjan mars 2007 var Þórarinn Víkingur Grímsson ráðinn í hálf starf sem húsvörður við safnið og starfaði hann við safnið í um það bil fjögur ár. Þórarinn kom að uppsetningu og niðurtöku á sýningum og til að byrja með var líka að ýmsu að hyggja varðandi viðhald á húsnæðinu sem Þórarinn sá um. Um mitt ár 2007 var Ólafur Kvaran, listfræðingur, fenginn í hugmynda- og stefnumótavinnu og í um það bil tvö ár starfaði hann sem ráðgjafi við safnið. Eftir kosningarnar

2010 urðu breytingar á stjórn safnsins. Knútur var áfram formaður en Eyþór Arnalds, tónlistarmaður, framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi á Selfossi og Sigurlín Kristinsdóttir, myndmenntakennari í Bláskógabyggð, voru valin með honum í stjórn. Aftur voru gerðar breytingar þegar Héraðsnefndinni var breytt í byggðasamlag við áramótin 2013 og þá skilyrt að formaður stjórnar væri einn fulltrúanna í framkvæmdastjórn Héraðsnefndarinnar og tók Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, þá við formennsku. Með henni í stjórn var Sigurlína áfram og einnig kom Alda Sigurðardóttir á ný í stjórn safnsins. Að loknum kosningum 2014 var stjórninni enn breytt þegar Ninna Sif Svavarsdóttir, sóknarprestur á Selfossi og bæjarfulltrúi í Hveragerði, varð formaður og með henni störfuðu Brynhildur Jónsdóttir, þroskaþjálfari á Selfossi, og Unnsteinn Eggertsson, framkvæmdastjóri í Hrunamannahreppi. Ári síðar sagði Ninna Sif sig frá öllum pólitískum störfum og varð Aldís þá formaður á ný í stjórn Listasafns Árnesinga.

Þegar Þórarinn hætti störfum var ákveðið að ráða ekki aftur húsvörð til starfa heldur safnvörð sem bæði tæki vaktir við gæslu, sinnti þrifum og aðstoðaði við uppsetningu og niðurtöku sýninga. Starfshlutfallið var 50% starf þá sjö mánuði sem vetraropnun varði en 66% sumarmánuðina fimm. Víðir Ingólfur Þrastarson (Mýrmann), myndlistarmaður, sinnti því starfi í fimm og hálf ári, frá miðjum mars 2012 þar til í september 2017.

## Lifandi safn – miðlunin

Í fyrstu var einungis um fastasýningar að ræða í Listasafni Árnesinga, fyrst á safni Bjarnveigar og síðan bættist safn Halldórs við þegar listasafnið var flutt í nýja safnhúsið að Tryggvagötu 23a. Það hefur ekki verið auðvelt að setja verkin í safni Bjarnveigar saman í heildstæða sýningu því þau voru af ólíkum toga; olíumálverk, vatnslitamyndir, teikningar, klippimyndir, mósasík og skúlptúrar, en að sögn Hildar er það aðdáunarvert hversu vel myndlistarmönnunum, Hjørleifi Sigurðssyni og Guðmundi Benediktssyni, tókst það. Verkin voru þétt sett upp og þegar þeim fjölgaði var milliveggjum bætt við í salinn. Í sal Halldórs var verkunum líka raðað þétt saman og þar sem um mörg þrívíð verk var að ræða voru þau líka víða um gólfíð.

Þó bæði söfnin væru fallega sett upp þá voru þau erfið viðfangs til fræðslu, einkum til skólahópa. Í sal Halldórs var lítið pláss við hvert verk og í sal



Lifandi listasafn - gestir á ýmsum aldri teikna út frá safneigninni á sýningu safnsins í Hveragerði. Mynd: Inga Jónsdóttir.

Bjarnveigar endurspegluðu verkin breytileg viðfangsefni og mismunandi tíðaranda auk þess að vera þétt hengd upp og unnin í ólík efni. Það, ásamt dvínandi aðsókn, varð hvati þess að Hildur hreyfði við fastasýningunum og fór að setja upp tímabundnar sýningar á vegum safnsins og efna til annarrar dagskrár, svo sem fyrirlestra og umræðna um myndlist.

Þegar safnið varð sjálfstæð eining var áhersla lögð á að ekki yrði um fastasýningar að ræða, heldur lifandi safn með breytilegum sýningum og viðburðum. Síðla hausts 1997 var Hildur fengin sem sýningarstjóri að sýningunni Perlur úr Eystrihrepp þar sem verk eftir Jóhann Briem, Ásgrím Jónsson og Katrínu Briem voru til sýnis og þau fengin að láni frá Listasafni Íslands, Listasafni ASÍ og einkasöfnum. Sem safnstjóri ákvað Hildur að þematengja sýningar ársins 1999 við Suðurland og tók til sýninga fjölbreytt verk samtímalistamanna með tengingu við Suðurland, þar á meðal sýningu á verkum Birgis Andréssonar og Ólafs Lárussonar. Síðasta sýningin sem sett var upp á hennar vegum var Teglt í tré, metnaðarfull sýning sem tileinkuð var minningu Halldórs Einarssonar. Með sýningunni var reynt að varpa ljósi á

hvað varð um tréskurðararfleifðina í tímans rás. Sýningin var tvískipt. Á neðri hæð Listasafnsins mátti sjá endurgerð að Dómsdagsmyndinni samkvæmt tillögu Harðar Ágústssonar, sem er elsta kunna tréskurðarverkið á Íslandi. Nær í tíma voru síðan verkin á efri hæðinni þar sem sjá mátti verk eftir rúmlega fjörutíu aðila; starfandi listamenn, hagleiksmenn úr héraði og einnig eitt tréverk eftir unglunga úr Sólvallaskóla.

Í tíð Birnu Kristjánsdóttur sem safnstjóri hafði hún að leiðarljósi að skapa lifandi listasafn með áherslu á tengingu við samtímamann og var fyrsta sýningin í þeim anda með verkjum Kristjáns Davíðssonar og Þórs Vigfússonar árið 2003. Margar eftirtektarverðar fylgdu í kjölfarið eins og Þú/You á verkum Elínar Hansdóttur, Kristján Guðmundsson og Tumi Magnússon árið 2004, Jonathan Meese í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Tívolí, verk 21 samtímalistamanns í sýningarstjórn Markúsar Þórs Andrésssonar og Þuríðar Sigurðsdóttur árið 2005, Hér, verðlaunasýning Hrafnhildar Sigurðardóttur sem árið 2005 hlaut Norrænu textílverðlaunin fyrir þau verk sem sjá mátti á sýningunni, Grannagróður; færeysk list, listiðnaður og hönnun, í samstarfi við Gluggaglaemu í Færeyjum og Líf í timbrinu, verk eftir Aðalheiði Eysteinsdóttur árið 2006. Í tengslum við nokkrar sýninganna voru unnar úgáfur, en þær voru gefnar út af listamönnunum með aðkomu safnsins og kostunaraðilum.

Fjölbreytileiki, ólíkir tímar og mismunandi tengsl við starfssvæði safnsins voru helstu áherslur Ingu þegar hún tók til starfa. Af fjölmörgum sýningum má nefna eftirfarandi: Að flytja fjöll; Ásgrímur Jónsson og átta samtímalistamenn árið 2007, Á ferð með fuglum, Höskuldur Björnsson í sýningarstjórn Hrafnhildar Schram og Listamaðurinn í verkinu, Magnús Kjartansson í sýningarstjórn Jóns Proppé í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík 2008, Skart, í samvinnu við Listiðnaðarsafn Dana og Andans konur, Gerður Helgadóttir, Nína Tryggvadóttir, París-Skálholt í sýningarstjórn Ásdísar Ólafsdóttur árið 2009, Íslensk myndlist, 100 ár í hnotskurn í samvinnu við Listasafn Íslands og Ár, málverkið á tímum straumvatna í samvinnu við Listasafn Háskóla Íslands í sýningarstjórn Auðar Ólafsdóttur árið 2010, (Ei)land/(IS)not, sýning á verkum fimm pólskra ljósmyndara og fimm íslenskra rithöfundu í samvinnu við Sputnik photos í Póllandi og Gerðuberg í Reykjavík í sýningarstjórn Andrzej Kramarz og Myndin af Þingvöllum í sýningarstjórn Einars Garibalda Eiríkssonar árið 2011, Horizonic, norræn hljóðlist, í samvinnu

við listtímaritið ARTnord sem gefið er út í Frakklandi, í sýningarstjórn Ásdísar Ólafsdóttur og Emeline Eudes og Nautn og notagildi í sýningarstjórn Önnu Jóa og Elísabetar V. Ingvarsdóttur árið 2012, Tómið, horfin verk Kristins Péturssonar með athugasemdum Hildigunnar Birgisdóttur, Hugins Þórs Arasonar, Sólveigar Aðalsteinsdóttur og Unnars Arnar í sýningarstjórn Markúsar Þórs Andréssonar árið 2013.

Unnið hefur verið með safneignina í tíð allra safnstjóranna og þeir hafa allir lagt sig fram um að tengjast samfélaginu sem safnið starfar í en líka sótt áhugaverð viðfangsefni utan frá til þess að koma á framfæri, skoða í nýju samhengi og /eða efna til samtals. Einnig hefur verið efnt til ýmissa annarra viðburða í safninu á vegum þess og stundum með samstarfsaðilum. Frá árinu 2007 hefur safnið staðið fyrir útgáfum í samræmdu broti, í tengslum við allar sýningar, en áður hafði tíma og fjármunum einnig verið varið í útgáfustarfsemi og fréttabréf. Þegar fjölmiðlar sem sinna menningarmálum fóru að leita til álitsgjafa til að draga fram áhugaverðar sýningar liðins árs hafa sýningar á vegum Listasafns Árnesinga ítrekað ratað á þá lista og árið 2015 var Listasafn Árnesinga eitt þriggja verkefna sem tilnefnt var til Eyrarrósarinnar það árið, en Eyrarrósinn er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar. Íslensku safnaverðlaunin eru veitt annað hvert ár, safni sem þykir hafa skarað framúr og vera til eftirbreytni. Að verðlaununum standa Íslandsdeild ICOM og Félag íslenskra safna og safnamanna. Árið 2018 voru verðlaunin veitt Listasafni Árnesinga.

## **Aðstandendur rekstursins**

Til að byrja með var Sýslunefnd Árnessýslu vettvangur allra stórra ákvarðana um safnamál í Árnessýslu, en sú nefnd starfaði á árunum 1874-1988. Þegar Selfoss fékk kaupstaðaréttindi 1977 varð hann sjálfkrafa ekki lengur aðili að Sýslunefndinni en á endanum náðu Selfosskaupstaður og Árnessýsla samkomulagi um aðkomu beggja á eignarhaldi og skiptingu rekstrarkostnaðar og frá árinu 1984 átti Selfossbær fulltrúa í stjórn safnsins.

Héraðsnefnd Árnesinga, sem öll sveitarfélögin í Árnessýslu stofnuðu til í desember 1986, tók við stjórn safnamála í Árnessýslu í aðdraganda þess að leggja átti niður sýslunefndirnar. Hérðasnefndin varð síðan að byggðasamlagi þann 1. janúar 2013. Nefndin er skipuð fulltrúum frá öllum

sveitarfélögum átta í Árnessýslu sem eru eftirfarandi: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus. Héraðsnefndin leggur mest til reksturs safnsins en ríkið kemur líka að rekstrinum með styrkjum úr Safnasjóði. Safnið nýtur góðs af þjónustusamningi við Hveragerðisbæ og hefur fengið styrki frá Uppbyggingasjóði Suðurlands sem tók við af Menningarráði Suðurlands. Safnið fær einnig tekjur af kaffisölu og sölu á öðrum varningi svo sem sýningarskrám og listaverkakortum og útleigu sala eða opnun utan opnunartíma, en aðgangur að safninu er ókeypis og hefur lengstum verið það. Árið 2016 skiptist rekstrarfé safnsins þannig að 72% komu frá eigendum, það er Héraðsnefndinni, 14% frá þjónustusamningi við Hveragerðisbæ, 6% frá Safnasjóði, aðrir styrkir voru 3% og 5% var sjálfsaflafé. Með safnalögum fékk Safnaráð það hlutverk að fjalla um viðurkenningu safna og leggja fram tillögu þar um til ráðherra og var Listasafn Árnesinga eitt þeirra safna sem fyrst fengu þá viðurkenningu 2014. Að fá og viðhalda þeirri viðurkenningu byggist á því að safnið uppfylli ákveðna skilmála sem Safnaráð setur og krefst bæði tíma og fjármagns.

Héraðsnefndin tók ákvörðun um flutning Byggðasafns Árnesinga í Húsið á Eyrarbakka haustið 1992 og í framhaldi af því, vorið 1993 var sú ákvörðun tekin að aðskilja Byggða- og listasafn Árnesinga í annars vegar Byggða- og náttúrusafn Árnesinga og hins vegar Listasafn Árnesinga. Stofnskrár safnanna tveggja voru samþykktar af Héraðsnefnd Árnesinga vorið 1994 og tóku gildi með skipun stjórnna fyrir hvort safn. Síðan þá hefur stofnskrá Listasafns Árnesinga verið endurskoðuð nokkrum sinnum, meðal annars vegna lagabreytinga, ábendinga frá Safnaráði og breytinga á Héraðsnefndinni. Síðast var stofnskrá endurskoðuð og samþykkt 24. september 2013.

Fjárveitingar til Listasafns Árnesinga fyrstu fjögur árin, eftir að það varð sjálfstæð eining, miðuðust aðallega við rekstur húsakynna, lítilsháttar kynningarmál, launakostnað við gæslu og lítilsháttar þóknun til setts safnvarðar. Það var fyrst 1998 að Listasafn Árnesinga fékk fjárveitingu frá Héraðsnefnd til þess að ráða safnstjóra í 50% starf og fjárveitingin dugði auk þess til að hrinda af stað nauðsynlegum breytingum á húsakynnum.

Það var líka ákvörðun Héraðsnefndar að flytja Listasafn Árnesinga frá Selfossi með því að kaupa húsnæði Listaskálans í Hveragerði undir



starfseminna. Seljandi hússins var Lánasjóður Vestur-Norðurlanda og kaupverðið var fjörutíu og tvær milljónir. Fjármagn til kaupanna fékkst með sölu Tryggvagötu 23a til Árborgar að upphæð tuttugu og sex og hálf milljón, tekið var tíu milljón króna skuldabréf til fimmtán ára og reiðufé við undirritun samnings var fimm og hálf milljón, þar af ábyrgðist Hveragerðisbær fjögurra milljóna framlag meðal annars frá ríkissjóði og var húsnæðið afhent nýjum eigendum þann 1. júlí 2001. Til þess að standa straum af nauðsynlegum endurbótum á húsnæðinu varð líka að taka tíu milljón króna bankalán. Þann 29. maí 2003 var aftur hægt að taka á móti gestum í Listasafn Árnesinga og þá í Hveragerði eftir að safnið hafði verið lokað í um tvö ár.

## Lokaorð

Lokaorðin í þessari samantekt gef ég Hildi Hákonardóttur og vitna aftur í sömu grein og í upphafi því reynt er að láta safnið skipta máli í samfélaginu og þó tæplega fimmtíu og fimm ár séu liðin frá því að það var opnað almenningi í fyrsta sinn, þá þarf safnið enn að berjast fyrir tilvist sinni. Það er ef til vill jafnframt ákveðið lífsmark en langt í frá það eina. En hver er þroski samfélagsins? Eru þau tækifæri nýtt sem felast í þróttmiklu safnastarfi, hvort heldur fyrir skóla, ferðalanga eða almenna íbúa svæðisins? Er enn þolinmæði fyrir undirmönnun í starfsemi safna og hvenær er von til þess að Safnasjóður verði sá bakhjarl sem lagt var upp með? En gefum Hildi orðið: „Tilvera safna er háð lögmálum hringferla og þroska samfélagsins ekki síður en okkar manna. Bjarnveig, þessi sterki einstaklingur, hefur safnast til feðra sinna en safnið hennar tekur nú út lífsþroska sinn, reynir að kenna og hafa áhrif á umhverfi sitt um leið og það berst fyrir tilvist sinni rétt eins og hver lifandi vera.“<sup>17</sup>

### Óprentaðar heimildir

- Bjarnveig Bjarnadóttir, Ávarp í Bogasal Þjóðminjasafns 19. október 1963. Skjalasafn Listasafns Árnesinga.
- Bjarnveig Bjarnadóttir, Bréf til Páls Hallgrímssonar, 25. apríl 1979. Skjalasafn Listasafns Árnesinga.
- Fundargerðir stjórnar Listasafns Árnesinga. Skjalasafn Listasafns Árnesinga.
- Halldór Einarsson, Ávarp Halldórs Einarssonar við opnun safns hans á Selfossi 14. júní 1974. Skjalasafn Listasafns Árnesinga.
- Ingibjörg Helga Guðmundsdóttir, Fylgiskjal með fundargerð Héraðsráðs 23. ágúst 2001. Héraðsskjalasafn Árnesinga.
- Jón Hólm Stefánsson, María Hauksdóttir og Margeir Ingólfsson. Greinargerð nefndar um safnamál í Árnæssýslu, 2000. Fylgiskjal með fundargerð Héraðsnefndar 8. desember. Héraðsskjalasafn Árnesinga.
- Listasafn Árnesinga. Hugmyndir um að flytja starfsemi Listasafns Árnesinga úr núverandi húsnæði að Tryggvagötu 23a á Selfossi í Listaskálann í Hveragerði. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, apríl 2001. Héraðsskjalasafn Árnesinga.
- Söfnunarstefna Listasafns Árnesinga, 2009. Skjalasafn Listasafns Árnesinga.

### Prentaðar heimildir

- Gunnar Bergmann, „Einstæð gjöf - verður fyrsta listasafn utan Reykjavíkur“, Tíminn, 19. október 1963, 8-9.
- Hildur Hákonardóttir, „Bjarnveig og Listasafn Árnæssýslu“, Lesbók Morgunblaðsins, 16. október 1993, 9-10.
- Ívar M. Jónsson, „Byggðasafn Árnesinga.“ Í Byggðasöfn á Íslandi. Ritstjóri Sigurjón Baldur Hafsteinsson. Reykjavík: Rannsóknarsetur í safnafræðum, 2015.
- Ólafur Jónsson, „Listsýningar“, Alþýðublaðið, 24. október 1963, 7 og 13.

### Neðanmálgreinar

- 1 Hildur Hákonardóttir, 1993, 9. Ég vil þakka Lýð Pálssyni, Hildi Hákonardóttur og Birnu Kristjánsdóttur fyrir yfirllestur og ábendingar við vinnslu greinarinnar.
- 2 Bjarnveig Bjarnadóttir, Ávarp í Bogasal Þjóðminjasafns, 1963.
- 3 Halldór Einarsson, ávarp Halldórs Einarssonar við opnun safns hans á Selfossi, 1974.
- 4 Gunnar Bergmann, „Listsýningar“, 1963, 9.
- 5 Bjarnveig Bjarnadóttir, bréf til Páls Hallgrímssonar, 1979.
- 6 Ólafur Jónsson, „Listsýningar“, 1963, 7 og 13.
- 7 Söfnunarstefna Listasafns Árnesinga, 2009.
- 8 Bjarnveig Bjarnadóttir, bréf til Páls Hallgrímssonar, 1979.
- 9 Vefslóðin er [www.alvara.is/halldor](http://www.alvara.is/halldor).
- 10 Jón M. Ívarsson, „Byggðasafn Árnesinga“, 2015, 136.
- 11 Sama heimild.
- 12 Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga, 21. apríl, 1998.
- 13 Jón Hólm Stefánsson, María Hauksdóttir og Margeir Ingólfsson, 2000, 1 og 2.
- 14 Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga, 4. maí 2000.
- 15 Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, 2001.
- 16 Ingibjörg Helga Guðmundsdóttir, fylgiskjal með fundargerð, 2001
- 17 Hildur Hákonardóttir, „Bjarnveig og Listasafn Árnæssýslu“, 1993, 10.

# Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs

Kristín Dagmar Jóhannesdóttir

Kópavogur hlaut kaupstaðarréttindi 11. maí 1955 og í tilefni 10 ára afmælis bæjarins var lagður grunnur að skipulagðri söfnun listaverka með svonefndri listaverkanefnd Kópavogsbæjar sem kjörin var á afmælisfundi bæjarstjórnar 26. mars 1965.<sup>1</sup> Markaði það upphafið að starfsemi Lista- og menningarsjóðs Kópavogs og var listaverkanefndinni falið að gera tillögur til bæjarstjórnar um starfsreglur sjóðsins.<sup>2</sup> Lista- og menningarsjóðurinn var formlega stofnaður árið 1966 með sjö manna stjórn sem kosin var af bæjarstjórn til fjögurra ára í senn. Sjóðurinn var ætlaður til kaupa á listaverkum og til eflingar fyrir lista- og menningarlífíð í Kópavogi. Var sjóðurinn sá fyrsti hérlendis sem vann með þessu sniði en til hans var varið hálfu prósentu af útsvarstekjum bæjarins. Önnur bæjarfélög og stofnanir tóku upp sambærilega reglu í kjölfarið.<sup>3</sup> Fyrstu listaverkin keypti nefndin árið 1965 eftir listamennina Hafstein Austmann, Magnús Á. Árnason, Sigurjón Ólafsson og Sigfús Halldórsson. Samkvæmt aðfangaskrá er Kvöld í Kópavogi eftir Eirík Smith fyrsta verkið sem keypt var til bæjarins en það var sýnt á sýningu listamannsins í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1964.<sup>4</sup>

Árið 1968 hafði sjóðurinn keypt um fimmtán málverk og tvær höggmyndir sem mynduðu eins konar stofn að listasafni en verkin voru til sýnis í opinberum stofnunum og skólum bæjarins.<sup>5</sup> Til viðbótar við fé til listaverkakaupa voru einnig veittir fyrstu styrkir til menningarstarfsemi í bænum en Lista- og menningarráð veitir enn árlega styrki úr Lista- og menningarsjóði bæjarins. Auk þess að reisa minnisvarða og hringsjá í bænum stóð stjórn sjóðsins fyrir höggmyndasamkeppni um útilistaverk í Kópavogi árið 1972. Var það verkið Ferrum eftir Sigurjón Ólafsson sem hlaut fyrstu verðlaun. Verkinu var ætlaður staður í íbúðahverfi í miðbæ Kópavogs en ekki varð úr þeim áætlunum og verkið að lokum ekki sett upp í almenningsrými.


Í Sögu Kópavogs segir Andrés Kristjánsson um sjóðinn: „Lítill vafi er á því, að hið fasta framlag bæjarins til Lista- og menningarsjóðs og markvís starfsemi stjórnar sjóðsins að þessum málum í krafti þess, hefur ekki aðeins borið þann árangur, að bærinn eignaðist mikinn og góðan stofn íslenskra

listaverka, heldur einnig stuðlað að því að honum hafa borist miklar og dýrmætar listaverkagjafir frá ýmsum listamönnum, erfingjum þeirra og öðrum eigendum góðra listaverka.“<sup>6</sup> Erfingjar Gerðar Helgadóttur færa Kópavogsbæ öll verk dánarbúsins að gjöf árið 1977 og árið 1983 var bænnum gefin önnur stórgjöf, sem voru verk Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar. Árið 2009 bætist við þriðja einstaklingssafnið, þegar erfingjar Valgerðar Briem færa safninu teikningasafn listamannsins utan einstakra verka sem safnið hefur fengið í gegnum tíðina.

Stjórn Lista- og menningarsjóðsins stóð fyrir nokkrum listsýningum á þessum árum. Má þar meðal annars nefna myndlistarsýningu á menningarvöku í Kópavogi sem haldin var árið 1974 í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar. Þar var auk annarra verka sýnd skissa af verki Sigurjóns Ólafssonar, Ferrum. Árið 1980 stóð stjórnin að tveim sýningum, afmælisýningu á verkum úr eigu sjóðsins í Kópavogi og sýningu á verkum úr listaverkasafni Sonju Henie og Niels Onstad (Henie Onstad-safninu í Osló), sem haldin var í Norræna húsinu. Þar voru til sýnis verk eftir heimsþekkta listamenn, meðal annars Picasso, Matisse, Miro, Munch, Klee, Gris, Ernst og Dubuffet.<sup>7</sup> Á 30 ára afmæli Kópavogsbæjar árið 1985 var sett upp sýning úr safneign, nú á listaverkum Gerðar Helgadóttur, Barböru Árnason og Magnúsar Á. Árnasonar, í íþróttahúsi sem nýlega hafði verið reist við Digranes.<sup>8</sup> Einnig var haldin yfirlitssýning á verkum Gerðar á Kjarvalsstöðum í tengslum við Listahátíð í Reykjavík árið 1980, um hundrað og sextíu verkum, að mestu úr safneigninni.

## **Upphaf listasafns Gerðar í Kópavogi**

Það var á miðju ári 1975 sem viðræður hófust milli Lista- og menningarsjóðs Kópavogs og Snorra Helgasonar, bróður Gerðar Helgadóttur, um kaup á verki eftir hana. Meðan á þessum viðræðum stóð kom í ljós mikill áhugi systkina Gerðar á því að verk hennar yrðu varðveitt á einum og sama stað. Í framhaldi af viðræðunum kom fram sú hugmynd að erfingjar Gerðar gæfu Kópavogsbæ öll verk dánarbúsins, það er allar frummyndir, þær afsteypur sem til voru, ásamt skissum, teikningum og tillögum að ýmsum verkum, auk steindra glugga og mósaíkmynda. Var þar um að ræða eitt þúsund þrjú hundruð og sextíu verk sem spanna allan listferil Gerðar.



Arkitektateikningar Benjamins Magnússonar af safniu. Mynd: Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs.

Gjöfin var háð því skilyrði að reist yrði listasafn sem varðveitti og sýndi verk hennar. Í gjafabréfi frá 21. mars 1977 kemur fram að erfingjar Gerðar færi Lista- og menningarsjóði að gjöf öll verk dánarbúsins og höfundarrétt á verkum hennar, að því tilskildu að Kópavogsbær byggi listasafn, sem beri nafn Gerðar, varðveiti og sýni verk hennar, miðli upplýsingum um listamanninn og haldi minningu hennar á lofti. Jafnframt skyldi safnið gegna hefðbundnu hlutverki listasafns og taka við listaverkæign Lista- og menningarsjóðs Kópavogs.

Gerður Helgadóttir lést árið 1975, aðeins 47 ára að aldri. Hún var fædd á Norðfirði en fluttist með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur þegar hún var 9 ára. Á árunum 1945-47 stundaði Gerður nám við Handíðaskólann en fékk einnig tilsögn í steinhöggi hjá Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara. Haustið 1947 tók Gerður inntökupróf í Accademia di Belle Arti í Flórens þar sem hún lærði klassíska höggmyndagerð. Síðan hélt hún til Parísar og var við nám næstu tvö árin á Academie de la Grande Chaumiére undir handleiðslu

rússneska myndhöggvarans Ossip Zadkine. Aðeins 24 ára hélt hún árið 1952 sína fyrstu einkasýningu á Íslandi sem var í Listamannaskálanum og ávann sér sess sem frumkvöðull þrívíðrar abstraktlistar hér á landi. Segir Valtýr Pétursson í gagnrýni um sýninguna að þetta sé í fyrsta skipti sem sýnd séu verk úr járn og stálþráðum á Íslandi.<sup>9</sup>

Það var fjölskylda Gerðar sem festi rætur í Kópavogi, því sjálf var Gerður mestallan sinn starfsferil búsett í Frakklandi. Á tímum húsnæðiseklu á 6. áratugnum flytjast foreldrar hennar, Helgi Pálsson tónskáld og Sigríður Erlendsdóttir hannyrðakona, upphaflega í Kópavog.<sup>10</sup> Þau taka sér sumarbústað á leigu við Hlíðarveg í Kópavogi en fá í kjölfarið lóð hjá bænum og byggja sér heimili að Vallartröð 5. Systkini Gerðar, Snorri Helgason og Unnur Helgadóttir, reistu sér síðar hús á samliggjandi lóðum í Kópavogi. Gerður dvaldist gjarnan hjá Unni systur sinni þegar hún var á Íslandi, í heimsóknum eða við vinnu að verkefnum héraendis síðari árin. Gerður hafði þó þegar unnið verk fyrir bæinn. Var það fyrir tilstilli Huldu Jakobsdóttur bæjarstjóra Kópavogs að Gerði var falið að koma með tillögum að steindum gluggum í Kópavogskirkju árið 1963, þegar kirkjan var enn í byggingu. Segir Helgi faðir Gerðar í bréfi til hennar að Hulda sé henni afar hliðholl og hafi kveðið niður raddir um að bjóða verkið út: „Segi að Gerður sé Kópavogsbúi og konur í Kópavogi séu stoltar af frama hennar á listabrautinni.“<sup>11</sup> Það verður til þess að Gerður gerir glugga í kirkjuna sem síðan hefur staðið sem eitt helsta kennileiti og tákn bæjarins.

Þegar Gerður Helgadóttir lést árið 1975 voru það Elín Pálmadóttir, blaðamaður og vinur Gerðar, og Unnur Helgadóttir systir hennar sem héldu út til Parísar til að flytja til Íslands þau verk Gerðar sem enn var að finna á vinnustofu hennar í Frakklandi. Einnig voru nokkur ókláruð verk Gerðar send út til Oidtmann-verkstæðisins í Þýskalandi til að ljúka þeim. Áður hafði Gerður sent verk heim, þegar hún fluttist frá Ítalíu og þegar hún sýndi héraendis árin 1952, 1956 og 1962. Önnur verk dreifðust víða á erlendri grund en einnig hafði töluvert af verkum skemmst á vinnustofu hennar árið 1958.<sup>12</sup> Frumskráning verkanna fór fram árið 1979, þegar þau voru enn í vörslu erfingjanna, en gjöfin fór ekki formlega fram fyrr en bygging safnsins var komin á það stig að geta varðveitt verkin. Í gjafabréfi erfingja Gerðar kemur fram: „Gert er ráð fyrir að gjöfin fari fram, þegar lokið hefur verið við skipulagsskrá um stofnun og starfsemi safnsins og hún samþykkt af báðum

aðilum, að afhending verkanna fari fram, þegar safnhús verður fókheld, en þangað til verði verkin geymd í vörslu erfingjanna og í samráði við fulltrúa Kópavogskaupstaðar. Ef brotin eru þau skilyrði, sem lúta að framkvæmdum og undirbúningi safnbyggingar [...] geta erfingjarnir afturkallað gjöfina“.<sup>13</sup>

Samkvæmt skipulagsskrá sem undirrituð var 15. desember 1977, í kjölfar gjafarinnar, var lagt til að hefjast strax handa um undirbúning að byggingu safnhúss, með það að markmiði að byggingarframkvæmdir gætu hafist að vori 1980. Stefnt var að því að safnbyggingin yrði tilbúin eigi síðar en vorið 1983. Þær áætlanir náðu þó ekki fram að ganga og byggingarframkvæmdir drógust næstu árin með formlegri opnun hússins rúmum áratug síðar eða árið 1994. Fyrsta stjórn listasafnsins, sem þá var nefnt Listasafn Gerðar Helgadóttur, tók formlega til starfa 5. apríl 1978. Hana skipuðu Jón Guðlaugur Magnússon, formaður, Sigurður Sigurðsson, Hjörtur Hjartarson, Þorsteinn Hannesson og Erlendur Helgason. Stjórnin réði sér til ráðgjafar Frank Ponzi listfræðing.<sup>14</sup>

## Byggingin

Stjórn safnsins var jafnframt skipuð sem byggingarnefnd þegar hún tók til starfa árið 1978. Í desember 1979 fékk stjórnin Benjamín Magnússon arkitekt sér til aðstoðar við gerð byggingaráætlana og í framhaldi var hann ráðinn arkitekt hússins.<sup>15</sup> Árið 1980 hófst fyrsti undirbúningur að gerð, hönnun og staðarvali listasafnsins við Kópavogskirkju. Lögð var áhersla á sveigjanleika í innra skipulagi byggingarinnar til að koma til móts við fjölbreytta starfsemi sem ætluð var safninu, auk þess að gæta þess að gluggum byggingarinnar yrði komið þannig fyrir að sem jöfnust birta yrði ávallt á sýningarsvæðinu. Til hliðsjónar var höfð ofanlýsing í bandaríska listasafninu Yale Center for British Art í New Haven í Connecticut, sem hannað var af Louis I. Kahn og opnað árið 1977.<sup>16</sup>

Fyrstu teikningar að safninu voru tilbúnar í janúar 1981, en byggingarnefndar-teikningar voru samþykktar árið 1986. Fram að þeim tíma voru ótal hugmyndir ræddar um fyrirkomulag og stærð, og teikningar breyttust því verulega frá fyrstu gerð. Þann 17. nóvember 1986 tók Snorri Helgason fyrstu skóflustunguna að safninu og eiginlegar framkvæmdir hófust.<sup>17</sup> Gerðarsafn opnaði fyrir almenningi með sýningu á verkum Gerðar Helgadóttur og úrvali málverka úr safneigninni þann 17. apríl 1994.<sup>18</sup>



Í byggingarlýsingu Benjamíns Magnússonar sem birt var í sýningarskrá við opnun safnsins segir:

„Listasafni Kópavogs var valinn staður í jaðri Borgarholtsins austanvert við Kópavogskirkju, í hjarta Kópavogs. Holtið er gamall sjávarbotn, alsett stórgryti sem er sorfið og mótað af jökulristum síðustu ísaldar. Kirkjan, sem stendur í því miðju, er fyrir löngu orðin tákn Kópavogs. Smágerður mælikvarði og fínleg hlutföll hennar hlutu að hafa áhrif á form safnsins. Til að samræma þessar tvær byggingar var safnhúsinu skipt í tvær smærri einingar sem eru í raun tvö sjálfstæð hús, tengd með glerbyggingu. Gluggar á efri hæð safnsins voru hafðir hringlaga með bogadregið form kirkjubaksins í huga. Við efnis- og litaval hið ytra var hins vegar tekið mið af grýttu holtinu og ríkjandi jarðlitum og húsið klætt rauðleitum granítsteini.

Húsið er á tveimur hæðum sem báðar eru jarðhæðir vegna mishæðar í landinu. Byggingin er samtals 1260 m<sup>2</sup> að flatarmáli og er hvor hæð um sig 630 m<sup>2</sup>. Aðalinngangur í safnið er á efri hæð að norðanverðu frá Hamraborg. Þar er einnig rúmgott anddyri, tveir sýningarsalir, aðstaða fyrir starfsfólk og snyrtingar. Sýningarsalir eru ólíkir í laginu, annar er ferhyrningur, 210 m<sup>2</sup> að grunnfleti, en hinn ferningur, 237 m<sup>2</sup>. Milli salanna er loftbrú sem tengir sýningarrými þeirra greiðlega, sé þess óskað. [...] Í báðum sölum er ofanlýsing sem fengin er með bogahvelfingum sem snúa glerflötum mót norðri. Undir þeim er dreifigler sem hleypir dagsbirtu ofan í salina, og fellur þannig jöfn birta á [veggi].

Neðri hæð opnast að sunnanverðu úr kaffistofu undir glerhúsi út í garð. Þar verður síðar komið fyrir höggmyndum, allt að mörkum Borgarholtsins. Á hæðinni er auk kaffistofunnar fjölnotasalur, skrifstofur, listaverkageymsla, tæknirými, snyrtingar og fleira. Fjölnotasalurinn er 115 m<sup>2</sup> að stærð. Salur þessi er ætlaður fyrir ýmsa starfsemi, til dæmis minni sýningar og fyrirlestra. Hann tengist aðliggjandi gangi og myndar þannig stærri heild. Gangur þessi opnast til vesturs að fyrirhuguðu sýningarsvæði utan húss og tengist áðurnefndum höggmyndagarði sunnan við húsið.“<sup>19</sup>

Bygging Benjamíns fékk umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum við vígslu hússins. Segir Gísli Sigurðsson í Morgunblaðinu: „Á síðustu árum hefur batnað verulega í búi hjá okkur í opinberum byggingum, sem hægt er að sýna með stolti og fullri vissu þess að þar sé góður arkitektúr. Ekki er ýkja langt síðan fáeinar vel þekktar byggingar eftir Guðjón heitinn Samúelsson voru einar í þessu hlutverki, kannski að viðbætttri Neskirkju Ágústs Pálssonar. Það mátti taka undir hin fleygu orð „loksins, loksins“ þegar við fengum að auki Ráðhúsið og Perluna, sem hefur þó þann annmarka að vanta sýnilegan tilgang og notagildi. Og nú hefur það að mínu mati gerst, að enn eitt hús bætist í þennan úrvalsflokk: Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn.“<sup>20</sup> Aðrir undrast umfang byggingarinnar og þá sérstaklega vegna kostnaðar. Í grein sinni um safnið segir Bragi Ásgeirsson:

„Varðandi byggingu listasafnsins hefur það skeð, sem taka verður fyrir að geti gerst, sem er að framkvæmdin mun hafa gleypst að mestu öll framlög til innkaupa listaverka á meðan á henni stóð. Auðvitað ber að halda slíku aðskildu, því annars er betur heima setið en af stað farið. [...] Hvað sjálfa bygginguna snertir er rétt og skylt að draga fram kosti hennar fyrst og þeir teljast helst að birtan kemur mikið ofanfrá og er sú besta sem safnbygging getur státað af á öllu Íslandi. Gólfíð sjálft, sem er viðarklætt, hefur sömu yfirburði og er laust við alla algenga og hvítleiða galla í sýningarhúsum. Veggrymið er gott þannig að myndverk njóta sín prýðisvel og möguleikar virðast fyrir hendi um margvíslegar tilfærslur með skilrúmum. [...] Gallarnir eru helst að hringgluggarnir í sýningarrýminu, sem hafa kannski arkitektónískt gildi, eru allsendis óþarfir vegna hinnar prýðilegu loftbirtu og minnka rýmið í sölunum. Rýmið inni telst einmitt í knappara lagi miðað við umfang byggingarinnar að utanverðu. En það sem helst er til ásteytingar er þó, hve mikið hefur verið borið í bygginguna á kostnað rýmisins og hve mikið er sótt til útlandsins, en lítið til heimaslóða.“<sup>21</sup>

Fyrir byggingu Gerðarsafns höfðu eingöngu Kjarvalsstaðir verið hannaðir sérstaklega sem listasafn og til að sinna því hlutverki eingöngu. Ekki hafa fleiri slíkar byggingar bæst við í seinni tíð þar sem önnur mannvirki sem hýsa

listasöfn hafa annaðhvort verið endurbyggð eða aðlöguð safnastarfsemi. Gerðarsafn státar sér af sérútbúinni listaverkageymslu sem hefur staðið upp úr í samanburði við flest önnur listasöfn hérlendis, þar sem hugað var að aðbúnaði við varðveislu verka frá upphafi.

Kópavogsbær hafði strax í byrjun stórar hugmyndir um svæðið umhverfis safnið. Við opunarathöfnina gerði Gunnar Birgisson, þáverandi formaður bæjarstjórnar, grein fyrir þeirri ákvörðun stjórnarinnar að byggja menningarmiðstöð í nágrenni safnsins: „Með tilkomu slíkrar byggingar getum við gert okkur vonir um að hér rísi miðstöð þar sem listasafnið og menningarmiðstöðin muni sameiginlega vera miðpunkturinn í lista- og menningarlífi Kópavogs.“<sup>22</sup> Í aðalskipulagi bæjarins 1982-2003 er greint frá eftirfarandi markmiðum í málefnum safna:

„Stefnt er að því að fullkomna þjónustuaðstöðu aðalbókasafnsins á miðbæjarsvæðinu. Bókasafnsdeildum verði síðar komið upp víðar um byggðarlagið eftir því sem íbúðabyggingin vex. Stefnt er að byggingu listasafns á miðbæjarsvæðinu. Þá er stefnt að uppbyggingu lista- og menningarstarfsemi í félagsmiðstöðvum í tengslum við verslunarkjarna og útivistarsvæði. Með stofnun Náttúrufræðistofu er stefnt að því að þróa náttúruminjasafn, sem lifandi þátt í almennri fræðslu um náttúru lands og dýra.“<sup>23</sup>

Þó svo að ekki hafi allar hugmyndir komið til framkvæmda, til dæmis höggmyndagarður Gerðar sem Benjamín minnst á, má í dag sjá þau menningarhús sem reist hafa verið af miklum myndarskap við Hamraborgina. Saman mynda Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Salurinn og Héraðskjalasafnið Menningarhúsin í Kópavogi.<sup>24</sup> Samspil og nálægð þessara húsa gefa kost á samlegð og samvinnu sem ganga þvert á byggingar og listgreinar. Í nýrri menningarstefnu Kópavogsbæjar sem samþykkt var árið 2015 segir að framtíðarsýn bæjarins sé á svæði Menningarhúsanna í heild. Að huga þurfi að skipulagi svæðisins í kring og mikilvægi þess að hið nánasta umhverfi styðji við starfsemi Menningarhúsanna. „Svæðið þarf að vera heildstætt, lifandi og eftirsóknarvert. Þannig má ná því fram að gestir komi ekki einungis til að heimsækja eitt og eitt menningarhús heldur verji deginum á svæðinu til að upplifa menningu og listir í Kópavogi“.<sup>25</sup>

## Safneignin

Á tæpum þremur áratugum, frá stofnun Lista- og menningarsjóðs Kópavogs árið 1965 til 1994 við opnun Gerðarsafns, hafði sjóðurinn keypt eða fengið að gjöf hátt í fjögur hundruð listaverk. Telst sú listaverkæign stofnframlag sjóðsins til safneignar Gerðarsafns – Listasafns Kópavogs.<sup>26</sup> Í safneigninni eru um fjögur þúsund tvö hundruð og sjötíu verk. Uppistaðan eru þau einstaklingssöfn sem safnið heldur utan um; fjórtán hundruð verk eftir Gerði Helgadóttur sem erfingjar hennar gáfu árið 1977, um þrjú hundruð verk eftir Barböru og Magnús Á. Arnason sem minningarsjóður þeirra hjóna færði bænum árið 1983 og árið 2009 færðu börn Valgerðar Briem listakonu safninu að gjöf sextán hundruð og fjörtíu verk, aðallega teikningar, eftir móður sína. Frá upphafi hafa vinir og ættingjar Gerðar Helgadóttur gefið um tíu verk eftir hana til viðbótar við stofngjöfina og fékk Gerðarsafn tuttugu steinda glerglugga Gerðar úr kapellu Melanchton kirkjunnar í Düsseldorf í Þýskalandi þegar hún var rifin. Árið 2008 gáfu Sævar Karl Ólason og Erla Þórarinsdóttir Gerðarsafni safn veggspjalda frá Galleríi Sævars Karls. Hver listamaður sem þar sýndi útbjó veggspjald í tengslum við sýningu sína. Veggspjöldin eru fimmtíu og fjögur talsins og afar fjölbreytt, sum máluð, önnur teiknuð og enn önnur unnin sem skúlptúrar. Verk sem ýmist hafa verið keypt fyrir fé úr Lista- og menningarsjóði eða gefin til safnsins af einstaklingum eru nú um sex hundruð og sjötíu að tölu. Langflest eru eftir íslenska listamenn, einkum núlifandi. Í stofnskrá safnsins segir að hlutverk safnsins sé að safna íslenskri myndlist, skrá, varðveita og sýna. Við val á verkum segir í stofnskránni að þau eigi að gefa yfirsýn yfir íslenska myndlist á hverjum tíma.

Talsvert af listaverkeign safnsins var staðsett á bæjarskrifstofum og öðrum stofnunum bæjarins og keypt í þeim tilgangi. Líkt og kom fram í gagnrýni Eiríks Þorlákssonar listfræðings í Morgunblaðinu árið 1994 var það galli á safneigninni að verk hafi sennilega verið keypt til að prýða vegg í húsakynnum bæjarfélagsins og valin með tilviljanakenndum hætti fremur en eftir markaðri stefnu. „Slíkt er eðlilegur gangur mála og ber ekki að lasta, þó að það verði aldrei til að skapa gott og heildstætt safn listaverka; fyrr eða síðar kemur að því að hvert bæjarfélag verður að marka sér stefnu í listaverkakaupum, og fyrir Kópavog er greinilega komið að þeim tímamótum



Fræðslu- og upplifunarsýningin Stúdíó Gerðar árið 2015. Mynd: Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs.

með tilkomu hins nýja safnhúss.<sup>27</sup>

Í reglugerð fyrir Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar frá 2005 segir í 10. gr. að kappkosta skuli að listaverkakaup í safneignina gefi eftir megni yfirsýn yfir íslenska list. Eftir að Gerðarsafn tók til starfa árið 1994 voru listaverkakaupin í höndum stjórnar safnsins, sem í sitja nefndarmenn í Lista- og menningarráði Kópavogs. Forstöðumaður safnsins var stjórninni til ráðuneytis varðandi val á nýjum listaverkum og annaðist innkaup verka í samráði við stjórnina. Fé til listaverkakaupa var tekið af fjárveitingu bæjarins til Lista- og menningarráðs.

Samkvæmt söfnunarstefnu Gerðarsafns frá 2005 skyldi leitast við að láta innkaupin endurspegla það sem er að gerast í íslenskri myndlist svo að safneignin kæmi til með að geta gefið yfirlit yfir íslenska myndlist. Hvað eldri verk varðaði voru það helst verk eftir Gerði Helgadóttur og Barböru Árnason sem voru keypt inn í safneignina svo að með því mætti gefa sem besta yfirsýn af listsköpun þeirra í framtíðinni.

Á fyrstu tíu starfsárum Gerðarsafns hafði safnið eignast hundrað sextíu og átta verk en Guðbjörg Kristjánsdóttir forstöðumaður safnsins segir að „[þ]ótt tæplega 170 verk hljóti að teljast umtalsverður safnauki vantar

talsvert upp á að listaverkaeign Gerðarsafns endurspegli þann mikla þrótt og þá fjölbreytni sem einkennir íslenska samtímalist um þessar mundir. Einnig vantar talsvert mikið upp á að safneignin geti talist gefa gott yfirlit yfir íslenska nútímamyndlist í heild sinni,<sup>28</sup> og hvetur hún þar með stjórn safnsins til að auka fjárframlag til innkaupa á listaverkum í framtíðinni.

Á tímabilinu 1994 til 2006 var keypt inn töluvert af listaverkum, eða að meðaltali um tíu verk á ári. Engin ný verk voru keypt í almenna safneign á árunum 2006-2014, utan sex verka sem keypt voru í einstaklingssöfn þeirra Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar. Önnur aðföng á tímabilinu eru gjafir sem safninu voru færðar, og aðallaga gjafir í einstaklingssöfn safnsins.<sup>29</sup> Á árinu 2017 barst safninu höfðingleg gjöf frá erfingjum Valtýs Péturssonar listmálara og var safninu boðið að velja verk úr safneign þeirra. Gerður Helgadóttir og Valtýr voru vinir og samtíðarmenn í myndlistinni og miðaðist valið að einhverju marki við verk sem gætu endurspeglað hliðstæður í ferli þeirra. Elín Pálmadóttir, blaðamaður og persónulegur vinur Gerðar, hefur gefið safninu verk eftir Gerði í gegnum tíðina, nú síðast árið 2016 þegar hún færði safninu verkið *Kona*.

Samþykkt var ný innkaupa- og söfnunarstefna árið 2017 og Gerðarsafni úthlutað föstu fjármagni sem ætlað var til listaverkakaupa árin 2018 og 2019. Innkaup verka skulu vera í samræmi við fjárheimildir úr Lista- og menningarsjóði en þær eru settar og samþykktar af Lista- og menningarráði sem fer með stjórn sjóðsins. Í stefnunni var einnig lagt fram breytt verklag um innkaup safnsins. Ný aðföng, bæði keypt listaverk og gjafir, eru á ábyrgð forstöðumanns sem tekur ákvörðun um þau í samráði við listráð safnsins. Listaverkakaup eru í kjölfarið lögð til samþykktar Lista- og menningarráðs bæjarins og listaverkagjafir skulu fylgja sömu skilyrðum og ef um kaup er að ræða.

## **Sýningarhald og starfsemi 1994-2014**

Guðbjörg Kristjánsdóttir var ráðin sem forstöðumaður Gerðarsafns í aðdraganda að opnun safnsins 1994. Guðbjörg hafði stundað nám í listasögu í Toulouse í Suður-Frakklandi og tók meistaragráðu í miðaldalistasögu í París. Hún kenndi listasögu við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1976-1991 og var deildarstjóri listfræðsludeildar skólans frá 1983.

Guðbjörg átti stóran þátt í að móta starfsemi safnsins og áherslur í samvinnu við stjórn þess. Frá upphafi hefur Gerðarsafn starfað í senn sem listasafn og sýningarsalur, það er að sýningar voru annars vegar unnar úr safneigninni og hins vegar voru fjölmargar sýningar á verkum samtímalistamanna settar upp í safninu. Segir Guðbjörg við opnun safnsins að rekstur og starfsemi þess sé enn í mótun en ljóst sé að myndlistarsýningar verði burðarásinn í starfseminni. „Þótt safnið muni leitast við að standa fyrir eins mörgum myndlistarsýningum og kostur er hefur það ekki bolmagn til að halda margar slíkar á ári og því verða sýningarsalirnir leigðir út til listamanna.“<sup>30</sup>

Fyrstu árin voru haldnar um tuttugu sýningar af fjölbreyttu tagi og lögð áhersla á sýningar listamanna sem búsettir voru í Kópavogi. Einnig var lögð áhersla á erlendar sýningar í safninu sem unnar voru í samvinnu við erlend söfn og stofnanir. Ýmist voru þetta sýningar sem safnið stóð fyrir eða salirnir voru leigðir listamönnum sem sendu umsóknir þar að lútandi. Haustið 2001 var tekin upp veltutengd leiga, það er að í stað þess að leigja salina út voru tekin 15% af andvirði seldra verka. Gerðarsafn sá um að prenta og senda boðskort á hverja sýningu. Þótti fyrirkomulagið henta betur en útleiga salanna, skipulag og uppsetning sýninganna var talið betra í alla staði. Gekk þetta fyrirkomulag um nokkurra ára skeið, en hefur nú verið aflagt.

Áratug eftir opnun safnsins hafði Gerðarsafn sett upp fimm sýningar á verkum Gerðar Helgadóttur og einnig sýnt verk Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar auk sýninga ýmissa íslenskra myndlistarmanna og sýninga frá erlendum söfnum. Einnig sýndu í safninu samtök listamanna, meðal annars Grafíkfélagið, Textílfélagið og Leirlistafélagið. Árlegar sýningar Ljósmyndarafélagsins og blaðaljósmyndara voru í safninu á árunum 1995-2015. Á tímabilinu setti Gerðarsafn upp sýningar á þremur íslenskum einkasöfnum: einkasafni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur, einkasafni Sverris Sigurðssonar og einkasafni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur. Síðastnefnda sýningin hét Lífshlaupið með tilvísun í stórverk Kjarvals, sem þar var sýnt, og ævistarf þeirra hjóna en hún var opnuð á afmælisdegi Þorvaldar 9. desember 1999, tæpu ári eftir andlát hans. Var það að frumkvæði Guðbergs Bergssonar rithöfundar að slík sýning yrði haldin og gerðist hann síðar sýningarstjóri ásamt Guðbjörgu Kristjánsdóttur. Í kjölfar sýningarinnar eða árið 2001 tekur Gerðarsafn til varðveislu öll verk sem tilheyra Listaverkasjóði Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar



Guðmundsdóttur, að undanskildum þeim listaverkum sem staðsett eru í húsakynnum Hótel Holts. Upphaflegur 4 ára vörslusamningur tók gildi 1. júní 2001, en heildarfjöldi gripa er ríflega fjórtánhundruð. Verkin og ýmsir munir voru í kjölfarið fluttir í Gerðarsafn og komið fyrir í geymslum safnsins.<sup>31</sup> Í samræmi við samkomulag varðveislusamningsins stóð safnið fyrir árlegum sýningum á verkum úr safneign Þorvaldar og Ingibjargar allt til ársins 2014.

Aðrar sýningar og verkefni sem ber að nefna utan hefðbundinna sýninga listamanna og sýninga úr safneign eru: Carnegie Art Award 2004, sýning á verkum tuttugu og fjögurra norrænna myndlistarmanna sem ferðaðist milli sýningarstaða á Norðurlöndunum. Samsýningin Tími rými tilvera í sýningarstjórn Jessicu Morgan og Björns Roth á Listahátíð í Reykjavík 2005, sem í fyrsta sinn lagði áherslu á samtímamyndlist það árið. Sýningin fór fram víðsvegar um landið í söfnum og sýningarrýmum en í Gerðarsafni voru sýnd verk eftir Gabríel Kuri, Jennifer Allora, Guilermo Calzadilla, Heklu Dögg Jónsdóttur, Kristján Guðmundsson, John Latham, Brian Jungen og Jeremy Deller.<sup>32</sup> Árið 2005 var haldið alþjóðlegt glerlistaþing í Gerðarsafni og Salnum og settar voru upp sýningar í tengslum við erlendar menningar-hátíðir í Kópavogi. Þeirra á meðal voru: Tími Romanov ættarinnar í Rússlandi og Rússneskir íkonar á Íslandi (2005), unnar í samvinnu við Ríkisminjasafnið Tsarskoje Selo<sup>33</sup>, Kínverskur menningararfur í Wuhan (2007) sem unnin var í samvinnu við Borgarsafn Wuhan<sup>34</sup>, Ekvador að fornu og nýju (2008) í samvinnu við Fundación Guayasamín<sup>35</sup>. Þær sýningar voru haldnar á haustmánuðum og stóðu jafnan í þrjá mánuði og voru settar upp með stuðningi frá sendiráðum landanna á Íslandi. Árið 2013 var sett upp sýningin Íslenska teiknibókin í tilefni 350 ára afmæli Árna Magnússonar. Sýningin var samstarfsverkefni Gerðarsafns og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og samhliða henni gefin út viðamikil útgáfa undir ritstjórn Guðbjargar.<sup>36</sup> Var sýningunni ætlað að varpa óvæntu ljósi á íslenska miðaldamyndlist og myndskreytingar í íslenskum miðaldahandritum. Þar var að finna uppstækkað myndefni úr íslensku Teiknibókinni í Árnasafni (AM 673a III 4to) ásamt skyldum handritalýsingum og öðru samanburðarefni, jafnt innlendu sem erlendu. Teiknibókin er einstæð meðal íslenskra handrita og er ein af fáum teiknibókum frá miðöldum sem varðveist hafa í Evrópu og sú eina á Norðurlöndum.



Frá opnun sýningarinnar Íslenska teiknibókin. Guðbjörg Kristjánsdóttir, þáverandi forstöðumaður ásamt Margréti II Danadrottningu, Guðrúnu Nordal forstöðumanni Stofnunar Árna Magnússonar og Forseta Íslands, Olafi Ragnari Grímssyni. Mynd: Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs.

Mikil áhersla hefur verið lögð á rannsóknir á þeim rúmum þrem áratugum sem safnið hefur starfað. Ber þar helst að nefna rannsóknir og skráningu á safnkosti, útgáfur í tengslum við sýningar og skráningu á safni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur samkvæmt vörslusamningi. Notast var við spjaldskrár og skráningarkerfið Virtual Collections tekið í notkun samkvæmt samræmingu á skráningu safnkosts íslenskra listasafna frá aldamótum. Byrjað var á verkum Gerðar Helgadóttur og almennri safneign. Áður en náðist að ljúka heildarskráningu á safneigninni í Virtual Collections var ákveðið að færa alla skráningu yfir í menningarsögulega gagnasafnið Sarp. Sameignaraðilar Rekstrarfélags Sarps eiga hugbúnaðinn og hvert og eitt aðildarsafn gögnin sem það skráir í safnið. Frá árinu 2015 hefur verið unnið að því að koma heildarskráningu á safneigninni í Sarp og ítarupplýsingar færðar inn af spjaldskrár sem enn voru í notkun. Árið 2016 var lokið við skráningu á öllum verkum Gerðar Helgadóttur og opnaður aðgangur að þeim á ytri vef Sarps. Unnið var að þessu í sérstöku átaksverkefni með stuðningi úr Safnasjóði.

Síðasta áratug var gert átak í að bæta skipulag og aðbúnað verka í

geymslum safnsins og telst forvarsla í góðu lagi. Hvert verk á sér sérstakan stað í geymslunum og er hann skráður í skráningarkerfið. Þrívíðum, brothættum verkum var komið fyrir í kössum. Keyptir voru teikniskápar fyrir frummyndir og teikningar og þokar saumaðir utan um stór þrívíð verk til að verja þau ryki. Búið var um forteikningarúllur Gerðar Helgadóttur að glergluggum í fullri stærð í sérstökum, ílögum, sýrufríum kössum. Tveir forverðir komu að ráðgjöf og endurskipulagi í geymslum á tímabilinu, þær Ingibjörg Áskelsdóttir og Karen Þ. Sigurkarlsdóttir.

Gerðarsafn gaf út fjölda útgáfna og sýningarskráa í tengslum við sýningar og safnkost. Á árunum 1995-1999 voru gefnar út bækur um Gerði Helgadóttur (1995), Barböru Árnason (1996) og Magnús Á. Árnason (1999). Árið 2010 var gefin yfirgripsmikil og ítarleg bók um Gerði í ritstjórn Guðbjargar Kristjánsdóttur, Gerður: Meistari glers og málna. Hefur hún reynst mikilvæg heimild um listamanninn.

Guðbjörg lauk störfum sumarið 2014 eftir tuttugu ára starf í þágu safnsins. Í nóvember 2014 var Kristín Dagmar Jóhannesdóttir ráðin til fimm ára í starf listræns stjórnanda Gerðarsafns, sem síðar var breytt í forstöðumann Gerðarsafns. Kristín hafði áður starfað hjá Listasafni Reykjavíkur og Listasafni Íslands, sinnt sýningarstjórn og ritstjórn auk kennslu við Listaháskóla Íslands.

## **Starfsemi og stefna 2015-2019**

Ný menningarstefna í Kópavogi var samþykkt á bæjarráðsfundi árið 2015 og strax var hafist handa við innleiðingu stefnunnar. Þar er mikil áhersla lögð á aukna fræðslustarfsemi og samvinnu milli Menningarhúsanna. Frá 2014 var strax lögð vinna í eflingu fræðslustarfs Gerðarsafns og í janúar 2015 opnaði Stúdío Gerðar sem var hugsað sem fræðslu- og upplifunarsýning þar sem sýningargestum bauðst að líta á bak við tjöldin og forvitnast um listsköpun Gerðar út frá vinnustofunni. Með sýningunni var leitast við að bjóða upp á skemmtilega möguleika í safnfræðslu fyrir börn á forskólaaldri og grunnskólanemendur, skólunum að kostnaðarlausu. Fjölskyldufólk var einnig hvatt til að koma í heimsókn á eigin vegum og njóta skapandi samverustunda. Var verkefnið eins konar undanfari Fjölskyldustunda Menningarhúsanna í Kópavogi sem fara fram alla laugardaga og Stúdío



Nemendur í Kópavogi kynnast verkum Gerðar Helgadóttur og verkefnum listasafna í heimsókn í listaverkageymslu safnsins. Mynd: Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs.

Gerðar stendur sem ótímabundið fræðslurými á fyrstu hæð safnsins.

Gerðarsafn hefur einbeitt sér að því að auka og bæta fræðslustarfið almennt. Sérstakt átak hefur verið gert til að bæta aðgengi grunnskólabarna í Kópavogi að menningar- og safnfræðslu og í þjónustu við sérhópa (fjölskyldur, eldri borgara, nýja Íslendinga). Haldnar eru þemaheimsóknir fyrir skólahópa í samvinnu við önnur menningarhús Kópavogs og þau heimsótt í sömu ferð. Má nefna sem dæmi að skólaheimsóknir Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu kanna tengsl myndlistar og náttúruvísinda eða að heimsóknir Gerðarsafns og Héraðsskjalasafns litu til ólíkra gerða ljósmynda í samhengi samtímalistar annars vegar og sem heimild um liðna tíð hins vegar.

Unnið hefur verið að metnaðarfullri dagskrá fyrir börn og fjölskyldur og aðra sérhópa, með það að markmiði að gera safnið að skapandi samverustað. Sú fræðsludagskrá er einnig unnin í samstarfi við Menningarhúsin í Kópavogi með viðburðunum Fjölskyldustundir. Í Gerðarsafni er reglulega boðið upp á fjölbreyttar vinnusmiðjur þar sem unnið er út frá sýningum og safneign safnsins.

Gerðarsafn býður í dag upp á safnfræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum. Lögð er áhersla á að kynna nemendum í grunnskólum Kópavogsbæjar grunnatriði í myndlæsi, um leið og leitast er við að tengja listaverk og sýningar öðrum námsgreinum og/eða hversdagslífi nemenda. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að ná til yngri menningarneytenda, búa til aðstæður til samverustunda fjölskyldufólks og virkni eldri borgara. Með nánú samstarfi Menningarhúsanna í Kópavogi stuðlar Gerðarsafn að fjölbreyttu mannlífi bæjarbúa í samræmi við menningarstefnu bæjarins.

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar samþykkti að skipuð yrði ráðgjafanefnd fyrir Gerðarsafn í fyrsta sinn í maí 2016 til eins árs í senn, en hlutverk hennar er að veita faglega ráðgjöf um listræna starfsemi safnsins og koma að stefnumótun um sýningarhald og ný aðföng. Nýjar áherslur í sýningarhaldi komu fram með tilkomu nýs safnstjóra árið 2014 og lagt var upp með að auka fé í framleiðslu hvernar sýningar fyrir sig og lengja þann tíma sem þær stæðu yfir. Allar sýningar safnsins eru nú boðssýningar þar sem leitað er til listamanns, listamanna eða sýningarstjóra um að vinna sérstaklega fyrir safnið. Safnið hefur sett upp og unnið að samstarfsverkefnum og samsýningum sem ætlað er að leggja fram ákveðnar hugmyndir eða vangaveltur í samvinnu við ólíka sýningarstjóra. Unnið hefur verið áfram með umfjöllunarefni þeirra með fjölbreyttum miðlunarleiðum en gjarnan er leitað leiða til að vinna samhliða þeim sýningum með verk og/eða listamenn úr safneign Gerðarsafns. Með því eru til að mynda verk og arfleifð Gerðar Helgadóttur virkjuð í samtali við samtímalist og hugðarefni samtímans.

Má nefna áðurnefnda fræðslu- og upplifunarsýningu, Stúdío Gerðar, sem ætlað var að kynna Gerði og verk hennar út frá vinnustofu listamannsins og virkri þátttöku gesta. Birting (2014) sýndi ný og nýleg verk eftir átta samtímalistamenn sem vísuðu í notkun Gerðar á birtu, litum og formum í steindum gluggum. Sýningin Innra, með og á milli (2017) vann með hugmyndir um tíma, samhengi og þýðingar milli tungumála, landa og menningarheima.

Ragnheiður Gestsdóttir, Theresa Himmer og Emily Weiner, undir sýningarstjórn Malene Dam, unnu með hugðarefni Gerðar sem innblástur að eigin verkum og stóð Gerður sem fjórði listamaður sýningarinnar í óljósu millirými milli fortíðar og framtíðar. Að lokum má nefna sýningaröðina SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR (2015 – haldin í þriðja sinn 2018) sem er ætlað að heiðra Gerði og framlag hennar til íslenskrar höggmyndalistar um leið og dregnar eru saman tengingar við íslenska sýningarsögu og hreyfingar í samtímaskúlptúr.

Í byrjun ársins 2016 opnaði safneignarrýmið +Safneignin á neðri hæð Gerðarsafns. Rýmið er hugsað sem tækifæri fyrir gesti til að líta á bak við tjöldin og kynnst því sem að öllu jöfnu tilheyrir innra starfi safns. Leitað er aftur í grunninn og rýnt í safneignina með þeim hætti að listaverkageymslan teygir sig fram í sýningarrýmið. Dregin eru fram verk úr safneigninni til sýningar um leið og unnið er fyrir opnum tjöldum að skráningu verkanna, ástandsskoðun, rannsóknnum og fræðslu. Hluti af verkefninu hefur verið að veita enn frekari innsýn í innri starfsemi safna með því að bjóða gestum að fylgjast með sérfræðingum við vinnu og ræða um ákveðin verk, forvörslu í almennum skilningi eða með innliti í listaverkageymslu Gerðarsafns.

## Lokaorð

Eftir að Guðbjörg var ráðin til starfa sem forstöðumaður Gerðarsafns árið 1994 bættist smám saman í starfsmannahópin og árið 2007 eru á safninu sjö starfsmenn og fimm í fullu starfi: forstöðumaður, aðstoðarmaður forstöðumanns, húsvörður og tveir ræstitækjar, auk tveggja starfsmanna í afgreiðslu og gæslu í hálfu starfi. Árið 2017 eru tveir starfsmenn í fullu starfi auk tveggja starfsmanna í hálfu starfi. Gerðarsafn tilheyrir stjórnarsýslusviði Kópavogsbæjar og er rekið á kennitölu bæjarfélagsins. Hefur ýmis dagleg umsýsla um rekstur Gerðarsafns færst yfir í miðlæga þjónustu hjá Kópavogsbæ. Bókhald, launavinnsla, rekstur og umsjón fasteignarinnar fara nú fram hjá bænum og húsvörður og ræstitækjar heyra ekki lengur undir Gerðarsafn sérstaklega þó að allir starfsmenn safnsins teljist til starfsmanna bæjarins. Árið 2016 var ráðinn verkefnastjóri fræðslu- og kynningarmála Menningarhúsanna í Kópavogi sem starfar beint undir forstöðumanni menningarmála. Starfar hún einnig í beinum tengslum við starfsemi Gerðarsafns og aðrar stofnanir Menningarhúsanna í Kópavogi.



Gerðarsafn er viðurkennt af Safnaráði sem samkvæmt safnalögum (nr. 141/2011) heldur utan um viðurkenningu safna á Íslandi. Hlutverk þess er, líkt og annarra safna, að safna, miðla, skrásetja, varðveita og rannsaka menningararfleifðina. Gerðarsafn var eitt af sex viðurkenndum söfnum sem valin voru til eftirlits hjá Safnaráði árið 2015. Í því felst að forvörður/ eftirlitsmaður á vegum Safnaráðs gerir úttekt á aðbúnaði og aðstæðum safnsins samkvæmt skipunarbréfi. Eftirlit og undirbúningsskýrslur voru unnar haustið 2016 þar sem farið var nákvæmlega yfir húsakost safnsins, aðbúnað safnkosts, varðveislu gripa og öryggismál í geymslum safnsins og sýningarsölum. Matsskýrsla Safnaráðs barst í mars 2017 og er Gerðarsafni þar gert að bæta eftirfarandi innan setts tímaramma. Safnið vinnur nú eftir ábendingum.

Listaverkageymsla í safni þykir afar góð en athuga skal skert öryggi þar sem margir hafa aðgang að geymslu í öðrum tilgangi en að huga að listaverkum. Sumarið 2017 var fjarlægður allur búnaður og eldfim efni úr geymslunni, (þar var meðal annars tæknibúnaður, plast og pökkunarefni, pappír og ritföng vegna fræðslu, timbur, stöplar og fleira) Ytri geymslur, það er tímabundnar geymslur í Hamraborg, eru ófullnægjandi listaverkageymslur og brýnt að bregðast fljótt við. Gerðarsafni er gert að finna langtímaúrræði og unnið er að úrbótum og framtíðarlausn í geymslumálum.

Kristín Dagmar Jóhannesdóttir var upphaflega ráðin í starf listræns stjórnanda Gerðarsafns sem átti að starfa að listrænum verkefnum í samráði við forstöðumann menningarmála Kópavogsbæjar. Var litið á ráðningu í starfið og starfslýsingu sem tilraunaverkefni en starfsheiti var breytt í forstöðumann Gerðarsafns árið 2017 og starfslýsing samræmd raunverulegum verkefnum. Ráðið var í starfið til fimm ára í senn og er þar verið að líta til fyrirkomulags um ráðningar safnstjóra á öðrum söfnum, samanber Listasafn Reykjavíkur og Listasafn Íslands. Kristín Dagmar lét af störfum vorið 2019 og var Jóna Hlíf Halldórsdóttir ráðin sem forstöðumaður.

Frá stofnun safnsins hafa verið notuð ólík heiti eða útfærslur. Meðal annars Listasafn Gerðar Helgadóttur, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn eða einungis annað heitið. Frá 2015 hefur safnið notað Gerðarsafn í fyrri titli, Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs, eða einungis Gerðarsafn í samræmi við nýjar áherslur í ímynd og útliti safnsins.



#### Óprentaðar heimildir.

Gjafabréf erfingja Gerðar Helgadóttur, dags. 21.mars 1977. Skjalasafn Gerðarsafns – Listasafns Kópavogs.  
Guðbjörg Kristjánsdóttir. Viðtal við höfund, 4. febrúar 2018.

#### Prentaðar heimildir

Andrés Kristjánsson og Björn Þorsteinsson ritstjórar, Saga Kópavogs: þættir úr kaupstaðarsögunni 1955-1985. Lionsklúbbur Kópavogs, 1990.

Benjamín Magnússon, „Byggingarlýsing.“ Í Gerður Helgadóttir 1928-1975: Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn. Ritstjóri Guðbjörg Kristjánsdóttir. Kópavogur: Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, 1994.

Bragi Ásgeirsson, „Af Listasafni háskólans og Listasafni Íslands“, Morgunblaðið, 28. janúar 1982, 14.

Bragi Ásgeirsson, „Að elska list dagsins“, Morgunblaðið, 25. maí 1994, 23.

Eiríkur Þorláksson, „Úr ýmsum áttum“, Morgunblaðið, 20. september 1994, 24.

Elin Pálmadóttir, Gerður: Ævisaga myndhöggvara, 1985, 1998.

Gísli Sigurðsson, „ARKITEKTÚR: Listasafn í Kópavogi“, Lesbók Morgunblaðsins, 3. september 1994, 7.

Guðbjörg Kristjánsdóttir ritstjóri. Gerður Helgadóttir, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn, Kópavogur, 1994.

Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn“, Sveitarstjórnarmál, 54 (6) 1994, 299-302.

Guðbjörg Kristjánsdóttir, Gerður – Meistari glers og málna, Kópavogur: Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs, 2010.

Guðbjörg Kristjánsdóttir, Íslenska teiknibókin, Reykjavík: Crymgea, 2013.

Guðbjörg Kristjánsdóttir, Tími Romanov ættarinnar í Rússlandi, Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs, 2005.

Guðbjörg Kristjánsdóttir, Rússneskir íkonar á Íslandi, Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs, 2005.

Guðbjörg Kristjánsdóttir, Kínverskur menningararfur í Wuhan, Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs, 2007.

Guðbjörg Kristjánsdóttir, Ekvador að fornu og nýju, Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs, 2008.

Jessica Morgan, „Tími rými tilvera.“ Í kynningarrit Listahátíðar í Reykjavík 2005, Reykjavík: Listahátíð í Reykjavík, 2005, 29-41.

Jón Guðlaugur Magnússon, „Upphaf að Listasafni í Kópavogi“, Í Gerður Helgadóttir 1928-1975: Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn. rRitstjóri Guðbjörg Kristjánsdóttir. Kópavogur: Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs,, 1994.

„Málverkasýning í Bogasal“, Morgunblaðið, 15.maí 1964, 5.

Menningarstefna Kópavogsbæjar, Kópavogsbær, 2015.

Rannveig Guðmundsdóttir, „Kópavogskaupstaður 25 ára“, Sveitarstjórnarmál, 40 (5) 1980, 244.

„Sveitarstjórn Kópavogsbæjar“, Sveitarstjórnarmál, 28, 1968, 68.

Valtýr Pétursson, „Listsýning Gerðar“, Morgunblaðið, 25. október 1952, 8.

P.P., „Gerðarsafn opnað“, Morgunblaðið, 16. apríl 1994, C3.

„Yngsta og fegursta blómið í menningarflóru bæjarins“, Morgunblaðið, 19. apríl 1994, 31.

### Neðanmálsgreinar

- 1 Andrés Kristjánsson og Björn Þorsteinsson, Saga Kópavogs: þættir úr kaupstaðarsögunni 1955-1985, 7.
- 2 Sama heimild, 217.
- 3 Rannveig Guðmundsdóttir, „Kópavogskaupstaður 25 ára“, 244. Listasafn Háskóla Íslands var annað safnið á landinu sem naut fastra prósentutekna til starfsemi sinnar. Bragi Ásgeirsson segir árið 1982 að fyrirkomulagið með þessi söfn hafi verið „íslenzkri myndlist meiri lyftistöng með innkaupum sínum en sjálft Listasafn Íslands, en það háir þeim báðum að ennþá ráða þau hvorki yfir húsnæði né sjálfstæðum sýningarsal.“ Bragi Ásgeirsson, „Af Listasafni háskólans og Listasafni Íslands“, 1982, 14.
- 4 Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Úr listaverkasafni Kópavogs“, 1994, 30 og „Málverkasýning í Bogasal“, 1964, 5.
- 5 „Sveitarstjórn Kópavogsbæjar“, 1968, 68.
- 6 Andrés Kristjánsson og Björn Þorsteinsson, Saga Kópavogs: þættir úr kaupstaðarsögunni 1955-1985, 255.
- 7 Rannveig Guðmundsdóttir, „Kópavogskaupstaður 25 ára“, 1980, 244.
- 8 Andrés Kristjánsson og Björn Þorsteinsson, Saga Kópavogs: þættir úr kaupstaðarsögunni 1955-1985, 255.
- 9 Valtýr Pétursson, „Listasýning Gerðar“, 1952, 8.
- 10 Elín Pálmadóttir, Gerður: Ævisaga myndhöggvara, 42.
- 11 Sama heimild, 178.
- 12 Sama heimild, 202.
- 13 Gjafabréf erfingja Gerðar Helgadóttur, 21.mars 1977.
- 14 Jón Guðlaugur Magnússon, „Upphaf að Listasafni í Kópavogi“, 1994, 13.
- 15 Sama heimild.
- 16 Sama heimild.
- 17 Sama heimild.
- 18 Þ.P., „Gerðarsafn opnað“, 1994,C3.
- 19 Benjamín Magnússon, „Byggingarlýsing“, 1994, 14-15.
- 20 Gísli Sigurðsson, „ARKITEKTÚR: Listasafn í Kópavogi“, 1994,7.
- 21 Bragi Ásgeirsson, „Að elska list dagsins“, 1994, 23.
- 22 „Yngsta og fegursta blómið í menningarflóru bæjarins1994, 31.
- 23 Andrés Kristjánsson og Björn Þorsteinsson, Saga Kópavogs: þættir úr kaupstaðarsögunni 1955-1985, 90-91.
- 24 Árið 1999 opnaði tónlistarhúsið Salurinn í nýju menningarhúsi við hlið Gerðarsafns og var Tónlistarskóli Kópavogs fluttur í sama húsnæði. Náttúrufræðistofa Kópavogs, sem var stofnuð árið 1983, og Bókasafn Kópavogs voru flutt í annan áfanga menningarhússins árið 2002. Sjá nánar um sögu menningarstofnana Kópavogs í Andrés Kristjánsson og Björn Þorsteinsson, Saga Kópavogs: þættir úr kaupstaðarsögunni 1955-1985.
- 25 Menningarstefna Kópavogsbæjar, 3.
- 26 Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn“, 1994,299.
- 27 Eiríkur Porláksson, „Úr ýmsum áttum“, 1994, 24.
- 28 Guðbjörg Kristjánsdóttir. Viðtal við höfund, 2018.
- 29 Guðbjörg Kristjánsdóttir segir að engin verk hafi verið keypt til safnsins árin 2008 og 2009. Þá stóð til að kaupa útilistaverk eða að láta stækka listaverk eftir Gerði Helgadóttur, en af því varð ekki. Í sparnaðarskyni voru engin verk keypt til safnsins árið 2010. Á þessum þremur umræddu árum fékk safnið nokkur verk að gjöf. Endurskoðaðar reglur Lista- og menningarsjóðs Kópavogs árið 2011 fólu í sér innkaup listaverka það árið í einstaklingssafn Barböru Árnason. Guðbjörg Kristjánsdóttir. Viðtal við höfund, 2018.
- 30 Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn“, 1994, 302.
- 31 Vörslusamningurinn, sem er í 6 greinum, var undirritaður til 4 ára þann 1. júní 2001. Að þeim tíma liðnum hafa samningsaðilar framlengt vörslusamninginn sem nú er útrunninn eða veitt tímabundin umboð til lána á verkum úr safneigninni.
- 32 Jessica Morgan, „Tími rými tilvera“, 2005, 29-41.
- 33 Guðbjörg Kristjánsdóttir, Tími Romanov ættarinnar í Rússlandi og Rússneskir íkonar á Íslandi.
- 34 Guðbjörg Kristjánsdóttir, Kínverskur menningararfur í Wuhan.
- 35 Guðbjörg Kristjánsdóttir, Ekvador að fornu og nýju.
- 36 Guðbjörg Kristjánsdóttir, Íslenska teiknibókin.



# Listasafn Borgarness

Guðrún Jónsdóttir

Árið 1972 tók Björn Th. Björnsson, listfræðingur, sjónvarpsviðtal við tæplega sjötugan mann í Borgarnesi. Maðurinn var Hallsteinn Sveinsson, mikill unnanndi myndlistar. Aðspurður um stórt málverkasafn sem hann hafði flutt með sér í Borgarnes mæltist honum svo: „Nú þar sem draslið manns er þar vill maður vera.“<sup>1</sup> Tilsvarið segir mikið um kímningáfu Hallsteins, en að baki bjó djúp hugsun manns sem mat listina öðru meira. Hann á með einstökum persónuleika sínum og listnæmni mikilvægan þátt í menningarlífi þjóðarinnar. Hlutverk hans í sögu Listasafns Borgarness er það stórt að ekki verður hjá því komist að gera nánar grein fyrir honum þegar fjallað er um safnið. Því verður saga þess að hluta til persónusaga.

## Uppland

Hallsteinn var fæddur 7. júlí 1903 á Kolsstöðum í Miðdölum, einn ellefu barna Sveins Finnssonar og Helgu Eysteinsdóttur. Hallsteinn var af listfengu fólki kominn og var móðir hans til dæmis rómuð fyrir hannyrðir sínar. Meðal náinna ættingja hans var og er mikið af listhneigðu hæfileikafólki. Sem dæmi má nefna að bróðir hans var Ásmundur Sveinsson myndhöggvari og bróðursonur Hallsteinn Sigurðsson myndlistarmaður.

Árið 1925 flutti Hallsteinn með foreldrum sínum úr Dölum að Eskiholti í Borgarhreppi og bjó þar þangað til á stríðsárunum að hann flutti til Reykjavíkur. Fyrst bjó hann þar hjá fjölskyldu sinni en á árunum 1952-53 bauðst honum lítið hús til kaups sem stóð við gamla Háaleitisveginn ofan við þar sem Síðumúli er nú. Húsið nefndi hann Uppland. Hann lét lagfæra það og byggði einnig vinnustofu með hallandi glugga sem sneri í vestur. Tvö herbergi hafði hann sjálfur en leigði hinn hlutann út. Hann hafði sem ungur maður ekki verið heill heilsu og á meðan á byggingu Upplands stóð fékk hann heilablóðfall sem takmarkaði hreyfigetu hans nokkuð.

Uppland var lágrest hús sem ekki lét mikið yfir sér. En þegar fram liðu stundir áttu margir mætir listamenn leið þangað með myndir til

innrömmunar hjá handlagna smiðnum sem þar bjó. Ekki síður sóttust þeir eftir menningaranda hússins og oft kom blik í auga gestgjafans í nærveru góðra vina. Í Upplandi var staður þar sem listin var metin að verðleikum og samræður öðluðust dýpri merkingu. Hallsteinn var hugsandi en einnig orðheppinn og kíminn. Hann hafði þægilega nærveru og djúpa hljómfagra rödd. Í fjölmenni var hann hins vegar frekar hlédrægur og fámáll. Þegar Ásmundur bróðir hans vann að byggingu vinnustofu sinnar og heimilis við Sigtún á árunum 1942-59 (nú Ásmundasafn í Listasafni Reykjavíkur) var Hallsteinn heimagangur hjá bróður sínum og aðstoðaði hann við verkið. Það var örlagarík dvöl því þar komst hann í kynni við ýmsa helstu listamenn þessa tíma. Hann eignaðist þá að vinum og hóf að safna listaverkum. Þau fyrstu sem hann eignaðist voru eftir Ásmund bróður hans en meðal þeirra sem hann rammaði síðar inn myndir fyrir og átti verk eftir, voru Jóhannes Jóhannesson, Jóhann Briem, Þorvaldur Skúlason, Svavar Guðnason, Snorri Arinbjarnar, Hafsteinn Austmann, Sverrir Haraldsson, Ágúst F. Petersen og Nína Tryggvadóttir. Hallsteinn kynntist abstraktlist fyrst hjá Snorra Arinbjarnar og hreifst mjög af. Má það teljast merkileg afstaða hjá manni sem var fæddur árið 1903 og alinn upp í íslensku sveitasamfélagi. Þessi hrifning fylgdi Hallsteini alla tíð og í safni hans er sérstök áhersla lögð á óhlutbundna list.<sup>2</sup> Athyglisverð eru þessi orð hans í viðtali við Árna Bergmann árið 1964: „Mér finnst ég hafa verið heppinn með mína samtíðarmenn, heppinn að hafa lifað á þessu tímabili. Tíma ferhyrningsins. Ég efast um að ég hefði fengið áhuga á myndum ef landslagið hefði ráðið ríkjum.“<sup>3</sup>

Uppland varð með árunum nokkurs konar miðstöð skapandi listamanna sem þangað komu til að vera í návistum við Hallstein og færa honum verk til innrömmunar. Oftar en ekki mátti hann velja sér verk að launum. Af safni hans að dæma hafði hann gott auga fyrir list og valdi vel, hvort sem hann fékk verk að launum eða sem vinargjöf. „Já og ég fór að þekkja þessa einkennilegu menn, listamennina. Ég vann fyrir Pétur og Pál og fékk peninga fyrir, en það eru auðvitað engin verðmæti. Ég fór að vinna fyrir listamenn og þeir voru svo elskulegir við mig, að borga mér með myndum. Ég vildi gjarna taka það fram, að það eru eiginlega myndlistarmennirnir sjálfir, sem hafa skapað þetta safn ég hef verið hjálparmaður þeirra. Það eru eiginlega þeir sem hafa gert mér þetta líf þolanlegt.“<sup>4</sup>

Einn vina hans á þessum árum var Hjalti Jóhannsson, myndlistarmaður.

Hjalti gerði abstraktmynd á gafl Upplands. Þegar húsið var rífið árið 1972 eyðilagðist myndin. En góð skissa af henni hefur varðveist í Listasafni Borgarness, en var óundirrituð allar götur fram til ársins 2013 að Hjalti kom í Borgarnes á sýningu á verkum úr safni Hallsteins og skrifað nafn sitt á hana við það tækifæri. Einnig skrifaði hann þar heiti verksins sem hann kallaði Taugastríðið. Efst í vinstra horni myndarinnar má sjá töluna 45 sem var húsnúmer Upplands.

Uppland var menningarheimur út af fyrir sig eins og kemur fram í lýsingu Hafsteins Austmanns á heimsóknum sínum til Hallsteins:

„Æi, þetta er svo ljótt hjá mér. Þú getur látið mig hafa þetta skilrí í staðinn. Þetta eru svo vondar myndir hjá þér hvort sem er.“ Þetta var viðkvæðið [hjá Hallsteini] og glettinn blikaði í augum gamla mannsins. Hann var reyndar ekkert orðinn gamall þá, en við virtum hann og þótti vænt um hann sem einskonar öldung í okkar hóp. Oft mátti heyra merkilegan messusöng úr húsi þessu á síðkvöldum, ef maður lagði eyrun við. Þá var leikið á harmoníum sem gerði húsbóndinn sjálfur og sungið með af hjartans lyst. Það voru þá bjartsýnir myndlistarmenn að njóta lífsins og reyndi hver sem betur gat að syngja hærra en hinir.“<sup>5</sup>

Í blaðaviðtali var Hallsteinn eitt sinn spurður hvernig hann hefði eignast öll þessi listaverk og svaraði hann því til að hann hefði lifað á svo skemmtilegu tímabili. Hann sagðist ennfremur ekki hafa byrjað að safna nema af því hann missti heilsuna; myndirnar hafi verið honum nokkurs konar sárabót.<sup>6</sup>

Á síðari hluta sjöunda áratugarins var heilsu Hallsteins farið að hraka nokkuð og Uppland var einnig farið að láta á sjá. Þegar það var rífið árið 1972 var Hallsteinn fluttur upp í Borgarnes. Að því var sá aðdragandi að þangað gaf hann nokkru fyrr ein hundrað verk úr listasafni sínu og varð það stofninn að Listasafni Borgarness. Síðar átti hann eftir að gefa safninu mun fleiri verk. Í samvinnu við Húnboga Þorsteinsson, sveitastjóra, og hreppsnefnd Borgarness á þeim tíma fékk Hallsteinn inni á Dvalarheimili aldraðra í bænum frá árinu 1971. Þar fékk hann einnig að hafa vinnustofu þar sem hann gat áfram unnið að smíðum eftir því sem heilsan leyfði. Á meðal þeirra sem umgengust Hallstein á þessum tíma var ungur maður að nafni Páll



Hallsteinn Sveinsson. Myndin er líklega tekin af Jóhanni Briem. Mynd: Listasafn Borgarness.



Guðmundsson, frá Húsafelli. Kynni hans af hinum aldna smið urðu að sögn hans örlagarík því Hallsteinn beindi sjónum hans að höggmyndaforminu sem síðan hefur verið mikilvægur þáttur í listsköpun Páls.<sup>7</sup> Í viðtali við Árna Bergmann tjáir Hallsteinn sig um formið með þessum hætti: „Ég hef meiri ánægju af höggmyndum en málverkum. [...] Vegna þess að maður getur þreifað á þeim. Það nægir nefnilega ekki sem maður sér.“<sup>8</sup>

## Listasafn Borgarness verður til

Forsögu Listasafns Borgarness má rekja til ársins 1970. Þá voru þrjú söfn starfrækt í Borgarfirði, héraðsskjalasafn og héraðsbókasafn auk Byggðasafns Borgarfjarðar. Öll voru þau undir sama þaki í Borgarnesi og forstöðumaður sá sami, Bjarni Bachmann. Síðar var svo einnig stofnað náttúrugripasafn. Bjarni var fæddur árið 1919 og lést árið 2010. Hann var safnstjóri árin 1969-1994 eða alls í aldarfjórðung og lagði á þeim tíma mikla elju í safnastarfið svo og rannsóknir er því tengdust. Margt skrifað efni liggur því eftir Bjarna og er margt af því mikilvægar heimildir. Í greinargerð um stofnun listasafnsins segir Bjarni:

„Í byrjun september 1970 kom til mín Sveinn Bjarnason bóndi á Brennistöðum. [...] Við fórum að tala saman um þá bræður Ásmund og Hallstein Sveinssyni um list [svo] og þá orðaði ég það við hann hvað hann héldi um safn Hallsteins. Hvað hann ætlaði sér með það. Sveinn taldi þá að Hallsteinn væri ekki búinn að ráðstafa því á neinn hátt, en væri orðinn í óvissu með það. Hafði ég þá orð á því að gaman væri nú ef safnið gæti nú komið hingað. Yrði það ómetanlegt fyrir söfnin sem fyrir væru og mikill menningarauki þessu byggðalagi. Kvaðst Sveinn vera á förum til Reykjavíkur og sagðist myndu orða þetta við Hallstein. Viku seinna kemur Sveinn aftur til mín og er þá með boð frá Hallsteini, að hann vilji gjarnan finna mig og áhugi hans á því að safnið fari upp í Borgarnes er vaknaður. Ég á síðar leið suður og við Hallsteinn ræðum möguleika á því að úr þessu gæti orðið og þegar málið er komið á það stig að Hallsteinn er búinn að ákveða að safnið fari upp í Borgarnes, þá hafði ég samband við sveitarstjórnann [...] Húnbogi brá skjótt við og hreppsnefnd samþykkti með þökkum

að taka við þessari miklu gjöf, en þó með því að fá að veita Hallsteini ókeypissupphald á nýbyggðu Dvalarheimili aldraðra hér í Borgarnesi, sem lítinn þakklætisvott fyrir ómetanlega gjöf. [...] Föstudaginn 19. febrúar 1971 fer ég til Reykjavíkur í þeim erindagjörðum að sækja safnið og fer þá formleg afhending fram með gjafabréfi Hallsteins og afhendingu þakkarbréfs sveitarstjórnar Borgarneshrepps er Húnbogi sveitarstjóri afhenti.“<sup>9</sup>

Sveinn sá er Bjarni nefndi var náfrændi Hallsteins sem skýrir aðkomu hans að málinu. Fram kemur í gögnum Bjarna að ættingjar Hallsteins höfðu stutt þetta með heilum hug og hvatt til að af þessu yrði. Við ofangreinda afhendingu var um hundrað og þrjú verk að ræða og var það fyrsti áfanginn í höfðinglegri gjöf Hallsteins til Borgnesinga. Sama ár var fyrsta sýningin úr safnkostinum haldin í Gagnfræðaskólanum í Borgarnesi. Var hún opnuð þann 17. júní og stóð í þrjá daga. Í minnispunktum sínum segir Bjarni að hún hafi tekist vel þótt húsnaðið hefði mátt vera hentugra. Aðsókn var góð og skráir hann 3.234 gesti. Þegar þarna var komið sögu hafði Hallsteinn þegar gefið fimm verk til viðbótar og átti þeim enn eftir að fjölga umtalsvert.

Í áðurnefndu sjónvarpsviðtali Björns Th. Björnssonar við Hallstein segir hann að myndirnar í safni sínu nái yfir árabilið 1946-1960 og að þetta séu verk eftir samtíðarmenn hans. Björn spyr hann hvort þeir hafi allir verið kunningjar hans og vinir og Hallsteinn segir að svo hafi verið og að hann hafi kynnst þeim þegar hann rammaði inn myndir fyrir þá.<sup>10</sup> Ekki þarf að efast um það að persónuleiki Hallsteins og listnæmi hafi haft sitt að segja um þau vinasambönd sem þarna mynduðust. Sú staðreynd að hann hefur rammað inn svo mikilvægan hluta af listsköpun þessa tíma á Íslandi skapar Listasafni Borgarness sérstöðu. Oft má þekkja handbragð hans og ekki síður efniviðinn í ramma. Hallsteinn notaði gjarnan efni sem hann átti til en merkilega oft hentar það myndefninu einstaklega vel. Rammar hans eru stundum breiðir og halla annað hvort út frá eða að verkinu. Gott dæmi um þetta eru verk eftir Jóhann Briem. Stundum velur Hallsteinn viðinn sérstaklega út frá litnum sem kallast þá á við myndina og stundum malar hann viðinn í sama tilgangi. Í sumum tilvikum notar hann tvær gerðir af viði ef honum hefur fundist slíkt henta viðkomandi verki. Þannig eru rammarnir og myndirnar orðin ákveðin heild.



Heiður Vigfúsdóttir við mynd af föður sínum Vigfúsi Guðmundssyni, eftir Gunnlaug P. Blöndal. Gefandi myndarinnar ásamt Heiði var bróðir hennar, Guðmundur Gaukur Vigfússon. Mynd: Guðrún Jónsdóttir.



Hjalti Jóhannsson með skissuna sem hann undirritaði um hálfri öld eftir að hún var gerð. Myndin er tekin á sýningu safnsins árið 2013. Í baksýn má sjá myndir af Hallsteini eftir Pál Guðmundsson, Þorbjörgu Höskuldsdóttur og Kristján Davíðsson. Mynd: Guðrún Jónsdóttir.

## Safnið vex

Eftir formlega stofnun Listasafns Borgarness hélt Hallsteinn áfram að bæta við verkum í gjöf sína til safnsins. Einnig var nokkuð um það að myndlistarmenn gæfu safninu verk eftir sig og bættu þannig við safnkostinn. Ennfremur hefur fjölskylda Hallsteins ekki látið sitt eftir liggja í gegnum árin og má sem dæmi nefna að Anna Sveinsdóttir, systir hans, gaf stórt málverk eftir Kjarval til safnsins árið 1982.<sup>11</sup> Árið 1972 fékk safnið kr. 100.000 frá ríkissjóði til kaupa á listaverkum og voru nokkur verk keypt fyrir huta þess fjár, meðal annars verk eftir Jón Jónsson. Var það gert í samráði við Hallstein sem fór með Bjarna Bachmann og Húnboga Þorsteinssyni til að kaupa verkin. Ennfremur voru keypt verk eftir Guðmund Sigurðsson, kennara í Borgarnesi þetta ár. Sett var af stað verkefni sem kallaðist „List um Borgarfjörð“ sem fólst í skammtíma sýningu listaverka á nokkrum stöðum í héraðinu svo sem á Bifröst, á Hvanneyri og á Akranesi. Féll þetta vel að sýn Hallsteins sjálfs, sem var um að listinni ætti að miðla sem mest og oftast. Skráðir gestir á listasafnið árið 1972 voru 5.270 talsins.<sup>12</sup>

Á upphafsárum safnsins í byrjun áttunda áratugarins hlaut það áfram góðar gjafir, bæði frá Hallsteini sjálfum svo og frá myndlistarmönnum. Sem dæmi um hið síðarnefnda má nefna verk eftir Hallstein Sigurðsson, bróðurson Hallsteins eldra, Sólveigu Eggerz Pétursdóttur, Gunnar Hjaltason, Svein Þórarinsson og fleiri. Algengt hefur verið að safnið eignist um tuttugu ný verk á ári og voru mörg þeirra gefin af Hallsteini. Sem dæmi má nefna að eftirtaldir myndlistarmenn voru höfundar að verkum sem hann gaf árið 1977: Gunnar Örn, Björg Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Einar Hákonarson, Jón Reykdal, Þórður Hall, Erró, Richard Valtingojer og Gunnar Geir. Bjarni Bachmann ritaði svo í fundargerðarbók safnsins árið 1977: „Ég vil færa Hallsteini þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf, en frá því að hann stofnaði listasafnið þá hefur hann fylgst með vexti og viðgangi þess og stöðugt bætt í það listaverkum. Því er vel hægt að segja að enginn einn maður hefur lagt til jafn fjölskrúðuga list til eins byggðarlags eins og Hallsteinn Sveinsson hefur gert.“<sup>13</sup> Ennfremur kemur fram að Hallsteinn hafi allt frá því 19. febrúar 1971 verið að bæta í safnið listaverkum, svo að nú hafi hann gefið hundrað fimmtíu og fjögur verk. Aðrir hafi gefið fjórtán verk og Borgarneshreppur keypt tíu. Safneignin var því á árinu 1977 orðin hundrað sjötíu og átta

listaverk eftir sextíu og níu nafngreinda listamenn.

Það er til marks um skoðun Hallsteins Sveinssonar á vægi listarinnar að það var að hans frumkvæði að stytta Ásmundar bróður hans um kvæðið Sonatorrek var sett upp á Borg á Mýrum árið 1981. Hallsteinn fjármagnaði að mestu gerð afsteypunnar; safnaði ellilaunum sínum og reiddi fram stórfé til verkefnisins. Einnig gaf Ásmundur eftir höfundarlaun og systkini þeirra bræðra lögðu öll fram einhverjar fjárhæðir í þessa framkvæmd. Einnig veittu Mýrasýsla, Kaupfélag Borgfirðinga og ríkið nokkurn styrk til verksins.<sup>14</sup> Af þessu verkefni sést hversu miðlun listarinnar var Hallsteini hugleikin, en einnig er freistandi að telja að hann hafi talið þetta verk gott og þess verðugt að prýða sögustaðinn sjálfan, höfuðból Egils Skallagrímssonar.


Þegar þarna er komið sögu er það orðinn hluti af starfsemi safnsins að lána verk úr safninu til stofnana og fyrirtækja þar sem þau eru sýnileg almenningi og hefur það starf haldist allt fram til dagsins í dag. Má þar nefna stofnanir eins og háskólana á Bifröst og á Hvanneyri, Menntaskóla Borgarfjarðar, Sýslumannsembættið á Vesturlandi og Ráðhús Borgarbyggðar. Að baki þessu er sú hugsun að miðla listinni sem víðast, enda lagði Hallsteinn ætíð mikla áherslu á það. Auk slíkra útlána er safnið alltaf hluti af starfsemi Safnahússins og verk þá eftir atvikum kölluð inn til sýninga séu þau í láni, allt eftir þema eða viðfangsefni viðkomandi sýningar.

## Safnkosturinn

Á næstu árum var nokkuð gert af því að sýnendur á almennum sýningum í Safnahúsi skildu eftir sig verk auk þess sem nokkuð var keypt af verkum. Hin síðustu ár hefur safnið enn verið að fá gjafir svo sem frá Hallsteini Sigurðssyni auk þess sem tíu teikningar eftir Tolla voru keyptar til safnsins árið 2013. Tollei hélt sýningu í Safnahúsi það ár og hafði allt árið þar á undan unnið við undirbúning hennar með því að mála í Borgarfirðinum, aðallega vestur á Mýrum.

Í Safnahúsi eru alls fimm söfn. Auk skjala- og bókasafns eru þar byggða- og náttúrugripasafn fyrir utan listasafnið. Vegna náinnar samvinnu safnanna leikur stundum vafi á því í hvert þeirra gripur á að fara við afhendingu og á þetta til dæmis við um málverk sem gefendur koma með í Safnahús sem heimild um mannlíf eða umhverfi frekar en listaverk. Sem dæmi um slíka





Hluti verka safnsins í geymslum Safnahúss. Mynd: Guðrún Jónsdóttir.

gjöf má nefna málverk af Vigfúsi Guðmundssyni vert sem afkomendur hans færðu Safnahúsi árið 2013. Verkið er eftir Gunnlaug Blöndal, en það er gefið í Borgarnes vegna sterkra tengsla Vigfúsar þangað. Var það skráð í safnkost listasafns.

Í árslok 2018 taldi safneignin sjö hundruð og áttatíu verk. Má sem dæmi nefna að árið 2016 bættust við safnkostinn átta verk sem Hafliði Hallgrímsson tónskáld gaf til safnsins og hafði Hallsteinn Sigurðsson nokkra milligöngu þar um. Í ársbyrjun 2019 voru alls hundruð og tuttugu verk í útláni hjá ellefu stofnunum og fyrirtækjum á starfssvæði safnsins.

Athyglisvert er hversu mikið er um myndir í safni Hallsteins sem vinir hans hafa gert með hann sem fyrirmynd. Má þar nefna höggmyndir eftir Ragnar Kjartansson og málverk og teikningar eftir Kristján Davíðsson, Ágúst F. Petersen, Pál Guðmundsson og fleiri. Árið 2013 var haldin sýning í Safnahúsi sem innihélt að mestu leyti myndir af Hallsteini.

Sá merki áfangi náðist á árunum 2015 og 2016 að safnkostur Listasafns Borgarness var allur skráður í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp. Árið 2014 voru þau verk sem ekki voru í útláni flutt í nýja geymslu Safnahúss í Borgarnesi. Þar var flestum þeirra komið fyrir í vönduðum skápum sem keyptir voru fyrir styrktarfé Hallsteins. Þess skal einnig getið að styrkir Safnaráðs og menningarstyrkir landshluta hafa verið mikil hjálp við ýmsa þætti safnastarfs svo sem faglega meðferð og miðlun safnkosts.

Í Safnahúsi er sýningarsalur sem nefndur er Hallsteinsalur. Þar eru haldnar nokkrar listsýningar á ári hverju. Eru þær af ýmsum toga þótt allar tengist Borgarfjarðarhéraði á einhvern hátt, en að baki þeim öllum er sú hugsun Hallsteins að miðla listinni og hvetja til sköpunar.

## Lokaorð

Hallsteinn var maður sem margir af fremstu myndlistarmönnum landsins áttu að vini og sóttu í hugarsmiðju til. Hann var verðugur vinátta þeirra og virðingar og skildi mikilvægi listsköpunar. Hugsjónir hans um gildi og miðlun listarinnar lifa áfram í starfi Listasafns Borgarness. Hallsteinn Sveinsson lést þann 21. nóvember árið 1995 á 93. aldursári. Það ár voru alls fjögur hundruð þrjátíu og níu verk eftir hundruð þrjátíu og þrjá höfunda í eigu Listasafns Borgarness. Svo segir Bjarni Bachmann um Hallstein í greinargerð



um starfsemi safnsins þetta ár:

„Það var gjöf hans á fjölmörgum listaverkum til Borgarnesshrepps á árunum 1970 til 1971 sem varð hvatinn að stofnun Listasafns Borgarness á sínum tíma og við þá gjöf var hann að bæta öðru hverju allt til hins síðasta. Auk myndanna gaf hann fé sem varðveitt er og á að nota þegar komið verður upp viðunandi sýningaraðstöðu fyrir myndlist í Borgarnesi. Hann ánafnaði Listasafninu 69 myndum auk nokkurrar fjárhæðar eftir sinn dag. [...] Borgarnes stendur í mikilli þakkarskuld við hann og sívakandi áhuga hans á íslenskrum myndlist sem leiddi til þess að hér er til mjög stórt og merkilegt safn listaverka.“<sup>15</sup>

Hafsteinn Austmann segir í minningargrein um Hallstein að hann hafi verið einhver mesti nautnamaður á myndlist sem uppi hafi verið á öldinni og að það hafi verið honum líkt að vilja láta sem flesta njóta.<sup>16</sup>

Listasafn Borgarness er verðmæt heimild um listsköpun á Íslandi um miðja 20. öld, ekki síst á sviði óhlutbundinnar listar. Þar er einnig fólgin glampi frá menningarkíma sem varð til í litlu húsi við Háaleitisveg í Reykjavík á fimmta áratug síðustu aldar.

#### Óprentaðar heimildir

- Bjarni Bachmann, „Upphaf að listasafni“, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2002/45, 1971.
- Bjarni Bachmann, „Upphaf að listasafni“, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2002/45, 1972.
- Bjarni Bachmann, „Upphaf að listasafni“, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. 2002/45, 1977.
- Björn Th. Björnsson, sjónvarpsviðtal við Hallstein Sveinsson, 17. febrúar 1972. Uppskrift: Bjarni Bachmann. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar.
- Listasafn Borgarness, Aðfangabók, 1982.
- Páll Guðmundsson. Viðtal við höfund, 19. september 2013.

#### Prentaðar heimildir

- Árni Bergmann, „Það var þessu húsi að kenna ...“ Þjóðviljinn, 24. maí 1964, 7.
- Bjarni Bachmann, Ársskýrsla safnanna í Borgarnesi, 1995.
- Guðrún Jónsdóttir, „Lífskúntnerinn Hallsteinn Sveinsson“, Borgfirðingabók, 2013, 203-209.
- Guðrún Jónsdóttir, „Undirritaði mynd um hálfri öld eftir gerð hennar“, Borgfirðingabók, 2014, 148.
- Guðrún Jónsdóttir, „Byggðasafn Borgarfjarðar.“ Í Byggðasöfn á Íslandi. Ritstjóri Sigurjón Baldur Hafsteinsson. Reykjavík: Rannsóknasetur í safnafræðum, 2015.
- Hafsteinn Austmann, „Hallsteinn Sveinsson, minning“, Morgunblaðið, 12. desember 1995, 49.

#### Neðanmálsgreinar

- 1 Björn Th. Björnsson, sjónvarpsviðtal við Hallstein Sveinsson.
- 2 Jónsdóttir, „Lífskúntnerinn Hallsteinn Sveinsson“.
- 3 Árni Bergmann, „Það var þessu húsi að kenna ...“, 7.
- 4 Sama heimild.
- 5 Hafsteinn Austmann, „Hallsteinn Sveinsson, minning“, 49.
- 6 Árni Bergmann, „Það var þessu húsi að kenna ...“, 7.
- 7 Guðrún Jónsdóttir, viðtal við Pál Guðmundsson.
- 8 Árni Bergmann, „Það var þessu húsi að kenna ...“, 7.
- 9 Bjarni Bachmann, „Upphaf að listasafni“ (1971), 3.
- 10 Björn Th. Björnsson, sjónvarpsviðtal við Hallstein Sveinsson.
- 11 Listasafn Borgarness, aðfangabók.
- 12 Bjarni Bachmann, „Upphaf að listasafni“, (1972), 17.
- 13 Bjarni Bachmann, „Upphaf að listasafni“, (1977), 24.
- 14 Guðrún Jónsdóttir, „Lífskúntnerinn Hallsteinn Sveinsson“.
- 15 Bjarni Bachmann, Ársskýrsla safnanna í Borgarnesi.
- 16 Hafsteinn Austmann, „Hallsteinn Sveinsson, minning“, 49.



# Listasafn Reykjavíkur

Eiríkur Þorláksson

Listasafn Reykjavíkur er eitt stærsta listasafn landsins, hvaða mælikvarði sem notaður er til að meta stærð safna. Sýningarstarfsemi þess fer fram í þremur húsum – Ásmundarsafni, Kjarvalsstöðum og Hafnarhúsi, sem má greina í að minnsta kosti tólf sýningarrými sem eru samtals rúmlega 3.600 fermetrar að gólfleti. Safnið býr að safneign sem í heildina taldi í upphafi árs 2019 rúmlega 17.000 skráð verk sem skiptast í fjórar heildir, það eru Kjarvalssafn, Ásmundarsafn, Errósafn og almenna safneign, auk þess sem safnið annast um hundrað og áttatíu útilistaverk innan marka Reykjavíkurborgar. Áætlað er að safnið taki á móti nær 240.000 gestum á árinu. Loks má nefna að starfsmenn safnsins eru um fjórtíu talsins, og áætluð velta þess árið 2019 um 575 m.kr., en þar af er stefnt að því að safnið hafi 125 milljónir króna í sértekjur.<sup>1</sup>

Ofangreind „skyndimynd“ af Listasafni Reykjavíkur lýsir stöðu þess á árinu 2019, en þróunarsaga safnsins hefur bæði verið löng og á stundum hlykkjótt. Hefð er fyrir því að telja opnun Kjarvalsstaða árið 1973 marka upphaf sögu safnsins, en nafnið „Listasafn Reykjavíkur“ var þó fyrst notað opinberlega árið 1989, er það birtist í sýningarskrá fyrstu boðssýningar safnsins.<sup>2</sup> Lögformlega séð varð safnið ekki að veruleika fyrr en rúmum áratug síðar, þegar samþykkt fyrir það var fyrst staðfest í borgarráði 28. maí 2002.<sup>3</sup> Við gildistöku hennar féllu jafnframt úr gildi helstu reglur sem höfðu mótað umgjörð starfsemi safnsins til þessa tíma, en þær voru flestar komnar nokkuð til ára sinna.<sup>4</sup> En Listasafn Reykjavíkur á sér einnig forsögu, sem vert er að fjalla um í nokkru máli.

## Forsaga – tillögur sem ekki náðu fram að ganga

Hugmynd um stofnun Listasafns Reykjavíkur kom fyrst fram þegar Ragnar Jónsson í Smára bar hana fram við borgarstjóra; um leið og hann kynnti hugmyndina gaf Ragnar Reykjavíkurborg sjö málverk og eina höggmynd „sem örlítinn vísi að listasafni Reykjavíkur.“ Í bréfi sem Ragnar ritaði borgarstjóranum, Gunnari Thoroddsen, á fimmtugsafmæli sínu 9. febrúar 1954 og

birt var í Morgunblaðinu nokkru síðar,<sup>5</sup> gerði hann grein fyrir hugmynd sinni: „Það sem fyrir mér vakir, er að ýta undir almennar óskir borgaranna um það að allir skólar og menntastofnanir, verði prýddar listaverkum samtíðar málara og myndhöggvara okkar, og að engin opinber stofnun verði reist héðan í frá án þess að nokkrum hundraðshluta byggingarfjárins sé varið til að prýða þær listaverkum, enda sjá nú æ fleiri, að ekkert er jafn hvetjandi, göfgandi og menntandi og dagleg sambúð við fagra list og góðar bókmenntir.“ Ragnar lagði til hugmynd um nýtingu þeirra verka sem hann gaf borginni – og jafnvel skilyrði: „Þegar að því kemur að allir skólar hafa eignast listaverk, sem gerð eru sérstaklega fyrir þá, svo að þessara mynda er þar síður þörf, má flytja málverkin á aðra staði unz bærinn hefur eignast sitt eigið listasafn, en þó aldrei í þau salarkynni, sem almenningur hefur ekki aðgang að.“<sup>6</sup> Þau verk sem Ragnar gaf Reykvikungum eru enn meðal djásna Listasafns Reykjavíkur. Nægir að nefna Hraunteiga við Heklu eftir Jón Stefánsson, Frá Þingvöllum eftir Jóhannes Kjarval og Kossinn eftir Ásmund Sveinsson, en einnig var um að ræða myndir eftir þá Ásgrím Jónsson, Jón Engilberts, Þorvald Skúlason, Gunnlaug Scheving og Jón Þorleifsson, vegleg stofngjöf svo ekki sé meira sagt.

Ekki varð um bein svör borgarstjóra að ræða, en óbeint má segja að þessi gjöf hafi haft ákveðin áhrif á framvindu menningarmála innan Reykjavíkurborgar: á afmælisdegi Reykjavíkur síðsumars (18. ágúst) sama ár skipaði borgarstjóri Listaverkanefnd Reykjavíkur. Verkefni nefndarinnar skyldi vera að gera tillögur til bæjarráðs og borgarstjóra um öflun höggmynda og staðsetningu þeirra til skreytingar í skrudgördum og á öðrum opnum svæðum, og jafnframt um skreytingar opinberra bygginga innan húss og utan, með höggmyndum, málverkum eða öðrum listaverkum.<sup>7</sup> Listaverkanefndin var skipuð öflugum fólki. Formaður var Tómas Guðmundsson skáld, sem var þá formaður Bandalags íslenskra listamanna, en einnig sátu í nefndinni formaður Reykvikingafélagsins, húsameistari ríkisins, formaður Fegrunarfélags Reykjavíkur, þeir Ragnar Jónsson og Sveinn Ásgeirsson, báðir þekktir listunnendur, og loks listfræðingarnir Selma Jónsdóttir, forstöðumaður Listasafns Íslands, og Björn Th. Björnsson. Listaverkanefndin átti eftir að skila drjúgu verki á næstu árum, þó störf hennar væru oft umdeild,<sup>8</sup> og má segja að hún hafi lagt grunninn að þeirri fjölgun listaverka á almannafæri, sem varð í borginni á næstu árum og áratugum – listaverka sem nú eru í umsjón Listasafns Reykjavíkur. Nefndin kom einnig að öðrum þætti í forsögu

safnsins, því að með bréfi dags. 12. mars 1959 óskaði Gunnar Thoroddsen borgarstjóri álits nefndarinnar á því hvort rétt væri að setja á stofn Listasafn Reykjavíkur, hver skoðun nefndarinnar væri á því að slíku safni yrði valinn framtíðarstaður á opnu svæði á Laugarási, og loks hvað nefndinni þætti um að safninu yrði komið fyrir fyrst í stað í Höfða við Höfðatún.<sup>9</sup>

Nefndin brást fljótt og vel við erindinu og í bréfi til bæjarráðs 4. maí sama ár, kom fram að nefndin hefði fyrir löngu síðan tekið til umræðu „þá hugmynd að Reykjavíkurbær kæmi upp safni nútímalistar, er væri í náinni snertingu við bæjarlífið og síferskur vettvangur nýrrar listar í höfuðstaðnum. Hugmyndin hefur þannig falið það í sér þegar frá upphafi, að hér yrði ekki um að ræða listasafn í þeim gamla skilningi, að myndir séu hengdar upp til ævinlegrar veru, umluktar klassískri friðhelgi, heldur væri þar jafnan að sjá það, sem bæri í sér líf og umbrot líðandi stundar. Því var þegar ljóst, að safnrými þyrfti ekki – og mætti raunar ekki – vera mjög stórt, en yrði helst að liggja þannig við, að engum bæjarbúa vær um of úrleiðis.“<sup>10</sup> Þá kom fram að nefndin hafði metið kosti og galla Höfða í þessu skyni, og taldi kostina fyrir lítið listaverkasafn mun fleiri en gallana; loks lagði nefndin fram ýmsar hugmyndir um fyrirkomulag reksturs í Höfða og safns af þessu tagi almennt.<sup>11</sup> Ekki var mikið um viðbrögð af hálfu borgaryfirvalda við þessum tillögum nefndarinnar, og varð ekki frekar úr málinu að sinni.

Ragnar Jónsson í Smára ákvað að gefa listaverkasafn sitt „samtökum erfðismanna“ eins og hann orðaði það í bréfi til Alþýðusambands Íslands 17. júní 1961, er hann tilkynnti ASÍ þá ákvörðun sína að gefa sambandinu einkasafn sitt.<sup>12</sup> Björn Th. Björnsson, listfræðingur, hefur greint frá því að í bréfi til sín þá um sumarið hafi Ragnar sagt að þetta hafi alltaf vakið fyrir sér, að gefa Alþýðusambandinu verk sín, en Björn var annarrar skoðunar: „Ég efast um að það sé rétt. Gjöf hans er öllu heldur augnablikshugljómun en gamall ásetningur.“<sup>13</sup> Það má velta því fyrir sér vegna ofangreindrar forsögu hvort endurtekið sinnuleysi borgaryfirvalda við tillögum sem Ragnar Jónsson hafði átt hlut að um stofnun Listasafns Reykjavíkur kunni að hafa átt sinn þátt í þeirri „augnablikshugljómun“ sem Björn telur að hafi ráðið ráðstöfun Ragnars á listaverkaeign sinni.

Listamannaskálinn sem var reistur árið 1943 við Austurvöll við hlið Alþingishússins af Félagi íslenskra myndlistarmanna<sup>14</sup> var helsta sýningarhúsnæði íslenskra listamanna í nær aldarfjórðung. Sá ágæti skáli

átti aldrei að vera nema bráðabirgðahúsnaði og árið 1963, eftir tuttugu ára notkun, var hann farinn að láta mjög á sjá, og hélt í reynd hvorki vatni né vindum. Myndlistarmenn og listunnendur höfðu miklar áhyggjur af þessu og hvöttu til aðgerða. Á almennum umræðufundi Stúdentafélags Reykjavíkur 23. febrúar hélt Björn Th. Björnsson framsöguerindi um stöðu og stefnu íslenskrar myndlistar, og fór hörðum orðum um sinnuleysi stjórnvalda í málefnum myndlistarinnar, og vísaði meðal annars til ástands skálans: „Síðan í haust [1962] hefur grindarhjallurinn góði, Listamannaskálinn, staðið tómur.“<sup>15</sup> Um haustið 1963 efndi Félag íslenskra myndlistarmanna til happadrættis til að vinna að fjármögnun á nýju sýningarhúsnaði, og í lítilli frétt í *Alþýðublaðinu* sagði meðal annars um tilefnið: „Hið gamla hús félagsins Listamannaskálinn er nú orðinn 20 ára, en var upphaflega byggður til 5 ára. Listamannaskálinn er byggður á lélegum undirstöðum og gólfíð þar af leiðandi orðið mjög skakkt. Húsið er orðið töluvert fúíð og hriplekur á mörgum stöðum og er því orðið miklum vankvæðum bundið að hita það upp.“<sup>16</sup> Við þessar aðstæður lagði Guðmundur Vigfússon borgarfulltrúi fram tillögu í borgarstjórn 21. febrúar 1963, sem hófst með eftirfarandi hætti: „Borgarstjórn ákveður að hefja undirbúning að því að reist verði Listasafn Reykjavíkur, er verði minnisvarði um stofnun lýðveldis á Íslandi 17. júní 1944.[...] Í listasafninu skal m.a. gert ráð fyrir sýningarsölum til almennra sýninga á verkum listamanna.“<sup>17</sup>

Geir Hallgrímsson borgarstjóri lagði til að tillögu Guðmundar yrði vísað til borgarráðs, meðal annars með eftirfarandi rökum: „Í tillögum þeim að væntanlegri ráðhúsbyggingu er gert ráð fyrir, að mikið húsrými verði ætlað listasafni borgarinnar og aðstaða verði þar til kynningar listaverka og sérstakra listsýninga. Að svo miklu leyti sem listaverk í ráðhúsi og væntanlegt ríkislistasafn fullnægi ekki þeim kröfum, sem gera verður í höfuðborginni í þessum efnum, telur borgarstjórn æskilegra, að byggt verði listasafn og listsýningarsalur í tengslum við aðra menningarstarfsemi [...] og með því að athugun fer nú fram á staðsetningu borgarleikhúss og sýningarskála myndlistarmanna og í trausti þess að greitt verði fyrir byggingu þeirra, vísar borgarstjórn tillögu borgarfulltrúa Guðmundar Vigfússonar til borgarráðs.“<sup>18</sup> Var tillaga borgarstjóra samþykkt.

Í frávísunartillögu borgarstjóra kom fram að þessi mál hafi verið á hreyfingu; annars vegar var vísað til salarkynna í fyrirhugaðri ráðhúsbyggingu





Jóhannes S. Kjarval tekur fyrstu skóflustunguna að byggingu Kjarvalsstaða á Miklatúni 18. ágúst 1966 að viðstöddum borgarstjóranum í Reykjavík, Geir Hallgrímssyni. Yst til vinstri stendur Hannes Kr. Davíðsson, arkitekt hússins, og yst til hægri Alfred Guðmundsson, sem var síðar ráðinn fyrsti forstöðumaður Kjarvalsstaða. Mynd: Pétur Thomsen/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

(sem reyndar varð ekkert af), og hins vegar til fyrirhugaðrar nýbyggingar sýningarskála fyrir myndlistarmenn. Verið var að vinna að skipulagi úti-vistarsvæðis við Norðurmýrina sem frá fornu fari hafði heitið Klambtratún (og hefur nú fengið það nafn að nýju eftir að hafa verið nefnt Miklatún um áratugaskeið). Í tillögum frá 1964 að þessu svæði var gert ráð fyrir að þar yrði meðal annars reistur sýningarskáli fyrir myndlist, sem kæmi í stað Listamannaskálans.

Árið 1965 varð Jóhannes Kjarval átræður og þótti ástæða til þess að heiðra hann í tilefni þess. Ragnar Jónsson í Smára hafði fært í tal við

borgarstjóra að borgin hefði forgöngu um byggingu sérstaks húss Kjarval til heiðurs þar sem væri hvort tveggja í senn: húsakynni undir listaverk Kjarvals í eigu Reykjavíkurborgar og svo almennt sýningarhúsnaði er kæmi í stað gamla Listamannaskálans. Borgarstjóra leist vel á þessar hugmyndir og lagði þær fyrir borgarráð sem féllst á að Reykjavíkurborg tæki að sér framkvæmdina. Var gert ráð fyrir tveimur stórum sýningarsölum, en að í tengi-byggingu yrði aðstaða fyrir veitingasölu. Hannesi Kr. Davíðssyni arkitekt, sem Félag íslenskra myndlistarmanna hafði fengið til að gera uppdrætti að nýjum sýningarskála,<sup>19</sup> var falið að teikna myndlistarhús með þessi sjónarmið í huga. Þann 14. október 1965 féllust síðan bæði byggingarnefnd og borgarráð á tillögur hans.<sup>20</sup> Daginn eftir, þann 15. október, varð Kjarval átræður og sýning opnuð á verkum hans í Listamannaskálanum, og skyldi ágóðinn af henni renna til þessa nýja myndlistarhúss; aðgöngumiði gildi sem happdrættismiði og í verðlaun var málverk eftir Kjarval. Í ræðu sem Geir Hallgrímsson borgarstjóri hélt við opnun sýningarinnar, ræddi hann um sýningarhús fyrir íslenska myndlist, sýningarhús myndlistarmanna, og að það yrði tengt nafni Kjarvals.<sup>21</sup>

Á 180 ára afmæli Reykjavíkurborgar, þann 18. ágúst 1966, tók Jóhannes Kjarval fyrstu skóflustunguna að fyrirhuguðu myndlistarhúsi. Borgarstjóri hélt stutt ávarp þar sem hann þakkaði listamanninum og gat þess að þótt engin önnur hátíðahöld yrðu þennan dag væri ekki ólíklegt að síðar myndi talið að þessa afmælis hefði verið minnst á óvenjulega eftirminnilegan hátt. Í blaðafregnum frá atburðinum var þegar farið að tala um húsið sem Kjarvalsstaði (í fyrirsögn á forsíðu Tímans sagði „Stungið fyrir Kjarvalsstöðum“)<sup>22</sup> þannig að það nafn var komið í almenna notkun frá upphafi. Framkvæmdir hófust strax að athöfninni lokinni og stóðu yfir tæp átta ár, en húsið var formlega opnað 24. mars 1973.

Í umræðum um undirbúning og síðan byggingu myndlistarhúss á Miklatúni var ekki minnst sérstaklega á stofnun Listasafns Reykjavíkur, og ekki verður ráðið af heimildum að uppi hafi verið hugmyndir um húsið sem safnbyggingu. Þegar Listasafn Reykjavíkur varð síðan að raunveruleika í lok níunda áratugar síðustu aldar má segja að það hafi fremur gerst sem viðurkenning á eðlilegri þróun í starfseminni en vegna opinberrar umræðu eða vel undirbúinna ákvarðana á opinberum vettvangi.

## Listasafn Reykjavíkur verður til – smám saman

Myndlistarhúsið á Miklatúni var formlega opnað 24. mars 1973 og var opnunarýningin stór sýning á verkum Jóhannesar Kjarvals, tæpu ári eftir andlát listamannsins, 13. apríl 1972.<sup>23</sup> Í opnunarræðu sinni á sýningunni sagði þáverandi borgarstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, meðal annars:

„Í reglum hússins, sem settar voru í borgarráði í samráði við stjórn Bandalags ísl. listamanna, segir að markmið borgarinnar með byggingu og rekstri hússins sé, að þar verði sköpuð aðstaða til að kynna almenningi, eftir því sem aðstæður leyfa og henta þykir, myndverk sem væru í eigu borgarinnar og ekki eru þegar aðgengileg út á við eða í stofnunum borgarinnar, sérstaklega þó verk eftir Jóhannes S. Kjarval. Á mörgum undanförunum árum hefur Reykjavíkurborg eignast drjúgt safn góðra listaverka eftir marga listamenn, eldri sem yngri. Gefst nú tækifæri til að kynna borgarbúum þetta listasafn borgarinnar. Í reglum hússins segir enn fremur, að það sé markmið borgarinnar að í húsinu verði aðstaða til listsýninga innlendra og erlendra manna og samtaka og hvers konar kynningar á lista- og menningarstarfsemi sem eðlilegt þykir að fari þar fram. Samkvæmt þessu á húsið að geta orðið vettvangur myndlistar, tónlistar, bókmenntakynninga, ráðstefna og umræðufunda um hvers konar menningarmál, svo nokkuð sé nefnt af því sem hér á fram að fara.“ Þá bætti borgarstjóri við: „Hér á að vera menningarmiðstöð borgarbúa. Hér á engin fordild að ríkja. Um þetta hús og það sem hér fer fram mega standa stormar, og hér má helzt aldrei ríkja lognmolla. Hér eiga borgarbúar að geta tekið afstöðu með eða móti stefnum og straumum í listum og menningarmálum, rökrætt og deilt, ýmist á umræðufundum, sem hér má halda eða yfir kaffibolla í veitingahúsinu.“<sup>24</sup>

Með þessum orðum borgarstjóra má segja að stigið hafi verið fyrsta skref borgarinnar í átt að framkvæmd hugmynda um listasafn; í húsinu áttu að vera til sýnis, alla tíð, verk í eigu Reykjavíkurborgar, einkum verk Jóhannesar Kjarvals. Annað atriði í ræðu borgarstjóra sem vert er að benda á voru

orð hans um að í húsinu skyldi sköpuð aðstaða til listsýninga innlendra og erlendra manna og samtaka og hvers konar kynningar á lista- og menningarstarfsemi. Næstu tuttugu árin var þeim sem þess óskuðu veittur aðgangur að húsinu á grundvelli umsókna og urðu oft deilur um úthlutanir sýningartíma og -rýma, en það er önnur saga.

Fyrstu árin var rekstur hússins undir stjórn sérstakrar hússtjórnar, sem lét það verða eitt sitt fyrsta verk að leggja til við borgarráð að nafni hússins yrði breytt úr Myndlistarhúsinu við Miklatún í Kjarvalsstaði.<sup>25</sup> Var það samþykkt,<sup>26</sup> enda var nafnið almennt notað um húsið eftir að það hafði komið fram árið 1965 í ræðu borgarstjóra, Geirs Hallgrímssonar, við opnun sýningar í tilefni áttatræðisafmælis Kjarvals.<sup>27</sup> Hússtjórn var skipuð af borgarstjórn, og í henni sátu bæði fulltrúar Reykjavíkurborgar og fulltrúar Bandalags íslenskra listamanna. Hússtjórn Kjarvalsstaða var að nokkrum árum liðnum nefnd „Stjórn Kjarvalsstaða“, og starfaði sem slík til 1986, þegar menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar tók við hlutverki hennar. Forstöðumaður var ráðinn Alfreð Guðmundsson, skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg, sem hafði verið vinur og stuðningsaðili Kjarvals síðustu æviár hans, en Alfreð gegndi stöðu forstöðumanns Kjarvalsstaða til janúarloka 1989.<sup>28</sup> Í starfi sínu kom Alfreð aldrei að ákvörðunum um listræn efni eða val á sýningum; þau verkefni voru í höndum sérstakrar sýningarnefndar sem hússtjórn skipaði og síðar listráðunauta.

Saga Kjarvalsstaða fyrstu tvo áratuginna er hluti af forsögu Listasafns Reykjavíkur, en verður þó ekki rakin frekar hér. Segja má að næsta skref – og það nokkuð stórt skref – í átt að stofnun Listasafns Reykjavíkur hafi verið stigið með ákvörðun um breytingu á samþykkt um Kjarvalsstaði, sem staðfest var á fundi stjórnarinnar 16. mars 1984. Í hinni nýju samþykkt sagði meðal annars:

„1.1. Kjarvalsstaðir eru myndlistarsafn í eigu Reykjavíkurborgar. Með byggingu þess og rekstri er sérstaklega heiðruð minning Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals, listmálara, og skal safnið kappkosta að halda sýningar á verkum hans fyrir almenning ásamt því að framkvæma rannsóknir og útgáfustarfsemi í tengslum við list hans og sögu.

1.2. Kjarvalsstaðir skulu einnig gangast fyrir eða veita aðstöðu til listsýninga innlendra og erlendra manna og samtaka og hvers konar

kynningar á myndlist, tónlist, danslist og öðrum greinum lista og menningarstarfsemi, eftir því sem húsnæðisaðstaða leyfir.

1.3. Á Kjarvalsstöðum hefur Reykjavíkurborg einnig aðstöðu fyrir móttöku gesta í sérstökum tilvikum samkvæmt nánari ákvörðun borgarstjóra í samráði við formann safnstjórnar.

[...]

8.1. Stjórn Kjarvalsstaða annast innkaup á myndlistarverkum fyrir Reykjavíkurborg í samræmi við fjárveitingar til listaverkakaupa, sem veittar eru í fjárhagsáætlun hverju sinni og í samráði við forstöðumann.<sup>29</sup>

Hér var um róttækar breytingar að ræða, þó þær hafi ekki vakið mikla athygli á þessum tíma. Í fyrri reglum um Kjarvalsstaði hafði verið talað um að í húsinu væri „aðstaða til“, það er að Kjarvalsstaðir væru (hlutlaus) skel utan um listsýningar og aðra starfsemi sem ákveðið yrði að færu þar fram. Í ofangreindum liðum 1. greinar hinnar nýju samþykktar var hins vegar talað um Kjarvalsstaði sem virka stofnun, það er myndlistarsafn, sem skyldi vinna að sýningarhaldi, rannsóknum og útgáfustarfsemi um verk Kjarvals, en jafnframt gangast fyrir annarri sýningarstarfsemi og kynningu á myndlist og öðrum listgreinum og menningarstarfsemi. Þá var talað um stjórn Kjarvalsstaða sem safnstjórn, sem samkvæmt 8. grein skyldi meðal annars annast innkaup listaverka fyrir Reykjavíkurborg, sem er almennt eitt mikilvægasta verkefni listasafna, það er að efla og styrkja safneignina á hverjum tíma.

Önnur mikilvæg breyting sem átti eftir að hafa mikil áhrif á þróun mála varð árið 1986, þegar menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar var sett á fót. Nefndin tók við yfirstjórn menningarstofnana borgarinnar (Árbæjarsafns, Ásmundarsafns, Borgarbókasafns, Borgarskjallasafns, Gerðubergs og Kjarvalsstaða), en sérstök stjórn Kjarvalsstaða var lögð niður. Eftir þetta var rekstur Kjarvalsstaða gjarna skoðaður í samhengi annarrar menningarstarfsemi á vegum borgarinnar, sem ekki hafði verið til staðar áður.<sup>30</sup>

Segja má að lokaskrefin í átt að tilurð Listasafns Reykjavíkur í reynd hafi verið tekin í formi mannráðninga fremur en að um beina stefnumótun borgaryfirvalda hafi verið að ræða. Á fundi 5. febrúar 1987 samþykkti menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar tillögu um að ráða



Mynd. Ásmundur Sveinsson myndhöggvari og Þorbergur Þórðarson rithöfundur á sýningarsvæði fyrir framan íbúðarhús og vinnustofu Ásmundar í Sigtúni árið 1965. Ljósmyndari Helena Kadecková/Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni.

Einar Hákonarson í stöðu aðstoðarforstöðumanns – listráðunauts að Kjarvalsstöðum til fjögurra ára.<sup>31</sup> Einar staldraði stutt við og sagði upp störfum frá og með 16. september sama ár,<sup>32</sup> og á fundi nefndarinnar 8. október það ár var Gunnar B. Kvaran, sem jafnframt gegndi stöðu forstöðumanns Ásmundarsafns, ráðinn í stöðu aðstoðarforstöðumanns – listráðunauts Kjarvalsstaða til fjögurra ára.<sup>33</sup>

Í kjölfar breytinganna sem urðu haustið 1987 var farið að tala um „listasöfn Reykjavíkurborgar“ – með vísan til safnhúsanna tveggja, það er Kjarvalsstaða og Ásmundarsafns, sem Gunnar starfaði fyrir. Sem forstöðumaður Ásmundarsafns og aðstoðarforstöðumaður – listráðunautur Kjarvalsstaða var Gunnar enn eini faglegi starfsmaður þessarar einingar, en á fundi menningarmálanefndar 10. mars 1988 var eftirfarandi bókað: „Rætt um starf safnvarðar við listasöfn Reykjavíkurborgar. Samþykkt að leggja til við borgarráð að heimila stöðuna, enda verði staða forstöðumanns Ásmundarsafns sameinuð starfi listráðunautar Kjarvalsstaða, sem verði starf listráðunautar listasafna Reykjavíkurborgar.“<sup>34</sup> Samþykkt var á fundi menningarmálanefndar 10. mars 1988 að ráða Eirík Þorláksson



í stöðu safnvarðar við listasöfn Reykjavíkurborgar,<sup>35</sup> og var hann fyrsti starfsmaðurinn sem var ráðinn til safnanna samkvæmt þessari skilgreiningu.

Síðasta skrefið í þessu ferli var síðan stigið í ársbyrjun 1989, þegar Alfreð Guðmundsson lét af störfum sem forstöðumaður Kjarvalsstaða. Borgarráð samþykkti tillögu menningarmálanefndar um að Gunnar B. Kvaran skyldi ráðinn í hans stað til sex ára frá 15. febrúar 1989 að telja,<sup>36</sup> en jafnframt var stöðuheitinu breytt í „forstöðumaður listasafna Reykjavíkurborgar,“ sem væru Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn.<sup>37</sup>

Eins og fram kom í inngangi var nafnið „Listasafn Reykjavíkur“ notað í fyrsta sinn um sama leyti, í sýningarskrá fyrstu boðssýningarinnar á vegum Kjarvalsstaða, væntanlega á grundvelli ákvörðunar forstöðumanns þar að lútandi. Árið 1990 var í fyrsta sinn auglýst eftir starfsmanni í nafni Listasafns Reykjavíkur (safnkennara)<sup>38</sup> – heilum þrjátíu og sex árum eftir að Ragnar Jónsson í Smára hafði fyrst sett fram tillögu um stofnun slíks safns. Nafnið festi sig í sessi á næstu árum undir forystu Gunnars B. Kvaran; starfsfólk var ráðið og samningar gerðir í nafni þess, þrátt fyrir skort á formlegum grundvelli í reglum eða samþykktum borgarinnar.

## Stofngjafir

Mörg listasöfn jafnt hér á landi sem annars staðar hafa orðið til fyrir stofngjafir listamanna eða listunnenda. Þannig var Safn Einars Jónssonar gjöf listamannsins til þjóðarinnar,<sup>39</sup> Ásgrímur Jónsson ánafnaði íslensku þjóðinni öll eftirlátin listaverk sín ásamt húseign sem hýsir Ásgrímssafn og er nú er hluti Listasafns Íslands,<sup>40</sup> sem einnig naut veglegrar stofngjafar þegar það var stofnað;<sup>41</sup> einnig má nefna stofngjöf Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnafjarðar<sup>42</sup> og stofngjöf Ragnars Jónssonar til Listasafns ASÍ,<sup>43</sup> sem dæmi um þann grundvöll sem slíkar gjafir hafa skapað listasöfnum hér á landi. Listasafn Reykjavíkur hefur einnig notið slíkra gjafa. Safneign þess skiptist í meginþáttum í fimm hluta, það er Kjarvalssafn, Ásmundarsafn, Errósafn, almenna safneign og listaverk í almenningsrými, en fyrstu þrír hlutarnir byggja á veglegum stofngjöfum, sem hafa átt mikilvægan þátt í að móta Listasafn Reykjavíkur og starfsemi þess. Því er vert að fjalla sérstaklega um þessar stofngjafir og tilurð þeirra.



## Gjöf Kjarvals

Á haustmánuðum 1968 voru myndverk, teikningar og aðrir munir teknir úr vinnustofu Kjarvals að Sigtúni 7 og færðir til Reykjavíkurborgar. Í síðari frásögnum kom fram að listamanninum hafi verið umhugað um að verk hans og munir dreifðust ekki meira en orðið var og að á fundi með borgarstjóra, Geir Hallgrímssyni, 7. nóvember það ár, hafi Kjarval lýst þeim vilja sínum að Reykjavíkurborg eignaðist þessa muni og varðveitti á Kjarvalsstöðum. Geir taldi að listamaðurinn hafi ekki viljað að skýrt yrði frá gjöfinni opinberlega og því var ekki einu sinni bókað um þetta í fundargerðum borgarráðs, því slík gögn voru opinber.<sup>44</sup>

Erfingjar Kjarvals véfengu síðar þennan gjörning, það er að um gjöf hafi verið að ræða, og töldu að Kjarval hafi einungis verið að afhenda Reykjavíkurborg umrædda muni til geymslu. Deilan var loks leidd til lykta þegar heimiluð var endurupptaka skipta dánarbús Jóhannesar S. Kjarvals árið 2004, en þá var þess krafist fyrir hönd dánarbúsins að Reykjavíkurborg afhenti erfingjunum öll myndverk og aðra muni sem teknir voru úr vinnustofu Kjarvals síðari hluta árs 1968. Þeirri kröfu var hafnað, og fór málið fyrir dómstóla. Þar varð niðurstaðan sú, bæði fyrir héraðsdómi<sup>45</sup> og hæstarétti,<sup>46</sup> að sannað þótti að Jóhannes Kjarval hafi gefið Reykjavíkurborg þá muni sem um var að ræða og að um löglegan gjafagjörning hafi verið að ræða. Gjöf Kjarvals samanstóð af listaverkum eftir hann sjálfan (þar voru teikningar veigamesti hlutinn, en fá málverk), listaverkum eftir aðra listamenn, ýmsum munum (penslum, litaspjöldum, höttum, krúsum og svo framvegis) og bókum, og var gjöfin skráð á vegum Reykjavíkurborgar nokkrum árum eftir að hún barst.

Fyrstu fregnir af gjöfinni komu fram í lítilli grein í Morgunblaðinu 2. nóvember 1971, þar sem þó var aðeins talað um „stórt safn teikninga.“<sup>47</sup> Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri vísaði síðan til hennar þegar hann sagði í opnunarræðu sinni á Kjarvalsstöðum 24. mars 1973 að þar yrðu sýnd „[...] myndverk sem væru í eigu borgarinnar og ekki eru þegar aðgengileg út á við eða í stofnunum borgarinnar, sérstaklega þó verk eftir Jóhannes S. Kjarval.“<sup>48</sup>

Kjarvalssafn hefur myndast á grundvelli þessarar gjafar. Reykjavíkurborg átti fyrir fjölda verka Kjarvals og eftir að hún barst hefur safnið haldið áfram að vaxa jafnt og þétt, bæði fyrir kaup á verkum og gjafir fjölmargra

listunnenda. Safnið telur nú um fimm þúsund og fjögur hundruð málverk og teikningar, auk skjala og annarra muna, og er að mestu varðveitt á Kjarvalsstöðum. Rannsóknir á verkum Kjarvals, skjölum hans og öðrum gögnum hafa verið snar þáttur í starfsemi Listasafns Reykjavíkur alla tíð, enda grundvöllur allrar fræðslu-, miðlunar og útgáfustarfs safnsins um listamanninn, og mun væntanlega svo vera áfram um ókomna tíð.

## Gjöf Ásmundar Sveinssonar

Vorið 1973 varð Ásmundur Sveinsson átræður (20. maí) og „í tilefni af því hefur hann opið safn sitt fyrir hvern sem vill á tímanum 2 – 9. Sjálfur verður Ásmundur að heiman.“<sup>49</sup> Um svipað leyti virðist Ásmundur hafa ákveðið að gefa Reykjavíkurborg hús sitt og allar höggmyndir, og tilkynnti Birgi Ísleifi Gunnarssyni borgarstjóra þetta með bréfi 8. október sama ár. Í bréfinu þakkaði hann Reykjavíkurborg ýmsan stuðning í gegnum árin og lýsti því yfir að hann vildi fela borginni myndir sínar, meðal annars í garðinum við hús sitt, til umsjónar í framtíðinni. Þar sem þetta gerðist aðeins fáeinum mánuðum eftir að Kjarvalsstaðir voru opnaðir (24. mars) og greint var frá gjöf Kjarvals til Reykjavíkurborgar er ekki óeðlilegt að álykta að það fordæmi hafi mögulega haft nokkur áhrif á ákvörðun Ásmundar. Þó hefur væntanlega vegið þyngra í huga listamannsins að hann hafði lengi átt í góðri samvinnu við borgaryfirvöld, sem höfðu keypt og komið afstepum af ýmsum verka Ásmundar fyrir í borginni í góðri samvinnu við listamanninn. Til að fylgja ákvörðun sinni eftir undirritaði Ásmundur yfirlýsingu 3. september 1976 þar sem hann gaf Reykjavíkurborg kost á að taka við höggmyndasafni sínu og vinnustofum við Sigtún að honum látnum, meðal annars með þeim skilyrðum að borgin mundi sjá um allt viðhald húsa og verka, skipa safninu sérstaka stjórn og setja því reglugerð þar sem kæmi fram að safnið skyldi opið fyrir Reykvíkinga og gesti í borginni.<sup>50</sup>

Reykjavíkurborg tók formlega við gjöfinni 21. maí 1983, þegar Ásmundarsafn var opnað með viðamikilli sýningu á verkum frá öllum ferli listamannsins, en Ásmundur (sem lést 9. desember 1982<sup>51</sup>) hefði orðið níræður daginn áður. Gunnar B. Kvaran hafði verið ráðinn forstöðumaður safnsins frá 1. maí sama ár,<sup>52</sup> og í blaðafregnum um opnun safnsins og sýningarinnar kom fram að í safninu væri skráðar um þrjú hundruð og fimmtíu höggmyndir, um

tvö þúsund teikningar og fjöldi ljósmynda sem sýndu ólík stig í listsköpun Ásmundar.<sup>53</sup>

Með opnun Ásmundarsafns var það gert að borgarsafni, eins og fram kom í fyrirsögn eins dagblaðsins;<sup>54</sup> Reykjavíkurborg var loks orðin eigandi listasafns. Næstu árin eftir opnun safnsins var farið í endurbætur á byggingum þess, og fram komu hugmyndir um tengingu milli íbúðarhússins og bogaskemmunnar, sem Ásmundur hafði smíðað sem vinnustofu og geymslurými fyrir stór verk. Að endingu var Manfreð Vilhjálmsson arkitekt fenginn til að hanna tengibyggingu milli húsanna tveggja ásamt nauðsynlegum breytingum vegna hennar, og var tengibyggingin tekin í notkun árið 1991.<sup>55</sup>

## Gjöf Errós

Samhliða opnun sýningar á verkum Errós á Kjarvalsstöðum 16. september 1989 var tilkynnt um veglega gjöf listamannsins á fjölda verka til Listasafns Reykjavíkur: „Opnuð var sýning á Kjarvalsstöðum, Listasafni Reykjavíkur, á 110 verkum eftir Erró frá síðustu fimm árum. Við opnunina tilkynnti borgarstjórinn, Davíð Oddsson, um mikilsháttar gjöf listamannsins til borgarinnar. Í henni voru 232 málverk, 406 vatnslita- og gvassmyndir, 146 grafíkmyndir, 1200 teikningar, 95 klippimyndir, 12 skúlptúrar og ennfrekar teikniblokkir, dagbækur, bréf, póstkort, ljósmyndir, litskyggjur, veggspjöld, bækur og blaðaurklippur. Hann greindi frá því að aukið yrði við safneignina á næstu árum – einkum frá Erró sjálfum – til þess að geta gefið sem besta mynd af listferli hans.“<sup>56</sup>

Mikið var fjallað um listaverkagjöfina í fjölmiðlum eftir opnun sýningarinnar. Í einni blaðagrein var haft eftir Garðari Svavarsyni, vini Errós, að gjörningurinn hafi lengi blundað í listamanninum:

„Að sögn Garðars hefur það búið lengi í Erró að koma hingað heim með safn sitt til að gefa íslensku þjóðinni. „Hann langaði til þess að Íslendingar ættu verk eftir sig. Ég reikna ekki með að hann haldi margar sýningar eins og þessa hér í framtíðinni. Ég reikna með að þær verði minni ef þær verða einhverjar,“ sagði Garðar. „Þó að hann hafi gefið safn sitt til borgarinnar þá er það að sjálfsögðu gjöf til allrar þjóðarinnar. Hann taldi best að borgin varðveitti það og ég held að allir séu sáttir við það.“<sup>57</sup>

# Morgunblaðið

STOFNAD 1913

211. tbl. 77. árg.

SUNNUDAGUR 17. SEPTEMBER 1989

PRENTSMIDJA MORGUNBLAÐSINS



Borgarsjóri naut leiðsagnar Errós þegar hann skoðaði málverk úr gjöfnni í málverkageymslum Kjarvalstada. Myndin á milli þeirra heitir Ljörinn (151x227 m) frá árinu 1956.

## Erró gefur Reykjavíkurborg um tvö þúsund listaverk

Við opnun sýningar á málverkum eftir Erró á Kjarvalstöðum, tilkynnti Davíð Oddsson borgarsjóri, að listamaðurinn hefði gefið Reykjavíkurborg safn listaverka eftir sig. Spanna verkin, sem eru um tvö þúsund talsins, nánast allan feril listamannsins, allt frá æsku-árum til myndna síðustu ára.

Móal verka se Erró gefur eru 232 olíumálverk, 406 vatns-litamyndir og þekjutilmyndir, 146

grafítilmyndir, 1200 teikningar, 95 samklippur auk þess skilríkja, dagbækur, bréfasafn, ljósmýndir,

plaköt, greinar og bækur. Í raðu borgarsjóra í gær kom fram að safnið væri fullkomna safn eftir einn listamann hér á landi. „Fyrstu verkin gerði hann 10 ára gamall og síðan reka hann sig í gegnum árin, gegnum töluna, gegnum stefnur, gegnum hvega syru verka hans, en línar fregra syru eru nú orðnar 42 talsins og þrjú mál-

verk að meðaltali úr hverri syru fylgja gjöfnni. Þessi gjöf verður aðreið að fullu meðin til fjár.“  
Að sögn Gunnars B. Kvaran forstöðumanna listasafna Reykjavíkurborgar, er nokkað um líðin síðan Erró fór að hugsa um að gefa Reykjavíkurborg safn verka sína. „Það eru mörg söfn í borgum Frakklands sem hafa falið eftir

þessu safni,“ sagði Gunnar. „Það fylgir mikill áb. rýð að taka við slíku gjöf.“

Sjá bakslóðfrétt, svipmynd um Erró bls. 6, raðu Davíðs Oddssonar bls. 14 C og grein Eiríks Þorlákssonar um „stórfréttlega listaverkagjöf Errós“ á bls. 23 C.

10  
**GLÓRULAUST OFBELDI**

FRÍÐ VABD  
AÐ  
FLÓTTA FRÁ  
FÖÐURLANDINU 14

SAMBÖND  
BJARGA SAMBANDINU  
16-17

BLAÐ  
SUNNUDAGUR  
SEXTÁN  
GIRAN  
AFRAM

Forsíða Morgunblaðsins sunnudaginn 17. september 1989, daginn eftir að tilkynnt var um gjöf Errós til Listasafns Reykjavíkur við opnun sýningar á verkum hans á Kjarvalstöðum. Erró og Davíð Oddsson borgarsjóri skoða saman nokkur verk úr gjöfnni.

Í ræðu borgarstjóra kom fram að það væri ætlun listamannsins að auka við safnið í framtíðinni, og hefur það svo sannarlega gengið eftir. Erró hefur haldið áfram að bæta jafnt og þétt í safneign Errósafns í þann rúma aldarfjórðung sem liðinn er frá því að tilkynnt var um gjöfina, og nú eru skráð um fjögur þúsund og sjö hundruð verk í safninu, ríflega tvöfalt fleiri en vísað var til í opnunarræðu borgarstjóra.

## Uppbygging – hugmyndir og framkvæmdir

Húsakostur Listasafns Reykjavíkur til varðveislu listaverka var í upphafi árs 1989 langt frá því að vera fullnægjandi fyrir safn. Það hafði yfir Ásmundarsafni við Sigtún að ráða, en sýningarrými þess var helgað verkum Ásmundar, og geymslurými nær ekkert. Þó safnið hafi haft starfsaðstöðu sína á Kjarvalsstöðum og verk og munir Kjarvals hafi verið varðveitt þar, var listasafnið í reynd ekki húsráðandi þar. Húsbóndavaldið var í höndum menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, og allt frá opnun hússins höfðu sýningarsalir á Kjarvalsstöðum að mestu verið leigðir út á grundvelli umsókna listamanna, félaga eða samtaka. Sem dæmi um þessa útleigu má nefna að 1988 voru haldnar alls þrjátíu og átta sýningar á Kjarvalsstöðum, en einungis átta þeirra voru á vegum menningarmálanefndar eða í samvinnu hennar við aðra aðila; hinar voru á vegum listamanna eða hópa sem leigðu sali Kjarvalsstaða til sýninga á eigin vegum.<sup>58</sup>

## Kjarvalshús

Verk Kjarvals höfðu í mörg ár ekki alltaf verið aðgengileg gestum, og voru nær einvörðungu sýnd á sérstökum sumarsýningum. Til að leysa þetta vandamál var meðal annars rætt um að byggja sérstakt hús sem eingöngu yrði undir verk og veraldlegar eigur Kjarvals. Var Guðmundur Jónsson arkitekt fenginn til þess að gera tillögur um lausnir á þessu viðfangsefni,<sup>59</sup> og kynnti hann hugmyndir sínar í mars 1989.<sup>60</sup> Þær fólust í tillögu um byggingu sérstaks Kjarvalshúss, sem yrði að mestu neðanjarðar í túninu framan við Kjarvalsstaði, og tengt þeim með jarðgöngum.

Þessar hugmyndir mættu þegar nokkurri andstöðu, og var því meðal annars haldið fram að nærtækara væri að endurskoða fyrirkomulag



sýningarhalds á Kjarvalsstöðum. Í blaðafregn sem bar yfirskriftina „Úthýsa Kjarval vegna ómerkilegra sýninga“ var bent á að „Upphaflega var húsið byggt sem Kjarvalsstaðir og í öðrum salanna áttu ávallt að veru uppi hangandi verk eftir Kjarval og af og til sýningar á fleiri af málverkum hans. Nú stendur til að úthýsa honum endanlega með þeim hætti að byggja einhverskonar Kjarvalsrannsóknarstofu neðanjarðar en þá verður ekkert eftir af málaranum í húsinu sjálfu. Húsið er ætlað til að sýna verk Kjarvals en ekki hefur verið staðið við þau fyrirheit.“<sup>61</sup> Hugmyndir um viðbyggingu við Kjarvalsstaði urðu ekki að veruleika, enda kom síðar á árinu 1989 fram stærri og veigameiri hugmynd, sem sett var í forgang.

## Korpúlfsstaðir

Í ræðu sinni við opnun sýningar Errós á Kjarvalsstöðum sagði Davíð Oddsson meðal annars um gjöf Errós á listaverkum til borgarinnar: „Gjöfin kallar á stórhug. Hún hreinlega æpir á stórhug. Og á þessum tíma fellur sú krafa vel að þeim hugmyndum sem borgaryfirvöld hafa um næstu skref á menningarsviðinu. Nú, þegar Borgarleikhús er senn fullbúið, þegar Viðeyjarstofa stendur loks reisuleg í góðu gildi og tvö önnur stórhýsi eru langt komin í borginni, vill borgin snúa sér að því að gera upp með myndarbrag hið stórkostlega hús Thors Jensens, Korpúlfsstaði. Það hús er sérstök standmynd um stórhug; stórhug, sem gnæfir upp úr öllu öðru á sínum tíma. Sá stórhugur minnir helst á gjöfina, sem við erum að veita viðtöku í dag.“ Og borgarstjóri bætti við: „Það er hugmynd borgaryfirvalda, að Korpúlfsstaðir verði gerðir upp; þar verði í framtíðinni menningin mjólkurkýrin og listin lífsmjólkinn. Hugmyndin er að taka góðan hluta af því mikla húsi undir safn listamannsins Errós. Annars staðar í húsinu verður rými fyrir margvíslega aðra menningarstarfsemi, jafnt leiklist, höggmyndalist, ritlist og tónlist.“<sup>62</sup>

Þessum orðum borgarstjóra var fylgt eftir í borgarráði 19. september 1989 með samþykkt um skipan byggingarnefndar „til að undirbúa og hafa umsjón með framkvæmdum við uppbyggingu Korpúlfsstaða, sem lista- og menningarmiðstöðvar, þar sem meðal annars verði staðsett listasafn kennt við Erró. [...] Er miðað við að nefndin láti á næsta ári gera úttekt á Korpúlfsstöðum og jafnframt hefja hönnun á staðnum sem listamiðstöð, en framkvæmdir hefjist að öðru leyti á árinu 1991.“<sup>63</sup> Korpúlfsstaðanefnd<sup>64</sup>

vann sín verk á næstu árum – fór meðal annars erlendis til að kanna sam-  
bærilegar lista- og menningarmiðstöðvar, valdi hönnuði, rannsakaði ástand  
hússins og svo framvegis, en þó ekki eins hratt og borgarstjóri hafði talið  
mögulegt. Hugmyndir nefndarinnar voru loks kynntar í borgarráði í apríl  
1993 ásamt fjárhagsáætlun, og var fjallað ítarlega um þær í fjölmiðlum í  
kjölfarið.<sup>65</sup>

Fljótlega komu fram miklar efasemdir um hugmyndirnar, bæði vegna  
kostnaðar<sup>66</sup> og vegna málsins í heild; mönnum þótti þetta dýr kostur til  
þess að hýsa Errósafnið, og að aðrir hlutar listamiðstöðvarinnar vikju fyrir  
því. Samtök listamanna brugðust hart við, efndu til málþings um stjórn-  
kerfi menningarinnar í borginni og töldu að því fé sem væri ætlað til fram-  
kvæmdanna mætti verja með skynsamlegri hætti.<sup>67</sup> Síðar um sumarið kom  
síðan fram sérfræðialit þar sem því var haldið fram að aðeins væri hægt  
að nýta 5-10% útveggja Korpúlfsstaða, annað væri ónýtt; því þyrfti að  
endurbyggja húsið að nær öllu leyti.<sup>68</sup> Við fregnirnar jukust efasemdir um  
uppbygginguna enn frekar, og í skoðunarkönnun sem eitt dagblaðanna efndi  
til í lok nóvember 1993 kom í ljós að meirihluti borgarbúa var andvígur því að  
ráðist yrði í endurbyggingu Korpúlfsstaða sem listasafns.<sup>69</sup> Við undirbúning  
fjárhagsáætlunar næsta árs (1994) var ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til  
framkvæmda við Korpúlfsstaði af hálfu Reykjavíkurborgar.

Eftir kosningar til borgarstjórnar vorið 1994 má segja að fyrirætlanir um  
uppbyggingu lista- og menningarmiðstöðvar á Korpúlfsstöðum hafi endanlega  
verið slegnar af. Húsið stendur þó enn og hefur verið notað með marg-  
víslegum hætti (svo sem fyrir vinnustofur listamanna), án endurbyggingar,  
og árið 1995 var meðal annars leitað eftir hugmyndum borgarbúa um fram-  
tíðarhlutverk hússins. Sama ár var einnig gerður samningur milli borgarinnar  
og Golfklúbbs Reykjavíkur um afnot klúbbsins af austurálmú hússins<sup>70</sup> þar  
sem starfsemi klúbbsins hefur gengið með ágætum síðan – án þess að þurft  
hafi að eiga sérstaklega við útveggi þess.

## **Byggingarlistardeild**

Haustið 1993 var stofnuð sérstök byggingarlistardeild við Listasafn  
Reykjavíkur; líta má á stofnun hennar sem eins konar afmælisgjöf til safnsins,  
þegar tuttugu ár voru liðin frá opnun Kjarvalsstaða.<sup>71</sup> Pétur H. Ármannsson



var ráðinn deildarstjóri hinnar nýju einingar, sem varð snemma þekkt fyrir öflugt starf í góðri samvinnu við alla þá sem sinna byggingarlist og sögu hennar. Deildin bætti úr brýnni þörf í safnaflóru landsins, þar sem byggingarlistin hafði fram að því ekki átt heimilisfestu. Undir stjórn Péturs var unnið ötullega að þeim markmiðum að safna gögnum og heimildum um íslenska byggingarlist, efla rannsóknir og fræðileg umfjöllun um byggingarlist almennt og standa fyrir faglegu fræðslustarfi og sýningum um íslenska og erlenda byggingarlist.

Starfsemin vakti fljótt eftirtekt og átti eflaust sinn þátt í að auka skilning almennings á gildi byggingarlistar og sögu hennar fyrir samfélagið, og fjölmargar sýningar sem deildin stóð að vöktu verðskuldaða athygli. Meðal þeirra má nefna sýningar um arkitektana Einar Sveinsson (1995), Sigurð Guðmundsson (1997) og Högnu Sigurðardóttur (2008), og sýningar um skipulagsmál eins og „Borgarhluti verður til“ (um uppbyggingu nýrra hverfa Reykjavíkur á eftirstriðsárunum) (1999), „Byggt yfir hugsjónir: Breiðholt frá hugmynd að veruleika“ (2002), og loks „Vatnsmýri, 102 Reykjavík“ (2008), þar sem sýndar voru hugmyndir um hvernig byggð á flugvallarsvæðinu gæti litið út.

## Breyting á rekstri Kjarvalsstaða

Sem fyrr segir var rekstur Kjarvalsstaða allt frá 1973 með þeim hætti að listamenn, félög og hópar gátu óskað eftir að fá sýningarsali hússins leigða til sýningarhalds, en stjórn Kjarvalsstaða og síðar menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar stóð að nokkrum sýningum árlega í eigin nafni. Þetta varð til þess að fjöldi sýninga var mikill; árlegar sýningar voru allt að þrjátíu og átta talsins (1987 og 1988), oft æði misjafnar að gæðum, svo um var talað í fjölmiðlum: „Hvað varðar aðrar sýningar sem settar eru upp í húsinu mætti alveg sleppa helmingnum af þeim. Margar þeirra eru svo ómerkilegar að þær eru húsinu og aðstandendum þess til skammar.“<sup>72</sup>

Það kann að hafa verið í ljósi slíkrar gagnrýni, sem og með tilliti til þarfar á auknu sýningarrými fyrir safneign Listasafns Reykjavíkur, að borgarráð samþykkti sumarið 1992 tillögu menningarmálanefndar þess efnis að nefndin skyldi alfarið sjá um sýningar að Kjarvalsstöðum.<sup>73</sup> Samkvæmt tillögunni átti fyrirkomulagið að gilda til reynslu í tvö ár, það er 1993 og 1994, en frá

Þessum tíma hefur ekki verið snúið aftur til fyrri háttá.

Listasafn Reykjavíkur hafði þar með loks öðlast húsbóndavald á Kjarvalsstöðum. Eftir þetta hefur íslenskum og erlendum listamönnum verið boðið að sýna verk sín þar á grundvelli tillagna forstöðumanna, samhliða því sem safnið hefur sjálft staðið að sýningum af ýmsu tagi. Þetta leiddi í upphafi til þess að árlegum sýningum fækkaði frá því sem verið hafði (voru yfirleitt innan við tuttugu árlega 1994-2000), en í staðinn stóðu þær lengur, meira var lagt í umgjörð þeirra, svo sem eins og sýningarskrár og fræðslu fyrir nemendahópa og almenning. Þannig var lagður grunnur að því skipulagi sýningastarfs sem einkennir safnið enn í dag.

## Hafnarhúsið

Með ákvörðun um að hætta að leigja sali Kjarvalsstaða út til listamanna var komið til móts við þann vanda sem fyrirhuguðu Kjarvalshúsi hafði verið ætlað að leysa, það er að skapa aukið rými fyrir sýningar á verkum í eigu Kjarvalssafns. Eftir að hugmyndir um uppbyggingu Korpúlfsstaða dögudu uppi var vandi almennrar listaverkæignar safnsins, sem og Errósafns, hins vegar enn óleystur. Fyrstu vísbendingar um hver lausnin yrði komu fram í lítilli frétt haustið 1994: „Allar líkur eru á því að Listasafni Reykjavíkur og nýju Errósafni verði valið framtíðarhúsnæði í Hafnarhúsinu í Reykjavík. Búist er við að Guðrún Jónsdóttir, formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, kynni tillögur sínar um framtíðarhúsnæði safnanna á fundi nefndarinnar á morgun og þá verði tekin stefnumarkandi ákvörðun um að setja söfnin upp í Hafnarhúsinu. Ákvörðun um framtíðarhúsnæði Listasafns Reykjavíkur og Errósafns fær að öllum líkindum endanlega umfjöllun í borgarráði eftir helgi.“<sup>74</sup> Þetta gekk eftir. Á grundvelli þeirra tillagna sem vísað er til í fréttinni var settur á laggirnar starfshópur um málefni Hafnarhúss,<sup>75</sup> sem vann næstu árin að frekari undirbúningi málsins, og voru tillögur hans um nýtingu Hafnarhússins og uppbyggingu Listasafns Reykjavíkur þar lagðar fyrir borgarráð í febrúar 1996.<sup>76</sup> Eftir var til samkeppni um hönnun safnsins í húsinu, og niðurstöðurnar kynntar á sýningu á Kjarvalsstöðum vorið 1996. Tillaga Studio Granda, sem arkitektarnir Margrét Harðardóttir og Steve Christer stóðu að, varð fyrir valinu, og önnuðust þau hönnun hússins.

Vinna við húsið hófst af fullum krafti við endurbyggingu Hafnarhússins

árið 1998, og á Listahátíð þá um vorið var efnt til sýningar á stórum verkum Errós í húsinu hálfkörüðu, en niðurrifi innanhúss var lokið og því hægt að sjá hvernig sýningarsalir mundu líta út. Vakti sýningin mikla forvitni um húsnæðið.<sup>77</sup> Framkvæmdir gengu síðan eftir áætlun og voru sýningarsalir Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu formlega opnaðir þann 19. apríl árið 2000 (þegar Reykjavík var ein af menningarborgum Evrópu) með sýningu úr safneigninni undir heitinu „Myndir á sýningu“.<sup>78</sup> Listasafn Reykjavíkur var með opnuninni – og síðar með flutningi á skrifstofum safnsins í Hafnarhús og opnun á varðveislurými þar, einkum fyrir Errósafnið – komið í þá mynd sem það er í enn í dag; með sýningarrými í Ásmundarsafni, á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi, með varðveislurými og vinnuáðstöðu fyrir starfsfólk í tveimur síðarnefndu húsunum og ábyrgð á útilistaverkum um allt borgarlandið.

### **Þróun starfseminnar**

Segja má að uppvaxtarár starfsemi Listasafns Reykjavíkur hafi staðið frá 1989 til 2002, eða frá þeim tíma að fyrsti forstöðumaður þess var ráðinn til starfa<sup>79</sup> og til þess að fyrsta samþykkt um safnið var staðfest í borgarráði.<sup>80</sup> Það er ljóst að starfsfólk safnsins var helsti drifkrafturinn í þessari þróun, sem varð í náinni samvinnu við menningarmálanefnd, sem fór með stjórn safnsins, en þar voru í forystu á þessum tíma fyrst Hulda Valtýsdóttir (formaður 1986-1994) og síðan Guðrún Jónsdóttir (formaður 1994-2002). Þegar Gunnar B. Kvaran var ráðinn forstöðumaður Kjarvalsstaða (auk Ásmundarsafns) árið 1989 var hópur starfsmanna ekki stór; auk hans störfuðu við safnið safnvörður, skrifstofustjóri og húsvörður, og síðan gæslufólk. Smám saman fjölgaði þó í hópi faglærðra starfsmanna; safnkennari bættist við 1991, eins og áður segir, og síðan deildarstjóri byggingarlistardeildar, þegar hún var stofnuð 1993.

Í blaðagrein eftir Þorra Hringsson, myndlistarmann, sem birtist í mars 1993, var fjallað um þær breytingar sem orðið höfðu á rekstri Kjarvalsstaða árin á undan. Undir yfirskriftinni „Safn í mótun“ vísaði Þorri meðal annars til breytinga á stjórnarsýslu Kjarvalsstaða, boðssýninganna sem hófust 1989, ákvörðunar um að hætta að leigja út sali og að safnið ætti að standa fyrir öllum sýningum í húsinu, en einnig til sýninga erlendra listamanna sem boðið hafði verið á Kjarvalsstaði, aukinnar útgáfu sýningarskráa, fræðslustarf-

semi og fyrirhugaðs bókasafns, svo eitthvað sé nefnt. Að lokum komst Þorri að eftirfarandi niðurstöðu: „Á þessum tímamótum er ekki hægt að segja annað en bjart sé yfir framtíð Listasafns Reykjavíkur og Kjarvalsstaða. Þar er stöðugt unnið að því að bæta þjónustu safnsins og móta það umhverfi sem listin er í núna.“<sup>81</sup>

Árið 1995 var Gunnar B. Kvaran endurráðinn til fjögurra ára sem forstöðumaður Kjarvalsstaða.<sup>82</sup> Hann lét hins vegar af störfum að eigin ósk vorið 1997, og var Eiríkur Þorláksson þá ráðinn forstöðumaður beggja safnanna til næstu fjögurra ára.<sup>83</sup> Hann var endurráðinn 2001 og gegndi starfinu til 2005. Starfsfólki safnsins tók að fjölga frekar í kringum árið 2000, þegar Hafnarhúsið var tekið í notkun, og var þá ráðið starfsfólk til að sinna auknu fræðslustarfi, auknu sýningarstarfi og markaðs- og kynningarstarfi. Áhersla á fræðslustarf skilaði sér meðal annars í því að Listasafn Reykjavíkur hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2001 fyrir þann þátt starfseminnar, en þau eru veitt árlega einu safni sem þykir skara fram úr á einhverju sviði safnastarfs.<sup>84</sup> Fræðslustarf hefur ætíð verið eitt helsta verkefni safnsins, bæði fyrir skólahópa og fyrir almenning með leiðsögn og fræðsluerindum af ýmsu tagi.

Á þeim grunni sem lagður var á þessum árum fyrir starfsemi safnsins hefur verið byggt síðan. Eins og áður segir eru starfmenn safnsins nú um fjórtíu talsins í um tuttugu og þremur stöðugildum. Starfið fer nú í tveimur kjarna-deildum, það er deild safneignar og rannsókna og deild sýninga og miðlunar, en síðan eru tvær stöðdeildir sem vinna þvert á safnið, rekstur- og þjónusta annars vegar og deild kynningar og markaðsmála hins vegar.

Sem fyrr segir var samþykkt fyrir Listasafn Reykjavíkur loks staðfest 28. maí 2002<sup>85</sup> og endurspeglaði hún að mestu starfsemina eins og hún hafði verið að mótast áratuginn á undan. Í henni var þó sérstakur kafli um innkaupanefnd, sem var nýmæli, þar sem innkaup til safnsins höfðu til þessa verið alfarið í höndum forstöðumanns og starfsmanna safnsins sem lögðu tillögur sínar fyrir menningarmálanefnd til samþykktar; nú skyldi menningarmálanefnd tilnefna einn fulltrúa í innkaupanefnd, en áður í henni væru forstöðumaður og fulltrúi starfsmanna safnsins. Loks var heimilt, að tillögu forstöðumanns, að skipa ráðgjafahóp við safnið, sem og að stofna sérstakt styrktarfélag.

Þrátt fyrir að hafa yfir að ráða rúmgóðum sýningasölum og nokkru

geymslurými hefur Listasafn Reykjavíkur frá upphafi þurft að leigja rými utan safnsins til varðveislu stærri gripa (höggmynda og innsetninga sem dæmi) og búnaðar af ýmsu tagi. Af þessu skapaðist mikil hætta 7. ágúst 2002, þegar eldur kom upp í húsnæði við hlið geymslurýmis safnsins í Fákafeni í Reykjavík.<sup>86</sup> Mikið tjón varð í eldinum, en í leigurými safnsins varð einkum tjón af reyk og vatni. Eftir mat sérfræðinga kom í ljós að nokkur verk úr viðkvæmum efnum voru talin ónýtt, sem og stór hluti af bókalager safnsins, en önnur verk var hægt að hreinsa og gera við.<sup>87</sup> Þó þarna hafi tjón orðið minna en horfur voru á um tíma var áfallið þörf áminning um nauðsyn eldvarna í varðveisluhúsnæði safna, en hluti safnkosts Listasafns Reykjavíkur er enn í leiguhúsnæði utan safnsins.

Samþykkt um starfsemi safnsins var breytt árið 2005<sup>88</sup>, um svipað leyti og Hafþór Yngvason tók við starfi forstöðumanns haustið 2005.<sup>89</sup> Þær breytingar fólu meðal annars í sér að eftirleiðis ætti menningar- og ferðamálaráð (sem tók við hlutverki menningarmálanefndar snemma árs 2005)<sup>90</sup> að skipa fjögurra manna ráðgjafanefnd við Listasafn Reykjavíkur, sem skyldi kallast safnráð, safnstjóra til ráðuneytis, og að safnráðið ætti að skipa tvo fulltrúa í innkaupanevnd safnsins úr sínum röðum, að fenginni tillögu safnstjóra.<sup>91</sup> Nokkrar umræður urðu um breytingarnar, og í blaðagrein kom meðal annars fram sú skoðun að svo virtist sem að með breytingunum væri „vissulega galopnuð leið fyrir pólitísk afskipti af Listasafni Reykjavíkur og innkaupum þess.“<sup>92</sup> Ekki hefur reynst ástæða til að hafa áhyggjur af þessu.

Listasafn Reykjavíkur fór ekki varhluta af fjárhagslegum þrengingum sem gengu yfir íslenskt þjóðfélag eftir bankakreppuna 2008. Vegna niðurskurðar á fjárveitingum var árið 2011 ákveðið að leggja niður starf deildarstjóra byggingarlistardeildar safnsins, og þar með lauk ákveðnum kafla í sögu safnsins. Safnkosti deildarinnar var síðan ráðstafað í samráði við Arkitektafélag Íslands og eigendur einstakra safna teikninga, að hluta til Þjóðskjalasafns Íslands, en teikningar, skjöl og líkön sem tengjast Reykjavík sérstaklega eru áfram varðveitt hjá söfnum í eigu borgarinnar. Líkönum og gögnum með sérstök tengsl við íslenska hönnunarsögu var ráðstafað í samráði við gefendur til Hönnunarsafns Íslands, og loks voru önnur gögn eins og bækur um byggingarlist, hljóðritanir, myndbönd og afrit teikninga afhent bókasafni Listaháskóla Íslands, þar sem bókasafn Arkitektafélags Íslands er varðveitt. Engin önnur stofnun tók þó við því rannsóknarhlutverki á sögu



Fundargestir á opnum fundi menningarmálanefndar um sýningarstefnu Listasafns Reykjavíkur, sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur 7. febrúar 2003. Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður safnsins, situr annar frá hægri í fremstu röð; gestum er greinilega skemmt yfir umræðum. Mynd: Gollí/Morgunblaðið.

íslenskrar byggingarlistar sem deildin hafði haft með höndum.

## Sýningastefna

Sú sýningastefna sem var mótuð af starfsfólki Listasafns Reykjavíkur á upphafsárunum – og hefur ekki breyst í aðalatriðum – byggir á að sýna safneignina með verðugum hætti, og síðan að bjóða gestum safnsins upp á að njóta bæði innlendrar og alþjóðlegrar myndlistar með fjölbreyttum hætti, bæði í einkasýningum einstakra listamanna, samsýningum um ákveðin viðfangsefni og sögulegar sýningar byggðar á rannsóknum. Verk Ásmundar Sveinssonar hafa eðlilega verið í fyrirrúmi í Ásmundarsafni, meðal annars í yfirlitssýningum, sýningum sem byggðu á rannsóknum á ákveðnum æviskeiðum og þeim í listsköpun hans og loks í samsýningum, þar sem verk einstakra listamanna hafa verið sýnd í samhengi við verk Ásmundar – sýningum sem oftast en ekki hafa opnað nýja sýn á verk listamannsins. Á Kjarvalsstöðum hafa verk Jóhannesar Kjarvals átt heimilisfestu í

austursal hússins, en þar hafa verið settar upp sýningar helgaðar ólíkum tímabilum í ævi listamannsins og ákveðnum viðfangsefnum hans. Einnig hefur völdum sýningarstjórum, svo sem eins og yngri listamönnum, rithöfundum og fleirum, verið boðið að velja verk úr Kjarvalssafni til sýningar, og frá árinu 2000 hafa gestir getað gengið að því vísu að verk Kjarvals séu til sýnis í húsinu sem nefnt er honum til heiðurs.

Segja má að Errósafnið hafi ekki verið sýnt mikið innan safnsins áður en Hafnarhúsið var opnað, en skipulögð var farandsýning verka úr safninu um miðjan 10. áratuginn sem fór um Norðurlöndin og víðar. Haldnar voru sýningar á verkum Errós á Kjarvalsstöðum 1994 og í Hafnarhúsinu árið 1998. Það var síðan árið 2001 sem Errósafnið var boðið velkomið í Hafnarhúsið með veglegri sýningu í öllu húsinu, og frá þeim tíma hafa verk Errós jafnan verið til sýnis í tveimur sölum í húsinu. Sýningar hafa verið valdar á grundvelli fjölbreyttra viðfangsefna listamannsins, ólíkra tímaskeiða í listsköpun hans og efnistöð í sýningum orðið sífellt fróðlegri eftir því sem rannsóknum á ferli hans hefur undið fram.

Samhliða sýningum á safneigninni hefur frá fyrstu tíð verið lögð áhersla á að bjóða innlendum og alþjóðlegum listamönnum og hópum til sýninga í Listasafni Reykjavíkur, auk þess sem safnið hefur staðið fyrir fjölda sýninga á grundvelli fjölbreyttra viðfangsefna, bæði á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi.<sup>93</sup> Ákvörðun um staðsetningar sýninga hefur almennt ráðist af þörfum þeirra fyrir sýningarrými fremur en stefnu um að ákveðin tegund myndlistar eigi heima í einu húsi fremur en öðru, enda ein meginhugmyndin á bak við Listasafn Reykjavíkur að líta skuli á safnið sem eina heild fremur en aðskildar byggingar og safneignir.

Í gegnum árin hafa komið upp tillögur um að færa ætti rekstrar- fyrirkomulag Kjarvalsstaða til fyrra horfs, það er þegar sýningarsalir voru leigðir út til sýninga listamanna á eigin vegum. Nýskipuð menningarmálanefnd efndi meðal annars til opins fundar um slíkar hugmyndir 7. febrúar 2003. Skoðanir voru skiptar<sup>94</sup> og urðu nokkur blaðaskrif um málið næstu vikur. Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður safnsins, lýsti andstöðu við þessar hugmyndir og skrifaði til að mynda



blaðagrein um sýningastefnu Listasafns Reykjavíkur, þar sem raktar voru forsendur og lýst vali sýninga næstu árin á undan.<sup>95</sup> Má segja að umræðum um málið hafi lokið endanlega eftir að Stefán Jón Hafstein, formaður menningarmálanefndar, sagði í blaðagrein frá viðræðum sínum við fjölda listamanna um þessar hugmyndir: „Niðurstaðan var því sú að taka ekki einn af söllum Listasafnsins út fyrir sviga og leigja út hverjum sem vildi.“<sup>96</sup>

Frá 1989 til 2019 hafa verið haldnar vel yfir fimm hundruð sýningar í Listasafni Reykjavíkur og eru upplýsingar um þær – og sýningar á Kjarvalsstöðum allt frá árinu 1973 – aðgengilegar á afar fróðlegum hluta vefs safnsins. Jafnframt hefur safnið staðið að fleiri tugum sýninga á erlendra grundu, einkum á verkum úr Kjarvalssafni og Errósafni en einnig á verkum annarra listamanna og þannig lagt sitt af mörkum til að vekja athygli á íslenski myndlist utan landsteinanna. Nefna mætti fjölmargar sýningar sem hafa vakið sterk viðbrögð og mikla athygli, bæði einkasýningar íslenskra og erlendra listamanna af ólíkum kynslóðum, samsýningar og þemasýningar, sem byggt hafa á rannsóknum – en þar sem slík upptalning yrði bæði afar löng og bundin persónulegum viðhorfum er eðlilegra að vísa lesendum á að skoða ofangreint yfirlit á vefsíðu safnsins og meta á eigin forsendum.

Í tengslum við sýningarstarfið hafa verið stundaðar víðtækar rannsóknir á vegum safnsins, bæði á sérsöfnum og almennri safneign, þar sem starfsfólk og fræðimenn hafa unnið mikið frumkvöðlastarf í rannsóknum sínum. Þá hefur verið lögð sérstök áhersla á að gefa út vandaðar sýningarskrár á grundvelli slíkra fræðistarfa og segja má að Listasafn Reykjavíkur hafi snemma orðið eitt umsvifamesta útgáfufyrirtæki hér á landi á því sviði, og er titlarnir orðnir vel á annað hundruð. Safnið hefur þannig meðal annars gefið út eða tekið þátt í útgáfu meginrita um þá Jóhannes Kjarval,<sup>97</sup> Erró<sup>98</sup> og Ásmund Sveinsson,<sup>99</sup> auk fjölmargra sýningarskráa með ritgerðum fjölda fræðimanna á sviði myndlistar.

## Lokaorð

Segja má að Listasafn Reykjavíkur hafi mótast á fyrstu fimmtán árum starfseminnar í góðu samstarfi starfsfólks og stjórnar safnsins hverju sinni, og eftir þessi uppvaxtarár haldið áfram að þróast – enda er stöðnun dauði í safnastarfi sem á öðrum sviðum. Fjölmörg merki hafa borið þessari þróun

vitni; um árabíl hefur safnið hýst útskriftarsýningar Listaháskóla Íslands um árabíl, fjölnotasalur og port í Hafnarhúsi hafa í auknum mæli verið vettvangur fyrirlestra, leiksýninga, samkoma og ekki síst tónleika af öllu tagi. Útilistaverkum hefur fjölgað<sup>100</sup> og eldri verk verið sett á nýja staði,<sup>101</sup> vefsíður safnsins hafa verið eflar til muna, meðal annars með miklum upplýsingum og myndum af safneign og fyrri sýningum, stöðugt hefur verið bryddað upp á nýjungum í sýningarstarfi og kynningu á því, og leiðsagnir um sýningar og fræðsludagskrá fyrir börn hefur verið að aukast, svo eitthvað sé talið.

Þjónusta safnsins við gesti og samfélagið almennt hefur því verið að aukast jafnt og þétt, ekki aðeins á sviði myndlistar, heldur hefur Listasafn Reykjavíkur einnig í vaxandi mæli orðið vettvangur fyrir fjölbætta menningar-, fræðslu- og kynningarstarfsemi af ýmsu tagi, sem hefur verið vel þegin af borgarbúum jafnt sem öðrum gestum. Sú hugsun að safn eigi að vera vettvangur samfélagsumræðu ekki síður en einstakra listgreina hefur þannig verið fest í sessi. Má vænta þess að þessi þróun í almennri þjónustu haldi áfram, á sama tíma og myndlistinni verði áfram þjónað dyggilega með söfnun myndverka, varðveislu þeirra, rannsóknnum og loks miðlun til gesta safnsins með fjölbreyttum hætti.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir tók við starfi safnstjóra Listasafns Reykjavíkur í ágúst 2015.<sup>102</sup> Undir hennar stjórn hefur verið haldið áfram að byggja á þeim grunni sem fyrir var með fjölbreyttu sýningarstarfi og þjónustu við notendur safnsins, meðal annars þann aukna fjölda ferðamanna, sem sækir safnið heim ár hvert. Með öflugum starfsfólki og vaxandi skilningi á mikilvægi safnastarfs í samtímanum er ekki að efa að Listasafn Reykjavíkur mun halda áfram að dafna í framtíðinni.

## Óprentaðar heimildir

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. janúar 2007 í máli nr. 2831/2005. Héraðsdómur Reykjavíkur.  
Fundargerðir borgarráðs 1965, 1973, 1995, 1997, 2002, 2005. Borgarskjalasafn Reykjavíkur.  
Fundargerðir borgarstjórnar 1963. Borgarskjalasafn Reykjavíkur.  
Fundargerðir stjórnar Kjarvalsstaða 1973-1986. Borgarskjalasafn Reykjavíkur.  
Fundargerðir menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar 1986-1991. Borgarskjalasafn Reykjavíkur.  
Hæstaréttardómur í máli nr. 306/2007. Hæstiréttur Íslands.  
Listasafn Reykjavíkur; askja B: Málafn 1991-2009, húsnæði o.fl. Borgarskjalasafn Reykjavíkur.  
Skrifstofa borgarstjóra; askja: Myndastyttur og listaverk 1950-1965. Borgarskjalasafn Reykjavíkur.  
Starfsáætlun Listasafns Reykjavíkur 2019, Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar.

## Prentaðar heimildir

„Ásmundur Sveinsson myndhöggvari látinn“, Morgunblaðið, 10. desember 1982, 40.  
„Baráttta yfir 60 slökkviliðsmanna við erfiðar aðstæður“, Morgunblaðið, 8. ágúst 2002, 4.  
Bera Nordal, Stofngjöf Listasafns Ísland. Ritstjóri Bera Nordal. Reykjavík: Listasafn Íslands, 1994.  
Birgir Ísleifur Gunnarsson, „Hér á að vera menningarmiðstöð borgarbúa“, Morgunblaðið 27. mars 1973, 15.  
Björn Th. Björnsson, „Staða og stefna íslenzkrar myndlistar“, Tímarit Máls og menningar 1(24) 1963, 27-35.  
„Borgarráð: Nýr forstöðumaður Kjarvalsstaða“, Morgunblaðið, 23. febrúar 1989, 4.  
„Borgarráð: Erró þakkað fyrir stórfenglega gjöf“, Morgunblaðið, 20. september 1989, 4.  
„Byggingarlistasafn sett á stofn í borginni“, Morgunblaðið 25. mars 1993, 2.  
Danielle Kvaran, Erró í tímaröð. Reykjavík: Mál og menning og Listasafn Reykjavíkur, 2007.  
„Davíð Oddson um listaverkagjöf Errós: Fullkomnasta safn listaverka eftir einn listamann hér á landi“, Morgunblaðið, 17. september 1989, C14.  
Einar Falur Ingólfsson, „„Áður en varir er kominn vísir að safni.““ Lesbók Morgunblaðsins, 20. júní 2009, 9.  
Einar Matthíasson, Eiríkur Þorláksson, Erna Sörensen og Kristín G. Guðnadóttir ritstjórnar Jóhannes S. Kjarval. Reykjavík: Nesútgáfan, 2005.  
Eiríkur Þorláksson, „Sýningarstefna Listasafns Reykjavíkur“, Lesbók Morgunblaðsins, 1. mars 2003, 8.  
„EKKI eiga allir listamenn erindi á sýningar í listasafni“, Morgunblaðið, 8. febrúar 2003, 10.  
ELA, „Listamaðurinn Erró: Blanda af draumóra- og raunsæismanni“. DV, 23. september 1989: 35.  
„Errósafn í Hafnarhúsið“, DV, 1. nóvember 1994, 32.  
Friða Björk Ingvarsdóttir, „Vaxtarbroddur í menningarlífi borgarinnar“, Morgunblaðið, 16. apríl 2000, 20 og 22.  
Gar, „Mótmælaverk fjarlæggt fyrir þingsetninguna“, Fréttablaðið 14. september 2012, 4.  
Gar, „Borgin fær höggmynd frá tölvurisanum CCP“, Fréttablaðið 3. maí 2013, 2.  
GB, „Nýr listamanskáli á að rísa á Miklatúni“, Tíminn, 19. febrúar 1965, 16.  
„Gömlu Korpúlfsstöðum verður trúlega slátrað“, Alþýðublaðið, 25. ágúst 1993, 5.  
gun, „Fékk lykla að Listasafni Reykjavíkur“, Fréttablaðið, 15. ágúst 2015, 51.  
Gunnar J. Árnason, „Erró-hofið: Hver vill listamiðstöð á Korpúlfsstöðum?“ Pressan, 13. maí 1993, 23.  
„Happdrætti myndlistanna til ágóða fyrir sýningarskálann“, Visir, 8. janúar 1943, 2.  
HK, „Hörð viðbrögð listanna“, DV, 13. maí 1993, 16.  
„Hlýtur Íslensku safnaverðlaunin“, Morgunblaðið, 16. september 2001, 18.  
Hól, „Ásmundarsafn gert að borgarsafni“, Þjóðviljinn, 20. maí 1983, 8.  
Inga María Leifsdóttir, „Ráðgjafarnefnd starfi við Listasafn Reykjavíkur“, Morgunblaðið, 24. júní 2005, 26.  
Ingólfur Margeirsson, Ragnar í Smára, Reykjavík: Listasafn ASÍ og Lögberg, 1982.  
Jbj, „Vandinn virkar hvetjandi“, DV, 6. janúar 1988, 6.  
Jkb, „Deilt um hvort Kjarvalsstaðir þjóni tilgangi sínum: „Úthýsa Kjarval vegna ómerkilegra sýninga““, Tíminn, 13. maí 1989, 4.  
Jóhann Lüðvík Torfason, „Um safnráð menningar- og ferðamálaráðs“, Morgunblaðið, 4. júlí 2005, 18.  
„Jóhannes Kjarval er látinn“, Þjóðviljinn, 14. apríl 1972, 1.  
Kaa, „Fyrirhugað útboð í febrúar blásið af“, DV, 30. nóvember 1993, 7.  
KJ, „Stungið fyrir Kjarvalsstöðum“, Tíminn, 19. ágúst 1966, 1.

„Kjarval gaf Reykjavík stórt safn teikninga“, Morgunblaðið, 2. nóvember 1971, 2.

„Kjarval látinn“, Alþýðublaðið, 14. apríl 1972, 1.

„Kjarval látinn“, Morgunblaðið, 14. apríl 1972, 1.

„Kjarval er látinn“, Tíminn, 14. apríl 1972, 1.

„Kjarval tók fyrstu skóflustungu að Kjarvalsstöðum á Miklatúni“, Vísir, 19. ágúst 1966, 16.

„Kjarvalssafn reist við Kjarvalsstaði: Jarðgöng tengja söfnin saman“, Morgunblaðið, 7. mars 1989, 24-25.

„Kjarvalsstaðir á Miklatúni“, Alþýðublaðið, 15. október 1965, 2, 15.

„Kjarvalsstaðir: Menningarmálanefnd standi að öllum sýningum“, Morgunblaðið, 3. júlí 1992, 2.

„Korpúlfsstaðir – hof allra lista“, Morgunblaðið, 29. apríl 1993, 24.

„Korpúlfsstaðir: GR fær álmu í stað golfskála“, Morgunblaðið, 14. júní 1995, 2.

„Kristján Guðmundsson opnar sýninguna „Teikningar 1972-1988“, Morgunblaðið, 28. janúar 1989, 18.

„Listasafn Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum: Afar fjölbreytileg menningarmiðstöð fyrir alla aldurshópa“, Alþýðublaðið 20. júlí 1994, 4.

„Nýr listamannaskáli ris á Miklatúni“, Morgunblaðið 20. febrúar 1965, 2.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir ritstjóri, Ásmundur Sveinsson. Reykjavík: Listasafn Reykjavíkur Ásmundarsafn, 2017.

Ragnar Jónsson, „Visir að listasafni Reykjavíkur“, Morgunblaðið 21. mars 1954, 9.

Róbert B. Róbertsson, „Vatnsberinn kominn heim“, Morgunblaðið, 16. ágúst 2011, 36.

SA, „Konungurinn kominn“, DV, 16. maí 1998, 32-33.

„Safnkennari“, Morgunblaðið, 4. nóvember 1990, 25.

SBS, „Erró í öndvegi“, Dagur 19. apríl 2000, 32-33.

SER, „Stórfengleg list í listrænu húsi“, DV, 21. maí 1983, 12.

Stefán Jón Hafstein, „Lýðræði og listsköpun“, Morgunblaðið, 30. janúar 2006, 19.

STH, „Korpúlfsstöðum breytt í lista-og menningarmiðstöð“, 29. apríl 1993, 4.

STH, „Tvö verk Ásmundar afhjúpað“, Fréttablaðið, 10. nóvember 2014, 46.

„Sumarsýning opnuð í dag“, Þjóðviljinn, 19. maí 1973, 10.

Temin, Christine, „Mynd sem ekki byggist á klisjum“, Lesbók Morgunblaðsins, 27. ágúst 2005, 4-5.

Trausti, „Sýning eftir Maríu eyðilagðist í brunanum“, Fréttablaðið, 15. ágúst 2002, 10.

„Öll skemmd – nokkur ónýr“, Fréttablaðið, 30. september 2002, 4.

„Varanlegt aðsetur fyrir gjöf Errós“, Morgunblaðið, 13. febrúar 1996, 26-27.

„Vilja byggja nýjan sýningarskála“, Alþýðublaðið, 30. ágúst 1963, 5.

„Útilistaverk afhjúpað í Litluhlíð“, Morgunblaðið, 11. júní 2012, 29.

„Útilistaverk eftir Guðjón afhjúpað“, Morgunblaðið, 25. apríl 2013, 48.

Þorri Hringsson, „Safn í mótun“, Morgunblaðið, 20. mars 1993, B2.

#### Vefheimildir

“Breyttar áherslur á sviði byggingarlistar”, 20. júní 2012. Listasafn Reykjavíkur. Sótt 8. september 2017 af <https://reykjavik.is/frettir/breyttar-aherslur-svidi-byggingarlistar>.

Guja Dögg Hauksdóttir, „Byggingarlistardeild við Listasafn Reykjavíkur lögð niður“, engin dagsetning.

Hönnunarmiðstöð. Sótt 10. september 2017 af <http://www.honnunarmiðstod.is/Frettir/Greinarumislenskahonnun/Grein/2684>.

Kynning á starfsáætlun Listasafns Reykjavíkur 2019, fundur Menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs nr. 16, 25. mars 2019, 4. liður. Sótt 2. maí 2019 af [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/listasafn\\_reykjavikur\\_-\\_kynning.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/listasafn_reykjavikur_-_kynning.pdf).

#### Neðanmálgreinar

- 1 Kynning á starfsáætlun Listasafns Reykjavíkur 2019.
- 2 „Kristján Guðmundsson opnar sýninguna „Teikningar 1972-1988“, 1989, 18.
- 3 Fundargerð borgarráðs, 28. maí 2002.
- 4 Listasafn Reykjavíkur; askja B: Málafn 1991-2009, húsnæði o.fl. Reglur um listaverkakaup Reykjavíkurborgar, 17. janúar 1980; reglugerð um safn Ásmundar Sveinssonar, 3. mars 1983; samþykkt um Kjarvalsstaði frá 21. febrúar 1989 með áorðnum síðari breytingum.
- 5 Ragnar Jónsson. „Visir að listasafni Reykjavíkur“, 1954, 9.

- 6 Sama heimild (undirstrikun höfundar).
- 7 Skrifstofa borgarstjóra, askja: Myndastyttur og listaverk 1950-1965.
- 8 Þann 2. desember 1959 var bæjarráði Reykjavíkur send ályktun frá aðalfundi Félags íslenskra myndlistarmanna sem haldinn var rúmlega viku fyrr, en þar sagði m.a.: „Aðalfundur Félags íslenskra myndlistarmanna, haldinn í Reykjavík 23. nóv. 1959, telur, að svo hörmulega hafi til tekið að undanförunu um ráðstafanir á því fé, sem Reykjavíkurbær veitir til listaverkakaupa, að draga beri í efa, að nefnd sú, sem þau kaup hefur með höndum, sé starfi sínu vaxin. Nægir í þessu sambandi að benda á hlut þann sem komið hefur verið fyrir í Tjörninni í Reykjavík.“ Umræddur „hlutur“ var bronsmyndin Hafmeyjan eftir Ninu Sæmundsson, sem var sprengd í loft upp tæpum mánuði síðar – næstu nýársnótt. Önnur afsteypa verksins var sett upp í suðurhluta Tjarnarinnar 2014, og hefur fengið að vera í friði síðan. Skrifstofa borgarstjóra, askja: Myndastyttur og listaverk 1950-1965.
- 9 Sama heimild.
- 10 Skrifstofa borgarstjóra, askja: Myndastyttur og listaverk 1950-1965.
- 11 Lárus Sigurbjörnsson, sem gjarna hefur verið nefndur sem aðalhvatamaður að stofnun bæði Borgarskjalasafns og Míngjafafns Reykjavíkur, átti sæti í nefndinni og kom að þessum tillögum. Þær fólu meðal annars í sér að Míngjafafn Reykjavíkur fengi inni í kjallaranum í Höfða, enda væri orðið þröngt um safnið í sýningarsalnum í Skúlatúni 2, þar sem það var varðveitt á þessum tíma.
- 12 Ingólfur Margeirsson, Ragnar í Smára, 140.
- 13 Sama heimild, 139.
- 14 „Happdrætti myndlistamanna til ágóða fyrir sýningarskálann“, 1943, 2.
- 15 Björn Th. Björnsson, „Staða og stefna íslenzkrar myndlistar“, 1963, 32.
- 16 „Vilja byggja nýjan sýningarskála“, 1963, 5.
- 17 Fundargerðir borgarstjórnar 1963.
- 18 Sama heimild.
- 19 GB, „Nýr listamannaskáli á að rísa á Miklatúni“, 1965, 16; „Nýr listamannaskáli rís á Miklatúni“, 1965, 2.
- 20 Fundargerðir borgarráðs, 1965.
- 21 „Kjarvalsstaðir á Miklatúni“, 1965, 2 og 15.
- 22 KJ, „Stungid fyrir Kjarvalsstöðum“, 1966, 1; „Kjarval tók fyrstu skóflustungu að Kjarvalsstöðum á Miklatúni“, 1966, 16.
- 23 Kjarval látinn“, Alþýðublaðið, 1; „Kjarval látinn“, Morgunblaðið, 1; „Kjarval er látinn“, Tíminn, 1; „Jóhannes Kjarval er látinn“, 1.
- 24 Birgir Ísleifur Gunnarsson, „Hér á að vera menningarmiðstöð borgarbúa“, 1973, 15.
- 25 Fundargerðir stjórnar Kjarvalsstaða 1973-1986, 3. fundur, 1. ágúst 1973.
- 26 Fundargerðir borgarráðs, 1973.
- 27 „Kjarvalsstaðir á Miklatúni“, 1965, 15.
- 28 Fundargerð menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, 26. janúar 1989.
- 29 Fundargerðir stjórnar Kjarvalsstaða 1973-1986, 132. fundur, 16. mars 1984.
- 30 Fundargerð menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, 21. júlí 1986.
- 31 Sama heimild, 5. febrúar 1987.
- 32 Sama heimild, 30. júlí 1987.
- 33 Sama heimild, 8. október 1987.
- 34 Sama heimild, 10. mars 1988.
- 35 Sama heimild, 28. apríl 1988.
- 36 Sama heimild, 9. febrúar 1989.
- 37 „Borgarráð: Nýr forstöðumaður Kjarvalsstaða“, 1989, 4.
- 38 „Safnkennari“, 1990, 25.
- 39 Sjá grein Sigríðar Melrósar Ólafsdóttur í þessari bók.
- 40 Sjá grein Heiðu Bjarkar Árnadóttur í þessari bók.
- 41 Bera Nordal, Stofngjöf Listasafns Íslands.
- 42 Sjá grein Ágústu Kristófersdóttur í þessari bók; Einar Falur Ingólfsson, „„Áður en varir er kominn vísir að safni““, 2009, 9.
- 43 Ingólfur Margeirsson, Ragnar í Smára, 140.
- 44 Hæstaréttardómur í máli nr. 306/2007.
- 45 Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. janúar 2007 í máli nr. 2831/2005.

- 46 Hæstaréttardómur í máli nr. 306/2007.
- 47 „Kjarval gaf Reykjavík stórt safn teikninga“, 1971, 2.
- 48 Birgir Ísleifur Gunnarsson. „Hér á að vera menningarmiðstöð borgarbúa“, 1973, 15.
- 49 „Sumarsýning opnuð í dag“, 1973, 10.
- 50 Ólóf Kristín Sigurðardóttir, Ásmundur Sveinsson, 69.
- 51 „Ásmundur Sveinsson myndhöggvari látinn“, 1982, 40.
- 52 SER, „Stórfengleg list í listrænu húsi“, 1983, 12.
- 53 Hól, „Ásmundarsafn gert að borgarsafni“, 1983, 8.
- 54 Sama heimild.
- 55 Ólóf Kristín Sigurðardóttir, Ásmundur Sveinsson, 182.
- 56 Danielle Kvaran, Erró í tímaröð, 316-18.
- 57 ELA, „Listamaðurinn Erró: Blanda af draumóra-og raunsæismanni“, 1989, 35.
- 58 Sjá yfirlit yfir sýningar safnsins árið 1988 á heimasíðu þess, listasafnreykjavíkur.is.
- 59 Jbj, „Vandinn virkar hvetjandi“, 1988, 6.
- 60 „Kjarvalssafn reist við Kjarvalsstaði: Jarðgöng tengja söfnin saman“, 1989, 24-25.
- 61 Jkb, „Deilt um hvort Kjarvalsstaðir þjóni tilgangi sínum ...“, 1989, 4.
- 62 „Davið Oddsson um listaverkagjöf Errós ...“, 1989, 14 C.
- 63 „Borgarráð: Erró þakkað fyrir stórfenglega gjöf“, 1989, 4.
- 64 Listasafn Reykjavíkur, askja B: Málafn 1991-2009, húsnæði o.fl.
- 65 „Korpúlfsstaðir – hof allra lista“, 1993, 24; Gunnar J. Árnason, „Erró-hofið: Hver vill listamiðstöð á Korpúlfsstöðum?“, 1993, 23. STH, „Korpúlfsstöðum breytt í lista-og menningarmiðstöð“, 1993, 4.
- 66 Byggingarkostnaður var áætlaður 1,4 milljarðar kr. í mars 1993.
- 67 HK, „Hörð viðbrögð listamanna“, 1993, 16.
- 68 „Gömlu Korpúlfsstöðum verður trúlega slátrað“, 1993, 5.
- 69 Kaa. „Fyrirhugað útboð í febrúar blásið af“, 1993, 7.
- 70 „Korpúlfsstaðir: GR fær álmu í stað golfskála“, 1995, 2.
- 71 „Listasafn Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum“, 1994, 4; „Byggingarlistasafn sett á stofn í borginni“, 1993, 2.
- 72 Jkb, „Deilt um hvort Kjarvalsstaðir þjóni tilgangi sínum ...“, 1989, 4.
- 73 „Kjarvalsstaðir: Menningarmálanefnd standi að öllum sýningum“, 1992, 2.
- 74 „Errósafn í Hafnarhúsið“, 1994, 32.
- 75 Listasafn Reykjavíkur, askja B: Málafn 1991-2009, húsnæði o.fl.
- 76 „Varanlegt aðsetur fyrir gjöf Errós“, 1996, 26-27.
- 77 SA. „Konungurinn kominn“, 1998, 32-33.
- 78 Friða Björk Ingvarsdóttir, „Vaxtarbroddur í menningarlífi borgarinnar“, 2000, 20-22; SBS. „Erró í öndvegi“, 2000, 32-33.
- 79 Fundargerð menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, 9. febrúar 1989.
- 80 Fundargerð borgarráðs, 28. maí 2002.
- 81 Þorri Hringsson, „Safn í mótun“, 1993, B2.
- 82 Fundargerð borgarráðs 21. febrúar 1995. Ráðning Gunnars sem forstöðumanns Ásmundarsafns 1983 var ótímabundin en ráðning hans í stöðu forstöðumanns Kjarvalsstaða var nú endurnýjuð til fjögurra ára.
- 83 Fundargerð borgarráðs, 15. apríl 1997. Það vekur athygli að enn var talað um „forstöðumann Ásmundarsafns og Kjarvalsstaða“ en ekki „forstöðumann Listasafns Reykjavíkur“, og er það í samræmi við að „Listasafn Reykjavíkur“ hafði ekki enn verið stofnað lögformlega af hálfu borgaryfirvalda, þó vísað væri til þess með ýmsum hætti.
- 84 „Hlýtur Íslensku safnaverðlaunin“, 2001, 18.
- 85 Fundargerð borgarráðs, 28. maí 2002.
- 86 „Barátta yfir 60 slökkviliðsmanna við erfiðar aðstæður“, 2002, 4.
- 87 Trausti, „Sýning eftir Maríu eyðilagðist í brunanum“, 2002, 10; „Öll skemmd – nokkur ónýt“, 2002, 4.
- 88 Fundargerð borgarráðs, 7. júlí 2005.
- 89 Temin, Christine. „Mynd sem ekki byggist á klisjum“, 2005, 4.
- 90 Fundargerð borgarráðs, 31. mars 2005.
- 91 Inga María Leifsdóttir, „Ráðgjafarnefnd starfi við Listasafn Reykjavíkur“, 2005, 26.

- 92 Jóhann Lúðvík Torfason, „Um safnráð menningar- og ferðamálaráðs“, 2005, 18.
- 93 Í Hafnarhúsi hefur einn salur til dæmis verið helgaður sýningum ungra og upprennandi listamanna nær frá upphafi.
- 94 „Ekki eiga allir listamenn erindi á sýningar í listasafni“, 2003, 10.
- 95 Eiríkur Þorláksson, „Sýningarstefna Listasafns Reykjavíkur“, 2003, 8.
- 96 Stefán Jón Hafstein, „Lýðræði og listsköpun“, 2006, 19.
- 97 Einar Matthíasson, et.al., Jóhannes S. Kjarval.
- 98 Danielle Kvaran, Erró í tímaröð, líf hans og list.
- 99 Ólöf Kristín Sigurðardóttir, Ásmundur Sveinsson.
- 100 „Útilistaverk afhjúpað í Litluhlíð“, 2012, 29; „Útilistaverk eftir Guðjón afhjúpað“, 2013, 48; Gar. „Borgin fær höggmynd frá tölvurísanum CCP“, 2013, 2.
- 101 Róbert B. Róbertsson, „Vatnsberinn kominn heim“, 2011, 36.
- 102 Gun, „Fékk lykla að Listasafni Reykjavíkur“, 2015, 51.



# Nýlistasafnið

Bergsveinn Þórsson

Nýlistasafnið (Nýló) varð fjörtíu ára þann 5. janúar 2018. Í dag er Nýló viðurkennt safn samkvæmt íslenskum lögum, annast mikilvæga safneign sem telur yfir tvöþúsund listaverk og heldur uppi virku sýningarstarfi. Safnið er með aðsetur í Marshallhúsinu á Grandagarði 20 í Reykjavík og í Völvufelli í efra Breiðholti, þar sem safneignin er varðveitt. Safnið stendur styrkum fótum nú, og skipar mikilvægan og viðurkenndan sess í íslenskri safnaflóru. Að baki liggja fjórir viðburðaríkir áratugir, þar sem barist var fyrir viðurkenningu á gildi samtímamyndlistar og safnsins sjálfs. Safnið hefur frá upphafi verið rekið af listamönnum og var stofnað að frumkvæði listamanna. Í dag telur fulltrúaráð safnsins ríflega þrjúhundruð meðlimi. Fjörtíu árum áður, þann 5. janúar árið 1978 voru það tuttugu og átta listamenn sem undirrituðu og samþykktu fyrstu skipulagsskrá Nýló.

Stofnun safnsins kom til vegna óánægju listamanna með starfsemi Listasafns Íslands, þá sér í lagi stefnu þess í listaverkakaupum, en að mati stofnenda Nýlistasafnsins vantaði um fimmtán til tuttugu ára tímabil „merkilegra hræringa í íslenskri myndlist“ í safneign Þjóðarlistasafnsins.<sup>1</sup> Samantekin ráð listamanna voru ekki ný af nálinni, enda höfðu listamannarekin rými eins og Gallerí SÚM og Gallerí Suðurgata 7 þegar litið dagsins ljós. Stofnun Nýlistasafnsins tengist þeim rýmum á margan hátt, og má segja að Nýló spretti upp úr jarðvegi þar sem listamenn taka málin í sínar eigin hendur. Þar að auki hefur Heiðar Kári Rannversson fært rök fyrir því að listamannarekin rými séu í raun ákveðið form „sem tekur á sig mynd samvinnu eða samstarfs.“<sup>2</sup> Nýlistasafnið er þar engin undantekning. Samvinna og samstarf er mikilvægur þáttur í sögu safnsins.

Fjörtíu ára saga samstarfs og samvinnu er flókin og margþætt. Í þessari grein verður áhersla lögð á hvernig safnið hefur þurft að berjast fyrir tilverurétti sínum og hvernig framlag listamanna sjálfra hefur stuðlað að því að gera safnið að því sem það er í dag. Áherslur í starfi safnsins hafa einnig breyst í gegnum árin og verður reynt að varpa ljósi á það hvernig stöðug endurnýjun á stjórnnum safnsins hefur haft umtalsverð áhrif.

## Listasafnið okkar

Í viðtali við Níels Hafstein um upphaf Nýlistasafnsins segir hann frá kvöldstund einni í Gallerí SÚM, haustið 1976. Þar snerist umræðan um „aðstöðuleysið, skilningsskortinn og fordómanna“ gagnvart samtímamyndlist og einnig hvað Listasafn Íslands væri gamaldags og gagnrýnendur dagblaðanna „heimskir og andstyggilegir“. Svo virtist sem þessi söngur væri oft sunginn, en í þetta skiptið brást Níels sjálfur við á óvenjulegan hátt og sagði mönnum að „hætta þessu andskotans væli“ og stofna listasafn: „listasafnið okkar!“<sup>3</sup>

Ári síðar var boðað til undirbúningsfundar að stofnun sameignarfélags sem var til bráðabirgða nefnt Nútímalistasafn Íslands. Boðsbréf var sent til einstaklinga sem höfðu ýmist reynslu af rekstri sýningarrýmis, reynslu af baráttu við kerfið og þekkingu á straumum og stefnum í myndlist. Í boðsbréfinu komu ástæður fundarboðsins einnig skýrt fram:

„Ber þá fyrst að nefna nauðsyn þess að almenningi gefist kostur á að skoða og kynna sér þá þróun sem hefur orðið í íslenskri nútímalist (og erlendri) síðustu 15 árin, - í stofnun þar sem virðing er borin fyrir hvers kyns nýjungum og tilraunum í listum. Þá er það krafan um að nútímalistamenn eigi vísan samastað fyrir verk sín, að þeim hlotnist einhver viðunnandi bakhjarl, fjárhagslegur og menningarlegur. Í þriðja lagi er það markmið fundarboðsins að stefna saman hæfu listafólki til baráttu gegn fordómum og áhugaleysi almennings, fjölmiðla og ríkisvalds.“<sup>4</sup>

Boðinu fylgdi ítarlegt plagg sem taldi upp verkefni listasafna og nánari útlistun á hverjum lið. Niðurstaða fundarins var sú að skipa undirbúningsnefnd, sem hálfu ári síðar boðaði til stofnfundar félags Nýlistasafnsins, þar var lögð fram skipulagsskrá sem undirbúningsnefndin hafði unnið.<sup>5</sup>

Skipulagsskráin var í senn grunnur að starfi safnsins sem sjálfseignarfélags og opinber stefna þess. Áhersla var lögð á að félagsmenn hafi valdið og öllum félagsmönnum væri tryggður jafn réttur. Félag Nýlistasafnsins átti að sjá um rekstur safnsins og eignir þess. Á ársfundi ætti að kjósa stjórn, sem í umboði félagsmanna færi með mál félagsins og safnsins á milli ársfunda.<sup>6</sup> Álitamál voru helst uppi um ákvæði sem sneru að því að félagsmenn væru skyldir



Aðsetur safnsins að Vatnsstíg 3b árið 1980. Mynd: Nýlistasafnið.

til að gefa listaverk til safnsins árlega. Einhverjir höfðu áhyggjur af því að það gæti skapað misræmi milli listamanna, listamenn væru misduglegir í framleiðslu. Þar að auki var velt vöngum yfir því hvað væri verk og hvað ekki. Spurt var hvort performans teldist sem verk á sama hátt og önnur áþreifanlegri listaverk. Að lokum var sátt um að frumheimild um listaverk gæti verið jafngildi verks sem gjöf til safnsins. Áhyggjur komu einnig fram ef til félagsslita kæmi, hvað yrði þá um listaverkin? Hið opinbera var ekki talið heppilegur erfingi þar sem það hefði ekki staðið sig í stykkinu við innkaup á listaverkum yngri listamanna. Niðurstaðan var sú að ef kæmi til slita yrði safneigninni skilað til upphaflegra gefenda.<sup>7</sup>

Skipulagsskráin átti eftir að taka breytingum, eftir áherslum hverju sinni. Upphafleg markmið safnsins sneru að því að bjarga listaverkum frá glötun, byggja upp safn heimilda um sýningar innanlands sem utan, bækur, blöð og tímarit um listir. Safnið átti einnig að vera miðstöð nýjustu strauma og tilrauna í íslenskri myndlist. Sem og að stuðla að opinberri umræðu og kynningu á listum og vanmetnum tímabilum.

Söfnun listaverka fór vel af stað í upphafi. Eftir rúmlega eitt ár átti safnið

á fimmta hundrað listaverk. Safninu bárust gjafir frá aðilum er komu að stofnun þess, þar á meðal einkasöfn Ragnars Kjartanssonar og Niels Hafstein. Fulltrúar Gallerí Suðurgötu 7 afhentu safninu verk sem og margir aðrir listamenn. Heimildasafnið tók á sig mynd með úrklippum af blaðagreinum um íslenskt menningarlíf. Einnig voru safninu gefin tímarit, ljósmyndir, sýningarskrár og veggspjöld frá aðstandendum Galerie SÚM.<sup>8</sup>

Rétt rúmlega ári eftir að safnið var stofnað var haldin sýning til að kynna starfsemi þess. Sýningin stóð yfir í tvo daga í Ásmundarsal þann 15. til 17. febrúar árið 1979. Tilgangur sýningarinnar var að vekja athygli á mikilvægi safnsins, hversu fljótt það hefði vaxið og benda á það ómetanlega björgunarstarf sem þá þegar hafi verið unnið. Spjótunum var ekki síst beint að þeim sem fóru með menningarmál á þeim tíma. Lítið var um jákvæðar undirtektir í styrkumsóknum safnsins, fram kemur í fjölmiðlum að safnið hafi fengið synjun frá yfirvöldum um fjárveitingu fyrir árið 1979.<sup>9</sup> Félagsmenn borguðu meðal annars fyrir leigu á Ásmundarsal með listaverkum.<sup>10</sup> „Það hlýtur þó að koma að því að þeir sem standa að menningarmálum geri sér grein fyrir því hversu þörf þessi starfsemi er“ segir Rúrí í viðtali við blaðamann, enn fremur segir hún „í raun og veru er hér unnið starf sem hefur verið vanrækt af hálfu hins opinbera.“<sup>11</sup>

## Gallerí Nýló

Til að byrja með var safneign Nýlistasafnsins komið fyrir í þrjátíu fermetra geymslu sem var hluti af vinnustofu Ólafs Lárussonar. Árið 1980 verður stór breyting þegar safnið tekur á leigu húsnæði að Vatnsstíg 3b. Um var að ræða sama húsnæði og Gallerí SÚM var í. Húsnæðið var hins vegar í mjög slæmu ástandi og stóðu félagsmenn, í sjálfböðavinnu, að lagfæringum og endurbótum í níu mánuði áður en safnið opnaði tvo sýningarsali þann 16. október 1980.<sup>12</sup> Þremur árum síðar tekur Nýlistasafnið efri hæð hússins einnig á leigu. Safnið lokaði í mánuð meðan á endurbótum stóð en við opnun var rými safnsins orðið um 400 fermetrar.<sup>13</sup>

Skömmu eftir að safnið fékk sýningarrými til umræða var farið í breytingar á skipulagi þess. „Í janúar 1981 var ákveðið á almennum félagsfundi að skipta starfsemi safnsins í tvennt, annars vegar umsjón með rekstri og safneign og hins vegar sýningarhald.“<sup>14</sup> Í bréfi dagsettu 13. febrúar 1981 er félagsmönnum

kynnt breytingin, þar sem sagt var frá því að sýningarsalurinn yrði leigður félögum og öðrum sem óskuðu eftir. Fjárskortur var helsta ástæðan að baki þessara breytinga. Ákvörðunin var tekin eftir „löng fundarhöld og almennar umræður innan safns og utan“, en markmiðið var fyrst og fremst það að stjórnin gæti viðhaldið „lifandi starfi og halda áfram að treysta þann grunn sem undirbyggir þá góðu frammistöðu sem íslenskir myndlistarmenn hafa sýnt að undanfögnu.“<sup>15</sup> Sýningarsalurinn var síðan í daglegu tali þekktur sem Gallerí Nýló.

Næstu árin voru haldnar á annað hundrað sýningar í sýningarsölum Nýlistasafnsins. Sýningarnar voru flestar í styttri kantinum, stóðu ekki mikið lengur en í tvær vikur. Gjaldtaka var miðuð við sólarhringsleigu og fengu félagsmenn hagstæðari kjör en þeir sem stóðu utan félagsins.<sup>16</sup> Þær sýningar sem stóðu lengur voru yfirleitt þær sem stjórnin hafði umsjón með. Það voru þá gjarnan sýningar í samstarfi við erlenda aðila eða Listahátíð í Reykjavík.

Árið 1983 var til að mynda haldin stór skiptisýning milli Nýlistasafnsins og Museum Fodor í Amsterdam. Sýningin Amsterdam – Reykjavík, yfir hádegisbauginn var haldin samhliða í löndunum tveimur. Hollenska safnið hafði frumkvæðið að þessum skiptum og fór mikil vinna í val á íslensku listamönnunum, sem voru allir félagar Nýlistasafnsins. Það vakti athygli að á meðan opinberir aðilar á Íslandi sýndu safninu takmarkaðan áhuga kæmi stuðningurinn erlendis frá. Það var bundin von við að samstarf sem þetta myndi auka skilning á mikilvægu starfi safnsins héraðs, svo að íslensk list þyrfti ekki sífellt að „lifa sníkjulífi og þiggja ölmusu af erlendum þjóðum“ líkt og Eggert Pétursson, einn listamannanna sem sýndi í hollenska safninu, orðaði það.<sup>17</sup> Erlent samstarf er ein af þeim áherslum sem hafa alla tíð einkennt starf Nýló. Rúmum þremur áratugum síðar er safnið enn að vinna að sýningum í samstarfi við erlenda aðila.

Hið nýja húsnæði kom af stað líflegu sýningarstarfi en á meðan fékk söfnunarstarfið að sitja á hakanum eftir hraða uppbyggingu fyrstu tvö árin. Innköllun á listaverkum samkvæmt skipulagsskrá hafði ekki átt sér stað á árunum 1980 til 1982. En árið 1982 var allri safneigninni komið fyrir á fyrstu hæð safnsins við Vatnsstíg 3b.<sup>18</sup> Sýningar á safneign voru haldnar stöku sinnum að frumkvæði stjórnar, hugmyndir voru alltaf á reiki að tileinka ákveðið rými innan safnsins til sýninga á eigin listaverkaeign.

## Stoppað í götin

Árið 1988 hélt safnið upp á tíu ára afmælið með stórri sýningu í samstarfi við Listasafn Íslands. Bera Nordal, þáverandi forstöðukona, fagnaði samstarfinu, þrátt fyrir að mörgum þætti Nýlistasafnið vera að ganga „til samstarfs við erkióvininn.“<sup>19</sup> Tímarnir höfðu vissulega breyst og viðurkennir Bera að Listasafnið hafi lítið sinnt tímabilinu „sem kennt er við SÚM-hreyfinguna“. Söfnunarstefnan hafi hins vegar verið eitt sjónarmið og stofnun Nýlistasafnsins „talandi dæmi um afleiðingar ákveðins sjónarmiðs í listaverkakaupum.“<sup>20</sup> Ástæður fyrir afskiptaleysinu voru, að mati Beru, fyrst og fremst skortur á fjármagni, sem reis ekki í takt við aukna „fjölbreytni í liststefnum“ sem kom fram á sjöunda áratugnum. Að sama skapi þurfti þjóðarlistasafnið að sinna fortíðinni og huga að öðrum tímabilum í sögu íslenskrar myndlistar. Það var hins vegar hennar mat að safnið hefði átt að sinna „þessum nýja vaxtarbroddi.“<sup>21</sup> Sjöundi áratugurinn og upphaf hins áttunda, var í brennidepli á sýningunni. Eldri verk safnsins voru talin líklegri til þess að fá fram „heildstæðari sýningu.“<sup>22</sup> Sýningin endurspeglaði ekki starfsemi Nýlistasafnsins í heild sinni, þar sem safneignin var í sviðsljósinu en sýningarstarfi safnsins og „aktívitetinu“ var ýtt til hliðar.<sup>23</sup>

Afstaða safnsins hafði töluvert breyst eftir að Bera Nordal tók við stjórninni. Safnráð með hana í fararbroddi sat nú „sveitt við að kaupa verk eftir menn sem vantar inn í safnið.“<sup>24</sup> Bera Nordal segir sjálf í viðtali stuttu eftir að hún var skipuð forstöðumaður að vinnan við að stoppa í götin sé hafin: „Safnráð hefur þegar byrjað að leita uppi, kaupa inn verk og leggja drög að öðrum. En það verður dýrt að stoppa í þessi göt og kemur niður á kaupum eftir unga og ef til vill upprennandi listamenn.“<sup>25</sup> Það var mat Tuma Magnússonar, sem sat þá í stjórn Nýlistasafnsins, að fyrst þarna væri Listasafn Íslands að átta sig á gildi þess að safna nútímalistaverkum. Nýlistasafnið hafði hins vegar ákveðið forskot þar sem safnið væri rekið af listamönnum sjálfum og þar af leiðandi í sterkum tengslum við það sem væri að gerast í myndlist á hverjum tíma.<sup>26</sup> Í viðtali Aðalsteins Ingólfssonar við Kristján Steingrím, þáverandi safnstjóra, kom fram að safnið hefði sannað tilverurétt sinn því að í tíu ár höfðu myndlistarmenn rekið safnið upp á eigin spýtur, „safnað verkum eftir fjölda listamanna, innlendra sem erlendra, og staðið fyrir um það bil 218 uppákomum“. Við það bætir hann: „Að stórum hluta hefur íslensk

myndlistarsaga síðustu ára verið mótuð í Nýlistasafninu.“<sup>27</sup>

Það er áhugavert að horfa til þess að það sem Listasafni Íslands tókst ekki að gera, meðal annars vegna skorts á fjármagni, gátu listamenn í sameiningu gert. Fjárskortur hafði fram að þessu ávallt háð Nýlistasafninu, en því tókst engu að síður að bjarga mörgum og merkilegum listaverkum frá glötun. Félag Nýlistasafnsins tókst með samvinu og sjálboðavinnu að vinna þrekvirki, sem einhverra hluta vegna hefur ekki þótt við hæfi hjá Þjóðarlistasafninu, fram að þessu. Afmælissýningin var ekki mikið meira en táknræn viðurkenning á björgunarstarfi Nýló. Ári síðar missti safnið húsnæði sitt og var safnið í kjölfarið flutt í lítinn geymslukjallara í gömlu Ríkisprentsmiðjuna Gútenberg við Þingholtsstræti 6 í Reykjavík. Þar var gott geymslurými sem kom sér vel fyrir þau rúmlega þúsund listaverk sem safneignin stóð af. Sýningarstarfið lagðist tímabundið af.

## Valið til varðveislu

Fjögurra ára óvissu með húsnæðismál Nýlistasafnsins lauk þegar staðfest var að ríki og borg myndu fjármagna kaupin á Vatnsstíg 3b. Safnið flutti aftur í húsnæðið í maí 1990. Kaupin á húsnæðinu virkaði eins og vítamínsprauta fyrir félagið og rekstur safnsins. Fram undan voru miklar umræður um tilgang og markmið safnsins sem og breytingar sem miðuðu að því að bæta starfsemi þess. Við kaupin eignaðist safnið allt húsnæðið og töluverðar endurbætur og breytingar voru gerðar á húsnæðinu í kjölfar kaupanna. Formleg opnun var 14. júlí en tveimur dögum áður hafði verið gengið frá „öllum pappírurum“ vegna kaupanna „og er málið þar með að fullu komið í höfn!“<sup>28</sup> Í viðtali við Kees Visser og Niels Hafstein, stjórnarmeðlimi, daginn fyrir opnun kemur fram að safnið sé fyrst og fremst „eign þjóðarinnar“ og eigi að „vaxa og dafna undir ábyrgðarfullri stjórn“. Stjórnin, og félagið, mótar stefnu, þar sem bæði er reynt að safna verkum og „vera alltaf í fararbroddi við það að kynna það sem er nýjast og ferskast.“<sup>29</sup> Á ársfundi sem var haldinn á meðan viðræður um kaup á húsnæði safnsins stóðu yfir fóru fram miklar umræður um rekstur og hlutverk safnsins.<sup>29</sup> Í skýrslu stjórnar var horft til framtíðar og rætt var um sýningarmál og söfnunarstefnu. Spurt var hvort safnið ætti ekki að reyna að fá „góðu verkin“. Kees Visser stakk upp á því að nefnd færi á vinnustofur til að velja, eða kjósa til þess einn félagsmann á ári. Eitthvað hafði borið á því



að þau verk sem safnið fékk að gjöf stæðust ekki „gæðakröfur“. Aftur á móti sagði Ingólfur Arnarson að „smotterið“ væri oft vanmetið.<sup>31</sup>

Vinnu við safnið var að mestu leyti sinnt af meðlimum í félagi Nýlistasafnsins í sjálfbodavinnu. Annars vegar var það starf formanns og stjórnar og varðaði rekstur safnsins, hins vegar umsjón með sýningarsal. Frá 1981 voru það ákveðnir aðilar, utan stjórnar, sem fengnir voru til að fara yfir umsóknir og velja fyrir útleigu. Breytingar urðu á starfseminni þegar Ragnheiður Ragnarsdóttir var ráðin sem rekstrarstjóri safnsins árið 1993. Hennar starf var að sjá um daglegan rekstur safnsins, hún átti að skipuleggja safnsýningar og bodssýningar. Auk þessa hafði hún umsjón með listaverkaeign og sá um samskipti við utanaðkomandi aðila, erlenda sem innlenda.<sup>32</sup>

Frá flutningum á Vatnsstíg 3b hafði safninu áskotnast fjöldi verka. Mörg þeirra voru gjafir sem bárust safninu að loknum sýningum. Fljótlega eftir flutning, eða árið 1992, voru hugmyndir viðraðar um að finna nýja listaverka-geymslu. Leitin hófst síðan árið 1995. Safnið hélt áfram að taka á móti gjöfum, en það var ekki fyrr en árið 1997 sem geymsla var tekin á leigu fyrir safneignina. Við flutninginn gafst tækifæri til þess að gera átak í skráningar- og þökkunarmálum. Útkoman var tveggja vikna sýning, 12. til 26. mars, sem fékk heitið Tiltect. Í fréttatilkynningu vegna sýningarinnar var sagt að á næstu tveimur vikum yrði listaverkaeign safnsins „dregin fram úr myrkrinu“. Ástand verka var metið, þau mynduð og skráð í gagnagrunn.<sup>33</sup> Ekki var vitað með vissu hversu mörg verk safnið átti, en talið var að þau væru um tvö þúsund.<sup>34</sup> Tiltectin gaf smávon um að hægt væri að koma safneigninni í viðeigandi horf, en vegna plássleysis og lélegra aðstæðna átti safnið mikið af „útistandandi verkum“ og var átakið hugsað meðal annars til þess að geta hafið „innheimtuna á ný þegar geymslumálin verða komin í betra horf.“<sup>35</sup>

Ári síðar vekur Áslaug Thorlacius athygli á þessu átaki í grein sem hún skrifar af tilefni tuttugu ára afmælis safnsins. Hún lýsti því þannig að safnið væri dregið fram úr geymslunni „verk fyrir verk“, mælt, myndað og skráð, pakkað vandlega inn og „fundinn staður í nýju geymslunni“. Áslaug lýsti einnig áhyggjum félagsmanna yfir stöðunni: „Þegar peningaleysið hefur verið hvað mest hefur mönnum orðið tíðrætt um þann vanda sem fylgir því að eiga svo stórt og merkilegt listasafn og hafa ekki ráð á öðru en láta það liggja undir skemmdum.“<sup>36</sup> Aðgerðirnar árinu áður „léttu áhyggjunum af félögum

safnsins“ en vissulega var það bara tímabundið, sérstaklega ef vinnunni yrði ekki haldið áfram. Að mati Áslaugar þyrfti að horfast í augu við það að sinna safneigninni væri stöðugt verkefni annars myndi hún bara grotna niður.<sup>37</sup> Stundum var kvartað yfir því að safneignin væri hreinlega orðin of þungur baggi fyrir safnið. Umönnun safneignar fylgir mikil ábyrgð og safnið hafði hreinlega ekki fjárhagslegt bolmagn til „að standa undir nauðsynlegri rannsóknarvinnu, viðhaldi og skráningu listaverkanna.“<sup>38</sup> Undanfarin ár hafði safninu gengið betur að einbeita sér að sýningarhaldinu.<sup>39</sup>

Fyrir á árinu 2000 var haldin sýning á safneign Nýlistasafnsins. Á sýningunni Samræður við safneign var fimm ungunum listamönnum boðið að „gramsá í geymslum“ safnsins og draga fram nokkur verk úr safneign. Haft var eftir Öldu Sigurðardóttir, sem var ein af ungu listamönnum fimm, að sérstaða safneignarinnar væri fyrst og fremst sú að þar væru verk sem „listamenn hafa sjálfir valið til varðveislu.“<sup>40</sup> Að hennar mati væri safneign Nýlistasafnsins mikilvægt mótvægi við þá listasögu sem geymd væri í öðrum söfnum og þrátt fyrir að önnur söfn væru farin að kaupa verk eftir starfandi listamenn væri ekki síður mikilvægt að „þeir haldi áfram að gefa verk sín Nýlistasafninu.“<sup>41</sup> Rúrí undirstrikaði orð Öldu og sagði sérstöðu Nýlistasafnsins þá „að öll verk í eigu þess eru valin af listamönnum sjálfum en ekki sérfræðingum listastofnana.“<sup>42</sup> Sýningin markaði ákveðin tímamót þar sem það virtist sem mikil vakning hefði orðið á gildi safneignarinnar og þá einkum sérstöðu hennar gagnvart öðrum hefðbundnari safneignum. Það var greinilegt að „smotterið“ skipti máli og verðmætin lágu ekki síður þar heldur en í listaverkum völdum af sérfræðingum.

## **Meðvitaður glundroði**

Um svipað leyti fór að bera á breyttri afstöðu til sýningarstarfs Nýló. Sýningarhald hafði óneitanlega verið mest áberandi hjá safninu nánast frá upphafi. Ásókn listamanna í sýningaraðstöðuna hafði verið stöðug og fyrir vikið fór að bera á gagnrýni á heildaryfirbragð sýninga sem þótti „helst til óreiðukennt“. Afmælisýning félagsmanna sem sett var upp í tilefni stórafmælisins 1998 var lýsandi dæmi um það traust sem safnið ber til listamannanna sjálfra. Þar stóð þeim til boða nagli og hamar til þess að hengja upp verk eftir sig þar sem þeim sýndist. Að mati Ragnheiðar Ragnarsdóttur

endurspeglaði þetta ágætlega áherslur stjórnar, þar sem listamaðurinn væri fullfær um að setja upp eigin sýningar. Ragnheiður gagnrýndi um leið þá stefnu í listheiminum að gefa sýningarstjórum of mikið vald.<sup>43</sup>

Stuttu fyrir opnun afmælisýningarinnar var ársfundur safnsins haldinn. Þar kom til tals sá mikli glundroði sem einkenndi sýningarstarfið. Tveir sýningarsalir hefðu bæst við eftir að safneign var komið fyrir í öðru húsnæði og aukið þar með útleigumöguleika. Spurt var hvort ekki væri hægt að velja sýningar betur saman, lengja sýningartíma eða jafnvel fækka sýningum. Pétur Örn Friðriksson, formaður stjórnar, og Ragnheiður Ragnarsdóttir sögðu þetta oft viljandi gert en sýningarstarfið væri dæmi um meðvitaðan glundroða.<sup>44</sup> Árið 1999 voru haldnar á þriðja tug sýninga, en lagt var til á ársfundi safnsins að hætt yrði að innheimta leigu á sýningarárinu 2000. Enn fremur var ákveðið að breyta sýningarstefnu safnsins, „sýningum er fækkað og sýningartímabil lengd.“<sup>45</sup> Ástæður þess sagði stjórn safnsins vera „fjölgun sala, mikla vinnu listamanna við hverja sýningu og utanaðkomandi gagnrýni á of stutt sýningartímabil.“<sup>46</sup>

Árið 2001 var einnig undirritaður samstarfssamningur við menningarsjóð Íslandsbanka. Samningurinn fól í sér fjögurra milljóna króna styrk árlega í þrjú ár til safnsins. Á móti var safnið skuldbundið til að sýna verk úr safneign í útibúum bankans. Samningurinn gerði safninu kleift að fylgja eftir breyttum áherslum. „Undanfarið hefur stjórn safnsins unnið að því að móta metnaðarfulla sýningarstefnu þar sem gert er ráð fyrir að efla starfsemina“, sagði Ósk Vilhjálmisdóttir þáverandi formaður stjórnar Nýlistasafnsins í tilefni undirritunarinnar. Hún sagði enn fremur að einn þáttur í framtíðarsýn safnsins væri „að kynna og miðla listinni til breiðari hóps en áður“ og sýningar í útibúum bankans væri einn liður í því.<sup>47</sup>

## Fasteignaævintýri

Staðsetningu safnsins hafði einstaka sinnum borið á góma í gegnum tíðina. Félagsmönnum þótti það fullvel falið í bakhúsinu við Vatnsstíg 3. Þegar það fréttist síðan að húsið sem stóð úti við götuna var til sölu var rokið af stað og keypt. Í október 2001 festi Nýlistasafnið kaup á Vatnsstíg 3. Í skýrslu stjórnar sem birt var á ársfundi árið 2002 komu fram tvær ástæður fyrir kaupunum. Í fyrsta lagi lágu fyrir stórfelldar og kostnaðarsamar viðgerðir á húsnæðinu

við Vatnsstíg 3b. Í öðru lagi þótti það mikilvægt fyrir safnið „að komast út úr portinu“, nær Laugaveginum og „tengjast betur mannlífi miðbæjarins.“<sup>48</sup>

Allt virtist á uppleið og safninu að takast það að vekja meiri athygli á sér, bæta ímynd sína með því að tengjast betur mannlífi miðbæjarins og njóta góðs af auknu samstarfi listaheimsins og viðskiptalífsins. Utanaðkomandi þrýstingur hafði ef til vill einnig eitthvað um þetta að segja. Umræður fyrir aldamótin um mikilvægi þess að ná tengslum við almenning og hugsa meira út á við áttu eflaust sinn þátt í þessari stefnumótun. Skrefin voru hins vegar ekki tekin áhættulaust. Til þess að fjármagna húsnæðis kaupin voru tekin lán og bakhúsið sett í sölu. Það gekk ekki eins hratt að selja og vonir stóðu til, en að lokum barst ásætlanlegt tilboð í Vatnsstíg 3b og húsnæðið við portið var selt árið 2002.<sup>49</sup>

Fljótlega eftir að Vatnsstígur 3 var keyptur komu í ljós gallar í lofti á þriðju hæð. Ekki tókst að semja við seljanda um að deila kostnaði og féll hann því allur á Nýlistasafnið. Ári síðar flutti safnið um set og lokaði meðan á viðgerðum stóð. Safnið opnaði aftur í mars árið 2002, en hálfu ári síðar kom í ljós að húsnæðið þarfnæðist enn frekari viðgerða. Kostnaðurinn hrannaðist upp og komst húsnæðisnefndin að þeirri niðurstöðu árið 2003 að best væri að selja húsið. Nefndin komst einnig að þeirri niðurstöðu að það borgaði sig fyrir safnið hér eftir að leigja húsnæði í stað þess að stunda „flekari fasteignaviðskipti og rekstur.“<sup>50</sup>

Safnið fór illa út úr þessum fasteignaviðskiptum og á sama tíma og safnið barðist við viðgerðarkostnað og fjárhagsleg vandræði var samstarf Reykjavíkurborgar og Péturs Arasonar kynnt til sögunnar snemma árið 2003. Þarna var um að ræða samvinnu um að opna fyrir almenningi aðgang að „miklu safni innlendra og erlendra samtímalistaverka í eigu Péturs og konu hans, Rögnu Róbertsdóttur.“<sup>51</sup> Í grein um málið sem birtist í Morgunblaðinu var haft eftir Stefáni Jóni Hafstein að „tilfinnanlega hafi vantað samtímalistasafn í borginni“ og yfirlýst stefna borgarinnar sé að „efla alþjóðleg tengsl og alþjóðlegan borgarbrag“. Einkasafn Péturs og Rögnu skipti því heilmiklu máli „fyrir menningarlandslagið í borginni“ og ekki skemmi staðsetningin í hjarta borgarinnar fyrir.<sup>52</sup>

Í ljósi þess að Nýlistasafnið hafði í 25 ár starfað sem miðstöð samtímalistar hljómaði þetta sérkennilega. Sama ár sendi stjórn Nýló frá sér ályktun þar sem opnun Safns þeirra Péturs og Rögnu var fagnað, en um leið var „illa

undirbúnum styrkveitingum á vettvangi samtímamyndlistar“ mótmælt, þar sem menningarstefna borgarinnar endurspeglast „í áhugaleysi og þekkingarskortu á eðli og þörfum framsækinnar myndlistar“ og að lokum voru borgaryfirvöld hvött til að hafa fagleg vinnubrögð að leiðarljósi í framtíðinni.<sup>53</sup>

Á almennum félagsfundu í janúar 2004 var samþykkt að selja húsnæði Nýló. Mæting á þann fund var ekki góð að mati Þórodds Bjarnasonar sem skrifaði grein um stöðu safnsins undir heitinu „Ennþá lifandi“. Þar spyr hann hvort eldmóðurinn sé horfinn og hvort það sé þá tilgangur í að halda áfram starfsemi. Þrátt fyrir niðursveiflu telur Þóroddur að verðmæti safnsins séu þess virði að haldið verði áfram. Verðmætin séu töluverð, „safneignin, félagsmenn, sagan og frægð safnsins í útlöndum“ og hann staðhæfir þar að auki að safnið sé „ein þekktasta menningarstofnun Íslands á erlendri grundu.“<sup>54</sup> Spurningin er þá hvers vegna frægð safnsins erlendis hafi ekki skilað sér beint í hjarta borgarinnar þar sem tilfinnanlega hafi vantað samtímalistasafn að mati formanns menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar.

Með sölu á fasteigninni við Vatnsstíg 3 var endi bundinn á fasteignaævintýri safnsins. Í maí árið 2004 flutti safnið í nýtt húsnæði sem það tók á leigu við Laugaveg 26. Þá kvað við annan tón hjá félagsmönnum. Lárus Vilhjálmsson, þá nýráðinn framkvæmdastjóri, sagðist loks sjá fram á framtíðarlausn á málum safnsins. „Hér verður frábær aðstaða og við stefnum að því að hér verði svona lifandi miðstöð fyrir listafólk og aðra þar sem fólk getur komið saman, spjallað og notið listarinnar.“<sup>55</sup>

## **Skráning skjala og listaverka**

Í gegnum tíðina hafa stórafmæli safnsins verið hvati að umræðum um stefnu og stöðu safnsins. 30 ára afmæli safnsins var engin undantekning, nema það að stjórnin sem var þá við völd ákvað að ganga örlítið lengra í endurskoðun á safninu:

„Á miðju ári 2007 ákvað stjórn Nýlistasafnsins að 30 ára afmæli þess, árið 2008, yrði best fagnað með því að staldra við og huga að endurskoðun á starfsemi safnsins. Jafnt sem skilgreiningu á innviðum

Nýlistasafnsins, sögu þess og gildi fyrir íslenska myndlist í fortíð, nútíð og framtíð. Hægt var á almennu sýningahaldi en orku stjórnarliða, félagsmanna og samstarfsfólks í faginu beint að skráningu, umönnun og kynningu á safneign og skjalasafni Nýlistasafnsins.<sup>56</sup>

Öll verk og gögn í eigu safnsins voru dregin fram og hafist var handa við endurskráningu listaverka og frumskráningu á skjalasafni. Tiltektin átti því að varpa skýrara ljósi á sögu safnsins og gera aðgengilegar upplýsingar sem höfðu fram að þessu verið ófáanlegar.<sup>57</sup> Forsendur ákvörðunarinnar voru ekki allar af hinu góða. Stjórnin sem tók við stjórnartaumunum árið 2006 stóð til að mynda frammi fyrir þeirri áskorun að missa listaverkageymslur safnsins og með mjög skömmum fyrirvara var öll safneignin komin inn á gólf í þáverandi húsnæði við Laugarveg. Þetta kallaði á vangaveltur og sjálfskoðun, fáir vissu í raun hvað safneignin samanstóð af og hvað ætti að gera við hana. Nína Magnúsdóttir, þáverandi formaður, sagði „í þessari sjálfsskoðun varð okkur fljótt ljóst að við yrðum að byrja á upphafinu, það er á sögu safnsins og safneigninni, því þar liggur ímynd þess og grunnur starfseminnar.“<sup>58</sup>

Skráning safneignarinnar varð að veruleika með styrkveitingu frá Safnaráði, ómældri vinnu sjálfboðaliða og samstarfi við Listasafn Íslands. Safneignin var í fyrsta skipti í langan tíma samankomin á einn stað og þannig gafst færi á að grófflokka safnkostinn eftir miðlum. „Kom þá strax í ljós mikið af óskráðum verkum sem stækka safnkostinn til muna.“<sup>59</sup> Skráð verk í gömlu skránni voru rétt rúmlega sjö hundruð, sem var töluvert frá þeim fjölda verka sem safneignin var talin samstanda af árið 1996 þegar fyrri tiltekt átti sér stað. Þáverandi framkvæmdastjóri safnsins, Ragnheiður Ragnarsdóttir, taldi að fjöldi verka gæti verið í kringum tvö þúsund. Samhliða skráningu listaverka hófst annað ekki síður umfangsmikið verkefni: Flokkun og skráning skjalasafns Nýlistasafnsins. Öllum gögnum var safnað saman, bréfum, ljósmyndum, fundargerðum, boðskortum, blaðagreinum, sýningar-skrám, vinnuþlögum og fleiru. Heimildasafnið, sem var hluti af upphaflegri undirstöðu eignar Nýlistasafnsins, var endurvakið. Heimildasafnið var hugsað sem framtíðarverkefni og sett á fót í anda þeirrar stefnu sem var tekin innan safnsins við stofnun þess árið 1978. Safnið samanstendur af skjalasafninu, sýningayfirliti frá 1978 til 2008 og þar að auki tveimur svonefndum arkífum, annars vegar gjörninga-arkífi og hins vegar arkífi um listamannarekin rými.





á ársfundi 2011 kemur fram að í upphafi febrúar hafi fundir með tuttugu gjörningalistamönnum hafist. Ástæðan var samstarfsverkefni Nýlistasafnsins og útvarpsþáttarins Víðsjár hjá RÚV. „Verkefnið er liður í söfnun á og miðlun heimilda um gjörninga. Frásagnir listamanna af eigin gjörningum eru teknir upp á hljóð og þeim útvarpað vikulega í Víðsjá. Sömu hljóðupptökur verða svo hluti af heimildasafni Nýlistasafnsins um gjörninga á Íslandi.“<sup>62</sup>

Tiltektin stóð yfir í töluverðan tíma en lauk með formlegum hætti með útgáfu bókarinnar Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins 1978 – 2008. Þá hafði safnið flutt enn eina ferðina vegna gríðarlegrar hækkunar á leigu. Í stað Laugavegs 26 var jarðhæð við Skúlagötu 28 tekin á leigu. Þangað flutti safnið með alla safneignina og var stór hluti rýmisins lagður undir safneignina. Sýningarstefna safnsins var enn í takt við þá stefnu sem var tekin um aldamótin, þar sem stjórn safnsins fer yfir umsóknir og leggur til hugmyndir að sýningum. Sýningarnar yrðu lengri og íburðarmeiri en þær einka- og samsýningar sem einkenndu ár Gallerí Nýló. Söfnunarstefna stjórnar árið 2009 var mörkuð og tilkynnt félagsmönnum á ársfundi 2010. Þar kom fram að safnið taki við gjöfum en áskilur sér rétt til að hafna „byggt á listrænum forsendum eða vegna geymsluvanda“. Enn fremur var ákveðið að einu sinni á ári kæmi stjórn sér saman um val á einum félagsmanni „með það að markmiði að óska eftir verki/verkum frá honum inn í safneign sína, nýtt eða eldra verk.“<sup>63</sup> Áætlað var að söfnunarstefnan tæki breytingum í kjölfar átaksins í skráningu. Markmiðið var að hefja aftur skipulagða söfnun verka og það má segja að nú þegar skráningu verka var lokið gat ákvörðun stjórnar grundvallast á þeirri hugsun að fylla upp í götin í safneigninni.<sup>64</sup>

Sérstaða safneignar Nýlistasafnsins kom alltaf betur í ljós, í gegnum árin hafði safneignin stækkað, og það var ekki fyrr en á þessum tímamarki sem skráningin endurspegladi raunverulegan fjölda verka. Safneignin byggir á gjöfum listamanna, sem sum hver voru gefin vegna ákvæða í skipulagsskrá, gefin í lok sýninga eða hreinlega skilin eftir. Í ársskýrslu safnsins fyrir árið 2016 kemur fram að safnið ætti til að mynda að eiga mikið fleiri verk eftir listakonur ef taka á mark á sýningarsögu safnsins. Í dag eru því gloppur sem þarf að fylla upp í, þar á meðal laga kynjahalla. Auk þess stendur safnið einnig frammi fyrir áskorunum í söfnun og varðveislu á gjörningum, innsetningum og öðrum tímategdum miðlum.<sup>65</sup>



Frá sýningu Joan Jonas, Does the Mirror Make the Picture í Nýlistasafninu á Sequences myndlistarhátíð árið 2017. Mynd: Vigfús Birgisson.

## Ennþá lifandi

Árið 2014 stóð safnið enn og aftur í flutningum. Leigusamningur vegna húsnæðisins á Skúlagötu rann út árið áður og hafði safnið staðið í stappi við þáverandi eigendur, meðal annars vegna hækkandi leigu sem og óviðunandi aðstöðu fyrir safneign. Fyrr á árinu fékk Nýló opinbera viðurkenningu sem safn, með fyrirvara um úrbætur á húsnæðismálum safnsins. Niðurstaðan var sú að í samstarfi við borgina tók safnið á leigu húsnæði í Breiðholti. Þar fékkst hagstæð leiga og gott rými fyrir safneign sem gæti staðist kröfur um viðunandi varðveisluaðstæður. Þar með var Nýlistasafnið ekki lengur á almennum leigumarkaði, sem hafði skapað spennu í samskiptum við leigusala sem reyndu að hagnast á samlegðaráhrifum safnsins.<sup>66</sup>

Safneigninni var komið fyrir á neðri hæð hússins á meðan efri hæðin var nýtt sem tímabundið sýningarrými. Í skýrslu stjórnar fyrir ársfund 2015 kom einnig fram að mikill áhugi væri á safninu í hverfinu og gestagangur væri merkjanlega tíðari þar heldur en á Skúlagötunni.<sup>67</sup> Þar með varð til það varðveislu og rannsóknarrými sem er enn við lýði í efra Breiðholti að Völvufelli. Rýmið er hugsað sem gluggi að safneign og sögu safnsins og

einnig „að bjóða upp á og leita eftir samstarfi við fræðimenn, sýningarstjóra, listamenn og nemendur“ og gengur það undir heitinu Lífandi safneign.<sup>68</sup> Flokkun og skráning safneignarinnar varpaði stöðugt skýrara ljósi á mikilvægi hennar með tilliti til sögu samtímalistar á Íslandi. Vinna við að skrá safneign í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp var langt komin og gagnsemi ytri vefs Sarps varð fljótt ljós þar sem upplýsingar um listaverk, listamenn, hópa og ákveðin tímabil í íslenskri listasögu voru aðgengileg á netinu.<sup>69</sup> Sumarið 2015 opnaði Nýlistasafnið Núllið í Bankastræti 0, tímabundið verkefni í eitt ár í samstarfi við Reykjavíkurborg. Þannig voru almenningssalernin, kvennamegin, gerð upp og breytt í sýningarrými.<sup>70</sup>

Snemma árs 2016 dró aftur til tíðinda í húsnæðismálum safnsins, en þá var staðfest að Reykjavíkurborg skyldi leigja hið svokallaða Marshallhús að Grandagarði 20, til 15 ára. Unnið hafði verið að því undanfarin tvö ár að þar skyldi Nýlistasafnið fá aðstöðu, ásamt galleríi Kling og Bang og Studíói Ólafs Elíassonar. Þetta var keyrt áfram meðal annars á þeirri fyrirsjáanlegu vöntun á listamannareknum rýmum í miðbæ Reykjavíkur.<sup>71</sup> Unnið var hörðum höndum að koma hráu húsnæðinu í stand sem staðið hafði autt í töluverðan tíma. Flotuð gólf og hvítir veggir einkenna sýningarrými Marshallhússins, þar sem stórir gluggar hleypa inn mikilli birtu.<sup>72</sup> Þann 18. mars 2017 var miðstöð myndlistar í Marshallhúsinu síðan formlega opnuð. Nýló reið á vaðið með sýningunni Rolling Line sem fór yfir rúman áratug af verkum og listheimildum eftir Ólaf Lárusson, eins af stofnendum Nýlistasafnsins.<sup>73</sup> Ákvörðun Nýlistasafnsins að flytja þangað var ekki bara tekin fyrir safnið heldur var þetta skref fyrir myndlistarsenuna.<sup>74</sup>

## Lokaorð

Starfsemi Nýlistasafnsins síðustu tíu ár hefur færst nær hefðbundnu safnastarfi með þeim úrlausnarefnum sem tengjast söfnun, varðveislu, rannsóknum og miðlun. Að sama skapi stendur safnið á fimmtugsaldri fjarri því ástandi sem ríkti á dögum Gallerí Nýló þar sem meðvitaður glundroði einkenndi sýningarhald safnsins. Hafa þarf hins vegar í huga að án hins líflega og fjölbreytta sýningarstarfs sem var þá við lýði hefði safneign Nýló eflaust litið öðruvísi út í dag. Í gegnum áratugina hafa ólíkar áherslur verið uppi í stefnu og starfi safnsins, sem hafa ekki alltaf verið hliðhollar söfnunarstarfi og oft á tíðum

þótti safneignin hreinlega of þung byrði fyrir hið fjársvelta listamannarekna rými. Nú þegar safneignin blasir við í öllu sínu veldi er óhætt að segja að róðurinn léttist ekki.

Á fertugasta og fyrsta aldursári safnsins er það rekið á tveimur stöðum og gegnir mikilvægu hlutverki sem listamannarekið rými í miðbæ Reykjavíkur og safn íslenskrar samtímalistar síðast liðinnar hálftrar aldar. Það mun því halda áfram að reyna á samtakamátt fulltrúaráðsins, stjórnar og velunnara safnsins. Reksturinn hefur breyst, árið 2018 eru 2.4 stöðugildi við safnið, en líkt og ávalt í sögu safnsins reiðir það sig enn að miklu leyti á sjálfboðavinnu og ógreitt framlag stjórnar og annara félagsmanna. Kosið er í aðalstjórn úr röðum fulltrúa safnsins annað hvert ár og viðbúið að starfsemi þess og áherslur haldi áfram að breytast.

Engum ætti að dyljast að fulltrúaráð Nýlistasafnsins, listamenn og áhugafólk um myndlist, hefur verið helsti drifkraftur safnsins í gegnum sögu þess og spilar enn mikilvægt hlutverk í að halda metnaðarfullu starfi gangandi. Hvort sem það eru óteljandi vinnustundir sjálfboðaliða, ógreidd yfirvinna starfsmanna, sterkt tengslanet eða erlent samstarf, hefur það rutt brautina fyrir safnið og stöðu þess í dag. Saga safnsins sýnir mikilvægi fulltrúaráðsins, við stofnun þess og söfnun listaverka, við uppsetningu á þeim ótrúlega fjölda sýninga sem safnið hefur hýst, við yfirsetu og utanumhald, við flutninga, framkvæmdir og lagfæringar á húsnæðum safnsins, við að sækja styrki til opinberra aðila og annarra velunnara, og svo lengi mætti telja. Allt þetta hefur gert safninu kleift að vera vettvangur tilrauna í myndlist og gagnrýnnar umræðu og sinna skyldum listasafns er varðar samtímalistasögu frá 1960 til dagsins í dag.

#### Óprentaðar heimildir:

- „Arkif um listamannarekin rými“, Nýlistasafnið, heimasíða.  
Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 5. maí 1990. Nýlistasafnið.  
Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 15. apríl 1998. Nýlistasafnið.  
Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 15. apríl 1999. Nýlistasafnið.  
Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 15. apríl 2002. Nýlistasafnið.  
Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 3. nóvember 2010. Nýlistasafnið.  
Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 5. maí 2011. Nýlistasafnið.  
„Gjörninga-arkíf“, Nýlistasafnið, heimasíða.  
Nýlistasafnið. 2011a. „Tilkynning til félagsmanna Nýlistasafnsins, frá stjórn“, send út þann 27. apríl 2011.  
„Nýló, Kling & Bang and Ólafur Elíasson will move into the Marshall house“, Nýlistasafnið, heimasíða.  
„Rolling Line opnar í Marshallhúsinu“, Fréttabréf Nýlistasafnsins sent þann 10. mars 2017.  
„Safneignarverkefni 2008“, Nýlistasafnið, heimasíða.  
„Safneignin“, Nýlistasafnið, heimasíða.  
„Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 2. mars 2014-28. mars 2015“, ársfundur Nýlistasafnsins 2015. Nýlistasafnið.  
„Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 29. mars 2015-19. apríl 2016“, ársfundur Nýlistasafnsins 2016. Nýlistasafnið.  
„Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 20. apríl 2016-30. maí 2017“, ársfundur 2017. Nýlistasafnið.

#### Prentaðar heimildir:

- Aðalsteinn Ingólfsson, „Nýlistasafnið má ekki verða að stofnun“, DV, 28. apríl 1989, 36.  
„Atburðaröð“, Í Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins 1978-2008, ritstj. Tinna Guðmundsdóttir. Reykjavík: Nýlistasafnið, 2010.  
Aþ. „2000 listaverk á tveimur vikum“, Vikublaðið, 3. mars 1997, 6.  
Áslaug Thorlacius, „Eldur í bakhúsi við Laugavegin“, Lesbók Morgunblaðsins, 5. desember 1998, 16-17.  
BE. „Nýtt Nýlistasafn“, Þjóðviljinn, 13. júlí 1990, 15.  
Bera Nordal, „Aðfaraorð“, í Nýlistasafnið 10 ára. Reykjavík: Nýlistasafnið og Listasafn Íslands, 1988. Sýningarskrá.  
„Breytingar á skipulagsskrá.“ Í Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins 1978 – 2008. Ritstjóri Tinna Guðmundsdóttir. Reykjavík: Nýlistasafnið, 2010.  
„Eftirmáli um sýningu í Amsterdam“, Þjóðviljinn, 7.-8. janúar, 1984, 14-15.  
Freyr Einarsson, „Nýlistasafnið fær varanlegan samastað og nýtt verk frá Barney“, DV, 13. júlí 2004, 24.  
Gísli Sigurðsson, „Húsið mun valda straumhvörfum fyrir safnið“, Lesbók Morgunblaðsins, 30. janúar 1988, 10-14.  
Heiðar Kári Rannversson, „Gallerí Suðurgata 7: frásögn af listamannareknu rými í Reykjavík 1977-1982“. Í S7: Suðurgata >> Árbær (ekki á leið). Ritstjóri Bergsveinn Þórsson, Gunnhildur Hauksdóttir, Heiðar Kári Rannversson og Unnar Örn Jónasson Auðarson. Reykjavík: Nýlistasafnið og Mínjasafn Reykjavíkur, 2014.  
Hulda Stefánsdóttir, „Félagsheimili listamanna ekki síður en safn“, Lesbók Morgunblaðsins, 25. apríl 1998, 6-7.  
ih. „Listaverkum bjargað frá glötn“, Þjóðviljinn, 25. febrúar, 1979, 5.  
J.B.P. „Það vantar 15-20 ár inn í Listasafn Íslands“, Dagblaðið, 24. janúar, 1978, 4.  
Kristján Guðjónsson, „Menningarmiðstöð opnuð á Grandanum“, DV, 14. mars 2017, 18.  
Kristján Kristjánsson, „Listasafn Íslands: Nátttröll í nútímanum“, Helgarpósturinn, 17. september 1987: 22.  
Margrét Sveinbjörnsdóttir, „Eins og fuglinn Fönix“, Morgunblaðið, 5. febrúar 2000, 34.  
Margrét Sveinbjörnsdóttir, „Samræður við safneign“, Morgunblaðið, 5. febrúar, 2000, 34.  
Nína Magnúsdóttir, „Formáli.“ Í Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins 1978-2008. Ritstjóri Tinna Guðmundsdóttir. Reykjavík: Nýlistasafnið, 2010.  
„Nýlistasafnið: Skipulagsskrá samþykkt á stofnfundi 5. janúar 1978.“ Í Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins 1978 – 2008. Ritstjóri Tinna Guðmundsdóttir. Reykjavík: Nýlistasafnið, 2010.  
Ólafur Engilbertsson, „Nýlistasafnið 10 ára: Leitandi, utangarðs og á götunni“, DV, 31. október 1988: 15.  
„Skiptir miklu máli fyrir menningarlandslagið í borginni“, Morgunblaðið, 22. janúar 2003, 24.  
„Stofnun Nýlistasafnsins: Viðtal við Niels Hafstein, stofnanda og fyrsta formann Nýlistasafnsins.“ Í Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins 1978-2008. Ritstjóri Tinna Guðmundsdóttir. Reykjavík: Nýlistasafnið, 2010.  
Súsanna Svavarsdóttir, „Safnið fyllir upp í gat í myndlistarsögunni“, Morgunblaðið, 20. október 1988, 42-43.

„Tiltekt“ í Nýlistasafninu“, Morgunblaðið, 11. mars 1997, 31.

Tinna Guðmundsdóttir ritstjóri, Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins, Reykjavík: Nýlistasafnið, 2010.

Tinna Guðmundsdóttir, „Inngangur.“ Í Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins 1978-2008. Ritstjóri Tinna Guðmundsdóttir. Reykjavík: Nýlistasafnið, 2010.

„Tímamót fyrir starfsemi Nýlistasafnsins“, Morgunblaðið, 31. ágúst 2001, 24.

Þóroddur Bjarnason. „Ennþá lifandi“, Morgunblaðið, 25. janúar 2004, 30.

#### Neðanmálsgreinar

- 1 J.B.P., „Það vantar 15-20 ár inn í Listasafn Íslands“, 1978, 4.
- 2 Heiðar Kári Rannversson, „Gallerí Suðurgata 7: frásögn af listamannareknu rými í Reykjavík 1977-1982“, 79.
- 3 „Stofnun Nýlistasafnsins: Viðtal við Niels Hafstein, stofnanda og fyrsta formann Nýlistasafnsins“, 286.
- 4 „Stofnun Nýlistasafnsins: Viðtal við Niels Hafstein, stofnanda og fyrsta formann Nýlistasafnsins“, 287.
- 5 Tinna Guðmundsdóttir, Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins 1978-2008.
- 6 „Nýlistasafnið: Skipulagsskrá samþykkt á stofnufundi 5. janúar 1978“, 28-31.
- 7 Sama heimild.
- 8 „Atburðaröð“, 14.
- 9 ih, „Listaverkum bjargað frá glötun“, 1979, 5.
- 10 „Atburðaröð“, 14.
- 11 ih, „Listaverkum bjargað frá glötun“, 1979, 5.
- 12 Tinna Guðmundsdóttir, Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins 1978-2008, 51.
- 13 „Atburðaröð“, 15.
- 14 Tinna Guðmundsdóttir, Sýningaryfirlit Nýlistasafnsins 1978-2008, 9.
- 15 Sama heimild, 60.
- 16 „Atburðaröð“, 15.
- 17 „Eftirmáli um sýningu í Amsterdam“, 1984, 14-15.
- 18 „Atburðaröð“, 15.
- 19 Bera Nordal, „Aðfaraorð“, 5.
- 20 Sama heimild.
- 21 Sama heimild.
- 22 Sama heimild, 6.
- 23 Ólafur Engilbertsson, „Nýlistasafnið 10 ára: Leitandi, utangarðs og á götunni“, 1988, 15.
- 24 Kristján Kristjánsson, „Listasafn Íslands: Nátttröll í nútímanum“, 1987, 22.
- 25 Súsanna Svavarsdóttir, „Safnið fyllir upp í gat í myndlistarsögunni“, 1988.
- 26 Gísli Sigurðsson, „Húsið mun valda straumhvörfum fyrir safnið“, 1988, 10-14.
- 27 Aðalsteinn Ingólfsson, „Nýlistasafnið má ekki verða að stofnun“, 1989, 36.
- 28 „Breytingar á skipulagsskrá“, 345.
- 29 BE, „Nýtt Nýlistasafn“, 1990, 15.
- 30 „Atburðaröð“, 18.
- 31 Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 5. maí 1990.
- 32 Sama heimild.
- 33 „Tiltekt“ í Nýlistasafninu“, 1997, 31.
- 34 Aþ., „2000 listaverk á tveimur vikum“, 1997, 6.
- 35 „Tiltekt“ í Nýlistasafninu“, 31.
- 36 Áslaug Thorlacius, „Eldur í bakhúsi við Laugaveginn“, 1998, 16-17.
- 37 Sama heimild.
- 38 Hulda Stefánsdóttir, „Félagsheimili listamanna ekki síður en safn“, 1998, 6-7.
- 39 Áslaug Thorlacius, „Eldur í bakhúsi við Laugaveginn“, 1998, 16-17.
- 40 Margrét Sveinbjörnsdóttir, „Samræður við safneign“, 2000, 34.
- 41 Sama heimild, 34.
- 42 Sama heimild, 34.
- 43 Hulda Stefánsdóttir, „Félagsheimili listamanna ekki síður en safn“, 1998, 6-7.

- 44 Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 15. apríl 1998.
- 45 „Atburðaröð“, 21.
- 46 Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 15. apríl 1999.
- 47 „Tímamót fyrir starfsemi Nýlistasafnsins“, 2001, 24.
- 48 Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 15. apríl 2002.
- 49 „Atburðaröð“, 22.
- 50 „Atburðaröð“, 23.
- 51 „Skiptir miklu máli fyrir menningarlandslagið í borginni“, 2003, 24.
- 52 Sama heimild.
- 53 Sama heimild.
- 54 Þóroddur Bjarnason, „Ennþá lifandi“, 2004, 30.
- 55 Freyr Einarsson, „Nýlistasafnið fær varanlegan samastað og nýtt verk frá Barney“, 2004, 24.
- 56 „Safneignarverkefni 2008“.
- 57 Sama heimild.
- 58 Nína Magnúsdóttir, „Formáli“, 6.
- 59 Sama heimild.
- 60 „Arkíf um listamannarekin rými.“
- 61 „Gjörninga-arkíf“.
- 62 Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 5. maí 2011.
- 63 Fundargerð á ársfundi félags Nýlistasafnsins þann 3. nóvember 2010.
- 64 „Safneignin“.
- 65 „Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 20. apríl 2016-30. maí 2017“.
- 66 „Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 2. mars 2014-28. mars 2015“
- 67 Sama heimild.
- 68 Sama heimild.
- 69 Sama heimild.
- 70 „Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 29. mars 2015-19. apríl 2016“.
- 71 „Nýlól, Kling & Bang and Ólafur Elíasson will move into the Marshall house“
- 72 Kristján Guðjónsson, „Menningarmiðstöð opnuð á Grandanum“, 2017, 18.
- 73 „Rolling Line opnar í Marshallhúsinu“.
- 74 „Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 20. apríl 2016-30. maí 2017“.





# Myndlistarsafn Þingeyinga

Jóhannes Dagsson

Stofndagur Myndlistarsafns Þingeyinga var 1. apríl 1978. Safnið hóf þó ekki starfsemi í formi sýningarhalds fyrr en í ágúst 1980, í Safnahúsinu á Húsavík sem vígt var 24. maí sama ár.<sup>1</sup>

Safnahúsið á Húsavík var byggt til þess að hýsa menningar- og safnastarfsemi á nokkuð víðfeðmu sviði. Við vígslu hússins fengu inni náttúrugripasafn, byggðasafn, héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn og myndlistarsafn. Síðar bættist sjóminjasafn við starfsemina. Í húsinu er Bókasafn Suður-Þingeyinga einnig til húsa og hefur verið frá upphafi, en starfsemi þess var aðskilin annarri starfsemi sem fram fer í Safnahúsinu allt þar til 2017. Árbók Þingeyinga hefur einnig átt sér aðsetur í húsinu frá upphafi. Í dag er starfsemi Safnahússins á Húsavík undir hatti Menningarmiðstöðvar Þingeyinga sem og Byggðasafn Norður-Þingeyinga á Snartarstöðum, Byggðasafn Suður-Þingeyinga að Grenjaðarstað í Aðaldal og Sauðaneshús á Langanesi. Fyrsti forstöðumaður Safnahússins var Finnur Kristjánsson og var hann jafnframt forstöðumaður myndlistarsafnsins allt fram til ársins 1992.<sup>2</sup>

Myndlistarsafnið hefur frá upphafi haft aðsetur á þriðju hæð Safnahússins, í svokölluðum Málverkasal. Salurinn hefur tekið nokkrum breytingum frá því starfsemi safnsins hófst, en í megin atriðum hefur sýningarastaða verið sú sama frá stofnun safnsins. Frumkvæði að stofnun safnsins og söfnun á málverkum í stofngjöf þess hafði Sigurður P. Björnsson bankastjóri.<sup>3</sup> Við söfnun á verkum var lögð áhersla á að safna málverkum og sértaklega verkum eftir þingeymska málara.<sup>4</sup> Stofngjöf safnsins samanstóð af sjötíu og sjö myndverkum, eftir þrjátíu listamenn en gefendur verkanna voru þrjátíu og fjórir. Veigamesta gjöfin í stofn safnsins var gjöf Valtýs Péturssonar myndlistarmanns sem gaf tuttugu og tvö af eigin verkum til safnsins. Valtýr var fæddur og uppalinn á Grenivík í Suður-Þingeyjarsýslu. Verkin sem gjöf Valtýs samanstóð af voru sýnd á fyrsta starfsári Safnahússins, í nóvember 1980. Valtýr kom sjálfur til Húsavíkur til að vera viðstaddur opnun sýningarinnar og í ávarpi sínu kvaðst Valtýr vona að myndir hans ættu eftir að vekja umræður og rífrildi í Þingeyjarsýslu.<sup>5</sup>



Valtýr Pétursson við opnun sýningar sinnar í Safnahúsinu 1980. Mynd: Sigurður Pétur Björnsson.

Annar mikilvægur þáttur í stofngjöf safnsins voru þrjár myndir eftir Arngrím Gíslason málara. Tvær þessara mynda voru gefnar af systkinunum frá Hólmavaði í Aðaldal, og ein af Kristjáni Eldjárn þjóðminjaverði.<sup>6</sup> Arngrímur Gíslason var Þingeyingur í húð og hár, fæddur á Skörðum í Reykjahverfi, en mikilvægara hér er að verk hans eru ekki aðeins merkilegur sproti í íslenskri myndlistarsögu, heldur einnig merkileg heimild um sveitameningu Norðlendinga í samtíma hans. Sem dæmi má nefna að myndirnar tvær sem safninu voru gefnar frá Hólmavaði eru mannamyndir; annars vegar af Guðrúnu Jónsdóttur, húsfreyju í Hraunkoti í Aðaldal, og hins vegar af Þorgrími Halldórssyni bónda í Hraunkoti.<sup>7</sup> Verkin mynda áhugaverða tengingu, bæði við héraðið sem safninu er ætlað að þjóna, en ekki síður

við sögu myndlistar á Íslandi, og falla vel að þeirri stefnu forráðamanna safnsins að leggja áherslu á heimabyggð í starfsemi og safneign. Það er einnig áhugavert að verk af þessum toga skuli vera sett inn í samhengi málverkasafns, frekar en minjasafns. Þjóðmiðjasafn Íslands er til dæmis eigandi að mörgum (ef ekki flestum) verkum Arngríms, sem ekki eru í einkaeigu.<sup>8</sup>

Stofngjöf myndlistarsafnsins samanstendur auk þeirra verka sem þegar hefur verið fjallað um, aðallega af verkum eftir listamenn sem tengjast Þingeyjarsýslum, eða Norðurlandi á einhvern hátt. Mörg verk eru gefin af listamönnunum sjálfum, en önnur ánöfnuð af öðrum eigendum verka. Sá fjöldi verka sem listamenn gefa sjálfir, og fjölbreytileiki þeirra, bendir til þess að mikil samstaða hafi verið um að standa vel að stofnun safnsins.<sup>9</sup>

Með nokkurri einföldun má segja að stofngjöfin bendi strax til ákveðinnar afstöðu í starfsemi þess og safneign. Áherslan er á listamenn sem hafa tengsl við héraðið, en ekki er tekin listræn, eða fagurfræðileg afstaða til verka. Margir þeirra listamanna sem gefa verk í stofngjöf myndlistarsafnsins eru staðbundnir listamenn, eða áhugamenn í faginu, frekar en listamenn sem hafa það að starfi, eða hafa sótt sér langa fagmenntun. Áherslan helgast eflaust af stórum hluta af því umhverfi sem safnið er hluti af, það er Safnahús sem hefur það hlutverk að þjónusta ákveðinn landfræðilega afmarkaðan hluta landsins, frekar en að vera safn sem hefur það markmið að varðveita sögu eða þróun ákveðinnar myndlistarhefðar. Eins og Valtýr Pétursson ýjar sjálfur að í ummælum sínum sem vitnað var til hér að ofan, er hér einnig að finna verk, sem eru ennþá hluti af samtíma umræðu um myndlist, það er að segja, verk sem eru á þeim tíma til þess fallin að vekja umræðu um eðli og þróun myndlistar. Þar sem það er ekki inntak verkanna, heldur uppruni listamannsins sem hafður er að leiðarljósi við samsetningu safnkostsins, verður til áhugavert samsafn, ekki af þróun myndlistar almennt, heldur af ákveðnu landfræðilega skilgreindu áhrifasvæði safnsins. Verk Arngríms Gíslasonar má líta á sem nokkurs konar upphafspunkt og tengingu við handverkshefð, en hér eru þau sett í samhengi myndlistar og breikkar þannig þá menningarlegu tilvísun sem safnkosturinn hefur. Hér verður því til nokkurs konar þverskurður af myndlist sem á rætur sínar í afskekktu og dreifbýlu héraði, í þeim skilningi að þeir höfundar sem um ræðir hafa allir tengsl við landsvæðið. Myndlistarmennirnir hafa vitanlega margir hverjir náð sér í áhrif og menntun annars staðar frá, hér er ekki um neins konar heimaræktun að

ræða, heldur frekar þverskurð af tímabili sem í umhverfi safnsins, sem og annars staðar, einkennist af því að áhrif og hugmyndir víxleggjast og ferðast á fjölbreyttan og stundum óvæntan hátt.

Aðrir listamenn sem eiga verk í stofngjöf safnsins eru: Jón Jónsson, Egill Jónsson, Jóhann Björnsson, Sigurpáll Ísfjörð, Jóhann Hafstein, Grímur Sigurðsson, Jakob V. Hafstein, Jón Kristinsson, Þóra Jónsdóttir, Kári Sigurðsson, Örn Friðriksson, Kristján Friðriksson, Björn Jakobsson, Benedikt Jónsson, Valdemar Einarsson, Pétur Friðrik, Óli Kristjánsson, Bolli Gústavsson, Þorgerður Sigurðardóttir, Aðalgeir Halldórsson, Sigurður Hallmarsson, Jónas Guðmundsson, Stefán Sigurjónsson, Jóhannes Sigfinnsson, Karl Sigvaldason, Hólmfríður Bjartmarsdóttir og séra Sigurður Guðmundsson.<sup>10</sup>

Á fyrsta starfsári þess voru haldnar tvær myndlistarsýningar, Jakob V. Hafstein hélt sýningu frá þrítugasta ágúst til tólfta september, og svo var haldin sýning á gjöf Valtýs Péturssonar til safnsins eins og fyrr segir. Safni, blað Safnahússins á Húsavík, hóf göngu sína á þessu fyrsta starfsári, og var ágóða af sölu á blaðinu varið til kaupa á listaverkum til að bæta við safneignina. Safnkostur safnsins, og þar með talið stofngjöf, hefur verið til sýnis eftir að safnið hóf starfsemi sína, bæði sem hluti af formlegum sýningum, eins og fjallað verður um hér á eftir, og eins hafa verk úr safnkosti verið hengd upp í sýningarrými safnsins á þeim tímabilum þegar ekki hafa staðið yfir formlegar sýningar.

## **Yfirlit yfir starfsemi safnsins**

Í þessum hluta greinarinnar verður starfsemi myndlistarsafnsins reifuð. Fjallað er um sýningarhald á vegum þess en annarri starfsemi, svo sem lánnum á listaverkum og samstarfi við önnur söfn ekki gerð eins mikil skil. Ekki er fjallað um viðtökur sýninga sérstaklega heldur reynt að gefa mynd af starfseminni sem slíkri. Þar sem safnið er hluti af viðameira safnstarfi innan veggja Safnahússins, er í einstaka tilvikum ekki alveg augljóst hvað fellur undir starfsemi myndlistarsafnsins og hvað fellur undir aðra hluta starfseminnar. Í slíkum tilfellum hefur höfundur látið eigið hyggjuvit ráða.

Myndlistarsafnið gegnir strax frá upphafi tvíþættu hlutverki, annars vegar sem vettvangur fyrir sýningar sem koma til af frumkvæði annarra, það er sem nokkurs konar sýningar/menningar vettvangur sem er að mestu hlutlaus

um gæði eða eðli þess sem fer fram, og hins vegar sem sýningaradili, oftast en ekki í samstarfi við önnur söfn eða stofnanir. Hér er gerð grein fyrir ólíkum þáttum starfseminnar og ákveðnar sýningar, eða viðburðir notaðir sem dæmi til frekari útskýringar á starfsemi safnsins. Markmiðið er að gefa sem gleggsta mynd af starfseminni og gildi hennar og stöðu í nærumhverfi sínu. Fylgt er tímaröð og dregnar nokkrar almennar ályktanir af umfjölluninni í lok þessa kafla.

Myndlistarmenn úr nærumhverfi safnsins hafa tekið mikinn þátt í starfsemi þess í formi sýningarhalds, allt frá byrjun. Sem dæmi um þátttöku heimamanna má benda á að á öðru starfsári safnsins voru haldnar sjö myndlistarsýningar, þar af sex að frumkvæði listamanna.<sup>11</sup> Fyrirkomulag á vali á sýningum virðist hafa verið á þá leið að listamenn sóttu um sýningarrými til safnstjóra. Ekki var um að ræða formlegt umsóknarferli, eða að listamenn hafi sent inn tillögur sem síðan færu í matsferli. Safnstjóri velur síðan þær sýningartillögur sem fá inni. Safnstjóri virðist ekki hafa framfylgt neinni ákveðinni sýningarstefnu, heldur virðist frekar vera að þeir sem sækja um fái að sýna. Þetta fyrirkomulag litar að sjálfsögðu hvað það er sem velst til sýningar, það er ákveðið frjálstræði sem ræður ferðinni, en fagleg sérhæfing er ekki hluti af valferlinu. Hér verður að hafa í huga að ólíkt til dæmis sýningarýmum á höfuðborgarsvæðinu, virðist ekki hafa verið mikið um það að fleiri sæktu um aðstöðu en fengu. Flestar sýningar í málverkasafninu þennan fyrsta áratug voru sölusýningar, og þáttur listasafnsins í sýningarhaldi í formi aðstöðu og umgjörðar, frekar en stefnumarkandi þátttakanda. Safnið tekur á þessum tíma ekki þátt í kostnaði við sýningarhald heldur fellur hann allur á sýningaradila, sem hefur vitanlega einnig áhrif á það hvað velst til sýninga.

Fyrsta áratug í starfsemi safnsins var fyrirkomulag sýningarhalds með þeim hætti sem lýst er að ofan. Fjöldi sýninga á hverju ári er nokkuð breytilegur, frá tveimur til tíu og virðist það helgast af áhuga listamanna á því að sýna hver fjöldinn er á hverju ári. Nokkrir listamenn starfandi á Húsavík og í nágrenni sýna oftast en einu sinni í málverkasafninu á þessum fyrsta áratug starfseminnar, má þar nefna Ingvar Þorvaldsson (1981, 1983, 1988), Kára Sigurðsson (1987, 1990), Sigurð Hallmarsson (1982, 1990) og Hring Jóhannesson (1981, 1987).<sup>12</sup> Málverkið er í fyrirrúmi á þessum fyrsta áratug starfseminnar. Eins og fram kemur neðanmáls hér að framan, var stundum vísað til safnsins sem Málverkasafns Þingeyinga, og hefur sá

miðill greinilega verið stofnendum safnsins hugleikinn. Eins eru nánast öll þau verk sem stofngjöf safnsins samanstendur af málverk. Það má velta fyrir sér hversu mikil áhrif á val á sýningum þessi afstaða sem birtist í heiti eða viðurnefni safnsins hefur, þar sem ekki virðist hafa verið um neins konar sýningarstefnu að ræða, eða val á sýningum með slíkt að leiðarljósi. Það er einnig áhugavert að vefnaður eða textíll er fyrirferðarmikill í sýningarhaldi þessi fyrstu tíu ár safnsins. Nefna má sérstaklega sýningar á verkum eftir Hólmfríði Bjartmarsdóttur, Oddnýju E. Magnúsdóttur, Auði Vésteinsdóttur og Sigurlaugu Jóhannesdóttur.

Nokkrar samsýningar voru haldnar í myndlistarsafninu á þessu tímabili, má þar nefna sýninguna „Norðlensk myndlist“, samsýningu sextán listamanna í september 1984, samsýningu þingeyskra málara í júlí 1987 og „Málarar frá Húsavík og nágrenni“ í apríl 1990. Þrátt fyrir að málverkið hafi verið fyrirferðarmikið í starfsemi málverkasafnsins, þá átti ljósmyndin sér málsvara á þessum fyrsta áratug, til dæmis í sýningum Þrastar Sigurðssonar árið 1981 og Guðmundar Bjartmarssonar árið 1990. Sambýli málverkasafnsins við stórt og merkilegt ljósmyndasafn Þingeyinga er áhugavert í þessu samhengi, en það safn er varðveitt í Safnahúsinu. Hér er um sama miðil að ræða, en í mismunandi samhengi, en skilin milli þessara tveggja þátta í starfsemi Safnahússins eru mjög skýr á því tímabili sem hér er til umfjöllunar. Fyrir utan þær sýningar sem hér hefur verið fjallað um, var einnig nokkuð um sýningar sem fengnar voru að láni frá öðrum söfnum, en unnar í samstarfi við aðrar stofnanir. Árið 1981 var haldin sýning undir merkjum Listasafns Alþýðusambands Íslands, árið 1982 sýningin Baturinn, með verkum eftir færeyska myndlistarmenn og sýning á verkum Ásgríms Jónssonar 1990 en verk á þá sýningu voru fengin að láni frá Listasafni Íslands.<sup>13</sup>

Þó svo það falli utan við efni þessarar greinar má geta þess að fyrir utan þessa starfsemi sem hér hefur verið rakin, gegndi salur myndlistarsafnsins einnig því hlutverki að vera nokkurs konar fjölnota sýningarsalur, þar sem sýningar af öðrum meiddi en myndlist, voru settar upp. Sem dæmi um þessa starfsemi má nefna Heimilisiðnaðarsýningu JC 1982, Skipulagssýningu Húsavíkurbæjar 1983, og sýninguna Símaþúnaður 1985, á vegum Pósts og síma.<sup>14</sup>

Fyrirkomulag sýningarhalds og sýningastjórnunar á tímabilinu 1990



til 2001 var með svipuðum hætti og hér hefur verið lýst og einnig aðstaða safnsins. Finnur Kristjánsson forstöðumaður Safnahússins lét af störfum árið 1992 og við starfi hans tók Guðni Halldórsson. Guðni tók þar með við hlutverki umsjónarmanns og safnstjóra myndlistarsafnsins. Áhersla safnsins á að halda sýningar eftir listamenn úr héraði hélt óbreytt. Sem dæmi um starfsemina má nefna að Kári Sigurðsson sýndi í safninu 1992, Ingvar Þorvaldsson 1991, 1998 og Sigurður Hallmarsson 1993, 1997, 2000.<sup>15</sup> Fjöldi sýninga á hverju starfsári er nokkuð breytilegur á tímabilinu, frá tveimur og upp í níu. Það fyrirkomulag á sýningavali, að listamenn sækji um, og fái að sýna, helst óbreytt, og má ráða af orðum forstöðumanns safnsins í Safna 1994 að frekar vanti upp á áhuga listamanna heldur en hitt að vísa þurfi umsóknum um sýningaraðstöðu frá.<sup>16</sup> Á þessu tímabili átti myndlistarsafnið í samstarfi við önnur söfn og stofnanir um sýningarhald. Má hér nefna sýninguna Fimm áratugir – sjö listamenn, þar sem sýnd voru verk úr eigu Listasafns Íslands, 1994, og sýningu á verkum Gunnlaugs Schevings, einnig frá Listasafni Íslands, í mars 2000. Nemendur úr Myndlistarskóla Akureyrar sýndu verk sín í málverkasafninu 1996 og 2000. Það gerðu einnig listamenn frá Eide-Komune í Noregi árið 1998.<sup>17</sup>

Til þess að veita aðeins fyllri mynd af starfsemi málverkasafnsins á þessu tímabili má nefna nokkrar sýningar sem haldnar voru. Það er ekki gert til að gera þessum sýningum hærra undir höfði heldur en öðrum, heldur til að gefa betri hugmynd um þá starfsemi sem fram fór í safninu á tímabilinu. Árið 1991 var haldin farandsýning á vegum Verkalýðsfélags Húsavíkur, þar sem sýnd voru málverk eftir átta listamenn. Árið 1996 héldu Oddný E. Magnúsdóttir, Guðný Marinósdóttir og Hólmfríður Bjartmarsdóttir samsýningu á veflist. Eiríkur Smith hélt sýningu í safninu 1998, Gunnar Örn Gunnarsson hélt þar sýningu 1996, Tryggvi Ólafsson 1994, Jón Kristinsson 1993, Gunnar J. Straumland 1994, Hringur Jóhannesson 1995 og Þorri Hringsson 1999. Samsýningar í myndlistarsafninu voru nokkrar á tímabilinu, má þar nefna samsýningu sautján Húsavíkinga 1994, samsýningu Húsavíkinga og húsviskra barna, 1995 og Myndlist á Húsavík 1930-2000, yfirlitssýning á verkum eftir fimmtán listamenn sem hafa um lengri eða skemmri tíma starfað á Húsavík, sem haldin var árið 2000.

Starfsemi safnsins var með svipuðu sniði og áður á tímabilinu 2001-2010. Guðni Halldórsson var forstöðumaður safnsins til ársins 2008 en þá tók

Sigurjón Baldur Hafsteinsson við starfi hans. Sigrún Kristjánsdóttir tók svo við starfi forstöðumanns 2009. Haldnar voru fjórar til átta sýningar á ári, og voru þær áfram mismunandi að gerð og tilurð. Heimamenn héldu tryggð við safnið, og má í því samhengi nefna sýningar Ingvars Þorvaldssonar, 2001, 2003, 2005, 2008, og Sigurðar Hallmarssonar 2002, 2009, samsýningu tólf þingeyskra áhugalistamanna 2003 og samsýningu Myndlistarklúbbs Húsavíkur 2005.<sup>18</sup> Safnið átti í samstarfi við önnur söfn og stofnanir eins og áður og meðal afraksturs þess má nefna eftirfarandi sýningar: Samsýning nemenda við Listaháskóla Íslands 2001, sýning á úrvali vatnslitamynda Ásgríms Jónssonar frá Listasafni Íslands, 2002, Erró- sýning, frá Listasafni Reykjavíkur 2003, Nýja málverkið, sýning fengin frá Listasafni Íslands 2004 og Ljóðræn sýn til landsins, frá Listasafni Íslands, 2006. Í þessu samhengi má einnig nefna að með tilkomu aukins samstarfs Húsavíkurkaupstaðar og vinabæjar hans í Svíþjóð, er efnt til nokkurra sýningarverkefna, til dæmis Karlskoga-myndir 2007 og sýningar Thors Vilhjálmssonar 2008, og Ann Headstrand sama ár. Þetta er viðbót við starfsemi safnsins frá því áður hafði verið.<sup>19</sup>

Til að gefa innsýn inn í annað sýningarhald á þessu tímabili eru hér nefndar eftirfarandi sýningar; Sigrún Eldjárn hélt sýningu 2001 og Tolli (Þorlákur Morthens) sama ár, Þorri Hringsson 2002 og 2010, Tryggvi Ólafsson 2006 og sýning Haraldar Jónssonar myndlistarmanns, Heimsókn, árið 2009. Einnig má nefna sýningu á verkum Jóhanns Björnssonar, útskurðarmeistara frá Húsavík, 2004.

Árið 2011 lét Sigrún Kristjánsdóttir af störfum sem forstöðumaður safnsins, og við starfi hennar tók Sif Jóhannesdóttir, sem gegndi starfinu til 2018, er Jan Aksel Harder Klitgaard tók við stjórnartaumunum. Á þessu tímabili verður ákveðin áherslubreyting í starfsemi Safnahússins, sem hefur áhrif á starfsemi myndlistarsafnsins. Sýningum sem tengjast öðrum söfnum og annarri starfsemi sem fram fer í Safnahúsinu fjölgar í sal myndlistarsafnsins og má segja að með því breytist að nokkru það samhengi sem safnið starfar innan. Eins og fjallað var um hér að framan hefur það deilt aðstöðu sinni með ýmis konar annarri sýningarstarfsemi, en segja má að undanfarin ár hafi það í auknum mæli deilt henni með öðrum verkefnum Safnahússins. Sem dæmi voru árið 2011 haldnar þrjár sýningar í salarkynnum safnsins, sem heyra undir aðra starfsemi Safnahússins. Að einhverju leyti kunna þetta að vera viðbrögð



Hólmfríður Bjartmarsdóttir við verk sín á afmælisýningu safnsins árið 1990. Mynd: Sigurður Pétur Björnsson



Hringur Jóhannesson við verk sín á sýningu í Safnahúsinu árið 1995. Mynd: Sigurður Pétur Björnsson

við ónógri nýtingu á salarkynnum safnsins, en að öðru leyti er hér einnig um stefnubreytingu að ræða. Hér kann líka að hafa áhrif að starfsumhverfi safnsins breytist nokkuð að formi til árið 2007, þegar stofnuð er sjálfs-eignarstofnun undir heitinu Safnahúsið á Húsavík,- Menningarmiðstöð Þingeyinga. Í skilgreiningu á starfsemi og stefnu sjálfseignarstofnunarinnar sem samþykkt var 1. september 2007, og endurskoðuð 2013, kemur fram að sýningarstefna skuli vera óbreytt frá því sem verið hefur og eitt af markmiðum með starfseminni er kynning á og fræðsla um íslenska myndlist.<sup>20</sup>

Á árabílinu 2011-2016 voru haldnar fjórar til tólf sýningar á ári í safninu. Sýningar heimamanna eru áfram áberandi þáttur, Sigurður Hallmarsson sýndi 2012 og 2014, Ingvar Þorvaldsson 2012 og Kári Sigurðsson 2014. Hér má einnig nefna sýningu Hólmfríðar Bjartmarsdóttur, Sigurðar Ólafssonar og Snæfríðar Njálisdóttur, 2012, og sýningu Halldóru Kristínar Bjarnadóttur, 2014. Sömuleiðis má nefna sýningu Sonju Levy 2014, Hvalreki, en þar fékkst Sonja við samband hvals og manns og sýningu Juliu Lænkholm 2016, Húsavík. Í báðum þessum síðastnefndu sýningum má segja að fengist sé við nærumhverfi safnsins og þannig falla sýningarnar mjög vel að sýningarstefnu og sýningarhefð safnsins. Kannski má segja að í þeim felist jafnframt ákveðin framþróun, þar sem í þeim er unnið mjög meðvitað með hugmyndir um staðbundið samhengi, og um uppruna.<sup>21</sup> Á tímabilinu voru einnig haldnar sýningar í samstarfi við önnur söfn eða menningarstofnanir, má þar nefna Þetta vilja börnin sjá, í samstafi við Gerðuberg, 2011, 2012 og 2014.<sup>22</sup> Fyrir utan það safnastarf sem hér hefur verið rakið hefur myndlistarsafnið lánað verk til fyrirtækja og stofnana á Húsavík og nágrenni allt frá upphafi.

## Safneign

Safneign Myndlistarsafns Þingeyinga samanstendur af eitt þúsund átta hundruð sjötíu og tveimur skráðum safngripum. Safneignin helgast vitanlega af því hvernig hún er tilkomin, og verður hér gerð nokkur grein fyrir því og síðan fjallað stuttlega um gildi hennar.<sup>23</sup> Eins og rakið var hér að framan samanstóð stofngjöf safnsins af sjötíu og sjö verkum. Síðan safnið hóf starfsemi sína hefur verkum í eigu þess fjölgað nokkuð stöðugt ár frá ári. Safninu hafa borist margar höfðinglegar gjafir og eins hafa verk verið keypt inn í safnkostinn nokkuð reglulega. Hér verður að geta sérstaklega

framlags Sigurðar Péturs Björnssonar. Hann var helsti hvatamaður að stofnun safnsins og er það honum að þakka að miklu leyti hversu vel tókst til að koma starfseminni á laggirnar. Árið 2008 ánafnaði hann safninu að auki þau verk sem hann átti í einkaeygu og var það áhugaverð viðbót við safneignina. Árið 2008 færði Jón Aðalsteinn Hermannsson frá Hlíðskógum í Bárðardal, safninu að gjöf verk eftir systur sína, Rögnu Hermannsdóttur, en verkunum hafði Ragna ánafnað safninu. Um er að ræða nokkur hundruð verk, af ýmsum toga, ljósmyndir, málverk, silkiprent, bókverk og tréristur.<sup>24</sup> Ragna var fædd í Bárðardal 1924 og lauk framhaldsnámi í myndlist og var virk á sviði myndlistar, má til dæmis nefna sýningu hennar á Kjarvalsstöðum 1988 og í Suðsuðvestur 2008.<sup>25</sup> Myndlistarsafn Þingeyinga hélt yfirlitssýningu á verkum úr gjöf listamannsins 2011.<sup>26</sup> Gjöfin er nokkuð frábrugðin öðrum gjöfum sem safninu hafa verið færðar, þar sem um er að ræða stóran hluta af ævistarfi viðkomandi listamanns, verkin talin í hundruðum og sum hver heimild um listrænt ferli listamannsins, frekar en að vera verk sem tilbúin eru eða ætluð til sýningar. Eini höfundurinn sem á viðlíka hlut í safneign myndlistarsafnsins er Jóhann Björnsson. Í eigu safnsins eru um það bil hundrað og fimmtíu verk eftir hann. Jóhann var fæddur á Húsavík 11. janúar 1904. Hann var teiknikennari og myndskurðarmeistari, bjó á Húsavík fram til 1953 og hélt tengslum við staðinn eftir það. Í safneign eru verk eftir Jóhann sem spanna stærstan hluta starfsævi hans og eins og í tilfelli Rögnu er bæði um að ræða verk sem eru tilbúin til sýningar og svo skissur og vinnuteikningar sem hafa annað varðveislugildi. Árið 1993 fær safnið að gjöf nokkurn fjölda verka eftir Jóhann sem eru myndir af húsum á Húsavík og bæjum í nærliggjandi sveitum og síðar eignast safnið margs konar önnur verk eftir hann. Verk eftir Jóhann voru einnig í stofngjöf safnsins. Í tilfelli þessara tveggja listamanna er má segja að safnið hafi yfir að ráða nokkuð heillegu yfirliti yfir feril þeirra, og á þar að auki mikið af verkum sem ekki hafa verið sýnd og eru ekki endilega þess eðlis að vera sýningarefni. Efni sem þetta hefur að einhverju leiti annað varðveislugildi heldur en fullbúin verk, og má velta fyrir sér hvaða möguleikar og áskoranir felast í því fyrir safnið að eiga efni sem þetta í safnkosti. Hér má til dæmis velta fyrir sér hvort safn sem þetta hafi bolmagn til þess að vinna úr, varðveita og sýna safnkost af þessu tagi, og eins hvernig það samræmist stefnu og annarri starfsemi safnsins.

Í safneigninni má sjá ákveðnar áherslur sem um sumt ríma við áherslur í



Frá opnun yfirlitssýningarinnar Ásýndir lands í sýningarsal Safnahússins á Húsavík í september 2018, en þar voru myndir úr safneign Myndlistarsafnsins til sýnis. Mynd: Jan Aksel Klitgaard.

sýningarhaldi þess; áhersla er á listamenn úr héraði og efnistöð sem snúa að nærumhverfi safnsins. Að hluta helgast þessi samleitni af því að hefð virðist hafa verið fyrir því um tíma að safnið kaupi verk af sýningum sem þar eru haldnar, en mikilvægara er trúlega að listamenn úr nágrenni safnsins líta á það sem sinn vettvang og velunnarar safnsins taka mið af stefnu safnsins um að leggja sérstaka áherslu á nærumhverfið og listamenn sem tengjast því með einum eða öðrum hætti. Í safnkosti eru margar mannamyndir úr héraði, eftir ýmsa myndlistarmenn, sem dæmi má nefna myndir sr. Sigurðar Guðmundssonar og myndir Bolla Gústavssonar, Ingvars Þorvaldssonar og Sigurðar Hallmarssonar.

Eins og fram hefur komið eru í safninu myndir eftir frumherjann Arngrím Gíslason og þar er einnig að finna nokkur verka Sveins Þórarinssonar og konu hans, Karen Agnete Þórarinsson. Í safninu eru einnig verk eftir Hring Jóhannesson frá Haga og Þorra Hringsson. Í safninu má þannig finna fulltrúa málverksins allt frá fyrstu dögum þess á Íslandi og fram til dagsins í dag. Landslagsmálverkið er sérstaklega áberandi í safneigninni og þá sérstaklega málverk þar sem fyrirmyndir eru sóttar til Húsavíkur eða sveitanna þar í kring. Verk af þessu tagi í eigu safnsins eru vitanlega af ýmsum gerðum og



gæðum en sem nokkurs konar mósaík sem á sér þetta landsvæði sem sam-  
eiginlegt viðfangsefni er safneignin áhugaverð. Þó svo það sé vissulega ekki  
hægt að tala um neins konar tæmandi yfirlit, þá endurspeglast í safneigninni  
ákveðin sýn á landið og á héraðið eða nágrannasveitir safnsins. Þetta á ekki  
aðeins við um landslagsmálverk í eigu safnsins heldur má útfæra þetta yfir á  
það safn mannamynda sem minnst er á hér að framan. Hér er ekki verið að  
leggja að jöfnu þau verk sem safneignin samanstendur af, heldur að draga  
fram sérkenni og sérstöðu hennar sem heildar. Safneign myndlistarsafnsins  
er þannig mjög staðbundin, bæði í þeim skilningi að höfundar verka í henni  
eru flestir tengdir nærumhverfi safnsins og einnig í því að viðfangsefni þeirra  
verka sem safnið á eru að miklum hluta sótt í þetta sama umhverfi. Sem dæmi  
um verk og listamenn sem falla í þennan hóp má nefna verk eftir Jakob V.  
Hafstein, Kára Sigurðsson og Ingvar Þorvaldsson. Vitanlega vakna ákveðnar  
spurningar um tilvísun safnkostsins, hvort safneignin geti verið of nærsýn og  
skorti víðari skírskotun, en séu aðstæður og áherslur safnsins hafðar í huga er  
ekki augljóst hvornig byggja hefði mátt upp safnkost þess með öðrum hætti.

## Lokaorð

Hér hefur tilurð, starfsemi og safneign Myndlistarsafns Þingeyinga verið  
gerð skil. Safnið hóf sýningarstarfsemi 1980 og hefur starfað óslitið síðan.  
Safnið hefur allan starfstíma sinn verið í sömu sýningaraðstöðu á þriðju  
hæð Safnahússins á Húsavík. Eins og sjá má af þessari samantekt þá hefur  
verið líflegt starf í myndlistarsafninu. Strax við stofnun þess var lögð áhersla  
á sýningar heimamanna, og lítið svo á að það sé hlutverk safnsins að hlúa  
að liststarfsemi í heimahéraði, með því að leggja henni til gott sýningarrými.  
Áherslan hefur haldist allt fram til dagsins í dag. Listamenn sem eru starfandi  
í héraðinu hafa greinilega tekið þessu tækifæri opnum örmum og verið  
ötulir við sýningarhald. Annar mikilvægur þáttur í starfseminni eru sýningar  
fengnar að láni frá öðrum söfnum, svo sem Listasafni Íslands og Listasafni  
Reykjavíkur, eða öðrum sýningaraðilum. Þetta samstarf hefur mikið gildi,  
sérstaklega þar sem oft er um að ræða verkefni sem ekki hefðu annars verið  
á færi stofnunar eins og þeirrar sem hér er fjallað um. Sú staðreynd að safnið  
leggur ekki til fjármagn til sýningaraðila hefur vitanlega áhrif á það hvað  
velst til sýninga í safninu, en fjölbreytnin er engu að síður nokkuð mikil og



virðist fara vaxandi eftir því sem líður á starfstíma safnsins.

Starfsemi myndlistarsafnsins er mikilvægur þáttur í safnastarfi á Norðurlandi. Myndlistarsafn Þingeyinga er staðbundið safn, starfsemi þess er ætlað að þjónusta ákveðið landsvæði, og safneign þess endurspeglar það samhengi og þær áherslur í starfsemi þess. Safnið er mikilvægur vettvangur fræðslu og kynningar á myndlist og veitir aðgengi að henni sem ekki væri annars til staðar í nærumhverfi þess. Sýningar eins og sýningar Sonju Levy 2014 og sýning Juliu Lænkholm 2016 eru ágæt dæmi um ákveðna endurskoðun á því hvað telst staðbundið, og hvernig unnið er með nærumhverfið. Þrátt fyrir að unnið sé náið með staðsetningu og umhverfi safnsins, fjalla báðar sýningar um viðfangsefni sem vísa til mun stærra samhengis en þessa ákveðna landsvæðis. Leiða má líkur að því að gildi og viðgangur safnsins í framtíðinni ráðist að miklu leyti af því, hvernig tekst að virkja bæði safneign og sýningarrými þess til að vera vettvangur fyrir þetta samtal hins staðbundna og víðara samhengis myndlistar.

#### Óprentaðar heimildir

Didda Hjartardóttir Leaman, „Birta“, 2008. Suðsuðvestur, heimasíða.

Safnahúsið á Húsavík – Menningarmiðstöð Þingeyinga, starf og stefna, skilgreining, 2007. Skjalasafn Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.

#### Prentaðar heimildir

Björn Ingólfsson, „Bygðasafn Þingeyinga.“ Í Bygðasöfn á Íslandi. Ritstjóri Sigurjón Baldur Hafsteinsson. Reykjavík: Rannsóknasetur í safnafræðum, 2015.

Dagný Heiðdal, ritstjóri, Valtýr Pétursson. Reykjavík: Listasafn Íslands, 2016.

Finnur Kristjánsson, Safni 1, 1981, 12-14.

Finnur Kristjánsson, Safni 2, 1982, 19-22.

Finnur Kristjánsson, Safni 3, 1983, 2-6.

Finnur Kristjánsson, Safni 4, 1984, 2-3

Finnur Kristjánsson, Safni 6, 1986, 3-8.

Finnur Kristjánsson, Safni 11, 1991, 11-20.

Finnur Kristjánsson, Safni 12, 1992, 9-10.

Guðni Halldórsson, Safni 14, 1994, 8-9.

Guðni Halldórsson, Safni 15, 1995, 13-15

Guðni Halldórsson, Safni 17, 1997, 10.

Guðni Halldórsson, Safni 19, 1999, 10-11.

Guðni Halldórsson, Safni 20, 2000, 10.

Guðni Halldórsson, Safni 21, 2001, 3, 11-12.

Guðni Halldórsson, Safni 22, 2002, 17-18.

Guðni Halldórsson, Safni 23, 2003, 9-10.  
 Guðni Halldórsson, Safni 24, 2004, 9-10.  
 Guðni Halldórsson, Safni 25, 2005, 12-13.  
 Guðni Halldórsson, Safni 26, 2006, 13-14.  
 Guðni Halldórsson, Safni 27, 2007, 14-15.  
 Guðni Halldórsson, Safni 28, 2008, 23-24.  
 Kristján Eldjárn, Arngrímur málarí, Reykjavík: Íðunn, 1983.  
 Sif Jóhannesdóttir, Safni 32, 2012, 8-10.  
 Sif Jóhannesdóttir, Safni 33, 2013, 9-10.  
 Sif Jóhannesdóttir, Safni 35, 2015, 14.  
 Sif Jóhannesdóttir, Safni 37, 2017, 14.  
 Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Safni 29, 2009, 16-17.  
 Sigrún Kristjánsdóttir, Safni 30, 2010, 7-8.  
 Þormóður Jónsson, „Sýning Valtýs á Húsavík“. Tíminn, 11. nóvember 1980, 1.

### Neðanmálgreinar

- 1 Heiti safnsins er nokkuð á reiki. Finnur Kristjánsson safnstjóri vísar til þess sem Málverkasafns Þingeyinga í skrifum sínum um safnið sem eru grunn heimild að þessari grein. Í skýrslu um Safnahúsið á Húsavík, starf og stefnu frá 2007 er hins vegar vísað til þess sem myndlistarsafns, og eins í skipulagskrá fyrir Menningarmiðstöð Þingeyinga frá árinu 2010 og á heimasíðu menningarmiðstöðvar Þingeyinga. Hér hefur sú leið verið valin að vísa alltaf til safnsins sem myndlistarsafns til að gæta samræmis, enda virðist ekki vera um nafnbreytingu að ræða, heldur breyttar málvenjur.
- 2 Sjá frekar um sögu safnsins í Björn Ingólfsson, „Byggðasafn Þingeyinga.“
- 3 Finnur Kristjánsson, Safni 1, 12-14.
- 4 Sama heimild, 12.
- 5 Þormóður Jónsson, „Sýning Valtýs á Húsavík“, 1980, 1. Sjá einnig Dagný Heiðdal, Valtýr Pétursson.
- 6 Finnur Kristjánsson, Safni 1, 12-14.
- 7 Kristján Eldjárn, Arngrímur málarí, 125-146.
- 8 Sama heimild.
- 9 Finnur Kristjánsson, Safni 1, 12-14.
- 10 Sama heimild.
- 11 Finnur Kristjánsson, Safni 2, 19-22.
- 12 Finnur Kristjánsson, Safni 1-11.
- 13 Finnur Kristjánsson, Safni 2, 19-21.; Safni 3, 2-6.; Safni 11, 11-20.
- 14 Finnur Kristjánsson, Safni 3, 2-6.; Safni 4, 2-3.; Safni 6, 3-8.
- 15 Finnur Kristjánsson, Safni 12, 9-10.; Guðni Halldórsson, Safni 20, 10.; Safni 15, 13-15.; Safni 19, 10-11.; Safni 21, 3 og 11-12.
- 16 Guðni Halldórsson, Safni 14, 8-9.
- 17 Guðni Halldórsson, Safni 15, 13-15.; Safni 17, 10.; Safni 19, 10-11.; Safni 21, 11-12.
- 18 Guðni Halldórsson, Safni 22, 17-18.; Safni 24, 9-10.; Safni 26, 13-14.; Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Safni 29, 16-17.; Sigrún Kristjánsdóttir, Safni 30, 7-8.
- 19 Guðni Halldórsson, Safni 22, 17-18.; Safni 23, 9-10.; Safni 24, 9-10.; Safni 25, 12-13.; Safni 27, 14-15.; Safni 28, 23-24.; Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Safni 29, 16-17.
- 20 Safnahúsið á Húsavík – Menningarmiðstöð Þingeyinga, starf og stefna, skilgreining, 2007.
- 21 Sif Jóhannesdóttir, Safni 35, 14.; Safni 37, 14
- 22 Sif Jóhannesdóttir, Safni 32, 8-10.; Safni 33, 9-10.; Safni 35, 14.
- 23 Efni þessa hluta greinarinnar er að mestu fengið úr skrá yfir safneign myndlistarsafnsins, nema til annarra heimilda sé vísað.
- 24 Sif Jóhannesdóttir, Safni 32, 8.
- 25 Didda Hjartardóttir Leaman, „Birta“.
- 26 Sif Jóhannesdóttir, Safni 32, 8.



# Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Helgi Máni Sigurðsson

Ljósmyndasafn Reykjavíkur starfaði í 34 ár sem sjálfstætt safn, frá 1980 til 2014, og verður hér stiklað á stóru um þau. Á ýmsu gekk en sennilega eru tvö tímabil sögulegust, það er upphafsárin og árin í kringum aldamótin 2000. Safnið var stofnað af nokkrum hugsjónamönnum sem höfðu eldlegan áhuga á ljósmyndum og varðveislu þeirra en takmarkaða burði til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, sérstaklega fjárhagslega. Í þá tíð skorti nokkuð á skilning hérlendis á menningarsögulegu og listrænu gildi ljósmynda. Opinber söfn sinntu ekki mikið ljósmyndum. Þjóðminjasafn Íslands hafði safnað myndum síðan 1908 og byggðasöfnin gerðu það einnig að einhverju leyti. En þær voru ekki ofarlega á forgangslistanum og merk söfn lágu víðs vegar í heimahúsum, oft án mikils eftirlits. Ljósmyndasafnið var öðru fremur stofnað til að koma þessum myndum í skjól. Til að afla tekna fyrir rekstrarkostnaði hugðist það selja eftirtökur af myndunum sem og gekk eftir. En fyrir það var safnið sakað um að vilja gera gamlar ljósmyndir að féþúfu. Starfsemi Ljósmyndasafnsins var með öðrum orðum umdeild strax frá upphafi.

Seinna umbrotaskeiðið í sögu Ljósmyndasafnsins var um aldamótin 2000. Þá voru aðstæður safnsins gerbreyttar og mun betri en verið hafði við stofnun þess og var það hagnýtt á ýmsan hátt. Lögð var áhersla á að gera safnið að alhliða safni með fagfólki á sem flestum sviðum. Innleidd var nýjasta tækni við varðveislu safnkostsins, sýningahald eflidist mjög og þannig mætti áfram telja. Húsakynnin bötnuðu stórlega á aldamótaárinu, 2000, þegar safnið flutti á núverandi stað, í Grófarhúsið við Tryggvagötu.

## Stofnun safnsins og fyrstu ár

Þorsteinn Jónsson ættfræðingur og bókaútgefandi fékk fyrstur manna hugmyndina að stofnun safnsins, árið 1978. Hann var þá að safna gömlum myndum frá heimabæ sínum, Akaranesi, til að útbúa sýningu þar. Í framhaldi af því kom hann upp sínu eigin safni í kjallara við heimili sitt í Reykjavík.

Kjallarinn dugði stuttan tíma og fljótlega hafði hann tekið á leigu 200-300 fm húsnæði. Árið eftir fékk Þorsteinn tvo menn til liðs við sig, Leif Þorsteinsson ljósmyndara og Eyjólf Halldórsson bankamann, og stofnuðu þeir safnið óformlega. Árið þar á eftir, 6. mars 1980, hófst síðan rekstur safnsins.<sup>1</sup> Tveir menn voru ráðnir tímabundið, annar þeirra sem trésmiður og hinn til að gera eftirtökur af myndum og fleira. Þá um haustið var Ívar Gissurarson ráðinn í fullt starf til að sjá um rekstur safnsins.

Formlega var Ljósmyndasafnið stofnað í september 1981 og skráð sem hlutafélag, Ljósmyndasafnið hf. Í hluthafahópnum voru Þorsteinn, Leifur, Eyjólfur og Ívar, ennfremur tveir ljósmyndarar, Kristján Pétur Guðnason og Sigurgeir Sigurjónsson, og einnig Ólafur Haukur Símonarson rithöfundur og hjónin Gísli Már Gíslason og Sigrún Valbergsdóttir. Fjárframlag hvers og eins var mjög lágt enda ekkert af þessu fólki efnað.

Ívar Gissurarson var um skeið eini starfsmaður safnsins og hvíldu öll verkefni á honum. Hluthafarnir hjálpuðu til með sjálfbodaliðsstörfum, aðallega Leifur Þorsteinsson. Hann virkjaði hina í að hreinsa glerplötur, leiðbeindi þeim við það og keypti efni og annað sem til þurfti. Meðal fyrstu verkefna Ívars var að hafa uppi á söfnum sem leynst gætu í einkaeigu úti í bæ. Með honum í því var Þorsteinn Jónsson. Í ljós kom að nokkuð mörg safnanna voru í heimahúsum, gjarnan hjá afkomendum ljósmyndara, oft í kjöllum eða á háaloftum. Meðal þeirra safna sem fljótlega komu inn voru safn Gunnars Rúnars Ólafssonar, Péturs A. Ólafssonar, Péturs Leifssonar, ljósmyndastofunnar ASIS, Jóns Kaldal, Magnúsar Ólafssonar og að hluta Ólafs Magnússonar. Samtals voru þetta nokkrir tugir ljósmyndasafna, sem sum voru glerplötusöfn, önnur voru filmsöfn.

Tilgangurinn með söfnuninni var að bjarga myndum frá eyðileggingu. Þjóðminjasafnið rak ljósmyndadeild og varðveitti mörg merk söfn ljósmyndara eins og Sigfúsar Eymundssonar, Péturs Brynjólfssonar, Lofts Guðmundssonar, Nicoline Weywadt, Jóns J. Dahlmanns, Árna Thorsteinssonar og Ólafs Magnússonar svo eitthvað sé nefnt. Byggðasöfnin söfnuðu einnig ljósmyndum, ekki síst á Akureyri. En ljósmyndin var yfirleitt ekki í sérstökum forgangi hjá þessum söfnum, henni var ekki sinnt sem skyldi að mati aðstandenda Ljósmyndasafnsins. Sérstaklega var mönnum tíðrætt um að Þjóðminjasafnið hefðist ekki nógu mikið að. Einnig vissu aðstandendur Ljósmyndasafnsins að eftirsókn eftir gömlum ljósmyndum var að aukast og



Eyjólfur Halldórsson, stjórnarformaður Ljósmyndasafnsins, Björn Gíslason skrifstofumaður, Anna Fjöla Gísladóttir ljósmyndari, Ívar Gissurarson forstöðumaður, Leifur Þorsteinsson ljósmyndari og einn stjórnarmanna Ljósmyndasafnsins. Myndin líklega tekin 1983, á Flókagötu 35. Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Þar með möguleikar á að fá inn tekjur til að standa undir rekstri safnsins. Myndbirtingar í bókum færðust mikið í vöxt og sömuleiðis notkun ljósmynda í sjónvarpi og víðar. Vegna lítils framboðs á myndum voru sömu myndirnar oft margnotaðar. Tvö fyrstu ár Ljósmyndasafnsins fóru að miklu leyti í söfnun ljósmynda. Rekstrarkostnaði var haldið í algeru lágmarki með því að hafa laun mjög hófleg, einnig unnu hluthafarnir sem sjálfboðaliðar og Leifur Þorsteinsson var liðtækur við að sjá safninu fyrir tækjum og efni. Ennfremur voru bankastjórar góðir heim að sækja og gekk safnið að miklu leyti á lánsfé.

En þar sem Ljósmyndasafnið var einkasafn, og slíkt var nánast einsdæmi á Íslandi, voru ýmsir tortryggir út í starfsemi þess, grunuðu aðstandendur þess um að stjórnast af gróðavon. Dýpst í árinna tók sennilega Inga Lára Baldvinsdóttir, starfsmaður Þjóðminjasafnsins. Í grein árið 1982 minntist hún á að með Ljósmyndasafninu hafi Þjóðminjasafnið í fyrsta sinn fengið samkeppni og að það væri hvorki jákvætt né uppbyggilegt. Heldur hún því fram að Ljósmyndasafnið hafi ekki verið stofnað af hugsjón heldur í gróðaskyni, vegna „peningalyktar“ sem menn hafi byrjað að finna af ljósmyndum upp úr 1970 og hafi nú borist til Íslands. Einnig var Inga Lára andvíg einkasöfnum yfirleitt og taldi að einkarekstur í íslensku safnastarfi

væri „sannarlega skref aftur á bak.“<sup>2</sup> En aðstandendur Ljósmyndasafnsins töldu safnarekstur aldrei vænlegan til auðsöfnunar, þeir vonuðust aðallega til að rekstur þess stæði undir sér. Hins vegar kann umtal í þá veru að hafa spillt fyrir orðspori þess. Opinberir aðilar sýndu safninu til að mynda engan velvilja, þótt leitað væri meðal annars til ráðuneyta bæði fjármála og menntamála. Þaðan komu engir styrkir og ekki fékkst heldur niðurfelling á söluskatti eins og þekktist hjá opinberum söfnum. Í stuttu máli sagt gekk treglega að fá beina styrki til reksturs safnsins.

Á þessum upphafsárum leit því oft út fyrir að safnið yrði lagt niður vegna skulda. En ljósmyndasalan hélt því á floti. Fljótlega komst hún á gott skrið og þá batnaði skuldastaðan. En myndirnar seldu sig ekki sjálfar og vegna fjárþurrðarinnar varð að setja mestalla orku safnsins í að koma þeim í verð. Safnið sendi til að mynda bréf til fjölda stofnana og fyrirtækja og lét fylgja dæmi af myndum sem sýndu eða tengdust starfsemi þeirra. Í kjölfarið fór Ívar síðan til fundar við viðkomandi aðila og samdi um sölu á tilteknum myndum í þeirri stærð sem hentaði. Ennfremur hóf Ljósmyndasafnið sýningagerð í samræmi við eitt af helstu markmiðum sínum, að kynna ljósmyndir.<sup>3</sup> Sýningararnar þjónuðu einnig þeim tilgangi að fá fjárframlög frá sveitarfélögum með einhverjum hætti. Safnað var myndum frá einstökum byggðarlögum og þeim boðin sýning með þeim. Það gekk bærilega, meðal annars sýning sem sett var upp á fjórum stöðum á Snæfellsnesi. Önnur sýning var sett upp á Akureyri, myndir Gunnars Rúnars Ólafssonar sem hann hafði tekið aðallega þar í bæ.<sup>4</sup> Einnig var farið með myndir Péturs A. Ólafssonar til Patreksfjarðar og seldust þær margfalt, það er sveitarfélagið keypti eitt sett og síðan komu einstaklingar og keyptu myndir sömuleiðis. Þessar sýningar voru allar settar upp á árinu 1981. Stærsta sýning safnsins var svo á myndum Skafta Guðjónssonar í Listasafni ASÍ, þar sem Þorsteinn Jónsson var forstöðumaður. Aðsókn var mjög góð á hana. Fljótlega eftir þetta stóð Ljósmyndasafnið fyrir þremur sýningum á Kjarvalsstöðum, sem safnið tók á leigu. Sú sýning sem mest var sótt var með myndum rithöfundarins Emile Zola en Franska sendiráðið styrkti hana og fleiri.

Á þessum árum var safnið alla tíð í leiguhúsnæði, lengstum í íbúðarhúsi á Flókagötu. Þar kom að bætt var við starfsmönnum. Lengi hafði verið talað um þörfina fyrir ljósmyndara að safninu og nú var bætt úr því. Til starfsins var ráðin Dana Jónsson sem var þar í tvö ár og síðar Anna Fjóra Gísladóttir sem



var í nokkur ár. Einnig var ráðið talsvert af lausafólki í sölumennsku, bókhald og fleira. Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur vann sömuleiðis á safninu á árunum 1984-86, við skráningu, sem lítill tími hafði gefist til fram að því. Þá voru starfsmenn safnsins orðnir þrír talsins sem Ívari þótti mikil framför. En ekki veitti af því. Árið 1986 var safninu falið ásamt Þjóðminjasafninu og fleiri aðilum að útvega myndir á sýningu í tilefni af 200 ára afmæli Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Ljósmyndirnar voru alls tæplega 600 talsins, að meirihluta frá Ljósmyndasafninu. Það var stærsta verkefni safnsins fyrr og síðar og tekjurnar af því fleyttu því áfram í talsverðan tíma.

Sala á ljósmyndum til einstaklinga hófst snemma og jókst með árunum. Langmestur hluti þeirra var portrett af ættingjum og myndir af húsum. Ennfremur hélt sala á myndum Magnúsar Ólafssonar og Skafta Guðjónssonar áfram. Þegar hér var komið sögu var vinnuframlag hluthafanna nánast ekkert, áhuginn hjá þeim hafði dvínað með tímanum eins og gengur og fólk var upptekið í sínu daglega striti, að koma upp heimilum og eignast börn. Safnið var líka farið að rúlla tiltölulega áhyggjulaust miðað við það sem áður hafði verið. Sumir aðstandendur Ljósmyndasafnsins bundu vonir við útgáfu ljósmyndabóka. En safnið fór aldrei út í útgáfu á þessum árum því að sala á ljósmyndabókum gekk ekki vel, reynsla annarra sýndi það, meðal annars útgáfa bókar með myndum Skafta Guðjónssonar sem annar aðili stóð að. Einnig þótti ekki við hæfi að selja bókaútfendur myndir og vera á sama tíma að gefa út bækur sjálfir. Bókaútfendur voru dyggustu viðskiptavinir safnsins og fólu safninu stundum myndaritstjórn einstakra bóka.

Þegar Ljósmyndasafnið var stofnað var ætlunin að það sinni fleiru en gömlum ljósmyndum, það gæfi einnig ljósmyndurum samtímans gaum. Og lögð voru drög að safni þeirra, enda var eftirspurn eftir því, til dæmis þegar leiðtogafundur Reagans og Gorbachev fór fram árið 1986. En ekki var nægur mannskapur til að fylgja því eftir frekar en ýmsu öðru.<sup>5</sup>

## 1987-1996

Erfið fjárhagsstaða Ljósmyndasafnsins hafði í för með sér að hluthafar þess buðu Reykjavíkurborg það til kaups. Aðdragandinn var ekki langur, fram til ársins 1986 hafði borgin sýnt safninu mjög lítinn áhuga, verið jafnvel treg til að kaupa einstakar myndir, og ekki styrkt safnið á neinn hátt. En á



Dana Jónsson ljósmyndari Ljósmyndasafnsins að störfum í höfuðstöðvum Ljósmyndasafnsins að Flókagötu 35. Mynd líklega tekin 1983. Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

afmælisárinu vaknaði áhugi, meðal annars hjá Davíð Oddssyni borgarstjóra. Hann tók að spyrjast fyrir um hvernig gengi með rekstur safnsins og hvort ekki væri vonlaust að stunda svona starfsemi á eigin vegum. Honum var sagt eins og rétt var að reksturinn væri ákaflega erfiður. Eyjólfur gekkst þá fyrir því að stjórn safnsins fór formlega fram á það við borgina að hún yfirtæki rekstur safnsins með einum eða öðrum hætti.<sup>6</sup> Úr varð að borgarstjóri skipaði tveggja manna nefnd, annan úr meirihlutanum og hinn úr minnihlutanum, til viðræðna við safnið. Þá var kallað eftir ýmsum upplýsingum um safnið, meðal annars skulda- og eignastöðu þess. Í ljós kom að það yrði borginni lítill útgjaldaauki að kaupa safnið og afréð hún að gera það. Við eigendaskiptin var nafni safnsins breytt úr Ljósmyndasafninu hf í Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Nokkrum mánuðum eftir að borgin tók safnið yfir fóru að heyrast raddir um að Eyjólfur ætti að verða safnstjóri þess. Ívari leist ekki vel á það en ákvað eftir nokkra umhugsun að fara ekki í stríð út af því, hann vildi hvort sem væri gjarnan róa á ný mið. Auk þess væri Sjálfstæðisflokkurinn, sem öllu réði þá í stjórn borgarinnar, kannski búinn að ákveða þetta, vildi sinn mann í safnstjórastól fremur en hann. Ívar hætti hjá Ljósmyndasafninu árið 1988. Eyjólfur var á þeim tíma titlaður safnstjóri, hafði verið ráðinn sem slíkur.

Að mati Ívars var ekki sjálfgefið að safnið starfaði um alla framtíð sem sjálfstæð eining. Í jafn litlu landi og Íslandi væri ekkert vit í að reka tvö ljósmyndasöfn, hvað þá fleiri. Best færi á því að Ljósmyndasafnið og ljósmyndadeild Þjóðminjasafnsins sameinuðust og yrðu sjálfstætt safn. Og ef Ljósmyndasafnið ætti að sameinast öðru safni innan borgarkerfisins væri eðlilegast að það væri Borgarskjalasafnið. En hvorugt varð raunin.<sup>7</sup> Í Morgunblaðinu sagði svo frá um kaup borgarinnar á safninu 23. apríl 1987:

„Borgarráð hefur samþykkt að kaupa Ljósmyndasafnið hf. og er kaupverðið 4.850.000 krónur sem greiðist að hálfu við samningsgerð. Að sögn Gunnars Eydal skrifstofustjóra borgarstjóra verður veitt aukafjárveiting, 2.400.000 krónur, til kaupanna á þessu ári. Í greinargerð Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og Bjarna P. Magnússonar sem fylgir tillögunni segir að Ljósmyndasafnið hf. hafi ráðstöfunarrétt yfir 13 myndasöfnum og annist að auki varðveislu á 24 myndasöfnum, þar af hefur safnið samninga um afnot höfundarréttar á 16 söfnum. Þá kemur fram að „söfn þessi hafa að geyma mikil menningarverðmæti, sem að verulegu leyti tengjast sögu Reykjavíkur. Í eigu safnsins eru ennfremur ýmsar vélar, tæki og áhöld, sem notuð hafa verið til starfseminnar, þ.m.t. skápar og innréttingar. Eftir athugun á máli þessu og all ítarlegar viðræður við fulltrúa safnsins er það skoðun okkar, að rétt sé að Reykjavík tryggi áframhaldandi tilvist safnsins og rekstur þess með því að kaupa allar eignir safnsins.“ Gert er ráð fyrir að safnið verði rekið sem sjálfstæð stofnun og heyri fyrst um sinn beint undir borgarstjóra.“<sup>8</sup>

Næstu árin starfaði Ljósmyndasafnið með svipuðum hætti og verið hafði. Eyjólfur Halldórsson safnstjóri var áhugamaður um ljósmyndasöfnun en hafði litla menntun á sviði menningar eða sögu. Í hans tíð var rekstur safnsins laus í reipunum og nú er þeirra ára minnst fyrir mikil útgjöld umfram fjárhagsáætlanir. Í skýrslu Borgarendurskoðunar frá árinu 1995 segir: „Ljósmyndasafnið hefur til margra ára farið verulega fram úr fjárhagsáætlun, þrátt fyrir að hlutur safnsins í fjárhagsáætlun hafi hækkað umtalsvert á sama tíma.“<sup>9</sup> Þegar árin 1991-1994 eru tekin saman eru útgjöld umfram fjárhagsáætlun um 100% að meðaltali á ári. Framlög borgarinnar til safnsins

höfðu þó hækkað um vel yfir 100% samtals á sama tíma að raunvirði. Ætla hefði mátt að tekjur safnsins þessi ár hefðu aukist eitthvað en þær stóðu í stað eða minnkuðu. Árið 1987, fyrir kaup borgarinnar á safninu, höfðu þær dugað fyrir rekstri safnsins, annað var ekki í boði. Fjórum árum síðar, 1991, voru þær komnar niður í 35% af útgjöldum og árið 1994 í 20%. Útgjaldaaukinn stafaði einkum af því að Ljósmyndasafnið hafði tekið að sér ýmis verkefni sem því bar ekki skylda til. Og því hafði láðst að leita fjárheimilda hjá menningarmálanefnd borgarinnar vegna þeirra. Í Helgarpóstinum segir svo um málið 10. júlí 1995:

„Eyjólfur sendi borgarendurskoðanda skýringar vegna umframeyðslu safnsins á síðasta ári. Í skýrslunni kemur fram að stærsta orsök eyðslunnar sé sú að Eyjólfur hafi í fullkomnu heimildaleysi réttmætra yfirvalda orðið við tilmælum Þjóð- og hátíðarnefndar Reykjavíkurborgar um þátttöku safnsins í nokkrum sýningum vegna 50 ára afmælis lýðveldisins. Slegið er föstu að nægur tími hefði átt að vera fyrir safnið að gera raunhæfa fjárhagsáætlun fyrir þessar sýningar. Í samtali Póstsins við starfsmann Borgarendurskoðunar kom fram að jafnvel þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir þessum útgjöldum á fjárhagsáætlun hefði forstöðumanni safnsins verið í lófa lagið að leita aukafjárveitinga, til dæmis til menningarmálanefndar, sem gæti afgreitt slíkar beiðnir á tiltölulega skömmum tíma. Síðan bæri safninu einfaldlega að taka niðurstöðu nefndarinnar. Þetta hafi Eyjólfur hinsvegar ekki kosið að gera.“<sup>10</sup>

Niðurstaðan mun hafa verið sú að gerður var starfslokasamningur við Eyjólf árið 1995. Annar starfsmaður safnsins, Stefán Valur Pálsson, tók við umsjón þess um stundarsakir. Næsta árið ríkti óvissa um hvert stefndi með safnið. Áhugi vaknaði innan borgarkerfisins á að sameina það annarri stofnun en niðurstaða fékkst ekki í hver hún skyldi vera.

Í ársbyrjun 1996 skilaði fjögurra manna vinnuhópur á vegum menningarmálanefndar tillögu um málið sem samþykkt var í nefndinni. Var þar mælt með að safnið yrði rekið áfram með sama hætti og áður, það er sem sjálfstætt safn undir stjórn menningarmálanefndar. Hlutverk safnsins skyldi vera: „a) Að safna og varðveita einkum ljósmyndir sem á einn eða annan

hátt tengjast Reykjavík. b) Auk þess hlutist safnið til um myndatöku og skráningu samtímasögu Reykjavíkur í ljósmyndum.“<sup>11</sup> Megináherslan skyldi með öðrum orðum vera á ljósmyndir sem heimildir um sögu og samtíma Reykjavíkur. Í tillögu vinnuhópsins var lögð sérstök áhersla á að stórauka þyrfti og hraða frumskráningu á myndum safnsins og mælt með sérstöku átaksverkefni í því sambandi.

## 1997-2000

Priðji safnstjóri Ljósmyndasafnsins var Sigurjón Baldur Hafsteinsson mannfræðingur sem tók til starfa haustið 1997 og var þar í rúm tvö ár. Þar voru fyrir fjórir starfsmenn. Stefán Valur Pálsson hafði haldið utan um reksturinn sem settur safnstjóri. Donald Ingólfsson var ljósmyndari að mennt og sinnti afgreiðslustörfum. Marisa Arason og Anna E. Svavarsdóttir voru ljósmyndarar og sinntu ýmsum verkefnum.

Að mati Sigurjóns var safnið í upplausn á þessum tíma. Megnið af ljósmyndum þess var til að mynda utan öryggisgeymslna, sem þó voru til staðar í húsakynnum safnsins í Borgartúni 1. Elsti hluti safnsins, glerplötusafnið, var á bersvæði við hliðina á skrifborði Stefáns, í gömlum stálskáp sem hafði verið fenginn úr banka og hafði áður geymt víxla. Þar á ofan hafi safnið ekki haft neina formlega stefnu eins og tíðkast um safnastofnanir. Að mati Sigurjóns starfaði safnið á þessum tíma sem arkív eins og verið hefði í upphafi. Hann ráðfærði sig við yfirmenn menningarmála í borginni, sem studdu endurskipulagningu safnsins á forsendum hefðbundins safnastarfs. Lagður var metnaður í að Ljósmyndasafnið yrði leiðandi sem safnastofnun á sviði ljósmyndunar. Til að svo gæti orðið þyrfti að auka faglega þekkingu starfsmanna og í því skyni réði hann árið 1998 tvo starfsmenn; Guðbrand Benediktsson sagnfræðing, sem falið var að sinna almennu safnastarfi og rannsóknnum, og Maríu Karen Sigurðardóttir, forvörð sem sá um forvörslumál.

Á þessum tíma hafði lítið verið hugað að innleiðingu starfshátta sem tíðkast í meðferð safnkosts á ljósmyndasöfnum. Það var nú tekið fastari tókum, gerðar úttektir á ástandi safnkostsins, honum komið fyrir í sýrufríum umbúðum og skrásetning efld. Safnið hafði til þessa tíma skilgreint söfnunarsvið sitt landið allt en því var breytt og megin áhersla lögð á að safna myndum sem tengdust Reykjavík og nágrenni. Á því voru þó

gerðar undantekningar, til dæmis þegar safninu bauðst myndasafn frá ljósmyndastofu sem verið hafði á Akranesi. Tekið var við því á þeirri forsendu að gefendur vildu ekki fara annað með það. Myndasala Ljósmyndasafnsins var með svipuðum hætti og áður. Hugað var að betra aðgengi almennings að safn-kostinum og léku ljósmyndarar safnsins lykilhlutverk þar. Fjárfest var í nýjum tækjabúnaði í myrkraherberginu. Fjárframlög til Ljósmyndasafnsins voru alltof lítil að mati Sigurjóns. Engir peningar fengust til að setja upp sýningar og litlar væntingar virtust gerðar af hálfu borgaryfirvalda til slíkrar starfsemi.

Á þessum tíma voru ýmsir ljósmyndarar gagnrýnir á safnið, vildu gera ljósmyndinni hærra undir höfði en gert var. Gagnrýni þeirra var hliðstæð þeim áherslum sem Sigurjón lagði til grundvallar stefnumótun fyrir safnið. Hann vildi að safnið sinnti miðlun ljósmynda á breiðum grundvelli, tæki tillit til gildis þeirra sem vettvangs listrænnar sköpunar, sem rannsóknartækis og sem hreyfiafls í félagslegum og menningarlegum efnunum. Til að takast á við það stóð hann meðal annars fyrir nokkrum ljósmyndasýningum, fyrirlestrum um ljósmyndun og efndi til rannsóknarverkefna.<sup>12</sup>

Í samtölum við afkomendur Magnúsar Ólafssonar ljósmyndara hafði Sigurjón orðið var við áhuga þeirra á að halda nafni Magnúsar á lofti og létu höfundarlaun af myndum hans renna í sjóð. Minningarsjóður Magnúsar Ólafssonar var gefinn Ljósmyndasafninu árið 2000. Hann var notaður til að verðlauna einstaka ljósmyndara sem störfuðu hérlendis. Fyrsti minningarfyrirlesturinn var árið 1998 með Naomi Rosenblum, heimsþekktum fræðimanni á sviði ljósmyndarannsókna. Fyrirlestur hennar var þýddur og gefinn út. Árið eftir hélt Inga Lára Baldvinsdóttir, deildarstjóri á Þjóðminjasafninu, fyrirlestur.<sup>13</sup> Fleiri fyrirlestrar í nafni Magnúsar Ólafssonar voru haldnir næstu árin á eftir og gefnir út.

Eitt af því sem glíma þurfti við á þessum tíma voru höfundarréttarmál sem voru í ólestri. Safnið hafði tekið við ljósmyndasöfnum til varðveislu án þess að ljóst væri hver væru réttindi og skyldur safnsins og þeirra sem lagt höfðu inn myndir í safnið. Einstaklingar komu og spurðu hvort safnið vildi selja myndir úr söfnum sínum og það var samþykkt. Síðan lagði safnið vinnu og kostnað í að skrá söfnin og koma þeim fyrir í geymslum, sem var gott fyrirkomulag að öðru leyti en því að viðkomandi aðilar gátu komið aftur hvenær sem var og tekið söfnin út. Á grundvelli laga um höfundarrétt var búinn til samningur

sem lagður var fyrir þá aðila sem lagt höfðu inn ljósmyndir í safnið og þannig tryggður gagnkvæmur ávinningur beggja aðila.

Ljósmyndasafnið var á þessum tíma til húsa í Borgartúni 1. Þegar nær dró aldamótum var byrjað að standsetja Grófarhúsið, sem var fyrrum vöruskemma Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍF), og gert ráð fyrir að hýsa safnið þar. Safnið flutti í nýju húsakynnin árið 2000 og gjörbreyttist öll aðstaða við það til hins betra. Nýja húsnæðinu var lögð áhersla á varðveislu safnkosts og til þess var innréttuð geymsla sem uppfyllti nútímalegar varðveislukröfur en það var nýmæli á þeim tíma. Safnið fékk einnig sérstakan sýningarsal til afnota á efstu hæð hússins, þar sem haldnir hafa verið tugir sýninga og aðrir viðburðir sem varpað hafa ljósi á fjölbreytilegt gildi ljósmynda. Áhersla á listrænt gildi ljósmynda hafði mikinn hljómgrunn á safninu næstu árin sem kom meðal annars fram í því að til safnsins var iðulega ráðið fólk með menntun og/eða þekkingu á sviði lista.

## 2000-2014

María Karen Sigurðardóttir var ráðin safnstjóri árið 2000 og gegndi því starfi til 2014 eða þar til safnið var sameinað tveimur öðrum söfnum, Minjasafni Reykjavíkur og Sjóminjasafninu, Landnámssýningunni og Viðey undir nafni Borgarsögusafns. Haustið 2000 var Ljósmyndasafnið flutt úr Borgartúni í Grófarhúsið eins og áður segir. Borgarbókasafnið var á 1., 2. og 5. hæð, Borgarskjallasafn á 3. og 4. hæð og Ljósmyndasafnið á 6. hæð. Safnið var opnað á nýja staðnum í október sama ár og átti í góðu samstarfi við hin söfnin, sérstaklega Borgarbókasafnið sem var með fjölbreytta starfsemi.

Það tók drjúgan tíma að koma safnkostinum fyrir á nýja staðnum. Maríu Karen fannst þó annað verkefni enn stærra en það var að sanna tilverurétt safnsins. Þegar hún var ráðin til starfa heyrðust raddir um að bæði fagfólk og borgaryfirvöld hefðu litla trú á framtíð safnsins og framan af leit út fyrir að starfsemi þess yrði lögð niður. Þetta varð til þess að hún lagði sig alla fram við að efla safnið og fá fólk til að trúa því að starfsemi þess væri mikilvæg fyrir samfélagið. Þar af leiðandi voru fyrstu verkefnin að skipuleggja innra starf upp á nýtt, marka skýra sýningar- og söfnunarstefnu og vekja athygli á safninu. Lögð var áhersla á að skapa traust við safngesti og viðskiptavini safnsins.





Mynd frá svokölluðu Ljósmyndakaffi, sem safnið bauð upp á 2011. Bára K. Kristinsdóttir ljósmyndari settist í sófann og sagði frá ljósmyndaferli sínum, sýningarhaldi o.fl. Með henni í sófanum voru ljósmyndararnir Leifur Þorsteinsson, Sissa og Guðmundur Ingólfsson. Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósmyndasafnið sinnti sem fyrr öllum þáttum hefðbundins safns, svo sem söfnun, skráningu og varðveislu. En ekki síst væri mikilvægt að vinna að sýningahaldi og miðlun. Í því skyni var byrjað að setja upp sýningar reglulega. Lögð var áhersla á að auka gildi ljósmyndarinnar hérlandis og koma henni betur á framfæri. Strax var lagt upp með að hafa sambland af myndum eftir innlenda sem erlenda ljósmyndara, bæði sígildar og samtímaljósmyndir til að vekja athygli á miðlinum og auka áhuga fólks á fjölbreytni hans. Sem dæmi setti safnið upp einkasýningar með mörgum af helstu og þekktustu samtímaljósmyndurum landsins, til að mynda Guðmundi Ingólfssyni, Leifi Þorsteinssyni, Báru Kristinsdóttur, Ragnari Axelssyni, Katrínu Elvarsdóttur, Spessa, Einari Fal Ingólfssyni, Mats Wibe Lund, Péttri Thomsen og fleirum. Af erlendum ljósmyndurum má nefna gömlu meistarana sem hafa markað djúp spor í ljósmyndasöguna: Henri Cartier Bresson, August Sander, André Kertész. Og ekki síður heimsfræga samtímaljósmyndara á borð við Mary Ellen Mark, Lars Tunbjörk, Chris Niedenthal, Marc Riboud, Lauren Greenfield, David Goldblatt, Olaf Otto Becker og fleiri. Síðast en ekki síst setti safnið upp margar sýningar með myndum úr sínum eigin safnkosti og má þar nefna



Frá sýningunni „Lífð er ekki bara leikur – það er líka dans á rósum“ sumarið 2009. Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

myndir Magnúsar Ólafssonar, Karls Chr. Nielsen og Andrésar Kolbeinssonar. Sýning Andrésar vakti ekki síst athygli og var hann í kjölfarið tilnefndur til Heiðursverðlauna Myndstefs árið 2006 fyrir framlag sitt til ljósmyndunar.

Samtímis var haldið áfram að safna ljósmyndum, sem tókst vel. Frá 2000 til 2014 fór safneignin úr 1,5 milljónum mynda upp í um 6 milljónir. Gerðist það jafnt og þétt en stærsta einstaka safnið kom frá 365 miðlum, það er gamla DV safnið. Ljósmyndasafnið safnaði ljósmyndum frá bæði atvinnuljósmyndurum og áhugamyndurum. Safnkosturinn er því mjög fjölbreyttur og samanstendur af myndum frá myndastofum, fjölmiðlum og almenningi.

Ljósmyndasafnið tók á móti skólahópum og reglulega var höfð kynning á safninu fyrir framhaldsskólanema. Ennfremur voru haldin námskeið á sumrin í gamalli ljósmyndatækni. Yngri aldurshópar, nemendur grunnskólanna, komu einnig á safnið og fengu þeir kynningu sem hæfði þeim. Safnið hafði frumkvæði að því að setja á laggirnar ljósmyndarýni og var sú fyrsta árið 2012 í samstarfi við Félag íslenskra samtímaljósmyndara. Erlendir og innlendir rýnar voru fengnir til að skoða og fjalla um íslenska ljósmyndara og þótti það bæði fróðlegt og gagnlegt. Tilgangur þessa var að koma verkum

þeirra betur á framfæri hérlendis sem erlendis. Rýnendur voru meðal annars erlendir safnstjórar, sýningarstjórar og eigendur gallería í Evrópu og Bandaríkjunum. Þá tilnefndi Ljósmyndasafnið ljósmyndara til verðlauna erlendis. Og erlendum ljósmyndurum var komið á framfæri hérlendis, sem ekki hafði tíðkast mikið áður. Minningarsjóður Magnúsar Ólafssonar var gefinn safninu í árslok 2000. Hann var notaður til að verðlauna einstaka ljósmyndara sem starfa hérlendis.

María Karen lagði áherslu á að auka fagleg tengsl við söfn erlendis. Á hverju ári er haldin ljósmyndamessa í París, Paris Photo, og árið 2006 var þemað norrænar ljósmyndir. Þangað lögðu forstöðumenn norrænna ljósmyndasafna gjarnan leið sína og lagði María til að þeir notuðu tækifærið og funduðu árlega í kjölfarið. Það var gert frá árinu 2006. Með þessum fundum náðist ýmiss konar samstarf, meðal annars í sýningahaldi. Þá kom safnið upp nýrri heimasíðu. Á henni var opnaður myndavefur árið 2004 sem þá var nýlunda í safnastarfi. Tilgangur vefsins var að efla þjónustu við viðskiptavinum og gesti safnsins ásamt því að auka tekjur af myndasölu. Einnig var komið upp safnbúð.

Allt starf safnsins byggðist á góðu starfsfólki og sameiginlegri sýn. Starfsmenn safnsins voru að meðaltali fimm á tímabilinu og voru breytingar ekki tíðar. Sigríður Kristín Birnudóttir ljósmyndari hóf störf árið 2000 og Kristín Hauksdóttir kom til starfa 2002. Kristín er bæði myndlistarmaður og ljósmyndari og þekkti vel Fotostation, skráningarkerfi safnsins, úr fyrra starfi. Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir listfræðingur starfaði frá 2000 til 2002. Donald Ingólfsson ljósmyndari vann til 2004 og hætti þá fyrir aldurs sakir. Jóhanna Guðrún Árnadóttir listfræðingur kom til safnsins 2003 og var til 2014. Guðbrandur Benediktsson færði sig yfir til Minjasafns Reykjavíkur árið 2005 og tók Gísli Helgason við af honum en hann er líka sagnfræðingur. María Karen er bæði forvörður og stjórnsýslufræðingur. Fjárframlög til safnsins voru svipuð á tímabilinu, þau dugðu fyrir daglegum rekstri en svigrúm í rekstri var lítið sem ekkert. Sértekjur af myndasölu stóðu undir öðrum útgjöldum. Þær voru talsverðar en sveifluðust milli ára, svo sem vegna stórra verkefna eins og bókaútgáfu og fleira.

## Lokaorð

Söfn eru þjónustustofnanir við þá sem sækja þau heim og mikilvægt að sinna því hlutverki vel. Það tókst vel hjá Ljósmyndasafninu því að gestafjöldi fór hratt úr eitt þúsund manns í tuttugu þúsund upp úr aldamótum og komst í tæp fimmtíu þúsund þegar mest var. Þá var safnið orðið eitt mest sótt ljósmyndasafnið á Norðurlöndum. Þar hjálpaði til að Grófarhúsið var vel staðsett og að aðgangur var ókeypis. Lengi vel komu gestir mest yfir sumartímamann sem skýrist að hluta af því hve ferðamenn voru stór partur af fjöldanum. Þá voru karlmenn fleiri en konur, líklega af því að fleiri úr þeirra hópi höfðu ljósmyndaáhuga. Það hefur breyst.

Ljósmyndun jókst jafnt og þétt alla 20. öldina og hefur aldrei verið meiri en nú. Almennur eignaðist myndavélar í síauknum mæli upp úr miðri öldinni, ekki síst eftir 1960, og sprenging í þeim efnum varð þegar farsímar með myndavélum komu til sögunnar. Vinsældir ljósmyndunar liggja ekki síst í því að hún er svo auðveld, einföld. Hún sameinar líka ýmis gildi, listrænt gildi, heimildagildi og svo framvegis.

### Óprentaðar heimildir

Endurskoðunarskýrsla 1994. Borgarendurskoðun: Reykjavíkurborg, 1995. Skjalasafn Reykjavíkurborgar.  
Gísli Helgason. Viðtal við höfund, 14. október, 2017.  
Ívar Gissurarson. Viðtal við höfund, 22. mars, 2017.  
María Karen Sigurðardóttir. Viðtal við höfund, 5. júní, 2017.  
Sigurjón Baldur Hafsteinsson. Viðtal við höfund, 23. júní, 2017.  
Stofnsamningur Ljósmyndasafnsins hf. dags. 2. september 1981. Skjalasafn Ljósmyndasafns Reykjavíkur.  
Tillaga varðandi framtíð Ljósmyndasafns Reykjavíkur lögð fram og samþykkt í menningarmálanefnd 31. janúar 1996. Skjalasafn Ljósmyndasafns Reykjavíkur.  
Yfirlýsing hlutafa í Ljósmyndasafninu hf., dags. 19. janúar 1987. Skjalasafn Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

### Prentaðar heimildir

„Borgarráð: Borgin kaupir Ljósmyndasafnið“, Morgunblaðið, 23. apríl 1987, 20.  
Inga Lára Baldvinsdóttir, „Ljósmyndasöfnun og Þjóðminjasafnið“, Ljóri, ágúst 1982, 12.  
Inga Lára Baldvinsdóttir, Magnús Ólafsson og framlag hans til íslenskrar ljósmyndunar. Reykjavík: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, 2000.  
Inga Lára Baldvinsdóttir, „Ívar Gissurarson.“ Í Þættir úr sögu ljósmyndunar á Íslandi 1970-1990. Ritstjóri Steinar Örn Atlason. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2012.  
„Ljósmyndasafn Reykjavíkur í gjörgæslu“. Helgarpósturinn 10. júlí 1995, 4.  
Naomi Rosenblum, Stefnum í bandarískri ljósmyndun 1890-1945. Garðar Baldvinsson þýddi. Reykjavík: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, 1999.

### Neðanmálsgreinar

- 1 Stofnsamningur Ljósmyndasafnsins hf dags. 2. september 1981.
- 2 Inga Lára Baldvinsdóttir, „Ljósmyndasöfnun og Þjóðminjasafnið“, 1982, 12.
- 3 Stofnsamningur Ljósmyndasafnsins hf dags. 2. september 1981.
- 4 Gísli Helgason. Viðtal við höfund.
- 5 Meginheimild fyrsta hluta greinarinnar er viðtal Ingu Láru Baldvinsdóttur við Ívar Gissurarson, 155-163: Einnig Ívar Gissurarson. Viðtal höfundar, 2017.
- 6 Yfirlýsing hluthafa í Ljósmyndasafninu hf, dags. 19. janúar 1987.
- 7 Ívar Gissurarson. Viðtal við höfund, 2017.
- 8 „Borgarráð: Borgin kaupir Ljósmyndasafnið“, 1987, 20.
- 9 Endurskoðunarskýrsla 1994.
- 10 „Ljósmyndasafn Reykjavíkur í gjörgæslu“, 1995, 4.
- 11 Tillaga varðandi framtíð Ljósmyndasafns Reykjavíkur lögð fram og samþykkt í menningarmálanefnd þ. 31. janúar 1996.
- 12 Sem dæmi um rannsóknarverkefni á þessum tíma er verkefnið Móðirin í íslenskum ljósmyndum, en gefin var út bók um efnið, Móðirin í íslenskum ljósmyndum (2000), og haldin var sýning um viðfangsefnið í Grófarhúsinu árið 2000.
- 13 Naomi Rosenblum, Stefnum í bandarískri ljósmyndun 1890-1945: Inga Lára Baldvinsdóttir, Magnús Ólafsson og framlag hans til íslenskrar ljósmyndunar.

# Listasafn Háskóla Íslands

Auður A. Ólafsdóttir

Listasafn Háskóla Íslands var stofnað á vordögum árið 1980 í kjölfar stórrar listaverkagjafar hjónanna og listaverkasafnaranna Ingibjargar Guðmundsdóttur og Sverris Sigurðssonar til Háskóla Íslands. Í stofngjöfnum voru hundrað og fjórtíu listaverk, þar af hundrað og fimmtán verk eftir Þorvald Skúlason listmálara og tuttugu og fimm verk eftir aðra listamenn svo sem Jón Stefánsson, Gunnlaug Scheving, Gunnlaug Blöndal, Júlíönu Sveinsdóttur, Jón Þorleifsson og Snorra Arinbjarnar sem telja má til gömlu meistaranna í íslenski listasögu. Þá voru í frumgjöf þeirra Ingibjargar og Sverris einnig verk eftir listamenn af þeirri kynslóð sem steig fram á sviðið í listalífinu um og eftir 1950 og jafnan er kennd við abstraktmálverkið, þau Karl Kvaran, Nínu Tryggvadóttur, Kristján Davíðsson, Svavar Guðnason, Valtý Pétursson, Jóhannes Jóhannesson og Hjörleif Sigurðsson.

## Aðdragandi að stofnun háskólastofnunar

Listasafn Háskóla Íslands ber ýmis merki þess að vera að stofni til safn einkasafnara og þarf í því sambandi ekki annað en að horfa til þess að verk Þorvalds Skúlasonar telja nálægt þremur fjórðu hlutum af heildarlistaverkæign safnsins. Líklega mætti kenna safneignina við þá tegund safns sem á ensku er kennd við „collection“ og haft er um stór sérhæfð söfn einkasafnara. Sá telst vera safnari sem á tíu verk eftir sama listamanninn en afar óvanalegt er að menn safni hundruðum verka eftir sama listamann, líkt og þau Ingibjörg og Sverrir gerðu með verk Þorvalds Skúlasonar.

Þau Ingibjörg og Sverrir tóku snemma á hjúskaparárum sínum að kaupa listaverk, en hófu þó ekki að safna listaverkum að ráði fyrr en upp úr 1940. Til að byrja með söfnuðu þau frumherjum íslenskrar málalistar en upp úr 1950 sneru þau sér að Septembermálurunum svokölluðu eða abstraktlistinni og voru um áratugaskeið meðal stærstu listaverkasafnara landsins. Margir listamenn urðu nánir vinir þeirra hjóna og heimagangar, þar á meðal Þorvaldur Skúlason listmálari. Eftir að þau Ingibjörg og Sverrir kynntust

Þorvaldi sneru þau sér að mestu að því að safna verkum hans. Ingibjörg lést árið 1994 og árið eftir færði Sverrir Listasafni Háskóla Íslands aðra stórgjöf, hundrað og eitt listaverk til minningar um konu sína. Gjöfin samanstóð af sjötíu og fimm verkum eftir Þorvald Skúlason og tuttugu og sex verkum eftir aðra listamenn, þar á meðal eftir Nínu Tryggvadóttur, Karl Kvaran, Valtý Pétursson og Jóhannes Jóhannesson. Fleiri listaverkagjafir fylgdu í kjölfarið á næstu árum, enda hafði Sverrir Sigurðsson jafnan þann háttinn á að heiðra safnið á sérstökum tímamótum svo sem á afmæli Háskóla Íslands, afmæli Þorvalds Skúlasonar eða á eigin afmæli. Þannig færði hann safninu til að mynda stórt málverk eftir Kristján Davíðsson á 90 ára afmæli Háskóla Íslands árið 2001 og á 90 ára afmæli sínu, árið 1999, stofnaði Sverrir rannsóknarsjóð við listasafnið, Styrktarsjóð Listasafns Háskóla Íslands, með veglegu stofnframlagi og er sjóðnum ætlað að styrkja rannsóknir á íslenskri myndlist. Sverrir lést árið 2002 og hafði þá enn ætlað safninu fágæta gjöf eftir sinn dag; tæplega níu hundruð teikningar og smámyndir eftir Þorvald Skúlason sem afhentar voru safninu árið 2003 ásamt stóru málverki eftir Georg Guðna Hauksson. Þá höfðu þessir mestu velunnarar Listasafns Háskóla Íslands, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sverrir Sigurðsson, gefið safninu um ellefu hundruð og fimmtíu listaverk á tuttugu árum, þar af tæplega ellefu hundruð eftir Þorvald Skúlason og fimmtíu og fimm verk eftir aðra listamenn.

Í viðtali í Morgunblaðinu árið 1999, þegar Sverrir Sigurðsson hafði nýlega haldið upp á níræðisafmæli sitt með því að stofna rannsóknarsjóð við Listasafn Háskóla Íslands, var hann spurður um upphaf söfnunarástriðunnar. Sverrir svaraði því til að það hafi verið kynni hans af Þorvaldi Skúlásyni listmálara sem vöktu með honum löngun til að kaupa listaverk í einhverjum mæli. Samband málara og safnara var um margt óvenjulegt. Eftir að kynni tókust með þeim Þorvaldi og Sverri í veiðiferð með Theódóri, bróður Þorvalds árið 1950, flutti Þorvaldur úr vetrardrunga bragga sem hann bjó þá í og í húsnæði fyrirtækis Sverris, Sjóklæðagerðarinnar við Skúlagötu, sem Sverrir útvegaði málaranum. Sverrir greinir frá því að eftir þetta hafi þeir Þorvaldur átt dagleg samskipti og orðið góðir vinir. Hann hafi fylgst náið með vinnu málarans og „ég tók hann oft á kvöldin heim í mat“, upplýsir Sverrir ennfremur. Jafnframt hafi hann notið þeirra forréttinda að fá að kaupa myndir beint af trönum listamannsins, á undan öðrum kaupendum og tilgreinir sérstaklega að þáverandi forstöðumaður Listasafns Íslands hafi





Twö verk á skrifstofu starfsmanns Háskóla Íslands. Til vinstri er verkið Málverk eftir Þorvald Skúlason og Íslensk litaprufa No. 1 eftir Birgi Andrússon. Mynd: Listasafn Háskóla Íslands.

ekki alltaf verið sáttur við að missa af verki til safnarans. Því fór að vísu fjarri að kaupendur biðu í röðum eftir sköpunarverkum helstu myndlistarmanna þjóðarinnar á þessum árum, eða líkt og Sverrir bendir á þá ríkti ekki almennur skilningur á abstraktlist og ekki laust við að fólki hafi þótt þau Ingibjörg vera „að henda peningum í klessuverk.“<sup>1</sup>

Myndlistin var þeim Ingibjörgu og Sverri sameiginlegt áhugamál og veturinn 1977-1978 höfðu þau hjónin „sér til ánægju“ sótt tíma í listasögu við Heimspekideild Háskóla Íslands hjá Birni Th. Björnssyni listfræðingi. Þar kynntust þau Birni og ræddu þau meðal annars við hann um hugmyndir sínar og fjölskyldunnar um fyrirhugaða ráðstöfun hins stóra einkasafns þeirra. Þegar Sverrir var í viðtali árið 1980 spurður um ástæður þess að þau hjónin ákváðu að gefa Háskóla Íslands stóran hluta listaverkasafns síns sagði hann: „Þegar við hjónin ákváðum að ráðstafa stórum hluta listaverkasafns okkar, með fullum stuðningi dætra okkar [...] báðum við Björn að vera okkur hollráðan. Eftir nokkra umhugsun lagði hann hugmyndina að listasafni Háskólans fyrir okkur, sem gæti orðið hvort tveggja í senn, mikill menningarauki og mikilvæg rannsóknarstofnun í íslenskri myndlistarsögu,

en víða erlendis eiga háskólar góð listasöfn.“<sup>2</sup>

Hugmyndin að háskólastasafni mótaðist smám saman innan fjölskyldu Sverris og Ingibjargar og 21. maí árið 1979 tilkynntu þau hjón Guðmundi Magnússyni, þáverandi rektor og yfirstjórn Háskóla Íslands, þá ákvörðun sína að gefa Háskóla Íslands stóra listaverkagjöf. Við stofnun Listasafns Háskóla Íslands árið eftir, var jafnframt sett upp sýning á stofngjöfnni í háskólabyggingunni Odda og gefin út sýningarskrá með verkalista, ljósmyndum af stofngjöfnni og stofnskrá safnsins. Í ávarpsorðum í sýningar-skrá spyr Guðmundur Magnússon rektor spurningar sem ýmsir hafa sjálfsagt velt fyrir sér, það er um nauðsyn á listasafni við háskóla. Og hann svarar spurningunni með eftirfarandi orðum: „Þótt blómlegt sé um að litast þegar horft er yfir urtagarð háskólans á líðandi stund og þar margt unnið og að ýmsu hlúð, hlýtur það að vekja athygli að nær algerlega hefur verið sneitt hjá einhverju merkasta sviði mannsandans; listunum.“<sup>3</sup> Og háskólarektor minnst Þorvalds Skúlasonar sérstaklega og nefnir í því sambandi það sem hann kallar „rannsóknarstarf listamannsins“ sem tengi lista- mannsstarf hans „þeim viðhorfum sem setja eða ættu að setja mark sitt á starf hverrar háskólastofnunar. [...] Myndir hans bera með sér ríka sjálfsögun og birta innra eðli hlutanna. Listamaðurinn rannsakar eðli línunnar, flatarins, litarins. Þær flytja með sér heiðríkju andans, styrk og festu í rannsókn á leik forma og lita, sem frjóvgar anda áhorfandans og veitir honum innri styrk.“<sup>4</sup>

Líkt og mörg háskólastasöfn úti í heimi byggir Listasafn Háskóla Íslands safneign sína að hluta til á gjöfum velunnara og eru listaverkagjafir Ingibjargar og Sverris til safnsins meðal verðmætustu gjafa sem Háskóla Íslands hafa hlotnast. Þá hafa ýmsir íslenskir listamenn gefið safninu listaverk svo sem Hörður Ágústsson, Hjörleifur Sigurðsson og Hringur Jóhannesson. Fyrir utan það sem hér hefur verið upp talið ber einkum að nefna tvær stórgjafir. Annars vegar frá erfingjum Þorvalds Skúlasonar, þeim Astrid og Kristínu Skúlason sem gáfu listasafninu þrjú hundruð þrjátíu og þrjú verk eftir listamanninn árið 1986. Hins vegar er um að ræða sjötíu og sex málverk eftir Guðmundu Andrésdóttur sem listakonan ánafnaði safninu í erfðaskrá sinni og voru afhent árið 2003. Að öllu samanlögðu hafa því Listasafni Háskóla Íslands verið gefin hátt í sextán hundruð listaverk, þar af um fjórtán hundruð og fjórtíu verk eftir einn og sama listamanninn, Þorvald Skúlason, og á safnið langstærsta og heildstæðasta safn verka eftir þennan mikilvæga

brautryðjanda í íslenskri myndlist á 20. öld. Samkvæmt stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands mynda verk Þorvalds Skúlasonar sérstaka deild innan safnsins sem ber nafn listamannsins; Þorvaldssafn. Með árlegum innkaupum safnsins hefur einnig verið aukið við listaverkaeignina og á Listasafn Háskóla Íslands nú tæp tvö þúsund listaverk.

Listasafn Háskóla Íslands á sér margar fyrirmyndir úti í heimi þar sem háskólistasöfn eru mörg hver stór og víðfræg, einkum vestanhafs. Má þar til að mynda nefna Listasafn Yale-háskóla, Listasafn Princeton-háskóla og Fogg-listasafnið við Harvard-háskóla. Ólíkt því sem tíðkast erlendis, þá eru Listasafn Háskóla Íslands og Háskóli Íslands ekki aðskildar einingar, heldur er verk úr eigu safnsins víða að finna í opinberu rými skólans. Listasafnið hefur síðan það var stofnað gjörbreytt ásýnd háskólasamfélagsins en verk úr eigu listasafnsins er að finna víða á háskólasvæðinu. Það má því segja að listin deili í bókstaflegri merkingu húsnæði með fjórtán þúsund nemendum og um fjórtán hundruð starfsmönnum á þessum stærsta vinnustað landsins og að safnið færi hina þöglu listgrein í vinnuna til fólksins og með henni þann margbrotna heim sértækra þekkingar og reynslu sem rúmast í hverju listaverki. Þegar í fjölmiðlum er rætt við sérfræðinga Háskóla Íslands á vinnustað þeirra eða birtar af því myndir þegar handsalaðir eru samningar á rektorsskrifstofu, má oft og iðulega þekkja brot af listaverkaeign safnsins í bakgrunni. Þannig varð þrífitt málverk Karls Kvaran í bláu, rauðu og hvítu að kunnuglegri tákmynd rektorsembættisins í tíð Páls Skúlasonar og sömu sögu var að segja um gríðarstóra Heklumynd Georgs Guðna Haukssonar sem fyllti heilan vegg á skrifstofu Kristínar Ingólfssdóttur rektors. Þeir sem heimsóttu skrifstofu Kristínar þekktu þá tilfinningu að ganga inn í hljóðbæra kyrrð hins dulúðuga og algilda fjalls inni í miðri háskólabyggingu. Listasafn Háskóla Íslands hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs. Forstöðumenn safnsins hafa verið; Björn Th. Björnsson, Auður A. Ólafsdóttir og er núverandi safnstjóri Kristján Steingrímur Jónsson.

## **Þorvaldssafn**

Í stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands er kveðið á um að þau verk Þorvalds Skúlasonar listmálara „er safnið fær upphaflega að gjöf og kann síðar að eignast, skulu mynda sérstaka deild í safninu, er bera skal nafn



Auður A. Ólafsdóttir, ásamt aðstoðarmanni, með verkið Hitting I og Melódráma eftir Magnús Tómasson. Mynd: Listasafn Háskóla Íslands.

listamannsins“.<sup>5</sup> Safnið á um hundrað og sextíu olíumálverk eftir Þorvald og um þrettán hundruð teikningar, vatnslitamyndir, grafíkmyndir og klippi-myndir. Verkin spanna allan feril listamannsins, allt frá æskuverkum til síðustu verka hans en stærsti hluti safnsins eru þó abstraktverk. Elsta mynd safnsins er lítil vatnslitamynd eftir Þorvald frá árinu 1921, þegar hann var 15 ára kaupfélagsstjórásonur norður við Húnaflóa, en yngstu verkin eru máluð rúmum sextíu árum síðar, árið 1984, eða sama ár og Þorvaldur lést. Meðal málverka safnsins eru flest lykilverka listamannsins en vinnuteikningar og skissubækur Þorvalds varpa mikilvægu ljósi á feril og vinnuaðferðir listamannsins.

Þorvaldur Skúlason listmálari var í hópi framsæknustu listamanna sinnar kynslóðar og mikilvægur frumkvöðull módernisma í íslenskum myndlistarheimi. Þorvaldur var fæddur árið 1906 og var af þeirri kynslóð íslenskra myndlistarmanna sem kom fram á listasviðið laust upp úr 1930. Þorvaldur sótti tíma hjá Ásgrími Jónssyni listmálara í Reykjavík áður en hann hélt utan til myndlistarnáms árið 1928. Þorvaldur var búsettur samfellt

erlendis í þrettán ár, í Osló, París og Kaupmannahöfn en kom heim árið 1940 og settist að í hermannaþragga, þar sem hann bjó sér heimili og vinnustofu, við þróngan kost. Myndlitarferill Þorvalds spannar yfir hálfa öld og sýndi Þorvaldur á fjölmörgum sýningum. Árið 1934 á Charlottenborg og árið 1939 á Skandinaverne í Kaupmannahöfn. Þá tók hann þátt í Septembersýningum 1947, 1948, 1951 og 1952 og stofnaði ásamt fleirum SEPTEM sýningarhópinum árið 1974 og sýndi með honum árlega til dauðadags, árið 1984. Árið 1972 var haldin yfirlitssýning á verkum Þorvalds í Listasafni Íslands. Eftir stofnun Listasafns Háskóla Íslands hefur safnið staðið fyrir nokkrum sýningum á verkum Þorvalds, bæði innan háskólasamfélagsins og í samvinnu við önnur söfn svo sem Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og Hafnarborg og Listasafn Árnesinga.

### **Arfleifð abstraktsins og safnauki**

Samsetning stofngjafar og síðari stórgjafa til Listasafns Háskóla Íslands gerir það að verkum að stór hluti listaverkæignar safnsins eru abstraktverk. Með nokkrum rétti má segja að safnið sé að stofninum til „abstraktsafn“. Það má raunar telja til sérkenna safnsins hversu fá verk það á sem gerð eru fyrir 1940 enda hefur ekki verið lögð áhersla á að safna verkum eftir frumherja íslenskrar myndlistarsögu. Fyrir bragðið á listasafnið fá landslagsmálverk eftir eldri kynslóð íslenskra myndlistarmanna en merkasta verk af þeim toga er sjálfsagt lítil perla Júlíönu Sveinsdóttur, Kvöld á Þingvöllum, frá árinu 1956. Þá ræður mikill fjöldi málverka og teikninga í eigu safnsins því enn fremur að meirihluti safneignar eru tvívíð verk.

Stærsta safn abstraktverka eftir einn listamann, að undanskildum Þorvaldi Skúlasyni, eru um áttatíu málverk eftir Guðmundu Andrésdóttur sem listakonan ánafnaði safninu í erfðaskrá sinni og voru afhent árið 2003. Listasafni Íslands og Listasafni Reykjavíkur ánafnaði hún hvoru fyrir sig jafnstórum hluta en samtals fengu söfnin þrjú um tvö hundruð og fjörtíu olíumálverk. Aðrar eigur sínar, meðal annars íbúð, lét þessi sérstæði og frumlegi abstraktmálari renna í sjóð sem ætlað er að styrkja unga, efnilega listamenn til náms.

Guðmunda Andrésdóttir fæddist árið 1922 og var 24 ára gömul skrifstofumær hjá Laugavegsapóteki, með próf frá Verslunarskóla Íslands

upp á vasann þegar hún heillaðist af sýningu Svavars Guðnasonar í Listamannaskálanum árið 1945. Í kjölfarið ákvað hún að halda til Svíþjóðar að læra myndlist. Þaðan fór hún til Parísar, beint inn í hringiðu abstraktmálverks eftirstríðsáranna. Það var í París árið 1950 sem Guðmunda hóf að mála geómetrísk abstraktmálverk. „Við vildum taka þátt í því að skapa nýjan heim, hreinan og kláran, í kjölfar þeirra hörmunga sem heimsstyrjöldin hafði leitt yfir Evrópu – geómetríska abstraktmálverkið átti að vera laust við öll aukaatriði. Það fól jafnframt í sér vissu uppgjör við fortíðina.“<sup>6</sup> Enda þótt Guðmunda hafi málað undir merkjum geómetríunnar í rúmlega hálföld voru verk hennar svo sérstök og mynstur og litanotkun svo óvanaleg að verk hennar líkjast vart verkum nokkurs annars myndlistarmanns. Guðmunda málaði einungis við dagsbirtu sem þýddi að vegna staðsetningar á hnettinum málaði hún langmest á vorin og sumrin, jafnvel langt fram á nætur. Guðmunda notaði hreina, óblandaða liti í nær öll verk sín en liturinn var þó ekki meginviðfangsefni hennar, heldur hreyfingin. Málverkum Guðmundu má skipta niður í nokkra flokka og tímabil á grundvelli tilrauna hennar með hreyfinguna en listakonan vann iðulega í myndröðum eða myndakeðjum, þar sem verkin kölluðust á innbyrðis. Má þar nefna verk sem byggja á hringforminu, einnig „broddaverk“ og bylgjuverk, en bylgjur kallaði Guðmunda reyndar afkvæmi hringformsins.

Flest abstraktverka Listasafns Háskóla Íslands eru gerð á sjötta og sjöunda áratugnum þegar abstraktlist stóð með miklum blóma á Íslandi og var í raun stíll heillar kynslóðar myndlistarmanna. Fyrir utan verk eftir Þorvald Skúlason og Guðmundu Andrésdóttur á safnið talsvert af mikilvægum verkum eftir þau Hörð Ágústsson, Karl Kvaran, Eyborgu Guðmundsdóttur og Jóhannes Jóhannesson. Þá á safnið einnig fjölmörg abstraktmálverk eftir Valtý Pétursson og nokkur eftir Nínu Tryggvadóttur og Kjartan Guðjónsson.

Til listaverkakaupa fær safnið samkvæmt stofnskrá eitt prósent af því fé sem árlega rennur til nýbygginga á vegum Háskóla Íslands. Síðan listasafnið var stofnað hefur á hverju ári verið aukið við listaverkæign þess með kaupum á nýjum verkum. Enda þótt safnið hafi sérstökum skyldum að gegna gagnvart Þorvaldi Skúlasyni og kynslóð abstraktlistamanna, hefur einkum verið lögð áhersla á að kaupa samtímalist eftir yngri myndlistarmenn á hverjum tíma. Á áttunda áratugnum eignaðist safnið myndarlegt safn verka eftir íslenska grafíklistamenn og á níunda og tíunda áratug síðustu aldar keypti safnið





Þorvaldur Skúlason við vinnu sína. Mynd: Hermann Schlenker/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

talsvert af málverkum eftir þá kynslóð íslenskra myndlistarmanna sem kenndir voru við Nýja málverkið upp úr 1980 og þá sem tengdu sig við konseptmálverk og náttúruljóðrænu upp úr 1990. Á síðari árum hefur safnið einnig keypt nokkuð af ljósmyndaverkum eftir yngri myndlistarmenn.

Meðal þess sem safnið hefur lagt sig eftir að skoða er arfleifð abstraktsins í íslenskrum samtímalist. Þeim sem lítur yfir svið samtímalistar verður fljótlega ljóst að tími kalda stríðsins í íslenskum myndlistarheimi, þegar einungis var rúm fyrir eina listastefnu og meinta andstæðu hennar, eins og þegar kynslóð Þorvalds Skúlasonar steig fram á listasviðið, er ekki lengur til staðar. Þau verk sem safnið hefur eignast á síðari árum sýna að tilbúnar andstæður á borð við þær sem tókust á fyrir hálfri öld; landslag – abstrakt, geómetría – ljóðræna, rökhugsun – tilfinningar, eru ekki lengur fyrir hendi. Þess í stað



renna hinar fyrrum tilbúnu andstæður listasögunnar nú í einn farveg. Þannig er um fjölmörg verk í eigu safnsins eftir yngri listamenn sem hafa yfirbragð og útlit abstraktverka en eru byggð á allt annars konar hugmyndafræði. Dæmi um það eru til að mynda verk eftir Tuma Magnússon, Sigtrygg Bjarna Baldvinsson, Guðrínu Einarsdóttur, Harald Jónsson og Hildi Bjarnadóttur.

Þá hefur Listasafn Háskóla Íslands einnig fengið listamenn til að vinna verk inn í háskólaumhverfið. Dæmi um slíkt er verk Magnúsar Pálssonar, Sköpun lands (2009) í anddyri Öskju, Náttúrufræðahúss Háskóla Íslands, sem kostað var í sameiningu af Listasafni Háskóla Íslands og Listskreytingasjóði ríkisins. Verkið er gríðarstórt eða um 11 metra hátt og 3,30 metrar á breidd og gert úr sautján þúsund handskornum flísum, úr sama granítbergi og gólf hússins sjálfs. Lágmyndin fjallar um myndun lands og sköpun heims í ljóði Jónasar Hallgrímssonar og höfundar Völuspár. Á veggnum birtast í flísalögn þrjú erindi úr 13. aldar kvæðinu Völuspá úr Snorra-Eddu sem fjallar um sköpun heims og endalok jarðar og fimm erindi úr ljóðinu Fjallið Skjaldbreiður sem Jónas Hallgrímsson orti árið 1841 og eru erindin ýmist brennd á flísar eða skrifuð í blautan múr.

Fyrir vestan Odda hafa verið teknar upp tvær gangstéttarhellur og í staðinn settar tvær jafnstórar hellur úr rauðu pottjárnri eftir Kristinn E. Hrafnsson myndlistarmann. Þangað koma margir í hléi á milli kennslustunda og eiga þess kost, stundum óafvitandi, að standa á skúlptúrum sem í eru steiptar tvær tilvistarlegar áletranir sem íhuga má með hliðsjón af samhengi staðarins; í aðra helluna eru greipt orðin Söguleg samtíð og í hina setningin Þess vegna ertu hér.

## **Rannsóknarsjóður**

Sú staðreynd að listasafnið er í elsta og stærsta háskóla landsins, skapar því talsverða sérstöðu. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að styrkja tengsl safnsins við vísinda- og kennsluumhverfi Háskóla Íslands og á síðari árum ekki síst við rannsóknir í íslenskri myndlist og við fræðigreininu listfræði. Má í því sambandi benda á að velunnarar safnsins hafa ekki einungis ánaðnað því listaverk heldur ýmiss konar frumgögn er varða rannsóknir á íslenskri myndlistarsögu.

Árið 1999 var stofnaður við safnið rannsóknarsjóður sem ætlað

er að styrkja rannsóknir á íslenskri myndlist. Sjóðurinn hlaut nafnið Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands. Hugmyndina að sjóðnum átti helsti velgjörðarmaður safnsins frá upphafi, Sverrir Sigurðsson, og lagði hann sjóðnum til veglegt stofnframlag. Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands er samkvæmt stofnskrá sjóðsins ætlað „að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka að fornu og nýju, svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna, samkvæmt ákvörðun stjórnar Listasafns Háskóla Íslands sem jafnframt er stjórn sjóðsins“.<sup>7</sup> Veitt var í fyrsta skipti úr styrktarsjóðnum árið 2000 og hlaut Ólafur Ingi Jónsson málverkaforvörður styrk fyrir áralangar rannsóknir sínar á fölsuðum íslenskum málverkum. Rannsóknir Ólafs Inga voru einkar yfirgripsmiklar og byggðust bæði á stíllegum og listsögulegum athugunum en einnig á ítarlegum rannsóknum á verkunum sjálfum, eins og smásjárrannsóknum og rannsóknum undir útfjólubláu ljósi. Þá voru gerðar rannsóknir á sýnum, meðal annars bindiefnagreining og kallaðir til bæði erlendir og innlendir sérfræðingar í ýmsum efnum, svo sem frá raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

Fyrstu þrjú árin; það er 2000, 2001 og 2002 var veitt úr Styrktarsjóðnum árlega en eftir það árin 2004, 2005, 2008 og á 100 ára afmæli Háskóla Íslands árið 2011. Samtals hafa fimmtán aðilar fengið styrki úr sjóðnum; ellefu sjálfstætt starfandi fræðimenn, þrír forverðir og eitt fagfélag myndlistarmanna. Rannsóknarefnið hafa verið af ýmsum toga; íslensk raflist, það er skjálist, netlist og hljóðlist, saga Grafíkfélagsins, leikmyndlist á Íslandi, íslenskir alþýðumyndhöggvarar, hönnun gagnagrunns til skráningar á listaverkum sem eru ekki í eigu safna, tengsl Kjarvals við danska og evrópska samtímalist á Kaupmannahafnarárunum 1912-1922, vinnsla heimildarefnis fyrir sjónvarp um íslenska samtímamyndlist, rannsóknir á landslagi og rými í verkum Sigurðar Guðmundssonar í samhengi við heimspekikeningar Heidegger og Maurice Merleau-Ponty, saga Myndlistar- og handíðaskóla Íslands, rannsókn á frumheimildum um Júlíönu Sveinsdóttur í Danmörku, breytingar á nafnskriftum eða höfundarmerkingum frumherja íslenskrar myndlistar, áhrif fúnksjónalísma og norrænnar hönnunar á íslenska hönnun og kenningafræðileg úttekt á stöðu samtímalistar á Íslandi í ljósi alþjóðlegra kenninga um list.

## Sýningar

Listasafn Háskóla Íslands hefur staðið fyrir reglulegu sýningarhaldi, bæði í húsnæði Háskóla Íslands og í samvinnu við önnur söfn, svo sem Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Hafnarborg og Listasafn Árnesinga. Fyrsta sýning safnsins var sýning á stofngjöfni í Háskóla Íslands sumarið 1980.

Þá hafa einnig verið settar upp sýningar á öðrum stórgjöfum svo sem listaverkagjöf Guðmundu Andrésdóttur árið 2003. Rétt fyrir aldamótin fór sýning á verkum Þorvalds Skúlasonar norður til fæðingarstaðar málarans, Borðeyrar við Hrútafjörð, í tilefni af 150 ára afmæli staðarins og árið 2002 var sett upp innan háskólans sýningin ABSTRAKT- abstrakt þar sem rýnt var í abstrakthugtakið í samtímanum með samtali milli verka eldri og yngri myndlistarmanna úr eigu safnsins. Þær sýningar sem safnið hefur staðið fyrir í samvinnu við önnur listasöfn hafa allar snúist um að varpa ljósi á ýmsar hliðar verka Þorvalds Skúlasonar, enda hefur safneignin þar af mestu að miðla. Í apríl 1999 stóð Listasafn Háskóla Íslands, í samvinnu við Listasafn Íslands, fyrir sýningu á síðari abstraktverkum Þorvalds Skúlasonar frá 1967–1978. Sýningin var haldin í sýningarsölum Listasafns Íslands og bar yfirskriftina Hreyfiafl litanna – Abstraktverk Þorvalds Skúlasonar. Í október 2008 var sett upp stór sýning í Hafnarborg á verkum vinanna og samtíðarmannanna Þorvalds Skúlasonar og Sigurjóns Ólafssonar. Sýningin bar heitið Sigurjón og Þorvaldur. Tveir móðernistar, og var samstarfsverkefni Listasafns Háskóla Íslands og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Þá má nefna sýningu sem Listasafn Háskóla Íslands stóð fyrir sumarið 2010 í samvinnu við Listasafn Árnesinga sem bar heitið ÁR: Málverkið á tímum straumvatna. Sigtryggur Bjarni Baldvinsson · Þorvaldur Skúlason. Á sýningunni var leitast við að tefla saman verkum tveggja málara af tveimur kynslóðum íslenskra myndlistarmanna en Sigtryggur Bjarni er fæddur árið 1966, sama ár og Þorvaldur Skúlason fagnaði sextugsafmæli sínu. Sú listsögulega staðreynd að báðir lista- mennirnir máluðu verk með 35 ára millibili sem þeir skýrðu Ölfusá (Ölfusá Þorvalds er frá árinu 1969 og Ölfusá Sigtryggs frá árinu 2004) var útgangspunktur sýningarinnar. Sýningunni var þó meðfram öðru ætlað að skoða breytingar á inntaki ýmissa listsögulegra hugtaka í rás tímans, svo sem hinna tilbúnu andstæðna abstrakts, og raunsæis/natúralisma. Í október

2016 opnaði sýningin Ásmundur Sveinsson og Þorvaldur Skúlaon: Augans börn, í Ásmundarsafni sem var samstarfsverkefni Listasafns Háskóla Íslands og Listasafns Reykjavíkur og lagði áherslu á náinn samhljóm formræns myndmáls listamannanna tveggja.

#### Óprentaðar heimildir

Stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands, 1980. Listasafn Háskóla Íslands.

Stofnskrá Styrktarsjóðs Listasafns Háskóla Íslands, 1999. Listasafn Háskóla Íslands.

#### Prentaðar heimildir

Aðalsteinn Ingólfsson, „Háskólinn eignast listasafn“, Dagblaðið, 5. júní 1980, 16.

Anna Sigríður Einarsdóttir, „Söfnunaráráttan er ástríða“, Lesbók Morgunblaðsins, 24. júlí 1999, 6-7.

Guðmundur Magnússon, „Ávarpsorð“, Sýningarskrá Listasafns Háskóla Íslands, 1980.

Ólafur Gíslason, „Hreina fagra veröld“, Þjóðviljinn 30. mars 1990, 20.

#### Neðanmálsgreinar

1 Anna Sigríður Einarsdóttir, „Söfnunaráráttan er ástríða“, 1999, 6–7.

2 Aðalsteinn Ingólfsson, „Háskólinn eignast listasafn“, 1980, 16.

3 Guðmundur Magnússon, „Ávarpsorð“, 1980.

4 Sama heimild.

5 Stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands, 2. gr., 1980.

6 Ólafur Gíslason, „Hreina fagra veröld“, 1990, 20.

7 Stofnskrá Styrktarsjóðs Listasafns Háskóla Íslands, 5. gr., 1999.



# Listasafn Fjallabyggðar

Anita Elefsen og Örlygur Kristfinnsson

Áratugum saman hefur allstórt safn listaverka verið varðveitt norður á Siglufirði. Safnið hefur því miður aldrei náð faglegri fótfestu þrátt fyrir stór áform í upphafi. Tilurð safnsins má rekja til þess að hjónin Arngrímur Ingimundarson og Bergþóra Jóelsdóttir tilkynntu bæjarstjórn Siglufjarðar snemma árs 1979 ákvörðun sína um að gefa sveitarfélaginu eigið listaverkasafn.<sup>1</sup> Arngrímur átti rætur sínar að rekja til Hafnar í Fljótum en Bergþóra var fædd í Reykjavík. Þau hjónin áttu og ráku barnavöruverslunina Vörðuna í Reykjavík. Rausnarleg gjöf þeirra Arngríms og Bergþóru var eins konar þakklætisvottur til samfélagsins sem hafði reynt foreldrum hans svo vel þegar þau fluttust með ung börn sín til Siglufjarðar frá Fljótum, er faðir hans missti heilsu.<sup>2</sup> Safn hjónanna var talið „eitt merkasta málverkasafn í einkaeigu“ og „að líkindum eitt stærsta málverkasafn utan Reykjavíkur.“<sup>3</sup> Við hátíðlega athöfn þann 16. júní 1980, á 100. afmælisdegi móður Arngríms, var safnið afhent formlega með umfangsmikilli sýningu á öllum verkunum þar sem ræður voru haldnar og fjöldi bæjarbúa var viðstaddur.

## Safnkosturinn

Listaverkagjöfin telur hundrað tuttugu og fjögur verk eftir sextíu og níu listamenn, bæði íslenska og erlenda. Segja má að safnið spanni gróskumikið skeið íslenskrar myndlistarsögu frá 1930-1979 og er það í senn vandað og fjölbreytt. Í þakkarávarpi bæjarstjórnar Siglufjarðar kom fram að í safninu megi „greina þverskurð íslenskrar myndlistar síðustu áratugi“ og í ávarpinu sagði jafnframt: „fjölmargar myndanna má tvímælalaust telja þær bestu, sem einstakir listamenn hafa málað. Smekkvísi og næmt listauga þeirra hjóna, samfara ræktunarsemi við efnilega listamenn er ótvírætt einkenni safnsins.“<sup>4</sup> Flest eru verkin málaðar myndir og grafík. Aðeins eitt verk er án ferhyrnds ramma en það er skúlptúr eftir Inga Hrafn. Sem dæmi um fjölbreytni safnkostsins má nefna að þar eru nokkur verk eftir Erró og Salvador Dali og tvö stór og glæsileg málverk eftir Jóhannes Kjarval. Þá á óhlutbundna listin



Arngrímur Ingimundarson og Bergþóra Jóelsdóttir á heimili sínu, umvafin listaverkum. Mynd: Listasafn Fjallabyggðar

sína meistara í safninu, Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason, Karl Kvaran, Guðmundu Andrésdóttur og Kristján Davíðsson. Yngri abstraktmálarar með nýja hugsun: Magnús Kjartansson og Sigurður Örlygsson. Endurnýjun fígúratíva málverksins var hafin á áttunda áratugnum og þar eru meðal annarra Tryggvi Ólafsson, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Gunnar Örn og Jón Reykdal. Svona mætti áfram telja.

### **Stór áform**

Í ávarpi bæjarstjórnar Siglufjarðar í vandaðri sýningarskrá sem prentuð var við móttöku listaverkagjafarinnar segir: „Siglfrðingum er sannarlega mikill fengur að þessari gjöf, hún mun verða menningarlífi bæjarins mikil lyfti-



stöng, og vísir að Listasafni Siglufjarðar.“<sup>5</sup> Hér má greina mikinn metnað og orðið „vísir“ bendir til að menn hafi séð fyrir sér að þessi hundrað tuttugu og fjögur verk yrðu upphaf að einhverju meira og stærra.

Þegar hin fyrirhugaða gjöf var kynnt bæjarstjórnendum snemma árs 1979 gerðu þeir sér grein fyrir þeim vanda sem þessari dýrmætu gjöf sannarlega fylgdi; búa yrði vel að safninu, áframhaldandi söfnun færi fram og að þessu myndi óhjákvæmilegur fylgja umtalsverður kostnaður fyrir lítið bæjarfélag. „En það kom aldrei annað til greina en að þiggja þetta rausnarlega boð og gangast undir þá ábyrgð sem því fylgdi“ – sagði Gunnar Rafn Sigurbjörnsson þáverandi formaður bæjarráðs í samtali í nóvember 2017.<sup>6</sup>

## Veruleikinn

Raunin varð önnur en menn vildu eða sáu fyrir sér í hrifningu og „rómantík“ hátíðarstundarinnar. Í hinum hversdagslega erli dagsins vék listin fyrir brýnni þörf fyrir endursköpun flestra samfélagsþátta eftir algjört hrun atvinnulífsins í bænum tíu til fimmtán árum fyrr. Nokkuð var þó unnið í þágu listasafnsins í umsjá forstöðumanns Bókasafns Siglufjarðar sem hefur lengst af haft umsjón með safninu. Gengist var í það að útbúa eldtraustan klefa með rekkum þar sem verkunum var raðað inn og einnig fór fram skráning þeirra svo þau væru þekktanleg þeim sem um safnið fóru höndum. Við framkvæmdir á Ráðhúsi Siglufjarðar eftir 1980 var þess gætt að fundarsalur bæjarstjórnar hæfði einnig til sýningahalds. Og eftir það voru af og til settar þar upp sýningar á hluta verkanna við sérstök tækifæri, svo sem á afmörkuðum hátíðum og einnig á svokölluðum sumarsýningum. Þá var opinberum stofnunum á Siglufirði gefinn kostur á að fá verk að láni til að prýða húsakynni sín, má í því sambandi nefna grunnskólann, skattstofuna og sjúkrahúsið.

Heimild er fyrir því að gefendur listasafnsins, hjónin Arngrímur og Bergþóra, hafi verið svo ánægð með móttökurnar á Siglufirði og andann kringum afhendingu listasafnsins árið 1980 að þau hafi haldið áfram skipulögðum listaverkakaupum í því augnamiði að senda síðar norður sem nauðsynlega viðbót við safnkostinn. Jafnframt segir sama heimild að Arngrímur hafi fylgst með hvernig mál þróuðust næstu árin kringum safnið nyrðra, það hafi valdið vonbrigðum og hann ekki séð að ástæða væri til að bæta nokkru við og auka þannig vandann.<sup>7</sup>

# ÁVARP

## FRÁ BÆJARSTJÓRN SIGLUFJARÐAR

Listaverkasafn þetta, sem þau heiðurshjón Arngrímur Ingimundarsson, kaupmaður, og kona hans, Bergþóra Jóelsdóttir, færa nú Siglfirðingum að gjöf, er ekki einasta sérlega mikið að vöxtum, heldur afburða gott safn. Í því má greina þverskurð íslenzkrar myndlistar síðustu áratugi, hræringar og stefnur, sem markað hafa spor sín á íslenska listamenn. Fjölbreytni er þar ráðandi, bæði í myndefni og vali á listamönnum. Fjölmargar myndanna má tvímæla laust telja þær beztu, sem einstakir listamenn hafa málað. Smekkvísi og næmt listauga þeirra hjóna, samfara ræktunarsemi við efnilega listamenn, er ótvírætt einkenni safnsins. Siglfirðingum er sannarlega mikill fengur að þessari gjöf, hún mun verða menningarlífi bæjarins mikil lyftistöng, og vísir að Listasafni Siglufjarðar.

Það er vissulega ánægjulegt, að burtfluttur Siglfirðingur skuli bera svo hlýjan hug til heimabyggðar og sýna henni svo ótvíræðan sóma. Það minnr okkur á, að böndin við Siglufjörð verða seint rofin. Enn ánægjulegri er þó sú tilhugsun, að mega njóta þeirra verka sem hér eru, hverfa úr erli dagsins á vit sköpunarinnar og skoða raunveruleikann í nýju ljósi, þar sem nýir heimar opnast, fullir af ævintýrum, dulúð og rómantík. Túlkun listamannsins er oft ráðgáta, hugmyndirnar virðast slíta sig úr viðjum raunveruleikans og hverfa á vald ótakmarkaðs hugmyndaflugs, þar sem litir og form taka á sig órofa heild.

Bæjarstjórn Siglufjarðar vill með ávarpi þessu þakka af heilum hug ómetanlega og höfðinglega gjöf hjónanna Arngríms Ingimundarsonar og Bergþóru Jóelsdóttur og færir þeim kveðjur Siglfirðinga og óskir um velfarnað á ókomnum árum.

Jóhann G. Møller      Ingimundur Einarsson  
Jon Dýggjafjörð      Viggís Þór Árnason  
Þórunn Þórunnsson      Þórunn Þórunnsson  
Guðrun Ragn Þórunnsson      Þórunn Þórunnsson  
Halbeinn Þórunnsson      Þórunn Þórunnsson



Myndin Páfinn og stúlkan eftir Erró. Er úr myndaröðinni Páfalist. Mynd: Listasafn Fjallabyggðar.

## Viðbætur

Hverju safni sem stendur undir nafni er söfnunarstefna nauðsynleg til afmörkunar og skipulagningar á faglegu starfi. Ekki er kunnugt að nokkur stefna hafi verið mörkuð um hvernig haldið yrði áfram að safna verkum í Listasafn Siglufjarðar. Þótt ef til vill hafi ekki verið farið illa af stað þegar bæjarstjórn fékk Örlög Sigurðsson listmálara til að mála portrettmynd af Arngrími og Bergþóru- þá er ekki vitað af annarri samþykkt um frekari listaverkakaup þar á bæ né í stjórn Bókasafnsins. Næstu ár og áratugi virðast kaup á listaverkum hafa verið í höndum bæjarstjóra hverju sinni og verið háð sjaldgæfum einkasýningum sem fram fóru í Ráðhúsi bæjarins. Því virðist að tilviljun hafi ráðið kaupum og áframhaldandi söfnun í stað metnaðar og listrænnar innsýnar sem áður hafði ráðið vali.

## Tíminn líður

Að átján árum liðnum, árið 1998, hafði safninu ekki verið fundið varanlegt húsnæði eða safnkostinum verið miðlað á þann hátt að almenningur gæti notið hans nema endrum og sinnum. Bragi Ásgeirsson, listrýnir Morgunblaðsins, fjallaði um safnið um mitt ár 1998 og benti hann á að þrátt fyrir að safnið væri margþætt mætti augljóslega skynja einstakt litaskyn hjónanna, þegar horft væri yfir safneignina.<sup>8</sup> Lítið gerðist næsta áratuginn, en segja má að fyrst hafi eitthvað markvert borið til tíðinda eftir sameiningu Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðar, þegar til varð sveitarfélagið Fjallabyggð árið 2006. Karítas Skarphéðinsdóttir Neff, fræðslu- og menningarfulltrúi hins nýja sveitarfélags lagði mikla vinnu í að vekja athygli sveitarstjórnarmanna sem og annarra á þeim miklu verðmætum og möguleikum sem liggja í listaverkasafninu. Úr varð að snemma árs 2009 var gerð tilraun til að blása lífi í gamlar hugmyndir um rekstur Listaverkasafns. Í febrúar var sett upp sýning úrvalsverka úr safninu, blásið var til opunarhátíðar á Listasafni Fjallabyggðar og listfræðingurinn Sigríður Gunnarsdóttir var ráðin tímabundið til þess að koma safneigninni í betra horf og skipuleggja starfsemi safnsins til framtíðar. Á sama tíma, nánar tiltekið í maí 2009 var samþykkt ný menningarstefna fyrir sveitarfélagið Fjallabyggð. Þar eru enn og aftur sýnileg háleit markmið um framtíð listasafnsins. Sem dæmi má nefna að í stefnunni segir að áhersla verði lögð á „fagmennsku og skapandi, lifandi listastarfsemi“ meðal annars með því að koma á fót listasafni í góðu húsnæði og stuðla að listauppeldi ungs fólks.<sup>9</sup> Nokkuð var um sýningar á vegum Listasafns Fjallabyggðar á árunum 2009-2012, þar sem ýmist voru sýnd verk úr safneign eða settar upp sýningar á verkum annarra listamanna. Á sama tímabili var í fyrsta sinn frá stofnun safnsins horft til faglegrar umhirðu og varðveislu á verkum. Árið 2009 framvæmdi deildarstjóri forvörsludeildar Listasafns Íslands, Ólafur Ingi Jónsson, ástandsmat á öllum verkum í Listasafni Fjallabyggðar. Í skýrslu hans kemur fram að almennt sé ástand safneignarinnar gott, þrátt fyrir að allmörg verk hafi lengi verið í útláni hjá stofnunum innan sveitarfélagsins. Þá segir að safnið hafi engan fastan sýningarsal og verkin séu varðveitt í lítilli og þröngri geymslu. Jafnframt má skynja að nokkur óreiða hafi verið á útláni verka úr safninu, en öll verkin voru innkölluð til ástandsskoðunar og ljósmyndunar og í kjölfarið ákveðið að „fresta í bili útláni til stofnana þar til reglur um

umgengni og útlán verkana liggur fyrir“.<sup>10</sup> Í kjölfar skýrslugerðarinnar, eða árið 2013, hlaut Listasafn Fjallabyggðar einnar milljón króna fjárstyrk frá Menningarsjóði Eyþings til viðgerða á safneign og voru í kjölfarið nokkur verk send til Listasafns Íslands til lagfæringa.

## Lífsmark

Að vissu leyti má segja að samstarf Listasafns Fjallabyggðar við Listasafn Íslands hvað snertir mat á safnkostinum og viðgerðir á verkum hafi í senn verið upphaf og endir þeirra faglegu starfa sem grunnur hafði verið lagður að árið 2009 með aðkomu Karítasar Neff. Engin sýning hefur verið sett upp frá því að viðgerðirnar fóru fram, en verkin hafa verið skráð og ljósmynduð að hluta. Þau markmið sem sett eru fram í gildandi menningarstefnu sveitarfélagsins hafa því miður ekki orðið að veruleika þrátt fyrir að fjárhagsstaða hins sameinaða sveitarfélags hafi verið með besta móti hin síðari ár. Listasafn Fjallabyggðar á aðild að menningarsögulega gagnagrunninum Sarpi, en þar eru þó engar upplýsingar um safnkostinn aðgengilegar almenningi. Lágmarksupplýsingum um verkin er miðlað á vefsíðu safnsins þar sem finna má ljósmyndir af einstaka verkum og skrá yfir þá listamenn sem eiga verk í safneigninni, þeirri sömu og deildarstjóri forvörsludeildar Listasafns Íslands sagði „einstaka fyrir það hvað hún er heilsteyppt og umfangsmikil í íslensku listasafni og til langrar framtíðar.“<sup>11</sup> Hann sagði hana jafnframt bjóða upp á mikla möguleika í sýningarhaldi – en þeir möguleikar hafa verið stórlega vannýttir fram til þessa.

## Kyrrstaða

Sýnt er að Siglfirðingar höfðu uppi stórar hugmyndir og metnaðarfull áform um framtíð listasafnsins þegar afhending þess fór fram. Í bæjarblaðinu Einherja sagði: „Þessi stórhöfðinglega gjöf mun hafa ómetanlega þýðingu fyrir bæjarbúa á komandi tímum [...] Hér mun því rísa eitt stærsta og merkasta listasafn utan höfuðborgarsvæðisins.“<sup>12</sup> Eins og komið hefur fram hefur safnið lítið vaxið á undanförunum þremur áratugum eða verið komið í faglegan farveg eða rekstur. Safnið hefur aldrei haft fastráðinn starfsmann, söfnunarstefna hefur aldrei verið sett, sýningar hafa verið óreglulegar og val





Verkið Álfaborg eftir Mattheu Jónsdóttur. Mynd: Listasafn Fjallabyggðar.

Þeirra verka sem bæst hafa við safnið hefur verið heldur handahófskennt. Hluti verka úr safninu hefur prýtt veggj stofnana í sveitarfélaginu eins og fram hefur komið auk þess sem stopular sýningar hafa verið settar upp í sýningar-sal Ráðhússins á Siglufirði. Óhætt er því að fullyrða að miðlun safnsins hafi frá upphafi verið fremur takmörkuð og undanfarin ár hafa flest verkin verið lokuð inni í geymslu og enginn aðgangur almennings verið að safninu.

## Hvernig?

Hvernig getur listasafn í litlu sveitarfélagi verið lifandi og virkt? Var það nokkurn tíma raunhæfur möguleiki að listaverkagjöfn frá 1980 yrði vísir að öðru og meira? Ef það var óraunhæft þá má líklegast telja að möguleikarnir hafi ekki aukist við þriðjungs fækkun íbúa Siglufjarðar fram til ársins 2017. Að vísu óx aftur heildaríbúafjöldinn við stofnun sveitarfélagsins Fjallabyggðar en rétt eins og áður þurfa bæjarstjórnendur að horfa í hvern eyri við daglegar úrlausnir endalausra viðfangsefna sem snerta grunnþarfir íbúanna. Og ennfremur má setja inn í menningarlega reikningsdæmið að sífellt er gerður samanburður milli bæjanna tveggja sem mynda sveitarfélagið þegar ráðist er í nýjar framkvæmdir.

Ef litið er til stærra sveitarfélags á Norðurlandi, Akureyrar, þá má sannarlega tala um blómlegt menningarlíf á sviði hinna margvíslegustu listgreina. Þar rekur sveitarfélagið Listasafn Akureyrar. Hægt er gefa sér að það sé fátækara að safneign en Listasafn Fjallabyggðar en hefur starfað af þeim mun meiri þrótti í mörg ár. Þar eru nokkrir fastráðnir starfsmenn og er virkinn fólgin í fjölbreytilegu sýningarhaldi sem tíðum hefur teygt sig vítt um land og raunar langt út fyrir landsteinana í leit að viðfangsefnum. Samanburður þarna á milli þar sem um er að ræða tíu sinnum fleiri íbúa og margfalt meiri ráðstöfunartekjur er vissulega út í hött.

En spyrja má: hvernig gæti draumsýnin um listasafn verið í samfélagi þar sem menningarlegur áhugi íbúanna er til staðar og samheldni ríkir? Gott dæmi er sveitarfélagið Uddevalla í Svíþjóð sem annar höfundur þessarar samantektar hefur heimsótt. Þar búa rúmlega 30 þúsund íbúar. Miðsvæðis er rekin menningarmiðstöð þar sem saman er komið í einni byggingu funda- og tónleikasölum, bókasafni, myndlistarsafni og minjasafni á þann hátt að sýningar skarast og mörkin milli viðfangsefna verða óljós rétt eins og í lífnu sjálfu. Lítið veitingahús er opið og safnverslun rekin af metnaði. Þangað sækja íbúarnir skemmtun og fræðslu, taka þátt í viðburðum og kynnast samfélagi sínu í nútíð og fortíð. Og loks gefst ferðamönnum kostur á að heimsækja staðinn og skyggjast inn í þetta ágæta samfélag.



## Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um Listasafn Fjallabyggðar, sögu þess og hver ástæðan kann að vera fyrir þeim doða sem löngum hefur einkennt safnstarfið og munaðarleysi þess þrátt fyrir háleit markmið sveitarstjórnarmanna í gegnum tíðina. En aðra ástæðu mætti ef til vill nefna, en það er hve „hin hátíðlega myndlist“ er í raun fjarlæggt fyrirbæri og hve almennt áhugaleysi ríkir í þeim efnunum í íslensku samfélagi. Í ávarpi bæjarstjórnar við móttöku listaverka-gjafarinnar 1980 var þetta sagt: „að mega njóta þeirra verka sem hér eru, hverfa úr erli dagsins á vit sköpunarinnar og skoða raunveruleikann í nýju ljósi, þar sem heimar opnast, fullir af ævintýrum, dulúð og rómantik. Túlkun listamannsins er oft ráðgáta, hugmyndirnar virðast slíta sig úr viðjum raunveruleikans og hverfa á vald ótakmarkaðs hugmyndaflugs, þar sem litir og form taka á sig órofa heild.“<sup>13</sup> Dæmigerð orð ráðamanna á hátíðarstundu sem sennilega eiga að bera vott um skilning og virðingu en fela ef til vill í sér andhverfu sína að einhverju leyti.

Niðurstaðan af þessari umfjöllun gæti eflaust verið sú að menning og listir byggjast á tvennu: vilja fólks til athafna og fjármunum sem til ráðstöfunar eru. En hér er kannski rétt að hinkra ögn. Menningarlíf er ekki aðeins háð opinberu frumkvæði og skipulagi. Menningarstig staða eins og Fjallabyggðar byggist ekki síður á lifandi virkni íbúanna sjálfra en því sem að þeim er rétt að ofan. Þar er jákvæðni og framtakssemi einstaklinga mjög sýnileg, nefna má söfn og sýningar, gallerí og listasmiðjur. Að lokum: fullyrða má að margt þrýði Fjallabyggðarsamfélagið í menningarlegu tilliti – annað en lifandi og virkt listasafn.

#### Óprentaðar heimildir

Örlygur Kristfinnsson. Viðtal við Anitu Elefsen, 2. nóvember 2017.

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson. Viðtal við Örlyg Kristfinnsson, 7. nóvember 2017.

Kostnaðaráætlun vegna forvörslu listaverka í eigu Listasafns Fjallabyggðar. Listasafn Íslands, 2010.

Menningarstefna Fjallabyggðar. Samþykkt á 38. fundi bæjarstjórnar 19. maí 2009. Skjalasafn Fjallabyggðar.

#### Prentaðar heimildir

Bragi Ásgeirsson, „List og síld á Siglufirði“, Morgunblaðið, 22. júlí 1998, 18-19.

„Siglufjarðarkaupstað gefið listaverkasafn“, Morgunblaðið, 20. júní 1980, 14.

„Siglufjörður fær einstæða gjöf: 100 listaverk eftir 60 þekktu listamenn“, Tíminn, 1. mars 1979, 5.

„Stórfengleg gjöf til Siglufjarðarkaupstaðar“, Einherji, 27. febrúar 1979, 4.

„Stór menningarviðburður í Siglufirði“, Einherji, 25. júní 1980, 8.

Sýningarskrá. Listaverkagjöf Arngríms Ingimundarsonar, kaupmanns, og konu hans, Bergþóru Jóelsdóttur til Siglufjarðarkaupstaðar 16.6 1980. Listasafn Fjallabyggðar, 1980.

#### Neðanmálsgreinar

1 „Siglufjörður fær einstæða gjöf: 100 listaverk eftir 60 þekktu listamenn“, 1979, 5.

2 „Siglufjarðarkaupstað gefið listaverkasafn“, 1980, 14.

3 „Stór menningarviðburður í Siglufirði“, 1980, 8.

4 „Siglufjarðarkaupstað gefið listaverkasafn“, 1980, 14.

5 Sýningarskrá. Listaverkagjöf Arngríms Ingimundarsonar, kaupmanns, og konu hans, Bergþóru Jóelsdóttur til Siglufjarðarkaupstaðar 16. júní 1980.

6 Gunnar Rafn Sigurbjörnsson. Viðtal við annan höfund, 2017.

7 Örlygur Kristfinnsson. Viðtal við annan höfund, 2017.

8 Bragi Ásgeirsson, „List og síld á Siglufirði“, 1998, 18-19.

9 Menningarstefna Fjallabyggðar.

10 Kostnaðaráætlun vegna forvörslu listaverka í eigu Listasafns Fjallabyggðar, 2010.

11 Sama heimild.

12 „Stórfengleg gjöf til Siglufjarðarkaupstaðar“, 1979, 4.

13 Sýningarskrá. Listaverkagjöf Arngríms Ingimundarsonar, kaupmanns, og konu hans, Bergþóru Jóelsdóttur til Siglufjarðarkaupstaðar 16.6 1980.



# Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Aðalsteinn Ingólfsson

Um haustið 1945, þegar Sigurjón Ólafsson, myndhöggvari, sneri heim til Íslands eftir tæplega sautján ára dvöl í Danmörku, reyndist honum allt annað en auðvelt að fá inni fyrir fjölskyldu sína og höggmyndir í Reykjavík. Bæði var húsnæðisekla í borginni og Sigurjón efnalítill. Á sjávarkambi á Laugarnesinu hafði listamaðurinn loks uppi á bragga með viðbyggingu sem hann taldi sig geta notað. Bandaríski herinn hafði notað braggann sem lyfjabúð, en viðbygginguna sem lyfjageymslu. Var hvort tveggja með rafmagni og vatnsinntaki, en hins vegar hvorki með skólplögn og vatnssalerni.

Byggingarnar sem Sigurjón hafði augastað á voru að mestu einangraðar með lauspressuðum spónaplötum og pappa, eins og algengt var með byggingar hernámliðsins. Sjálfur bragginn var 80 fermetrar, þar var hátt til lofts og ágætt rými fyrir tvo myndhöggvara, það er Sigurjón og fyrri konu hans, Tove Ólafsson myndhöggvara, að vinna sér til hita. Og það þurftu íbúar sannarlega að gera, því þótt gólfíð væri steipt var það óeinangrað og kalt undir fótum. Þarna unnu þau, Sigurjón og Tove, í sameiningu fram yfir 1950. Viðbyggingin var úr hleðslusteini, 30 fermetrar að stærð, hituð upp með olíu. Þar kom Sigurjón sér fyrir ásamt fjölskyldu sinni. Sigurjón og Tove skildu árið 1955.

Við þessar aðstæður bjó myndhöggvarinn allt frá 1945 til 1961. Um 1959-60 greindist hann með smitandi berkla og var þá gert að dvelja í takmarkaðri einangrun að Reykjalundi um tveggja ára skeið. Meðan Sigurjón dvaldi þar tóku nokkrir góðir vinir hans höndum saman um að reisa honum nýja vinnustofu og íbúðarhúsnæði í stað gömlu bygginganna. Árið 1961 kostaði Ragnar Jónsson í Smára byggingu timburhúss norðan við gamla hleðslusteinhúsið, arkitekt þess var Skarphéðinn Jóhannsson, annar ágætur vinur listamannsins. Í framhaldinu teiknaði Skarphéðinn vinnustofu sem reist var yfir braggann, sem síðan var rifinn innan úr. Var það gert til að sem minnst þyrfti að hrófla við verkum og verkfærum Sigurjóns sem þar stóðu, þar á meðal gifsmyndum og stórum hálfkláruðum Klyfjahesti, sem



Tove Olafsson og Sigurjón Ólafsson fyrir utan vinnustofu og heimili þeirra á Laugarnesinu. Mynd: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.

Reykjavíkurborg hafði pantað 1959. Listamaðurinn tók sjálfur lán fyrir vinnustofunni og tók hana í gagn 1963.

Nýja vinnustofan var að sönnu rúmgóð og björt og eiga margir eflaust góðar minningar um heimsóknir til hins geðþekka og skrafhreifa myndhöggvara, sem átti þar sitt blómaskeið. En henni var var í mörgu ábótavant, meðal annars var gamli gólfkuldinn enn fyrir hendi, því ekki hafði verið hróflað við gamla gólfinu. Auk þess var önnur einangrun vinnustofunnar ófullnægjandi. Að vetrarlagi var oft ómögulegt að ná hitanum upp fyrir 15 gráður. Íslensk veður og vindar léku vinnustofuna einnig grátt. Við andlát Sigurjóns þann 20. desember 1982 lágu mörg listaverka hans undir skemmdum á vinnustofunni vegna leka og kulda.

## Safn verður til

Við lát Sigurjóns var aðstandendum listamannsins, seinni konu hans Birgittu Spur og börnum þeirra, augljóslega vandi á höndum. Á vinnustofu hans og heimili, við þær aðstæður sem hér hefur verið lýst og eldhættu að auki, voru geymd um hundrað og sextíu fullkláruð listaverk úr steini, málmum og trjá-

viðum, en einnig úr viðkvæmari efnum á borð við gifs og leir, að ógleymdu því allra forgengilegasta: teikningum Sigurjóns, minnisblöðum, sendibréfum, ljósmyndum, prentuðum heimildum og verkfærum. Tæpu ári eftir andlát hans hafði forstöðumaður Listasafns Íslands, Selma Jónsdóttir, samband við Birgittu og óskaði eftir að kaupa fimmtíu verk eftir Sigurjón að hennar vali. Þar sem skipti dánarbúsins voru þá ekki til lykta leidd varð ekki af þeim kaupum. Þau hefðu hins vegar ekki leyst nema hluta þess vanda sem blasti við ábúendum að Laugarnestanga 70, því eftir stóðu yfir hundrað frumverk listamannsins í húsnæði sem þarfnáðist mikilla viðgerða og endurnýjunar. Það flækti málið enn frekar að hvort tveggja íbúðarhúsið sem Ragnar í Smára lét gera árið 1961 og vinnustofan frá 1963 voru reist í leyfisleysi – deiliskipulag hafði aldrei verið gert fyrir Laugarnestangann – og voru húsin því strangt til tekið verðlaus. Að sögn Birgittu gáfu óformlegar viðræður við borgar-yfirvöld um framtíð þessara húsa enn fremur ekki tilefni til bjartsýni, því á yfirvöldum var helst að skilja að réttast væri að „ýta þessu út í sjó“, eins og hún komst að orði.

Ötullega studd af ýmsum velunnurum Sigurjóns tók Birgitta á endanum það örlagaríka skref að stofna einkasafnið Listasafn Sigurjóns Ólafssonar (LSÓ) í fyrirbyggjandi byggingum á Laugarnesi. Listasafn Sigurjóns Ólafssonar var stofnað formlega 1. desember 1984. Að sögn Birgittu var efst í hennar huga að halda utan um lífsstarf Sigurjóns og varðveita verk hans í því umhverfi þar sem þau voru sköpuð, og reyna um leið að vernda Laugarnesið. Á þeim tíma voru uppi áform um að gera nesið að iðnaðarsvæði í tengslum við höfnina. Eða eins og Birgitta segir í niðurlagi formála að bók um Sigurjón sem gefin var út árið 1985:

„Sjálfur staðurinn hér – Laugarnes – var ríkur þáttur í lífi Sigurjóns allt frá því hann fluttist aftur til Íslands árið 1945. Ótal mörgum sinnum hafði hann orð á því að Laugarnesið þyrfti að friða, og það væri því algerlega í hans anda að þessu náttúrudjásni yrði leyft að vera hér áfram ósnortnu, að það verði eins og hingað til opið svæði þar sem borgararnir geta áfram notið sólarlagsins, fylgst með ferðum farfuglanna, lóunnar, stelksins, tjaldsins, kríunnar, hrossagauksins og sökkt sér niður í ævintýri gróðurrikisins hér á milli ísaldarjökulsorfinna klettanna. Bæði verk Sigurjóns og umhverfið þar

sem hann vann eru menningarverðmæti sem samtíminn ber ábyrgð á. Afkomendur okkar geta með réttu ásakað okkur ef við leggjum ekki okkar af mörkum til að standa um þau vörð.“<sup>1</sup>

Hugur Birgittu stóð til að hefja almenna safn- og sýningarstarfsemi í Laugarnesinu sem allra fyrst. En áður en af því gat orðið varð að ráðast í umfangsmiklar endurbætur á húsnæðinu. Anddyri var byggt við austurgöfl salarins og þar yfir skrifstofa og geymsla. Gamla steinhúsið var rífið að hluta og reist tveggja hæða bygging í stað þess. Neðri hæðin, sem hýsir eldhúskrók og starfsmannaáðstöðu, var endurbyggð í anda gamla hússins, en á efri hæðinni varð til bjartur sýningarsalur. Á neðri hæðinni, með útsýni yfir hafið, var byggð kaffistofa úr glervirki. Arkitekt nýju safnbyggingarinnar, Ögmundur Skarphéðinsson, kappkostaði frá upphafi að samræma eldra mannvirki og nauðsynlegar viðbyggingar, bæði til að skapa sterka heildarmynd og varðveita eitthvað af sérkennum upprunalegrar byggingar, ekki síst hrynjandi burðarbitanna í salnum. Traustir stoðviðir vinnustofunnar frá 1963 standa því óhaggaðir og marka rými í sýningarsalnum, sem er að flatarmáli eins og vinnustofan var fyrir. Eftir breytingarnar varð heildargólfplatarmál safnsins rúmlega 350 fm, auk íbúðarhúss sem er um 90 fm. Heildarkostnaður við endur- og nýbygginguna nam um 40 milljónum króna á verðlagi þess tíma (1985-88). Á byggingartímabilinu veittu Ríkissjóður og Reykjavíkurborg safninu árlega styrki og nam sá styrkur um þriðjungi byggingarkostnaðarins. Tveir þriðjungar voru sjálfsaflafé, styrkir og tekjur af höfundarrétti Sigurjóns, sem erfingjar gáfu safninu eftir.

Helstu ráðunautar Birgittu við stofnun einkasafnsins, og síðar sjálfseignarstofnunarinnar, voru Bjarni Bjarnason, endurskoðandi, og Ingi R. Helgason, hæstaréttarlögmaður. Einnig naut hún aðstoðar Jóhannesar Guðmundssonar og annarra verkfræðinga á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, og Ögmundar Skarphéðinssonar, arkitekts. Eftir þær breytingar sem hér hafa verið tilgreindar, var vinnustofa Sigurjóns, ásamt hluta af heimili hans, opnuð almenningi þann 21. október 1988, en þann dag hefði listamaðurinn orðið áttæður. Við það tækifæri var opnuð yfirlitssýning á verkum Sigurjóns sem stóð samfellt til loka júlímánaðar 1989. Um leið hófst skrásetning á listaverkum Sigurjóns og öllum gögnum í fórum safnsins.

Við endurbyggingu safnsins varð ljóst að salur þess hentaði ákaflega vel



til ýmiss konar listviðburða eins og tónleika og upplestra, og fyrsta árið voru haldnir þar nokkrir tónleikar. Þar sem tónleikar kröfðust verulegs undirbúnings, ákvað safnið að einbeita sér að tónleikaröðum í stað einstakra tónleika, og frá og með sumrinu 1989 hófust í safninu árlegir Sumartónleikar sem enn eru við lýði. Framan af stóð safnið einnig fyrir tónskáldakynningum í samvinnu við Íslenska tónverkamiðstöð.

## Sjálfsseignarstofnunin

Þann 30. nóvember 1989 var einkasafninu breytt í samnefnda sjálfsseignarstofnun með sérstakan fjárhag. Stofngjöf Birgittu samanstóð af áttatíu höggmyndum Sigurjóns, íbúðarhúsi hennar á Laugarnesi, endurbyggðu safnahúsinu ásamt nýbyggingum. Gjöfinni fylgdu allir innanstokksmunir safns og kaffistofu, þar með talinn Bösendorfer flygill, verkfæri listamannsins, teikningar, ljósmyndir, bréfasafn, sögulegt efni og fleira í þá veru. Síðar bættu Birgitta og börn hennar sextíu og sjö þrívíðum listaverkum eftir Sigurjón við gjöfina. Sem eigandi höfundarréttar að öllum verkum Sigurjóns, skuldbatt Birgitta sig einnig til að heimila nýtingu höfundarréttarins til að gera afsteypur sem nota mætti til að afla stofnuninni tekna. Sjálfsseignarstofnuninni var rituð skipulagsskrá sem Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið staðfesti á stofnunardegi.

Í skipulagsskránni segir eftirfarandi um tilgang og markmið sjálfsseignarstofnunarinnar: „Það eru meginmarkmið þessarar sjálfsseignarstofnunar að varðveita listaverk Sigurjóns Ólafssonar, stuðla að því að almenningur fái notið listar hans og vinna að því að framlag Sigurjóns á sviði myndlistar nýtist til heilbrigðrar þróunar menningarlífs á Íslandi.“ Í skipulagsskránni segir ennfremur að: „Þessum markmiðum sínum hyggst sjálfsseignarstofnunin ná með eftirfarandi hætti:

- a) Að annast um listaverk Sigurjóns, forða þeim frá skemmdum og geyma þau á réttan hátt.
- b) Að standa fyrir sýningum á verkum hans, sérsýningum eða sam-sýningum, í sjálfu listasafninu eða annars staðar.
- c) Að vinna að gerð heildarskrár yfir verkin, taka af þeim ljósmyndir og skrásetja eigendur.
- d) Að auðvelda nemendum, ekki síst í listaskólum, að kynnst list Sigurjóns.

- e) Að standa fyrir útgáfustarfsemi til kynningar á list Sigurjóns.
- f) Að stuðla að fræðilegum rannsóknum á list Sigurjóns og framlagi hans til þróunar myndlistar.
- g) Að tengja starfið í listasafninu öðrum listgreinum eftir því sem við verður komið.
- h) Að hafa uppi öll önnur tiltæk ráð til þess að tilganginum með sjálfseignarstofnuninni verði náð.
- i) Að stuðla að verndun á náttúrulegu umhverfi safnsins og búsetu-landslagi á Laugarnesi.<sup>42</sup>

Samkvæmt skipulagsskránni skyldi stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara, og var sérstaklega tekið fram að Birgitta sæti í stjórninni og skyldi vera formaður hennar meðan hún óskaði þess. Kjörtímabil stjórnarmanna skyldi vera fjögur ár. Safnstjórnin skyldi stýra „daglegum rekstri safnsins, (hafa) allt framkvæmdavald stofnunarinnar á hendi og [ráða] öllum málefnum hennar til lykta með þeim takmörkunum, sem greindar eru í skipulagsskrá þessari.“<sup>43</sup> Í 15. gr. skipulagsskrárinnar segir enn fremur að safnstjórn ráði „forstöðumann safnsins og skulu laun hans og starfskjör miðuð við það sem tíðkast hjá opinberum starfsmönnum, er vinna skyld störf“. Og í 16. gr er bætt við að „ef og meðan Birgitta óskar þess, skal hún ráðin forstöðumaður og gerður um það ráðningarsamningur við hana. Án tillits til þess, hvort hún er forstöðumaður eða ekki, hefur Birgitta rétt til að búa leigulaust í íbúðarhúsinu, sem tengt er við safnið, meðan hún óskar þess.“<sup>44</sup>

Eitt helsta nýnæmi í þessari skipulagsskrá var stofnun sjálfstæðs fulltrúaráðs, en meginhlutverk þess var að skipa tvo fulltrúa í safnstjórn á móti þremur fulltrúum Birgittu, auk þess að vera bakhjarl og eins konar ráðgjafarnefnd fyrir stjórn safnsins. Í 20. gr skipulagsskrárinnar segir svo um hlutverk fulltrúaráðsins að það skuli: „skipað 12 einstaklingum. Í upphafi skipar Birgitta Spur alla 12 einstaklingana, en þegar fram líða stundir endurnýjar fulltrúaráðið sig sjálft, þannig að á aðalfundi eftir eitt ár ganga 3 ráðsmenn úr því eftir stafrófsröð fornafna og skal þá ráðið kjósa menn til 4 ára í þeirra stað. Þetta skal endurtaka sig þrjá aðalfundi. Heimilt er að endurkjósa fulltrúa í ráðið. Að öðru leyti kys fulltrúaráðið eftirmenn þeirra.“ Enn fremur segir í 21. gr.: „Fulltrúaráðinu er fengið það hlutverk með þessari



Fyrsti fundur fulltrúaráðs Listasafns Sigurjóns Ólafssonar árið 1990. Mynd: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.

skipulagsskrá að stjórna sjálfseignarstofnuninni með Birgittu Spur samkvæmt þeim reglum um verkaskiptingu, sem felast í skipulagsskránni.“<sup>5</sup>

Stofnfundur fulltrúaráðsins var haldinn 28. mars 1990 í Laugarnesi og tilnefndi Birgitta þá eftirfarandi tólf aðila til ráðsins: Önnu Einarsdóttur, Björgu Þorsteinsdóttur, Brynju Benediktssdóttur, Erling Jónsson, Gísli Sigurðsson, Hörð Sigurgestsson, Inga R. Helgason (formann), Jóhann Möller, Karólínu Eiríksdóttur, Kristján Guðmundsson, Ólaf Ó. Johnson og Pétur Guðmundsson. Fyrsti aðalfundur sjálfseignarstofnunarinnar var haldinn á sama stað 29. maí 1990, og tilnefndi Birgitta þá Aðalstein Ingólfsson og Hlíf Sigurjónsdóttur í stjórn safnsins, auk sín, og Geirfinn Jónsson til vara, en fulltrúaráðið Önnu Einarsdóttur og Gísli Sigurðsson og Karólínu Eiríksdóttur til vara. Sjálfseignarstofnunin var rekin með þessum hætti allt til 1. júlí 2012, þegar hún var afhent Listasafni Íslands með sérstöku samkomulagi.

## Listaverkaskráning

Frá stofnun safnsins hefur skráning listaverka eftir Sigurjón og allra gagna í fórum þess verið meðal forgangsverkefna þess. Telst því verki nú lokið, þótt reglulega berist nýjar upplýsingar til skráningar. Listaverkaskrá Sigurjóns,

sem tekur til allra listaverka hans, hvort sem þau eru í eigu safnsins eða einkaaðila, var gefin út á prenti sem viðauki við bókina Sigurjón Ólafsson. Ævi og list I og Ævi og list II, sem komu út 1998 og 1999.

Tæpum áratug síðar, árið 2007, var uppfærð útgáfa skrárinnar færð á Netið og er nú öllum aðgengileg. Síðar var dönsku og ensku viðmóti bætt við netskrána. Telst þetta fyrsta og eina heildarskrá verka eftir íslenskan listamann sem er með ljósmyndum, og er öllum aðgengileg á Netinu.

## Söfnunarstefna

Samkvæmt skipulagsskrá Listasafns Sigurjóns Ólafssonar er meginmarkmið safnsins „að varðveita listaverk Sigurjóns Ólafssonar [og] stuðla að því að almenningur fái notið listar hans.“<sup>6</sup> Stefna safnsins er því ekki að eignast listaverk Sigurjóns sem eru þegar í öruggum höndum. Sé listaverki hins vegar talin hætta búin, reynir safnið að koma því í öruggt skjól, mögulega með kaupum. Þá getur safnið keypt listaverk Sigurjóns ef tekjur af sölu afsteypa réttlæta kaupin. Safnið þiggur með þökkum listaverk eftir Sigurjón sem standa því til boða án endurgjalds. Listasafn Sigurjóns leggur hins vegar allt kapp á að safna og skrá öll gögn um Sigurjón og verk hans, þar á meðal sendibréf, sýningarstefnur, blaðaúrklippur og aðrar ritaðar heimildir, umfjallanir ljósvakamiðla eftir því sem kostur er og ljósmyndir. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að eignast prenthæfar stafrænar ljósmyndir af sem flestum listaverka Sigurjóns. Einnig verður að telja hluta af starfs- og sýningarstefnu safnsins að gera verk Sigurjóns eins sýnileg og mögulegt er á svæðinu umhverfis safnið. Nokkur verk voru þar fyrir og settu mikinn svip á umhverfið, en til viðbótar voru tvö verk listamannsins, Mýkt og Lágmynd, settar upp á til þess gerðan vegg á lóð safnsins, auk þess sem lóðin var lögð og gangstéttir yljáðar.

## Sýningarstarfsemi

Samkvæmt starfsstefnu, sem kynnt var formlega árið 2009, hefur safnið frá upphafi haft að markmiði að setja upp nýja sýningu á verkum Sigurjóns á hverju ári, og hefur hver sýning haft skilgreint inntak. Kennslufni fyrir skólabörn hefur fylgt hverri sýningu og hefur það verið kynnt myndmennta-

kennurum jafnóðum. Safnstjóri, eða aðrir starfsmenn safnsins, hafa ætíð tekið á móti skólahópum án sérstakrar greiðslu. Ennfremur hefur safnið stefnt að því að halda eina gestasýningu á ári í safninu eða umhverfis það, eða setja upp sýningu á verkum Sigurjóns í öðru safni.

Á vordögum 2016 taldist safnstjórn til að alls hafi verið haldnar fimmtíu og sjö sérsýningar í safninu og hafi það haft frumkvæði að öllum þeirra, utan tveimur. Þar af teljast fjórar stórar farandsýningar sem sýndar voru sem heild í erlendum söfnum og þrettán gestasýningar, þar sem gestalistamaður, eða fulltrúi hans, sá um uppsetningu verka sinna. Þá hefur safnið sett á laggirnar sex sýningar eingöngu til uppsetningar annars staðar.

Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir sýningar safnsins á tímabilinu 1989-2016. Sýningarstjórn var í höndum Birgittu Spur, nema annars sé getið.

Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns Ólafssonar í tilefni af opnun safnsins. (1988-89)

Hundadagar'89: Andlitsmyndir Kristjáns Davíðssonar, í samvinnu við Tónlistarfélag Kristskirkju og Alþýðuleikhúsið. (1989).

Málmverk og aðföng: Málmverk sem Sigurjón vann að Reykjalundi 1960-62 og gjafir sem safninu höfðu borist. (1989-90).

Andlitsmyndir Sigurjóns: Fyrsta sérsýning á portrettum Sigurjóns. (1990-91).

Sigurjón Ólafsson – Danmark Island: Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns sem LSÓ stóð fyrir. Sýnd í Kastrupgaard safninu í Kaupmannahöfn, Vejle Kunstmuseum og Silkeborg Kunstmuseum. (1991-92).

Æskuverk Sigurjóns: Sýning í tengslum við Fjölskyldudaga á Laugarnesi. Sýningin einnig sett upp á Eyrarbakka um haustið. (1992).

Vetrarsýning: Höggmyndir úr fórum safnsins (1992-93).

Myndir í fjall, um tilurð listaverka Sigurjóns Ólafssonar við Búrfellsvirkjun, 1966-69: Sýning á vinnuskissum, verkfærum og nokkrum verkum Sigurjóns sem tengjast Búrfellsmyndunum. (1993).

HUGMYND – HÖGGMYND, úr vinnustofu Sigurjóns Ólafssonar: Ferli



Frá sýningu safnsins í einum af söllum þess. Mynd: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.

listaverka frá hugmynd til fullbúinna mynda. Sýningin var sérstaklega ætluð skólafólki. (1993-94)

Íslandsmerki og súlur Sigurjóns: Sýning um Íslandsmerki listamannsins á Hagatorgi. (1994-95).

Frá prímítívisma til póstmóðernisma: Höggmyndasýning í samvinnu við Hafnarborg, Hafnarfirði, sem var liður í norrænu menningarhátíðinni Sólstafr. Sýnd verk eftir Bror Hjorth, Sigurjón Ólafsson, Mauno Hartmann, Björn Nørgaard og Gunnar Torvund. Sýning bæði í LSÓ og Hafnarfirði. (1995-96).

Þessir kollóttu steinar: Sýning á andlitsmyndum Sigurjóns, í tengslum við samnefnt myndband sem safnið hafði látið gera. (1995-96).

Einu sinni var: Klippimyndir eftir dönsku listakonuna Gunhild Skovmand. (1995).

Textíilverk: Textíilverk norsku listakonunnar Grete Borgersrud. (1995).

Valdar portrettmyndir: Portrettmyndir Sigurjóns sýndar með málverkum sem

Ásgrímur Jónsson, Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson og Kristján Davíðsson höfðu gert af sama fólki. (1996).

Vættatal: Samsýning á verkum Sigurjóns Ólafssonar og Páls á Húsafelli. Páll fékk frjálsar hendur um val á verkum Sigurjóns og vann hluta verka sinna gagnert fyrir sýninguna. (1996).

Vetrarsýning: Höggmyndir Sigurjóns Ólafssonar, sérstaklega valdar með tilliti til skólaheimsókna. (1996-97).

Gróandi: Verk eftir Sigurjón sem bæði í formi og nafngiftum tengjast náttúru og gróðri. (1997).

Svífandi form: tuttugu og fimm listaverk eftir Sigurjón Ólafsson frá 1937-1981. Leitast var við að tefla saman myndum þar sem léttleikinn ríkir og hin þrívíðu form virðast ögra sjálfu þyngdarlögmálinu. (1997-98).

Úr málm: Gestasýning þar sem Örn Þorsteinsson sýndi fimmtíu skúlptúra úr málm. (1998)

Sumarsýning, úrval verka Sigurjóns Ólafssonar: Samhliða málverka-sýningunum Nína Tryggvadóttir og síðar Vínafundur. (1998).

Nína Tryggvadóttir: tuttugu og eitt abstraktmálverk listakonunnar frá 1960-67, úr eigu dóttur listakonunnar, sýnd með skúlptúrum Sigurjóns. (1998).

Vínafundur: Málverk eftir vini Sigurjóns, Guðmundu Andrésdóttur, Kristján Davíðsson, Þorvald Skúlason og Jóhannes Jóhannesson, sýnd með skúlptúrum Sigurjóns. (1998)

Sigurjón Ólafsson, ævi og list. Yfirlitssýning: Yfirlitssýning í LSÓ og Hafnarborg í tilefni af útkomu fyrra bindis af ritinu: Sigurjón Ólafsson, ævi og list. (1998-99).

Sýning í Listasetrinu Kirkjuhvoli á Akranesi: fjórtán verk eftir Sigurjón valin með tilliti til sýningarrýmisins. (1999).

Spor í sandinn /Tracks in sand: Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns Ólafssonar. (1999-2000)

Valin verk eftir Sigurjón Ólafsson: tuttug og átta höggmyndir og tíu ljósmyndir af verkum. Einnig veggspjaldasýning um sögu Laugarness í tengslum



við námskeið fyrir börn. (2000).

Hærra til þín/Passionstones. Trúarleg minni í norrænni myndlist: Samsýning með verkum Ásmundar Sveinssonar, Sigurjóns Ólafssonar, Samuels Joensen-Mikines, Hannah Ryggen, Jakobs Weidemann, Oliviu Holm-Møller, J.A. Jerichau, Roberts Jakobsen og Svends Wiig-Hansen. Hluti sýningarinnar var í Ásmundarsafni. Eftir það var hún sýnd í Þórshöfn í Færeyjum, Sopianholm-Lyngby í Kaupmannahöfn, Museet paa Sønderborg Slot og Museet for Religiøs Kunst í Lemvig á Jótlandi. Í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur. (2000-01).

Hefð og nýsköpun: Höggmyndir Sigurjóns frá árunum 1930-60, afstraktverk og andlitsmyndir. (2001).

Speglanir: Gestasýning, nýjar bronsmyndir Helga Gíslasonar. (2001).

Kynlegir kvistir: Tímamótaverk eftir Sigurjón frá ýmsum skeiðum ásamt verkum þar sem listamaðurinn gefur ímyndunaraflinu lausan tauminn. (2001-02).

Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns í Listasafninu á Akureyri: Samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri og LSÓ. (2002).

Konan – Maddama, kerling, fröken, frú: Ellefu ljóðskáld völdu konumyndir eftir Sigurjón og sömdu um þær ljóð eða prósa. Upplestur og útgáfa með upplestri á geisladiski. Þátttakendur: Elísabet Jökulsdóttir, Fríða Á. Sigurðardóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Linda Vilhjálmisdóttir, Margrét Lóa Jónsdóttir, Sigurbjörg Þrastardóttir, Vigdís Grímsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þórunn Valdimarsdóttir. (2002)

Hin hreinu form: Höggmyndir Sigurjóns frá 45 ára tímabili, með megináherslu á úrvinnslu listamannsins á stórum, hreinum formum. (2002).

Andlitsmyndir og afstraksjónir: Sýning á þrettán portrettum og jafn mörgum afstraktverkum eftir Sigurjón. (2002-03).

Sterling Stuff: Höggmyndir úr silfri frá Englandi. Sýning á smáskúlpúrum eftir 51 listamann, þar af tvo íslenska, Pétur Bjarnason og Jóhönnu Þórðardóttur, frá bresku bronssteypunni Pangolin Editions. Á sýningunni var einnig ný

silfurafsteypa á Hávaðatrölli Sigurjóns, sem steipt var hjá Pangolin. (2003).

Andlitsmyndir og afstraksjónir: Framhald fyrri sýningar. (2003).

Meistarar formsins: Úr höggmyndasögu 20.aldar. Valin verk eftir helstu meistara nútíma höggmyndalistar, fengin að láni hjá Þýska Ríkislistasafninu í Berlín: Degas, Archipenko, Maillol, Moore, Marino Marini, Manolo, Laurens, Renoir, Barlach, Kollwitz, Hartung, Sol le Witt, Schwegler, Per Kirkeby og Axel Lischke. Einnig voru á sýningunni verk eftir Einar Jónsson, Ásmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson og Gerði Helgadóttur. LSÓ vann kennslufni fyrir skólafólk. Í samvinnu við Listasafnið á Akureyri. (2003).

Listaverk Sigurjóns Ólafssonar í alfaraleið: Ljósmyndir af verkum Sigurjóns í opinberu rými ásamt höggmyndum sem tengjast þeim. Í tengslum við málþing um sama efni, haldið í Norræna húsinu 18. október 2003. (2003-04).

Mánasigð: Skúlptúrar og lágmyndir grænlensku listakonunnar Isle Hessner. Einnig sýnd í Johannesar Larsen safninu í Kerteminde á Fjóni og Þjóðminjasafninu í Nuuk. (2004).

Aðföng, gjafir og lykilverk eftir Sigurjón Ólafsson: tuttugu og þrjú listaverk eftir Sigurjón, gefin eða seld safninu á undanförunum áratug. (2005).

Hraunblóm/Lavaens blá blomst: Vatnslitamyndir, olíukrítarmyndir og túsmyndir eftir COBRA-listamennina Else Alfelt og Carl-Henning Pedersen, gerð á Íslandi sumarið 1948. Einnig voru sýnd verk eftir Svavar Guðnason og Sigurjón Ólafsson frá sama tíma. Sýningin ferðaðist til Listasafnsins á Akureyri, Carl-Henning Pedersen og Else Alfelt-safnsins í Herning og Norðurbryggju í Kaupmannahöfn. (2005).

Úr fórum safnsins: Listaverk eftir Sigurjón Ólafsson. (2006).

Út á skýjateppið; Draumsæi og náttúrufar þriggja listforma: Tré- og koparverk Sigurjóns Ólafssonar, textílar Helgu Pálínu Brynjólfadóttur og ljóð Berglindar Gunnarsdóttur. (2006).

Sumarsýning: Úrval skúlptúra eða portretta eftir Sigurjón Ólafsson. (2006).

Hjól – Plógur – Vængir: Gestasýning, ný málmverk eftir Hallstein Sigurðsson myndhöggvara. (2006).

www.LSO.is: Grunnskólanemar velja verk á sýningu í Listasafni Sigurjóns

Ólafssonar. Sýning í tengslum við opnun listaverkaskrár Sigurjóns á Netinu. Grunnskólanemendum var boðið að velja verk á sýninguna og rökstyðja valið. (2007).

Úr fórum safnsins: Sýning á verkum Sigurjóns sett upp í tilefni af heimsókn krónprínshjónanna dönsku, Friðriks og Mary. (2008).

Búrfellsvirkjun: Sýning í stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar á völdum verkum Sigurjóns, sem tengjast stóru veggmyndum hans á stöðvarhúsi virkjunarinnar, þar á meðal sex frummyndir úr gífsi sem LSÓ hafði ekki haft spurnir af. (2008).

Portrett Sigurjóns: Sýning á tuttugu og sex andlitsmyndum eftir Sigurjón í Friðriksborgarhöll í Hillerød á Sjálandi. (2008).

Sigurjón og Þorvaldur – tveir módernistar: Sýning í Hafnarborg á höggmyndum eftir Sigurjón og málverkum og teikningum eftir Þorvald Skúlason. Samstarfsverkefni LSÓ og Listasafn Háskóla Íslands. (2008).

Stund hjá Sigurjóni: Sýning í tilefni af 100 ára afmæli listamannsins og 20 ára afmæli LSÓ. (2008).

Hver er maðurinn? : Portrett Sigurjóns af þekktum einstaklingum. Unnið í tengslum við spurningaleik sem fór fram á Safnanótt í Reykjavík 2010. (2010).

„Erlingur minn, hvað ertu nú að gera?“: Höggmyndir Erlings Jónssonar, eins helsta aðstoðarmanns Sigurjóns, ásamt úrvali verka Sigurjóns. (2010).

Súlur Sigurjóns og „Islendingur“: Sýning um trésúlur Sigurjóns frá síðustu árum hans, ásamt sérstakri sýningu á andlitsmyndinni Móðir mín (LSÓ 007a). (2011).

Íslenskir módernistar og Kai Nielsen: Sýning í Listasafninu í Svendborg á Fjóni. Valdar höggmyndir eftir Kai Nielsen og Sigurjón, vatnslitamyndir eftir Björgu Þorsteinsdóttur og Hafstein Austmann og málverk eftir samtímamenn Sigurjóns, Þorvald Skúlason, Nínu Tryggvadóttur, Guðmundu Andrésdóttur og Kristján Davíðsson. (2011).

Hryggjarstykki: Gestasýning, ný verk eftir Svövu Björnsdóttur úr pappírbeðmi ásamt verkum eftir Sigurjón sem listakonan valdi. (2011).

Áfangar: Nokkur lykilverk eftir Sigurjón. Valin voru verk sem eru einkennandi fyrir ákveðin tímabil, eða marka upphaf að nýjum viðhorfum í list Sigurjóns. (2012-13).

Úr djúpunum: Valin verk úr safneign Listasafns Íslands og LSÓ, þar sem teft er saman höggmyndum Sigurjóns og málverkum eftir nokkra samtímamenn hans, þau Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason, Nínu Tryggvadóttur, Kristján Davíðsson og Guðmundu Andrésdóttur. (2013).

Börn að leik: Heiti sýningarinnar vísar bæði til veggmyndar Sigurjóns frá 1938 og annarra verka þar sem hann leyfði barnslegum léttleika að ráða ferðinni. (2014).

Spor í sandi: Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns í LSÓ og Listasafni Íslands. Verkin sem Sigurjón vann í Danmörku voru tengd við hið listræna umhverfi sem þau voru sprottin úr með því að sýna einnig verk eftir samtímamenn hans og vini: Asger Jorn, Ejler Bille, Erik Thommesen, Robert Jacobsen og Sonju Ferlov. Málþing um Sigurjón, tengt sýningunni, var haldið í Listasafni Íslands 6. september 2014. (2014).

Listamaður á söguslóðum: Teikningar frá ferðum danska listmálarans Johannesar Larsen um Ísland 1927 og 1930. (2015).

Valin verk Sigurjóns: Listaverk úr safni LSÓ. (2015).

Samspil. Hugarflug milli höggmyndar og hönnunar: Varpað var nýju ljósi á tengsl danska arkitektsins Finn Juhl (1912-1989) og Sigurjóns á árunum 1940-45. Á sýningunni voru meðal annars húsgögn sem Juhl sýndi í Kaupmannahöfn 1940 og 1941, ásamt skúlptúrum eftir Sigurjón sem Juhl valdi til samflots húsgögnum sínum. (2015).

Gyðjur – konumyndir Sigurjóns Ólafssonar: Portrett af konum eftir Sigurjón ásamt öðrum verkum sem sýna hina kvenlegu ímynd og gyðjuna í konunni. Sýningin var haldin í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. (2015-16).

## Útgáfa

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hefur stuðlað að rannsóknum á myndlist Sigurjóns og tengslum hans við aðra listamenn, strauma og stefnur, bæði með því að leggja til allt rannsóknarefni sem nú er skráð og aðgengilegt í safninu og einnig með því að greiða beint fyrir rannsóknir, skrif fræðimanna og fyrirlestra. Skrifin hafa verið birt í árbókum safnsins, sýningarskrám og öðrum ritum. Í árslok 2016 höfðu alls tuttugu og átta rit verið gefin út undir merkjum safnsins, eða tæplega eitt rit fyrir hvert starfsár þess.

Af ritum sem höfðu að geyma nýjar upplýsingar eða rannsóknir á myndlist Sigurjóns má nefna fjórar ríkulega myndskreyttar Árbækur sem safnið gaf út á árunum 1986 til 1992. Þar er meðal annars að finna aðskiljanlegt efni um Danmerkurdvöl listamannsins, umfjöllun um Laugarnesið eftir sérfræðinga á ýmsum sviðum, gömul viðtöl við listamanninn og áður óbirtar frásagnir ýmissa samstarfsmanna hans og vina.

Meðal annarra rita sem innihalda grundvallarrannsóknir á myndlistarferli Sigurjóns má nefna bókina Sigurjón Ólafsson myndhöggvari (1985), í ritstjórn Birgittu Spur, en þar er meðal annars að finna fyrstu myndskreyttu skrá yfir verk hans sem gefin hefur verið út. Málmverk og aðföng (1989), er að stofni sýningarskrá með samnefndri sýningu, sem fjallar um járnskúlpúrana sem Sigurjón gerði að Reykjalundi 1960-62. Í skránni er að finna ritgerð Aðalsteins Ingólfssonar, sem er fyrsta viðleitni sem gerð hefur verið til að skoða þessa skúlpúra sem heild og í alþjóðlegu samhengi. Sigurjón Ólafsson: Danmark-Island (1991) er sýningarskrá með farandsýningu á verkum Sigurjóns í Danmörku. Í skránni er meðal annars að finna markverða ritgerð eftir Birgittu Spur sem nefnist Sigurjón Ólafsson – tradition og nyskabelse. Þar er í fyrsta sinn gerð grein fyrir tengslum Sigurjóns Ólafssonar bæði við forna höggmyndalist og myndlist samtímamanna hans í Danmörku og víðar um Evrópu. Árbók LSÓ 1991 og 1992. Þar er meðal annars að finna ítarlega ritgerð Auðar A. Ólafsdóttur um lágmyndir Sigurjóns Ólafssonar á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar og grein Sólveigar Georgsdóttur um Saltfiskstöflun listamannsins. Íslandsmerki og súlur Sigurjóns Ólafssonar (1994) er sýningarskrá með samnefndri sýningu, en þar fjalla bæði Birgitta Spur og Auður A. Ólafsdóttir skilmerkilega um súlumótífið í verkum Sigurjóns. Sigurjón Ólafsson, Ævi og list I (1998) og Ævi og list II (1999) eftir þau

Aðalstein Ingólfsson og danska listfræðinginn Lise Funder, eru grundvallarrit til skilnings á ævi og listferli Sigurjóns. Þessar bækur eru samanlagt um fimm hundruð síður, innihalda mörg hundruð ljósmyndir og að auki heildarskrá með myndum yfir öll þekkt verk listamannsins frá 1924-1945. Bækurnar voru tilnefndar til Hinna Íslensku Bókmenntaverðlauna árið 1999. Sigurjón Ólafsson (1908-1982), sýning á vegum The Society of Portrait Sculptors, London, (2004); ritgerð á ensku um portrettmyndir Sigurjóns eftir Aðalstein Ingólfsson. Hraunblóm/Lavaens blá blomst (2005) fylgdi samnefndri sýningu á verkum Carl-Henning Pedersen og Else Alfelt ásamt verkum Svavars Guðnasonar og Sigurjóns Ólafssonar. Fjallað er um áður óþekktan kafla dansk-íslenskrar listasögu, áhrif dönsku Haustsýningarinnar í Reykjavík vorið 1948 og heimsókn málaranna Else Alfelt og Carl-Henning Pedersen það sumar. Æsa Sigurjónsdóttir fjallar um framlag dönsku listamannshjónanna til COBRA hreyfingar og hugmyndafræði og Aðalsteinn Ingólfsson áður óþekkt áhrif þessarar hugmyndafræði á nokkra íslenska myndlistarmenn á árunum 1947-49. Sigurjón og Þorvaldur – tveir módernistar (2008) var gefin út í tilefni af samnefndri sýningu í Hafnarborg. Í skránni er að finna úttektir þeirra Auðar A. Ólafsdóttur og Gunnars J. Árnasonar á hugmyndafræðilegum og formrænum tengslum þessara tveggja listamanna. Billedhuggeren Sigurjón Ólafsson og hans portrætter/Sculptor Sigurjón Ólafsson and his Portraits (2008) var gefin út í tilefni af sýningu á verkum listamannsins í Frederiksborgarsafninu í Hillerød á Sjálandi. Í skránni er að finna fyrstu úttekt erlends listfræðings, Charlotte Christensen, á mannamyndum Sigurjóns. Erlingur Jónsson (2010), sýningarskrá sem fylgdi sýningu listamannsins í LSÓ. Hún hefur að geyma ítarlegt viðtal Aðalsteins Ingólfssonar við Erling um vináttu og samstarf þeirra Sigurjóns frá 1987-88, ásamt viðauka frá 2010 um stækkanir á verkum Sigurjóns sem Erlingur hefur unnið. Spor í sandi (2014), sýningarskrá með samnefndri sýningu í Listasafni Íslands og LSÓ. Í skránni er að finna ítarlega grein Æsu Sigurjónsdóttur, List er ekki hátíðleiki, heldur lífið sjálft, sem segir frá tengslum Sigurjóns við danska listaumhverfið á fjórða og fimmta áratug liðinnar aldar. Og loks má geta bókarinnar Samspil – Interplay, Sigurjón Ólafsson & Finn Juhl (2015). Æsa Sigurjónsdóttir ritar megingrein sýningarskrárinnar: Samspil. Sigurjón Ólafsson og Finn Juhl – Hugarflug milli höggmynda og hönnunar. En þar fjallar Æsa um listamennina hvorn fyrir sig, tengsl þeirra og samtímalistamanna í Danmörku.

## Önnur starfsemi

Frá og með sumrinu 1989 stóð Listasafn Sigurjóns Ólafssonar fyrir árlegum Sumartónleikum eða Þriðjudagstónleikum í megin sýningarsal safnsins. Voru þeir haldnir sérhvert þriðjudagskvöld frá miðjum júlí og til enda ágúst-mánaðar, þegar hvað minnst var um að vera í tónlistarlífi Reykjavíkur. Til viðbótar hefur tónlistarfólk, íslenskt og erlent, sóst eftir því að fá salinn til tónlistarflutnings og tónlistarupptöku. Á árunum 1989-2016 lætur nærri að hátt á þriðja hundrað tónleikar og tónlistaruppákomur hafi farið fram í safninu. Lista yfir þessa tónleika á árunum 1986-1992 má finna í Árbókum LSÓ. Skipulag tónleikanna var að miklu leyti í höndum Hlífur Sigurjónsdóttur, fiðluleikara, dóttur Sigurjóns.

Fyrstu árin hélt LSÓ einnig bókmenntakynningar og voru þær vinsælar og vel sóttar. Síðan hófu bókaforlög að skipuleggja eigin bókmenntakynningar fyrir jólin, og fór þeim þá fækkandi í safninu. Í Skipulagsskrá Listasafns Sigurjóns Ólafssonar er komið inn á fleira en sem viðvíkur lífi og list Sigurjóns, en í kafla um markmið og tilgang safnsins, segir að safnið eigi að stuðla að verndun á náttúrulegu umhverfi safnsins og búsetulandslagi á Laugarnesi. Þetta hefur og verið snar þáttur í starfi safnsins og birtist meðal annars í ýmsum viðburðum sem safnið hefur staðið fyrir í gegnum árin. Sem dæmi má nefna að Fjölskyldudagar á Laugarnesi, 1992, voru haldnir í tengslum við Listahátíð í Reykjavík, með sérstaka áherslu á menningarlandslag Laugarness. Haldin var Norræn ráðstefna um menningarlandslag í Norræna húsinu 19.-21. september 1997. Liðlega eitthundrað manns sóttu ráðstefnuna, þar af voru tuttugu og sjö erlendir áhuga- og fræðimenn um varðveislu menningarlandslags. Sagan í landslaginu, náttúra, búseta, minjar og list, var námskeið fyrir börn sem var haldið sumarið 2000 þar sem áhersla var á náttúru og menningu og varðveislu slíkra verðmæta. Þann 18. október 2003 stóð safnið fyrir fjölbjóðlegri ráðstefnu í samvinnu við Norræna húsið og Listaháskóla Íslands um Sigurjón Ólafsson og list á almannafæri. Ráðstefnan var haldin í Norræna húsinu og meðal fyrirlesara voru listfræðingarnir Charlotte Christensen og Lise Funder frá Danmörku og svissneski listamaðurinn Pipilotti Rist. Þann 6. september 2014 var haldið málþing um Sigurjón í Listasafni Íslands. Tengdist það yfirlitssýningu á verkum hans í Listasafni Íslands og Listasafni Sigurjóns Ólafssonar.



## Rekstrarbreytingar

Þann 1. júlí 2012 var sjálfseignarstofnunin Listasafn Sigurjóns Ólafssonar afhent Listasafni Íslands með sérstöku samkomulagi þar sem meðal annars kom fram að „listaverk og aðrir munir samkvæmt gjafabréfinu mynda sameiginlegt safn Sigurjóns Ólafssonar. Listasafn Íslands mun halda utan um það sem eina heild, sérstakt safn innan Listasafns Íslands og skal nafns Sigurjóns Ólafssonar ávallt getið í heiti þess.“ Þá segir í samkomulaginu að rekstur safnsins skuli vera „í anda þeirrar starfsemi sem þar hefur verið rekin.“<sup>7</sup> Gjöfin innihélt húseignir, innbú, verkfæri, hundrað áttatíu og eitt listaverk Sigurjóns auk teikninga, skyssa, skráningargagna og fleira, sem að safnrekstri lýtur. Listasafn Sigurjóns var skuldlaust á gjafadag. Aðdraganda samkomulagsins við Listasafn Íslands lýsir Birgitta Spur svo í netbréfi til höfundar árið 2017:

„Þegar safnið fyrst sótti um framlög frá ríki og borg árið 1985, lögðu þessir aðilar jafn mikið fram. En strax árið eftir, 1986, var mismunur á framlögum (ríkið 500.000 kr. og borgin 300.000 kr.) og bilið stækkaði eftir því sem árin liðu, sjá ársuppgjörin í Árbókum LSÓ. Safnreksturinn var árleg barátta um að standa að metnaðarfullu starfi fyrir takmarkað fé. Ég hafði á árunum eftir hrun gert ítrekaðar tilraunir til að koma á samstarfssamningi við ríki og borg til að tryggja framtíðar rekstrargrundvöll fyrir safnið, en án árangurs. Hefði borgin styrkt safnið til jafns við ríkið, hefði rekstur sjálfseignarstofnunarinnar getað haldið áfram í óbreyttri mynd. Eftir 3ja ára taprekstur var aðeins um tvennt að ræða, að hætta starfseminni eða leita aðstoðar hjá ríkinu. Niðurstaða tveggja ára samningaviðræðna við menntamálaráðuneytið var sú að sjálfseignarstofnunin var lögð niður og safnið gefið ríkinu sem skuldlaus eign með gjafabréfi, sem var undirritað 21.06.2012.“<sup>8</sup>

## Lokaorð

Allt frá stofnun Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, 1984, og fram til þess að Listasafn Íslands tók við rekstri þess árið 2012, hefur það notið margháttads stuðnings. Getið hefur verið um rekstrarframlög ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar, en þar að auki hafa fjölmargar opinberar stofnanir styrkt safnið til sérstakra verkefna: bankar, söfn, tryggingarfélag, skipafélag,

flugfélög, bókaútgáfur, listaskólar og verslanir, og er þá stiklað á stóru. Einnig hlaupa á hundruðum einstaklingar sem gerst hafa velunnarar safnsins í tímans rás, og styrkt það með fjárframlögum, listaverkagjöfum og margs konar fyrirgreiðslu. Nöfn þeirra flestra er að finna í Árbókum LSÓ.

Ljóst er af því sem hér hefur verið tíundað, að starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefur verið bæði öflugt og fjölbreytt. Raunar er leitun að íslensku einkasafni sem haft hefur eins mikið umleikis á því tímabili sem um ræðir. Er starf safnsins þeim mun eftirtektarverðara þegar til þess er litið að það hefur grundvallast á hugsýn, atorku og útsjónarsemi eins einstaklings, Birgittu Spur, án varanlegs og fullnægjandi stuðnings opinberra aðila. Helsta afrek safnsins hefur verið að halda nafni Sigurjóns Ólafssonar stöðugt á lofti, hvernig sem vindar hafa blásið á íslenskum sjónmenntavettvangi. Og þá ekki einasta með fjölscrúðugum sýningum fyrir alla aldurshópa og öðrum framkvæmdum, heldur með kostun og útgáfu ýmiss konar rannsóknarvinnu sérfræðinga um myndlist og lífshlaup Sigurjóns. Fyrir tilstuðlan safnsins eru nú fyrirliggjandi meiri upplýsingar um listamanninn en nokkurn annan íslenskan myndlistarmann, þar á meðal eina heildarskráin yfir verk íslensks listamanns sem gerð hefur verið, ritgerðir um tengsl Sigurjóns við alþjóðlega höggmyndalist, og síðan ítarlegar rannsóknarritgerðir um afmarkaða þætti í myndlist hans. Til þessara verkefna hefur Birgitta aflað margs konar styrkja, samanber þá aðila sem nefndir eru hér að ofan, en þegar þeir hafa ekki verið fyrirliggjandi hefur hún greitt fyrir þau úr eigin vasa.

Í kjölfar sameiningar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og Listasafns Íslands hlýtur framhaldið að velta mjög á áformum stærri og öflugri aðilans. Með sameiningunni verða listaverk Sigurjóns óneitanlega aðgengilegri fyrir Listasafn Íslands en þau hafa verið; ættu að gera því kleift að setja upp samfelldari sýningar á íslenskri höggmyndalist í húsakynnum sínum en það hefur gert til þessa, sé áhugi fyrir slíkum sýningum fyrir hendi. Auk þess væri Listasafni Íslands í lófa lagið að nýta bæði sýningarsal og sýningarsvæðið umhverfis Listasafn Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnesi sem tímabundinn eða varanlegan vettvang fyrir útilistaverk í eigu safnanna beggja, og aukið þar með á aðdráttarafli Laugarnestangans. Við það mundi einnig minnka álagið á geymslur Listasafns Íslands og almenningur fá að líta sjaldséð útilistaverk.

Húsnæði Listasafns Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnesi, með sinni aðlaðandi kaffistofu og sýningaraðstöðu, mætti – og ætti – nýta áfram sem

eins konar griðastað fyrir móðerníska höggmyndalist – ekki einvörðungu íslenska – þar sem hægt væri að sýna höggmyndir að staðaldri, varðveita heimildir um þær og efna til umræðna um þær.

#### Óprentaðar heimildir

Birgitta Spur. Netbréf til höfundar, 7. febrúar, 2017.

Birgitta Spur. Netbréf til höfundar, 12. febrúar, 2017.

Birgitta Spur. Netbréf til höfundar, 23. febrúar, 2017.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Útgefið efni 1985-2015. Skjalasafn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Samkomulag og gjafabréf, 1. júlí 2012. Skjalasafn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Skipulagsskrá Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, 1989. Skjalasafn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Söfnunar- og sýningarstefna Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, 2009. Skjalasafn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Yfirlit yfir sýningar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar eða á vegum safnsins, 1988-2016. Skjalasafn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

#### Prentaðar heimildir

Árbók LSÓ. Ritstjóri Birgitta Spur. Reykjavík: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, 1986.

Árbók LSÓ. Ritstjóri Birgitta Spur. Reykjavík: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, 1987 og 1988.

Árbók LSÓ. Ritstjóri Birgitta Spur. Reykjavík: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, 1989 og 1990.

Árbók LSÓ. Ritstjóri Birgitta Spur. Reykjavík: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, 1991 og 1992.

Sigurjón Ólafsson: Málverk og aðföng. Ritstjóri Birgitta Spur. Reykjavík: Styrktarsjóður Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, 1989.

Sigurjón Ólafsson: Myndhöggvari. Ritstjóri Birgitta Spur. Reykjavík: Styrktarsjóður Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, 1985.

#### Neðanmálsgreinar

1 Birgitta Spur, Sigurjón Ólafsson, myndhöggvari.

2 Skipulagsskrá Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

3 Sama heimild.

4 Sama heimild.

5 Sama heimild.

6 Söfnunar- og sýningarstefna Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

7 Samkomulag og gjafabréf, 1. júlí 2012.

8 Birgitta Spur. Netbréf til höfundar, 23. febrúar, 2017.



# Hafnarborg

Ágústa Kristófersdóttir

Við vígslu Hafnarborgar þann 21. maí 1988 var gefinn út bæklingur um aðdraganda stofnunar menningarmiðstöðvarinnar og mikilvægi hennar fyrir listalíf í Hafnarfirði. Þar er viðtal við annan frumkvöðulinn að stofnun Hafnarborgar, Sverri Magnússon, lyfsala, en þar lýsir hann tildrögunum að stofnun safnsins:

„Á langri ævi höfum við eignast eina og eina bók, eina og eina mynd. Áður en varir er kominn vísir að safni. Smám saman verða þessi verðmæti hluti af lífi manns og tilveru og maður sér þau ógjarnan tvístrast eða jafnvel verða uppboðum að bráð. Sama á við um hús. Sambandið við hús þróast eins og hver önnur farsæl sambúð. Því lengur sem hún varir því nánari verður hún og einn góðan veðurdag segir maður svo við sjálfan sig: Þetta hús er ekki til sölu, það er réttast að þetta fylgist allt að, húsið, myndirnar, bækurnar og kannski eitthvað fleira. En hver á þá að njóta? Svarið er einfalt. Afkomendur þeirrar kynslóðar, sem hjálpuðu okkur til að skapa þessi verðmæti, íbúar bæjarins, þar sem við unnum meginhluta lífsstarfs okkar.“<sup>1</sup>

Hugmyndin kviknaði hjá þeim hjónum, Sverri Magnússyni og Ingibjörgu Sigurjónsdóttir, sem höfðu þá um áratuga skeið rekið apótek í húsinu við Strandgötu 34 í Hafnarfirði. En til að hægt sé að gefa eitthvað verður sá sem tekur við því einnig að fallast á að þiggja það. Þá er heldur ekki lítil ábyrgð fólgin í því að taka við svo stórrí gjöf sem þau Ingibjörg og Sverrir buðu bænum. Viljann skorti ekki en snemma á níunda áratugnum hafði farið af stað umræða um að huga ætti að byggingu húss fyrir menningarstarfsemi af ýmsu tagi í bænum. Sverrir sá umfjöllun um þetta í bærjarblaðinu árið 1982 og tók málið upp við mág sinn, Guðmund Guðmundsson, sparisjóðsstjóra, sem jafnframt sat í bærjarstjórn.

Ákveðið var að láta á það reyna hvort beina mætti þessum tveimur hugmyndum í sama farveg en afrakstur þeirrar vinnu varð gjafabréf það sem

afhent var bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði þann 1. júní 1983 og er grunnurinn að stofnskrá Hafnarborgar. Í gjafabréfinu er fjallað um hlutverk og markmið stofnunarinnar en þar segir meðal annars:

„Hlutverk stofnunarinnar er að efla alhliða lista- og menningarlíf í Hafnarfirði. Helstu verkefni stofnunarinnar skulu því vera:

- a. rekstur listasafns, hljómtækja-, bóka-, og lesstofu ásamt rekstri salarkynna fyrir listsýningar, tónleika og aðra skylda starfsemi,
- b. rekstur vinnustofu, sem listamenn fengju til afnota um lengri eða skemmri tíma samkvæmt reglum og skilyrðum, sem stjórn stofnunarinnar setur [...].
- d. annar rekstur, sem stjórn stofnunarinnar telur að samrýmist tilgangi hennar.“<sup>2</sup>

Í gjafabréfinu kemur fram að nafn stofnunarinnar skyldi vera Hafnarborg en það er sama nafn og þau hjónin höfðu gefið smávöruverslun sem þau ráku um hrið við hlið apóteksins við Strandgötu. Systurverslun Hafnarborgar var síðan Garðaborg í Garðabæ. Í gjafabréfinu var jafnframt sú kvöð að bænum bæri að láta byggja við húsið að Strandgötu 34, samkvæmt teikningum sem fylgdu með bréfinu. Í þessu fólust verulegar fjárhagslegar skuldbindingar en tímafrestur til að ljúka framkvæmdum var aðeins sex ár frá undirritun gjafabréfsins.<sup>3</sup>

Árið 1989 færði Sverrir Hafnarfjarðarbæ að gjöf hundrað fermetra sal á jarðhæð við Strandgötu, þar sem hann hafði áður rekið verslunina Hafnarborg en aðrir höfðu staðið þar fyrir verslunarrekstri síðustu árin. Í bréfi til stjórnar Hafnarborgar segir Sverrir um salinn:

„Sýnist mér að hér sé um álitlegan sýningarsal að ræða, sem að vísu þarfnast nokkurra lagfæringa. Hefi ég því ákveðið að afhenda stofnuninni þetta húsnæði með þeirri ósk að þar verði framtíðaraðsetur og sýningaraðstaða Hafnarborgarsafnsins auk þess sem það nyti sýningaraðstöðu í aðalsýningarsal. Ætlast er til að þessi salur yrði ekki að öðru jöfnu notaður til annars sýningarhalds.“<sup>4</sup>

Við sama tilefni færði Sverrir Hafnarborg næstum þrjátíu verk úr einkasafni

þeirra hjóna, til viðbótar við þau sem áður höfðu verið afhent, ásamt verkfærum til innrömmunar listaverka, sem enn eru notuð á verkstæðinu í Hafnarborg.

## Fyrstu árin

Eftir að menningarmiðstöðin Hafnarborg var formlega stofnuð með afhendingu gjafabréfsins var hafist handa við að koma starfseminni í ákveðinn farveg. Meðal fyrstu verka var að kynna listaverkin, sem hjónin höfðu gefið bænum, fyrir bæjarbúum. Það var gert með sýningu í Háholti, Dalshrauni 9, en þar, í höfuðstöðvum fyrirtækis síns, rak Þorvaldur Guðmundsson, jafnan kenndur við Síld og fisk, gallerí. Sýningin var opnuð þann 15. október 1983.<sup>5</sup>

Gunnar Hjaltason, gullsmiður og frístundamáleri, setti sýninguna upp og samkvæmt sýningarskrá voru þar hundrað þrjátíu og eitt verk til sýnis. Í ávarpi sínu við opnun sýningarinnar færði Árni Grétar Finnsson, forseti bæjarstjórnar, þeim Sverri og Ingibjörgu þakkir en minnti einnig á þá miklu ábyrgð sem fylgdi því að taka við slíkri gjöf. Undirstrikaði hann í ávarpinu að hlúa þyrfti að gjöfinni svo hún mætti vel dafna.<sup>6</sup> Í upphafi árs 1984 hófst svo sýningarstarfsemi í litlum sal á efri hæð Hafnarborgar og voru þar á næstu þremur árum haldnar hátt í þrjátíu sýningar. Var sá háttur hafður á að listamenn létu verk í té sem greiðslu, í skiptum fyrir afnot af salnum. Með þeim hætti bættist talsvert af verkum við safnkost Hafnarborgar fyrstu árin.

Fyrstur til að sýna í salnum var fyrrnefndur Gunnar Hjaltason og á meðal þeirra sem á eftir honum komu voru myndlistarmennirnir Sigrún Guðjónsdóttir (Rúna), Kristbergur Pétursson, Jónína Guðnadóttir, Einar Már Guðvarðarson og Gunnlaugur Stefán Gíslason – öll hafnfirskir listamenn. Tveir erlendir listamenn sýndu einnig í salnum og þar voru haldnar sýningar á ljósmyndum, auk sýningar á verkum eftir Jóhannes Kjarval. Þar var einnig efnt til sýningar á þeim verkum sem bæst höfðu í safnkost Hafnarborgar á fyrstu árum starfseminnar.<sup>7</sup>

Fyrstu árin var það stjórn Hafnarborgar sem fór með daglegan rekstur stofnunarinnar. Um stjórnina sagði í gjafabréfinu: „Stjórn stofnunarinnar skipa fjórir menn, einn tilnefndur af gefendum, meðan þeirra nýtur við, tveir tilnefndir af bæjarstjórn Hafnarfjarðar en fjórði maður í stjórninni er bæjarstjórinn í Hafnarfirði. Að gefendum gengnum fækkar stjórnarmönnum



í þrjá. Stjórn skiptir með sér verkum.“<sup>8</sup> Fyrstu stjórnarmenn voru: Sverrir Magnússon, lyfsali og hvatamaður að stofnun Hafnarborgar, formaður, Einar I. Halldórsson, bæjarstjóri, og bæjarfulltrúarnir Ellert Borgar Þorvaldsson og Rannveig Traustadóttir.<sup>9</sup> Sverrir Magnússon hafði því sjálfur mikið um rekstur stofnunarinnar að segja fyrstu árin. Frá þeim tíma til dagsins í dag hefur stjórn Hafnarborgar haldið að meðaltali um tíu fundi á ári. Fyrir stjórn eru lögð öll mál er varða fjármál, breytingar á húsnæði, opnunartíma og stefnu stofnunarinnar, auk þess sem dagskrá safnsins er rædd á fundum stjórnar, þó ákvarðanir um hana séu teknar af listráði safnsins, sem er forstöðumanni til aðstoðar og aðhalds við ákvarðanir sem snúast um listræna starfsemi safnsins.

Listráðið var stofnað að hvatningu fyrsta forstöðumanns Hafnarborgar, Péturinnar Pétursdóttur. Hlutverk listráðsins er að vera forstöðumanni til aðstoðar við listræna stefnumótun og losna við pólitísk afskipti af þeim þætti starfseminnar. Sérfræðingar í myndlist sitja í listráðinu. Fyrst voru það þeir Eiríkur Smith, listmálari, Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur og Gestur Þorgrímsson, myndhöggvari. Fljótlega tók myndlistarmaðurinn Jónína Guðnadóttir sæti Gests í ráðinu. Nú sitja þar þau Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir, safnafræðingur, Erling Klingenberg, myndlistarmaður, og Brynhildur Pálsdóttir, hönnuður. Allar tillögur að sýningum og innkaupum eru lagðar fyrir ráðið og veitir það forstöðumanni mikilvægan stuðning og aðhald við töku ákvarðana um listræna starfsemi stofnunarinnar.<sup>10</sup>

## Húsnæðið

Að grunni til er húseignin við Strandgötu 34 teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, arkitekt, en byggingu hússins lauk árið 1921. Húsið er eitt af fyrstu verkum Guðjóns, sem var enn í námi þegar hann gerði fyrst uppdrátt að því. Líkt og í öðrum verkum Guðjóns frá þessum tíma gætir áhrifa nýbarroks og norrænnar þjóðernisrómantíkur í húsinu, eins og sést á bogum og syllum á þeirri hlið sem snýr að Strandgötu. Húsið var hannað sem apótek og íbúðarhús fyrir Sören Kampmann, lyfsala, sem rak þar lyfjaverslun þar til Sverrir og Ingibjörg tóku við rekstrinum. Þá létu þau gera nokkrar breytingar um og eftir miðja öldina, samkvæmt teikningum Rögnvaldar Johnson, arkitekts.

Í gjafabréfinu, sem starfsemi Hafnarborgar byggir á, kemur fram að gjöfin



Starfsmenn Hafnarborgar vinna við uppsetningu sýningar í aðalsal safnsins. Mynd: Hafnarborg.

samanstendur af húseigninni við Strandgötu 34, málverkum og stærstum hluta bókasafns þeirra hjóna. Auk þess voru í gjafabréfinu ákvæði um að reisa skyldi viðbyggingar við húsið samkvæmt teikningum Ingimars Ingimarssonar, arkitekts, sem um hríð hafði unnið að endurbótum á húsinu. Í áðurnefndum bæklingi, sem gefinn var út við vígslu Hafnarborgar árið 1988, ritaði Ingimar stutta grein þar sem farið er yfir byggingarsögu Hafnarborgar. Þar kemur fram að um mitt ár 1978 hafi Sverrir haft samband við Ingimar og beðið hann um að sjá um að hanna viðbætur og breytingar á húsinu. Í greininni kemur einnig fram að Sverrir hafi lagt áherslu á að hægt yrði að halda starfsemi áfram þó

svo að byggingarframkvæmdir stæðu yfir. Samkvæmt fyrstu hugmyndum átti að reisa húsnæði fyrir listastofnun í áföngum sunnan og vestan við húsið en um leið skyldi færa elsta hluta þess í upprunalegt horf. Hófust framkvæmdir við fyrsta áfanga árið 1982 og þann síðasta 1984.<sup>11</sup>

Segja má að Hafnarborg samanstandi í raun af þremur húshlutum sem saman myndi eina heild. Hver hluti hefur sín sérkenni, sem tengjast byggingartímanum og þeim hluta starfseminnar sem þar fer fram. Eins og bygging hússins, fór afhending þess fram í áföngum og síðasti hlutinn sem tekinn var í notkun í þágu safnsins var það rými sem áður hafði hýst sjálft apótekið. Apótekið var á jarðhæð í miðju gamla hússins og var inngangurinn frá Strandgötu. Hafnarfjarðarapótek flutti starfsemi sína úr húsinu í verslunarmiðstöðina Fjörð um miðjan tíunda áratuginn og varð gamla apótekið þá fundarsalur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Salurinn er einnig nýttur undir námskeið, fundi og fyrirlestra. Þegar þetta er ritað hefur verið komið fyrir í salnum sýningu á verkum úr safneign Hafnarborgar sem nýttast á sérstaklega til fræðslu grunnskólabarna.

Á efri hæð gamla hússins er starfsmannaaðstaða safnsins og í risi er gestaíbúð sem leigð hefur verið út til myndlistarmanna um árabíl. Í stofum sem eitt sinn sneru út að höfninni (en snúa nú gluggum inn í aðalsal safnsins) er að finna fræðslustofur. eru þær ýmist nýttar undir listræna starfsemi eða sem upplýsinga- og fræðslurými fyrir gesti safnsins. Þá ræðst það af sýningum hverju sinni hvað þar fer fram. Árið 2015 voru stofurnar gerðar upp og hafa bætt ýmsum möguleikum við starfsemina, bæði hvað varðar fræðslu fyrir almenning og aðstöðu til sýninga. Þar er hluta bókasafns Hafnarborgar komið fyrir og mögulegt er að miðla þar viðbótarefni, til dæmis hljóði og mynd, án þess að það trufla sýningarnar sjálfar. Á jarðhæð, við suðurhlið apóteksins, er sýningarsalur sem tekinn var í notkun árið 1990. Er sá nefndur Sverrissalur eftir Sverri Magnússyni.<sup>12</sup> Þá tekur við anddyri þar sem innangengt er í veitingarými. Á efri hæð þessa hluta er sýningarsalurinn sem nýttur var fyrstu árin og í risi er skrifstofa, þar sem áður var vinnustofa fyrir íbúa gestaíbúðarinnar. Með breyttum áherslum og vinnuaðferðum í myndlist minnkaði hins vegar þörf gesta fyrir stóra vinnustofu og var henni því breytt í skrifstofu árið 2008. Til suðvesturs er stór viðbygging sem reis í áföngum á níunda áratugnum. Hýsir hún afgreiðslu og veitingarými á jarðhæð en sýningarsal á annarri hæð. Veitingarýmið skartar stórum, bogadregnum

gluggum sem snúa út að bílastæði við verslunarmiðstöðina Fjörð og setja mikinn svip á húsið.

Við hönnun hússins var reynt að brúa bilið milli hins gamla og nýja með því að endurtaka ákveðin form gamla hússins í nýju byggingunni – í anda þeirrar stefnu í byggingarlist sem kölluð hefur verið póstmódernismi. Húsið er stórt en með því að brjóta það upp í þessar húseiningar er dregið úr áhrifum stærðar þess á umhverfið. Eins var strax í upphafi hugað að umhverfi hússins en sunnan megin við það er útisvæði sem hannað var af Pétri Jónssyni, landslagsarkitekt.<sup>13</sup>

Frá formlegri vígslu hússins hafa verið gerðar nokkrar breytingar á nýtingu og útliti þess. Sú stærsta er líklega sú að loftið í sýningarsalnum á annarri hæð var málað hvítt og gjörbreyttist andrúmsloft salarins við þær endurbætur en loftið var áður klætt gulleitum panel. Einn af hvatamönnum þess að loftið yrði málað var Eiríkur Smith, listmálari, sem sendi stjórn Hafnarborgar nokkur erindi þess efnis, en loftið var málað skömmu eftir aldamót. Samkvæmt frásögn Jónínu Guðnadóttur, myndlistarmanns, sem á þessum tíma sat í listráði Hafnarborgar voru margir myndlistarmenn ósáttir við hversu dökkt panelklædda loftið í aðalsalnum var. Tillögur um að mála það hvítt komu fram fljótlega eftir opnun hússins en það tók rúman áratug að hrinda hugmyndinni í framkvæmd.<sup>14</sup> Síðar var fyrirkomulagi ljósabúnaðar breytt og brautirnar í aðalsal hækkaðar, svo lofthæðin í salnum nýtist nú mun betur en áður.

Í kjallara hússins er verkstæði og aðstaða til undirbúnings sýninga. Þar er einnig bókalager og listaverkageymslur. Í skoðun er að færa listaverkageymslurnar úr því húsnæði í annað og betra rými, þar sem aðgengi er auðveldara og minni hætta stafar frá umhverfinu. Húsið sjálft stendur á gömlum sjárvarkambi og því gætir talsverðra áhrifa sjávar á jarðveg umhverfis húsið, sem er sannarlega ekki heppilegt fyrir geymslu listaverka. Bæjaryfirvöld leita nú leiða til að útvega viðunandi geymsluhúsnæði fyrir safneignina.

## Vígsla Hafnarborgar

Vígsla hins nýja húsnæðis fór fram við hátíðlega athöfn þann 21. maí 1988 að viðstöddu fjölmenni. Þá lýsti Þorsteinn Pálsson, þáverandi forsætisráðherra,



Fræðslustarf í tengslum sýningar og viðburði safnsins hafa frá byrjun verið stór liður í starfsemi Hafnarborgar. Hér sjást tvö börn fíkra sig áframað fíkra sig áfram í myndlistartilraunum. Mynd: Hafnarborg.

stofnunina formlega opnaða. Í tilefni af opnun safnsins voru Hafnarborg færðar gjafir: portrettmyndir af Sören Kampmann, fyrsta lyfsalanum í Hafnarfjarðarapóteki, Ingibjörgu Sigurjónsdóttur og Sverri Magnússyni. Öll portrettin voru máluð af Eiríki Smith, listmálara.<sup>15</sup>

Einkasýning Eiríks Smith var og opnunarsýning safnsins en Eiríkur var borinn og barnfæddur Hafnfirðingur. Við það tilefni sýndi hann þrjátíu og eitt olíumálverk og þrjátíu og þrjár vatnslitamyndir. Sýningin var sölusýning eins og flestar sýningar í safninu voru á þeim tíma.

Í ágúst árið 1988 var auglýst eftir forstöðumanni stofnunarinnar og var Pétur Pétursdóttir ráðin í stöðuna. Pétur hafði lagt stund á nám í mannfræði og listasögu og var á þessum tíma kennari við Menntaskólann við Sund. Hún tók við starfinu síðla sama ár og birtust viðtöl við hana í bæjarblöðunum af því tilefni. Tilgreinir hún þar áherslur sínar og hvernig hún hyggist vinna að þeim, í samræmi við gjafabréfið og vilja stjórnar. Lagði hún áherslu á að í safninu færi fram fjölbreytt starfsemi – tónleikar, myndlistarsýningar og sögulegar sýningar tengdar Hafnarfjarðarbæ.

Í anda stefnunnar var sýning um sögu Hafnarfjarðarhafnar á dagskrá



veturinn 1988 og Ljósbrott, félag áhugaljósmyndara, hélt sömuleiðis sýningu á verkum félagsmanna. Á þessum tíma var salurinn oftast leigður út til listamanna sem sáu sjálfir um framkvæmd sýninganna en það kom þó fyrir að safnið stæði sjálft fyrir sýningum. Var þessi háttur í samræmi við ákvæði gjafabréfsins um rekstur hússins þar sem segir: „Tekjum af húsaleigu, sýningarhaldi eða öðru skal varið til reksturs og uppbyggingar stofnunarinnar, til kaupa á listaverkum og bókum svo og til styrktar listamönnum. Hrökkvi tekjur ekki fyrir reksturskostnaði er áskilið að Hafnarfjarðarbær greiði það, sem á vantar.<sup>16</sup>

Nú er rekstur Hafnarborgar með þeim hætti að Hafnarfjarðarbær leggur um 90% þess fjármagns sem þarf til rekstrar stofnunarinnar en annars er fjármagns aflað með sértekjum, leigutekjum af veitingarými, styrkjum frá hinu opinbera, eins og úr safnasjóði, Myndlistarsjóði og Tónlistarsjóði – auk styrkja frá einkaaðilum. Síðustu ár hefur stefnan verið að innheimta engan aðgangseyri að safninu en litið er á starfsemina sem mikilvæga almannaþjónustu við bæjarbúa og aðra gesti, sem eigi að geta notið fyrsta flokks menningar og lista án endurgjalds.

## Sýningarstarfsemi

Fyrstu árin var það stjórn Hafnarborgar sem valdi sýningar á dagskrá safnsins. Árið 1988 þegar húsnæði safnsins hafði verið tekið í notkun og Péturín var komin til starfa sem forstöðumaður Hafnarborgar mótaði hún í samráði við stjórnina sýningardagskrá safnsins. Þá sóttust listamenn í mörgum tilvikum eftir því að sýna verk sín og greiddu leigu fyrir afnot af salnum með eigin listaverkum.<sup>17</sup> Fljótlega var þó tekin upp sú stefna að leigan væri greidd með peningum og ákvörðun um kaup á listaverkum af sýningum tekin sérstaklega af listráði stofnunarinnar.<sup>18</sup>

Í starfi Hafnarborgar hefur ávallt verið lögð áhersla á alþjóðlegt samstarf og hefur safnið fengið til sín fjöldann allan af erlendum sýningum. Sýningarnar hafa komið allt frá Japan og Mexíkó til Noregs og Færeyja. Eftirminnileg er sýning á Listahátíð 2005 þar sem meðal annars gat að líta verk Elke Krystufek og On Kawara. Margir gestir Hafnarborgar minnst einnig sýninga á veggteppum Bandaríkjamannsins Kaffe Fassett sem vakti athygli almennings árið 1999.<sup>19</sup> Safnið hefur einnig unnið sýningar sem

settar hafa verið upp erlendis og lánað verk á sýningar sem unnar hafa verið af öðrum söfnum.

Á þeim tíma sem Péturín stýrði Hafnarborg óx starfsemin og dafnaði og komst smám saman í fastar skorður. Á stjórnartíma hennar voru gefin út í tvígang yfirlitsrit yfir starfsemina, fyrst árið 1993, þegar tíu ár voru frá stofnun, og aftur árið 2008, þegar tuttugu ár voru liðin frá vígslu safnsins. Péturín skrifaði inngangskafla í báðar þessar bækur sem varpa nokkru ljósi á starfsemina: „Fyrstu fimm árunum frá stofnun Hafnarborgar var [...] varið til uppbyggingar glæsilegra sýningarsala, en síðan höfum við lagt metnað okkar í að byggja upp öfluga starfsemi sem hæfir því umhverfi – starfsemi sem samræmist þeim meginmarkmiðum stofnunarinnar að efla alhliða lista- og menningarlíf í Hafnarfirði.“<sup>20</sup>

Í ritinu sem kom út árið 2008 var að finna heildaryfirlit yfir safnkost Hafnarborgar og sömuleiðis skrá yfir allar sýningar sem safnið hafði staðið fyrir allt frá upphafi. Á þeim tíma voru um eitt þúsund þrjú hundruð og sjöttíu verk í eigu safnsins. Í ritinu var sérstök áhersla lögð á safneignina og þar sagði í inngangi Péturínar: „Þá hvílir mikil ábyrgð á þeim sem taka við gjöfum á borð við þær sem hér hafa verið tíundaðar – á því bæjarfélagi sem þegið hefur slíkar gjafir. Einnig er hlutverk listasafna að skrá verkin og standa fyrir rannsóknum á safneign og útgáfu bóka og sýningarskráa sem byggjast á þeim rannsóknum.“<sup>21</sup> Péturín benti auk þess á að þó vel hefði verið staðið að sýningarstarfseminni þá hefði nokkuð skort á að eigendur safnsins stæðu við þær skuldbindingar sem safnið hefði, sérstaklega hvað varðaði innkaup verka og stuðning við rannsóknir á safnkostinum.

Árið 2008 lét Péturín af störfum sem forstöðumaður en þá tók við Ólöf K. Sigurðardóttir, sem hafði meðal annars starfað sem deildarstjóri fræðsludeildar hjá Listasafni Reykjavíkur. Ólöf tók við starfi forstöðumanns á erfiðum tíma en þá voru gerðar miklar kröfur um aðhald og niðurskurð, þar sem fjárhagsstaða bæjarins tók kollsteypu við efnahagshrunið í október 2008. Sýningum var fækkað verulega og áherslum breytt. Áður höfðu að jafnaði verið haldnar tuttugu til þrjátíu sýningar í sölum safnsins, auk annarra rýma, á ári en eftir 2008 hefur fjöldi sýninga verið um tólf til fjórtán.

Við breytinguna urðu allar sýningar safnsins boðssýningar og lagði Hafnarborg aukid fé í framleiðslu hverrar sýningar fyrir sig. Þá leitar safnið til listamanns, listamanna eða sýningarstjóra um að vinna sýningu sérstaklega



fyrir safnið. Það leigufyrirkomulag sem áður tíðkaðist lagðist jafnframt af. Þetta gerir það að verkum að listræn stefna safnsins endurspeglast skýrt í sýningardagskránni. Einnig má sjá að fleiri sýningar eru settar saman af utanaðkomandi sýningarstjórum, sem vinna sýningar sínar út frá ákveðinni hugmyndafræði. Sem dæmi um slíkar sýningar má nefna Lífróður í sýningarstjórn Markúsar Þórs Andréssonar og Dorothée Kirch árið 2009 og sýninguna Að elta fólk og drekka mjólk í sýningarstjórn Kristínar Dagmarar Jóhannesdóttur árið 2010.

Árið 2010 var tekin upp sú nýbreytni að auglýsa sérstaklega eftir tillögum að haustsýningu safnsins, sem hefur síðan verið gert á hverju ári. Markmiðið með því að óska eftir innsendum tillögum er að fá tækifæri til að velja til samstarfs sýningarstjóra sem leggur fram áhugaverða tillögu að sýningu en jafnframt að kalla til leiks nýtt fólk. Þannig er sérstaklega hugað að því að veita sýningarstjórum með stuttan feril að baki aukin tækifæri. Það hefur sýnt sig að fyllsta ástæða er til að halda úti slíku fyrirkomulagi þar sem það eykur fjölbreytni í starfseminni og vekur ætíð mikla athygli.

Í gegnum tíðina hefur Hafnarborg reynt að sinna sýningarhaldi á breiðum grundvelli. Myndlist er vissulega ávallt í aðalhlutverki en sýningar á hönnun hafa einnig verið fastur liður í dagskránni og síðustu árin hefur verið lögð aukin áhersla á skipulagsmál, með sýningum í samstarfi við skipulagsyfirköld í Hafnarfirði. Frá stofnun hafa verið haldnar hátt í fimm hundruð sýningar í húsakynnum safnsins. Í skjalasafni Hafnarborgar er að finna gögn um sýningarnar, boðskort, sýningarskrár og verkalista. Nú er unnið að því að gera upplýsingar um allar sýningar aðgengilegar á vef safnsins.

## Vöxtur safnkostsins

Eins og fram hefur komið lögðu Sverrir Magnússon og Ingibjörg Sigurjónsdóttir grunn að safninu með listaverkagjöf til Hafnarfjarðarbæjar árið 1983. Gjöfin taldi í upphafi hundruð fimm tíu og sex verk eftir listamenn á borð við Kjarval, Nínu Tryggvadóttur, Jóhann Briem og Júlíönu Sveinsdóttur. Sverrir hafði hafið söfnun myndlistar á kreppuárunum þegar hann eignaðist vatnslitamynd eftir Ólaf Túbals. Bættist síðan smátt og smátt í það safn en Sverrir fylgdist vel með sýningum á höfuðborgarsvæðinu og keypti verk í safn sitt.<sup>22</sup> Fljótlega eftir að hjónin afhentu bænum safn sitt tók



Pétrún Pétursdóttir, forstöðumaður, ásamt Ingvari Viktorssyni, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, og Fischer-hjónunum, fulltrúum frá Cuxhaven í Þýskalandi, sem er vinabær Hafnarfjarðar. Mynd: Pétrún Pétursdóttir.

Gunnar Hjaltason ljósmyndir af öllum verkunum og bjó þannig í haginn fyrir framtíðarskráningu safnsins.<sup>23</sup>

Eftir að Hafnarfjarðarbær tók við safninu var haldið áfram að auka við það, bæði með gjöfum og kaupum á listaverkum. Á þessum fyrstu árum tíðkaðist það að myndlistarmenn leigðu salinn undir sýningar á verkum sínum og greiddu þeir oft hluta leigunnar með verkum eftir sig og síðar eftir að Pétrún tók við forstöðumannsstarfi voru gjarna keypt verk af sýningunum. Eiríkur Smith færði safninu sérlega rausnarlega listaverkagjöf árið 1990 og einnig gáfu myndlistarmennirnir Elías B. Halldórsson og Gunnar Hjaltason safninu úrval af grafíklístaverkum sínum. Auk þess hafa fleiri listamenn og einstaklingar fært safninu listaverk að gjöf og eins eru keypt verk til safnsins eftir því sem fjárveitingar leyfa, í samræmi við söfnunarstefnu Hafnarborgar. Þá hafa reglulega verið haldnar sýningar á verkum úr safneigninni.

Upp úr aldamótum var farið að huga að samræmdri skráningu safnkosts íslenskra listasafna og varð skráningarkerfið Virtual Collections fyrir valinu. Hver stofnun bar þar ábyrgð á hýsingu sinna gagna og uppfærslum í gagna-

grunni. Hafnarborg keypti aðgang að kerfinu og var safnkosturinn skráður í það á næstu misserum. Safnkosturinn var sömuleiðis ljósmyndaður á þeim tíma. Við bilun í tölvukerfi Hafnarborgar árið 2011 tapaðist hins vegar hluti gagnanna, enda þótt afrit væru til bæði á pappír og stafrænu formi.

Í kjölfar óhappsins var ákveðið að færa alla skráningu yfir í menningar-sögulega gagnasafnið Sarp en það er upplýsingakerfi sem nær yfir forrit og gagnasafn þess. Sameignaraðilar rekstrarfélags Sarps eiga hugbúnaðinn og hvert og eitt aðildarsafn gögnin sem það skráir í safnið. Gögnin eru hýst miðlægt og varúðar er gætt við allt utanumhald þegar kemur að uppfærslum og afritun. Með aðildinni að Sarpi varð bylting í aðgengi almennings að upplýsingum um safnkost Hafnarborgar. Flestar færslur í gagnagrunninn eru aðgengilegar í gegnum vef Sarps, en ljósmyndir fylgja aðeins hluta þeirra, þar sem samningar um greiðslur fyrir birtingu mynda af verkum í safneigninni hafa ekki náðst í öllum tilfellum.

Árlega hefur listráð Hafnarborgar tvær milljónir króna í ráðstöfunarfé til kaupa á verkum og reynt er að nýta hverja krónu vel. Yfirleitt er það forstöðumaður sem gerir tillögur að kaupum, gjarna í tengslum við sýningar í safninu, þar sem það er talið mikilvægt að safnkosturinn endurspegli sýningarstefnu safnsins. Á síðustu misserum hafa verið keypt verk eftir Eirík Smith, Hildigunni Birgisdóttur og Egil Sæbjörnsson í tengslum við sýningar á verkum þeirra í safninu.

Safnið nýtur mikillar velvildar og fær oft tilboð um góðar gjafir en tillögur að gjöfum eru lagðar fyrir listráð til samþykktar, enda felst ábyrgð í því að þiggja slíkar gjafir til safnsins. Í því samhengi ber söfnum meðal annars að varðveita og rannsaka safnkost sinn og því þarf að gæta þess sérstaklega að þau verk sem bætist við safnkostinn séu mikilvæg fyrir vöxt hans, jafnt sem í tengslum við aðra muni í varðveislu safnsins. Á árinu 2017 barst safninu höfðingleg gjöf frá erfingjum Valtýs Péturssonar, myndlistarmanns, hátt í tuttugu verk frá ferli listamannsins, sem forstöðumaður fékk að velja úr safni Valtýs. Þar sem Valtýr og Eiríkur Smith eru samtíðarmenn í myndlistinni miðaðist valið að einhverju marki við verk sem mættu endurspeglu hliðstæður í ferli þeirra, auk verka sem varpa ljósi á sérstöðu Valtýs sem listamanns.

## Tónlistarstarfsemi

Fljótlega eftir vígslu Hafnarborgar kom í ljós að aðalsalur safnsins á annarri hæð hentaði einkar vel til tónleikahalds. Fyrir tilstyrk Málfundafélagsins Magna var keyptur flygill af Fazioli-gerð og var hann vígður á tónleikum í aðalsal í janúar árið 1989.<sup>24</sup> Alla tíð síðan hafa tónleikar af ýmsum toga verið fastur liður í starfseminni. Árið 1990 hófst tónleikaröð í samstarfi Hafnarborgar við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og síðar sama ár hóf Hafnarborg samstarf við Trío Reykjavíkur sem stóð allt til ársins 2012. Fyrstu tónleikar Tríosins í Hafnarborg voru haldnir þann 2. september árið 1990. Tugir tónlistarmanna í fremstu röð, bæði íslenskir og erlendir, komu fram á þeim hundruð tónleikum sem Tríóið hélt í Hafnarborg. Enn fremur voru ný tónverk oft frumflutt á þessum tónleikum.<sup>25</sup>

Haustið 2003 fór Hafnarborg af stað með röð hádegistónleika og hefur Antonía Hevesi, píanóleikari, verið listrænn stjórnandi þeirra frá upphafi. Tónleikarnir voru í upphafi hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk sem starfar í miðbæ Hafnarfjarðar til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi. Tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar, svo enginn aðgangseyrir er innheimtur, og eru þeir öllum opnir meðan húsrúm leyfir. Tónleikaröðin hefur frá byrjun lagt áherslu á að flytja óperutónlist og hafa margir helstu söngvarar landsins komið fram á tónleikunum. Meðal fastagesta á hádegistónleikum í Hafnarborg eru eldri borgarar úr bænum og nágrannasveitarfélögum, bæði fólk sem kemur á eigin vegum en einnig hópar, til dæmis frá Drafnarhúsi, sem er dagvistun fyrir heilabilaða, og frá Hrafnistu. Litið er á tónleikana sem mikilvæga þjónustu við nærsamfélagið, þar sem boðið er upp á fyrsta flokks tónlistarflutning fyrir gesti.

Frá árinu 2013 hefur tónleikaröðin Hljóðön verið á dagskrá Hafnarborgar, undir listrænni stjórn Þráins Hjálmarssonar, tónskálds. Hljóðön er tónleikaröð tileinkuð tónlist frá 20. og 21. öldinni þar sem einstök hugmyndaauðgi og listræn glíma tónskálda leiðir áheyrendur inn á áður ókunnar slóðir. Nafn tónleikaraðarinnar skírskotar til smæstu merkingargreinandi hljóðeininga tungumála – grunneininga sem púsla má saman með ólíkum hætti svo úr verði merking. Markmið tónleikanna er að kynna ólík verk samtíma-tónskálda úr fremstu röð. Í forgrunni eru verk sem fá best notið sín við þær aðstæður og miklu nánd sem býðst í sal Hafnarborgar, sem telja má sérstakan

í flóru tónlistarsala á höfuðborgarsvæðinu. Einnig ber að nefna tónleikana Syngjandi jóla, sem eru árlegur viðburður í Hafnarborg, en þeir hafa um árabil verið haldnir í húsinu fyrsta laugardag í aðventu og marka þar upphafið að hátíðinni. Á tónleikunum kemur fram fjöldi kóra úr Hafnarfirði, allt frá leikskólakórum til Hrafnistukórsins, en þá muna mörg börn einmitt fyrstu heimsókn sína í Hafnarborg.

Til þess að reka megi jafn umfangsmikla tónlistardagskrá og raun ber vitni hefur starfsfólk Hafnarborgar oft þurft að hafa snör handtök til þess að bæði tónlist og myndlist fái notið sín í sölum hússins. Oft hefur þurft að færa verk og breyta sýningunum rétt á meðan tónleikarnir standa yfir. Því hefur hádegistónleikunum verið valinn tími í hádeginu á þriðjudögum en þá er safnið lokað, svo tími gefst til að stilla upp og ganga frá án þess að það valdi truflun á myndlistarsýningunum.

Fyrir utan þá tónleika sem Hafnarborg stendur að í samstarfi við ýmsa aðila er einnig hægt að leigja salinn undir tónleika og hafa fjölmargir aðilar nýtt sér það, jafnt kórar og söngvarar sem hljómsveitir. Má því segja að nálgunin við tónlist og myndlist sé þar ólík en nú eru allar sýningar í safninu boðssýningar sem samþykktar eru af listráði safnsins, eins og áður hefur komið fram. Við útleigur á húsinu til tónleikahalds er annar háttur hafður á en forstöðumaður er þar einvaldur – velur og hafnar. Það er reynsla þess sem þetta ritar að þeir aðilar sem sækjast eftir því að flytja tónlist í Hafnarborg hafi til að bera þann metnað og fagmennsku sem einkennir aðra starfsemi í húsinu. Oftast er um atvinnutónlistarmenn að ræða, sem leitast eftir því að flytja tónlist sem á vel heima í sérstakri nánd salarins.

Sumarið 2017 gekk Hafnarborg einnig til samstarfs við Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur, söngkonu, og til varð Sönghátíð í Hafnarborg. Listræn stjórn hátíðarinnar er í höndum Guðrúnar Jóhönnu og samanstendur dagskráin af tónleikum, námskeiðum og fleiru. Dagskrá hátíðarinnar og metnaðurinn við framkvæmd hennar er mjög í anda þeirra markmiða sem sett voru fram í stefnumótun stofnunarinnar fyrir árin 2014 til 2020.

## Rannsóknir

Frá því að Hafnarborg hóf starfsemi sína hafa komið út á vegum safnsins hátt í fimmtíu sýningarskrár og bækur, auk fjölmargra smárita. Þar hafa birst myndir og greinar um sýningar og listamenn, oftast en ekki niðurstöður listfræðilegra greininga og rannsókna. Í afmælisritinu frá 2008 bendir Pétur Þór Þórsson hins vegar á að framlög til rannsókna hafi í gegnum tíðina mátt vera ríflegri.<sup>26</sup>

Meðal rannsókna og útgáfa sem fengist hefur verið við er rétt að nefna þær umfangsmiklu rannsóknir sem safnið hefur staðið fyrir á ferli Eiríks Smith. Árið 1993 skrifaði Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, grein í afmælisrit Hafnarborgar, þar sem hann skoðar gjöf Eiríks til safnsins árið 1990 og setur verk hans í samhengi.<sup>27</sup> Fleiri rannsóknir á verkum Eiríks hafa fylgt í kjölfarið og þá hefur Hafnarborg gefið út nokkur rit um feril hans. Árið 2008 var hafist handa við viðamikla greiningu á öllum verkum Eiríks í safneign Hafnarborgar, sem Aðalsteinn Ingólfsson vann einnig. Þá hafa rannsóknarniðurstöður Aðalsteins nú verið settar inn í Sarp og eru þar með aðgengilegar almenningi. Í kjölfar rannsókna Aðalsteins var ákveðið að skoða feril Eiríks frekar og á næstu árum voru settar upp fimm sýningar sem hver fyrir sig tók fyrir ákveðið tímabil á ferli listamannsins. Ólöf K. Sigurðardóttir var sýningarstjóri sýninganna. Haustið 2015 kom síðan út einkar vegleg bók með yfirliti yfir feril Eiríks, bæði í texta og myndum.<sup>28</sup>

Það felst vissulega ákveðin áskorun í því að miðla rannsóknarniðurstöðum á sýningum, þar sem sýningar eru sjónrænn miðill sem hefur takmarkaðan líftíma. Til að styrkja miðlun sýninganna er oft nauðsynlegt að hafa texta, bæði til útskýringar fyrir gesti en ekki síður til að halda utan um þær hugmyndir sem liggja að baki sýningunum og til heimildar um innihald þeirra, hvort sem um er að ræða litla einblöðunga eða stærri útgáfur.

Að meðaltali hefur Hafnarborg gefið út tvær veglegar sýningarskrár á ári en að undanförunu hefur verið lögð meiri áhersla á texta, svo skrárnar megi heldur bæta fræðilegri vídd við sýningarnar. Til dæmis má nefna sýningarskrá með sýningunni Hugvit á verkum Einars Þorsteins Ásgeirssonar, arkitekts, þar sem Pétur Ármannsson, arkitekt, og Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands, rituðu greinar um feril og hugmyndafræði Einars. Með haustsýningu ársins 2017, Málverk – ekki miðill, fylgdi einnig sýningarskrá með greinum eftir sýningarstjórnann Jóhannes Dagsson, auk

viðtala við listamennina sem tóku þátt í sýningunni. Ætlast er til að bækurnar geti staðið sem sjálfstæð ritverk löngu eftir að sýningunum lýkur og verið framlag til fræðilegs samtals um viðfangsefnið.

## Gestaíbúð

Á efstu hæð gamla hússins er gestaíbúð en Hafnarborg hefur tekið á móti listamönnum þar til dvalar síðan árið 1986. Í upphafi var samið við stjórn Sveaborgar um að norrænir listamenn gætu dvalið í vinnustofunni í sjö mánuði á ári hverju. Þá var opið fyrir umsóknir Íslendinga í fimm mánuði á ári.<sup>29</sup> Til að byrja með sýndu gestir íbúðarinnar einnig oft í safninu og áskotnuðust safninu þá sömuleiðis verk eftir þá. Það hefur hins vegar dregið úr því á síðari árum. Íbúðin er nú auglýst á alþjóðlegum vettvangi og er mikill meirihluti þeirra sem hana nýta erlendir listamenn, hvaðanæva að úr heiminum. Er hún yfirleitt bókuð hátt í tvö ár fram í tímann. Í stefnu Hafnarborgar til ársins 2020 er kveðið á um endurskoðun á fyrirkomulaginu en markmiðið er að veita þeim sem dvelja í gestaíbúðinni fjölbreyttari tækifæri, svo sem varðandi samstarf við aðra listamenn og miðlun til áhugamanna um myndlist hérlendis.

## Lokaorð

Eftir að Péturín var ráðin til starfa sem forstöðumaður Hafnarborgar árið 1988 bættist smám saman í starfsmannahópinn. Fyrst gæslufólk, umsjónarmaður húss og sérfræðingar á skrifstofu, sem meðal annars sinna móttöku skólahópa, kynningarmálum og umsýslu við safnkostinn. Árið 2017 eru sjö starfsmenn við safnið í um fjórum stöðugildum. Árið 2015 sagði Ólöf K. Sigurðardóttir starfi sínu lausu til að taka við starfi sem forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur. Við stöðu forstöðumanns í Hafnarborg tók þá Ágústa Kristófersdóttir, safnafræðingur, en hún hafði áður gegnt starfi framkvæmdastjóra Safnaráðs og verið sýningarstjóri í Þjóðminjasafni Íslands, auk þess að hafa starfað sem deildarstjóri sýningardeildar hjá Listasafni Reykjavíkur.

Ýmis dagleg umsýsla um rekstur Hafnarborgar hefur á undanförunum árum færst frá skrifstofu stofnunarinnar yfir í miðlæga þjónustu hjá Hafnarfjarðarbæ. Starfsemin er nú rekin á kennitölu Hafnarfjarðarbæjar



og bókhald, launavinnsla og rekstur fasteignarinnar fer nú fram hjá bænum. Starfsmenn safnsins eru eins starfsmenn bæjarins og taka þátt í ýmsum sameiginlegum verkefnum með öðrum bæjarstofnunum, sérstaklega á sviði menningar og fræðslu. Hafnarborg heyrir undir sama svið og aðrar menningarstofnanir Hafnarfjarðarbæjar. Munurinn er þó sá að Hafnarborg lýtur sérstakri stjórn, er með eigið vörumerki og eigin heimasíðu, óháða síðu bæjarins. Þó Hafnarborg sé stofnun í eigu Hafnarfjarðarbæjar og hafi mikilvægu samfélagslegu hlutverki að gegna sem slík, byggist fyrirkomulagið enda á því að hún sé menningarstofnun sem þurfi að þekkjast undir eigin nafni, náí að skapa sér ímynd og viðhalda henni.

Hafnarborg tekur þátt í samstarfi safna á landsvísu, bæði í gegnum Félag íslenskra safna og safnmanna og Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráðs safna. Hafnarborg tekur einnig þátt í óformlegu samstarfi listasafna, þá sérstaklega í kringum sameiginleg hagsmunamál eins og höfundarréttarmál og samninga við myndlistarmenn. Það er mikilvægt að eiga í samstarfi við systurstofnanir og leita sameiginlegra leiða til að leysa þau vandamál sem upp koma. Flestar eru þessar stofnanir litlar og fálíðaðar og því mikilvægt að sameina kraftana þar sem við á.

Starfsemi Hafnarborgar er á margan hátt í föstum skorðum í dag og byggir á þeirri arfleifð sem eigendur, stjórnendur og starfsfólk hafa byggt upp á undanförunum áratugum. Það er þó óneitanlega í eðli slíkrar starfsemi að taka samhlíða breytingum, sem miða að því að aðlagast aðstæðum á hverjum tíma. Hafnarborg er ætlað að vera lifandi menningarmiðstöð en til þess að svo megi vera þarf rekstur hennar að vera sveigjanlegur og auðvelt að bregðast við, sé leitað til stofnunarinnar um að leggja sitt af mörkum til verkefna eða viðburða. Stefna Hafnarborgar er að vera vettvangur nýstárlegra verkefna og örva listsköpun af fjölbreyttum toga. Sé litið yfir dagskrá undanfarinna ára og umfjöllun um starfsemina verður ekki annað séð en að safnið starfi í takt við þá stefnu. Ásókn listamanna í samstarf við safnið er umtalsverð og áhugi á starfseminni mikill. En til að halda dampi sem skapandi staður þarf að vera á tánum og gæta að því að staðna ekki heldur vera síkvik og leitandi.

### Óprentaðar heimildir

Jónína Guðnadóttir. Viðtal við höfund, 1. desember 2017.

Pétrún Pétursdóttir. Viðtal við höfund, 27. október 2017.

Gjafabréf til stofnunar, er beri heitið Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. 1. júní 1983. Skjalasafn Hafnarborgar.

Bréf skrifað af Sverri Magnússyni til stjórnar Hafnarborgar, 20 nóvember 1989. Skjalasafn Hafnarborgar.

„Farsælu samstarfi að ljúka: Tríó Reykjavíkur kveður Hafnarborg eftir 100 tónleika, 16. september 2012“. Skjalasafn Hafnarborgar.

### Prentaðar heimildir

Aðalsteinn Ingólfsson, „Um stórgjöf Eiríks Smith og aðrar gjafir.“ Í Hafnarborg 1988-1993. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 1993.

„Annáll listastarfsemi í Hafnarborg 1988-1993“. Í Hafnarborg 1988-1993. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 1993.

Árni Grétar Finnsson, „Ávarp“. Í Málverkasýning. Gjöf Ingibjargar Sigurjónsdóttur og Sverris Magnússonar til Hafnfirðinga. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 1983.

„Forsætisráðherra lýsti Hafnarborg formlega opnaða“, Fjarðarpósturinn, 26. maí 1988, 11.

„Gistivinnustofa Hafnarborgar: Mikill áhugi listamanna.“ Í Hafnarborg: Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar: 21. maí 1988. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 1988.

Gísli Sigurðsson, „Hafnfirðingum gefið listasafn“, Lesbók Morgunblaðsins, 22. október 1983, 8-9.

Guðmundur Sveinsson, „Hafnarfjarðarbær efnir til sýningar á málverkagjöf í Háholti“, Fjarðarpósturinn, 13. október 1983, 1.

„Hafnarborg í miðbæ Hafnarfjarðar.“ Í Hafnarborg: Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar: 21. maí 1988. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 1988.

„Hafnarborg, ný menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar“, DV, 2. júní 1988, 44.

„„Hlutverk Hafnarborgar er að efla alhliða lista- og menningarlíf í bænum““, Alþýðublað Hafnarfjarðar, 16. desember 1988, 11.

Ingimar Haukur Ingimarsson, „Yfirlit yfir byggingarsögu Hafnarborgar.“ Í Hafnarborg: Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar: 21. maí 1988. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 1988.

„Maður getur átt sér draum.“ Í Hafnarborg: Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar: 21. maí 1988. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 1988.

Málverkasýning. Gjöf Ingibjargar Sigurjónsdóttur og Sverris Magnússonar til Hafnfirðinga. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 1983.

„Málverkasýningar í Hafnarborg frá 1984.“ Í Hafnarborg: Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar: 21. maí 1988. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 1988.

Ólöf K. Sigurðardóttir ritstjóri. Eiríkur Smith: Á eintali við tilveruna. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 2015.

Pétrún Pétursdóttir, „Hafnarborg menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar 1983-2008“. Í Hafnarborg 1983-2008. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 2008.

Pétrún Pétursdóttir, „Inngangur.“ Í Hafnarborg 1988-1993. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 1993.

### Neðanmálgreinar

1 „Maður getur átt sér draum“, 1988.

2 Gjafabréf til stofnunar, er beri heitið Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. 1. júní 1983.

3 Sama heimild.

4 Bréf skrifað af Sverri Magnússyni til stjórnar Hafnarborgar, 20 nóvember 1989.

5 Guðmundur Sveinsson, „Hafnarfjarðarbær efnir til sýningar á málverkagjöf í Háholti“, 1983, 1.

6 Árni Grétar Finnsson, „Ávarp“, 1983.

7 „Málverkasýningar í Hafnarborg frá 1984“, 1984.

8 Gjafabréf til stofnunar, er beri heitið Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. 1. júní 1983.

9 Málverkasýning, 1983.

10 Pétrún Pétursdóttir. Viðtal við höfund, 2017.

11 Ingimar Haukur Ingimarsson, „Yfirlit yfir byggingarsögu Hafnarborgar“, 1988.

12 Pétrún Pétursdóttir, „Inngangur“, 1993.

13 „Hafnarborg í miðbæ Hafnarfjarðar“, 1988.

14 Jónína Guðnadóttir. Viðtal við höfund, 2017.

- 15 „Hafnarborg, ný menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar“, 1988, 44.
- 16 Gjafabréf til stofnunar, er beri heitið Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. 1. júní 1983.
- 17 „Hlutverk Hafnarborgar er að efla alhliða lista- og menningarlíf í bænum“, 1988, 11.
- 18 Pétur Pétursdóttir. Viðtal við höfund, 2017.
- 19 Pétur Pétursdóttir, „Hafnarborg menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar 1983-2008“.
- 20 Pétur Pétursdóttir, „Inngangur“.
- 21 Pétur Pétursdóttir, „Hafnarborg menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar 1983-2008“.
- 22 Gísli Sigurðsson, „Hafnirðingum gefið listasafn“, 1983, 8-9.
- 23 „Málverkasýningar í Hafnarborg frá 1984“.
- 24 „Annáll listastarfsemi í Hafnarborg 1988-1993“.
- 25 „Farsælu samstarfi að ljúka: Trío Reykjavíkur kveður Hafnarborg eftir 100 tónleika, 16. september 2012“.
- 26 Pétur Pétursdóttir, „Hafnarborg menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar 1983-2008“.
- 27 Aðalsteinn Ingólfsson, „Um stórgjöf Eiríks Smith og aðrar gjafir“.
- 28 Eiríkur Smith: Á eintali við tilveruna.
- 29 „Gistivinnustofa Hafnarborgar: Mikill áhugi listamanna“.

# Listasafnið á Akureyri

Arndís Bergsdóttir

„the cultural sector is the one that drives civic trust and social self-confidence. It is the culture that we have that gives us our shared identity.” Ólafur Elíasson, Dezeen 9. júlí, 2018.

Í þessum inngangsorðum undirstrikar myndlistarmaðurinn Ólafur Elíasson samfélagslegt mikilvægi menningarsviða. Hann bendir á að í menningu felist sameiginleg sjálfsmynd og að hún ýti undir bæði sjálfsöryggi og traust milli einstaklinga. Samfélag<sup>1</sup>, í þessu samhengi, er hvorki fyrirfram gefin né óbreytanleg stærð. Það getur verið bæjarfélagið okkar, vinnustaðurinn, hugðarefni eða veröldin öll – allt ofangreint og meira til. Frá sjónarmiði safnafræði einkennast samfélög af samsafni einstaklinga með sameiginleg einkenni. Slík einkenni má nýta til áhrifa, til að mynda í pólitískum tilgangi. Á sama tíma eru samfélög hluti mennsku og svala þeirri þrá að finna til samtönnunar við aðrar manneskjur, hugmyndir og efni. Að efla samfélagslegt sjálftraust og tilfinninguna fyrir því að eiga „heima“ í heiminum virðist áriðandi í hnattvæddum heimi þar sem fólk, hlutir og hugmyndir hreyfast frá einum stað til annars á síauknum hraða.

Hér er ekki hægt að líta framhjá söfnum. En hvernig eiga söfn erindi við samfélög? Og hvernig eiga samfélög erindi við söfn? Þessar spurningar leggja grunninn að víðtækum umræðum um samfélagslegt gildi safna. Til að draga þá umræðu saman má nefna að söfn eru opinber rými sem flest hafa það að stefnu sinni – að minnsta kosti á yfirborðinu – að starfa í þágu almennings. Í ritgerðinni „Myndir“ sem var fyrst gefin út í Alþýðubókinni árið 1929 dregur Halldór Laxness upp þrautseiga mynd af sambandi safna og almennings – eða öllu heldur sambandsleysi: „Einn ljósasti vottur þess hve svonefnd æðri myndlist er sneydd almennu gildi nú á dögum er sú staðreynd að hún er látin á felustað, þar sem einginn er líklegur til að rekast inn nema sérvískupúkar og kellingar með skaftgleraugu,“<sup>2</sup>. Á þeim áratugum sem eru liðnir síðan Laxness lýsti söfnum sem samkomustað jaðarsettra kverúlanta hafa flest söfn íhugað hlutverk sitt sem opinber rými og beint starfsemi –

að minnsta kosti á yfirborðinu – að þjónustu við samfélagið og almenning. Þetta hlutverk safna hefur vakið víðtæka gagnrýna umræðu innan safnafræða sem enn stendur yfir. Kjarni þeirrar umræðu snýst að mestu um kennivald safna, samfélagslega ábyrgð og aðgengi almennings að sköpun frásagna og þekkingar. En ekki síður sveigjanleika, möguleika á margþættum hlutverkum og að söfn séu afl breytinga í sífellt flóknari heimi. Í ljósi þess að samfélög eru hvorki fyrirfram gefin né óbreytanleg stærð, heldur háð persónum og samhengi, þá hljóta söfn að þurfa næmi fyrir aðstæðum sem eru á sífelldri hreyfingu og í senn staðbundnar og alþjóðlegar.

Á þeim tuttugu og fimm árum sem liðu frá stofnun Listasafnsins á Akureyri fram að enduroppnun í nýjum og bættum húsakynnum í ágúst 2018 fór starfsemin ekki varhluta af hugmyndafræði og fyrirætlunum stjórnvalda. Þá hafa þrír safnstjórar starfað við safnið frá upphafi og hver þeirra með eigin áherslur sem hafa fléttast saman við hugmyndafræði á sviði menningar og lista. Þær áherslur hafa einnig tengst grasrótarstarfi myndlistarfólks á Akureyri. Því má ekki gleyma að uppbyggingu safnsins má einnig rekja til blómlegs iðnaðar í bæjarfélaginu en safnið fékk inni í verksmiðjuhúsnæði þegar sambland staðbundinna og hnattrænna breytinga leiddu til þess að iðnaðarframleiðsla á Akureyri leið smátt og smátt undir lok.

### **„Eitt verkefni, sem að vísu mun ekki kallast stórmál“**

Listasafnið á Akureyri var opnað eftir gagngerar endurbætur á Akureyrarvöku síðla í ágúst 2018. Húsnæði safnsins var stækkað, aðskildar byggingar voru tengdar saman<sup>3</sup> og ný rými voru tekin í notkun. Við það fjölgaði sýningarsölum til muna. Auk þess var öll aðstaða bætt, meðal annars til safnkennslu og varðveislu listaverka, kaffihúsi var komið fyrir á neðstu hæð safnsins og gestaíbúðir fyrir lista- og fræðafólk voru teknar í notkun. Þótt byggingarframkvæmdir og endurskipulagning rýma væru grunnurinn að breytingunum þá mörkuðu þær engu að síður þáttaskil í starfsemi safnsins og miðuðu að því að betrubæta umhverfi þess þannig að það þjónaði betur þörfum bæjarbúa en svalaði um leið afþreyingarþörf fólks. Við þessar breytingar virðist ásýnd bæjarins og þjónusta við ferðafólk fléttast saman við hagsmuni nærsamfélagsins. Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri bendir á að

„í öllum stærri borgum heims eru góð listasöfn meðal þess sem ferðamenn vilja helst heimsækja, ekki bara til að skoða nútímalist og kynnast listasögunni, heldur einnig til að njóta þess andrúmslofts sem einkennir góð listasöfn, glugga í bækur og drekka gott kaffi eða njóta annarra veitinga. Ég held að með þessum framkvæmdum komist Listafnið á Akureyri í slíkan flokk safna og verði eitt helsta aðdráttarafl og skrautfjöður bæjarins ásamt Akureyrarkirkju, Lystigarðinum, Sundlaug Akureyrar, Hofi, Leikhúsinu, Hlíðarfjalli og Græna hattinum. Framtíð lista og menningar er því sannarlega björt á Akureyri.“<sup>4</sup>

Áhersla á ferðalanga og þarfir þeirra snýst ekki eingöngu um samband safna við nærsamfélagið heldur, eins og víða þekktist, hugmyndir um að söfn séu áfangastaðir. Þau starfi á sameiginlegum staðbundnum vettvangi en gangi einnig þvert á hefðbundin landamæri. Samkeppnin á þeim vettvangi er mikil en Bruno Frey og Stephan Meier<sup>5</sup> hafa, til að mynda bent á að safngestir ferðist víðar og hafi því fjölbreyttari samanburð á söfnum en áður þekktist. Slíkt hefur áhrif á alla starfsemi safna, frá sýningargerð til stjórnunarháttanna en ekki síður á byggingar þeirra, eins og komið verður að hér á eftir. Þá hefur Mark Rectanus<sup>6</sup> bent á að söfn séu ekki endilega fórnarlömb hnattvæðingar heldur gegni þau mikilvægu hlutverki í ímyndarstríði sem teygir sig um veröldina.

Vægi ferðamannaíðnaðarins skilar ugglaut breytingum fyrir nærsamfélagið, en ljóst er að aukinn straumur ferðalanga, ásamt þeim hugmyndum sem almennt fylgdu samfélögum síð-iðnaðar, ýtti undir vilja bæjaryfirvalda á Akureyri til að efla listasafnið með stækkun og endurhönnun húsnæðis þess. „Síaukinn ferðamannastraumur hjálpar til, því það verður að líta til þess hvað [ferðamenn] vilja sjá, eitt af því er listasafn sem sýnir góð og skemmtileg verk“, segir Hlynur<sup>7</sup>. Orð Hlyns eiga samhljóm í hugmyndum sem fram komu á hugarflugsfundi árið 2015 þar sem bæjarbúum úr ýmsum greinum atvinnulífsins var stefnt saman. Til umræðu var meðal annars möguleg stækkun listasafnsins og hvernig væri hægt að nýta safnið og húsnæði þess til að „efla möguleika Akureyrar í menningu og listum, sem og í ferðaþjónustu“<sup>8</sup>. Í ársskýrslu Akureyrarbæjar árið 2015 er tekið fram að það hafi verið álit hópsins að stækkun safnsins og sameining tveggja aðskilinna húsa sem

listasafnið hafði til umráða væri leið til að ná því markmiði.

Þessi tengsl milli safna og stefnu sveita- og bæjarfélaga á sviði ferðamála virðist nokkuð algild á landsvísu þótt söfn vinni almennt úr þeim tengingum með mismunandi hætti. Þetta kemur fram í skýrslu um söfn og ferðaþjónustu sem kom út árið 2015 en þar er einnig bent á að stjórnvöld og opinberar stofnanir eigi snaran þátt í að móta hugmyndir eða stefnur um tengsl safna og ferðaþjónustu á Íslandi, bæði beint og óbeint<sup>9</sup>. Árið 2013 samþykkti Alþingi menningarstefnu sem var hluti af almennum markmiðum stjórnvalda sem voru sett fram í sóknaráætluninni 20/20. Í stefnunni kemur fram að menningarlífið sé lykilþáttur í uppbyggingu ferðaþjónustu og að sé ekki einungis mikilvægt fyrir þau sem búi á Íslandi „heldur einnig fyrir alla gesti þeirra og ferðamenn sem vilja kynnast fólkinu sem landið byggir og sögu þess,“<sup>10</sup>. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem litið er á söfn – og nánar tiltekið listasafn á Akureyri – sem hluta þjónustu við ferðafólk ekki síður en íbúana.

Árið 1960 er hugmynd um listasafn á Akureyri viðruð opinberlega þegar Jónas Jónsson frá Hriflu skrifaði grein í dagblaðið Dag. Jónas telur það að vísu ekki forgangsmál að stofna safn, eða efna til einhverskonar sýningarstarfs, en færir hinsvegar fyrir því rök að að slíkt gæti átt þátt í að auðga anda bæði íbúanna og ferðalanga. Hann segir:

„Mér hefur komið til hugar að benda Akureyrarbúum og Eyfirðingum á eitt verkefni, sem að vísu mun ekki kallast stórmál, en gæti þó orðið, ef vel væri fram úr ráðið, til ánægju og gagns fyrir fólk sem á heima á Akureyri eða kemur þangað að sumarlagi. Bending mín er sú, að andlegir og veraldlegir leiðtogar Akureyrarbæjar taki ráð sín saman um að koma á fót í kaupstaðnum safni með góðri íslenzkri list, sem verði opið nokkurn hluta dags að sumarlagi meðan gestkvæmt er í bænum og sumarleyfi standa yfir.“<sup>11</sup>

Ekki varð af því að listasafn væri byggt í bili, þrátt fyrir þessa áeggjan Jónasar. En hugmyndinni var vel tekið á Akureyri og nefnd var stofnuð á vegum bæjarins til að skoða málið. Í leiðara í dagblaðinu Degi nýtir leiðarahöfundur tækifærið sem fæst með ábendingu Jónasar til að hvetja til stofnunar listasafns og segir að tímabundið sýningarhald í lánshúsnæði sé einungis skammtímalausn. Hann bendir á að flestir bæjarbúar séu hlynntir



hugmyndinni um safn en viðunandi húsnaði vanti enn. Hann segir: „Þangað til viðunandi aðstaða fæst hér fyrir listaverkasafn, sem opið yrði öllum almenningi árið um kring, geta Akureyringar veitt sér hlutdeild í hinum mikla og listræna arfi, án teljandi kostnaðar, frelsað dýrmæt listaverk úr myrkvudum geymslum höfuðborgarinnar og notið þeirra í góðum húsakynnum hér fyrir norðan.“<sup>12</sup>

Það er líklega vegna viðbragðanna sem hvatning Jónasar, sem birtist í Degi árið 1960, er oft nefnd sem undanfari að stofnun listasafns á Akureyri. Listasafn á Akureyri varð hins vegar ekki að veruleika fyrr en rúmum þrjátíu árum eftir skrifin og grundvöllur og markmið safnsins urðu önnur en Jónas lagði upp með. Það fór heldur ekki svo að stofnun þess væri alfarið að undirlagi þeirra sem stýrðu „andlegum eða veraldlegum málefnum bæjarins“ á formlegan hátt. Engu að síður má færa rök fyrir því að andlegir og veraldlegir leiðtogar, eins og Jónas kemst að orði í greininni, hafi þrátt fyrir allt gegnt aðal hlutverki þegar Listasafnið á Akureyri var stofnað til gagns og ánægju fyrir nær- og fjærsamfélagið – og fyrir tilstilli myndlistarfólks og í aflögðu mjólkursamlagshúsi í öðru af tveimur helstu verksmiðjuhverfum bæjarins.

## Frá iðnaðarbæ í menningarbæinn Akureyri

Það er ekki öfugsnúið að umfjöllun um listasafn snúist að hluta um húsnaði þess. Eins og komið hefur fram er stækkun listasafnsins liður í því að gera Akureyri meira aðlaðandi sem áfangastað ferðafólks en auka líka hlut myndlistar í bænum og gera hana sýnilegri sem eflir ásýnd og ímynd bæjarins. Fleiri sýningarsalir gera safninu kleift að snerta breiðari hóp fólks – þar með talinna bæjarbúa – með fjölbreyttum framsetningum og margvíslegri listsköpun. Um árabil hefur það verið rannsóknarefni fræðafólks hvernig byggingar, þar á meðal listasafna, hafa gegnt veigamiklu hlutverki í endurreisn iðnaðarhverfa í Evrópu frá því rétt fyrir árhundraða skiptin – sér í lagi á evrópskum jaðarsvæðum. Þessar rannsóknir leiða í ljós að þegar iðnaður líður undir lok er litið til þjónustuhagskerfisins sem efnahagslegs haldreipis. Undirstaða þess, líkt og María V. Gómez<sup>13</sup> hefur bent á, er endurskipulagning og enduruppbygging á ímynd borganna. Slíkt muni ekki aðeins draga að sér fleiri ferðalanga heldur vera aðdráttarafl fyrir fyrirtæki og nýsköpun. Gómez



Grófgaril uppúr miðri síðustu öld. Mynd: Minjasafnið á Akureyri.

tekur Glasgow í Skotlandi sem dæmi en borgin endurmótaði hlutverk sitt á níunda áratug síðustu aldar sem miðstöð menntunar, útgáfu og myndlistar. Í raun gegndi myndlist og menning lykilhlutverki í ímynd borgarinnar og markaðssetningu á henni. Hluti þess fólst meðal annars í uppgerð gamalla verksmiðjuhúsa sem fengu ný hlutverk sem voru í samræmi við nýja ímynd borgarinnar og byggingu nýrra húsa undir menningarstofnanir auk verslunarkjarna. Samskonar þróun átti sér stað í borginni Bilbao á Spáni þar sem hönnun Frank Gehry á Guggenheim-safninu var í lykil hlutverki. Frey og Meier<sup>14</sup> benda á að safnið í Bilbao hafi orðið að stórstjörnu í sjálfu sér og gjörbreytt borginni. Samskonar hugmyndir komu fram í máli Þrastar Ásmundssonar þáverandi formanns menningarmálanefndar Akureyrarbæjar

á almennu málþingi sem haldið var árið 1991, tveimur árum fyrir stofnun Listasafnsins á Akureyri. Þar segir Þröstur „að í nágrannalöndunum hafi oft verið ákveðið að nýta gömul hús í miðbæ undir menningarstarfsemi í takt við nýja tíma. Með slíkri uppbyggingu vildu menn slá margar flugur í einu höggi: Bæta umhverfi, efla verslun og viðskipti, auka ferðamannastraum og loks auka vöxt og viðgang menningar“<sup>15</sup>.

Söfn ein og sér eru þó ekki líkleg til að skila miklum fjárhagslegum hagnaði að mati Frey og Meier<sup>16</sup>. Hinsvegar má ekki líta framhjá sérkennum safna en þar felst í raun menningarlegt gildi þeirra. Eitt af sérkennum Listasafnsins á Akureyri er hve samtvinnað safnið er grasrót listafólks sem kom sér fyrir í gílinu. Íbúar á Akureyri virtust á sama máli varðandi endurskoðun á umhverfi og nýtingu gömlu verksmiðjuhúsanna og samfélagslega þýðingu þess. Í viðtali sem birtist í Morgunblaðinu árið 1992 bentu nokkrir aðstandendur uppbyggingar í Grófargili á að „framkvæmdir við gilið snerti ekki eingöngu listalíf bæjarins heldur sé og um umhverfis- og skipulagsmál að ræða. Um sé að ræða endurskipulagningu á heilli götu í miðbæ Akureyrar, óaðlaðandi og líflausri götu sé breytt í listvin í hjarta bæjarins“. Og þeir bæta við: „Þarna á heilt samfélag eftir að myndast“<sup>17</sup>.

Burt séð frá hnattrænum hugmyndum síð-iðnaðarsamfélaga sem ýttu undir framkvæmdirnar við Listasafnið á Akureyri er eitt helsta sérkenni þess hve samofið safnið og húsnaði þess er starfseminni sem var upphaflega í húsunum, og bæjarbúum fyrrum iðnaðarþorpisins. Stutt er síðan verksmiðjuiðnaður leið endanlega undir lok á Akureyri en á síðari hluta 20. aldar var hann enn í miklum blóma og verksmiðjuhverfi bæði á Gleráreyrum og í Grófargili, sem er staðsett í hjarta bæjarins og gengur nú almennt undir nafninu Listagilið. Safnið byggir því, eins og Haraldur Ingi Haraldsson fyrsti safnstjóri Listasafnsins á Akureyri bendir á, á grunni menningararfs bæjarins<sup>18</sup>. Hlynur Hallsson núverandi safnstjóri bendir einnig á þessa samtönnun, í grein sem birtist í Morgunblaðinu í tilefni opunar safnsins eftir breytingar: „Á bak við húsið er brekka þar sem mjólkurbílar komu áður með mjólkurbrúsana en nú koma þar að sendibílar með listaverk. Það er táknað breyting, frá iðnaðarbæ í menningarbæinn Akureyri.“<sup>19</sup> Mjólkurbílarinn vísa til þess að Listasafnið á Akureyri hóf starfsemi í aflögðu húsnaði Mjólkursamlags KEA.

Húsið var tekið í notkun árið 1939 og var hannað undir mjólkurvinnslu

af arkitektinum Þóri Baldvinsyni en hann var einn af frumkvöðlum funkis stefnunnar á Íslandi og ber byggingin skýr merki þess.<sup>20</sup> Auk hefðbundinnar mjólkurvinnslu var stunduð ostagerð í húsnæðinu og er fyrrum ostageymsla mjólkursamlagsins þar sem nú er svokallaður Vestursalur listasafnsins. Ekki var gert ráð fyrir að listasafnið yrði lengi í húsnæði mjólkursamlagsins einu saman en til stóð að það flyttist á hæðina fyrir ofan sem strax í upphafi þótti henta sérstaklega vel fyrir sýningarhald. Þar var Brauðgerð KEA þó enn til húsa en ráðgert að gera húsnæðið að sýningarsölum fyrir listasafnið um leið of færi væri á. Þegar Akureyrarbær festi kaup á verksmiðjuhúsunum í Grófargili af KEA árið 1991 var einnig undirritað samkomulag um að KEA leigði húsnæðið undir Brauðgerðina næstu fimm árin og hefði leigurétt næstu fimm ár eftir það.<sup>21</sup> Til nokkurra ára hýsti húsið því bæði list- og brauðgerð, á sinni hæðinni hvort. Þegar Brauðgerðin flutti úr húsinu höfðu pólitískar aðstæður breyst og ekkert varð af því að fjármunum yrði varið í endurnýjun á húsnæði Brauðgerðarinnar svo það hentaði fyrir sýningarhald. Það liðu því tuttugu og fimm ár þar til upphaflegar fyrirætlanir um sýningarsali í því húsnæði urðu að veruleika, eða við þær breytingar á listasafninu sem lauk sumarið 2018.

Í námunda við gamla mjólkursamlagshúsið er Ketilhúsið. Það er yngst húsanna á þessum stað og byggt árið 1950. Húsið er hannað af Sigvalda Thordarsyni sem þá var nýkominn úr námi í Kaupmannahöfn og hafði tekið við starfi forstöðumanns teiknistofu SÍS. Upphaflega var húsið byggt til að hýsa katla sem framleiddu gufu fyrir verksmiðjurnar í grenndinni. Árið 1990 þegar rædd voru áform um að Akureyrarbær festi kaup á nokkrum verksmiðjuhúsum KEA í Grófargili, var hinsvegar strax kannað hvort hægt væri að breyta húsinu svo það rúmaði menningartengda starfsemi, til að mynda hljótleikahöll.<sup>22</sup> Um árabil var Ketilhúsið, eins og það er jafnan kallað, á forræði Gilfélagsins sem eru grasrótarsamtök listafólks og áhuga-fólks um listir og menningu á Akureyri, Menningarmiðstöðvarinnar og síðar Akureyrarbæjar sem tók við rekstrinum árið 2003. Í kjölfar aðkomu bæjarins var ráðist í framkvæmdir á húsinu og því breytt í fjölnotasal sem síðan hefur hýst ýmsa viðburði á borð við fundi, tónleika og listsýningar. Við hafnarbakkann reis hinsvegar menningarhús sem meðal annars myndi þjóna þessum viðburðum. Þegar menningarhúsið Hof var tekið í notkun árið 2010 varð ljóst að þessi nýju salarkynni tækju óhjákvæmilega við af Ketilhúsinu. Í

framhaldinu tók Listasafnið á Akureyri við rekstrinum. Sýningarrými safnsins stækkaði, og þótt nálægðin væri mikil var safnið nú í tveimur aðskildum húsum.

Akureyrarbær festi kaup á fleiri húsum í Grófargili árið 1991 eða hátt í fjögur þúsund fermetra af rými sem áður hafði hýst framleiðslu á matvælum af ýmsum toga. Í kjölfarið var voru einnig gerðar breytingar á umhverfi húsanna til að þau hentuðu betur undir nýja starfsemi og var til að mynda tekið fyrir þá þungaflutninga sem fylgja iðnaði til að skapa rými fyrir gangandi vegfarendur.<sup>23</sup> Flest húsanna sem bærinn festi kaup á voru nýtt fyrir menningarstarfsemi af einhverjum toga og var myndlistin í fararbroddi. Gilið sem hafði gengið undir nafninu Grófargil eða Kaupfélagsgilið var nú kallað Listagilið í almennu tali. Meðal fyrstu sýninganna í ný-uppgerðu Listasafni Akureyrar er samsýningin „Frá Kaupfélagsgili til Listagils“ sem segir þessa sögu og tengir safnið við uppruna sinn.

Sá kraftur og sú framtíðarsýn sem fylgdi grasrótarstarfi listafólks á Akureyri lagði grunninn að sambýli safns, listaskóla, vinnustofa og sýningarsala í aflögðum verksmiðjuhúsum. En fleira þurfti til. Hugmyndin um notkun verksmiðjuhúsanna fyrir lista- og menningarstarfsemi hafði lengi sveimað um meðal listafólks á svæðinu og nokkrir höfðu þegar fest kaup á húsnæði í gili. Fyrir var Myndlistarskólinn á Akureyri en skólinn hafði verið starfandi í uppgerðu verksmiðjuhúsi efnagerðarinnar Sjafnar frá árinu 1989. Í bæjar- og sveitastjórnarkosningum árið 1990 hafi málið þó farið á skrið en Alþýðubandalagið og Sjálfstæðisflokkur, sem áttu í nýju meirihlutasamstarfi í framhaldi kosninganna, höfðu sett uppbyggingu listastarfsemi í Grófargili í stefnuskrár sínar.<sup>24</sup> Þetta viðhorf stjórnvalda á Akureyri til uppbyggingar lista og menningarstarfs í tómum iðnaðarhúsum á töluverðan samhljóm við þær breytingar á alþjóðavísu sem sagt er frá hér að framan. Þótt viðsnúningurinn frá verksmiðju til myndlistarrýma sé af töluvert annarri stærðargráðu en tíðkaðist í þeim Evrópsku borgum sem nefndar hafa verið, þá má leiða líkum að því að sá gjörningur hafi – af hálfu bæjaryfirvalda – ekki síður verið liður í sköpun nýrrar ímyndar sem getur ýtt undir blómlegan efnahag. Háskólinn á Akureyri var stofnaður um svipað leyti og með tilkomu svæðis sem væri tileinkað menningu og listum var hægt að kalla fyrrum iðnaðarbæinn „menningar- og skólábæ.“

## „Þar sem almenningur geti notið fagurra málverka og annarra mynda“

Fyrir miðja síðustu öld, þegar iðnaður á Akureyri var um það bil að blómgast flutti Haukur Stefánsson, myndlistarmaður, til Akureyrar frá Vesturheimi þar sem hann hafði stundað myndlistarnám, meðal annars í Winnipeg og Chicago. Á Akureyri stundaði Haukur að mestu húsamálun þar sem það gaf meira í aðra hönd en listsköpun. Hann gerðist þó einnig leiktjaldamálari leikhússins en auk þess liggja eftir hann altaristöflur. Rekstur kvöldskóla í listmálun verður, hinsvegar, að teljast eitt mikilvægasta framlag hans til lista- og menningarstarfs á Akureyri. Allt að tuttugu manns sóttu skólann hjá Hauki í einu og voru nemendasýningar haldnar á vorin. Þær sýningar eru líklega meðal fyrstu listsýninga á Akureyri, en einnig héldu Freymóður Jóhannsson og Kristín Jónsdóttir sýningar í bænum. Meðal nemenda Hauks var „Listakonan í Fjörunni“ Elísabet Geirmundsdóttir. Árið 2015 hélt Listasafnið á Akureyri sýningu á verkum listakonunnar en hún var afkastamikil og hannaði meðal annars hús, málaði myndir, myndskreytti bækur auk þess að semja ljóð og sögur milli hefðbundinna heimilisstarfa og barneigna.<sup>25</sup> Þekktust er hún þó fyrir höggmyndir sínar en afsteypa af verkinu „Útþrá“ stendur við tjörnina í innbæ Akureyrar. Áður hafði Freymóður Jóhannsson, listmálari, haldið stutt námskeið í teikningu.<sup>26</sup> Þá birtist auglýsing í dagblaðinu Norðurlandi síðla árs 1901 þar sem Anna M. Magnúsdóttir auglýsir námskeið í útsaumi auk málun blóma með „bronselitum“<sup>27</sup>, færni sem meðal annars Torfhildur Hólm, skáldkona, hafði tileinkað sér og gefið ítarlegar leiðbeiningar um í tímaritinu Dvöl sem hún gaf út um skeið.<sup>28</sup> En Haukur hafði fleiri hugsjónir en eigin listsköpun og kennslu, þar á meðal listasafn sem staðsett væri á Akureyri.

Þótt grein Jónasar frá Hriflu í dagblaðinu Degi, þar sem hann bendir „Akureyrarbúum og Eyfirðingum á eitt verkefni, sem að vísu mun ekki kallast stórmál“ sé jafnan talin til upphafsorða um stofnun listasafns á Akureyri, þá gæti verið að vægi orða Jónasar hafi slegið skugga á tillögur um safn sem komið höfðu fram löngu áður – og þau fræ sem lögðu drög að uppvexti grasrótarinnar sem veitti Listasafninu á Akureyri nauðsynlegar undirstöður. Árið 1945 birtist viðtal í tímaritinu Vorið<sup>29</sup> við Hauk Stefánsson þar sem hann gagnrýndi að ekkert listasafn væri starfrækt á Íslandi, en þótt Listasafn Íslands hafi verið stofnað árið 1884 og sýningar haldnar á

safnkostinum bæði í Alþingishúsinu og Safnahúsinu við Hverfisgötu, þá fékk safnið ekki eigið sýningarrými fyrr en árið 1950. Haukur bendir á að þessu leyti sé Ísland aftarlega á merinni meðal annarra þjóða og „dreymir um, að Akureyri muni, er tímar líða, eignast sitt eigið myndlistarsafn, þar sem almenningur geti notið fagurra málverka og annarra mynda“.<sup>30</sup> Ekkert varð af safni að sinni, en vonin virtist lifa meðal Akureyringa – von sem hafði glæðst löngu áður en Jónas frá Hriflu viðraði við Akureyringa hugmyndina um „að koma á fót í kaupstaðnum safni með góðri íslenzkri list“<sup>31</sup> – sem yrði starfrækt í gagnfræðaskólanum yfir hásumarið. Um tveimur áratugum áður en Jónas viðrar hugmynd sína héldu listafólkið Barbara Árnason og Magnús Á. Árnason nokkar listsýningar í gagnfræðaskólanum. Í kjölfar einnar sýningarinnar ákveður Magnús að gefa Akureyrarbæ eitt verka sinna með þeim orðum að gjöfinn megi „auka þroska bæjarbúa sem mest, og að hér rísi upp á komandi árum listasafn, sem sambóðið sé hverju því bæjarfélagi, sem telur menningu og fagrar listir eina af grundvallarstoðum sínum“.<sup>32</sup> Hann segir að hvatann að gjöfnn megi rekja til tveggja kvenna: „Tvær alþýðukonur komu á sýninguna og greiddu aðgangseyri, eins og lög gera ráð fyrir, en þegar þær fóru út, heimtuðu þær að fá að borga aftur vegna þess, að þær hefðu skemmt sér svo vel! Þar sem alþýða manna hugsar þannig, finnst mér að hún ætti að hafa skilyrði til að njóta listar betur en nú er, bæði hér á Akureyri og annarsstaðar á landinu.“<sup>33</sup>

Magnús bendir bæjarstjóra á það í bréfi að þakka megi gjöfina „tveim fátækum konum“. Fleiri gjafir bærust Akureyrarbæ í von um að stofnað yrði safn. Árið 1965 barst bænum verk eftir Jóhannes Kjarval úr dánarbúi Jóninnu Sigurðardóttur með þeim orðum að verkið „mætti verða hvatning til þess, að stofnað yrði listasafn á Akureyri“.<sup>34</sup> Áður höfðu verið fest kaup á fáeinum verkum, til að mynda keypti bæjarstjórn verk eftir Freymóð Jóhannsson – mynd af Akureyri og umhverfi hennar.<sup>35</sup> Seint á níunda áratugnum nálgast safneignin þrjúhundruð verk, en ekki hafði orðið af stofnun safns að sinni þrátt fyrir gjafir og áeggjan.

Grein Jónasar frá Hriflu varð ekki það hreyfiafl sem hann hefur líklega vonast til. Engu að síður virðist hún hafa hreyft við bæjaryfirvöldum á Akureyri. Eins og bent er á hér að framan tók bæjarstjórn málið til skoðunar í framhaldi af skrifum Jónasar. Bæjarstórn Akureyrar skipaði nefnd um málið og með blessun menntamálaráðs Akureyrar var efnt til sýningar í



skólahúsnæði í bænum. Ekkert framhald varð á sýningarhaldi eftir þessa – að því er virtist vel undirbúnu – tilraun. Opinberlega var lítið fjallað um málefni lista og menningar á sjöunda áratugnum og fyrstu árum þess áttunda. Í því samhengi mætti kalla þau ár hin þöglu ár lista og menningar á Akureyri. Það átti þó eftir að breytast þegar ungt myndlistarfólk sem hafði farið utan til náms kom aftur í bæinn.<sup>36</sup> Hópurinn stóð til að mynda að stofnun Myndlistarfélags Akureyrar árið 1972 en um það leyti er kominn nokkur kurr í myndlistarfólk í bæjarfélaginu. Nú skyldi þögn síðustu ára rofin. Á þriðja tug manna mætti á stofnfund og var ákveðið að markmið félagsins væri að efla áhuga á myndlist með sýningum og listkynningum auk þess að koma á laggirnar viðunandi aðstöðu til sýningarhalds.<sup>37</sup> Meginbarátta félagsins fólst aftur á móti í stofnun myndlistarskóla. Tilraun var gerð til að koma á fót aðstöðu til námskeiðahalds og innrituðust á sjötta tug nemenda í Myndsmiðjuna. Guðmundur Ármann Sigurjónsson, ungur myndlistarmaður sem þá var nýkominn úr námi í Svíþjóð, var fyrsti skólastjóri skólans. Áhrif hans á ungt listafólk í bænum urðu veruleg.<sup>38</sup> Skólinn varð aftur á móti skammlífur og lagði upp laupana ári síðar. Myndlistarfélagið hætti einnig starfsemi skömmu seinna. Skólastarf hélt þó áfram, því Myndlistarskólinn á Akureyri var stofnaður í beinu framhaldi. Þar sem Akureyrarbær hafði ákveðið að styðja Myndsmiðju Myndlistarfélagsins um sem nam launum eins kennara þótti það sjálfsagt að fjármögnunin rynni til hins nýstofnaða skóla. Að auki gerði Akureyrarbær skólanum kleift að stunda starfsemi sína í húsnæði sem tekið hafði verið á leigu fyrir Námsflokka Akureyrar.<sup>39</sup> Það má greina undirliggjandi átakalínur milli myndlistarfólks á Akureyri og bæjaryfirvalda – og milli myndlistarmanna innbyrðis. Meðal annars í grein um Myndlistarskólann á Akureyri sem birtist í Degi með tilvísun í starfsemi skólans og lokun Myndsmiðju Myndlistarfélagsins: „Myndlistarskóli starfar í bænum með góðri þátttöku og stuðningi bæjaryfirvalda. Hinsvegar hafa forvígismenn Myndlistarfélagsins á Akureyri lýst því yfir, að það félag væri úr sögunni.“<sup>40</sup> Ljóst var að Akureyrarbær styrkti starf Myndlistarskólans en hygðist ekki leggja fé til lista og menningarmála að öðru leyti. Það kemur berlega fram í þættinum Vöku í Ríkissjónvarpinu að bæjarstjórn Akureyrar hafi engan áhuga á að sinna uppbyggingu listasafns næstu árin, fyrst skyldi huga að veraldlegri afkomu bæjarins.<sup>41</sup>

## Vatnaskil

Á Akureyri hafði myndast grasrót myndlistarfólks sem, samsíða Myndlistarskóla Akureyrar og þrátt fyrir lítinn stuðning bæjaryfirvalda, starfaði að listsköpun – en ekki síður miðlun. Nokkrir sýningarsalir voru settir á laggirnar í tengslum við störf myndlistarfólksins og má meðal annars nefna Gallerí Gluggann sem hafði verið starfandi í bænum um nokkurt skeið, Gallerí Háhól sem var rekið af myndlistarmanninum Óla G. Jóhannssyni og Rauða húsið sem var starfs- og miðlunarvettvangur nýlistafólks. Myndlistarfólk var engu að síður á hrakhólum og í leit að viðunandi vinnuaðstöðu og þótt óskin um safn færi ekki hátt á þessum tíma þá einkenndist þetta tímabil af mikilli gerjun.<sup>42</sup> Listsköpun og miðlun hennar var meðal annars komin langan veg frá hugmyndum Jónasar frá Hriflu um tímabundnar sýningar á listaverkum í eigu ríkisins. Einnig hugmyndum Hauks Stefánssonar og Magnúsar Á. Árnasonar um „fögur verk“ og „fagrar listir“. Það er heldur ekki hlaupið að því að skilgreina með vissu hvað geti fallið undir slík verk – eða tengsl samfélagsins á Akureyri við gerjunina í hinni vaxanda grasrót. Í því samhengi má samt nefna að verk Freymóðs Jóhannessonar, sem sett hafði upp sýningar í bænum á fyrstu áratugum síðustu aldar, þóttu „ósnortin af þeirri viðbjóðslegu öfgar- og brjálsemissstefnu sem nefnd er „futarismi““.<sup>43</sup> Þá hefur Þröstur Ásmundsson, fyrrum formaður menningarmálanefndar Akureyrar, bent á að bæjarbúar sýndu sýningu listakonunnar Käte Kollowitz lítinn áhuga í iðnaðarbænum Akureyri um miðja síðustu öld. Hinsvegar fékk sýning á verkum Jóhannesar Kjarval gríðarlega aðsókn. „Á örfáum dögum dreif að fleiri hundruð manns,“ skrifar Þröstur, „frí var gefið í framhaldsskólum bæjarins og stór áætlunarbíll kom með Húnvetninga sem komu gagnert til að sjá myndir Kjarvals“.<sup>44</sup> Í Rauða húsinu þar sem sannleikans var leitað með tilraunakenndum aðferðum nýlistarfólks létu Akureyringar sér „fátt um finnast og þeir sem þó sóttu sýningar Rauða hússins vöndust því fljótt að sjá óvenjuleg listaverk, oft uppi um vegg eða úti á miðju gólfi og þótti þau harla forgengileg“.<sup>45</sup>

Þessa vísa að viðhorfi má tengja hugmyndafræði og pólitísku andrúmslofti í tíma og rúmi – og listaverkunum, hinni efnislegu menningu. Þótt ekki hafi verið um eiginlegt safnastarf að ræða á Akureyri fyrr en á tíunda áratugnum þá var sýningarhaldi í mörgum tilfellum gert að leysa það af hólmi. Stofnun

safna á Íslandi er nátengd þjóðernishyggju og baráttunni fyrir sjálfstæði en einnig verður að hafa í huga að samband stórnvalda, safna og samfélaga var á fyrstu árum íslensks safnastarfs um margt frábrugðið því sem hægt er að ímynda sér í dag. Langt fram eftir síðustu öld byggði samband safna og safngesta, segir Stephen Weil<sup>46</sup>, á stigveldi þeirra sem réðu sýningum og þeirra sem heimsóttu þær. Í slíku umhverfi var kennivald safna óvæfengjanlegt og að mörgu leyti samtvinnuð valdi og fyrirætlunum stórnvalda. Svo aftur sé vikið að grein Jónasar frá Hriflu í dagblaðinu Degi má greina þetta viðhorf í skrifum hans. Hann beinir orðum sínum til „andlegra og veraldlegra leiðtoga Akureyrbæjar“, með öðrum orðum ráðamanna og tengir rekstur safns á Akureyri framfaravilja þeirra. Þau rök sem hann færir fyrir safni byggja á hughrifamætti listaverka og hvernig þau geti auðgað mannsandann sem leiði til betri verka. En hugmyndir Jónasar voru ekki fæddar í tómarúmi. Tony Bennett<sup>47</sup> hefur til að mynda bent á að söfn hafi gegnt veigamiklu hlutverki í þágu stórnvalda víða í hinum vestræna heimi. Millistétt stækkaði ört í borgarsamfélagi iðnbyltingarinnar og þótti það sjálfsagður fylgífiskur framfara að víkka sjóndeildarhring almennings, það er fræða hann og auka andagift með menningarlegum upplifunum. Á sama tíma, bendir Bennett á, hafi stórnvöld nýtt sér menningarlegar upplifanir á söfnum til að innræta almennungi þau gildi og viðmið sem var í samræmi við hagsmuni stórnvalda. Hér má benda á að Jónas frá Hriflu taldi aðgengi að listaverkum ekki síst mikilvægt ungu fólki. „Það væri hyggilegt,“ segir hann „að æskumenn landsins ættu kost á að kynnast því bezta, sem er til í íslenskri list strax á námsárunum. Bending mín um listasafn á Akureyri er byggð á þessari skoðun“.<sup>48</sup>

Vatnaskil urðu í uppbyggingu Listagilsins og stofnun listasafns á Akureyri í kjölfar bæjar- og sveitastjórnarkosninganna árið 1990 þegar Sjálfstæðisflokkur og Alþýðubandalag mynduðu nýjan meirihluta. Í samkomulagi flokkanna um meirihlutasamstarf kom fram að þeir væru meðal annars sammála um að vinna að því að „Akureyrbær styðji þau áform að gera Grófargil að miðstöð lista í bænum“. Þessi meinleysislega setning mitt í öðrum fyrirætlunum flokkanna átti fljótlega eftir að reynast afdrifarík. Húsin í Grófargili stóðu að mestu tóm en samhliða þverrandi iðnaðarframleiðslu eflist grasrótastarf á sviði lista og menningar. Þá hafði það einnig áhrif að stutt var á milli stjórnmalanna og menningarlífsins í bænum í þeim

skilningi að óformleg samskipti leiddu til skörunar þessara tveggja sviða.<sup>49</sup> Ný bæjaryfirvöld brugðust því skjótt við og efndu samstarfsheit sitt um uppbyggingu lista- og menningarsamfélags í Grófargili.

### „Safnið er komið í bæinn“

Það leið ekki á löngu þar til bæjaryfirvöld og grasrótin sameinuðust um uppbygginguna í Grófargili. Eftir að bærinn hafði fest kaup á húseignunum í gilinu skipaði hann svokallaða Gilnefnd sem var ætlað að hafa umsjón með framkvæmdunum fyrir hönd Akureyarbæjar.<sup>50</sup> Samtímis stofnaði myndlistarfólk í bænum með sér Gilfélagið og var Guðmundur Ármann fyrsti formaður félagsins. Hann hafði rétt fyrir bæjar- og sveitastjórnarkosningarnar, komið á framfæri framtíðarsýn sinni um Grófargilið sem miðstöð lista í bænum og bar sú sýn sterkan keim af listamannahverfum Parísar.<sup>51</sup> Ári síðar gerði Akureyrbær samning við Gilfélagið en eins og komið hefur fram fékk félagið yfirráð yfir hluta af eignum bæjarins í Grófargili. Á móti skyldi Gilfélagið sjá um nauðsynlegar lagfæringar á húsnæðinu og „menningarmiðstöðvarinnar í Listagili“. Þótt bæjaryfirvöld hefðu hugsanlega séð þarna leik á borði til að spara í rekstri húsanna og minnka áhættuna við fjárfestingar hafði vald sem fólst í uppbyggingunni líka flust til listafólksins sjálfs. Gilfélagið átti ekki einungis þátt í að byggja upp lista- og menningarstarf í gilinu, heldur lægði stofnun félagsins, að sögn Guðmundar, þær öldur sem höfðu risið meðal listafólks. Átökin snerust aðallega um rétt til afnota af því húsnæði sem bærinn hugðist leggja til. „Á tímabili logaði allt í heift, en með tilkomu félagsins breyttist andrúmsloftið. Þar eð félagið er opið öllum er ljóst að allt áhuga-fólk um listir getur haft áhrif á starfsemina í Gilinu,“ sagði Guðmundur í samtali við Helgarblaðið árið 1992, „Nú er hinsvegar stefnt að því að í Gilinu rísi allsherjar listamiðstöð.“<sup>52</sup> Hlutverk Gilfélagsins fólst því ekki einungis í uppbyggingu í Gilinu heldur var félagið, ekki síður, sameiningarvettvangur grasrótarinnar. Hún átti eftir að skapa Listasafninu á Akureyri nauðsynlegar undirstöður og umhverfi. Auk allsherjar listamiðstöðvar var það markmið Gilfélagsins með uppbyggingunni að halda uppi lifandi menningarstarfsemi sem væri aðdráttarafl fyrir almenning.<sup>53</sup> Og almenningur tók við sér. Mikil aðsókn var í þá viðburði sem Gilfélagið stóð að og benti Guðmundur Oddur Magnússon, sem tók við formennsku í Gilfélaginu af Guðmundi Ármanni,

að þótt starfsemin í Listagilinu hefði mikið aðdráttarafl fyrir ferðafólk þá hefði hún einnig jákvæð áhrif á sjálfsvirðingu og sjálfsmynd íbúanna: „Það er svo miklu skemmtilegra að geta sagt frá því með stolti að mikið sé að gerast hérna.“<sup>54</sup>

Á málþingi um menningu sem haldið var fyrri hluta ársins 1991 sagði Þröstur Ásmundsson, þáverandi formaður menningarmálanefndar Akureyrarbæjar og nefndarmaður í Gilnefndinni, frá áformum nefndarinnar í Grófargili. Meðal þeirra var sýningarsalur og fjölnotasalur í Ketilhúsi en hinsvegar skyldi hefja framkvæmdir á því húsnaði sem ætti að hýsa „Listasafn Norðurlands“. Samkvæmt tillögum nefndarinnar ætti starfsemi safnsins að vera þríþætt: varðveisla á listaverkasafni Akureyrarbæjar, sýningar í samvinnu við Listasafn Íslands, og móta skýra stefnu um sérstöðu safnsins á ákveðnu listasviði. Var það niðurstaða nefndarinnar að: „slíkt safn gegndi ómetanlegu fræðslu- og menningarhlutverki fyrir héraðsbúa, Myndlistarskólann og aðrar menntastofnanir á Akureyri. Auk þess gæti safn af þessu tagi haft mjög sterkt aðdráttarafl fyrir ferðamenn og orðið þegar tímar líða ein af merkilegri menningarstofnunum bæjarins.“<sup>55</sup>

Árið 1945 kom Haukur Stefánsson, myndlistarmaður, þeirri ósk á framfæri í samtalinu við „Vorið“ að listasafn yrði starfrækt á Akureyri. Í nær hálföld hafði myndlistarfólk og áhugafólk um menningu og listir sett fram sömu ósk. Frá sjónarmiði fagfólks og áhugafólks um menningu og listir, var Listasafnið á Akureyri loksins að verða að veruleika, í þríþættu samstarfi samfélagsins, bæjaryfirvalda – og fagfólks á sviði lista og menningar. „Á Akureyri þarf fólk ekki lengur að láta sér nægja að lesa um myndlist eða heyra af sýningum stóru húsanna fyrir sunnan. Því safnið er komið í bæinn“, sagði í frétt Morgunblaðsins í tilefni af opnun safnsins.<sup>56</sup>

## „Lífsfyllingin“

Listasafnið á Akureyri var opnað þann 28. ágúst árið 1993. Ekki varð úr að safnið fengi nafnið Listasafn Norðurlands, eins og þáverandi menningarmálafulltrúi hafði boðað á opnum fundi, heldur varð eining um að safnið yrði kallað Listasafnið á Akureyri. Nafngiftin skyldi vísa til þess hvar safnið væri staðsett en að það þjónaði engu að síður nærsveitum öllum. Mikil viðhöfn var við opnunina. Flutt var tónverk sem hafði verið samið í tilefni

opnunarinnar og flutt voru ávörp. Í einu þeirra kom fram að ekki hafi ríkt einhugur hjá ráðafólki og í samfélaginu um ráðstöfun á því fjármagni sem fór í uppbyggingu safnsins og Listagilsins og hafi andstæð sjónarmið tekist þar á. Forseti bæjarstjórnar, Sigurður J. Sigurðsson benti á að

„á tímum atvinnuleysis og samdráttar hafa margir talið að betur mætti með fjármuni fara en endurbyggja gömul hús undir starfsemi sem gæfi lítið í aðra höndina, nær væri að leggja fjármuni í fyrirtæki og skapa með þeim hætti grundvöll að betri lífskjörum. Það er sannarlega þörf fyrir ný störf í okkar þjóðfélagi um þessar mundir og ekki hjartir tímar, en lífsfyllingin verður ekki öll sótt með sama hætti. Fjölbætt mann- og menningarlíf er okkur svo mikils virði að þó nokkuð má á sig leggja til að styðja við þá merkisbera sem vilja efla menningu.“<sup>57</sup>

Tala Sigurðar vísar til áratugalangra átaka um sjónarmið sem snúist höfðu við á nýju kjörtímabili. Annarsvegar viðhorfa í ætt við þau sem fyrri bæjarstjórn hafði sett fram um forgang veraldlegra kjara og hinsvegar andleg lífs-gæði íbúanna. Og ekki síður – eins og lesa má úr hugmyndum ráðafólks í aðdraganda uppbyggingarinnar – hugmyndum um endurmótun á ímynd og atvinnumöguleikum bæjarins í stað viðhalds á iðnaðarsamfélaginu. Af viðtölum og blaðagreinum sem fjölluðu um listafólk og aðstandendur safnsins í tilefni af opnun þess, má hinsvegar greina mikla eftirvæntingu og snerist umræðan að miklu leyti um að draumur væri að rætast.<sup>58</sup> Um þúsund manns heimsóttu safnið helgina sem það opnaði.

Við opnunina var það markmið aðstandenda safnsins að það myndaði gátt milli listalífsins á Akureyri og annarsstaðar á landinu. Reyndin hafði verið sú að listasamfélagið á Akureyri hafði verið hornreka í fjölmiðlum: athyglin var mestmegnis á listalífinu í Reykjavík en lítið sem ekkert var fjallað um myndlist á Akureyri. Þá hafði sýningarhald, að mestu, einskorðast við heimahaga myndlistarfólks, bæði í Reykjavík og á Akureyri.<sup>59</sup> Að sögn Haraldar Inga, yrði safnið í þjónustu lista og menningar í landinu öllu og myndi afmá þau mörk sem virtust liggja á milli höfuðborgarinnar og landsbyggðanna. Markmið Listasafnsins á Akureyri yrði, að hans mati, að þjóna Norðurlandi öllu og sýna sem fjölbreyttasta list bæði úr samtímanum

og úr listasögunni, og eiga um leið í samstarfi við söfn á höfuðborginni.<sup>60</sup> Að sögn Haraldar Inga Haraldssonar, fyrsta safnstjóra listasafnsins, lagði byrjunin „þá línu sem mér finnst vænlegast að fylgja, hún er fjölbreytt eins og ólíkir salir safnsins bjóða uppá.“<sup>61</sup> Þá lagði safnið, strax í upphafi, mikla áherslu á safnfræðslu bæði grunnskólabarna og fólks á öðrum menntastigum. Markmið safnsins voru að mörgu leyti samhljóma sjónarmiðum bæjarins sem sneru að því að safnið skyldi vera „miðpunktur og sameiningartákn Listamiðstöðvarinnar í Grófargili. Það á að sinna fjölbættu hlutverki“<sup>62</sup> Safnið skyldi setja upp „metnaðarfullar sýningar“ og vera sýningarstaður starfandi listafólks. Það skyldi einnig vera gluggi að „sameiginlegum listaúði þjóðarinnar“ með samstarfi við Listasafn Íslands. Ekki var um eiginlega stofngjöf að ræða þegar safnið hóf starfsemi en að beiðni bæjaryfirvalda átti Listasafnið á Akureyri að hafa umsjón með þeim listaverkum sem bærinn hafði eignast á einhverjum áratugum en safneignin taldi á um þriðja hundað málverk þegar safnið var opnað.

Fram að opnun Listasafnsins á Akureyri hafði safneignin verið í vörslu bæjaryfirvalda en staðsett á skrifstofum og stofnunum víðsvegar um bæinn og því óvíst um viðunandi varðveislu. Þótt skipaður hafi verið umsjónarmaður með safneigninni virðist meðferð hennar, engu að síður, hafa mótast af viðhorfi bæjaryfirvalda. Þá var aðgengi almennings og skólafólks að henni lítið sem ekkert. Árið 1981 reyndu nemendur í Myndlistarskóla Akureyrar, til að mynda að fá aðgang að verkum í safneign í menntunarskyni. Eins og fram kemur í opnu bréfi nemenda til bæjaryfirvalda, þar sem slæmu aðgengi að safneigninni er mótmælt, virtist það ekki forgangsmál af hálfu umsjónarmanns verkanna að veita þeim haldbærar upplýsingar um verkin og staðsetningu þeirra. Þáverandi bæjarstjóri, Helgi M. Bergs, hafi hinsvegar brugðist illa við fyrirspurn nemendanna og taldi að skoðun á verkunum myndi trufla starfsfólk bæjarins í vinnunni. Ekki væri hægt að leyfa „svona“ hópum að vaða inn á skrifstofur einstakra starfsmanna, vegna ónæðis er af því hlytist,<sup>63</sup> segir í opnu bréfi nemendanna sem birtist í dagblaðinu Degi. Safneignin virtist þar með vera einskonar olnbogabarn, samkvæmt viðhorfi ráðafólks á Akureyri en inntur eftir listaverkagjöf Barböru og Magnúsar Árnasonar sem átti að vera vísir að safni svaraði þáverandi bæjarstjóri nemendunum á þá leið að „sumar gjafir væru hefndargjafir.“<sup>64</sup>

Gjafirnar sem starfandi listarmenn á Akureyri og ungt myndlistarfólk



gaf safninu í tilefni opunarinnar voru hins vegar síður en svo álitnar hefndargjafir. Á opunarsýningu Listasafnsins á Akureyri voru þrjár sýningarsalir safnsins og tveir klefar, sem áður höfðu gegnt hlutverki kæliklefa í mjólkursamlaginu, nýttir til að miðla þverskurði af norðlenskri myndlist í samræmi við markmið safnsins. Þar á meðal voru verk úr safneign Akureyrarbæjar, sem þá voru gerð bæjarbúum aðgengilega þar í fyrsta sinn. Sýningin átti að endurspeglar sögu norðlenskrar myndlistar (eins og henni hafði verið safnað af hálfu bæjaryfirvalda) en einnig grósku samtímans í myndlist með því að setja fram verk eftir starfandi myndlistarfólk. Þá var sýning á verkum brottflutts ungs myndlistarfólks sem átti uppruna á Akureyri eða í nágrenni bæjarins. Sýnendur á þeim hluta sýningarinnar áttu það sameiginlegt að hafa markað spor í íslenskri myndlist og fengist, um leið, við hagsmunabaráttu í þágu myndlistarfólks. Markmið opunarsýningar listasafnsins endurómáði á vissan hátt tilgang safnsins og var henni ætlað að veita yfirlit yfir fjölbreytni í íslenskri myndlist, en ekki síst að tengja fortíð, nútíð og framtíð með það fyrir augum að skoða, rýna í og um leið varðveita þjóðarímynd og sjálfsmynd Íslendinga.<sup>65</sup>

### „Þátttakandi í myndlistarlífinu en ekki aðeins þiggjandi“

Opnun Listasafnsins á Akureyri fór fram úr björtustu vonum aðstandenda. En hver var framtíð safnsins? Í skrifum í Pressunni segir: „Stóra spurningarmerkið í sambandi við Listasafnið á Akureyri er rekstur hússins. Engin fastmótuð plön liggja fyrir, hvorki listræn né fjárhagsleg.“<sup>66</sup> Mikið fé hafði farið í framkvæmdir við húsnæði gamla mjólkursamlagsins svo úr gæti orðið safn og voru fjármunir til reksturs safnsins því af skornum skammti.<sup>67</sup> Strax á fyrsta starfsárinu var myndað safnráð sem var skipað fulltrúum úr menningarmálanefnd bæjarins auk fulltrúa frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Hlutverk ráðsins var að fara yfir tillögur forstöðumanns um sýningarstefnu safnsins og innkaup á listaverkum. Fyrstu árin var safnið rekið af Akureyrarbæ og var rekstrargrundvöllur safnsins tryggður með fjárframlögum bæjarins.<sup>68</sup> Haraldur Ingi, þáverandi forstöðumaður safnsins var eini starfsmaður þess fyrir utan hálfa stöðu safnfulltrúa sem sinnti yfirsetu sýninga. Nokkrum árum eftir opnunina bættist við hálft staða safnfræðslufulltrúa. Yfirlýsing forseta bæjarstjórnar á opunardegi safnsins

um að „nokkuð [mætti] á sig leggja til að styðja við þá merkisbera sem vilja efla menningu” virtist ekki eiga við um aukinn fjárhaglegan stuðning við rekstur safnsins. Næstu árin markaðist stefna safnsins af þeim skorðum sem því voru settar af hálfu bæjarins. Þrátt fyrir það var það „draumurinn að safnið [gæti] víkkað út myndlistarheiminn á Íslandi.”<sup>69</sup> Safnið stóð við fyrri fyrirætlanir og sneri sýningaráætlun safnsins á fyrsta starfsári þess að klassískri myndlistarhefð sem og samtímalist og hafði áform um að „vera þátttakandi í myndlistarlífinu en ekki aðeins þiggjandi“<sup>70</sup>.

Næstu starfsár setti safnið upp sýningar sem snertu listalíf Akureyrar og samfélagið allt, líkt og barnalistasýning sem meðal annars fól í sér vinnustofur fyrir börn auk sýninga á verkum Jóns Laxdal, Guðmundar Ármann og Helga Vilberg. Einnig setti safnið upp sýningar sem höfðu sterka tilvísun út fyrir bæjarmörkin svo sem sýningu á verkum Karls Kvaran, Daníels M. Magnússonar og Jóns Óskars auk ljósmynda Klaus D. Francke. Að auki sýningar á hefðbundari verkum úr íslenskri listasögu til að mynda á verkum Kjarval og Ásmunds Sveinssonar, og jafnframt sýningar sem vöktu mikla almenna athygli - svokallað „blockbuster” sýningar – á verkum listamanna á borð við Erró, þar sem verk úr hinni umdeildu „Reykjavíkurgjöf“<sup>71</sup> voru sýnd í samvinnu við Kjarvalsstaði. Safnið átti strax í upphafi í góðu samstarfi við stærri söfnin á höfuðborgarsvæðinu. Árið 1998 var samstarfi þess við Listasafn Íslands komið í formlegan farveg með undirritun á samstarfssamning á milli safnanna tveggja. Samstarfið náði annarsvegar til sýninga en hinsvegar til tæknimála og almenns safnastarfs. Við undirritunina sagði Haraldur Ingi að hann vonaðist til að njóta góðs af því starfi sem Listasafn Íslands hefði unnið, meðal annars í fræðslumálum, safnkennslu og fyrirlestrahaldi. Auk þess myndi Listasafnið á Akureyri njóta góðs af þekkingu Listasafns Íslands hvað varðaði skilgreiningar og endurskilgreiningar á mismunandi starfsþáttum safnsins.<sup>72</sup> Á sama tíma fór safneign safnsins vaxandi en söfnunin virtist að mestu samfélagsstýrð. Þar var bæði um að ræða gjafir frá velunnurum þess og listafólki, en minna fór fyrir skipulagðri söfnun safnsins sjálfs. Sú upphæð sem Listasafnið á Akureyri hafði til kaupa á verkum leyfði ekki hraða uppbyggingu safneignarinnar og var „erfitt að reka ákveðna innkaupastefnu þegar fjárhæðin er ekki hærrí“<sup>73</sup>.

## Safngripir í miðju átaka: „Kattafár“ og Jóhönnuplastmálið

Á fyrstu starfsárum safnsins risu upp deilur um listaverkakaup þáverandi forstöðumanns og vörpuðu þær, ef til vill, ljósi á ákveðinn óstöðugleika sem virtist krauma undir í tengslum safnsins og samfélagsins í Listagilinu. Safnið festi kaup á listaverkum eftir köttinn Loka sem var í eigu Snorra Ásmundssonar myndlistarmanns. Talsmaður kattarins sagði að þessi innkaupastefna safnsins „sýnir aukna víðsýni safnsins og álit hans á því hafi vaxið.“<sup>74</sup> Reglur safnsins kváðu á um að safnstjóri gæti sjálfur, og án aðkomu safnráðs, ráðstafað litlum hluta af þeim litlu fjármunum sem safnið hafið til listaverkakaupa.<sup>75</sup> Kaupin vöktu engu að síður kurr í samfélaginu og má lesa úr því í frétt um málið að sá urgur væri ekki einungis vegna þessara tilteknu innkaupa heldur lægi að baki óánægja um stefnu og stjórnun safnsins. Kaupin voru talin „með ólíkindum“ og bent á að fyrir þau væri greitt úr vasa skattgreiðenda. Þá var haft eftir Helga Vilberg, myndlistarmanni og skólastjóra Myndlistarskólans að kaupin væru „eftir öðru“ þótt hann vildi ekki tjá sig nánar um til hvers væri verið að vísa.<sup>76</sup> Í umfjöllun um málið bendir Haraldur Ingi á að með kaupunum hafi hann viljað sýna galleríum í Listagilinu stuðning í verki. Hann benti ennfremur á að lítið væri til skiptanna fyrir listafólk á Akureyri. Markaðurinn fyrir myndlist, sagði hann, væri afar þröngur og því eðlilegt að eitthvað væri um „olnbogaskot og hnýtingar við þær kringumstæður.“<sup>77</sup> Það sem, ef til vill, kom upp á yfirborðið í „kattarfárinu“ virtust deilur milli fortíðar og nútíðar sem, að mati Haraldar Inga, spunnust út frá aðstöðumun og því hve lítil tengsl akureyrskir myndlistarmenn hafi haft við menningarlífið annarsstaðar í landinu fyrir tilkomu Listagilsins. Haraldur Ingi sagði í viðtali við dagblaðið Dag: „Ég held að það hafi breyst. Akureyri er öðruvísi myndlistarlega séð en fyrir fimm árum. Sú breyting er gríðarleg. Breytingar fara líka mismunandi með hagsmuni.“ Hann bendir ennfremur á að breytt umhverfi kalli á annarskonar áherslur: „Að vera forstöðumaður er engin vinsældakosning, í því starfi þarf að taka ákvarðanir en slíkt er umdeilt. Mér finnst gott að vita af hælbitunum því allt er betra en dáðleysið, að reyna að gera öllum til hæfis sem er ógerlegt, eða að vera gísl hagsmunahyggu.“<sup>78</sup> Undir yfirborði Listagilsins ríkti minni eining en virtist við fyrstu sýn. Ekki voru allir sáttir við aðgengi að sýningarsölum safnsins og fannst jafnvel að safnið færi í manngreinaralít þegar kom að

# Dagur-Tíminn

Verð í lausasölu 150 kr.

Miðvikudagur 6. ágúst 1997 - 80. og 81. árgangur 144. tölublað

Blað 1

Fréttir og hjómal

Lífeyrisþegar

## Kjaraskerðing og óvissa

**K**jör lífeyrisþega stjórnast af þróðingaráskilningum frá mánuði til mánaðar segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir alþingismaður.

Um þessi mánaðamót streymdu rúkkánir upp á 4800 krónur frá RÚV inn til lífeyrisþega sem njóta ekki lengur þeirra hlunninda að fá afnotagjöld fritt.

Að sögn Ástu Ragnheiðar Jö-hannesdóttur alþingismanns er þarna verulega klaufalega komið til mæti við fólk. „Ríkisstjórnin er að breytja sér af því að húska-bæturnar um 2% á sama tíma og svona bakreikingar koma til þeirra sem verst eru settir. Það munar verulega um tæpar 5000 krónur fyrir fólk sem er með 40-50 þúsund krónur í mánaðar-tekur og margir sem hafa þringt í mig eru afar óróuggir og jafnvel klökkir vegna þessa.“

Fólklið veit ekki lengur hver kjör þess eru því óvinandi vegur er að fylgjast með þeim. Hvað kemur næst frá ríkisstjórn sem tekur slíkar þróðingaráskilningar. Ef ríkisstjórn setlar að lita göð-erð sem Davíð hefur litið, ber-ast til líftilnagmans er þetta sam-erlega ekki leiðin.“



Verulsnarmannahelgin endist ekki endalaus þótt hún sé lengri en venjulegar helgar. Í gær hófst daglega lífið að nýju og rakst lýðsmeyndir Dags-Tímans þá á þessa netagerðarmenn að störfum á ÚA planinu á Akureyri.

Akureyri

## Kattafár í Listagilinu

**Loki myndlistarköttur selur Listasafninu á Akureyri verk sín; myndlistarmenn mis-ánægðir.**

**L**istakötturinn Loki hefur að undanförnu sýnt verk sín í gallerí eiganda síns, Snorra Ásmundssonar, og hafa verkin vakið nokkra hrifningu meðal þátttaka. Þeir eru þó nokkrir sem ekki urðu jafn glaðir þegar forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri keypti nokkur verk eftir köttinn. Snorri Ásmundsson myndlistamaður og eigandi Loka segir sig

og köttinn afar ánægða með þessu kaup. Verkin hafi reyndar verið ódýr, en þessi inn-kaupastofna safnsins sýni aukna vöðvöfn safnsins og dilt hans á því hafi vaxið. Snorri neitar því að finna til afbryði-semi vegna vöðvöfnu kattarins og segist hafa góður vonir um að hans eigin verk hljóti náð fyrir augum safnsins þegar hann hafi að þeim listaröna þroska sem kötturinn hafi onettanlega náð.

Samkvæmt Jóhannesson myndlistarmáður segir þessi kaup með ólíkindum. „Ef þetta er grun þá hef ég tekið þátt í betri fyndni on þetta og ekki þurft að greiða fyrir hana sjálfur sem skaltgöðandi. Hann segir onga ástæðu til að mótgast yfir þessu, þetta sé aðallega kjána-



Loki listaköttur ásamt eiganda sínum, Snorra Ásmundssyni.

legt í sama streng tekur Heið Vilberg, skólastjóri Myndlistarskóla Akureyrar. Hann segir

kötti; ég þekki hann aðeins.“

Haraldur Ingi Haraldsson, forstöðumaður Listasafns Akureyrar, segist vilja halda sig utan svona delna. Það sé skýrt í reglum safnsins að forstöðumaður ráðstafti 20% af þeim fjárumum sem safnið hafi til kaupa á myndlist. Hann segir mikinn uppgang hafa verið í gallerí Snorra Ásmundssonar og hjá gallerí Svartfagli í Listagilinu. Hann hafi viljað að safnið ætti verk sprottin úr þessu framtíki. Því hafi hann keypt verk í báðum galleríum, verk Loka hafi verið ódýr og kötturinn hafi ekki verið einn að verk þvi eigandi hans eigi nokkuð í verkunum. Að öðru leyti vilji hann ekki draga starfsemi safnsins niður á plan svona um-ræðu.

Bls. 6



Lifið í landinu

Allt of mikil drykkja



WILDO Perfecta Neysluvatnsdælur SINDRI -sterkur í verki



Frétt á forsiðu Dags-Tímans 6. ágúst 1997.

aðgengi að sýningarhaldi. Aðsókn almennings í Listagilið og safnið var góð, en safnið fékk á bilinu tíu til fimmtán þúsund heimsóknir á hverju ári.<sup>79</sup> Þegar fram liðu stundir samræmdu mörg sýningarrými opnanir á sýningum og til urðu svokallaðir opnunardagar, þar sem almenningur fjölmennti í Listagilið sér til gagns og skemmtunar.

„Kattafár“ Listasafnsins á Akureyri urðu ekki síðustu listaverkakaupin sem vöktu athygli. Árið 2012 keypti Sjónlístamiðstöðin (áður Listasafnið á Akureyri) plastmál með rauðu varalítafari sem Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrum forsætisráðherra, hafði drukkið úr í viðtali á Rás2. Málið var selt á uppboði í útvarpsþætti á RÚV en Hannes Sigurðsson, þáverandi framkvæmdatjóri Sjónlístamiðstöðvarinnar<sup>80</sup> átti hæsta boð. Í þetta sinn rann andvirði sölunnar til langveikra barna. Málið vakti talsverða eftirtekt, en nú aðallega hjá almenningi og vakti meðal annars upp umræður um meðferð listasafna á fjármunum og ennfremur þá þrautseigu spurningu: „er þetta list?“ Verkið var haft til sýnis á sýningunni Syntagma, en það átti einnig að þjóna markaðslegum tilgangi fyrir hina ný stofnuðu Sjónlístamiðstöð þar eð kaupin vöktu talsvert umtal.<sup>81</sup>

## „Að standa betur á eigin fótum“

Sjónlístamiðstöðin var stofnuð árið 2012 en átti sér þó, beint og óbeint, langan aðdraganda. Pólítískt rekstrarumhverfi Listasafnsins á Akureyri var erfitt strax í upphafi, eins og segir að framan. Ekki virtist vilji eða svigrúm hjá Akureyrarbæ að setja það fjármagn í reksturinn sem hefði þurft til að uppfylla viðunandi starfsemi listasafnsins miðað við þær áætlanir sem gerðar voru í upphafi. Árið 1996 undirritaði Akureyrarbær samning við Menntamálaráðuneytið um verkefni á sviði menningarmála. Samningurinn var hluti af verkefni um reynslusveitarfélög en Akureyrarbær var þátttakandi í því verkefni. Samningurinn fól meðal annars í sér að ríkið léti bænum í té fjármagn til menningarmála en ákvarðanir um ráðstöfun fjármagnsins væru alfarið á hendi bæjaryfirvalda. Af hálfu bæjarins voru helstu kostirnir við verkefnið taldir vera nálægð bæjaryfirvalda við menningar- og listalíf bæjarins<sup>82</sup>. Ári síðar segir Haraldur Ingi í samtali við dagblaðið Dag: „Mig [dreymir] um upplýsta stjórnámálamenn sem skilja mikilvægi myndlistar og þá stórbrotnu möguleika sem fyrir hendi eru að gera listir að enn stærri og



mikilvægari fyrir íslenskt og akureyrskt samfélag. Fengjum við tækifæri í listageiranum til að sanna okkur betur í samfélaginu þá fengjum við líka tækifæri og rétt til að krefjast meiri fjármuna inn í listageirann sem hann þarf á að halda.“<sup>83</sup>

Akureyrarbær hafði að lokum staðið fjárhagslega að baki uppbyggingu gömlu verksmiðjuhúsanna í Grófargili. Minni metnaður virtist þó vera fyrir aðkomu bæjarins að rekstrinum – og lítill skilningur á listum og menningu sem samfélagslega mikilvægum atvinnuvegi. Hann bætti við að húsakostur safnsins væri þröngur, enda hefði alltaf staðið til að safnið fengi efri hæðina í húsinu, þar sem er bæði mikið rými og lofthæð, eftir að Brauðgerðin hætti þar störfum. Lengri bið varð þó á því. Akureyrarbær seinkaði því að leggja fjármagn í fleiri stöðugildi og endurgerð húsnæðisins. Listasafnið fékk ekki hæðina til afnota fyrr en við endurbyggingu safnsins tuttugu og fimm árum eftir opnun þess.

Nýr safnstjóri, Hannes Sigurðsson, tók við Listasafninu á Akureyri árið 1999. Hannes var ekki ókunnugur safninu því hann hafði þegar sett þar upp tvær sýningar: Flögð og fögur skinn og Stálkonuna. Í fyrsta ávarpi sýnu í hlutverki safnstjóra gaf Hannes til kynna að breytinga væri að vænta á stjórnun safnsins. Hann benti á að með nýjum mönnun kæmu jafnan nýir siðir, „því einn maður mætti sín lítills ef vilji til breytinga væri ekki til staðar.“<sup>84</sup> Hann bætti því við að listasafnið hefði þegar slitið barnsskónum og ný öld væri í sjónmáli. Því væri „tímabært að huga að frekari uppbyggingu safnsins.“<sup>85</sup> Hannes lýsti sjálfum sér sem „menningarverktaka“ og hafði staðið fyrir fjölda menningartengdra verkefna á vegum fyrirtækis síns art.is áður en hann tók við starfi safnstjóra listasafnsins. Í viðtali við dagblaðið Dag segir Hannes að fyrrum safnstjóri safnsins hafi gert sér ljóst að fjárframlög til safnsins væru rýr og því væri starf safnstjóra að mörgu leyti starf einyrkjans. Verkefni safnsins væru hinsvegar mörg. Tækifæri gæti legið í því að tengja verkefni art.is og Listasafnsins og ná þannig fram samnýtingaráhrifum sem skiluðu sér í aukinni hagræðingu.<sup>86</sup> Í deiglunni voru stór verkefni í samvinnu við tölvuþróunarfyrirtækið OZ og Reykjavík menningarborg auk Kristnihátíðarnefndar.

Viðhorf nýs safnstjóra til safnamála endurspegluðu strax í upphafi, á margan hátt, þær fyrirætlanir Akureyrarbær og listafólk á Akureyri hafði við uppbygginguna í Grófargili, og ræddar hafa verið að framan. Hann lagði,

ennfremur, þunga áherslu á að rekstur listasafns væri samfélagsmál og áhrif þeirra næðu langt út fyrir ramma hefðbundinna skilgreininga á menningu og listum. Jafnframt væri safnastarf nátengt atvinnulífinu og menntun. Þegar vel væri staðið að starfi listasafna staðfestu þau mikilvægi einstaka borga og bæja.

„Og þau gera miklu meira – söfnin gera borgirnar spennandi og eftirsóknarverðari í augum allra hugsandi manna þegar best tekst til. Þau skapa ákveðna áru eða ímynd og gefa til kynna að fleira en brauðstriðið eitt sé í boði. Fyri ungt og metnaðarfullt fólk í leit að örvun og nýjum tækifærum getur slíkt haft úrslitaþýðingu upp á hvar það ákveður að taka sér bólfestu í framtíðinni. Listir og menning eru af sama meíði og æðri menntun og jafnframt skýrasti mælikvarðinn á þroskastig viðkomandi samfélags.“<sup>87</sup>

Í viðtali við Dezeen heldur myndlistarmaðurinn Ólafur Elíasson því fram að stjórnvöld í Evrópu afræki menningu innan samfélaga og líti í raun aðeins á menningarmál sem tæki til kynningar. Stjórnvöld láti undir höfuð leggjast að byggja upp þýðingarmikið menningarsvið en slíkt leiði óhjákvæmilega til brotinnar samfélagslegrar sjálfsmyndar og auki, að sama skapi, lýðskrum.<sup>88</sup> Hugmyndir Ólafs eiga við í dag, en þær eru einnig afsprengi hugmyndafræði nýfrjálsbyggju. Á Íslandi varð sú hugmyndafræði að meginstefnu ríkisstjórnarinnar, en í henni fólst gagngert endurmat á hlutverki ríkisins og samfélagslegra stofnana með tilvísun í hnattvæðingu. Sigurjón Baldur Hafsteinsson<sup>89</sup> hefur bent á að breyttir stjórnunarhættir ríkisins hafi ekki síður haft áhrif á menningarmál í landinu. Gerður var uppskurður á stjórnkerfi menningarmála og einkenndist ný menningarstefna af áherslum á til að mynda vöruvæðingu menningar, áherslu á skemmtanagildi og árangur sem væri sýnilegar meðal annars í fjölmiðlum og aðsóknartölum. Markmiðið var að minnka afskipti ríkisins og virkja um leið framtak einstaklinga, auk þess að styrkja menningarstarf sveitarstjórna. Í framhaldinu fengu sveitarfélög og félagasamtök aukið vald með sérstökum samningum við ríkið um meðhöndlun menningarmála, en eins og segir hér að ofan skrifaði Akureyrarbær undir slíkan samning árið 1996. Hvatning til samvinnu safna og einkafyrirtækja var einnig liður í þessum breytingum og endurspegladist



meðal annars í safnalögum sem voru sett árið 2001. Hvatningin átti að skila auknu valdi til uppbyggingar á safnastarfi í landinu og auka faglega þekkingu í rekstri safna. „Aukin samvinna þessara aðila dró hins vegar meiri dóm af áhuga einkaaðila á rými og staðsetningu safna, en þeirri starfsemi sem fór fram innan safnanna sjálfra, sem hafa fyrst og fremst skyldur við safnkostinn.“<sup>90</sup>

Sama ár og Hannes Sigurðsson tók til starfa er því velt upp í menningar-málanefnd og bæjarráði Akureyrar hvort rukka eigi aðgangseyri að safninu, en aðgangur hafði verið bæjarbúum sem og öðrum að kostnaðarlausu fram að þessu. Ennfremur var viðruð sú hugmynd að verk í eigu safnsins yrðu leigð út gegn gjaldi. Í umræðu um málið í fjölmiðlum segir Hannes að hugmyndin um aðgangseyri sé sjálfsögð. Sama eigi við um þóknanir vegna útlána á lista-verkum sem og annarri þjónustu sem safnið kunni að inna af hendi útávið. Þrýstingur sé frá hendi stjórnvalda í landinu að menningarstofnanir standi á eigin fótum og séu fjárhagslega sjálfstæðar. Almennungi þyki sjálfsagt að greiða fyrir menningarviðburði á borð við tónleika og leikhús og engin ástæða sé til að undanskilja myndlistarsýningar. Að mati Hannesar væru skýr tengsl á milli verðlags og virðis: „Þjóðfélag okkar setur samasemmerki á milli peninga og verðmæta. Af öllum listgreinum hefur myndlistin úr minnstum peningum að móða og þess vegna er gildi hennar jafn lítils metið og raun ber vitni. Staðreyndin er sú, að fólk kann betur að meta þá hluti sem það er látið borga fyrir.“<sup>91</sup>

Á sama tíma segist Hannes hinsvegar listasafnsins ekki sjá hvernig slík gjaldtaka gæti farið fram, þar sem safnið hefði ekki yfir þeim mannafla að ráða sem þyrfti til að sinna henni.

Stjórnarskipti urðu í bæjarstjórn Akureyrar í kosningunum 2002 þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur mynduðu stjórn, en Kristján Þór Júlíusson hélt áfram sem bæjarstjóri. Rúmu ári eftir kosningarnar varð art. is fyrsta einkafyrirtækið sem tók að sér rekstur opinbers listasafns á Íslandi þegar Akureyrarbær gerði samning við Listasafnið á Akureyri. Var nefnt að um spennandi tilraun væri að ræða sem báðir aðilar gætu notið góðs af. Í samtali við Morgunblaðið sagði bæjarstjórinn Kristján Þór: „Það má segja að við séum að þreifa okkur áfram með nýjungar í þeirri þjónustu sem bærinn veitir; veltum því fyrir okkur hvaða þjónustu við viljum veita sjálf og hvaða þjónustu við kaupum.“<sup>92</sup> Samningurinn endurspegladi endurmat á hlutverki

samfélagslegra stofnana með vísan í hugmyndafræði ný-frjálshyggju eins og bent er á hér að framan. Og þær hugmyndir um samvinnu safnastofnana og einkafyrirtækja sem fólust í safnalögunum 2001. Í samningnum, sem var til þriggja ára, kvað á um að art.is tæki við rekstri Listasafnsins á Akureyri, en ný heimasíða Listasafnsins á Akureyri hafði þegar verið kynnt undir veffanginu artak.art.is sama ár og Hannes tók til starfa. Í samningnum fólst einnig að Hannes myndi halda áfram í starfi safnstjóra og að bæjarsjóður Akureyrar myndi leggja fé til listasafnsins næstu þrjú árin líkt og undangengin ár. Hlutverk bæjarins væri að skilgreina þá þjónustu sem hann hygðist kaupa af art.is, semja um verð á henni og veita henni eftirlit.<sup>93</sup>

Í tíð Hannesar og art.is slógu sýningar jafnan gagnrýninn, jafnvel íronískan tón þar sem aðferðir myndlistarinnar voru notaðar til að varpa fram spurningum um manneskjuna, ríkjandi hugmyndafræði og samfélagslegar aðstæður. Má nefna sem dæmi sýningarnar Sjónauka, Losti 2000, Stríðsmenn hjartans og Bæ bæ Ísland. Þá voru einnig settar upp „stórsýningar“ til að mynda sýning á verkum Rembrandt og sýningin Facing China. Sjónarspilið sem var viðhaft í tengslum við margar sýninganna vakti einnig athygli almennings og þótti hafa skemmtanagildi:<sup>94</sup> Milli goðsagnar og veruleika, þar sem islamskt bænaákall hljómaði um Listagilið til móts við klukkurnar í Akureyrarkirkju og þjónarnir á opnun sýningarinnar klæddust hefðbundnum arabískum klæðnaði. Ennfremur á opnun Sjónauka þar sem skemmtikrafturinn Skari Skrípó skemmti gestum. Sýningarnar urðu nær hundrað talsins. Ekki var laust við að gustaði um þær, en margar þeirra þóttu stórhuga og vöktu mikla athygli. Megináhersla safnsins var að skapa sýningar í samstarfi við listafólk, sýningarsali og stofnanir. Lítil sem engin áhersla var hins vegar lögð á söfnun verka<sup>95</sup>– ef frá er talið Jóhönnuplastmálið sem fest voru kaup á í árdaga Sjónlistamiðstöðvarinnar.

## **Pverfaglegt starf á mörkum ólíkra listgreina**

Síðla árs 2005 kviknaði sú hugmynd að halda uppskeruhátíð sjónlista þar sem framúrskarandi fagfólk á sviði sjónlista væri verðlaunað á hátíðlegri athöfn að hætti Eddu verðlaunanna og Íslensku tónlistarverðlaunanna. Markmið verkefnisins var að beina sjónum að framlagi hönnuða og myndlistarfólks, stuðla að aukinni þekkingu og áhuga almennings á sjónlistum, og bæta

faglega þekkingarsköpun og atvinnumöguleika sjónlistarfólks á Íslandi. Ári síðar voru Sjónlistarverðlaunin Sjónlistarorðan veitt í fyrsta sinn og var athöfninni sjónvarpað á RÚV. Samtímis var sett upp samsýning þess sjónlistarfólks sem var tilnefnt til verðlaunanna. Að auki var haldið alþjóðlegt málþing um sjónlistir og bók gefin út með verkum þeirra sem hlutu tilnefningar. Verkefnið var samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Sambands íslenskra myndlistarmanna og Form Ísland, samtaka hönnuða.<sup>96</sup> Auk þess tóku valdir kostendur þátt í fjármögnun verkefnisins meðal annars Inn Fjárfesting og Glitnir. Fagverðlaunin voru veitt árið 2006, 2007 og 2008. Þau lögðust af í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og voru aðeins veitt einu sinni til viðbótar árið 2012. Sjónlistarverðlaunin voru veitt í tveimur flokkum: myndlist og hönnun. Áhrifa hugmyndarinnar um fagverðlaun á sviði myndlistar og hönnunar gætir enn og eru Íslensku hönnunarverðlaunin nú á vegum Hönnunarmiðstöðvar og Íslensku myndlistarverðlaunin á vegum Myndlistarráðs.

Áramótin 2011 og 2012 urðu þáttaskil í rekstri Listasafnsins á Akureyri þegar áformum um sameiningu safnsins og Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili var hrundið í framkvæmd. Menningarhúsið Hof hafði verið tekið í notkun haustið 2010 en með tilkomu hússins skapaðist svigrúm til að nýta Ketilhúsið á annan hátt en gert hafði verið þar sem menningarhúsið rúmaði bæði ráðstefnur, móttökur og tónleikahald. Rými varð því til að skapa sérhæfingu listgreina og viðburða þar sem áhersla var lögð á sjónlistir í Listagilinu. Sjónlistamiðstöðin varð því hattur fyrir annarsvegar listasafnið og hinsvegar Ketilhúsið. Hugmyndin var að Sjónlistamiðstöðin starfaði þverfaglega á mörkum ólíkra listgreina, til dæmis hönnunar og myndlistar. Við breytinguna stækkaði húsnæði listasafnsins þar sem Ketilhúsið var einnig nýtt til sýningarhalds. Að auki varð Deiglan sýningaralur ætlaður ungu myndlistarfólki og grasrótarsamtökum á sviði lista og menningar. Helsta breytingin var aukinn starfsafl. Í stað tveggja fastráðinna starfsmanna við Listasafnið á Akureyri, störfuðu sex manns við Sjónlistamiðstöðina. Að öðru leyti var rekstrarfyrirkomulag Sjónlistarmiðstöðvarinnar með svipuðu sniði og verið hafði, en gagnrýni á fyrirkomulagið varð sífellt háværari. Stjórn Myndlistarfélagsins á Akureyri gagnrýndi miðstöðina og Akureyrarstofu fyrir skort á fastmótuðum viðmiðum og tengsl við stofnanabundið lagaumhverfi.<sup>97</sup>

En breytingar voru í farvatninu. Í lok árs 2013 sagði Hannes Sigurðsson upp störfum og var Sjónlistamiðstöðin lögð niður skömmu síðar.

## Allsherjar endurbætur – húsnæði og hugmyndafræði

Hlynur Hallsson tók við stöðu forstöðumanns Sjónlistamiðstöðvarinnar vorið 2014. Fljótlega eftir ráðningu hans afgreiddi stjórn Akureyrarstofu og bæjarstjórn Akureyrar samþykkt þess efnis að áhersla yrði á safnahlutverk listasafnsins, sem hafði legið í dvala í tíð Hannesar Sigurðssonar. Sjónlistamiðstöðin var lögð af og nafni stofnunarinnar breytt að nýju í Listasafnið á Akureyri. Þegar var hafist handa við að uppfylla kröfur safnalaga um viðurkennt safn auk söfnunar á verkum í safneign. „Starfsfólk safnsins mun því sinna lögbundnu hlutverki þess sem er meðal annars að skrá, miðla og rannsaka,“ segir Hlynur. „Auk þess að safna myndlist, en í meira en tíu ár hafa ekki verið keypt ný verk til safnsins.“<sup>98</sup> Þá áttu einingar á borð við Ketilhúsið, Deigluna og gestavinnustofa að heyra undir Listasafnið á Akureyri. Listasumar, sem var samstarfsverkefni Akureyrars listafólks og áhugafólks um menningu, var endurvakið eftir nokkurt hlé. Og gjörningahátíðin A!, sem er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, LÓKAL alþjóðlegrar leiklistahátíðar, Reykjavík Dance Festival og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, var fyrst sett á dagskrá síðsumars 2014. Fleiri breytingar hafa verið gerðar eða eru í farvatninu – annaðhvort endurvakning eldri viðburða líkt og Listasumar eða framkvæmdir nýlegra hugmynda á borð við gjörningahátíðarinnar A!

Listasafnið á Akureyri hefur frá fyrstu tíð lagt áherslu á safnfræðslu en breytingar á húsnæði safnsins miða að því að gefa þeim þætti starfseminnar enn meira rými – bæði efnislega en einnig í hugmyndafræði og starfsemi safnsins. Það undirstrikar þetta markmið að opnunarsýning safnsins í safn-kennslurýminu teflir saman tveimur kynslóðum listamanna sem má snerta og nota til uppgötvunar: „Þetta eru allt litrík verk“, segir Hlynur, „sem henta vel til að auðga ímyndunaraflíð.“<sup>99</sup> Víða er lögð áhersla á ímyndun og vangaveltur, sérstaklega í safnastarfi sem miðast við börn og unglunga, en stefnan er talin geta ýtt undir nýjar hugmyndir um framtíðina og nýstárlegar lausnir í sífellt flóknari heimi. Hilde Hein<sup>100</sup> hefur til að mynda bent á að nám svali ekki aðeins þörf heldur veki það upp þrá. Söfn séu bæði afurð og



Frá fyrirlestri Signýjar Pálsdóttur um vinnu Arnar Inga Gíslasonar myndlistarmanns við hönnun leikmynda. Hluti sýningarverkefnisins Örn Ingi Gíslason: Lífið er LEIK-fimi 2018. Mynd: Þórarinn Stefánsson.

uppspretta slíkra langana. Fjölskylduleiðsagnir og safnfræðsla hafa verið snar þáttur í starfsemi listasafnsins síðustu ár en gert er ráð fyrir að fræðsla þar sem áhersla er á börnin í bænum njóti góðs af rými sem er sniðið að þörfum grunnskólabarna og annarra nemenda.

Aðrar nýjungar má nefna að Hlynur hefur nýtt stöðu sína sem safnstjóri til að taka virkan þátt í hagsmunabaráttu undirskipaðra hópa og baráttu fyrir mannréttindum. Þar setur Hlynur sig í hóp með safn- og sýningarstjórum á borð við Laura Raicovich fyrrum safnstýru Queens Museum í New York og Nancy Spector sýningarstjóra MoMA í New York auk margra annarra. Hlynur hefur bent á þá slagsíðu sem felst í því að við gerð sýninga á söfnum fái allir greidd laun nema listafólk. Framlag þeirra sé ekki metið til jafns við aðrar vinnandi stéttir og lan oftast vinni listafólkið sjálfboðavinnu í þágu safna og samfélagsins alls. Laun til listafólks, segir hann, eigi að vera eðlilegur hluti af rekstrarkostnaði safna: „Listasöfnin vilja borga myndlistarmönnum og málið snýst ekki um stórar upphæðir enda ekki um hálaunastétt að ræða.“<sup>101</sup> Listasafnið á Akureyri er annað listasafnið á Íslandi sem tekur upp verklagsreglur í samræmi við átakið Við borgum myndlistarmönnum/Greiddum listamönnum sem voru samþykktar af Sambandi íslenskra mynd-

listarmanna. Í fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2018 var gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingu til að standa að baki verklagsreglunum. Sú fjárveiting nær þó aðeins að fjármagna hluta verkefnsins og gerir stjórn Akureyrarstofu ráð fyrir því að þeir fjármunir sem vanti uppá til að fjármagna verkefnið að fullu séu þegar fyrir hendi í rekstri safnsins.<sup>102</sup> Þá hefur Hlynur lýst því yfir að opinber stefna safnsins snúi meðal annars að femínískum sjónarmiðum. Árið 2015 sagði hann á blaðamannafundi: „Það verður hörku slagsíða á þessu ári konum í vil. Það er gert með vilja. Í ár eru 100 ár frá því að fyrstu konurnar á Íslandi fengu kosningarétt. Ég er þeirrar skoðunar að konum sé ekki gert nægilega hátt undir höfði í myndlistinni og þá verður maður að taka þann kúrs að veita konum sérstaka athygli.”<sup>103</sup>

Hlynur nefnir ennfremur að konur séu um 80% af útskrifuðu myndlistarfólki á Íslandi en aðgengi þeirra að sýningarhaldi sé hinsvegar í engu samræmi við það hlutfall. Hlynur segist hafa verið yfirlýstur femínisti löngu áður en gengið var frá ráðningarmálum um nýjan safnstjóra og ættu áherslur sem snúi að kynjajafnrétti því ekki að koma yfirstjórn safnsins á óvart. Fólk hefði jafnvel búist við femínískum áherslum strax í upphafi.<sup>104</sup> Þá lýsti Hlynur því yfir þegar hann tók við stöðu safnstjóra listasafnsins að mun betur yrði hugað að listafólki á starfsvæði safnsins. Sú vending frá því sem verið hafði tvinnast meðal annars við þá stefnu að safnið stundi á ný söfnun á verkum listafólks á starfsvæðinu – en litlu sem engu hafði verið bætt í safneignina síðan Jóhönnuplastmálið var keypt í markaðsskyni. Þá hefur myndlistarfólk á svæðinu fengið sýningarvettvang fyrir listsköpun sína. Líkt og Ólafur Elíasson segir í upphafsorðum ritgerðarinnar, telur Hlynur að mikilvægt sé að ýta undir sjálfsmynd listafólks og samfélagsins alls á svæðinu – „Gott myndlistarlíf þýðir gott mannlíf.”<sup>105</sup>

## Lokaorð

Söfn eru hreyfiafl og afurðir samfélagslegra og hnattrænna hreyfinga. Þau eru, þrátt fyrir allt, háð flóknu samspili hugmynda, efnis og aðstæðna. Auk þess tvinnast saman þær breytingar sem eiga sér stað í veröldinni allri og þarfir nærsamfélaga. Líkt og Haraldur Ingi Haraldsson, fyrsti forstöðumaður safnsins, benti á í tilefni af fyrstu sýningu Listasafnsins á Akureyri: „umræðan um opnari heim og meira flæði milli menningarsvæða hefur á síðari árum

kennt þjóðum og þjóðarbrotum nauðsyn þess að varðveita sérkenni sín jafnframt því að njóta góðs af þróuninni.<sup>106</sup> Orð Hlyns Hallssonar, fyrr í þessum kafla, um tengsl safna, ferðamennsku og nærsamfélaga undirstrika þetta enn frekar og vísa ennfremur til þeirra breytinga sem orðið hafa á hugmyndum um listasafn á Akureyri á þeim 25 árum sem eru liðin frá stofnun þess.

Opinber rök fyrir rekstri listasafns byggðu að mestu á þjónustu við ferðafólk. En það er ekki síður velferð samfélagsins alls sem hefur verið í húfi. Hvað telst til velferðar samfélagsins – og hverjir teljast til samfélagsins – hefur breyst í tímans rás. Jónas Jónsson frá Hriflu reifaði tengsl myndlistar og framfarahugsunar þegar hann hélt því fram að ungir menn fengju aukna andagift í nálægð við fallega myndlist og undirstrikar þar með karllægni myndlistar og menntunar.<sup>107</sup> Nær sextíu árum síðar leggur Hlynur Hallsson drög að femínískum áherslum í safnastarfi. Hugmyndafræði hvers tíma á sér einnig víðari skírskotanir en leggur á sama tíma drög að efnislegri tilveru safnsins. Húsnæði safnsins, í aflögðum verksmiðjuhúsum, á rætur í vest-rænum hugmyndum um endurnýtingu iðnaðarhúsa og endurbyggingu á ímynd og tilgangi fyrrum iðnaðarbæja. Vegferð Akureyrar fólst í þróun úr iðnaðarbæ í skóla- og menningarbæ. Hér tvinnast saman uppgangur og hrun iðnaðar en átök milli þess tíma sem er að líða og hugmynda nýfrjálshyggju kristallast meðal annars í þeirri ákvörðun bæjarstjórnar Akureyrar á áttunda áratugnum að frekar ætti að leggja fé í veraldlega afkomu bæjarbúa heldur en andlega upplýftingu í gegnum menningu og listir. Í breyttum heimi lutu slíkar hugmyndir í lægra haldi. Sá meðbyr sem skapaðist í kjölfar annarskonar hugmyndafræði og fyrir tilstilli listafólks og áhugafólks um menningu á Akureyri gerði stofnun Listasafnsins á Akureyri loks að veruleika. Frekari sviptingar áttu sér stað, sumar minniháttar, aðrar meiri. En söfn eru, þrátt fyrir allt, lifandi stofnanir, háðar jafnt innri sem ytri þáttum.

Listasafnið á Akureyri er samþætt afurð hnattvædds heims og staðbundinna aðstæðna sem eru breytilegar. Því er óhjákvæmilegt að safnið sé á hreyfingu líka. Sú mynd sem hefur verið dregin upp í þessum kafla kristallast í orðum Hlyns Hallssonar safnstjóra þegar hann talar um starfsemi Listasafnsins á Akureyri í núverandi mynd: „Við ætlum bæði að horfa inn og út, vera bæði alþjóðleg og lókal.



## Óprentaðar heimildir

Haraldur Ingi Haraldsson. Viðtal við höfund, 7. mars, 2018.

## Prentaðar heimildir

„Akureyrarbær keypti í gær húseignir og lóðir KEA í Grófargili: Talsmenn Akureyrarbæjar og KEA sammála um að kaupverðið sé lágt“, Dagur 5. júní, 1991, 1.

„Allsherjar Listamiðstöð í Listagili“, Helgarblaðið 14. febrúar, 1992, 20.

Anna M. Magnúsdóttir, „Kenslu“, Norðurland, 22. október, 1901, 15.

„Art.is tekur við rekstri Listasafnsins á Akureyri“, Morgunblaðið 21. desember, 2003, 1.

Ágúst H. Bjarnason, „Á Hrakhólum í nær heila öld“, Morgunblaðið 10. janúar, 1985, 22.

Bennett, Tony, *The Birth of the Museum: History, Theory, Politics*, Oxon and New York: Routledge, 1995.

Bennett, Tony og Macdonald, Sharon, „Civic Seeing: Museums and the Organization of Vision.“ Í *A Companion to Museum Studies*, Malden, Oxford and Chichester: Wiley-Blackwell, 2011.

Björn Þorláksson, „Röttæk vending - heimafólki í hag“, Akureyri Vikublað 15. janúar, 2015, 12-13.

Crooke, Elizabeth, *Museums and Community: Ideas, Issues and Challenges*, Oxon: Taylor & Francis, 2007.

„Kattafár í Listagilinu“, Dagur - Timinn 6. ágúst, 1997, 1.

„Draumur verður að veruleika“, Dagur 27. ágúst, 1993, 6.

Edda Eiríksdóttir, Listakonan í fjörunni. Elísabet Geirmundsdóttir, Akureyri: Delta Kappa Gamma, Beta-deild, 1989.

Einar Falur Ingólfsson, „Listasafnið á Akureyri opnar að nýju ‘Gamall draumur er að rætast’“, Morgunblaðið 23. ágúst, 2018, 60-61.

Eiríkur Sigurðsson, „Myndlistarmaður. Viðtal við Hauk Stefánsson, listámalara“, Vorið, apríl 1945, 33-37.

Elísabet Pétursdóttir, Gunnar Haraldsson, Marta Guðrún Jóhannsdóttir, Arndís Bergsdóttir, Anna Guðrún Ragnarsdóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinnsson, Söfn og ferðaþjónusta, Reykjavík: Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2015.

Eydís Einarisdóttir, „Gjafir til safna. Erró og áskoranir Listasafns Reykjavíkur“, Óbirt meistaratritgerð, Háskóli Íslands, 2015.

„Frá bæjarstjórn: Akureyrarbæ gefið málverk“, Alþýðumaðurinn 6. maí, 1965, 1.

Frey, Bruno S. og Meier, Stephan, „Cultural Economics.“ Í *A Companion to Museum Studies*, ritstj. Sharon Macdonald, Malden, Oxford and Chichester: Wiley-Blackwell, 2011.

„Jólagjöfina handa vini ykkar eigið þið að kaupa á málverkasýningu Freymóðs Jóhannssonar“, Dagur 3. desember, 1926, 194.

Gómez, María V., „Reflective Images: The Case of Urban Regeneration in Glasgow and Bilbao.“ *International Journal of Urban and Regional Research* 22 (1) 1998, 106-21.

Guðrún Harpa Örvarsdóttir, „Furðum okkur á rökum Þórgnýs“, Akureyri Vikublað. 17. október, 2013, 8.

Guðrún Þóra, „Menning í verksmiðjuhúsum: Listagil“, Morgunblaðið 18. júlí, 1992, B1-B2.

Gunnar Árnason, „Listasafnið á Akureyri“, Pressan. 2. september, 1993, 20.

Hein, Hilde, „Assuming Responsibility: Lessons from Aesthetics.“ Í *Museum Philosophy for the 21st Century*. Ritstjóri Hugh H. Genoways, Oxford: Altamira Press, 2006.

Halldór Laxness, Alþýðubókin, Reykjavík: Helgafell, 1949.

Haraldur Ingi Haraldsson, „Skapandi kraftur í menningarstarfi. Vænlegur bær fyrir listunnendur“, Morgunblaðið 14. desember, 1995, D8-D9.

Haraldur Ingi Haraldsson, „Formálsorð.“ Í Listasafnið á Akureyri. Opnunarýfning 28. ágúst til 30. september 1993, Akureyri: Listasafnið á Akureyri, 1993.

Hlynur Hallsson, „Breytingar hjá Listasafninu á Akureyri“, Akureyri Vikublað 17. júlí, 2014, 8.

Hlynur Hallsson, „Við viljum borga myndlistarmönnum“, Fréttablaðið 20. nóvember 2015, 16.

„Hugmyndir um Listagil og viðbyggingu Amtsbókasafnsins á Akureyri skarast“, Dagur 16. nóvember, 1990, 1.

Jónas Jónsson, „Listasafn á Akureyri“, Dagur 5. maí, 1960, 4.

Kristján Kristjánsson, „Listin getur verið stór atvinnuvegur.“ Morgunblaðið. 27. ágúst, 1998, 30-31.

„Listasafn á Akureyri“, Dagur 1. júní, 1960, 4.

„Listasafnið á Akureyri opnað“, Morgunblaðið 4. september, 1993, C1-C2.

„Listasafnið á Akureyri opnað við hátíðlega athöfn. Um 1.000 gestir komu í safnið“, Morgunblaðið 31. ágúst, 1993, 24.

„Listasafnið á Akureyri verður opnað í ágústlok: ‘Langbráður draumur að rætast.’“ Dagur. 9. júlí, 1993, 12.

- „Lífið í landinu: Gott að vita af hælbítunum”, Dagur 4. október, 1997, 20-21.
- „Listasafnið á Akureyri: Margar spennandi sýningar í ár”, Dagur 4. mars, 1994, 9.
- „Málþing um menningu: Listagil talið bæta úr brýnni þörf og auka hróður bæjarins”, Dagur 15. febrúar, 1991, 6-7.
- Menningarstefna. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013.
- „Myndlistarskóli á Akureyri”, Dagur 8. janúar, 1975, 1.
- „Nú getum við hætt að vera byggingafélag” Norðurland 17. nóvember, 1994, 3.
- „Óvanaleg uppákoma”, Dagur 19. október, 1999, 2.
- Rectanus, Mark W., „Globalization: Incorporating the Museum.” Í A Companion to Museum Studies. Ritstjóri Sharon Macdonald. Malden, Oxford and Chichester: Blackwell-Wiley, 2011.
- „Rætt um aðgangseyri að Listasafninu”, Dagur 12. október, 1999, 2.
- „Samningur vegna verkefna á sviði menningarmála”, Dagur 20. apríl, 1996, 3.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson, „Sjaldan fellur reður langt frá rótinni”: Kaldhæðni hins íslenska reðasafns”, Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags, 29–48, 2015.
- „Sjónveisla Sjónlistamiðstöðvarinnar”, Morgunblaðið 29. ágúst, 2012, 10.
- Skapti Hallgrímsson, „Hannes ánægður með ávöxtunina”, Morgunblaðið 17. maí, 2012, 17.
- „Skrifað undir samninga um samstarf safna.” Morgunblaðið 28. október, 1998, 13.
- „Sumar gjafir eru hefndargjafir!”, Dagur 2. apríl, 1981, 4.
- „Sviti og tár”, Dagur 17. ágúst, 1999, 1.
- Torfhildur Hólm, „Dvöl”, Dvöl, september, 1901, 36.
- Valdis Viðars, „Stórhuga um safnið”, Dagur 21. ágúst, 1999, 33.
- Valgarður Stefánsson, „Verkefni fyrir duglegan bæjarstjóra”, Íslendingur 6. mars, 1975, 7.
- „Vísir Að Listasafni Fyrir Akureyri”, Verkamaðurinn 6. ágúst, 1948, 3.
- Weil, Stephen, „The Museum and the Public.” Í Museums and Their Communities, Abingdon and New York: Routledge, 2007.
- Próstur Ásmundsson, „Eftirmáli.” Í Listasafnið á Akureyri. Opunarsýning 28. ágúst til 30. september 1993, Akureyri: Listasafnið á Akureyri, 1993.

#### Vefheimildir

- „Listasafnið á Akureyri greiðir listamönnum.” Akureyrarbær. Sótt 23. 09. 2018 af: <https://www.akureyri.is/is/frettir/akureyrarbær-greidir-listamönnum>.
- Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2015, Akureyri: Akureyrarbær, 2016. Sótt 23.09.2018 af: <https://www.akureyri.is/is/frettir/arsskyrsla-akureyrarbajar-2015>
- Brynhildur Kristinsdóttir, Laufey Margrét Pálsdóttir, og Dagrún Matthíasdóttir. „Myndlistarfélagið.” Myndlistarfélagið, n.d. Sótt 20.04.2018 af [http://www.visitakureyri.is/static/files/vefmyndir/akureyri/pdf/myndlf\\_baekl\\_web\\_1.pdf](http://www.visitakureyri.is/static/files/vefmyndir/akureyri/pdf/myndlf_baekl_web_1.pdf).
- Helgi Már, „Hin íslensku Sjónlistarverðlaun verða til”, Akureyri.net, 10. júní, 2005. Sótt 20. 04. 2018 af: (<http://www.a>

# Listasafn Reykjanesbæjar

Valgerður Guðmundsdóttir

Listasafn Reykjanesbæjar varð til við samruna sveitarfélaganna Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna árið 1994. Sveitarfélögin höfðu í nokkurn tíma skoðað hugmyndir um sameiningu og niðurstaðan varð sú að þau og stofnanir þeirra runnu saman í eina heild þann 25. júní árið 1994. Eiginlegt listasafn var ekki rekið í neinu þeirra þriggja sveitarfélaga sem um ræðir en byggðasöfn voru til bæði í Keflavík og Njarðvík. Listasafn Keflavíkur var þó til að nafninu til, hafði sjálfstæða nefnd sem ásamt bæjarritara, sá um innkaup listaverka. Engin samþykkt söfnunarstefna var þar fyrir hendi frekar en aðrar formlegar samþykktir og aðallega voru keypt listaverk með það í huga að skreyta stofnanir bæjarins og þá oftast en ekki, verk eftir þjóðkunnna listamenn annars vegar og svo heimamenn hins vegar. Engin formleg fjárveiting var á fjárhagsáætlun, ekkert húsnæði og enginn starfsmaður. Má gera ráð fyrir að svipað fyrirkomulag hafi verið á hinum stöðunum tveimur.

Áhugi á myndlist var samt mikill á Suðurnesjum og að minnsta kosti tvö félög áhugafólks um myndlist voru virk í Keflavík á síðustu þremur áratugum síðustu aldar og annað félagið lifir enn þegar þetta er skrifað. Listafélagið Baðstofan var stofnað af áhugasömum bæjarbúum síðla árs 1970 og var fyrst og fremst hugsað til að halda utan um alls kyns námskeið í list- og handverki. Aðalhvatamaðurinn að stofnun félagsins var Erlingur Jónsson, þá handavinnukennari við Gagnfræðaskólann í Keflavík, og sá sem hélt utan um hópinn. Hann var fyrsti listamaðurinn í bæjarfélaginu sem sæmdur var heiðursnafnbótinni „Listamaður Keflavíkur“ árið 1991 og segir kannski meira en margt annað um stöðu myndlistarinnar í tónlistarbænum Keflavík! Ýmsir mætir listamenn héldu námskeið í Baðstofunni næstu árin og má þar helst nefna Eirík Smith listmálara frá Hafnarfirði. Bæjarfélagið studdi við námskeiðahaldið með ýmsum hætti og tóku félagsmenn virkan þátt í menningarlífi bæjarins svo sem með öflugum sýningarhaldi. Formenn Baðstofunnar fyrstu árin voru þær Ásta Pálsdóttir, Ásta Árnadóttir og Sigríður Rósinkarsdóttir sem allar voru þekktir vatnslitamálarar í bæjarfélaginu.

Þegar nær dró aldamótum, þótti þörf á að útvíkka markmið félagsins

og þá aðallega að félagið gæti eignast eigið húsnæði. Árið 1998 var svo stofnað Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ og voru þar saman komin bæði áhugamenn og atvinnufólk í myndlist og þeirra helsta markmið var að félagsmenn fengju gott húsnæði sem dygði fyrir námskeiða- og sýningarhald. Viðræður við bæjarstjórn Reykjanesbæjar enduðu á því að skrifað var undir samning þar sem gamalt tveggja hæða steinhús í hjarta bæjarins og um leið í eigu hans var sett í hendur félagsmanna og ákveðið fjármagn tryggt til framkvæmda. Félagið skyldi fá neðri hæðina en sú efri var eyrnamerkt sem verðandi sýningarsalur Listasafns Reykjanesbæjar sem enn var þó, þegar hér var komið við sögu, aðeins hugmynd í skúffu, með ekkert fjármagn og enginn starfsmaður. Félag myndlistarmanna lét hins vegar gera upp neðri hæðina og er hún enn í notkun á þeirra vegum, bæði undir námskeið og sýningar og þar er einnig rekið sölugallerí félagsmanna og kallast húsið Svarta Pakkhúsið.

## Fyrstu ár safnsins

Árið 2000 var sérstakt menningarár á Íslandi og gafst sveitarfélögum þá kostur á að sækja um styrk til menntamálaráðuneytisins sem nota skyldi til að ráða menningarfulltrúa í bæina. Reykjanesbær ákvað að slá til og fyrsti menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, Valgerður Guðmundsdóttir, var ráðinn 1. september árið 2000 og varð hún um leið fyrsti starfsmaður menningarmála í Reykjanesbæ fyrir utan starfsmenn bókasafns og byggðasafns sem höfðu sínum eigin hnöppum að hneppa tengdum bókasafni og byggðasafni. Með sérstökum starfsmanni í menningarmálum höfðu opnast möguleikar fyrir fjölbreyttari áherslur í menningarstarfsemi bæjarins svo sem tengdum myndlist og 1. nóvember það ár hófst kynning á myndlistarmönnum bæjarins undir heitinu „Mynd mánaðarins“ og stóð sú kynning yfir með hléum til ágústloka árið 2003. Einnig var unnin skrá yfir öll rúmlega tvö hundruð listaverkin í eigu bæjarins, þau ljósmynduð og heimildum um sögu myndlistar í bæjarfélaginu var farið að safna saman. Sýningarsalurinn á efri hæð Svarta Pakkhússins lét þó enn bíða eftir sér því nú hafði bæjarstjórn tekið þá ákvörðun að gömul fiskhús í Grófinni sem kölluð voru Duushús, skyldu keypt, gerð upp og þeim breytt í menningarhús og þangað skyldi fjármagni til endurgerðar menningarhúsa nú beint.

Duushúsin samanstanda af sambyggðri húsaröð nokkurra gamalla húsa,

Það elsta Bryggjuhúsið á þremur hæðum, var byggt árið 1877 af Hans Peter Duus, dönskum kaupmanni og það yngsta var byggt í kringum 1970. Þarna höfðu fyrstu kaupmenn bæjarins haft aðsetur og þarna var verkaður fiskur í rúmlega hundrað ár. Húsin voru í sjálfu sér merkilegar minjar og tæpir 2000 fermetrar að stærð þannig að nú voru spennandi tímar framundan. Lögð var fram verkáætlun sem gerði ráð fyrir að endurgerð hæfist árið 2000 og nýráðnum menningarfulltrúa bæjarins falin framkvæmdastjórnin ásamt Hirti Zakaríassyni bæjarritara, Guðleifi Sigurjónssyni þáverandi forstöðumanni Byggðasafns Reykjanesbæjar og Birni Samúelssyni umsjónarmanni fasteigna hjá Reykjanesbæ. Það var svo á lokadaginn 11. maí árið 2002 að fyrsti sýningarsalur í Duus Safnahúsum var opnaður með sýningu Byggðasafns Reykjanesbæjar á Bátalíkönum Gríms Karlssonar og í byrjun september sama ár, á Ljósanótt, opnaði Listasafn Reykjanesbæjar sýninguna Reykjanes – Blað 18, verk Einars Garibalda, í ókláruðum 300 fermetra hliðarsal inn af Bátasalnum svokallaða og þar með fór boltinn að rúlla; Listasafn Reykjanesbæjar hafði eignast sýningarsal. Tilkoma listasafnsins í Duus fjölgaði þeim stöðum sem tilvera Duus Safnahúsa byggði á og ýtti enn frekar undir þá uppbyggingu sem fram undan var. Það er dýrt að endurgera gömul hús og því nauðsynlegt að skapa eftirspurn. Því fjölbreyttari sýningar – því fleiri gestir – því meiri eftirspurn – því meira fjármagn!

## **Frekari uppbygging og efling starfseminnar**

Það voru mörg verkefni sem þurfti að vinna áður en Listasafn Reykjanesbæjar varð að alvöru safni og markmiðið var sett á að uppfylla 4. grein safnalaga (nr.106 frá 2001) sem fyrst: „Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.“<sup>1</sup> Vinna hófst strax við gerð stofnskrár og þann 8. október árið 2002 samþykkti menningar- og safnaráð Reykjanesbæjar stofnskrá fyrir listasafnið og þar hljóðaði fyrsta greinin svo: „Listasafn Reykjanesbæjar er í eigu Reykjanesbæjar. Menningar- og safnaráð Reykjanesbæjar gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í málefnum þess og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum



Yfirlitsmynd af Duus-safnahúsinu. Mynd: Oddgeir Karlsson.

forstöðumanns/menningarfulltrúa. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhagsáætlun ár hvert. Safnið starfar samkvæmt safnalögum.<sup>42</sup>

Þar með var ákvörðun og stefna tekin, Listasafn Reykjaneshæjar var að verða að veruleika sem sjálfstæð stofnun og ákveðið að menningarfulltrúi yrði jafnframt forstöðumaður safnsins, að minnsta kosti til að byrja með. Áfram var unnið við pappírsvinnuna og þá var ekki slæmt að hafa til aðstoðar alvanan safnstjóra við Byggðasafn Reykjaneshæjar, Sigrúnu Ástu Jónsdóttur, sem komið hafði til starfa við safnið vorið 2001 og einnig fékkst góð aðstoð frá Safnaráði. Sýningar- og söfnunarstefnur voru nú skrifaðar og samþykktar og fyrsta starfsáætlun listasafnsins var samþykkt fyrir árið 2003. Safnið fékk sjálfstæðan bókhaldslykil árið 2004 og sama ár fara að koma inn fyrstu styrkirnir úr safnasjóði. Stór fyrirtæki á Suðurnesjum eins og Glitnir með Unu Steinsdóttur þáverandi útibússtjóra í Keflavík í fararbroddi, Sparisjóður Keflavíkur sem þá var og hét og Flugstöð Leifs Eiríkssonar létu líka róðurinn með góðum styrkveitingum á þessum fyrstu árum og almennt var ákveðin jákvæðni í garð safnsins í Reykjaneshæ enda fyrsta og um leið eina listasafnið á Suðurnesjum.

Þegar farið er yfir verkefnaskrá Listasafns Reykjaneshæjar fyrstu árin má sjá að mikil áhersla hefur verið lögð á sýningarhald og fleiri verkefni sem gerðu safnið sýnilegt í samfélaginu. Á hverju ári voru haldnar um sex stórar sýningar í listasalum í Duus og safnið aðstoðaði einnig við fjölda minni



Frá sýningunni „Þriviður“ sem var framlag Listasafns Reykjaneshæjar til Listahátíðar í Reykjavík árið 2008. Sýningin var valin ein af tíu bestu sýningum ársins af gagnrýnendum Morgunblaðsins. Sýnendur voru Guðjón Ketilsson, Hannes Lárusson og Helgi Hjaltalín Eyjólfsson. Mynd: Helgi Hjaltalín Eyjólfsson.

sýninga í öðru sýningarrými í bænum og þá sérstaklega í kringum Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjaneshæjar. Listahátíð barna var og er haldin á hverju vori, fyrst með þátttöku eins leikskóla en sem þróaðist svo yfir í þátttöku allra leik- og grunnskóla og síðar tónlistarskólans, dansskólanna og fjölbrautaskólans og einnig var og er listaskóli fyrir börn rekinn á sumrin sem mótvægi við íþrótt- og leikjaskólann sem lengi hafði verið rekinn í bænum. Að sjálfsgöðu var reynt að uppfylla aðrar formlegar skyldur safna með ýmsum hætti eins og fram kemur hér síðar en auðvelt er að sjá að stjórn safnsins hefur lagt áherslu á sýnileika safnsins með margvíslegum hætti. Sjálfsagt má rekja þá áherslu á þörf nýrrar stofnunar til að skapa sér sess í samfélagi þar sem ekkert listasafn var fyrir og þá um leið að skapa forsendur fyrir fjárveitingum til verkefna sem ekki var vitað að samfélagið þyrfti endilega að uppfylla! Eins og fram hefur komið þá var ákveðin jákvæðni í garð listasafnsins áberandi á þessum upphafsárum og bæjarstjórinn Árni Sigfússon, gekk þar fremstur í flokki ásamt formanni menningar- og safnaráðs, Björk Guðjónsdóttur.



## Gagnrýni og velvild

Ekki voru þó allir á eitt sáttir með að listasafnið fengi aðstöðu í Duus. Áhugamenn um bátalíkön Gríms Karlssonar vildu fleiri sali fyrir bátalíkön og talsmenn byggðasafnsins vildu nýta plássið fyrir geymslur þess. Skrifaðar voru skammargreinar í staðarblöðin og kvartanir sendar til bæjarstjórnar. Fyrirverandi bæjarfulltrúi og útgerðarmaður og einn af stuðningsmönnum bátasafns Gríms skrifaði til dæmis grein í Víkurfréttir í september 2002 með fyrirsögninni: „Er verið að hafa okkur að fíflum?“<sup>3</sup> Þar gerir hann sýningu Einars Garibalda Reykjanes – blað 18 að umtalsefni og líkir verkefningu við Nýju fötin keisarans. Sama sýning fær hins vegar þann dóm hjá Jóni B. K. Ransu í Morgunblaðinu um svipað leyti að þetta sé „glæsileg byrjun á sýningarhaldi hjá Listasafni Reykjanesbæjar.“<sup>4</sup> Því má svo við bæta að Einar Garibaldi gaf safninu öll verkin eftir sýninguna og var það nokkurs konar vöggugjöf nýja listasafnsins á Suðurnesjum. Menningar- og safnaráð Reykjanesbæjar stóð hins vegar í lappirnar og áréttaði mikilvægi Listasafns Reykjanesbæjar í Duus og í bæjarfélagið sjálft með sérstökum bókunum 10. september þetta ár sem settu enn frekari stoðir undir safnið: „Menningar- og safnaráð lýsir ánægju sinni með þróun mála hjá Listasafni Reykjanesbæjar og fagnar opnun sýningarsalar í nafni Listasafns Reykjanesbæjar í Duus-húsum. Menningar- og safnaráð bendir á að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2003 er nauðsynlegt að gera ráð fyrir rekstrarkostnaði safnsins.“<sup>5</sup>

## Uppbygging safnkosts, rannsóknir og sýningastjórnun

Listasafnið átti fjölda velunnara og listamenn bæjarins voru margir mjög glaðir og vildu auðvitað allir sýna í Duus og var þá vandi á höndum. Hverjir áttu að komast að og hverjir ekki? Þá var gott að hafa samþykktu sýningarstefnu sem hægt var að vísa í og öfluga aðila í valnefnd sem vissu að ekki var hægt að gera svo öllum líkaði. Fyrstu árin sátu í valnefndinni Sigrún Hauksdóttir, fyrirverandi fulltrúi í menningar- og safnaráði, og Reynir Valbergsson, þá fjármálastjóri Reykjanesbæjar. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur kom inn í valnefndina árið 2004 í stað Sigrúnar en hann er uppalinn í Njarðvík og Inga Þórey Jóhannsdóttir myndlistarmaður í Keflavík kom inn árið 2007 í stað Reynis. Forstöðumaður safnsins, Valgerður Guðmundsdóttir, hefur



Árni Sigfússon fyrrverandi bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Aðalsteinn Ingólfsson sýningarstjóri, Hallsteinn Sigurðsson og Valgerður Guðmundsdóttir, forstöðumaður safnsins við opnun sýningar Hallsteins „Byggingarfræði og þyngdaraffl“ árið 2013. Mynd: Hilmar Bragi Bärðarson.

setið í valnefnd frá upphafi. Í sýningarstefnunni stóð meðal annars: „Safnið skal vera með fjölbreytt sýningarhald þar sem gerðar eru strangar listrænar kröfur sem miða að því að sýna ávallt það besta og framsæknasta hverju sinni og stuðla þannig að því að safnið verði sterkt afl í íslensku myndlistarlífi.“<sup>6</sup> Það var því strax ljóst að mikill metnaður var í gangi fyrir hönd safnsins og að valið skyldi vel. En í sýningarstefnunni stóð líka: „Listasafnið skal sinna listiðkun bæjarbúa með ákveðnum hætti, s.s. kynningum, fyrirlestrum, aðstoð við sýningarhald og almennri hvatningu.“<sup>7</sup> Safnið átti þar með einnig að sinna listamönnum svæðisins sérstaklega og það hefur verið gert og þá

einkum í tengslum við Ljósanótt. Sú venja hefur til dæmis skapast frá árinu 2003 að listasafnið hefur alltaf verið með heimafólk í sýningum sínum í Duus Safnahúsum og þannig hafa rúmlega áttatíu Suðurnesjamenn tekið þátt í sýningarhaldi Listsafns Reykjanesbæjar frá stofnun þess, ýmist með einkasýningum eða á samsýningum og má skoða þá sögu á vef safnsins.

Starfsmönnum fjölgaði hægt en listasafnið tók yfir rekstur Duus Safnahúsa árið 2004 og þar með voru safnverðir þar komnir á launaskrá listasafnsins. Verkefnaráðning hefur reynst notadrjúg og flestir sýningarstjórnarnir hafa til dæmis verið verkefnaráðnir. Þannig hafa líka verið ráðnir háskólamenntaðir starfsmenn til að sinna skráningu safnkostsins, fyrst í sérstakan tölvugrunn sem búinn var til fyrir safnið en síðan í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp og var forskráningu í hann lokið í júní 2014, þá alls sex hundruð og tíu verk. Síðar hefur listfræðingur unnið við að bæta við ýmsum listfræðilegum atriðum í skráninguna og nú er svo komið að í ársskýrslu 2016 er talað um fulla skráningu í gagnagrunninn á safnkosti Listsafns Reykjanesbæjar, alls sjö hundruð tuttugu og fimm verk. Safnkosturinn er afar fjölbreyttur og segja má að flestar tegundir myndlistar megi finna í safninu. Safnið hefur keypt listaverk fyrir ákveðna upphæð á hverju ári og þá hefur söfnunarstefnan verið höfð að leiðarljósi og þá einkum verið leitað til listamanna af svæðinu og þeirra sem hafa verið með sýningar í safninu. Einnig hafa ýmsir listamenn og aðrir gefið safninu nokkuð af verkum.

Verkefnaráðnir starfsmenn hafa einnig verið fengnir til að safna heimildum um myndlistarsögu svæðisins og sinna forvörslu. Safngeymslurnar eru reknar í góðu húsnæði í safnamiðstöðinni Ramma í samstarfi við Byggðasafn Reykjanesbæjar. Þar sinna starfsmenn byggðasafnsins daglegri umsýslu um listaverkin á sama hátt og starfsmenn listasafnsins sinna daglegri umsýslu með muni byggðasafnsins á sýningum þess í Duus Safnahúsum. Þessi samvinna og verkaskipting safnanna tveggja hefur reynst starfsemi safnanna vel og þá sérstaklega á þann hátt að nýta sérþekkingu og byggja upp reynslu þeirra föstu starfsmanna sem söfnin hafa yfir að ráða. Árið 2008 var ráðinn fræðslu- og kynningarfulltrúi við listasafnið, Guðlaug María Lewis, og breytti það miklu við móttöku nemendahópa og kynningu almennt svo sem notkun samfélagsmiðla. Ný heimasíða var tekin í notkun árið 2016 og einnig er safnið á Facebook og Instagram.

Öflug útgáfustarfsemi hefur alltaf verið í tengslum við stóru sýningarnar

í listasalnum í Duus. Safnið hefur frá byrjun gefið út veglegar sýningarskrár við hverja sýningu og áhersla lögð á vandaðan texta á íslensku og ensku um listina og listamennina og góðar ljósmyndir verið teknar af öllum verkum. Allt efnið er jafnframt sett á vefsíðu safnsins og þannig hefur safnast á einn stað mikill fróðleikur og þekking um myndlist og myndlistarmenn samtímans og er framlag safnsins í að sinna rannsóknarskyldu sinni. Lista-mennirnir sjálfir fá líka alltaf góðan skerf af sýningarskrám til að nýta sér til kynningar. Aðal hönnuður útgefins efnis hjá safninu hefur verið frá byrjun Jón Oddur Guðmundsson en fleiri hafa komið til og hafa þeir alltaf verið verkefnaráðnir. Ýmsir góðir fræðimenn og hugmyndafræðingar á sviði myndlistar eiga efni í þessum sýningarskrám og má þar nefna til dæmis Jón Proppé, Rögnu Sigurðardóttur, Jón B. K. Ransu, Guðberg Bergsson, Markús Þór Andrésson, Sigríði Þorgeirsdóttur og Einar Fal Ingólfsson svo örfáir séu nefndir. Aðalsteinn Ingólfsson á þó flesta textana og hefur verið öflugur sýningarstjóri og textasmiður frá árinu 2004.

## Samvinnuverkefni

Mörg verkefni hafa litið dagsins ljós undir verndarvæng Listasafns Reykjanesbæjar og hafa þegar verið nefnd Listaskóli barna og Listahátíð barna sem hafa stækkað og dafnað með árunum. Sýningarrýmið Suðsuðvestur leit dagsins ljós í desember árið 2004 og annar stofnenda, Inga Þórey Jóhannsdóttir, situr enn í listráði safnsins, hinn stofnandinn var Thelma Björk Jóhannsdóttir myndlistarkennari, þá verkefnaráðinn starfsmaður listasafnsins. Í fyrstu grein stofnskrár um sýningarrýmið segir: „Sýningarrýmið heitir Suðsuðvestur og er rekið sem sjálfstætt útibú frá Listasafni Reykjanesbæjar. Suðsuðvestur er ætlað sem sýningarrými og opinn vettvangur fyrir myndlistarfólk sem vinnur að listsköpun á rannsakandi hátt. Listamenn sem útfæra hugmyndir sínar í mismunandi miðla og vekja upp spurningar og umhugsun um samtímann.“<sup>8</sup> Þetta var skemmtileg viðbót og um leið ákveðið mótvægi við stundum hefðbundið sýningarhald safnsins í listasalnum í Duus. Suðsuðvestur var til húsa í litlu timburhúsi við Hafnargötu 22 í Keflavík sem listasafnið hafði fengið til ráðstöfunar og bar safnið ábyrgð á rekstrinum en þær stóllur sáu alfarið um sýningarstjórnina, uppsetningu sýninga og samstarf við listamenn. Thelma hætti í stjórn Suðsuðvesturs eftir



Ljósanætur sýning ársins 2015 var ljósmyndasýningin „Andlit bæjarins“ sem unnin var í samstarfi við Ljósop, félag áhugaljósmyndara í Reykjaneshæ og Björgvin Guðmundsson sem tók yfir þrjú hundruð myndir af bæjarbúum fyrir sýninguna. Mynd: Hilmar Bragi Bárðarson.

Árið en Inga Þórey hélt verkefninu lifandi til ársloka 2013 af mikilli elju og hugvitssemi. Listasafnið er enn rekstraraðili Duus Safnahúsa þar sem nú eru átta sýningarsalir og þar af tveir alfarið fyrir sýningar listasafnsins en stundum bætast fleiri salir í húsinu við eins og til dæmis á Ljósanótt þar sem venjulega eru fimm sýningar í gangi á hátíðinni á vegum safnsins. Föst stöðugildi eru tvö og hálf að meðtöldum safnvörðum í Duus en staða forstöðumanns er þar fyrir utan. Forstöðumaður gegnir ennþá stöðu menningarfulltrúa jafnhliða forstöðumannsstöðunni. En eins og áður hefur verið minnst á, hefur safnið gert mikið af því að verkefnaráða starfsmenn til skamms tíma í senn og þannig getað staðið undir því mikla starfi sem þarna hefur verið unnið svo sem að ljúka skráningu í Sarp. Til gamans má geta að safnið hefur staðið fyrir rúmlega áttatíu sýningum í stóra listasalnum, eða um það bil fjórum til fimm sýningum á ári seinni árin auk fjölda annarra í minni sölum í Duus. Árið 2015 voru til dæmis haldnar tíu sýningar á vegum safnsins í Duus og þar af aðeins tvær sem komu tilbúnar annars staðar frá. Einkasýningar hafa verið í kringum fjórtíu og svipaður fjöldi samsýninga og nokkuð jöfn skipting milli kynja. Nokkrir erlendir listamenn hafa sýnt á vegum safnsins; meðal annars frá Færeyjum, Svíþjóð, Þýskalandi, Portúgal og Bandaríkjunum. Listasafn Reykjaneshæjar hefur einnig verið í samvinnu við önnur söfn og þá einkum

í sambandi við sýningarhald og er þar helst að nefna stóru listasöfnin á borð við Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur en einnig má nefna listasöfn á Norðurlöndum.

## Lokaorð

Listasafn Reykjanesbæjar hefur á þessum árum náð að skapa sér stöðu sem lifandi menningarstofnun í samfélaginu á Suðurnesjum og nýtur enn talsverðrar velvildar sem ef til vill má rekja til áherslu safnsins á að reyna að vera áberandi í lífi bæjarbúa. Auk ýmissa viðburða í tengslum við allar sýningar, svo sem málþing, leiðasagnir og fyrirlestra, hefur mikil áhersla verið lögð á fjölbreytta vinnu með nemendum allra skólastiga og safnið er einnig ávallt þátttakandi í helstu viðburðum svæðisins svo sem Safnahelgi á Suðurnesjum og Ljósanótt. Til að safn úti á landsbyggðinni lifi, þarf það að hafa hlutverk í samfélaginu og hjá Listasafni Reykjanesbæjar hefur menntun í víðasta skilningi þess orðs verið helsti hornsteinninn og þannig náð til hjarta bæjarbúa. Fagmennska og trúmennska ásamt fjölbreyttum verkefnum og góðu starfsfólki hefur einnig hjálpað til að skapa safninu nafn og stöðu. Safnið þarf að vera lifandi stofnun, sem á sér stað í lífi heimamanna um leið og það þarf að skapa sér nafn innan faghópanna sjálfra, gagnrýnenda og listamanna í víðum skilningi. Ferðamenn skipa einnig sífellt stærra hlutverk í gestafjölda safnsins eins og víða annars staðar. Allt þetta þarf svo að falla saman og styðja hvert við annað svo að vel takist til og þangað vill Listasafn Reykjanesbæjar stefna.

#### Óprentaðar heimildir

Fundargerð menningar- og safnaráðs Reykjanesbæjar, 10. september 2002. Skjalasafn Reykjanesbæjar  
Stofnskrá Listasafns Reykjanesbæjar 2002, samþykkt af menningarráði 8. október 2002. Skjalasafn  
Reykjanesbæjar.

Stofnskrá sýningarrýmisins Suðsuðvestur, desember 2004. Skjalasafn Listasafns Reykjanesbæjar.

Sýningarstefna Listasafns Reykjanesbæjar, samþykkt 2003. Skjalasafn Listasafns Reykjanesbæjar.

#### Prentaðar heimildir

Jón B. K. Ransu, „Flogið yfir Reykjanes“, Morgunblaðið, 26. september 2002, 22.

Ólafur Björnsson, „Er verið að hafa okkur að flílum?“ Víkurfréttir, 14. nóvember 2002, 10.

#### Neðanmálsgreinar

- 1 Safnalög nr. 106, 2001, gr.4
- 2 Stofnskrá Listasafns Reykjanesbæjar.
- 3 Ólafur Björnsson, Víkurfréttir, 2002, 10.
- 4 Jón B.K.Ransu, „Flogið yfir Reykjanes“, 2002, 22.
- 5 Fundargerð menningar- og safnaráðs Reykjanesbæjar, 10. september 2002.
- 6 Sýningarstefna Listasafns Reykjanesbæjar, 2003.
- 7 Sama heimild.
- 8 Stofnskrá sýningarrýmisins Suðsuðvestur, 2004.



# Safnasafnið

Niels Hafstein

Í þessari grein er litið til ýmissa þátta er varða faglegt starf Safnasafnsins og hlutverks þess í samtímanum, svo sem með tilliti til jafnréttismála. Íslensk alþýðulist er skilgreind og sagt frá tæki sem safnið formaði til að skoða listaverk, Hringferil myndlistar, 16 þátta greiningarkerfi. Lögð er áhersla á nýmæli sem byggja á hugmyndaflugi stjórnarfólks, oftast í tengslum við úttektir, rannsóknir og undirbúning sýninga á verkum í safneign. Undir lok greinarinnar er samantekt á markmiðum sem safnið hefur sett sér þegar það leitar eftir því að fá samning um fagsvið ábyrgðarsafns um íslenska alþýðulist samkvæmt 13. gr. safnalaga.

Safnasafnið var stofnað 17. febrúar 1995 af greinarhöfundum og konu hans, Magnhildi Sigurðardóttur geðhjúkrunarfræðingi. Tilgangur þeirra var sá að mynda faglega umgjörð um íslenska alþýðulist og hefja víðtæka söfnun sem byggði á grunni safneignar þeirra sjálfra sem þá samanstóð af tólfhundrað litlum skúlptúrum. Fram að þeim tíma hafði ekkert listasafn í landinu sinnt alþýðulist þjóðarinnar sem gerð var eftir aldamótin 1901 og engin breyting í auglýsingu. Var mikil hætta á að verk skemmdust eða glötuðust. Þjóðminjasafnið varðveittir um eitthundrað verk eftir Sölva Helgason en sýnir þau ekki, og ýmsir eldri gripir í safninu sem falla undir hugtakið alþýðulist virðast vera varðveittir sem fornminur.

Haustið 1997 festu stofnendur safnsins kaup á Samkomuhúsinu á Svalbarðsströnd í Eyjafirði, sem hafði verið notað sem barnaskóli og þinghús frá 1922 til 1970, og hófu starfsemi í því árið eftir, en 2006 þáðu þau að gjöf kaupfélagshúsið Gömlu-Búð sem var reist árið 1900 á Svalbarðseyri og fluttu það á lóð sína til endurgerðar. Húsin voru síðan tengd saman með Norðurálmum 2007. Í þeim er rúmgott anddyri, átta misstór sýningarrými, lista- og fræðimansíbúð, rannsóknar- og skráningarstofa, listaverkageymsla, bókastofa, lítið smíðahús, salerni, ræstiklefi, tveir stigar og lyfta.

Með stofnendum eru þrír myndlistarmenn í stjórn safnsins, Harpa Björnsdóttir, Unnar Örn J. Auðarson og Margrét M. Norðdahl, öll búsett í Reykjavík. Þau hafa í sameiningu þróað starfseminu eins og gerist í viður-

kenndum alþjóðlegum listasöfnum.

Safnasafnið hefur vakið athygli fyrir sýningar sínar og óvenjulega nálgun. Um það hefur verið fjallað í innlendum sem erlendum miðlum og tímaritum, meðal annars Raw Vision, margverðlaunuðu bresku tímariti, ITE í Finnlandi sem gefur út bækur og skrár um sjálfsprotna list og dþi-Magazine í Tapei á Taiwan sem kynnir alþýðulist frá öllum heimshornum. Þá var Safnasafnið í loka úrvali tilnefninga til alþjóðlegra verðlauna Dr. Guislain Museum í Ghent í Belgíu árin 2014 og 2016 en sú stofnun er þekkt fyrir stuðning sinn við listafólk með geðræn vandamál. Safnið fékk Eyrarrósina 2012 og viðurkenningu Safnaráðs árið 2014.

Safnið hefur fengið styrki úr mörgum sjóðum til brýnna verkefna sem annars hefði verið erfitt að sinna. Fjárlaganefnd Alþingis og mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármögnuðu byggingarframkvæmdir safnsins að mestu og er það í samræmi við framlög þeirra til annarra safna á Norðurlandi eystra.

## Faglegt starf

Starfssvæði safnsins er Ísland allt og markmið þess að safna íslenskri alþýðulist og miðla henni ásamt framsækinni nútímalist. Það tekur við gjöfum á innlendra og erlendra myndlist og kaupir verk ef færi gefst til að styrkja eign sína. Safnið ber ábyrgð á varðveislu íslenskrar alþýðulistar eins og hún birtist í safnkosti og með þeim hætti sem lög ná yfir og samningar segja til um. Það annast fjölbreytt menningarstarf og er eitt af mikilvægustu söfnum landsins. Sú staðreynd er reist á skipulagðri söfnun hugsjónafólks sem horfði uggandi til þess að alþýðulist þjóðarinnar glataðist og hefði tvímælalaust gert það að mestu ef þeirra hefði ekki notið við. Stjórnin leggur áherslu á að leita uppi listafólk sem hefur fallið í gleysku eða verið utan seilingar og fjalla um verk þess og kynna fyrir gestum. Safnið varðveitir stærstan hluta íslenskrar alþýðulistar en inn í eignina vantar þó verk eftir örfáa löngu látna listamenn. Safnkosturinn er fjölbættur og bætist ört við hann, alþýðulistin er í fyrirrúmi en tekið við eldri sem yngri verkum sem falla að söfnunar- og sýningarstefnu. Grunneignin er í aðalatriðum byggð upp þannig að í henni séu sem flest verk eftir hvern höfund. Í grunneign eru um tólþúsund og áttahundruð verk, blýantsteikningar, bókverk, dvd, fjölfeldi, hekl, hentur, hljóðgjafar, hönnunarhlutir, innsetningar, þar af er eitt í hundrað og sextíu einingum, keramik,



Húsakynni Safnasafnsins á Svalbarðsströnd. Mynd: Magnhildur Sigurðardóttir.

klipp, krítarmyndir, ljósmyndir, málverk, mósaik, myndbönd, postulín, þrjón, skart, skúlptúrar, tálguverk, tússverk, tölvuprent, útsaumur, útskurður og útsögun, vatnslitamyndir, vefnaður og þrykk. Kiko korriró-stofa starfar samkvæmt reglugerð um faglega umfjöllun, flokkun og rannsóknir, í henni eru um hundrað og tuttugu þúsund verk, blýants- og pennateikningar eru í miklum meirihluta, en þar eru einnig litkrítar- og vatnslitamyndir, bókverk, klippimyndir, járn- og viðarskúlptúrar, og að auki smáhlutir af ýmsu tæi. Í bókastofunni eru um tólfhundrað bækur, tímarit, bókverk og bæklingar.

Safnið hafði árið 2011 ljósmyndað og forskráð eittþúsund áttahundrað og tíu verk í Virtual Collection þegar safnaráð mótaði þá stefnu að listasöfn tækju upp skráningu í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp til þess skapa samræmdan vettvang fyrir upplýsingar. Undirbúningur hófst í desember 2015 og hefur verið haldið áfram síðan. Mennta- og menningarmálaráðuneytið undirbýr nú aðgerðir til að skrá menningararfleifðir þjóðarinnar og má búast við því að safnið njóti góðs af því fjármagni sem verður veitt til skráningar á verkum listasafna.

Safnið ljósmyndar verk sín með þrennum hætti, í fyrsta lagi allar sýningar

til útprentunar í alþúmu, yfirlit og einstök verk, öll merkt höfundum, í öðru lagi verk fyrir tölvuskráningu og í þriðja lagi verk fyrir gæðaprentun. Það er með fyrirbyggjandi og styrkjandi forvörslu og varðveitir verk sín í stálskúffum, plasthíslum, glerskápum og sýrufríum öskjum. Hita- og rakamælingar eru framkvæmdar reglulega. Gert er við stór þrívíð útiverk eftir þörfum, eitt er tekið inn á haustin, breitt yfir annað, en hið þriðja er aðdráttarafl fyrir ferðalanga allt árið. Er leitað álits sérfróðra manna um viðgerðir uns forvörður verður ráðinn til starfa.

Safnið býr við stöðuga endurskoðun og gagnrýni stjórnarfólks og tekur á sig skarpari mynd með hverju ári sem líður. Hlutverk þess er víðfeðmara en í fyrstu og sú hugsun ríkjandi að það höfði til barnsins í manningum jafnt sem barnanna sjálfra og að efla þau gildi sem ráða við listsköpun: hreina og sjálfsprottna sýn, móttækileik, undrun, kímni, saklausa frásögn og tjáningu. Safnið hefur í nokkur ár haft tilbúna áætlanir um svokallaða Hugmyndasmiðju æskunnar og getur hafist handa strax ef einhver hefur áhuga á því að greiða fyrir aðgang að henni.

Safnið vill opna augu fólks fyrir fegurð mismunandi hluta og minninga, samhljómi persónulegrar iðju og fjöldaframleiðslu, en ekki síst þeirri ábyrgð sem það axlar með varðveislu einstæðra verðmæta. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að það hljóti formlega ábyrgð samkvæmt safnalögum svo það geti lagt meira af mörkum til faglegra starfa, í takti við þær hugsjónir sem liggja til grundvallar í starfsemi safnsins.

## Íslensk alþýðulist

Safnið á verk eftir flesta helstu alþýðulistarmenn landsins, en margir aðrir hafa af ýmsum ástæðum verið staðsettir á jaðrinum eða utan meginstrauma, stundum kallaðir einfarar. Þeir eru þó ekkert einangraðri en aðrir listamenn en hafa sérstöðu því þeir mynda ekki hópa sér til framdráttar og fylgjast lítið með því sem gerist fjarri heimabyggð. Safnið kynnir til leiks sjálfmenntaða listamenn sem hafa ekki hlotið verðskuldaða viðurkenningu, verk þeirra hafa jafnvel verið geymd áratugum saman í geymslum og sjaldan eða aldrei kynnt, því þau falla ekki að sýningarstefnu viðkomandi safna. Með því að tefla verkum þeirra fram í takti við verk lærðra listamanna er bent á það sem skiptir mestu máli, að þau standast gæðakröfur og eiga erindi við almenning.

Safnið biðlar til þeirra sem hafa upplýsingar um alþýðulistarfólk. Það hefur fjölda nafna á skrá en vill eignast verk eftir fleiri, ekki síst til að fylla í eyður eða styrkja eignina. Mikilvægt er að fólk hafi samband ef það veit af einstaklingum sem búa til myndir af einhverju tæi. Það ætti að vera metnaðarmál hvers byggðarlags að skapandi íbúar þess njóti sannmælis og séu kynntir á líkan hátt og aðrir. Minnt er á að margir hæfileikamenn vinna verk sín á stofnunum og námskeiðum og væri fengur að fréttu af þeim í næsta húsi, næstu götu, næsta hverfi eða sveit. Til þess að varpa ljósi á viðfangsefnið eru birt hér nokkur atriði sem menn geta haft í huga:

Alþýðulistarverk er verk sem er gert af fólki með litla sem enga menntun í myndlist og telur sig sjaldnast vera listafólk. Verkið ber oftast með sér barnslegan blæ, unnið í einlægni, en gjarnan gert af vanefnum. Það er ef til vill ómerkilegt í augum þeirra sem aðhyllast glans og gyllta ramma en hefur þá útgeislun sem er erfitt að útskýra og veitir innsýn í persónuleika höfundar.

Alþýðulistarverk sprettur yfirleitt fram úr heilbrigðum sálarfylgsnum en getur líka verið tjáning á hugarástandi: geðsveifla, viðbragð við hörmungum. Einnig verk hins þroskahefta, einmana, sjúka og aldna, þess sem er afskiptur eða haldið föngnum. Það getur verið hróp á hjálp, yfirlýsing eða uppreisn, hefnd, gagnrýni, uppljóstrun leyndarmála eða sjálfsmeðferð til að losna úr kreppu eða óskilgreindu vitundar- og orsakasamhengi.

Alþýðulistarverk er undantekningarlítið búið til án uppskriftar eða fyrirmyndar nema það sé undir áhrifum af ljósmynd sem varðveitir kærar minningar. Það er víða gert úr náttúrulegum efnum, tíndum í fjöru og á fjalli, en líka úr aflóga hlutum og afgangum sem fela í sér nægan hvata til athafna. Í félagsstarfi er yfirleitt vandaðra efni í boði.

Stofnendum og meðstjórnendum hefur á stuttum tíma tekist það sem ólíklegt þótti: að færa alþýðulistina af jaðrinum inn að miðju og laða skólaða listamenn til samstarfs. Safnið hefur þá sérstöðu meðal listasafna á Íslandi að taka við verkum eftir leika jafnt sem lærða en þó að meginstofni eftir þá fyrrnefndu. Sýningar þess eru þaulhugsaðar og mikil vinna lögð í hönnun og undirbúning, útlit og sjónlínur, tengingar milli hæða og rýma, vensl og minni og stigmögnun hughrifa. Safnið hefur metnað til að rannsaka og miðla á sem fjölbreytilegastan máta. Það stenst ýtrustu kröfur um fagmennsku og ábyrgð, kynnir frumlegar hugmyndir og viðheldur hugsjónum sínum ferskum og áleitnum.



Listaverk eftir Sölva Helgason frá Skagafirði. Án titils, ártal óvíst. Mynd: Safnasafnið.

## Jafnréttismál

Safnið vinnur samkvæmt jafnréttisstefnu, svo sem um kynjahlutfall á sýningum og býður fötluðu fólki að verk þess séu tekin til kynningar. Huglist á Akureyri átti gott samstarf við safnið og sýndi verk sín þar en hópurinn starfaði frá 2007 til 2015 sem vettvangur fyrir fólk með geðræn vandamál sem vildi vinna gegn fordómum og vera sýnilegt í samfélagi við aðra. Í hópnum voru öflugir listamenn samanber Safnvörðinn hávaxna sem tekur á móti gestum á bílastæðinu. Safnið hefur auk þess átt í löngu samstarfi við Sólheima í Grímsnesi og kynnt verk íbúanna þar. Einnig hefur það sett upp verk í tengslum við List án landamæra þar sem fatlaðir og aðrir mætast í list sinni og fagna fjölbreytileika mannlífs og sköpunarkrafts.

## Hringferill myndlistar, 16 þátta greiningarkerfi

Safnið tók sérstakt frumkvæði í stafsemi sinni með því að smíða greiningarkerfi til að nota við val og skráningu listaverka. Það hefur einnig reynst vel til að útskýra verk fyrir höfundum þeirra og gestum safnsins. Til



Þess að auðvelda virkni kerfisins er það sett fram án flókinna útskýringa. Líta ber á greiningarnar sem farveg fyrir þá sem vilja fræðast um myndlist, ekki gæðamat.

### Frumleiki

Hér er á ferðinni hrein og tær hugmynd sem stendur ein án stuðnings, þróast ekki en útvatnast ef reynt er að fylgja henni eftir í tilbrigðaformi. Þeir örfáu listamenn sem sífellt birta frumlegar hugmyndir njóta yfirleitt ekki þeirrar athygli sem þeir verðskulda, hvorki listasafna né almennings, hvað þá athygli fjölmiðla – sem þeir sækjast reyndar ekki eftir. Þeir eru taldir skorta staðfestu og einkennandi stíl en eru djarfhuga frumkvöðlar, leitandi og sívirkir og búa til áhrifarík verk sem leggja línurnar fyrir aðra – sjá andstæðu í Stælingu.

### Könnun

Hugmynd er tekin til rannsóknar og unnin af nákvæmni, sett fram með sértækar aðstæður í huga og leidd að rökréttri niðurstöðu. Úrvinnslan gerir kröfur um einfaldleik og óþvingaðan efnisnotkun, fagmennsku og gæði, að niðurstaðan verði óviðjafnanlegt listaverk.

### Stæling

Myndmálið er undir sterkum áhrifum frá hugmyndum annarra listamanna, jafnvel svo freklega að það brýtur gegn alþjóðasamningum á sviði höfundarréttar. Sporgöngumaður reynir þó yfirleitt að skapa sér einkennandi stílbrigði en gefst jafnóðum upp og snýr sér að annarri fyrirmynd til að herma eftir. Hann virðist ekki geta sótt sér áhrif svo að verk hans fái persónulegan blæ því þau standa ætíð í skugga vangetunnar. Aðrir ganga lengra í krafti frægðar og valds eða vörumerkis og leita uppi hugmyndir frumlegra höfunda og endurgera verk þeirra. Þýðir lítið að mótmæla með vísan í gildandi laga-bálka því harðsvíruðum lögmannastofum er teft fram til að krefjast sátta með milligjöf áður en athæfið kemst í hámmæli.<sup>1</sup>

### Vani

Tjáning á mörkum listar. Höfundurinn lifir í sjálfsmærð, stöðugri hrifni annarra. Annars vegar eru verk hans án persónulegs framlags, með endurteknum formum, litasúpu og flottheitum, en svo flaumósa myndgerð á



yfirleitt greiðan aðgang að áhrifagjörnum tískukaupendum sem líta fremur til vinsælda en gæða. Hún er sýnileg í verslunum og auglýst af útsjónarsemi eins og neysluvara en það vantar í hana hugkvæmni, merg og blóð. Hins vegar er það verklag sjálfhverfra höfunda sem endurnýta sömu verk trekk í trekk og setja þau í óljóst samhengi.<sup>2</sup>

### Föndur

Annars vegar ósjálfstæð myndgerð unnin eftir númerum, áprentuðum myndum eða steypum í mót. Rammar skipta miklu í svo máttlausri framleiðslu, vandað handverk, umbúðir og skreytingar. Hins vegar myndgerð sem sprettur óvænt fram úr einkalífi eða áhugamáli og fær hugþekkan blæ og sjálfstætt yfirbragð vegna frávíka í teikningu eða litanotkun og rambar á þeirri brothættu línu sem aðskilur list frá fúski – og færist yfir í Frásögn.

### Listlíki

Formgliðnun eða samþjöppun tákna, aragrúi smáatriða í ætt við úrkynjun þannig að handverkið ber innihaldið ofurliði. Verkið hrindir fólki frá sér, drukknað í hryggðarskopi. Á þessu er þó athyglisverð undantekning þegar gerandinn nær óvart að fanga eitthvað sérstakt í fjöldaframleiddu listlíki sem hvetur hann til að búa til annað betra verk sem fellur að ríkjandi andrúmslofti – sjá nánar í Stemmingu.

### Þjóðrækni

Verk sem lýsa rómantískri hrifningu á landi og þjóð með persónulegri nálgun. Mikilvæg gildi eru í brennipunkti, afturhvarf til æsku og dýrmættra minninga sem vekja ljúfar kenndir. Þessi tilfinningaríka aðkoma birtist í kvöldstemmum, mistri til fjalla, nálægð við landið, yfirborð þess og smáatriði sem eru falin í eftirsjá og órjúfanlegri tryggð við heimahagana. Hún kemur líka fram í verkum listamanna sem hafa köllun til æðri afreka í þágu lands og þjóðar. Þeir líta á sig sem einstæða snillinga og starfa utan við stefnur og strauma og hafa lítið samband við aðra listamenn því þeir styðjast að þeirra dómi ekki við jafn háleit markmið. Verkin eru að nokkru leyti raunsæ en afleidd, vöðvabygging sjaldan rétt, hvort sem líkaminn er nakinn eða vafinn inn í efnismikil klæði. Þau eru hlaðin táknum og tilvísunum í liðna tíma því listamönnunum er hugleikið að kalla fram glæsta frægð og merkilegt mannlíf

sem er horfið í hillingar eftirsjár og drauma, endurvekja það og fleyga inn í líðandi stund – sem mistekst af augljósum ástæðum. Enn aðrir hafna alfarið hræringum nútímans og leita langt aftur í aldir að stílbrögðum sem falla að smekk þeirra og tilfinningum.

### Skreyti

Glettin myndgerð, oft með hvarflandi formum, fjörmiklum tákngervingum og litadýrð. Hún er hraðvirk og grípandi og liggur upp við yfirborðið en nær sjaldan tilfinningalegri dýpt eða þeirri nánd sem ítrekuð skoðun kallar eftir, og er aðalsmerki þaulhugsaðra gæðaverka. Í þrívíðum verkum kemur þessi vöntun einnig fram, þá líkjast þau jafnvel stækkuðum skartgrip eða sælgæti – sjá Listlíki.

### Sakleysi

Einföld barnsleg myndgerð (e. naive), sjálfsprottin og hispurslaus, gerð án utanaðkomandi áhrifa, endurtekin með litlum tilbrigðum og fáum litum, oft í stórum flokkum þar sem öll verkin eru keimlík og spegla persónu höfundar, en síður samfélag hans og umhverfi. Meira er um þessi atriði í þrívíðum verkum en tvívíðum.<sup>3</sup>

### Íhald

Myndgerðin er í fylgispekt við siði, ríkjandi skipulag í kyrrstæðum samfélögum sem gera mun á því hvar einstaklingur stendur innan ættflokks, virðulegs félags eða glæpagengis. Verkin eru bundin við hjarðhegðun, trúarathafnir, kynferðismál, manndómsvígslur, veiðar, afbrot, íþróttir, karlrembu, skottulækningar, töfra og launhelgar. Myndgerðin (e. primitive) hafði gríðarmikil áhrif í alþjóðlegri gerjun í „framúr stefnulist“ í byrjun 20. aldar en skekkti um leið sýn manna á gildi hennar innan félags- og hugmyndakerfis sem mótaði hana í Afríku og þróaði í rás aldanna. Í nútíma er þessi staðlaða myndgerð þekkt meðal hópa sem þjappa sér saman undir geldum merkjum, húðflúrstáknum, fánum og verðlaunagripum til að viðhalda einingu, trúmennsku og völdum en útiloka um leið þá sem eru ekki eftirsóknarverðir af einhverjum ástæðum, eru metnir óæðri og óæskilegir.

## Frásögn

Myndir sem varðveita andblæ liðinna tíma, lýsa verklagi og atvinnuháttum, taka fyrir sögur og minni, örnefni, dali, fjöll, goðafræði, ævintýri, leiki og ferðalög, eða yfirnáttúruleg fyrirbæri, oft með nákvæmum útskýringum. Þá má nefna þau vinnubrögð frásagnarfólks að nota náttúruform í verk sín, afganga og endurnýtanlega hluti, stundum af slíkri festu að jaðrar við einbeitni umhverfisverndarsinna.

## Viðbragð

Myndir sem eru unnar sem andsvar við slæmu uppeldi, ástleysi, höfnun, ofbeldi, einelti, úskúfun, einangrun, fangavist, svikum, starfsuppsögn, ástvinamissi og alvarlegum veikindum, afbrýði, árás í tölvu eða snjallsíma, sterkum lyfjum og neyslu fíkniefna. Hér er þó ekki um listmeðferð að ræða, þar sem leitað er sérstaklega að orsakavaldi, heldur viðbragð heilans gegn áfalli. Í fyrsta lagi er um að ræða myndir sem eru innhverfar og blíðar, fara yfir þröskuld raunveruleikans og stefna inn á við þar sem hlutirnir kúra í friði. Það sem áður útilokaði viðkomandi mann frá eðlilegri þátttöku tákngerist smám saman í vörn utan um sársauka og einmanaleik. Hann afneitar því sem hrjáir hann, eða sættir sig við orðinn hlut og felur í djúpi hugans, upptendrar og fegrar, fyrirgefur og gleymir. Í öðru lagi er um að ræða myndir sem flytja beinskeytt skilaboð með blygðunarlausum framslætti, ruddaskap, líkamlegu niðurbroti, klámi og trúarofstæki. Þær eru óþægilegar og fráhrindandi í nærveru augans.

## Sýnir

Í fyrsta lagi eru um að ræða myndgerð sem er á einhvern hátt ósjálfráð og birtist án fyrirvara í undirmeðvitundinni vegna næmrar skynjunar í slökun og íhugun eða dulrænni reynslu þegar áhyggjum og hversdags þönkum er vikið til hliðar. Þá taka „óráviddir sálarinnar“ við og hugurinn fær frelsi til að tjá sig án skilyrða. Þetta hugarástand getur líka verið flóttaleið frá fjandsamlegu umhverfi inn í tilbúinn veruleika. Í öðru lagi er um að ræða myndir sem verða til vegna stökkbreytinga í erfðavísunum eða langvinnrar lyfjameðferðar. Menn grípa í nærtæk hálmstrá og eru ýmist í sambandi við fljúgandi furðuhluti eða guðlegar verur, nema hvort tveggja sé, og telja sig hafa hlutverki að gegna. Þeir trúa því að skilaboðin sem þeim berast með misheyrn eða ofskynjun séu ætluð

þeim persónulega og hafi þýðingu í nærheimi og fjarheimi. Í þriðja lagi er um að ræða myndgerð sem framkallast af neyslu sterkra vímugjafa (Meskalín, LSD) þar sem atburðirnir brjótast stjórnlaust fram. Formin eru afbökud og litavalið sjúklegt. Þetta eru uppskurðir á sál og líkama eða hyldýpi martraðarinnar. Framsetningin er ekki í tengslum við raunveruleikann heldur birtist hún sem ósjálfráð framrás truflana sem „höfundurinn“ hefur enga stjórn á.

### Stemming

Myndgerð sem stýrist af kærulausu viðhorfi gagnvart lærdómi og viðteknum sannindum. Verk í þessum flokki eru oft vaxtarbroddar í þróun nýrrar tjáningar og loga af skrýtnum uppátækjum, elskulegri kímni, barnslegri ádeilu og stríðni. Stundum eru verkin gelgjuleg, sem getur stafað af því að listasögukennslan fjallar ekki um merkilegar nýjungar heldur listamenn sem njóta tímabundinnar frægðar. Þetta fólk getur orðið fyrir þeirri óþægilegu reynslu að búa til verk á hugmyndavelli sem aðrir hafa sáð í, slegið og hirt, kynna þau sem uppgötvun sína og verður agndofa þegar mistökin koma í ljós. Þá er líka athyglisvert þegar lítt mótaðir höfundar sækja í teiknimyndir og skopstælingar og notfæra sér möguleika formleysisu eða ofhlæðis listlíkisins.

### Ýkjur

Í myndgerðinni kemur fram þráhyggjukennd löngun höfundar til að spegla sig í samtímanum með persónulegri afstöðu og andstöðu. Í fyrsta lagi eru það höfundar sem nota eigindir listarinnar til að hneyksla, jafnvel klæðalausir til að magna áhrifin. Þeir kalla fram víðtæk viðbrögð með maraþon athöfnum sem jaðra við sjálfspínungu eða innilokun þar sem andrými er af skornum skammti. Í öðru lagi eru höfundar sem fá fólk með sýnihneigð til að stilla sér upp nakið á hópmyndum. Í þriðja lagi siðblindir ruddar sem nýta sér neyð vitfirringa og útigangsmanna gegn smánarlegri greiðslu, flytja þá inn í skúmaskot til að mála á þá, stimpla eða brennimerkja fyrir ljósmyndatökur. Í fjórða lagi eru það menn sem vinna með endurtekna áhersluþætti annarra listgreina og slæva áhorfendur uns þeir falla í leiðslu í síbyljunni og finna til samlíðunar með höfundinum – og virðist vera tilbrigði við Stokkhólmsheilkennd. Í fimmta lagi mætti nefna víðáttumikil verk búin til úr fjölda aðfenginna eininga sem eru kynnt í þeim tilgangi að mótmæla einhverju eða draga að sér athygli. Þótt listmaður hafi fengið tilskilin leyfi er umræddu verki

ósjaldan þröngvað upp á íbúa við háværa mótstöðu þeirra – sem orkar þá náttúrlega öfugt, höfundinum til óblandinnar ánægju.<sup>4</sup>

### Speki

Gervivísindi með sýndarrökum, hjáfræði og sérvisku. Listamaðurinn vitnar í eigin rannsóknir með miklu streymi upplýsinga og smáatriða sem rugla skoðandann í ríminu, nema hann hafi lagt á sig nokkurt erfiði til að skilja frumhugsunina og sé innvígður í hugmyndakerfið. Myndgerðin er yfirleitt falleg og grípandi og ef skoðandinn nýtur hennar frír af inntakinu og kerfinu sem býr að baki verður hann undireins aðdáandi viðkomandi listamanns. Ef ekki þá setur hann þessa myndgerð á stall með bábiljum.<sup>5</sup>

### Nýmæli

Safnið vinnur í anda skipulagsskrár en skerpir á henni þannig að með stuttu millibili eru kynntar frumlegar nýjungar eða snjallar lausnir sem skipta máli í starfseminni, auka fjölbreytni hennar, laða að áhugasama gesti og örva ímyndunarafl þeirra. Tekin var saman skrá yfir nýmælin til að skoða hvernig eitt leiðir af öðru, og eru þau skáletruð hér. Þau eru hugarfóstur greinarhöfundar nema annað sé tekið fram.

1995

Safnasafnið var stofnað til að taka yfir íslenska alþýðulist og sinna henni á eins faglegan hátt og hægt er. Stofnendur höfðu áður kynnt alþýðulistarmenn, fyrst í Víðihlíð á Kleppsspítala, síðar í Nýlistasafninu. *Í frumgerð skipulagsskrár var lögð áhersla á að gera alþýðulist og verkum lærðra listamanna jafn hátt undir höfði – og er það enn við lýði.*

1998

Fyrsta sýning safnsins hét *1. maí og var innsetning sem fjallaði um starf ungrar stúlku á sjúkrahúsi á miðri síðustu öld. Var notaður tækjabúnaður frá Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga, einkamunir úr fortíð og þálíðandi stund og persónulegt bréf sem var skrifað á gömlu máli til að tengja þræðina saman.* Var þetta í fyrsta skipti í sögu myndlistar á Íslandi og þó víðar væri leitað þar sem almennir safnmunir voru settir í svo einkanlegt samhengi, og



Listaverk eftir Leó Anton Árnason, Ljón norðursins. Án titils, ártal óvíst. Mynd: Safnasafnið.

gaf tóninn út í myndlistarlífið syðra. Álíka hugmyndir voru strax þróaðar samhliða.

1998

*Litlar sýningar í öðrum stærri*, það er að segja í sama sal. Þessi nýstárlega hugmyndafræði ögraði viðteknum venjum því blandað var saman alþýðulist, nútímalist, vöruhönnun, handverki, útsaumi, leikföngum, náttúrugripum og persónulegum munum. Voru gefnar vísbendingar um skilvirkni ólíkra hluta og hvernig hægt er að búa til menningarkima, smáheima listarinnar, og slá upp veislu fyrir augað þar sem einn hlutur vísar á annan, jafnvel fjarstaddan!

1998

*Í fyrsta skipti í sögu listasafna var bókasafn staðsett í miðju sýningarrými og gegndi afdráttarlausu miðlunarhlutverki. Þetta féll gestum safnsins vel í geð og þeir sökkту sér ofan í lestur.*

1999

*Barna- og unglíngastarf safnsins hófst með samvinnu við Valsárskóla á Svalbarðseyri þegar ákveðið var að fá nemendur hans til að útbúa verk til kynningar, fyrst í garðinum norðan lækjar, síðar inni. Frá 2007 hefur Leikskólinn Álfaborg tekið þátt í starfseminni. Raufarhafnarskóli og Myndlistarskólinn á Akureyri hafa einnig átt verk á sýningum safnsins. Árið 2017 var ákveðið að nemendur yngri bekkja Grenivíkurskóla sýndu þar á komandi árum.*

2000

Sett var upp sýningin *Borð, stóll og stigi*. Var auglýst eftir litlum verkum hjá Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM) og jafnframt gengið til samstarfs við Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit til að fá fram sem fjölbreytilegust verk.

2001

Samin og birt tilgátan *Hringferill myndlistar*, 16 þátta greiningarkerfi.

2002

*Hugmyndasmiðja æskunnar* var í upphafi hugsuð sem kennsluverkefni fyrir



börn og unglunga, byggð á hlutum í leikfangasafni, en þróaðist smám saman yfir í *Bláa boxið*, en upp úr því er tínt til sýnis í móttöku safnsins til að skemmta gestum og fræða þá, og vekur ætíð mikla hrifningu.

2003

Tekið upp samstarf við Sólheima í Grímsnesi til þess að skoða og skilgreina verk eftir listamenn staðarins. Síðar var ákveðið að halda upp á stórafmæli Sólheima með misstórum sýningum. Í kjölfarið hefur safnið fengið verk þaðan með þeim orðum að þar eigi þau heima, skilgreind sem íslensk alþýðulist.

2003

Safnið hannaði sýninguna *Yfir Bjartsýnisbrúna í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur til þess að kynna fyrir almenningi Hringferil myndlistar í verki, og fjallaði um flesta þætti greiningarkerfisins*. Meðal þátttakenda voru margir af þekktustu listamönnum landsins, nýliðar og alþýðulistarmenn sem sumir hverjir voru kynntir í fyrsta skipti syðra. Farið var eftir jafnréttisstefnu við val á höfundum.

2004

Sett saman ítarleg skrá yfir *Umfjöllunarefni sem eru birt í stafrófsröð í ellefu blaðsíðna bálki, kynnt á vefsíðu safnsins, og öllum er frjálst að nota. Samantektin hefur reynst vel sem gátlisti en má líka lesa sem ljóð upp á nýbreytnina*.

2006

*Við hönnun nýbyggingar safnsins var ákveðið að hafa ofna inni í milliveggjunum tveimur í Norðursölum til þess að trufla ekki upphengi sýninga*. Arkitekt frá Skotlandi hreifst mjög af þessari hugmynd og fékk leyfi til að nota hana í gömlu vernduðu húsi sem hann var að gera upp.

2007

*Bókakostur safnsins var fluttur yfir á aðra hæð í miðju nýbyggingarinnar þar sem allar leiðir mætast og gestir þurfa ekki að spyrja til vegar*.

2008

Anna Líndal, Bjarki Bragason og Hildigunnur Birgisdóttir þáðu boð safnsins um samstarf á Listahátíð í Reykjavík árið eftir. *Þau fengu aðgang að safnverkum til að styðja við hugmyndir sínar og fléttuðu inn í sýninguna. Þau fluttu inn stórt brotið lerkitré í garðinum sem þau stilltu upp þvert á vegggi yfir spegla á gólfinu. Gestir safnsins fengu á tilfinninguna að þeir yrðu að gæta sín svo þeir féllu ekki niður í botnlaust dýpið.*

2008

Jóhannes Sveinsson Kjarval hefur lengi verið talinn einn af frumkvöðlum íslenskrar myndlistar, en í viðtali við Hugin Þór Arason í tímaritinu Sjónauka var sýnt fram á það með vísan í Hringferil myndlistar að Kjarval var ekki sá brautryðjandi sem menn hafa fullyrt, þvert gegn betri vitund, til að halda honum á ákveðnum stalli og varðveita hátt verðgildi verka hans. Viðtalið er birt á vefsíðu safnsins.<sup>6</sup>

2009

Safnið fékk félagsskapinn Huglist til þess að smíða Safnvörð, 5 metra háan járnskúlpúr, sem stendur syðst á bílastæðinu. Listamennirnir glíma við miserfiða geðsjúkdóma og styrkti vinnuferlið sjálfsmynd þeirra. Safnvörðurinn vekur óskipta athygli og er ljósmyndaður af ferðafólki flesta daga ársins enda eitt af þekktustu kennileitum landsins. Þá gerði hópurinn annað verk fyrir safnið 2010, þakti gamlan bíl með gervigrasi og gátu gestir lyft upp torfu til að sjá leikföng sem lágu fyrir innan.

2009

Skapað úr safnkosti, hlutum sem höfðu verið keyptir í þeim tilgangi eða borist án gjafabréfa. Fyrsta skrefið var að búa til ríflega 100 karla og kerlingar úr eldspýtnastokkum, fyrst Eldvarnareftirlitsmenn, síðan Brennurvarga.

2009

Lista- og fræðimannsíbúð var tekin í notkun, sú eina í safni á Íslandi, innréttuð sem byggðasafnsvísir í risi Gömlu-Búðar.

2009

*Listveisla 1* er fjölfeldi á verkum tuttugu og þriggja myndlistarmanna, gefin út í tuttugu og sex eintökum. Pólýhúðuð járnhirslan utan um verkin og steyppt handfangið er einnig listgripur. Höfundar: Aðalheiður Sigríður Eysteinsdóttir, Andrea Maack, Anna Hallin, Anna Líndal, Arna Valsdóttir, Ásta Ólafsdóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Elsa Dóróthea Gísladóttir, Erla Þórarinsdóttir, Guðbjörg Ringsted, Gjörningaklúbburinn, Harpa Björnsdóttir (hönnun og smíði hirslu), Hekla Dögg Jónsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Magnhildur Sigurðardóttir (gestgjafi), Olga Bergmann, Ólöf Nordal, Ragnheiður Þóra Ragnarsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir, Rúrí, Sigríður Ágústsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir og Þórunn Elísabet Sveinsdóttir. (Þrír litir á hirslu voru í boði, gulur, rauður og blár, safnið á þrjú, eina í hverjum lit, höfundarnir fengu eitt eintak hver).

2010

*Dvöl gegn dagsverki* auðveldar fólki að taka Lista- og fræðimannsíbúðina á leigu utan annatíma gegn framlagi sem getur verið aðstoð við uppsetningu sýninga, ljósmyndun, flutningur á listaverkum, leiðbeining um forvörslu, fyrirlestur, hreingerning, málun sala, húsvarsla í fjarveru stofnenda, markaðssetning, móttaka gesta, prófarkarlestur og textaþýðing.

2010

Sýning í Listasafninu á Akureyri á stækkuðum ljósmyndum af teikningum eftir Jón Bjarnason, 1791-1861, bónda í Þórormstungu í Vatnsdal. *Fengnir voru þrír myndhöfundar til að vinna verk í anda listamannsins, þau Bergur Loftur Jónsson, þá 11 ára, á Akureyri, Margrét Baldursdóttir frá Grýtubakka og Ólöf Nordal í Reykjavík. Þá var sett upp safnsýningin Karlaklefinn með teikningum og þrykkmyndum eftir fjörtíu og tvo listamenn, allt karla.*

2010

Eigendur arkitektastofunnar Arkíbúllunnar í Reykjavík, Hólmsfríður Ósmann Jónsdóttir og Hrefna Björg Þorsteinsdóttir, gengu til liðs við Önnu Hallin og Olgu Bergman um gerð sýningar í aðalsal safnsins. *Anna og Olga frömdu gjörning á opnuninni sem fólst í því að gestir fengu að grafa upp og eiga keramikhluti sem þær höfðu búið til og komið fyrir í garðinum.*

2011

Harpa Björnsdóttir skipulagði sýningu á verkum eftir Sölva Helgason í eigu Þjóðminjasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands. *Í salnum var reist lítið tjaldhús þar sem nokkur frumrit voru sýnd við hagstæð birtuskilyrði. Á veggjum voru ljósmyndir af verkum Sölva í raunstærð og nokkrar stækkanir svo gestir gátu lesið smágerð letrið.*

2012

Í tilefni af 100 ára afmæli Gróðurreitsins norðan lækjar fékk safnið Elsu Dórótheu Gísladóttur myndlistarmann til þess að efna til sýningar í samstarfi við íbúa sveitarinnar, kvenfélagið, ungmennafélagið og skólana. Allir máttu búa til verk á sýninguna og var farið með þau í skrúðgöngu til safnsins. *Verkunum var stillt upp innan um sjaldgæfar lækningajurtir og stórvaxna sveppi. Að lokum var haldin hlutavelta á verkunum og fénu varið til að kaupa og gróðursetja ávaxtatré á þremur stöðum í Gróðurreitnum.*

2013

Innsetning á bókverkum (albúmum undir ljósmyndir) eftir Pétur Caspar Hólmi, Reykjavík, *sem Unnar Örn J. Auðarson auðgaði með eigin verkum til þess að ná fram andblæ eftirsjár og fegurðar en Pétur missti báða syni sína unga í flugslysi á Tröllaskaga um miðja síðustu öld.*

2014

*Jaðar-Miðja var uppstilling í skáp með fjöldaframleiddum gripum af ýmsum gerðum og gestum gefinn kostur á því að meta hvort einhver þeirra gæti talist til listar. Þeir skoðuðu gripina með nýjum augum og skynjuðu sumir einlægni sem leynist stundum í listlíki sem verður til utan alfararleiðar – eða í miðju.*

2015

Við undirbúning sýningar á túpilökum og hálsfestum frá Grænlandi var tekið mið af því að hún var sett upp í listasafni þar sem fagurfræði er í forgrunni og verkin kynnt þannig að þau þjóni hugmyndafræði þess sem setur hana í samhengi við líðandi stund. Unnar Örn J. Auðarson *hengdi hálsfestarnar upp eins og forhengi beggja vegna gluggans og rammaði hann inn. Þannig fjarlægði hann gildisblaðna merkingu og laðaði fram nútímaleg áhrif.*

2015

Verkið Tvíeyrna var innsetning sem Gunnhildur Hauksdóttir myndlistarmaður í Berlín bjó til með samslætti viðarskúlptúrs, teikninga og hljóðverks. *Hljóðverkið var raddað með Binaural upptökutækni sem líkir eftir því sem mannseyrað heyrir þegar hlustað er í heyrnartólum en þá myndast þrívíður hljóðheimur allt í kring.*

2015

Harpa Björnsdóttir gerði úttekt á teikningum Thors Vilhjálmssonar, skálds og rithöfundar í Reykjavík, í tilefni af 90 ára afmæli hans. Kynntar voru þrenns konar myndgerðir, fullgerðar teikningar, hraðskissur sem hann gerði á ferðum sínum og sviðsmyndir sem hann dró upp samtímis því að skrifa tvær síðustu bækur sínar. Síðar um sumarið skipulagði Harpa dagskrá um listamanninn, fram komu Guðmundur Andri sonur hans og rithöfundur, Arna Valsdóttir myndlistarmaður, Þorsteinn frá Hamri ljóðskáld og Laufey Sigurðardóttir fíðluleikari. Um veitingar sá Magnhildur Sigurðardóttir.

2016

Unnar Örn J. Auðarson gerði úttekt á safneigninni og setti upp sýningu þar sem hann *tefði fram viðarstyttum eftir alþýðulistarmanninn Björn Líndal Guðmundsson, frá Laufási í Viðidal, Húnaþingi vestra, gegnt verkum lærðra listamanna. Gefin var út Sýnisbók safneignar I, sem er nokkurs konar þverskurður af safneign og fjallar um verk eftir 22 höfunda, ellefu lærða listamenn og ellefu sjálflærða, ellefu konur og ellefu karla, ellefu lifandi og ellefu látna. Í formála bókarinnar, Miðlægu viðfangi, er rakinn þráður íslenskrar alþýdulistar með tilliti til myndþróunar í Evrópu fram eftir öldum.*<sup>7</sup>

2016

*Sýning á hannyrðum óþekktra kvenna gegnt útsaumsverkum Loja Höskuldssonar.* Gefin var út bók um verk kvennanna, Sýnisbók safneignar II, hannyrðir. Í formála, Listsköpun með þræði, er fjallað um útsaum frá upphafi vega til nútíma.<sup>8</sup> Magnhildur Sigurðardóttir stjórnaði rannsókn á hundrað tuttugu og tveimur textílvörkum, henni til aðstoðar voru Bryndís Símonardóttir fjölskylduráðgjafi og hannyrðakona í Eyjafjarðarsveit og Jenný Karlsdóttir leikskólakennari og handverksmaður á Akureyri. Í bókinni er skrá

yfir greiningu á efni og saumgerðum og önnur um heimildir.

2016

Sett var saman nýstárleg innsetning um Þórð Guðmund Valdimarsson, 1922-2002, Kikó korriró, Reykjavík, og byggð á listranssókn sem tók meðal annars mið af stækkuðum ljósmyndum teknum í Metro-Goldwyn-Mayer Studios í Hollywood 1946, þegar hann lærði lögfræði við Kalíforníuháskóla í Los Angeles. Þar vingaðist Þórður við nokkrar af frægustu kvikmyndastjörnum þess tíma, svo sem Bob Hope og Richard Widmark. *Í innsetningunni voru teikningar á ljósmyndir í tímaritum, hraðskissur í hirslum sem komið var fyrir í járnhillum með kassastrekkningum, skúlptúrar og klippimyndir, einnig gripir úr leir, horni, áli og messing.* Klippimyndir Þórðar frá sjötta áratugnum eru líklega fyrstu Pop-verkin á Íslandi og munu hafa haft áhrif á listmálarana Erró og Braga Ásgeirsson. Þá eru skúlptúrar hans sérstakir fyrir margra hluta sakir og verða væntanlega sýndir árið 2019.

2017

Hönnuð og sett upp sýning á teikningum og grafíkverkum eftir Dieter Roth. Í aðalhlutverki voru þrykk í eigu Nýlistasafnsins sem fjalla um hið ungæðislega og uppátækjasama. Á sýningunni voru einnig bókverk og kortapúslur í eigu Safnasafnsins. *Til þess að varpa ljósi á inntak sýningarinnar var afráðið að stilla upp hvítum gifsdyrum eftir nemendur yngstu bekkja Grenivíkurskóla og slá þannig áfram þann barnslega tón sem sumum finnst þeir heyra óm af í verkum Dieters Roth.*

2017

Ákveðið var að taka boði Outsider Art Street Gallery í Harstad í Noregi. Margrét M. Norðdahl sá um framkvæmdina og fékk lánuð málverk hjá Gýgju Thoroddssen í Mosfellsbæ til að senda á sýningu þar ytra.

2018

Einföld tálguverk eftir Matthías Má Einarsson voru sýnd í sama sal og verk eftir Ingvar Ellert Óskarsson, og til að tengja þau og fá heildstæða myndskipan voru smíðuð létt bátsform á stöpli og bordi og verkum Matthíasar raðað þar á. *Þeim er lyft upp úr því jarðbundna og fá stöðu sem leyfir þeim að blómstra*

*en um leið verða til vissar sjónlínur innan rýmisins sem styðja áherslur um hreyfingu og flæði með vísan í bátamyndir Ingvars Ellerts.*

2018-2020


Safnasafninu var boðið til samstarfs við ýmsar stofnanir um að lána verk á farandsýningu um Norðurlöndin og er það í fyrsta skiptið sem það hefur séð sér fært að þiggja slíkt boð. Umsjón af hálfu safnsins hefur Harpa Björnsdóttir, svo sem bréfaskipti, ástandsskoðun, ljósmyndun, merkingar, tryggingar og flutningur, en um smíði á kassa og pökkun sáu greinarhöfundur og Unnar Örn J. Auðarson.

## Ábyrgð

Safnið telur afar brýnt að það taki að sér hlutverk ábyrgðarsafns um íslenska alþýðulist og styrki þannig rekstrar- og verkefnastöðu sína. Ætlunin er að fá til eignar eða langtíma varðveislu verk og aðra gripi í eigu opinberra safna og efna til rannsókna, útgáfu og sýningarhalds í samstarfi við þau. Í Þjóðminjasafninu er hægt að teikna upp heildarmynd af þróun íslenskrar alþýðulistar frá landnámi og skoða hvernig hún skarast við myndiðkun sumra þeirra sem hafa gengið í listaháskóla og eru svo til ósnortnir af kennslu, en starfa á svipuðum nótum og alþýðulistarmenn. Það er forgangsmál að safnið fái þetta ábyrgðarhlutverk sem fyrst, enda hefur það verið rökstutt til hlítar. Starfsemi safnsins er í þeim gæðaflokki að einungis vantar formlega staðfestingu hins opinbera á gildi hennar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi safninu bréf þann 9. september 2014 þar sem það var hvatt til þess að ræða við Listasafn Íslands um málið, enda fer það með ákveðið hlutverk í ferlinu. Var strax hafist handa og rætt við þáverandi safnstjóra sem tók erindinu fagnandi. Nokkru síðar stofnaði safnaráð nefnd til að gera tillögur um útfærslur um hlutverk ábyrgðarsafns og sendi ráðuneytinu þær 2015. Ráðuneytið sendi safnaráði bréf 2017 og hvatti það til þess að hefjast strax handa í ljósi ákvæða laga um ábyrgðarsöfn. Í framhaldinu var málið tekið upp aftur, nú við nýjan safnstjóra Listasafns Íslands.

Safnasafnið hefur sett sér markmið sem eru að hluta til reist á ákvæðum skipulagsskrár, til þess, annars vegar, að leggja fram við gerð samnings um fagsvið ábyrgðarsafns um íslenska alþýðulist svo menn geti glöggvað sig





Forsíður tveggja sýnisbóka sem Safnasafnið gaf út árið 2016.

á verkefnastöðu og áætlunum þess, hins vegar til að skerpa á starfsstefnu safnsins.

### Meginmarkmið:

01

Safnið starfar samkvæmt endurskoðaðri staðfestri skipulagsskrá frá 2014. Það er miðstöð og rannsóknarsetur íslenskrar alþýðulistar frá 1850 fram á 21. öld og vinnur í anda starfsstefnu, söfnunar- og sýningarstefnu, sem og útgáfu-, forvörslu- og rannsóknaráætlana. Það safnar verkum eftir alþýðulistarmenn og lærða listamenn sem vinna undir áhrifum frá þeim, og leitar eftir heimildum og gripum sem tengjast viðfangsefnum, hugmyndum, lífsstarfi og minningum ofangreindra manna.

02

Safnið leitar eftir listaverkum úr öllum landsfjórðungum, eldri eintökum ef hægt er, en fyrst og fremst verkum sem lýsa því sem gerist í íslensku þjóðlífi á síðari tímum.

03

Safnið leitar eftir því að fá til eignar íslensk alþýðulistarverk sem vitað er af erlendis og skipta máli fyrir rannsóknir og útgáfur. Það þiggur verk eftir erlenda listamenn til að gera samanburð á aðferðum og inntaki.

04

Vegna sérstöðu safnsins er æskilegt að það fái til eignar eða langtímavardveislu verk sem nú eru varðveitt í 4 höfuðsöfnum landsins, og væri hægt að semja um afhendingu smám saman:

Þjóðminjasafn Íslands:

Teikningar eftir Sölva Helgason, úr Skagafirði, og fleiri verk sem falla illa að söfnunarstefnu og hafa sjaldan eða aldrei verið sýnd þar innan dýra.

Listasafn Íslands:

Málverk eftir Sigurlaugu Jónasdóttur, frá Öxney á Breiðafirði og málverk eftir Karl Kjerúlf Einarsson, Dunganon, Hertoga af St. Kilda, sem fæddist á Íslandi, ólst upp í Færeyjum, en bjó oftast í Kaupmannahöfn. Einnig verk eftir erlenda alþýðuhöfunda sem kunna að leynast í geymslum safnsins.

Landsbókasafn Íslands:

Teikningar eftir Sölva Helgason og Helga Jónsson frá Stafnsholti í Reykjadal, vatnslitamyndir eftir Guðlaug Magnússon, Gimli í Vesturheimi, og teikningar eftir Benedikt Gröndal, í Reykjavík.

Þjóðskjalasafn Íslands:

Hugmynda- og skissubækur eftir Dunganon (sem standa vel undir nafninu bókverk).

05

Safnið mun óska eftir því að fá aðgang að gagnagrunnum í Stofnun Árna Magnússonar og Þjóðskjalasafni Íslands yfir teikningar í handritum sem það getur notað við undirbúning ritraðar um alþýðulist fyrri tíma. Safnið býður Þjóðminjasafninu samstarf um rannsóknir á fornum útskurði og textíl. Í langtímaverkefni verður reynt að draga upp heildstæða sýn af íslenskri

alþýðulist frá landnámi til 21. aldar og skoða hvaða áhrif hún hefur haft á þjóðina og menningarlíf hvers tíma, framsækna myndlist, hönnun, tölvuleiki og aðra margmiðlunartækni sem er í þróun og á eftir að hafa áhrif á fólk í skapandi störfum.

06

Safnið kynnir verk eftir fatlaða listamenn sem glíma við geðtruflanir, misþroska og einhverfu eða eru illfærir um að tjá sig vegna líkamlegra takmarka af völdum Alzheimers, MDS og Parkinsons. Það stefnir að því að rannsaka listsköpun á jöðrum samfélagsins, hjá sérvitringum, einförum, fíklum, föngum og öðrum sem eiga sér einna helst von um athygli og hvatningu í skapandi tjáningu, ekki síst í Safnasafninu.

07

Safnið heldur áfram útgáfu sýnisbóka safneignar til þess að gefa öðrum en gestum tækifæri til að fylgjast með þróun safneignar og sýningum sem settar eru upp um ákveðin efni.

### **Leiðir til að ná meginmarkmiðum:**

01

Safnið heldur áfram greiningarstarfi sínu, söfnun, forvörslu, ljósmyndun og tölvuskráningu, fagurfræðilegum útgáfum og miðlun. Það skipuleggur eitt til þrjú ár fram í tímann og setur upp minnst tíu sýningar hvert ár.

02

Safnið gefur árlega út sýningarskrá og skrifar um þátttakendur á sýningum í sérprentum sem liggja frammi svo gestir geti tekið þau með sér. Hvoru tveggja er skrifað á tveimur tungumálum. Safnið ritar greinar um íslenska alþýðulist í erlend tímarit og stuðlar þannig að því að listunnendur, ritstjórar tímarita og sýningarstjórar fái löngun til þess að koma til landsins að kynnast henni.

03

Safnið efnir til kannana til þess að fá viðbrögð gesta og auka gæði þjónustu sinnar. Í könnunum sem voru gerðar 2016 og 2017 kom fram mikil ánægja



Hildur Hákonardóttir, Reykjavík. Án titils, 1971. Mynd: Safnasafnið.

með safnið, húsakynni þess, sýningar, umhverfi og andrúmsloft.<sup>9</sup>

04

Safnið býður sérfræðingum og alþýðlegum fræðimönnum aðstöðu í lista- og fræðimannsíbúð sinni til að kanna tengsl og þróun gamalla handritamynda og alþýðulistar og getur meðal annars verið liður í því að leiðrétta Íslenska listasögu. Inn í hana vantar tímabilið frá landnámsöld fram að miðju 19. aldar og síðari tíma brautryðjendur og áhrifamenn.

05

Safnið birtir á vefsíðu sinni grein um íslenska alþýðulist og myndskreytta skrá um höfunda verka og segir fréttir af sýningum, hið sama gildir um samfélagsmiðla. Það gerir samning við Myndstef um birtingu á stafrænu efni til kynningar í safninu og á vegum þess.

06

Safnið er vakandi fyrir frumlegum viðhorfum og nýjum möguleikum í samslætti hugmynda og hluta sem geta farið saman á sýningum. Það brýtur sífellt upp hefðir og mynstur með ögrandi hætti sem fær gesti til að undrast og hrífast. Það heldur áfram tilraunum með byltingarkenndar sýningar.

07

Safnið veitir fræðslu og þjónustu sem skilgreind er í safnalögum og skipulagsskrá og birtir á vefsíðu sinni.

08

Safnið tryggir stöðu sína og ræktar hlutverk sitt í hópi bestu alþýðulistarsafna vestan hafs og austan og byggir þar á samlegðaráhrifum um umfang og gæði safneignar, nýmæli í starfi, heillandi húsnæði og umhverfi með skógi, læk og göngustígum. Það efnir til samstarfs við listhús víða um heim með það fyrir augum að skiptast á upplýsingum og sérsýningum.

09

Safnið er aðili að The European Outsider Art Association. Meðal áhugaverðra safna til að starfa með eru Collection de l'Art Brut í Lausanne í Sviss, Halle Saint Pierre í París, Museum Sammlung Prinzhorn í Heidelberg og Haus der Künstler Gugging í Vín. Einnig er vert að skoða grundvöll á samstarfi við bandarísk söfn. Safnið setur íslenska alþýðulist í alþjóðlegt samhengi og kynnir hana í erlendum fagtímaritum. Reynt hefur verið að koma upplýsingum á framfæri í Chronology í Source Book sem tímaritið Raw Vision gefur út á fárra ára fresti en ekki tekist. Til þess þarf safnið helst að fá stuðning mennta- og menningarmálaráðuneytisins eða Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

## **Að lokum**

Samfara fleiri verkefnum og fjölbreyttari starfsemi hefur Safnasafnið vaxið úr lítilli einingu í umsvifamikla stofnun. Það hefur þó aldrei haft efni á því að fastráða starfsmann og greiðir engin laun, fyrir utan verktakavinnu sem greidd er af styrkjum til sérverkefna, heldur reiðir sig á framlag stofnenda og

annarra stjórnarmanna. Þetta er ekki boðlegt og afar ósanngjarnt þegar horft er til þess að flest önnur viðurkennd söfn í landinu hafa marga starfsmenn sem þiggja laun af skattfé almennings, jafnvel þau sem eru sjálfbær vegna legu sinnar við ferðamannastrauma eða eru í eigu stærstu hagkerfa landsins. Fyrir liggja starfslýsingar til að styðjast við þegar tímar breytast og aukið fjármagn fæst.

Mannaráðningar þurfa að vera inni í samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Listasafn Íslands þegar/ef safnið fær hlutverk ábyrgðarsafns. Í slíkum samningi verður líka að gera ráð fyrir auknu húsnæði til að standast alþjóðlegar kröfur um svigrúm fyrir faglega starfsemi. Listaverkageymslan er 33 fermetrar en þarf að vera minnst 160 fermetrar. Þá vantar rými undir forvörslu, fagbókasafn, rannsóknir, almennar skrifstofur og verkstæði. Rætt hefur verið um einfalt og stílhreint 400 fermetra hús á einni hæð, reist á niðursteyptum súlum, áfast Samkomuhúsinu, en þannig sparast mikill stofnkostnaður. Safnið á tvö hús skuldlaus, 618 fermetra. Það fær núna að láni hluta af húsi stofnenda, skrifstofu, tvö sýningarrými, sólstofu og þrjú gestaherbergi, allt að 182 fermetra. Með eðlilegum fjölda starfsmanna og betri aðstöðu verður hægt að hafa safnið opið allt árið.

Það er bjart framundan í menningarmálum þjóðarinnar og tilhlökkunar efni fyrir Safnasafnið að vera virkt í mótun nýrra tíma og leggja sitt af mörkum með umsýslu heillandi arfleifðar og skipa henni þann sess sem hún verðskuldar.

#### Heimildir

Huginn Þór Arason, „Var Kjarval alþýðulistamaður?“, Sjónauki, tímarit um myndlist, 2009.

Niels Hafstein: „Miðlægt viðfang.“ Í Sýnisbók safneignar I. Ritstjóri Unnar Örn J. Auðarson.

Svalbarðsströnd: Safnasafnið, 2016.

Niels Hafstein: „Listsköpun með þræði“, Sýnisbók safneignar II, hannyrðir. Ritstjóri Unnar Örn J. Auðarson.

Svalbarðsströnd: Safnasafnið, 2016.

#### Neðanmálgreinar

- 1 Viðhorf margra listamanna til höfundarréttar hefur á undanföllum árum tekið miklum breytingum til hins verra og er lítið skeytt um sæmdarrétt og tilfinningar þeirra sem fyrir þeim verða. „Fræg og virt“ listasöfn og listhús taka jafnvel þátt í svo alvarlegu afbrotum og komast upp með það vegna þess að listamennirnir sem niðst er á fá ekki stuðning fagfélaga og opinberra eftirlitsstofnana. Í þessu sambengi er vert að geta þess að þegar fjöldaframleiðdur hlutur er felldur inn í listaverk glatar hann tilgangi sínum og fær breytta merkingu í stærri heild. Viðhorf skapandi listamanns til slíks hlutar er því annað en til listaverka sem hafa öðlast þegnrétt á sýningum eða annars staðar.
- 2 Með endurmotkun eru fullgild listaverk svipt frumlagi sínu og erfitt fyrir þann sem þekkir til að nálgast þau af hlutlægni og fella sig við nýja hlutverkið. Þá er sú hætta fyrir hendi að listasöfn gæti ekki hófs við hönnun sýninga úr safnkosti og svipti verk sérstöðu sinni, listgildi og virðingu.
- 3 Teikningar barna eru af öðru tæi, einkaheimar með líkamlegri nánd. Börn segja sögur og lýsa reynslu, fela eitt eða ota öðru fram eftir hentugleikum. Þess vegna geta verk þeirra gagnast vel í listmeðferð til að leita annmarka eða djúpstæðra orsaka að baki frábrigðilegri hegðan og vanlíðan.
- 4 Listaverk sem tekur fyrir hörmulegan atburð og varpar ljósi á hann getur staðist tímans tönn. Verk sem beinist að einhverju í pólitískum tilgangi er dæmt til að mistakast, það hefur heimildargildi áróðurs og æsifréttamennsku. Það er ekki hægt að setja það upp aftur því það hefur misst slagkraft sinn, er bara holar hljómur, minning um framhjá gengið viðfangsefni, endurtekin tíska.
- 5 Í þessu sambandi má nefna að til eru listamenn sem trúá því að listsköpun þeirra hafi heilandi áhrif á sál og líkama, einkalega því svið verk sem gefa fólki huglægan straum því þau eiga að búa yfir óútskýranlegri orku.
- 6 Huginn Þór Arason, „Var Kjarval alþýðulistamaður?“, 2009.
- 7 Niels Hafstein, „Miðlægt viðfang, 2016.
- 8 Niels Hafstein, „Listsköpun með þræði“, 2016.
- 9 Úr gestabókum safnsins: „Frábært safn. Kemur alltaf á óvart. Yndislegt! Frábært, vel gert. Eitt skemmtilegasta safn sem ég hef séð. Áhugaverðasta safnið á Íslandi. Wonderful atmosphere, great staff. Very interesting, important work to show, loved it. What a beautifully designed buildings. Lots of time available. Really enjoyable. Fascinating museum. Beautiful and interesting collection. Thank you!“



# Listasafn Svavars Guðnasonar

Björg Erlingsdóttir

Suðausturland, landsvæðið frá Skeiðarársandi og austur að Lónsheiði hefur frá fornu fari verið kallað Austur-Skaftafellssýsla með sveitunum Örafum í vestri, Suðursveit, Mýrum, Nesjum og Lóni austast. Jöklar einkenna þetta landsvæði, hafa mótað landslagið og haft áhrif á mannlíf svæðisins í gegnum aldirnar. Sveitirnar voru lengst af afskekktar og var einangrun þeirra ekki rofin fyrir en Skeiðará var brúuð og vegasamband komst á milli Suðurlands og Suðausturlands árið 1974. Örafín voru um aldir ein einangraðasta sveit landsins og miklar jökulár sáu til þess að illfært var um héraðið og leiðin til Hafnar erfið yfirferðar og leiðin vestur og suður illfær yfir jökulfljótin. Austur-Skaftafellingar fylgdust vel með heimsmálum þrátt fyrir einangrun og stopular gestakomur og er tilvist Listasafns Austur-Skaftafellssýslu glöggur vitnisburður um að Hornfirðingar hafi löngum verið þátttakendur og ekki áhorfendur þegar kemur að myndlist og mótun íslenskrar listasögu. Þrátt fyrir að vera eitt einangraðasta landsvæði Íslands lögðu menn stund á málalist og höfðu mikið fyrir því að verða sér úti um liti, striga og pensla. Sveitungar fóru saman og leituðu innblásturs í umhverfinu og birtunni og afrakstur þeirrar vinnu getum við enn borið augum í málverkum þeirra, vatnslitamyndum og teikningum. Sveitin ól af sér einn þekktasta listmálara íslenskrar listasögu, Svavar Guðnason, og þeir sem kynnast verkum hans fá betri innsýn í litina og birtuna þegar þeir heimsækja heimahaga hans. Og ríka ástæðu höfðu menn til þess að stofna safn til heiðurs og minningar um Svavar Guðnason en ekki síður til þess að halda utan um þá sögu sem hann og samferðamenn hans skildu eftir sig.

Listasafn Austur-Skaftafellssýslu var stofnað formlega þann 12. apríl 1995 með opnun sýningar á verkum í eigu sveitarfélaga í sýslunni og við opnunina var safninu færð að gjöf nokkur listaverk eftir einn af þekktari listamönnum sýslunnar, Jón Þorleifsson.<sup>1</sup> Hér er rétt að staldra við og huga að orðalaginu, einn af þekktari listamönnum sýslunnar, sem gefur til kynna að þeir séu og hafi verið nokkrir listamennirnir sem áttu uppruna sinn í Austur-Skaftafellssýslu og sóttu sér innblástur í stórbrotið landslag

heimahaganna. Um leið er rétt að velta fyrir sér þeim aðstæðum sem þeir störfuðu í, andstæðum sem felast í einangruninni og þeim atvinnuháttum sem stundaðir voru í Austur-Skaftafellssýslu á móti skapandi heimi listamannsins, og þörfinni fyrir að festa á blað stemningu, liti, birtu og hughrif. En allt á þetta sér sína sögu og sagan er einmitt grunnurinn að stofnun safnsins og þá sérstaklega saga ungra manna sem úr afskekktustu sveitum Íslands kynntust listamanni sem sótti sveitina heim, hreifst af landslaginu, birtunni og litunum og hreif ungu mennina með sér í ævilangan leiðangur um lendur listarinnar.

## Listamenn í landi birtunnar

Þeir sem heimsækja Austur-Skaftafellssýslu verða fyrir áhrifum af stórbrotnu landslagi, náttúrunni og birtunni sem á vart sinn líka. Ásgrímur Jónsson, listmálari heimsótti Hornafjörð árið 1912 og dvaldi um mánaðartíma í þessu undralandi birtunnar þar sem nálægð jökulsins og endurkast birtunnar í vatninu skapa ótrúlegt sjónarspil. Svæðið virtist bjóða honum upp á óþrjótandi verkefni og er fjöldi vatnslitamynda sem hann málaði á ýmsum stöðum í Austur-Skaftafellssýslu vitnisburður um það. Sumir staðir voru honum hugleiknari en aðrir og málaði hann ákveðna staði frá ýmsum sjónarhornum og í mismunandi birtu. Umhverfið í kringum Þveit og Stóruhálg í Nesjum, með jöklana og Hornafjarðarfljót í baksýn var honum hugleikið og enn þann dag í dag þekkja menn vel hólinn sem Ásgrímur valdi sem starfsstöð, þaðan sem útsýnið yfir jöklana, Hornafjarðarfljótið og nærliggjandi bæi blasti við listamanninum sem hafði komið um langan veg til að komast í land birtunnar.<sup>2</sup> Heimsókn Ásgríms til Hornafjarðar er í árdaga íslenskrar myndlistar, fyrsta almenna sýningin er haldin í Reykjavík árið 1919 og Austur-Skaftafellssýsla og Hornafjörður óbeint orðin þátttakendur í íslenskri listasögu strax í upphafi hennar. Segja má að Ásgrímur hafi verið fyrsti íslenski listamaðurinn sem opnaði augu annarra fyrir fegurð landsins. Hann kenndi sinni kynslóð að meta fegurð landsins í nýju ljósi og hefur sú sýn haft varanleg áhrif á komandi kynslóðir.<sup>3</sup>

Þessi heimsókn Ásgríms hafði og mikil áhrif á heimamenn sem fylgdust með meistarannum úr fjarlægð, veltu fyrir sér sjónarhorni hans og aðferðum og fylgdu frumkvæði hans. Landslagið höfðu menn fyrir augum sér alla daga en heimsókn Ásgríms opnaði nýjar víddir og mælikvarða á fegurð



Svavar Guðnason og Árni Bergmann blaðamaður Þjóðviljans í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands árið 1977. Mynd: Gunnar Elíson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

landslagsins fyrir heimamönnum sem vildu eins og meistarinn ná að fanga fegurðina, festa birtuna og miðla andartakinu til annarra. Nokkrir Hornfirðingar tóku sig því saman, pöntuðu liti og fóru á slóðir Ásgríms til þess að fanga birtuna og fegurðina sem beið þeirra. Í þessum hópi voru helstir þeir Bjarni Guðmundsson og Jón Þorleifsson og seinna þeir Höskuldur Björnsson og Svavar Guðnason. Bjarni starfaði hjá KASK – Kaupfélagi Austur-Skaftafellssýslu, varð kaupfélagsstjóri árið 1943 og hafði tök á að panta það efni sem til þurfti. Þeir félagar pöntuðu liti, pappír, striga og pensla og fengu sent sjóleiðina og oft þurfti að bíða lengi eftir að pöntunin bærist. Félagarnir fóru gjarnan á sunnudögum í leiðangur á slóðir Ásgríms við Stóruhálsveg, Þveit og Stapa, önduðu að sér landslagi og birtu og máluðu í anda meistarans. Myndir þeirra bera þess glöggt vitni að hóllinn sem Ásgrímur hafði valið sem starfsstöð varð og starfsstöð þeirra féлага. Heimsókn Ásgríms hefur greinilega haft mikil áhrif á heimamenn því úr þessum hópi manna fóru þrír til náms og einn varð einn þekktasti listmálari þjóðarinnar.

Bjarni Guðmundsson stundaði myndlist sína meðfram störfum hjá KASK en til er fjöldi verka eftir hann og þrýða mörg hver heimili sveitunga hans. Bjarni var eins konar lærifaðir hinna yngri þegar þeir fetuðu í fótspor meistarans Ásgríms og leituðust við að læra af vinnubrögðum hans meðhöndlun stórfenglegs myndefnis sem var allt um lykjandi.

Jón Þorleifsson fór til myndlistarnáms í Kaupmannahöfn árið 1918 og naut aðstoðar Ásgríms áður en hann fór til náms. Jón starfaði erlendis sem listamálari fram til ársins 1938 er hann settist alfarið að á Íslandi og varð listgagnrýnandi hjá Morgunblaðinu meðfram listsköpun sinni og bjó í húsi sínu Blátúni í Reykjavík. Jón var einn þeirra listmálara sem valdir voru á yfirlitssýningu íslenskrar listar í Kaupmannahöfn og Þýskalandi 1927-28 og átti verk á Heimssýningunni í New York (1939-40).<sup>4</sup> Jón hélt fjölda sýninga á Íslandi.

Svavar og Höskuldur voru mjög ungir þegar þeir fóru að fara með í sunnudagsleiðangrana og má sjá af æskuverkum þeirra að áhrifa Ásgríms gætir í verkum ungu listamannanna. Höskuldur eignaðist sína fyrstu liti átta eða níu ára gamall og byrjaði að mála landslagið í Nesjum og sérstaklega umhverfi æskuheimilisins, Dilksnes. Ungur sá Höskuldur Ásgrím mála og hefur það án efa veitt honum innblástur og segir hann að þarna hafi hann uppgötvað að það væri hægt að lifa af myndlistinni. Höskuldur hélt til

Reykjavík úr árið 1926 og lærði hjá þeim Ríkharði Jónssyni og Jóni Stefánssyni en þekktastur er Höskuldur fyrir fuglamyndir sínar, landslagsmyndir og myndir af gömlum húsum.<sup>5</sup>

Svavar Guðnason var yngstur þeirra féлага sem lögðu af stað á sunnudögum, leituðu uppi hólinn hans Ásgríms og drukku í sig landslagið og birtuna. Áhrifa Ásgríms gætir í verkum þeirra allra, enda hóllinn sem Ásgrímur hafði valið sér og síðar varð athvarf þeirra féлага, einkar gjöfull á síbreytilegt landslag, fallett útsýni yfir sveitirnar, birtuna og litina og útsýni upp til jökla. Í grein, skrifaðri í tilefni sjötugsafmælis Svavars, segir Halldór Laxness um vin sinn Svavar og áhrif heimsóknar Ásgríms á hann og sveitunga hans:

„Ásgrímur Jónsson landslags meistari okkar rammaði góðu heilli á leiðina til Hornafjarðar snemma á ævi, meðan hann enn festi á léreft sín, af rökvísi svefngingils, bláma þess Íslands sem á heima í draumi sögunnar þeirri dögguvornótt sem Jónas Hallgrímsson yrkir um: Hægur er dúr á daggarnótt; og Hannes Hafstein þegar hann kvað: Land mitt, þú ert sem órættur draumur.

Andi listarinnar í persónu Ásgríms Jónssonar sveif ekki hjá án vitnisburðar um sig í konungsríki Vatnajökuls. Úngir sveinar úr sveit og kaupstað vissu ekki fyren þá fór að lánga til að lifa sveitina sína í þeirri birtu sem lýsti heim Ásgríms. Sá sem hér les fyrir kyntist fjórum mönnum úr héraðinu sem lifðu undir töfrum gestsins. Þeir þeirra fóru útí heim og breyttu lífi sínu í málverk. Sá fjórði varð að vísu kyr heima af skyldurækni, en fór að mála sér til hugarhægðar; og litróf Ásgríms gests lýsti einnig honum alla ævi síðan“.<sup>6</sup>

Svavar fór til Danmerkur í byrjun árs 1935 og hóf þá nám við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn. Áður hafði hann haldið sýningu í Reykjavík og fyrir peningana sem hann fékk fyrir sölu verka sigldi hann til Kaupmannahafnar með meðmælabréf frá Kjarval og Jóni Þorleifssyni upp á vasann til að hefja listnám. Hann sagði svo frá í viðtali við listgagnrýnandann Orra, Jón Þorleifsson sveitunga sinn, þegar þeir ræddu saman í tilefni opunar sýningar á verkum Svavars í Listamannaskálanum 18. ágúst 1945;

„Jeg fór utan í byrjun ársins 1935. Byrjaði jeg þá nám í Akademiinu í Kaupmannahöfn, en var þar ekki nema í hálfan þriðja mánuð. Árið 1938 heimsótti jeg listaskóla Fernand Léger í París og fékk jeg að fylgjast með, þegar hann leiðbeindi nemendum sínum. Þetta var öll mín skólaganga. Skólar eru að mínum dómi allt of vanabundnir og hneppa hina ungu listamenn í fjötra fyrirfram ákveðinna skoðana um list og listilega viðtekna siðfræði. Siðfræði sem er afturhaldssöm, en ekki framsækin, og kemur í bága við persónulegt frjálsræði og heftir framþróunina. Jeg lít svo á, að sjálfsnám sje hollast í fjelagskap útvalinna listamanna og annarra frjálslyndra og fordómalausra manna.“<sup>7</sup>

Svavar átti eftir að verða þekktur í heimi myndlistar, bæði innanlands og erlendis og sýningin sem hann opnaði árið 1945 markaði þáttaskil í íslensku listasögu. Svavar málaði eftir sannfæringu sinni, mótaður af þeim miklu breytingum sem urðu um og eftir seinna stríð. Hann var félagi í COBRA-hreyfingunni en þeir félagar máluðu eftir sannfæringu sinni og voru fyrir vikið hæddir, misskildir og jafnvel ofsóttir. Þeim gekk þó það eitt til að opna augu fólks fyrir nýjum víddum á sviði myndlistarinnar og fóru á undan af áráði og kjarki og uppskáru að lokum virðingu og lof samferðamanna sinna. Sveitungar Svavars áttu erfitt með að sjá glóru í verkum hans, tilgang eða vit þó svo þeir hafi sennilega kannast vel við birtuna og litina, að fráskildum þeim rauða og titlar abstraktverka Svavars bera oft titil sem sveitungarnir kannast við eins og Fönsun. Svavar er talinn til brautryðjenda í nútímalist á Norðurlöndum en á Hornafirði voru menn ekki mikið að fárast yfir svoleiðis nafnbótum þó svo menn væru stoltir af listamanninum og frægð hans sem náði langt út fyrir landsteinana. Matthías Johannessen skrifar kveðju í tilefni sjötugsafmælis Svavars þar sem hann fjallar um list Svavars og karakter:

„List Svavars Guðnasonar er eins og hann sjálfur: sterk og sérstæð; en jafnframt með ljóðrænu ívafi eins og sú sveit, sem fóstraði hann ungan í hlýju skjóli Vatnajökuls, þar sem fjöllin eru björt og hvöss eins og greinds manns tunga. Ófáar myndir Svavars Guðnasonar bera þessu litríka umhverfi þann vott, sem hægt er að vera stoltur af. Hann hefur flutt jöklabyggðina með sér inn í heimslitina; heiðan, svalan



himin norðurhjarans og hlýtt viðmót æskustöðvanna. Þannig er hann einn þeirra, sem hefur stækkað Ísland á þessari öld; hávaðalaust, án tízku og tilgerðar, en markviss og sér fullkomlega meðvitandi um ábyrgð sína sem einn af frumherjum norrænnar nútímalistar. Það var ekki lítill veigur í honum, þegar hún átti undir högg að sækja.“<sup>8</sup>

Heimahagarnir voru aldrei fjarri Svavari í list hans og listsköpun og Bragi Ásgeirsson benti við sama tækifæri á að íslensk þjóð stæði í þakkarskuld við þennan brautryðjanda sem verður mönnum ekki að fullu ljós fyrr en honum hefur verið sýnd full ræktarsemi og virðing.<sup>9</sup> Fleiri samferðamenn Svavars töluðu á sömu nótum í kveðjum til hans á stórafmælinu og Valtýr Pétursson sagði í sinni kveðju:

„Um Svavar ætti að rita margar bækur og vanda álíka til og gera honum mikil skil. Það verður verk annarra og færari manna en mín. Svavar er þess virði, að framtíðin virði hann og meti réttilega. Látum oss sjá, hvað skeður, en minnumst þess, sem þegar er komið frá þessum Hornafjarðarstrák, er fór út í heim og kom aftur sem einn af framámönnum í menningu Evrópu. Heill þér sjötugum, Svavar minn, og kveðjur til Ástu.“<sup>10</sup>

Strákurinn sem fór frá einni afskekktustu sveit Íslands og út í hinn stóra heim, kom aftur sem einn af frammámönnum menningar í Evrópu og án nokkurs vafa sem einn af frammámönnum íslenskrar menningar og allan þennan tíma, þessa lífsins leið voru heimahagarnir með honum á einn veg eða annan. Góðvinur hans, Halldór Laxness tók þátt í hyllingu manna á Svavari á sjötugsafmælinu og þar segir hann:

„Nesin, þessi kyrláta græna sveit við Hornafjarðarós virðist á björtum degi hvíla í sjálfgleymi undir himni sem ræður yfir blæbrigðum bjartra lita meiren annarstaðar — ef ekki er þoka. Vatnajökull er háveldi þess skæra ljóss sem auðkennir austanvert Suðurlandsundirlendi, og sú birta ræður yfir þeim sem þar búa — aftur, ef ekki er þoka. Í þessari sveit, Nesjum, er grænkan á grasinu geingin í einhverskonar samband við skærgulan lit sólar, ásamt bláma Óssins og Þveitarinnar, sem mig



minnir þetta vatn heiti þarna í miðri sveitinni. En virði maður fyrir sér litróf Svavars Guðnasonar verður ekki betur séð en þar ráði samt sem áður furðuleg blæbrigði af rauðu, sem þó er ekki sérstakur litur Hornafjarðar. Þegar Svavar Guðnason var spurður hvaðan alt það rauða kæmi í myndum hans, svaraði hann á dönsku, með raddblæ einsog undir dymbli, og einnig er sérstakur fyrir Vatnajökul: Mon ikke det er kærligheden.

Það er vissulega ekki einlægt sólskin í málverki Svavars Guðnasonar, en allir sem sjá vilja, undrast hvílík birta býr í litrófi hans, kanski hinn hreini sannleiki litanna, og sker sig oft úr sem nokkurskonar andstæða, næstum mótvægi, við list sýningarfélaga hans, vanalega útlendinga. Og útlendingar segja stundum þegar þeir sjá þennan litblæ Svavars sem greinir sig frá öðrum myndum: þetta er birta Íslands.“<sup>11</sup>

Svavar var Íslendingur í lífsháttum, framkomu og viðræðum en ekki síst í list sinni og ef við segjum hann hafa verið gegnheilan Íslending var hann þó fyrst gegnheill Hornfirðingur. Þessum manni ætti að gera góð skil og varðveita ævistarf hans, hugmyndir og lífssýn sagði Valtýr en félögum hans sem lögðu leið sína á hólinn hans Ásgríms og lögðu fyrir sig myndlistina ætti einnig að gera góð skil, halda utan um sögu þeirra og listaverk.

## Listasafn verður til

Þann 12. apríl árið 1995 sameinast sveitarfélögin í sýslunni um stofnun Listasafns Austur-Skaftafellssýslu, en nokkru síðar eða 1998 sameinast sveitarfélögin í sýslunni í eitt og mynda Sveitarfélagið Hornafjörð. Listasafnið var stofnað með opnun myndlistarsýningar í félagsheimilinu Mánagarði, safneignin var um tvö hundruð verk sem skráð höfðu verið og við opnunina var safninu gefin vegleg gjöf verka eftir Jón Þorleifsson. Jón hafði áfnafnað verkum til listasafns sýslunnar ef einhvern tímann yrði af stofnun þess en listaverkaeign nýstofnaðs safns endurspegladi þann fjölda listamanna sem sýslan hafði alið af sér þó enn vantaði upp á verk eftir Svavar Guðnason. Jón Þorleifsson og Bjarni Guðmundsson eru þar fyrst nefndir til sögunnar,

Höskuldur Björnsson og Svavar Guðnason ásamt þeim Bjarna Henrikssyni og Karli Guðmundssyni. Safnið hafði ekki sýningarsal til afnota en verkin áttu að vera til sýnis og íbúum aðgengileg í sem flestum stofnunum sveitarfélaganna.<sup>12</sup> Menningarstarfsemi sveitarfélaganna gömlu hafði að mestu verið sameinuð árið 1990 þegar Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu var stofnað og varð Listasafn Austur-Skaftafellssýslu hluti þeirrar starfsemi við stofnun þess árið 1995.

Við stofnun listasafnsins áttu sveitarfélögin engin verk eftir Svavar Guðnason en árið 1996 barst vegleg gjöf verka eftir Svavar frá dönskum vini hans, Robert Dahlman Olsen, arkitekt. Ekkja Robert Dahlman Olsen, Herdis, ákvað að framfylgja vilja manns síns og gefa verkin til Hornafjarðar. Hann hafði heimsótt Ísland en aldrei náð að heimsækja heimahaga Svavars, en ákveðinn í að gefa þangað listaverk eftir vin sinn. Dahlman Olsen kynntist Svavari og konu hans Ástu Eiríksdóttur í París árið 1938. Hann hafði hjálpað listamönnum sem mynduðu COBRA-hópinn, var ritstjóri tímarits þeirra, Helhesten og keypti verk af þeim. Svavar var hluti af COBRA og í gegnum þessa tengingu eignaðist Dahlman-Olsen mikinn fjölda verka eftir Svavar. Ásta fór ásamt Beru Nordal, forstöðumanni Listasafns Íslands, til Danmerkur til þess að velja verkin úr safneign Dahlman Olsen. Að sögn Beru voru verkin þannig valin að þau áttu að gefa góða mynd og skemmtilega af Svavari sem listamálara.<sup>13</sup> Verkin spanna stóran hluta af ævistarfi Svavars, meðal annars eru verk frá námsárum hans og fyrir þann tíma. Þrjátíu listaverk voru í gjöfinni, teikningar, vatnslitamyndir en einnig þrjú olíumálverk. Þegar Hornfirðingar tóku á móti gjöfinni eru uppi hugmyndir um að stofna listasafn sem tengt yrði nafni Svavars, að til sé vísir að listasafni í Sýslusafni Austur-Skaftafellssýslu. Samastað vantaði hins vegar fyrir listaverkin. Gísli Sverrir Árnason var á þessum tíma forseti bæjarstjórnar og forstöðumaður sýslusafnsins og segir um þetta leyti að hugsanlegt sé að listasafn í Sýslusafni Austur-Skaftafellssýslu verði sameinað í Listasafn Svavars Guðnasonar.<sup>14</sup> Árin urðu nokkur áður en safnið fékk fastan samastað og fast nafn en góðir hlutir gerast hægt. Velvilji Ástu Eiríksdóttur, eiginkonu Svavars réði þar mestu um að safnið yrði að veruleika, auk fleiri velvildarmanna. Ásta sagði við sama tilefni að hún væri ánægð með að verkin frá Dahlman Olsen hefðu farið austur og vonaði að bætt yrði við verkum. „Við Svavar vorum oft á Hornafirði á sumrin og mér þykir vænt um staðinn. Ég er því ákaflega



Reynir Arnarson, Ásgerður Gylfadóttir, Karl Ómar Jónsson, Ólöf Stefánsdóttir og Björg Erlingsdóttir. Frá vígslu Svavarssafns. Mynd: Björn Arnarson.

ánægð með að verkin skuli hafa farið þangað og vona að hægt verði að koma þeim fyrir og helst að bæta við verkum,“ segir Ásta Eiríksdóttir, ekkja listamannsins.<sup>15</sup>

Ári síðar bætti Ásta verkum við safneignina og færði Hornfirðingum fjölda verka að gjöf úr vinnustofu Svavars og þegar upp var staðið var það ekki síðasta gjöfin frá Ástu til Hornfirðinga. Úr dánarbúi þeirra Ástu og Svavars var listaverkum og efni tengdu Svavari skipt milli þriggja safna, Listasafns Íslands, Listasafns ASÍ og Listasafns Austur-Skaftafellssýslu, en Ásta lést árið 2008. Karl Ómar Jónsson verkfræðingur hélt utan um dánarbúið og vann ötullega að því að safn yrði stofnað um verk Svavars á Hornafirði og að Hornfirðingar stæðu vörð um arfleifð Svavars, sýndu honum virðingu og þann sóma sem hann ætti skilið. Karl Ómar var tengdasonur Stefáns Guðnasonar, bróður Svavars og eiginkona hans var Ólöf Stefánsdóttir. Þau hjónin þekktu því vel til Ástu og Svavars og voru Ástu innan handar eftir fráfall Svavars. Fleiri lögðu lóð á vogaskálarnar við stofnun Svavarssafns á Hornafirði en fáir þó jafn mikið og Karl Ómar. Auk Karls Ómars voru brottfluttir Hornfirðingar safninu velviljaðir og má þar helst nefna Gísla Sverri

Árnason, Árna og Sigurbjörn Kjartanssýni auk Ingu Jónsdóttur sem búið hafði á Hornafirði og unnið með safneignina. Heimamenn voru flestir safninu velviljaðir en áhöld voru um hvers konar húsnæði ætti að hýsa safneignina og hvernig ætti að standa að sýningum úr henni. Hjalti Þór Vignisson var bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar árin 2006-2013 og átti mikinn þátt í að umgjörð safnsins yrði jafn vönduð og raunin varð á ásamt þeim sveitarstjórnarmönnum sem stýrðu sveitarfélaginu á þessum árum.

## **Og svo þarf að sannfæra og framkvæma**

Þegar höfundur þessarar greinar kom til starfa á Hornafirði árið 2006 bar nokkuð á milli metnaðarfullra hugmynda vildarmanna safnsins og hugmynda sveitarstjórnarmanna þegar kom að því hvað það þýddi að byggja upp aðstöðu fyrir safnið, hvað þyrfti að gera og fjármögnun verkefnisins. Hér mættust ólík sjónarmið þar sem annars vegar var sýnin um umgjörð sem hæfði mikilvægi safneignarinnar og safnastarfsins og hins vegar sú umgjörð sem sköpuð var út frá fjármunum og getu lítils sveitarfélags til að takast á við stórt verkefni. Fagleg sjónarmið og fjárhagsleg mættust því og mikil vinna fór í að finna lausnir, útskýra mikilvægi safnastarfs og þá möguleika sem skapast með metnaðarfullu og faglegu starfi. Hlutverk sveitarstjórnarmanna er að leita hagkvæmra lausna og standa vörð um fjárhagslega afkomu sveitarfélagsins. Sveitarstjórnarmenn eru því þeir sem gera framkvæmdina mögulega en hafa ekki endilega forsendur til þess að meta menningarlegt mikilvægi safneignarinnar og listamannsins eða mikilvægi faglegs safnastarfs. Eins og gefur að skilja er Sveitarfélagið Hornafjörður fámennt en víðfeðmt og mikil ábyrgð í því fólgin að taka að sér safnkost eins og þann sem sveitarfélaginu hafði borist að gjöf. Gjöfin frá Ástu var þegin með þeirri kvöð að reist yrði safn tileinkað Svavari Guðnasyni. Sú kvöð fylgdi seinni gjöf Ástu og Karl Ómar vann eftir þeim lofordum sem gefin voru þegar tekið var á móti gjöf hennar. Loforðið var stórt og eitt og annað sem gerði mönnum erfitt fyrir við að uppfylla loforðið. Að stofna safn er spennandi verkefni og á Íslandi er fjöldi safna um allt land sem bera vitni skilningi heimamanna á mikilvægi þessa að varðveita og halda utan um sögu byggðarinnar.<sup>16</sup> Um allt land er einnig fjöldi safna sem ber þess vitni að rekstur þeirra er ekki í samræmi við það hlutverk sem þeim er ætlað að sinna. Rekstur safna getur vafist

fyrir mönnum og skilningur eða jafnvel skilningsleysi á mikilvægi faglegs safnastarfs og í hverju slíkt starf felst endurspeglast í knappri stöðu margra safna, skorti á rekstrarfé, aðstöðu og starfsmönnum. Söfn eru ekki geymslur liðinna tíma – þau eru skapandi vettvangur og brú milli þeirrar þekkingar sem safnast hefur og samtímans sem byggir á þeim heimi sem liðinn er og þeim arfi sem liðnar kynslóðir hafa skilið eftir.

Að stofna listasafn í afskekktu og fámennri byggð er ekki síður spennandi og ögrandi verkefni. Að fá fólk til þess að sameinast um eina niðurstöðu – fá fólk til þess að deila sameiginlegri sýn um að skapa faglega og metnaðarfulla umgjörð utan um safnastarf listasafns, útbúa sýningaraðstöðu, þjónusturými og geymslur, gera sýningaráætlun og móta hugmyndafræðina um hvað er safn og hvað eigi að vera þar til sýnis er ekki síður spennandi og ögrandi verkefni. Eins og gefur að skilja tekur þessi leiðangur langan tíma og má gróflega skipta upp í nokkur stig eða kafla sem leiðangurinn skiptist upp í. Sagan, hugmyndin og mótun hennar – útskýring á Af hverju og að lokum skilningur framkvæmdaraðila á Af hverju er upphafið að leiðangrinum. Þegar ástæðan er komin er farið að horfa til þess Hvernig framkvæma eigi hugarfóstrið, hverjir eigi að koma þar að og hver framtíðarsýnin eigi að vera. Að lokum hefst svo nýr fasi verkefnisins þegar að opnun er komið og Rekstur tekur við og í þeirri vegferð sem hér verður lýst var alltaf horft til Reksturs og hvernig umgjörðin utan um reksturinn ætti að vera þegar rætt var um framkvæmdina á sveitarsjórnarstigi. Af hverju var mönnum ljóst út frá þeirri sögu sem farið hefur verið yfir hér að framan en Hvernig var í raun það tímabil þegar hugmyndin um safnið var raungerð.

Róðurinn var á stundum þungur og langan tíma tók að tryggja safninu það umhverfi sem sæmir þeim verkum sem það hýsir og því hlutverki sem það átti að gegna. Á ýmsu gekk og eins og verða vill á margra ára tímabili sátu mis-áhugasamir aðilar í stjórn sveitarfélagsins en hægt og hljótt tókst að fá fólk til þess að sameinast um að safnið þyrfti húsnæði sem myndi standast þær kröfur sem gerðar eru til sýningarsala og þá horft til þeirra krafna sem Listasafn Íslands setur um húsnæði sem verk úr safneign Listasafns Íslands eru lánuð til sýninga í, og að safnið þyrfti að sinna ákveðnu hlutverki til þess að kallast safn – sinna rannsóknum, miðlun og varðveislu. Mikill sigur var unninn þegar hægt var að snúa verkefninu úr kvöð yfir í að verða spennandi úrlausnarefni þar sem tryggja átti að safnið myndi sinna hlutverkum sínum



Barnastarf í Svavarssafni. Mynd: Björn Arnarson.



á öruggan og faglegan máta. Lausnin á stórum úrlausnarefnum fólst oftast ekki í samvinnu. Samvinna við önnur listasöfn var tryggð og þá helst Listasafn Íslands og Listasafn Árnesinga, samvinna við aðrar deildir innan sveitarfélagsins, til dæmis þegar kom að gæslu/vöktun sýningarsala og listaverkageymsla, samvinna við skóla og leikskóla um samstarf og fræðslu fyrir nemendur, samstarf við bæjarstjórnina og að salur listasafnsins yrði nýttur sem fundarsalur bæjarstjórnar, samstarf við stofnanir innan svæðisins og samstarf við vildarmenn safnsins. Verkefnið var kynnt fyrir íbúum á fjölmörgum fundum og reglulega boðið til styttri og lengri kynningarfundar þar sem íbúum gafst kostur á að leggja fram spurningar eða koma með ábendingar.

Góður gangur komst á málin eftir að heppilegt húsnæði fannst, sýninga-áætlun var sett fram, samstarf við Listasafn Íslands tryggt og sýnt var fram á mikilvægi þess að vel yrði haldið utan um listaverkæignina og skráning haldin um listaverk Svavars í eigu annarra safna og verka í einkaeigu. Safnið átti þannig að verða leiðandi í miðlun þekkingar á verkum og ferli Svavars. Á þessum tíma var fölsunarmálið svokallaða í algleymingi og alvara þess máls og fjöldi falsana á verkum Svavars Guðnasonar sýndi nauðsyn og mikilvægi þess að haldið yrði utan um arfleifð Svavars, þekking á verkum hans byggð upp og viðhaldið.<sup>17</sup> En safninu var um leið ætlað að veita Hornfirðingum aðgang að íslenskri listasögu og verkum helstu listamanna landsins og tryggja að íbúarnir myndu standa jafnfætis íbúum á suðvesturhorninu þegar kemur að aðgengi að myndlist. Verkefnið var sannanlega stórt en lausna var leitað í samvinnu við aðra og heildarmyndin alltaf höfð að leiðarljósi – safn sem veitti heimamönnum aðgang að listasögu þjóðarinnar – frá Ásgrími og Kjarval til samtímans um leið og staðinn yrði vörður um framlag eins helsta listmálara þjóðarinnar. Aðgangur að safninu átti að vera ókeypis og markvisst var unnið að samvinnu við grunnskóla, leikskóla og aðra heimamenn. Helstu álitamálin sem tekist var á um, voru um umfang starfseminnar og fjármögnun hennar, hvað sýna ætti í safninu og hverjir ættu að eiga aðgengi að sýningar haldi í sal listasafnsins. Miklar umræður voru um hlutverk listasafnsins annars vegar og sýningarsalar hins vegar auk þess sem miklar umræður voru um hvort aðrir listamenn myndu ekki örugglega fá að sýna verk sín og hvernig aðkoma sveitarstjórnarmanna ætti að vera að vali á sýnendum. Áhersla var lögð á að í sýningarsalnum væri það safnstjóri sem réði vali á sýnendum. Útbúinn var



lítill sýningarsalur í anddyri ráðhússins sem sinna átti áhugamálurum sem vildu fá verk sín sýnd.

Við skipulagningu á starfsemi safnsins voru settar fram hugmyndir að sýningarhaldi næstu ára og gengið út frá því að þrjár sýningar yrðu á ári; að á sumri yrði viðamikil sýning á verkum Svavars Guðnasonar, en að hausti yrði horft til heimamanna og byrjað á samferðamönnum Svavars áður en horft yrði nær samtímanum. Að vori átti svo að setja upp sýningu sem hugsuð væri sem fræðslusýning og til kynningar fyrir heimamenn á hinum ýmsu stefnum og straumum í heimi myndlista, frá upphafsmönnum íslenskrar listasögu til samtímamanna. Sýningarnar áttu að vera unnar heima fyrir og / eða í samstarfi við önnur söfn og þá helst Listasafn Íslands. Salur listasafnsins er um 100 fermetrar, auk rúmgóðs gangs sem liggur milli salarins og anddyri ráðhússins. Gangurinn rúmar litla sýningu og eru valin verk eftir Svavar höfð þar á fastri sýningu, sjónvarpsefni tengt Svavari og viðtöl eru sýnd þar, bækur sem hann hafði á vinnustofunni sinni, ljósmyndir úr lífi hans og Ástu auk texta þar sem fjallað er um hlutverk Ástu í listsköpun Svavars. Gangurinn er kallaður Ástustofa til heiðurs og minningar um Ástu, konunnar sem stóð með sínum manni og tryggði að sveitungar hans myndu halda minningu hans á lofti. Verkin í Ástustofu völdu nemendur í grunnskólanum.

Ásta og Svavar kynntust í Kaupmannahöfn og giftust árið 1937. Ásta fæddist í Bakkagerði í Borgarfirði eystra árið 1912 og fluttist til Kaupmannahafnar sautján ára að aldri. Þáttur Ástu í ævistarfi Svavars er ómældur, en konur íslenskra frumkvöðla í myndlist eru oft ósýnilegar þegar farið er yfir feril þeirra en þær voru oftast en ekki forsenda þess að þeir gátu stundað vinnu sína, þróast og þroskast í myndlistinni eins og þeir gerðu. Ásta var fyrirvinnan og tryggði Svavari frið og ró til að geta sinnt list sinni. Saga Svavars er saga Ástu og með gjöfinni vildi Ásta tryggja arfleifð hans og aðgang almennings að verkum hans í því umhverfi sem hann sótti oftast en ekki innblástur og styrk í.<sup>18</sup>

Allir þeir sem þekktu til Ástu og Svavars vissu og þekktu hlut hennar í starfi Svavars. Í heimsókn til Thors Vilhjálmssonar, stuttu fyrir fráfall hans, sagði hann frá því að þeir félagar hefðu einhverju sinni verið að ræða saman og eitthvað hafði Svavari leiðst og þeir félagar ákveðið að efna til ritdeilu sem fræg varð.<sup>19</sup> Ritdeildan milli Thors og Svavars birtist í tímaritinu Líf og list og var upphaf hennar sú fullyrðing Svavars, að ekkert væri að gerast í París,

það væri af sem áður var, og hafði hann allt á hornum sér varðandi listpáfana hlutdrægu og einsýnu í Frans. Thor tók svo upp hanskan fyrir þá í París og auðvitað stórmóðgaður fyrir þeirra hönd. Deilurnar vöktu óskipta athygli meðal framsækinnna listamanna, og var oft vitnað til þeirra en þeir félagar glottu við tönn og létu sér fátt um finnast.<sup>20</sup>

Vinskap þeirra Svavars og Thors var þó ekki ógnað og oft settust þau Ásta og Thor saman og fóru yfir boð sem Svavari höfðu borist um þátttöku í sýningarverkefnum og mátu hvort ástæða væri til þátttöku eða ekki. Thor var vel kunnugur þeim Ástu og Svavari og sennilega einn helsti aðdáandi Svavars hér á landi. Thor var einlægur vinur þeirra beggja og kættist mjög yfir áætlunum um opnun Listasafns Svavars Guðnasonar og stofu sem tileinkuð yrði Ástu og þætti hennar í að skapa Svavari þau skilyrði sem þurfti til þess að hann gæti frjáls unnið að list sinni. Thor hafði lofað því að vera viðstaddur opnun á safni Listasafns Svavars Guðnasonar í júní 2011 en lést áður en hann náði að vígja virki stórvinar síns og lést í mars mánuði árið 2011. Thor skrifaði um list Svavars í bók sem gefin var út í Kaupmannahöfn 1991<sup>21</sup> og í ritdómi segir Bragi Ásgeirsson svo frá hrifningu Thors þegar verk Svavars eru annars vegar:

„Þegar Thor lýsir málverkum Svavars, leitar hann víða fanga í rammíslenskum veruleika sem erlendri heimslit, og er þá list tónanna og hljómfallsins iðulega á næstu grösom: „[...] Stríðu tónarnir kunna að minna á tónvefina í kvartettum Bartóks í hrjúfum sveiflum og átökunum en hugur Íslendingins nemur æ blæinn af sambýli hins hrikalega og þess ljúfa í náttúru Íslands, litina þar og birtuna yfir og umhverfis, veðrin þar: klakakropin vötn, jökulinn og ljósbrigðin við skjaldarbrún hans, þungan strauminn í háskalegum vötnum undan jöklunum; hvítfesst ljós, blátóna á æstu hafi, öldufrauð á hrynjandi faldi, spegilflökt á kyrrri lind niðri í djúpri gjá, grænt þjótandi bogahlíð öldunnar, rautt úr túbu, svart úr nótt: safi efnisins í höndum þessa málara að túlka okkur firrðarnálægri veðradyns sem vaknar á kyrrum degi utan við vé. Í heimi Svavars þræsir í öfugan klósigann yfir okkur, og jörðin er ekki lengur flöt sem við byggjum heldur þreifum við líka á skýjaflotum himinsins, finnum í senn efnið sveigt í vald hins skapandi málara um leið og við skynjum tilefni

hans og nemum stemmuvaka í hinni rammyggilegu smíð, sem er afrakstur og uppskera af innblæstrinum, geðinu og átökunum sem eru ætíð hamin af hyggindum listamannsins, sem hindra að ofsinn sprengi rammann og afraksturinn sundrist í glæsta fokdrífu meðan hún varir, og síðan ekki meir.” Hér er það skáld, sem lýsir áhrifum málverkanna á skynfrumur sínar og magnar jafnvel upp orðagaldur úr einstaka litum og þá vísast rammari galdur en almenn augu ná að nema, hvað þá seiða fram.“<sup>22</sup>

## Formleg opnun

Listasafn Svavars Guðnasonar á Hornafirði opnaði við hátíðlega athöfn föstudaginn 24. júní 2011. Við opnunina var undirritaður samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem safninu var tryggður stofnstyrkur. Sveitarfélagið Hornafjörður sá um fjármögnun verkefnisins og var tryggt að húsnæðið stæðist kröfur Listasafns Íslands með vöktun, öryggisgæslu, hita og rakastýringu auk þess sem fengið var viðurkennt ljósa/lýsingarkerfi. Arkitektar eru GlámaKím en heimamaðurinn Árni Kjartansson, arkitekt var fulltrúi þeirra. Karl Ómar Jónsson vann ötullega að uppbyggingu safnsins, ýtti á og fylgdist með öllu því sem verið var að vinna að og var ómetanlegur stuðningur. Áhugi sveitarstjórans Hjalta Þórs Vignissonar og vilji hans til þess að skilja forsendur safnafólksins í uppbyggingunni tryggði að gæði sýningarstöðunnar voru tryggð og nálgunin lausnamiðuð. Salur listasafns er í viðbyggingu við ráðhúsið og var áður bílskúr slökkviliðs og lögreglu enda lögreglustöðin áður á fyrstu hæð ráðhússins. Ágætis dæmi um lausnamiðaða nálgun verkefnisins er þegar upp kom að í framkvæmdum og lagfæringum á fyrstu hæð ráðhúss sem unnar voru samhliða uppbyggingu salar listasafnsins, ætti að ráðast í að brjóta niður stalla sem voru í fangaklefum og breyta öllu því rými sem áður höfðu verið fangaklefar. Þegar bent var á að betra rými fengist ekki fyrir listaverkageymslur, með steiptum bekkjum sem tryggðu verk ef vatnsleki kæmi upp, voru framkvæmdir stöðvaðar og gömlu fangaklefarnir settir undir geymslur fyrir listasafnið og eru verkin tryggilega geymd þar í dag.

Opnunarýningin var á verkum Svavars Guðnasonar og voru flest fengin að láni frá Listasafni Íslands. Hlutverk Listasafns Svavars Guðnasonar er

að safna listaverkum með sérstakri áherslu á austur-skaftfellska list. Annað meginhlutverk listasafns er að skrá og varðveita verk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Listaverk eiga að staðaldri að vera til sýnis í sem flestum stofnunum sveitarfélagsins auk þess sem safnið efnir til sérstakra sýninga. Listasafnið starfar eftir stofnskrá og gildandi lögum um starfsemi safna og safnalögum. Kjarni safneignarinnar samanstendur af verkum Svavars Guðnasonar og fleiri hornfirskra málara og á safnið nú yfir fimm hundruð verk. Sýningar safnsins eiga að auka aðgengi og áhuga almennings að listum. Listasafnið stendur fyrir fjölbreyttum sýningum og eru þá sýnd verk úr safneign, eða sýningar frá öðrum söfnum, stofnunum eða einstaklingum.

Frá opnun hafa fjölbreyttar sýningar verið settar upp í Listasafni Svavars Guðnasonar. Reynt er að halda tryggð við sumarsýningu á verkum Svavars og sýningar hafa verið settar upp á verkum félaga hans, Jóns, Höskuldar og Bjarna. Samsýningar hafa verið settar upp og meðal annars unnið stórt verkefni í samstarfi við Listasafn Íslands og Listasafn Árnesinga, innlendir og erlendir listamenn sýnt verk sín auk þess sem fjöldi heimamanna hefur fengið tækifæri til þess að sýna verk sín í sal ráðhússins. Listasafn Svavars Guðnasonar hefur ekki fastan starfsmann og þyrfti sannanlega að vinna að því að sú staða yrði tryggð og starfsemi safnsins þannig eflað til muna. Mikilvægt er að rannsóknnum á ferli og verkum Svavars séu unnar, unnið sé að fræðslustarfi og starfsemi safnsins styrkt og eflað. Safn sem fyrir nokkrum árum var hugmynd er orðin að veruleika og nú tekur við þriðji þáttur verkefnisins sem stendur vonandi um ókomna tíð – rekstur.

#### Heimildir

- Björg Erlingsdóttir, „Það hlýtur að vera margt sem þú hefur heyrt, reynt og séð á öllum þessum árum.“ Morgunblaðið, 28. janúar 2012, 44.
- Bragi Ásgeirsson, „Svavar sjötugur“, Morgunblaðið, 18. nóvember 1979, 16.
- Bragi Ásgeirsson, „Hann kveikti eldinn“, Morgunblaðið 1. júlí 1988, 20-21.
- Bragi Ásgeirsson, „Bókin um Svavar: Meiri háttar listdómur“, Morgunblaðið, 18. ágúst 1993, 10.
- Gísli Sverrir Árnason og Vala Garðarsdóttir, „Bygðasafn Austur-Skaftafellssýslu.“ Í Bygðasöfn á Íslandi. Ritstjóri, Sigurjón Baldur Hafsteinsson. Reykjavík, 2015: Rannsóknasetur í safnafræðum.
- Halldór Björn Runólfsson, „Pankar um málverkafalsanir: Að loknum hæstaréttardómi í stærsta svikamáli sem skekið hefur íslenska list“, Tímarit Máls og menningar, 2000, 1, 26-35.
- Helgi Bjarnason, „Listaverkagjöf til Hornafjarðar: Vilja stofna Listasafn“, Morgunblaðið, 16. apríl 1996, 28-29.
- Halldór Laxness, „Svavar Guðnason“, Morgunblaðið, 1. júlí 1988, 21.
- Júlíana Gottskálksdóttir, „Í landi ljóss og lita“, 30. október 1999. Lesbók Morgunblaðsins, 30. október 1999, 8-9.
- Matthías Johannessen, „Svavar sjötugur“, Morgunblaðið, 18. nóvember 1979, 16.
- Nielsen, Vibeke Nørgaard, „Fuglamálarinn“, Lesbók Morgunblaðsins, 26. júlí 2008, 8-9.
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir, „Listasafn Austur-Skaftafellssýslu Höfn, Hornafirði“, Morgunblaðið, 25. apríl 1995, 22.
- Sigurður Einarsson, Jón Þorleifsson listmálari : Þrjátíu og tvær heilsíðumyndir / með inngangi eftir Sigurð Einarsson. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja,
- Svavar Guðnason, „París, - Nei, gáðu að guði: Svar til Thórs Vilhjálmssonar“, Líf og list 2 (4), 1951, 19.
- Thor Vilhjálmsson, „Skandinavískur próvinsialismi: Svar til Svavars Guðnasonar“, Líf og list, 2 (1), 1951, 23-24.
- Thor Vilhjálmsson, Svavar Guðnason. Hellerup: Edition Blöndal, 1991.
- Valtýr Pétursson, „Svavar sjötugur“, Morgunblaðið, 18. nóvember 1979, 16

#### Neðanmálsgreinar

- 1 Sigrún Sveinbjörnsdóttir, „Listasafn Austur-Skaftafellssýslu Höfn, Hornafirði“, 22.
- 2 Júlíana Gottskálksdóttir. „Í landi ljóss og lita“, 8-9.
- 3 Sama heimild.
- 4 Sigurður Einarsson, Jón Þorleifsson listmálari: Þrjátíu og tvær heilsíðumyndir, X-XX.
- 5 Nielsen, Vibeke Nørgaard, „Fuglamálarinn“, 8-9.
- 6 Halldór Laxness, „Svavar Guðnason“, 21.
- 7 Bragi Ásgeirsson, „Hann kveikti eldinn“, 20-21.
- 8 Matthías Johannessen, „Svavar sjötugur“, 16.
- 9 Bragi Ásgeirsson, „Svavar sjötugur“, 16.
- 10 Valtýr Pétursson, „Svavar sjötugur“, 16.
- 11 Halldór Laxness, „Svavar Guðnason“, 21.
- 12 Sigrún Sveinbjörnsdóttir, „Listasafn Austur-Skaftafellssýslu Höfn, Hornafirði“, 22.
- 13 Helgi Bjarnason, „Listaverkagjöf til Hornafjarðar: vilja stofna Listasafn“, 28-29.
- 14 Sama heimild.
- 15 Sama heimild.
- 16 Gísli Sverrir Árnason og Vala Garðarsdóttir, „Bygðasafn Austur-Skaftafellssýslu“.
- 17 Halldór Björn Runólfsson, „Pankar um málverkafalsanir: Að loknum hæstaréttardómi í stærsta svikamáli sem skekið hefur íslenska list“.
- 18 Björg Erlingsdóttir, „Það hlýtur að vera margt sem þú hefur heyrt, reynt og séð á öllum þessum árum“, 2012, 44.
- 19 Sjá Svavar Guðnason, „París, - Nei, gáðu að guði: Svar til Thórs Vilhjálmssonar“ og Thor Vilhjálmsson. „Skandinavískur próvinsialismi: Svar til Svavars Guðnasonar“.
- 20 Bragi Ásgeirsson, „Bókin um Svavar: Meiri háttar listdómur“, 10.
- 21 Thor Vilhjálmsson, Svavar Guðnason.
- 22 Bragi Ásgeirsson, „Bókin um Svavar: Meiri háttar listdómur“, 10.



# Sveinssafn

Erlendur Sveinsson

Sveinssafn var stofnað formlega af sonum Sveins Björnssonar, þeim Erlendi, Sveini og Þórði Heimi, 28. apríl 1998. Margar samverkandi ástæður stuðluðu að því að bræðurnir vildu freista þess að stofna safn utan um þá miklu arfleifð sem faðir þeirra hafði skilið eftir sig sem listamaður. Það skipti máli að Sveinn hafði sjálfur haft mikinn áhuga á að stofna listasafn og velti ýmsum möguleikum fyrir sér í því sambandi. Hann var enn að leggja á ráðin um safnsstofnun skömmu fyrir andlát sitt, 28. apríl 1997. Stór þáttur í listasafnshugmynd Sveins var hið stóra safn hans með verkum eftir aðra listamenn sem hann hafði ýmist keypt af þeim eða skipst á myndum við. Hugmyndin að safnsstofnuninni komst á flug eftir andlát Sveins og nærðist á nokkrum sjónarmiðum: Bræðurnir sátu uppi með gríðarlega umfangsmikla arfleifð sem fólst ekki einvörðungu í listaverkum sem voru á víð og dreif í geymslum; í vinnustofuhúsi föður þeirra í Krýsuvík, sem eitt og sér kallaði á varðveislu, í kjallara hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg, út um allt á heimili Sveins við Köldukinn 12 í Hafnarfirði auk þess sem stórar myndir voru í geymslu í Öldutúnsskóla og víðar. Mikilvægur hluti arfleifðarinnar var fólgin í vinnustofuhúsi Sveins í Krýsvík og hvers kyns gripum og heimildum sem vörðuðu ævistarf hans sem listamanns, bæði í Krýsuvík og á heimili hans. Á þessum tíma gerðu bræðurnir sér ekki grein fyrir umfanginu en sú hugmynd að rétt væri að stofna listasafn, þó ekki væri nema í tilraunaskyni, varð ofan á og ákveðið að hrinda henni í framkvæmd. Ljóst var að erfitt myndi reynast að koma svona miklu magni listaverka í verð auk þess sem Sveinn naut ekki þeirrar viðurkenningar sem honum bæri og sem listasafn myndi hugsanlega geta stuðlað að. Það yrði altjént eitt af meginhlutverkum safnsins að vinna að því að auka skilning fólks á list Sveins og skipa honum á þann stað í listasögunni þar sem hann ætti heima. Með því að halda arfleifðinni saman opnuðust ófyrirséðir möguleikar við að rannsaka list Sveins, rétta hans hlut og koma honum á framfæri við heiminn.



## Andlát og upprisa

Jarðarför listamannsins var upphafið. Dauði og upprisa var þema sem skyldi sameinað í athöfninni, sem þróaðist yfir í að verða hálfgerður gjörningur eða yfirlýsing um það sem koma skyldi. Það yrði gert með því að láta síðasta málverk listamannsins, Upprisuna, fylgja honum til grafar, sem skyldi vera í Krýsuvíkirkirkjugarði, þrátt fyrir frátekið pláss við hlið eiginkonunnar, Sólveigar Erlendsdóttur, í kirkjugarðinum í Hafnarfirði. Þótti mörgum það djörf ákvörðun. Bræðurnir settu upp málverkasýningu í anddyri Hallgrímskirkju, þaðan sem Sveinn var jarðsunginn 9. maí 1997, fyrir líkfylgdina að ganga í gegnum. Líkfylgdin ók frá Hallgrímskirkju, í gegnum Hafnarfjörð og sem leið lá að Krýsuvíkirkirkjugarði. Áttatíu ár voru liðin síðan síðast var jarðað í garðinum. Vegagerðin heflaði malarveginn af tilefninu. Þjóðminjavörður hafði samþykkt að Krýsuvíkirkirkja og þar með Þjóðminjasafnið sem umsjónaraðili hennar, tæki við altaristöflumynd Sveins, Upprisu, og fengi henni það hlutverk í raunveruleikanum, að vera altaristöflumynd í þriðju elstu timburkirkju landsins frá árinu 1857. Lögreglumenn, er voru samstarfsmenn og nánir vinir Sveins, báru kistuna síðasta spölinn og hélt einn þeirra á altaristöflunni, sem borin var á eftir kistunni, en þannig fylgdi hún höfundu sínum til grafar. Gröfnni hafði verið valinn staður þannig að frá henni mátti sjá í gegnum sáluhlið kirkjunnar yfir til vinnustofuhúss málaraans. Að grefrun lokinni var altaristaflan hengd upp í kirkjunni og vígð. Lögreglukórinn söng fyrir utan kirkjudyf, en settir höfðu verið upp hátalarar úti til að það sem fram fór innandyra heyrðist út til mannfjöldans umhverfis kirkjuna. Athöfnin miðaði að því að skapa órjúfanleg tengsl á milli kirkjunnar og Sveinssafns í framtíðinni, sem álitíð var af stofnendum að gæti orðið eins konar líftaug safnsins.

## Staðsetning safnsins

Í júníbyrjun 1997 var hafist handa um að kanna hvort safnstofnunin gæti átt samleið með Hafnarfjarðarbæ. Þann 10. júní var skýrsla lögð fyrir Ingvar Viktorsson, bæjarstjóra í Hafnarfirði, sem hafði að geyma framtíðarsýn þeirra Sveinssafnsmanna.<sup>1</sup> Samtöl áttu sér einnig stað milli menningarmálanefndar bæjarins og stofnenda Sveinssafns. Hugmyndir um hvernig hinu nýja



Útför Sveins Björnssonar árið 1997 í Krýsuvík. Mynd: Erlendur Sveinsson.

Sveinssafni yrði fyrir komið voru ekki fullmótaðar að öðru leyti en því að synir Sveins töldu að vinnustofuhús Sveins í Krýsuvík þyrfti að verða hluti safnsins og ef vel ætti að vera íbúðarhús hans við Köldukinn 12. Rætt var um myndverkageymslur, hvernig Sveinssafn ætti að leysa geymsluvanda sinn og hvort hægt væri að sameina lausnir fyrir safnið með Hafnarborg. Þegar á reyndi var enga lausn fyrir geymsluvanda Sveinssafns að finna innan vébanda Hafnarborgar, né var áhugi á því að Sveinssafn yrði deild í Hafnarborg með aðsetur að hluta í Köldukinn 12. Sveinn hafði í lifanda lífi nefnt það við forstöðumann Hafnarborgar að hann vildi gefa menningarmiðstöðinni þrjú hundruð myndir, en við stofnun Sveinssafns var það talið óheppilegt fyrir stofnun safnsins. Enginn samningur á blaði hafði verið gerður um þessa umræddu gjöf. Í fyrrnefndri skýrslu er lögð áhersla á ákvörðun um framtíðarhlutverk bæði vinnustofuhússins í Krýsuvík og heimilis Sveins í Hafnarfirði. Sveinn hafði sjálfur byggt húsið með vinnustofu uppi á lofti með stórum þakglugga og svo hafði hann málað verk á loft forstofu og gangs inn af henni og margt fleira í húsinu bar sérstakt svipmót listamannsins. Húsið var reist á 800 fermetra lóð þar sem menn sáu fyrir sér möguleika á að reist

yrði listaverkageymsla og sýningaraðstaða. Á lóðinni voru höggmyndir úr tré eftir Svein. Annar stefnumarkandi atburður varðandi stofnun safnsins átti sér stað í júní þetta ár þegar hópur fólks hittist í Krýsuvíkirkirkju fyrir atbeina Erlends til skrafs og ráðagerða eftir afstaðna greftrun. Þetta varð mikilvægur fundur sem lagði grunn að því sérstaka samstarfi sem síðar varð milli Sveinssafns og Krýsuvíkirkirkju sem og Hafnarfjarðarkirkju.

Á fundi bæjarfulltrúa Hafnarfjarðar 24. september 1997 var endanlega ákveðið að Kaldakinn 12 kæmi ekki til álita varðandi stuðning bæjarins við stofnun Sveinssafns.<sup>2</sup> Formaður menningarmálanefndar, Magnús Kjartansson, var hins vegar mjög á bandi þeirra bræðra og fékk því til leiðar komið að menningarmálanefnd fengi að skoða málið eins og það var lagt fyrir. Nefndinni var heimilað það gegn því að „fleygja Köldukinn 12 út úr pakkanum“, en talið var að „staðurinn væri ómögulegur fyrir safn þarna inni í íbúðarhverfi og yrði bílaumferð of mikil.“<sup>3</sup> Bræðurnir voru ekki á því að gefast upp við svo búið og veltu ýmsum hugmyndum fyrir sér. Fyrir lá að bærinn var jákvæður gagnvart vinnustofuhúsinu í Krýsuvík. Það átti síðan eftir að koma í ljós að safnið átti hauk í horni í bæjarstjóranum Ingvari Viktorssyni þegar á reyndi þetta haust.

Um þetta leyti voru allar lausar stundir notaðar til að ljósmynda og skrá verk Sveins, einnig þau verk sem hann átti eftir aðra listamenn. Eftir því sem á skráningu myndverka Sveins leið gerði safnkosturinn ekki annað en að stækka og var fljótlega orðinn stærri en safneign Hafnarborgar. Samkomulag var um það milli bræðranna að ekki yrði hróflað við neinu á heimili málarans sem skipti máli fyrir skráningarvinnuna en Kaldakinn 12 hafði nú breyst í eins konar vinnustöð fyrir þá vinnu. Í skráningarvinnunni fundust bunkar af myndum í ýmsum skúmskotum í húsinu við Köldukinn 12 og í Krýsuvík sem leiddi til þess að verkatalan óx stöðugt. Mikil vinna fylgdi ljósmyndun listaverkanna, þær þurfti að framkalla og skrá og sjá til þess að þær fylgdu skráningu viðkomandi myndar. Um haustið var enn enginn staður í sjónmáli sem nýttist fyrir geymslu listaverka og gripi úr eigu listamannsins. Samhliða skráningarvinnunni var Erlendur að hefjast handa um klippingu kvikmyndar sinnar um föður sinn, en kvikmyndagerðin varð Erlendi eins konar réttlætning þess að leggja á sig alla þá vinnu sem fylgdi stofnun Sveinssafns. Kappsmál var að ljúka vinnunni í Köldukinn því nú hafði verið fundinn kaupandi að eigninni og var kaupsamningur undirritaður þann 31. október. Um líkt leyti

fannst geymslurými fyrir myndverkin að Trönuhrauni 1, sem Sveinssafnsmenn festu sér. Gengið var beint inn af götunni án þess að þurfa að fara upp tröppur og stærðin var hófstíllt eða um 70 fermetrar. Myndum og munum var komið fyrir í þessu ákjósanlega húsnæði.

## **Krýsuvík og formleg stofnun safnsins**

Með húsnæðinu að Trönuhrauni 1 var fundinn hentugur staður fyrir geymslu myndverkanna og þar var hægt var að vinna með þau og undirbúa sýningar. Hins vegar var vinnustofuhús Sveins í Krýsuvík ein af aðalforsendum stofnunar safnsins. Húsið var einstakt og sömuleiðis staðsetningin og það myndi verða aðdráttarafl fyrir gesti safnsins. Tenging þess við Krýsuvíkirkirkju var einnig mikilvæg, því þar hvíldi listamaðurinn og eitt síðasta listaverk hans var altarisstöflumynd máluð fyrir Krýsuvíkirkirkju. Þá var endurreist kristnihald talið styrkja starfsemi Sveinssafns í Krýsuvík. Þeir Sveinssafnsmenn töluðu héðan í frá um Trönuhraunið sem hjarta safnsins en Sveinshús í Krýsuvík andlit þess. Það var því gríðarlega mikilvægt að að verja húsið falli fyrsta veturinn eftir andlát Sveins þegar allur hiti fór af húsinu um haustið. Tilboð bæjarstjóra um að flytja allt innan stokks til Hafnarfjarðar var hafnað. Það leiddi til þess að Ingvar Viktorsson, bæjarstjóri fann sig knúinn til að leita leiða til að verja húsið skemmdum yfir veturinn og fékk Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar til að hita húsið upp með olíu veturinn 1997 - 1998.

Í ársbyrjun 1998 hófst vinna við undirbúning sýningar í Hallgrímskirkju í samvinnu við Listvinafélag kirkjunnar. Þegar við undirbúning sýningarinnar var ákveðið að útbúa sýningarskrá, en það varð stefnan í sýningarhaldi Sveinssafns upp frá því að gefa út sýningarskrár með hverri sýningu sem haldin var. Þann 8. febrúar var Passíusálmasýning Sveinssafns opnuð í Hallgrímskirkju. Tilefnið var nýtt til að tilkynna um stofnun safnsins. Í tengslum við sýninguna var efnt til dagskrár í kirkjunni: Matthías Johannessen las ljóð og sagði frá kynnum þeirra Sveins en Erlendur sagði frá stofnun Sveinssafns, gerð kvikmyndar hans um Svein og sýndi kafla úr myndinni sem tengdist viðfangsefni sýningarinnar, Passíusálmum Hallgríms Péturssonar. Jafnhliða sýningarundirbúningnum voru samskipti við Hafnarfjörð í gangi í formi bréfaskrifa. Undir lok janúar er aðstandendum Sveinssafns tilkynnt að umsókn þeirra um stuðning Hafnarfjarðarbæjar hafi verið tekin fyrir á fundi



Sveinn Björnsson á vinnustofu sinni. Mynd: Erlendur Sveinsson.

menningarmálanefndar og samþykkt að veita safninu fjárstyrk.<sup>4</sup>

Í apríl fluttist þriðji bróðirinn, Sveinn Sveinsson, alfarinn heim til Íslands með fjölskyldu sinni en hann hafði verið búsettur í Svíþjóð. Þann 28. apríl skrifa bræðurnir undir pappíra vegna formlegrar stofnunar Sveinssafns, sem ákveðið var að skyldi vera í formi einkahlutafélags vegna þeirrar óvissu sem búast mátti við að fylgdi safnsstofnuninni inn í framtíðina. Undirskriftin í Krýsuvík er gerð í skugga þess að kvöldið áður hafði frést að búíð væri að taka hitann af húsinu og það sem meira væri, brjótast þar inn einnig. Þegar að var gáð þá hafði sem betur fer engu verið stolið nema hljómfutningstækjum. Forgengileikinn hafði nú bankað á dyr og átti eftir að verða fylgifskur safnsins, sem hafði það að markmiði að reyna að stöðva tímann með því að viðhalda „húsi málarans“ að mestu eins og hann hafði skilið við það.

Undir lok mánaðarinn gerðist það í fyrsta sinn að listasafn, í þessu tilviki Hafnarborg, óskaði eftir myndaláni frá Sveinssafni en slík millisafnalán áttu eftir að verða þáttur í starfi safnsins er fram liðu stundir. Í lok júní 1998 var skrifað bréf til menntamálaráðuneytisins með ósk um byrjunarstuðning til handa safninu. Fram kemur í bréfinu að skráningarvinna hafi leitt í ljós að

safnið sé að fást rúm átta þúsund verk. Samkvæmt þessu var Sveinssafn nú orðið annað stærsta listasafnið á landinu í verkum talið og eitt stærsta safn verka eins listamanns hér á landi. Ráðherra mennta- og menningarmála, Björn Bjarnason, brást skjótt við og óskaði eftir því að fá að koma á vettvang til að kynna sér áform um safnsreksturinn. Röskum mánuði síðar lá ákvörðun ráðuneytisins fyrir. Safninu var veittur fjárstyrkur til skráningar og umbúnaðar listaverkanna.<sup>5</sup> Styrkurinn var ekki aðeins ómetanleg aðstoð við úrlausn hinna tilgreindu verkþátta, heldur fól hann í sér mikilvæga viðurkenningu á stofnun Sveinssafns og framlagi Sveins til íslenskrar myndlistar.

Í september var Magnús Gunnarsson orðinn bæjarstjóri á Hafnarfirði. Sú hugmynd nær flugi að gera út leiðangur til Krýsuvíkur um haustið og skoða svæðið í heild, sem átti við um vinnustofuhús Sveins, Krýsuvíkurkirkju og kirkjugarð og Krýsuvíkurskóla og þá starfsemi sem þar fór fram. Í ferðinni kynnti Erlendur skýrslu um safnsstofnunina, þar sem gert var ráð fyrir stækkun sýningaradstöðunnar í Krýsuvík með byggingu skála við húsið fyrir stórar sýningar, sem jafnframt nýttist gestum til að njóta útsýnis og stjörnuskoðunar á vetrum auk þess sem þarna yrði frambærileg snyrting og safnmunabúð og aðstaða fyrir hvers kyns veisluhöld í þessu einstaka umhverfi. Í desember verður ljóst að hugmyndir um samstarfssamning við Hafnarborg er endanlega úr sögunni. Þá átti Erlendur samtál við Magnús bæjarstjóra og varð niðurstaðan sú að einblína á að Sveinssafn yrði í Krýsuvík og að sækja um stofnfjárframlag til bæjarins. Haft var samband við Péturínu Pétursdóttur, forstöðumann Hafnarborgar, og rætt um möguleika á yfirlitssýningu. En Hafnarborg var fullbókuð fram í tímann. Í framhaldinu kom upp hugmynd um styrktarfélagasýningu í Krýsuvík. Á þessari ögurstundu var einnig haft samband við Marín Hrafnisdóttur, menningarmálafulltrúa, og hún upplýst um hina afgerandi niðurstöðu að engin bein tengsl yrðu á milli Sveinssafns og Hafnarborgar í framtíðinni að öðru leyti en því að bæjarstjóri teldi að Sveinssafn myndi geta reitt sig á að geta sýnt öðru hverju í Hafnarborg.

Hitaveituframkvæmdir á vegum bæjarins voru komnar á fullt skrið í Krýsuvík í apríllok 1999. Framkvæmdirnar í mynd skurðgraftar og pípulagna, sem þar blöstu við voru sannkölluð afmælisgjöf til safnsins og áttu eftir að gjörbylta aðstöðunni í Sveinshúsi, þar sem hitinn hafði verið stöðugt áhyggjuefni alveg frá stofnun. Þennan dag, 28. apríl komu bræðurnir til aðalfundar í Sveinshúsi og veittu þá því athygli að mikinn reyk lagði frá



kirkjunni. Í ljós kom að kveikt hafði verið í sinu í kirkjugarðinum og lá leið eldsins hratt upp að kirkjunni. Tókst að slökkva eldinn en upplifunin var ekki góð. Þessi saga átti eftir að endurtaka sig ellefu árum síðar en þá með skelfilegum afleiðingum.

Í maí byrjun voru enn samskipti við bæjarstjóra Hafnarfjarðar sem hvatti Erlend til að skrifa sér bréf þar sem hugmyndirnar varðandi Sveinssafn væru reifaðar og hann gæti lagt þær fyrir bæjarráð.<sup>6</sup> Í framhaldinu skrifar Erlendur honum bréf þar sem kemur fram ósk um „að gerður verði samningur á milli Hafnarfjarðarbæjar og Sveinssafns um samstarf þessara aðila um viðhald og viðgang Sveinshúss í Krýsuvík.“<sup>7</sup> Framhald samskiptanna við bæinn birtist í því að áður en kom að samningsgerð um Sveinshús, fékk bærinn verkfræðipjónustu til að gera faglega úttekt á Sveinshúsi. Í ítarlegri skýrslu var niðurstaðan sú að framkvæma þyrfti í Sveinshúsi fyrir tæpar tíu milljónir króna til að húsið uppfyllti kröfur sem safnahús og var þá ekki gert ráð fyrir kostnaði við hönnun og umsjón framkvæmda.<sup>8</sup> Í byrjun ársins 2000 var fyrsta farandsýningin opnuð á Hrafnistu. Sýningin nefndist Fjölbreytnin í list Sveins Björnssonar og samanstóð hún af miklum fjölda myndverka sem komið var fyrir víða um stofnunina. Í sýningarskrá segir:

“Það sem fyrir okkur vakti [...]var að gleðja gamla fólkið og gesti þess með gömlum, nýjum og fjörlegum myndum. Valið er nokkurs konar slembiúrtak þar sem drifkrafturinn við að koma sýningunni upp og ánægja samstarfsfólks okkar á Hrafnistu og vistmannanna sjálfra við að fá þessar myndir í hús mótaði útlit sýningarinnar. Myndunum er ætlað að vekja gamlar minningar, gleðja og bjóða áhorfandanum í krókótt ferðalag eftir þróunarbraut Sveins Björnssonar, frá hinu gamla til hins nýja.“<sup>9</sup>

Seinna gaf safnið út sérprentið „Fjölbreytnin í list Sveins Björnssonar“ og flutti farandsýninguna á milli nokkurra heilbrigðisstofnana.

Í mars var farið að vinna í umbeðnum samningi milli bæjarins og Sveinssafns frá fyrra ári en nú hafði málið þróast á þann veg að í stað samnings skyldi útbúið afsalsskjal. Með því var gert ráð fyrir að Sveinshús yrði afsalað safninu en „með því skilyrði að þar verði rekið listasafn. Brestir þær forsendur skal húsinu skilað aftur til bæjarins“, segir þar. Um þetta leyti er lagt fram



minnisblað á fundi með Skipulags- og umhverfisdeild Hafnarfjarðar og Landmótun ehf. 1. mars 2000. Minnisblaðið er í tíu liðum en í fyrsta lið er undirstrikuð nauðsyn þess að reist verði menningar- og þjónustumiðstöð í Krýsuvík í næsta nágrenni við Sveinshús og vitnað til hugmynda Sveinssafns í fyrstu skýrslu þess um framtíðarsýn fyrir Sveinssafn frá árinu 1997.

Í aprílbyrjun er farið að huga að fyrstu sýningunni sem stefnt er að að verði haldin í Sveinshúsi og þá er líka skrifað dreifibréf til velunnara Sveins Björnssonar, þar sem gerð er grein fyrir stofnun Sveinssafns, að Hafnarfjarðarbær hafi ákveðið að Sveinssafn eignist vinnustofuhús listamannsins í Krýsuvík, sem einnig feli í sér tveggja milljón króna styrkveitingu til endurbóta og viðhalds hússins og eins og segir í bréfnu „þar með verður Sveinshús ekki aðeins óaðskiljanlegur hluti Sveinssafns heldur raunverulegt andlit þess út á við“.<sup>10</sup> Ítrekað er að Sveinssafn sé stærsta listasafn landsins sem grundvallað er á verkum eins listamanns. Skráð verk í vörslu Sveinssafns eru á þessum tíma orðin átta þúsund og átta hundruð. Megin tilgangur bréfsins er að safna áskrifendum að dagatalsútgáfu safnsins, sem á að hefjast í lok ársins með dagatali sem gildi fyrir 2001 „og hefja þannig göngu sína á fyrsta ári hins nýja árþúsunds“, eins og segir þar. Dagatölin hefðu það markmið að vera kynning á list Sveins, „árwiss listaverkasýning“. Þá er nefnt að safnið hyggist gefa út jóla- og gjafakort. Einnig sé stefnt að því að leigja listaverk til stofnana, fyrirtækja og einstaklinga og selja myndrétt fyrir birtingu mynda eftir Svein á ýmsu prentefni og fleiru. Helstu verkefni framundan séu undirbúningur fyrir opnun Sveinshúss um sumarið í tengslum við árþúsundaverkefni Hafnarfjarðarbæjar og fyrirhugað sé að opna sýningu á list Sveins í Hafnarborg í byrjun febrúar árið eftir. Stöðugt sé unnið að skráningu listaverkanna. Bréfið endar á þeim orðum að nú, þegar safnið sé búið að ganga í gegnum byrjunarerfiðleikana og sé við það að festa sig í sessi þegar Sveinn hefði orðið 75 ára, gefist viðtakanda bréfsins færi á að „veita okkur lið við að halda þessum rekstri til streitu og styrkja þetta framtak með því að gerast áskrifandi að dagatalinu og einnig er spurt hvort áhugi sé á því að kaupa jólakort þegar þar að kæmi. Að endingu er spurt hvort fólk eigi verk eftir listamanninn og það beðið um að koma upplýsingum þar um til safnsins. Allmikill fjöldi fólks svaraði kalli og gerðist áskrifandi dagatalanna. Útgáfunni var haldið til streitu í þrjú ár en árangurinn varð ekki sá sem stefnt var að. Um haustið var gert átak í því að leita til fyrirtækja um stuðning við

safnið og ýmsu heitið á móti, eins og listaverkaláni, aðgengi að myndefni til nota á prentefni og svo framvegis. Árangur varð lítill í samanburði við fyrirhöfnina og skipti litlu máli fyrir rekstrarútgjöld safnsins á næstu árum.

Þann 17. maí er afsalið dagsett en formleg afhending Sveinshúss fór fram að viðstöddu fjölmenni í húsakynnum safnsins að Trönuhrauni 1 þann 12. maí árið 2000. Ræður voru haldnar og boðið upp á veitingar. Með afsalinu höfðu bræðurnir undirgengist að opna sýningu í Sveinshúsi um sumarið í tengslum við árþúsundaverkefni Hafnarfjarðar, Krýsuvík, samspil manns og náttúru. Með afsalinu „skoðast Sveinshús sem hluti Sveinssafns og tekur Sveinssafn að sér að annast safna- og sýningarstarf í húsinu.“<sup>11</sup> Það er athyglisvert, og átti eftir að koma upp sem álitaeftni mörgum árum síðar, að afsalið er bæði skilyrt og eins konar ígildi samnings samkvæmt eftirfarandi grein í textanum: „Afsalið ber einnig að skoða sem samning og hann skal endurskoða ef þetta hús er ekki nýtt af einhverjum ástæðum undir umrætt safn. Fellur þá húseignin aftur til afsalsgjafa og er afsalsgerningur þessi því skilyrði háður að hún verði nýtt með þessum tiltekna hætti.“<sup>12</sup>

Í júníbyrjun árið 2000 fór undirbúningur fyrir opnun sýningar í Sveinshúsi, sem ákveðið var að skyldi heita: Maður og land, í gang. Virkja þurfti rafmagnsmenn, smiði, pípulagningamenn og flokk málara. Kaupa þurfti efni til framkvæmdanna en hugmyndin var að útbúa tvö herbergi á jarðhæð sem hvítmáluð sýningarherbergi með upphengibrautum og kösturum til lýsingar. Aðalgangurinn á milli herbergjanna var einnig útbúinn með þessum búnaði. Kaupa þurfti sjónvarp og myndbandsspilara til að sýna lifandi myndefni af listamanninum. Þá þurfti að velja myndir á sýninguna og setja í innrömmun, myndir þurfti að skanna, framkalla, stækka og setja á fóm svo þær nytu sín á sýningunni. Sömu leiðis voru valdar myndir sem voru prentaðar á taudúka til að nýta sýningarpláss þar sem gluggar voru fyrir og að síðustu þurfti að hanna og skrifa texta í sýningarskrá og undirbúa opnunartölu og boðslista og póstsenda boðskort. Sunnudaginn 11. júní skyldi húsið opnað og þar með sýningin Maður og land. Fólk var farið að hópast saman fyrir utan Sveinshús undir klukkan eitt en bræðurnir inni að ljúka undirbúningi og höfðu verið að frá því um morguninn snemma til viðbótar við stanslausa vinnu frá 2. júní til þessa dags að telja. Klukkan var orðin vel rúmlega eitt þegar þeir gátu loks opnað húsið og hleypt gestum sínum inn.

Það voru fleiri liðir á dagskrá í árþúsundaverkefni Hafnarfjarðar í Krýsuvík

þennan dag. Boðið var upp á gönguferðir undir leiðsögn, fræðsludagskrá var um Krýsuvíkurborg og svo voru veitingar í Krýsuvíkurskóla. Það varð rífasti aðsókn að Sveinshúsi allan daginn og skrifuðu 225 manns nöfn sín í gestabók hússins þennan dag. Mikil ánægja var hjá fólki með sýninguna og húsið sjálft. Ákveðið var að næstu opnunardagar í Sveinshúsi þetta sumar yrðu þann 16. júlí og 20. ágúst og að einnig yrði messað á þessum dögum. Í sýningarskrá segir að ætlunin sé að efna til nýrrar sýningar næsta ár, en með því að langþráður draumur um að halda yfirlitssýningu á verkum Sveins fór langleiðina með að rætast í byrjun næsta árs með sýningunni Krýsuvíkin mín, sem haldin var á efri hæð Hafnarborgar, þá létu bræðurnir sýninguna Maður og land standa í eitt sumar til viðbótar og upp frá því þótti það henta vel að sýningarnar í Sveinshúsi væru uppihangandi í tvö ár, eins og um tvíæring væri að ræða.

Þann 10. febrúar árið 2001 var sýningin Krýsuvíkin mín opnuð í Hafnarborg að viðstöddu fjölmenni. Á sýningunni voru sýndar fimmtíu og fjórar myndir og þeim skipt eftir inntaki í fimm flokka. Verkin voru langflest úr safneign Sveinsafns en til að styrkja ramma sýningarinnar reyndist nauðsynlegt að leita til annarra um lán á nokkrum myndum frá elsta tímasteiðinu. Í sýningarskrá segir: „Segja má að þessi sýning sé eins konar rökrétt framhald eða eftirfylgd við opnun vinnustofuhúss Sveins í Krýsuvík, sem nú nefnist Sveinshús [...] Með sýningunni í Hafnarborg er [...] reynt að gefa tilfinningu fyrir heildaráhrifum þessa mikilfenglega staðar, sem Krýsuvíkin er, á sköpunarstarf Sveins.“<sup>13</sup> Í blaðaviðtali af þessu tilefni er þetta haft eftir Erlendi: „Faðir minn hélt aldrei yfirlitssýningu á eigin verkum, það var ein sýning í kringum 1990 sem hann kallaði Gamlar og nýjar myndir og var bara svona svipmyndir af gömlu og nýju. Hann sagði alla tíð við okkur synina: „Yfirlitssýningu haldið þið þegar ég er dauður“<sup>14</sup>.

Undir lok ársins eða þann 15. nóvember var kvikmyndin Málarinn og sálmurinn hans um litinn frumsýnd í Háskólabíói en af því tilefni setti Erlendur/Sveinssafn upp sýningu í anddyri bíósins á þeim listaverkum Sveins sem orðið höfðu til við gerð kvikmyndarinnar. Frumsýningin varð Sveini bróður Erlends hvatning til að kosta sjálfur gerð heimasíðu fyrir safnið.

## Kastljós á listsköpun Sveins

Sunnudaginn 2. júní árið 2002 opnaði Sveinssafn næstu sýningu sína í Sveinshúsi og nefndist hún Bláhöfði í Krýsuvík: Önnur sýning Sveinssafns í Sveinshúsi, 2002 – 2004. Sýningin er helguð „bláa karlinum“ í listsköpun Sveins Björnssonar.<sup>15</sup> Tuttugu og fimm verk í öllum aðaltækniflokkum Sveins voru á sýningunni, en frá og með þessari sýningu í Sveinshúsi verður það metnaðarmál safnsins að styrkja ramma þemasýninganna þar með því að sýna tilbrigði sömu myndstefja í olíuverkum, vatnslitamyndum, olíupastelmyndum, teikningum og stundum klippimyndum. Með sýningunni er Sveinssafn komið á fullan skrið með að framfylgja grundvallaratriði í stefnuskrá sinni, sem er að varpa nýju ljósi á listsköpun Sveins, og draga fram inntak í listsköpun hans sem ekkert hafði verið fjallað um áður. Þetta reyndist vera vel framkvæmanlegt í hinu litla sýningarrými sem Sveinshús býður upp á. Af þessum sökum hefur útgáfa sýningarskráa verið óhjákvæmilegur þáttur í sýningarhaldi safnsins.

Hinn 23. maí árið 2004 opnar Sveinssafn þriðju sýningu sína í Sveinshúsi í beinu framhaldi af vormessunni í Krýsuvíkirkirkju það vor. Nefndist hún Fuglar í myndum og var ætlað að hanga uppi næstu tvö árin eða til vorsins 2006. Í sýningarskrá er fjallað um fuglsstefið í myndlist Sveins allt aftur til 1960 og hvernig hann svarar spurningum blaðamanna um þessa fugla í myndum sínum. Árið 1966 svarar hann því til að „það er bæði liturinn í þeim og svo finnst mér þessir fuglar heyra til ævintýramyndum mínum. Það er eitthvað gott og skemmtilegt við þá. Rétt er það, mér þykir gaman af ævintýrum. Fuglinn gæti svo sem eins verið blóm. Ég skal sýna þér eina mynd þar sem ég hætti við að hafa fugl, en setti blóm í staðinn, hún heitir Minningin um Guðmund góða.“<sup>16</sup>

Enn líða tvö ár þangað til komið er að fjórðu sýningu Sveinssafns í Sveinshúsi vorið 2006. Heiti hinnar nýju sýningar var Siglingin mín og opnaði fyrir nýja sýn á myndstef sem ekki hafði verið til umfjöllunar hjá gagnrýnendum Sveins hvað þá fræðimönnum þau þrjátíu ár sem hann vann að fantasíulist sinni. Í sýningarskrá stendur skrifað:

„Þegar skyggst er til baka yfir ævi- og listferil Sveins Björnssonar, þarf ekki mikið hugmyndaflug til að gera sér grein fyrir hver hafi verið

Draumurinn mikli í lífi hans. Maður sem menntast til skipstjórnar en yfirgefur skip sitt eftir aðeins 6 ár til sjós með fullum skipstjórnarréttindum hlýtur að hafa eignast stóran draum af öðrum toga og hann mikilfenglegan. Málverkið „Draumurinn mikli“ [...] gæti táknbert þennan draum, og verið lýsing á sókn Sveins inn á ný og torsóttari mið. Aflinn að þessu sinni er af öðrum toga. Hinn óræði blái hnöttur svífandi yfir kunnuglegu vatni fyrir stafni rauða skipsins – eða er það kannski vefur? – gefur óræða vísbendingu um, hverju stefnt sé að. Og hver stjórn á þessari siglingu? Er það stýrimaðurinn aðþrengdur í stýrishúsinu eða gallionsfígúra skipsins, huldan, heilaga konan, já sjálf listagyðja Sveins stýrimanns? Þetta draumaskip, sem oftast er rautt, kannski jafnoft gult, kemur fyrir í fjölmörgum mynda hans. En það leið langur tími áður en það tók á sig þetta form, sem sýnir gyðju í stefni og aðþrengdan stýrimann við „stjórnvöl“. Mynd númer 31 tekur af öll tvímæli um hver þessi stýrimaður er. Listamaðurinn einn við veiðar, einn á siglingu, blár. Þetta er myndin af „siglingunni“ hans. Með sýningu Sveinssafns í Sveinshúsi er nú í fyrsta sinn gerð tilraun til að vekja athygli á þessum þætti í listsköpun Sveins Björnssonar. Um leið er leitast við að benda á hvers eðlis listsköpun hans er og hvað það er sem mótar stíl hans og gerir hann næsta einstakan í íslenkri myndlistarsögu.“<sup>17</sup>

Með það að markmiði að taka utan um þá hefð sem nú hafði skotið rótum í Krýsuvík með sýningarhaldi og messusöng og þar með upphengingu og niðurtekningu altarástöflumyndar listamannsins og styrkja þannig það menningarstarf sem byggt hafði verið upp í Krýsuvík, fékk Erlendur þá hugmynd að lag væri að efna til sérstakrar dagskrár þessara samstarfsaðila í Krýsuvík sumarið 2007, en þá yrði Krýsuvíkirkirkja 150 ára og Sveinssafn 10 ára. Hugmyndin fékk góðan hljómgrunn og lögðu þeir Sveinssafnsbræður, séra Gunnþór Ingason, sóknarprestur, Sigurjón Pétursson, sóknarnefndarformaður og Jónatan Garðarsson, útvarpsmaður með meiru, niður fyrir sér hvernig skyldi staðið að dagskránni. Niðurstaðan varð sú að Erlendur freistaði þess að virkja krafta Matthíasar Johannessen til að semja ljóð af þessu tilefni og Atla Heimi Sveinssonar til að tónsetja það ljóð og yrði verkið flutt í hátíðarmessunni líkt og kantötur fyrr á tíð, en líka óslitið í Sveinshúsi síðar sama dag.

Messudagurinn rann upp bjartur og fagur sem aldrei fyrr þann 27. maí 2007 og komu hátt í tvö hundruð manns til að njóta dagskrárinnar, messunnar, og frumflutnings verksins Munu ósánir akrar vaxa. Margir sátu utan kirkjudyra og hlýddu á það sem fram fór innan húss gegnum hátalara. Síðan fluttist samkoman yfir í Sveinshús þar sem húsið og sýningin Siglingin mín var skoðuð. Sveinssafn bauð upp á veitingar, ræður voru fluttar og afhenti skáldið safninu ljóðabók sína Flýgur örn yfir með myndskreytingum Sveins. Matthías sagði söguna af því hvernig bókin hafði gengið á milli þeirra Sveins, fyrst sem gjöf Matthíasar til Sveins, síðan sem gjöf Sveins til Matthíasar að viðbættum myndskreytingum og nú sem gjöf Matthíasar til Sveinssafns þar sem hún ætti heima.

Nú varð skammt stórra högga á milli í starfi Sveinssafns. Næsta ár hugðist safnið leggja undir sig gjörvalla Hafnarborg fyrir tvær sýningar, annars vegar sýninguna Sjórinn og sjávarplássið á efri hæð Hafnarborgar og hins vegar Charlottenborgar-árin 1961-1968, Tækifæri • örlög á neðri hæðinni. Skyldi sú sýning samstanda af verkum fimm listamanna, þeirra Sveins Björnssonar og fjögurra féлага hans af Listaakademíunni í Kaupmannahöfn veturinn 1956-1957, sem sýnt höfðu saman á Charlottenborg á sjöunda áratugnum. Þeir voru auk Sveins, Henrik Vagn Jensen, Niels Vagn Jensen, Per Henrik Fris og Ib Thorup. Henrik Vagn Jensen var eini eftirlifandi listamaðurinn úr hópnum og átti Sveinssafn náði samstarf við hann við undirbúning sýningarinnar um Charlottenborgar-árin. Henrik kom siglandi á Dettifossi til Íslands með verkin á sýninguna frá Danmörku og naut hann og safnið sérstaks velvilja Matthíasar Matthíassonar, skipstjóra og myndlistarunnanda á Dettifossi, í því sambandi.

Henrik hafði auk myndverkana meðferðis bréfasafn sitt með bréfum frá Sveini Björnssyni en þeir höfðu ræktað vináttu sína öll árin fjörtíu frá því þeir kynntust í Listaakademíunni og þar til Sveinn lést og skrifuðust á allan þennan tíma. Mikil vinna var lögð í allan undirbúning, rannsóknir, myndaleit út fyrir veggj safnsins, innrömmun, skiltagerð, bolaframléiðslu með áprentuðum listaverkum Sveins og upphengingu. Gefnar voru út veglegar sýningarskrár fyrir báðar sýningarnar. Erlendur hannaði sem fyrr og ritaði formálsorð í skrána fyrir sýninguna Sjórinn og sjávarplássið og gerir þar grein fyrir sýningunni. Hann skrifar undir fyrirsögninni „Listin og atvinnulífið“:

„Hugmyndin að baki sýningunni Sjórinn og sjávarplássið er að varpa

kastljósi á það hlutverk sem hafið og sjósóknin gegnir í list Sveins Björnssonar. Með sýningunni er enn fremur vakin athygli á því að svo virðist sem þessir tveir mikilvægu þættir hafi kallað á stóran léreftsdúk umfram önnur viðfangsefni Sveins er leið á listferilinn. Með sjávarmyndum sínum lagði hann enda grunninn að myndheimi sínum og fyrir þær varð hann þekktastur og við leyfum okkur að segja vinsælastur sem málari. Næsta algengt var að fyrirtæki og stofnanir festu kaup á sjávarmyndum eftir Svein Björnsson og þegar myndir voru keyptar fyrirfram var oftast óskað eftir því að hann málaði sjávarmynd. Leitað var til fjölda fyrirtækja og stofnana svo hægt yrði að draga þennan þátt sem best fram og undirstrika um leið að list Sveins sem höfð er til sýnis í fyrirtækjum og stofnunum er með þeim hætti lifandi þáttur í samfélagi okkar.“

Megin ritgerð skrárinnar er hins vegar greinin „Í upphafi var hafið“ hugleiðing um og greining stíls Sveins með tilvísunum í myndir sýningarinnar. Þar segir meðal annars:

„Stíll málarans Sveins Björnssonar hefur ekki verið mikið til umfjöllunar. Enginn listfræðingur eða gagnrýnandi hefur tekið sér fyrir hendur að greina hann, hver séu einkenni hans, hvernig frumstefjunum sé teflt saman og hvernig þau hafa þróast á löngum ferli. Með öðrum orðum, list Sveins Björnssonar hefur enn ekki verið rannsökuð nema ef vera skyldi í formi þess litla framlags sem Sveinssafn hefur reynt að leggja af mörkum á þessu sviði með fjórum sýningum í Sveinshúsi í Krýsuvík og sýningunni Krýsuvíkin mín í Hafnarborg fyrir 7 árum og síðast en ekki síst með þeim sýningum sem nú hafa verið opnaðar í Hafnarborg, Sjórinng og sjávarplássið og Charlottenborgar-árin 1961-68.“<sup>18</sup>

Sýningarnar stóðu yfir frá 15. nóvember 2008 til 4. desember 2009 í upphafi efnahagshrunsins sem þá varð í íslensku samfélagi. Í umfjöllun Önnu Jónu, myndlistarrýnis blaðsins, um sýninguna segir:

„Á mörgum myndum sést hvar maður heldur fiski þétt að sér, fullur



þakklætis og virðingar. Verkin einkennast af kröftugri og oft á tíðum grófri pensilmeðferð, stundum í bland við sköfutækni, og útlínu-teikningu einfaldaðra – stundum dálítið klossaðra – forma og skálína í myndbyggingu. Litameðferð er djarfleg og tengist litbrigðum hafsins en táknræn litanotkun er einnig áberandi og ýtir undir hina andlegu merkingu verkanna. Það er mikið um að vera í verkum Sveins og það er hluti af aðdráttarafli þeirra – sýningin er hressileg auk þess sem hún hefur ýmislegt til málanna að leggja í hinu stóra spursmáli um lífsgrundvöll þjóðarinnar og gildismat. Á neðri hæð Hafnarborgar er metnaðarfullt sýningarframtak tileinkað Charlottenborgar-árunum og þar eru til sýnis verk eftir Svein og fjóra danska málara, þ.á.m. Henrik Vagn Jensen, náinn vin Sveins, sem segir frá þessum árum í sýningarskrá. Verk Dananna, sem forvitnilegt er að skoða, eru ólík verkum Sveins en í þeim felst þó ákveðið samhengi sem veitir mikilvæga innsýn í feril hans.<sup>19</sup>

Þetta átak Sveinssafns í samvinnu við Hafnarborg hafðist ekki nema með stuðningi margra. Á meðan útlitið var hvað dekkst og fjármögnun ekki í sjónmáli voru aðstandendur safnsins við það að gefast upp á verkefninu, eins og segir í formálsorðum sýningarskrárinnar, en þá streittist Henrik Vagn á móti og áfram var haldið og leiðir fundnar til að koma þessu mikla verkefni í höfn. Um vorið skyldi Charlottenborgar-sýningin sett upp í Lyngby í Danmörku í smækkaðri mynd. Í staðinn fyrir að flytja út verk eftir Svein voru myndir eftir hann í Danmörku fengnar að láni á sýninguna í staðinn fyrir þær sem höfðu verið sýndar á Íslandi. Í þessu augnamiði var Charlottenborgar-sýningarskráin þýdd á dönsku og prentuð í allnokkru upplagi.<sup>20</sup> Val á Lyngby sem stað fyrir sýninguna í Danmörku helgaðist meðal annars af því að allir dönsku málarnir sem sýnt höfðu saman Charlottenborg 1961 - 1968 voru frá Lyngby og Sveinn hafði sýnt í Lyngby í boði listráðs bæjarins árið 1988 ásamt öðrum íslenskum listamönnum af yngri kynslóð auk þess sem Henrik Vagn bjó í næsta nágrenni og hafði átt mikil samskipti við menningaryfirvöld bæjarins. Fjöldi sýningargesta mætti á opnunina, bærstjórinn í Lyngby opnaði sýninguna með pomp og prakt og Henrik Vagn Jensen samstarfsaðili Sveinssafns í þessu dansk-íslenska samstarfsverkefni flutti tölu um mikilvægi þess að leyfa ólíkum hlutum að dafna hlið við hlið.

## Hrunið og frekari áföll

Þegar kom að því að opna nýja sýningu í Sveinshúsi í Krýsuvík vorið 2009 var orðið nokkuð langt gengið á orkuforða þeirra Sveinssafnsmanna og aðeins tíu dagar liðnir frá opnun síðustu sýningar safnsins í Danmörku. Þetta gerði það að verkum að ákveðið var að láta næstu sýningu safnsins í Sveinshúsi nýta sér þá miklu vinnu sem stóru sýningarinnar höfðu kallað á en nýttist ekki til fulls. Með öðrum orðum, efna til eins konar eftirfylgni við sýningar safnsins í Hafnarborg og Danmörku. Málverkið Þjóðarhagur, 2x4m, hafði verið flutt inn til láns frá Noregi vegna Hafnarborgarsýningarinnar Sjórinn og sjávarplássið. Hún var lykilmýnd fyrir þá sýningu og hafði sterka skírskotun til hrunsins, sem varð um þetta leyti. En hún barst of seint til landsins til að ná inn á sýninguna. Nú fékkst hins vegar leyfi eigandans, Bjarna Ármannssonar, athafnamanns, til að sýna hana í Sveinshúsi að vori á þeim stað þar sem hún hafði orðið til. Þessi fimmta sýning safnsins í Sveinshúsi fékk heitið Huldufólk og talandi steinar.<sup>21</sup> Að þessu sinni var ákveðið að þessi sýning skyldi hanga uppi í þrjú ár eða út árið 2011. Hrunið tók að segja til sín svo um munaði í rekstri safnsins og kom meðal annars fram í minnkandi stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við menningarstarfsemi í bænum. Það varð meðal annars til þess að sýningin var framlengd um eitt ár til viðbótar og lauk því ekki fyrr en í árslok 2012. Þegar kom að því að skila lánsmyndinni góðu ákvað eigandinn, Bjarni Ármannsson, að hún væri best geymd á staðnum til frambúðar „þar sem hún hafði orðið til“ eins og hann orðaði það þegar hann lýsti því yfir að hann myndi vilja gefa safninu myndina. Sveinssafnsbræður efndu til afhendingarfundar í Sveinshúsi þar sem Bjarni og eiginkona hans, Helga Sverrisdóttir, komu og skoðuðu bæði safnið og kirkjuna og afsöluðu sér eignarhaldinu á myndinni með skjalfestri undirskrift.

Þegar komið var að næstu sýningu Sveinssafns í Sveinshúsi árið 2013 hafði það gerst að Krýsuvíkirkirkja hafði verið brennd til kaldra kola í ársbyrjun 2010. Skemmdarverkið var eitt reiðarslagið í viðbót fyrir safnið við minnkandi fjárstuðning og aukið erfiði við að afla hans. Það var að vísu fljótlega ákveðið að endurreisa kirkjuna þar sem frumkvæði og áhugi starfsmanna Iðnskóla Hafnarfjarðar skipti sköpum en sú endurreisn átti eftir að dragast á langinn eftir kraftmikið upphaf og er ekki lokið þegar þetta er skrifað í árslok 2017. Séra Gunnþór Ingason streittist gegn því að



Erlendur Sveinsson heldur tölu við opnun sýningarinnar Knútur bróðir árið 2015. Mynd: Sveinssafn.

láta verða rof í messuhaldinu og söng nokkrar messur undir berum himni á brunarústunum en þeirri viðleitni varð ekki áfram haldið er fram liðu stundir þrátt fyrir eindreginn vilja prestsins. Þess vegna var næsta sýning Sveinssafns, Bréf frá Sveini, opnuð án þess að messað væri fyrir opnun og kirkjugestir kæmu eftir messu í Sveinshús til að þiggja veitingar fyrir líkama og sál eins og hefðin bauð. Í sýningarskrá er tiltekið að vinur Sveins, danski myndlistarmaðurinn Henrik Vagn Jensen, hafi gefið safninu allt bréfasafn sitt sem hafði að geyma bréf frá Sveini í fjörtíu ár og einnig hafi Matthías Johannessen, ritstjóri og skáld, gefið safninu sín bréf frá Sveini sem hafði mikið að segja fyrir rannsókn á þessu sérkennilega myndstefi sem bréfið verður að flokkast undir og sýningin kallaði á að gerð væri.<sup>22</sup> Matthías fylgdi gjöfinni eftir nokkru síðar með því að gefa safninu myndir eftir Svein úr sínu mikla listaverkasafni. Sveinssafn varðveitir að auki mikið safn bréfa sem Sveini barst um ævina úr ýmsum áttum, meðal annars frá listamönnunum Gunnlaugi Scheving og Júlíönu Sveinsdóttur og fleirum. Af þessu má ráða að bréfið hefur verið inngróid í líf og list Sveins. Það þarf því engan að undra þótt það rataði inn í myndheim hans sem eitt af helstu myndstefjunum þar á fantasíutímabilinu en þetta bréfsform sem einnig virðist hafa haft til að bera víðari skírskotun til tákneims fornaldar og frímúrarareglunnar var í stöðugri

þróun í list hans í þau þrjátíu ár, sem hann lagði rækt við fantasíuna. Sýningin er tilraun til að vekja máls á þessu viðfangsefni og einkenni í list Sveins en að auki til að varpa ljósi á með hvaða hætti stefið birtist í myndunum og vekja til umhugsunar um það hvernig Sveinn vann að sköpun myndheims síns og stíls.<sup>23</sup>

Ári síðar eða 2014 varð safnið við ósk listahátíðarnefndar Seltjarnarneskirkju um að setja upp sýningu á verkum Sveins í kirkjunni sem yrði opnuð á Listahátíð Seltjarnarneskirkju 27. september það ár. Þótt sýningarrýmið væri takmarkað við kirkjuskipið, samkomusal og inngang var unnt að setja þar upp sýningu og nefndist hún: Sálmurinn um litinn. Safnið gaf út yfirgripsmikla sýningarskrá af þessu tilefni sem birtist á netinu en var einnig útgefin í örfáum eintökum á prenti. Sýningin fjallaði um ljóð-lýsingar í list Sveins Björnssonar<sup>24</sup> og samanstóð af sautján verkum. Við setningarathöfn hátíðarinnar hélt Erlendur erindi um trúarleg stef í myndlist Sveins Björnssonar. Nokkrum dögum síðar var kvikmynd Erlends um Svein, Málarinn og sálmurinn hans um litinn, sýnd sem liður í listahátíðinni og sýningarhaldinu.

Minnst hefur verið á myndarlegar listaverkagjafir sem safninu barst frá Bjarna Ármannssyni og Matthíasi Johannessen en fyrsta myndverkagjöfin sem safnið veitti viðtöku var stórt olíumálverk hjónanna Steinars Berg Björnssonar og Maríu Árelúsardóttur, sem áður hafði verið í eigu Lýsis og mjöls. Gjöfina litu þeir Sveinssafnsmenn á sem þáttaskil í sögu safnsins. Í gjöfum til safnsins fælist sérstök viðurkenning á mikilvægi þess í samfélaginu og trú á starfsemi þess. Myndverkagjafir hafa borist safninu öðru hvoru síðan. Enginn gefandi hefur samt verið jafn stórtækur og bróðir Sveins, Knútur Björnsson. Hann lét sig mjög varða starfsemina í Krýsuvík, kirkjuna og kristnihaldið þar og stóru sýningar safnsins í Hafnarborg. Hann styrkti til dæmis með fjárframlagi sýninguna Charlottenborgar-árin. Skömmu fyrir andlát sitt vann Knútur að því að safna saman bréfum og öðrum gögnum sem hann hugðist afhenda Sveinssafni til varðveislu og hugmynd hans var að gefa safninu allt listaverkasafn sitt að fráslepptum myndum eftir Júlíönu Sveinsdóttur. Skráning og uppmæling myndanna í samvinnu við safnið var komin vel á veg þegar Knútur andaðist en alls þáði Sveinssafn sautján myndir að gjöf úr dánarbúi hans árið 2014 og mikið gagnamagn.

Þann 2. ágúst 2015 var sýningin Knútur bróðir í Sveinshúsi opnuð. Þessi sýning var helguð listaverkagjöf Knúts til safnsins. Hún fékk góða kynningu

og því varð metaðsókn á opnunardaginn. Hundrað og fimmtíu manns skráðu sig í gestabókina þennan sólfagra eftirmiðdag. Í kynningarefni sem útbúið var fyrir sýninguna var lögð áhersla á mikilvægt hlutverk áhorfandans og listunnandans þegar listsköpun væri annars vegar. Í sýningarskrá segir:

„Ef enginn sér myndir listamannsins eða kann að meta þær má allt eins segja að verkin séu ekki til. Og það er ekki bara að listamenn hafi þörf fyrir áhorfendur. Ef vel á að vera þurfa þeir á postulum að halda líka, einhverjum sem kunna að meta list þeirra til hlítar og halda fram ágæti hennar, boða fagnaðarerindi hennar. Knútur hafði það gjarnan á orði skömmu eftir að hann kom heim frá námi í Svíþjóð í lýtalækningum að maður yrði að hafa fagurfræðilega skynjun. Að lýtalækni án fegurðarskyns væri í vonlausri stöðu. Sama á við um áhorfendur, já viðtakendur allrar góðrar listar á hvaða sviði sem verða vill.“<sup>25</sup>

Skráningar listaverka eftir Svein í eigu annarra höfðu vaxið mjög þegar hér var komið sögu. Það kom sér vel þegar Listahátíð Seltjarnarneskirkju hafði aftur samband við Sveinssafn ári eftir síðustu sýningu þess á hennar vegum með beiðni um lán á myndum fyrir næstu sýningu hátíðarinnar sem skyldi haldin 25. september - 9. október 2016 undir yfirskriftinni: Fjöll og trú. Sveinssafn lánaði eina mynd af sýningunni Knútur bróðir og útvegaði tvær til viðbótar úr einkaeigu. Allar töldust þessar myndir vera mikilvægar fyrir þema samsýningarinnar. Rakel Pétursdóttir, hjá Listasafni Íslands, hafði umsjón með myndavali og skrifaði um fjallamótífið í hátíðarskrána.

## Orkuraunir

Þegar allur þessi jákvæði uppgangur Sveinssafns í tengslum við sýningarhald og áhuga á list Sveins Björnssonar stóð sem hæst á árunum 2015 - 2016 dundu ósköp yfir á öðrum sviðum. Tilkynning barst frá HS Orku skömmu eftir opnun Knúts sýningarinnar í Sveinshúsi að nauðsynlegt reyndist að loka borholunni sem sá Sveinshúsi og Krýsuvíkurskóla fyrir heitu vatni til upphitunar. Engin leið til upphitunar húsanna væri fær önnur en sú að hita húsin með rafmagni því ekki yrði boruð ný hola eftir heitu vatni. Því

var spáð að rafmagnsreikningur Sveinssafns þarna á háhitasvæðinu gæti farið upp í hálfá milljón á ári, sem var sú upphæð sem árlegur stuðningur Hafnarfjarðarbæjar til Sveinssafns fyrir viðburðahald hljóðaði upp á. Við þessar gjörbreyttu aðstæður í rekstri safnsins var sent út neyðarkall fyrst til HS Veitna og síðar Hafnarfjarðarbæjar. HS Veitur veittu engin grið. Þá var kallað eftir force majeure hjálp til bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar sem afgreiddi ákallið um stuðning með orðunum „ekki var unnt að verða við erindinu“ og menningarmálanefnd svaraði því einu til að hún veitti ekki styrki til rekstrar.<sup>26</sup> Eigendum safnsins var nú sá kostur einn nauðugur að leggja sjálfir út fyrir þeirri fjárfestingu sem þurfti að fara í fyrir uppsetningu rafhitara. Rafhitaraleiðin var valin vegna þess að kostnaður við varmadælu eða jarðvarmadælu var sagður margfalt meiri. Það tókst að ljúka framkvæmdum með hjálp pípara og rafvirkja fyrir veturinn. Reynt var að spara orkureikninginn með því að halda upphitun í skefjum þó þannig að ekki hlytist skaði af. Þegar á leið voru mánaðarlegar innheimtur HS Veitna ekki hærrí en svo að vel var við unað. En þá kom skellurinn haustið 2016. Yfir 400 þúsund króna uppsöfnuð skuld án vitundar safnsins vegna vaninnheimtra rafmagnsgjalda og krafa um meira en 50 þúsund krónur mánaðarlegar rafmagnsgreiðslur frá og með haustinu. Nú voru góð ráð dýr, ætti safnið ekki að verða gjaldþrota og starfsemin í Krýsuvík að leggjast af. Staðan reyndi mjög á samstöðu eigendanna þar sem þau sjónarmið tókust á hvort ætti að knýja fram hjálp frá bænum með fulltingi fyrrum bæjarstjóra, Magnúsar Gunnarssonar og Ingvars Viktorssonar, sem voru tilbúnir til að veita liðsinni eða taka bankalán og fara hjálparlaust út í uppsetningu á varmadælu. Einnig var tekist á um hvort nú þyrfti ekki nauðsynlega að selja myndir. Hér þarf að gera langa baráttusögu í svartasta skammdegi vetursins 2016 - 2017 stutta. Farnar voru báðar þær leiðir sem ágreiningur var um og engar myndir seldar. Sveinn hafði forgöngu um varmadæluframkvæmdir og töku bankaláns en Erlendur eflði samskipti við Magnús og Ingvar og forystu Hafnarfjarðarbæjar jafnframt því sem eigendurnir lögðu sjálfir fjárstuðning af mörkum til að bregðast við innheimtum HS Veitna, sem þoldu enga bið. Jafnhliða þessum vandræðum þurfti að kljást við mikinn leka sem orðinn var innanhúss. Mynduðust pollar á gólfi á efri hæð og leitaði vatnið í gegnum loftplötuna og niður á gólf í vinnustofu. Í ofanálag reyndist pípukerfið vera lekt og þurfti múrbrot á tveimur stöðum til að komast fyrir lekann.

Farin var vettvangsferð með fyrrum bæjarstjórum, þeim Magnúsi og Ingvari og yfirmanni skipulagssviðs bæjarins, Sigurði Haraldssyni, í Krýsuvík í desemberbyrjun. Sú ferð gerði mönnum ljóst að fara þyrfti í meiriháttar viðhald á Sveinshúsi og átti stuðningur þremmenninganna eftir að hafa mikið að segja í þessum efnum. Lagt var til að líta á verkefnið sem annars vegar bráðavanda, sem yrði að leysa strax og hins vegar viðhaldsverkefni sem yrði að fara í fljótlega og kallaði eftir framtíðarsýn. Þeir Sveinssafnsmenn yrðu að leggja það niður fyrir sér hvernig þeir sæju framtíð safnsins fyrir sér eftir sinn dag. Nú var engu líkara en safnið væri komið á byrjunarreit eftir tuttugu ára lífsbaráttu. Það hafði ekkert í hendi sér sem tryggði því lífsviðurværi inn í framtíðina á þessum tímamarki. Erlendur hafði gengið á fund bæjarstjóra Haraldar L. Haraldssonar með Magnúsi Gunnarssyni þann 24. nóvember til að útskýra bráðavandann, viðhaldsþörfina og mikilvægi Sveinssafns fyrir bæinn, Krýsuvíkurkirkju og almenning.<sup>27</sup> Niðurstaða fundarins varð sú að bæjarstjóri lýsti sig viljugan til að taka málið upp í bæjarráði en til þess þyrfti að berast formlegt bréf frá Sveinssafni. Erlendur skrifaði bréfið og lýsir þar stuðningi bæjarins við Sveinssafn frá upphafi stofnunar þess, viðbrögðum gesta safnsins við starfseminni, stöðu þess í samfélagi listasafna en síðan er fjallað um upphitunarvandann og húsræði og fyrri áföll eins og bruna Krýsuvíkurkirkju en einnig áform um nýja sýningu þegar kirkjan yrði endurvígð næsta ár sem stefnt væri að. Þá gæti svo farið „að starfsemi safnsins verði ekki lengur til staðar í Krýsuvík þegar að kirkjuvígslunni kæmi tækist ekki að ráða bót á upphitunarvanda og leka hússins á næstu vikum. Yrði þá hætt við að hin endurreista Krýsuvíkurkirkja horfði í mót mikill óvissu og aðstöðuleysi um leið og henni yrði komið fyrir á grunni sínum.“<sup>28</sup> Meginerindi bréfsins var tvíþætt: Að óska eftir fjárstuðningi og að gerður yrði menningarsamningur við safnið sem kæmi í stað stuðnings ferða- og menningarmálanefndar og yrði gerður á grundvelli matsskýrslu um verðmæti Sveinssafns og listar Sveins Björnssonar. Með gerð slíks samnings hefði safnið möguleika á að vinna sig út úr þeim herslumun sem upp á vantaði til þess að það gæti hlotið viðurkenningu Safnaráðs og þar með aðgang að styrkjum Safnasjóðs. Bréfinu lauk á hugleiðingu um sóknarfærin sem væru í Krýsuvík með auknum ferðamannastraumi:

„Við trúum því að Sveinssafn gegni lykilhlutverki í uppbyggingu Krýsuvíkursvæðisins ásamt Krýsuvíkurkirkju en mjög er um það rætt



nú á tímum hversu nauðsynlegt það er fyrir ferðamenn að þeir fái notið náttúru og menningar samhliða á þeim svæðum sem þeir ferðist um. Komi til þess að hugað verði að orkunýtingu svæðisins er mjög mikilvægt að við höfum skapandi orku í okkur sjálfum til að bera til að sjá hvernig allir þessir þættir geti spilað saman í Krýsuvík og stutt hvorn annan og aukið þannig lífsgæði okkar í nánustu framtíð hafandi þessa náttúruperlu svo að segja við bæjardyrnar. Þó Sveinssafn sé einkasafn í einkahlutafélagsformi, reyndar það stærsta á landinu, hefur það frá upphafi starfað í þágu almennings og þannig verður það áfram. Framtíðarsýnin er sú að núverandi eigendur Sveinssafns sleppi af því takinu þegar kraftar þeirra taka að dvína og safnið verði annaðhvort almenningsseign eða renni inn í stærra rekstrarfélag sem léti sig varða heildaruppbyggingu Krýsuvíkursvæðisins í þágu þeirra sem þar eiga hagsmuna að gæta.<sup>429</sup>

Hver svo sem yrði niðurstaða bæjarráðs þá skyldi starfsemi safnsins nú haldið áfram og sýning opnuð í Krýsuvík um sumarið. Hún hafði verið hugsuð í tengslum við endurvígslu Krýsuvíkurkirkju en nú var ljóst að til þess kæmi ekki þetta sumar. Þær breytingar sem urðu við það að Iðnskóli Hafnarfjarðar rann inn í Tækniskólann, skóla atvinnulífsins, 2015 hafa leitt til þess að mjög hefur hægt á endursmíði Krýsuvíkurkirkju og er ekki útséð um hvenær því verki lýkur en tafirnar skýrast einnig af skorti á nemendum í trésmíði. Sýningin sem nú var unnið að fékk heitið Móðir Jörð og Steinninn ég. Þessi nýja sýning var hugsuð sem myndstefssýning þar sem tvennt lægi til grundvallar: Hin út af liggjandi madonna eða listagyðja og listamaðurinn í steinum umhverfisins. Þessi myndstef sameinast í nokkrum myndum á sýningunni. Til viðbótar og í samhengi við meginviðfangsefnið skyldi sýningin varpa ljósi á með hvaða hætti Sveinn myndgerir trú sína.

Sýningin krafðist mikils undirbúnings, tiltektar og málningarvinnu, þar sem sýningarveggir voru málaðir svartir og gráir og dyttað að ýmsu í húsinu sem hafði látið á sjá eftir allt rask vetrarins. Margar myndir kölluðu á innrömmun og aðrar þurfti að setja á fóm. Sýningin samanstóð af fimmtíu og einu myndverki og sýningarspjöldum að auki með texta og myndum. Mikil myndvinnsla fylgdi undirbúningnum, meðal annars vegna þess að í fyrsta sinn skyldi áhorfendum gefin innsýn í myndir skissubóka listamannsins. Sýningin kallaði á gerð viðamikillar sýningarskrár bæði á prenti og á netinu þar sem gerð var grein fyrir myndstefjum sem ekki hafði verið fjallað um áður.

Þegar undirbúningurinn var kominn á fullt skrið var ráðist á Sveinshús af skemmdarvörgum, gluggar brotnir og glerbrot út um allt þegar komið var að til að mæla upp veggi fyrir upphengingu sýningarinnar. Þetta kostaði andlegt orkutap og fjárútlát aðstandenda safnsins vegna nauðsynlegra viðgerða. En áfram skyldi haldið þótt þessi uppákoma yrði til þess að ekki reyndist unnt að opna sýninguna fyrr en um miðjan júlí.

## Lokaorð

Rúm tuttugu ár eru nú liðin frá stofnun safnsins. Auk þeirra sýninga sem gerð hefur verið grein fyrir hefur safnið efnt til sýninga á heimilum og hjá stofnunum og fyrirtækjum á listaverkum úr fórum safnsins sem þessir aðilar leigja af safninu. Hafa myndverkaleigur vaxið mjög hin síðari ár og eru orðnar ein mikilvægasta tekjulind safnsins. „Listina út til fólksins“ var eitt af einkunnarorðum safnsins við stofnun þess. Nefna má leigutaka eins og Ríkisskattstjóra, Hafrannsóknarstofnun, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Lögfræðistofu Reykjavíkur og marga fleiri. Jólakort voru gefin út fyrstu árin og Skattrannsóknarstjóri birti myndir úr eigu safnsins á nokkrum jólakortautgáfum embættisins. Safnið efndi til Madonnuhlaupa tvö ár í röð frá Sveinshúsi í Krýsuvík til Suðurbæjarlaugar í Hafnarfirði árin 2003 og 2004. Ekki var um keppnishlaup að ræða heldur útsýnishlaup. Gefnir voru út hlaupabolir af þessu tilefni með stuðningi Landsbanka Íslands. Dregin voru út þrjú númer keppenda undir 12 metra langri mósaíkmynd listamannsins í innilaug Suðurbæjarlaugar og fengu hinir heppnu listaverk lánuð heim í eitt ár. Við upphaf fyrsta hlaupsins ómaði jasstónlist út úr Sveinshúsi þegar keppendur bar að garði og voru þar staddir í vinnustofunni í fínni sveiflu þeir Björn Thoroddsen, gítarleikari, Jón Rafnsson, bassaleikari og Guðmundur Steingrímsson, trommuleikari, samkvæmt forskrift safnsins um stefnumót listar og íþróttar. Hugmyndin var að halda þessu Madonnuhlaupi áfram næstu árin en það náði ekki fram að ganga af ýmsum ástæðum. Ósigrar og uppgjöf er þannig hluti af heildarsögu Sveinssafns, gott ef ekki allra safna. Áform sem kostuðu vinnu og væntingar voru bundnar við, en náðu ekki að rætast eins og stefnt var að, eru snar þáttur í starfinu. Þetta á við um Madonnuhlaup Sveinssafns, sem öllum þótti góð hugmynd og þótti takast vel þau tvö skipti sem það var haldið. Í fyrstu sýningarskrá safnsins

var minnst á kvöldvökur í Krýsuvík. Þær náðu ekki lengra en sem nokkrir kjötsúpufundir aðstandenda safnsins og þeirra sem sýndu starfsemi þess áhuga og voru tengdir listamanninum vináttuböndum. Önnur útfærsla kvöldvökuhugmyndarinnar fólst með vissum hætti í upplestri rithöfunda úr verkum sínum í Sveinshúsi sem höfðu til að bera efni sem tengdist myndlist. Matthías Johannessen reið á vaðið árið 2011 en svo varð ekki framhald á þótt Thor Vilhjálmsson, heitinn, og Gyrðir Elíasson höfðu tekið vel í að lesa upp í safninu, raunar ýtti Gyrðir þessari hugmynd á flot. Annað verkefni sem hugsað var innan veggja Sveinshúss var útvíkkun þemasýninganna með sýningu á tengdum verkum af sjónvarpsskjá. Þetta var oft á dagskrá en heyrði til kostnaðar og hefur því enn ekki náð fram að ganga.

Mestir hafa ósigrarnir verið í sambandi við baráttu aðstandenda Sveinsafns við að skapa safninu rekstrargrundvöll sem enginn er eftir tuttugu ára starf. Þar bera hæst samskiptin við Safnaráð og Hafnarfjarðarbæ sem einungis veitir styrk til viðburða og hefur ekki hækkað styrk sinn eftir hrun þegar hann skrapp saman um þrjúhundruð þúsund í tilviki Sveinssafns. Eini stuðningurinn sem Sveinssafn hefur fengið úr Safnasjóði var veittur safninu árið 2003 að upphæð kr. 200.000. – Verandi eitt stærsta listasafn landsins í verkum talið, gerandi út tvær fasteignir og með alla þá starfsemi í farteskinu fram til ársins 2013 sem nú hefur verið rakin sótti safnið um stöðu viðurkennds safns 15. nóvember 2013.<sup>30</sup> Umsókninni var hafnað á grundvelli þess að opnunartími safnsins stæðist ekki kröfur. Sjónarmið safnsins varðandi opnunartímamann, sem býður upp á opnun fyrir hópa allt árið um kring samkvæmt samkomulagi í viðbót við fasta opnunartíma að viðbættu óbeinu sýningarhaldi í gegnum listaverkaleigur voru ekki teknar til greina. Aðrir þættir umsóknarinnar voru hins vegar samþykktir. Margar tilraunir voru gerðar til að fá Hafnarfjarðarbæ til að hækka framlag sitt og gera menningarsamning við Sveinssafn eftir að síðasti samningurinn rann út í árslok 2009 en án árangurs. Þetta efni var rætt við að minnsta kosti þrjá bæjarstjóra og skýrslur sendar með rökstuðningi fyrir slíkum samningi í stað þess að safnið sækti um árlega til viðburðahalds. Samræður við Guðmund Rúnar Árnason bæjarstjóra leiddu til þess að hann var fús til að fara með forsvarsmanni Sveinssafns á fund í menntamálaráðuneytið en ráðuneytið vékst undan slíkum fundi og vísaði Sveinssafni heim í hérað með sín vandamál. Þar vísaði menningarmálanefnd í stefnu bæjarins þess efnis að

bærinn gerði ekki menningarsamninga. Sveinssafn tók málið upp aftur 2015, fyrst fyrri part árs sem leiddi til þess að Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri kom í vettvangsskoðun í aðstöðu safnsins að Trönuhrauni 1 ásamt Marín Hrafnadóttur, menningarfulltrúa, til að kynna sér safnið. En ekkert kom út úr þessari annars ágætu heimsókn. Þá var óskinn um menningarsamning endurnýjuð og send menningarmálanefnd en nefndin hafnaði erindinu eina ferðina enn. Þrátt fyrir allt þetta er safnið enn á lífi.

Kannski verður með nokkrum sanni sagt um Sveinssafn að því svipi nokkuð til fuglsins Fönix sem gæti verið skyldur bláa fuglinum í myndheimi Sveins. Fuglinn Fönix flýgur í átt til sólu, brennur upp til ösku á þúsund ára fresti en rís svo upp alheill. Og líkt og blái fuglinn á lofti Sveinshúss er hann partur af innblæstrinum, andanum sem hvíslar leyndardómi í eyra listagyðjunnar, og kannski aðstandenda Sveinssafns líka. Þessi fugl lætur allt lifa sem skapað er. Og kannski var það í þessum anda að það var loksins ákveðið í bæjarkerfi Hafnarfjarðar í síðustu viku september 2017, níu mánuðum eftir að erindið hafði verið sent, að safninu skyldi veittur stuðningur að upphæð 1 milljón vegna uppsetningar varmadælu til lausnar á upphitunarvanda Sveinshúss, upphæð sem var mjög nálægt þeirri tölu sem óskað var eftir. Þar réði úrslitum vilji Haraldar bæjarstjóra og atbeini Sigurðar Haraldssonar hjá skipulagssviði og eftirfylgni safnsins. Við þetta má síðan bæta og enda þetta ágríp af sögu Sveinssafns með eftirfarandi tilvísun í lokaorð nýlegrar sýningarsskrár safnsins sem ber yfirskriftina Sveinssafn 20 ára og baráttan við höfuðskepnurnar. Þar segir:

„Kaldir vetrarvindar næða um Sveinssafn á 20. aldursári þess og tákngera erfíðleikatímabil sem safnið gengur nú í gegnum. Enn á það langt í land með að hljóta viðurkenningu og staðfestu í samfélaginu og þann bakstuðning sem allri menningarstarfsemi af þessum toga er nauðsynlegur. Og svo glímur það við illviðráðanlegt mótlæti sem rekja má til höfuðskepnanna fjögurra; jarðar, vatns, lofts og elds. Eða með öðrum orðum til Móður Jarðar sem liggur í landinu innan um steina málarans á mörkum lífs og dauða en með vonina um upprisu, græðlinginn, í skauti sér eins og sjá má í ýmsum tilbrigðum á samnefndri sýningu safnsins á þessum tímamótum. Það er því meiri þörf nú fyrir Sveinssafn að missi ekki trúna á hlutverk sitt heldur en við fæðingu þess í kjölfar andláts listamannsins árið 1997 [...] Safn sem starfað hefur í 20 ár á grundvelli fórnfúss sjálfboðastarfs, og opnar nú sína 8. sýningu í

Sveinshúsi, eigandi að baki og fjölbreytt safnastarf í þéttbýlinu líka, lætur ekki bugast. Það trúir því að það muni njóta faðmlags almættisins ekkert síður en listamaðurinn sem myndgerði það í verkum sínum.“<sup>31</sup>

#### Óprentaðar heimildir

Afsal. 17. maí 2000. Bréfasafn Sveinssafns.

Bréf Hafnarfjarðarbæjar til Sveinssafns, 17. desember 2015. Bréfasafn Sveinssafns.

Bréf Sveinssafns til Bæjarráðs Hafnarfjarðar, 13. desember 2016. Bréfasafn Sveinssafns.

Bréf menningarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, 23. janúar 1998 og 6. febrúar 1998. Bréfasafn Sveinssafns.

Bréf Menntamálaráðuneytisins 30. 7. 1998. Bréfasafn Sveinssafns.

Dreifibréf Sveinssafns, 1. apríl - maí árið 2000. Bréfasafn Sveinssafns.

Erlendur Sveinsson, Skýrsla. Skjalasafn Hafnarfjarðar, 1997.

Erlendur Sveinsson, Vinnuskýrsla, 1997.

Bréf 6. maí 1999. Bréfasafn Sveinssafns.

Erlendur Sveinsson. Minnisblað, 24. nóvember 2016.

„Skýrsla um ástand og viðgerðir á húsi í Krýsuvík (ur aðsetur Sveins Björnssonar við. láður aðsetur Sveins Björnssonar myndlistarmanns).“ Bréfasafn Sveinssafns.

Magnús Gunnarsson. Tölvupóstur til höfundar 4. maí 1999 og 29. apríl 1999.

Tölvupóstur Erlends Sveinssonar til Safnaráðs, 15. nóvember 2013.

#### Prentaðar heimildir

Anna Jóa, „Hífopp!“ Lesbók Morgunblaðsins, 6. desember 2008, 13.

Erlendur Sveinsson, „Huldúkona og handanheimar í Krýsuvík.“ Lesbók Morgunblaðsins, 10. febrúar 2001, 6-7.

Erlendur Sveinsson, Bláhöfði í Krýsuvík. Sýningarskrá. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2002.

Erlendur Sveinsson, Fjölbreytnin í list Sveins Björnssonar. Sýningarskrá. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2000.

Erlendur Sveinsson, Fuglar í myndum. Sýningarskrá. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2004.

Erlendur Sveinsson, Krýsuvíkin mín. Sýningarskrá. Hafnarfjörður: Hafnarborg, 2001.

Erlendur Sveinsson, Siglingin mín. Sýningarskrá. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2006.

Erlendur Sveinsson, Sjórin og sjávarplássið. Sýningarskrá. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2008.

Erlendur Sveinsson, Charlottenborgárene 1961 – 1968. Sýningarskrá. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2009.

Erlendur Sveinsson, Huldufólk og talandi steinar. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2009.

Erlendur Sveinsson, „Bréfið í list Sveins Björnssonar.“ Í Bréf frá Sveini. Sýningarskrá. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2013.

Erlendur Sveinsson, „Ljóðlýsingar í list Sveins Björnssonar.“ Í Sálmurinn um litinn, Erlendur Sveinsson ritstj. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2014.

Erlendur Sveinsson, „Naudsyn fagurfræðilegrar skynjunar.“ Í Knútur bróðir. Sýningarskrá. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2015.

Erlendur Sveinsson, „Sveinssafn 20 ára og baráttan við höfuðskepnurnar.“ Í Móðir Jörð og Steinninn ég. Sýningarskrá. Hafnarfjörður: Sveinssafn, 2017.

## Neðanmálgreinar

- 1 Erlendur Sveinsson, Skýrsla, 1997.
- 2 Erlendur Sveinsson, Vinnuskýrsla, 1997.
- 3 Sama heimild.
- 4 Bréf menningarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, 23. janúar 1998 og 6. febrúar 1998.
- 5 Bréf menntamálaráðuneytisins 30. júlí 1998. Bréfasafn Sveinssafns.
- 6 Magnús Gunnarsson. Tölvupóstar til höfundar, 1999.
- 7 Bréf 6. maí 1999.
- 8 „Skýrsla um ástand og viðgerðir á húsi í Krýsuvík (ur aðsetur Sveins Björnssonar við. Láður aðsetur Sveins Björnssonar myndlistarmanns).“
- 9 Fjölbreitin í list Sveins Björnssonar.
- 10 Dreifibréf Sveinssafns, dags. 1. apríl – maí árið 2000.
- 11 Afsal.
- 12 Sama heimild.
- 13 Erlendur Sveinsson, Krýsuvíkin mín.
- 14 Erlendur Sveinsson, „Huldukona og handanheimar í Krýsuvík.“
- 15 Erlendur Sveinsson, Bláhöfði í Krýsuvík.
- 16 Erlendur Sveinsson, Fuglar í myndum.
- 17 Erlendur Sveinsson, Siglingin mín.
- 18 Erlendur Sveinsson, Sjórinna og sjávarplássið, 9 -10.
- 19 Anna Jóa, „Hífopp!“, 2008, 13.
- 20 Erlendur Sveinsson, Charlottenborgárene 1961-1968.
- 21 Erlendur Sveinsson, Huldufólk og talandi steinar.
- 22 Erlendur Sveinsson, „Bréfið í list Sveins Björnssonar.“
- 23 Sama heimild.
- 24 Erlendur Sveinsson „Ljóðlýsingar í list Sveins Björnssonar“, 4 og 2.
- 25 Erlendur Sveinsson, „Nauðsyn fagurfræðilegrar skynjunar“, 4.
- 26 Bréf Hafnarfjarðarbæjar til Sveinssafns, 17. desember 2015.
- 27 Erlendur Sveinsson. Minnisblað.
- 28 Bréf Sveinssafns til Bæjarráðs Hafnarfjarðar, 13. desember 2016.
- 29 Sama heimild.
- 30 Tölvupóstur Erlends Sveinssonar til Safnaráðs.
- 31 Erlendur Sveinsson, „Sveinssafn 20 ára og baráttan við höfuðskepnurnar“, 13.

# Hönnunarsafn Íslands

Harpa Þórsdóttir

Eitt yngsta safnið í íslenskum safnaheimi, Hönnunarsafn Íslands í Garðabæ, var stofnað í lok árs 1998. Að stofnun safnsins stóðu menntamálaráðuneytið, Garðabær og Þjóðminjaráð. Björn Bjarnason menntamálaráðherra skipaði nefnd í febrúar 1996 er skyldi leggja fram tillögur að framkvæmd á stofnun hönnunarsafns; skilgreina hlutverk, viðfangsefni og þörf á slíku safni, koma með hugmyndir og leggja fram kostnaðaráætlun.<sup>1</sup> Í nefndinni voru Stefán Snæbjörnsson húsgagnaarkitekt og deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu sem var formaður, Dennis Jóhannesson arkitekt, tilnefndur af Form Ísland, félagasamtökum hönnuða, Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, tilnefndur af Listasafni Íslands, Róbert Jónsson framkvæmdastjóri Atvinnu- og ferðamálastofu Reykjavíkurborgar, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands og Örn Jóhannsson skrifstofustjóri hjá Samtökum iðnaðarins og tilnefndur af þeim. Til grundvallar lá einnig vinna Form Ísland, félagasamtaka hönnuða sem höfðu frá 1992 unnið að því með fulltrúum sínum að þrýsta á um stofnun safns er geymdi vitnisburð og rannsakaði þennan þátt íslenskrar lista- og hönnunarsögu, sem jafnframt tengist sögu iðnaðar og framleiðslu á 20. öld.<sup>2</sup>

Í greinargerðinni sem nefndin skilaði í mars 1997 er komist að þeirri niðurstöðu að stofnun hönnunarsafns þoli enga bið „þar sem munir eftir íslenska brautryðjendur í listhandverki og hönnun týna nú óðum tölunni.“<sup>3</sup> Söfnunarsviðin sem hönnunarsafn skal sinna eru skilgreind og jafnvel vísað í afmarkaðan safnkost annarra safna, svo sem vísi að Listiðnaðarsafni Þjóðminjasafnsins frá tíð Matthíasar Þórðarsonar Þjóðminjavarðar og leirmunagjöf leirlistamanna til Listasafns Reykjavíkur, sem betur eigi heima í hönnunarsafni<sup>4</sup> og bent á vegna smæðar samfélagsins, að safna skuli bæði iðnhönnunar- og listhandverki í eitt safn.<sup>5</sup> Í vinnu sinni studdust nefndarmenn við ýmsar skýrslur og báru saman ólík hönnunarsöfn á hinum Norðurlöndunum til að varpa ljósi á nauðsyn þess að bæta nýju safni við íslenskan safnaheim. Hófleg rekstraráætlun er lögð fram, í samræmi



við starfsemi safnsins á stofnárunum. Engir fjármunir eru tilgreindir til sýningahalds en lagt til að safnið sýni í öðrum safnastofnunum eða sýningarsölum.<sup>6</sup> Greinargerðin hverfist að mestu um söfnunarþáttinn, um varðveisluna, en ekki er lögð fram sýn um vöxt eða þróun né æskileg staðsetning safnsins tilgreind. Þó leggur nefndin til, í fyrstu skrefum stofnunar hönnunarsafns, að „tekið verði á leigu gott geymsluhúsnæði einhvers staðar á Reykjavíkursvæðinu“,<sup>7</sup> undir safnmuni. Horft er til ríkis og Reykjavíkurborgar í tillögu að rekstrarframlagi safnsins og áhersla lögð á að safnið verði sjálfstætt, en ekki rekið af annarri stofnun.<sup>8</sup> Í samningnum við stofnun safnsins sem var undirritaður 29. desember 1998 komu þau markmið safnsins fram „að safna íslensku og erlendu listhandverki og iðnhönnunarmunum og varðveita, halda heimildaskrá og standa fyrir sýningum og kynningum.“<sup>9</sup>

Sérstaða Hönnunarsafns Íslands er mikil. Safnið er eina safnið hér á landi sem hefur það hlutverk að varðveita og miðla sögu íslenskrar hönnunar. Meðal íslenskra safna hefur Hönnunarsafnið sambærilegt hlutverk og örfá innlend sérsöfn, það er að segja, söfn sem einbeita sér að afmörkuðum safnkosti sem fá önnur söfn safna og varðveita. Ábyrgð Hönnunarsafnsins er því mikil en einnig hið ósagða fyrirheit um stigvaxandi starfsemi safnsins, sem leggja má út frá þeim væntingum að hlutur íslenskrar hönnunarsögu fari að vaxa innan fræðasviða á háskólastigi hér á landi, og ef til vill annars staðar líka.

## **Stofnun og stjórn**

Í dag er Hönnunarsafn Íslands rekið af Garðabæ samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Samningur um uppbyggingu safnsins var undirritaður 1. desember 2006 af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, Árna Mathiesen fjármálaráðherra og Gunnari Einarssyni bæjarstjóra Garðabæjar. Á árunum 2007-2009 gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið þrjá sambærilega samninga við sveitarfélög um safnrekstur. Auk Hönnunarsafnsins var gerður samningur við Seltjarnarnesbæ um rekstur Lækningaminjasafns og gerður var samningur við Kópavogsbæ um rekstur Tónlistarsafns Íslands. Mikil ábyrgð var lögð á sveitarfélögin með samningunum en hrunið sem varð í íslensku efnahagslífi haustið 2008

og sá áratugur sem nú er liðinn frá þeim atburðum, hefur haft sitt að segja varðandi áherslur sveitarfélaganna í menningarmálum og safnrekstri. Af þessum þremur söfnum starfar aðeins Hönnunarsafnið í dag, samkvæmt skilgreiningu safnalaga (nr. 141/2011) á viðurkenndum söfnum.

Fyrsti samningurinn um safnið er frá stofnári þess 1998. Þann 29. desember undirrituðu Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri Garðabæjar og Gunnar Jóhann Birgisson formaður Þjóðminjaráðs fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands, samning er gildi í fimm ár um samstarf að undirbúningi að stofnun safnsins. Samningurinn var að miklu leyti byggður á vinnu nefndarinnar sem skilaði Birni tillögum sínum. Í samningnum er tekið fram að Hönnunarsafnið verði sérsafn með stöðu deildar í Þjóðminjasafni Íslands og skuli lagður grunnur að uppbyggingu safnsins með fjögurra manna stjórnarnefnd sem Þjóðminjaráð skipi til fimm ára. Í fyrstu stjórnarnefnd safnsins sem var skipuð 22. febrúar 1999 sátu þau Stefán Snæbjörnsson deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu sem var formaður, Guðrún Nordal bókmenntafræðingur var fulltrúi Þjóðminjaráðs, Laufey Jóhannsdóttir forseti bæjarstjórnar Garðabæjar og Þórdís Zoëga innanhússarkitekt er var fulltrúi félagasamtaka hönnuða, Form Ísland. Að auki starfaði Guðný Gerður Gunnarsdóttir starfsmaður Þjóðminjasafnsins með nefndinni sem ritari og ráðgjafi fram á mitt ár 2000. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 9. mars 1999 og sat bæjarstjóri Garðabæjar þann fund og undirstrikaði eindreginn áhuga Garðabæjar á Hönnunarsafninu í bæjarfélaginu við stjórnarnefnd.

Eftir tæpa fimm ára starfsemi safnsins, í apríl 2003, lagði stjórnarnefnd ásamt forstöðumanni fram tillögu- og greinargerð um framtíðarskipan Hönnunarsafnsins.<sup>10</sup> Þar er meðal annars lagt til að skilgreina skuli safnið sem höfuðsafn á sviði hönnunar og tvær mismunandi leiðir um mögulegt rekstrarform tilgreindar. Annars vegar að safnið verði sjálfseignarstofnun rekin af Garðabæ samkvæmt samningi milli ríkis og Garðabæjar eða hins vegar að safnið verði sjálfstætt, rekið af menntamálaráðuneytinu og Garðabæ með sameiginlegri kostnaðarhlutdeild.

Frá stofnun safnsins hafa margir haft skoðun á staðsetningu þess og lýst efasemdum um staðarval í bæjarfélagi utan Reykjavíkur eða á jaðarsvæði eins og það hefur jafnvel verið orðað.<sup>11</sup> Því má spyrja af hverju Garðabær varð fyrir valinu en ekki Reykjavík? Í opunarávarpi fyrstu sýningar safnsins

í október 1999, kynningarsýningar er bar heitið Íslensk hönnun 1950-70, vék Björn Bjarnason orðum að vali á staðsetningunni.

„Val á stað fyrir menningarstofnanir á borð við söfn og skóla veldur oft deilum. Í fyrstu líta menn gjarnan til Reykjavíkur og telja aðsetur þar forsendu fyrir vexti og viðgangi stofnunar, sem þeir bera fyrir brjósti. Nánari umhugsun kann að leiða til annarrar niðurstöðu, sem ekki er síðri. Í nágrenni Reykjavíkur hefur starfsemi listasafna þróast með ágætum. Nægir þar að nefna Gerðarsafn í Kópavogi og Hafnarborg í Hafnafirði. Nú erum við að leggja grunn að nýju safni í Garðabæ. Fyrstu stofnuninni af þessu tagi innan bæjarins. Vil ég færa bæjarstjórn Garðabæjar þakkir fyrir mikinn áhuga á vexti og viðgangi hönnunarsafnsins.“<sup>12</sup>

Reykjavíkurborg átti fulltrúa í nefndinni er skilaði skýrslu til ráðherra. Björn Bjarnason menntamálaráðherra lagði ekki áherslu á að safnið yrði í Reykjavík og miðaði þar við sýnilegt áhugaleysi borgarinnar sem hann hafði fyrir orðið vitni að við stofnun Listaháskóla Íslands.<sup>13</sup> Samkvæmt Laufeyju Jóhannsdóttur, forseta bæjarstjórnar Garðabæjar á þessum tíma, sýndi borgin ekki þann vilja sem þurfti til að stofna til reksturs hönnunarsafns.<sup>14</sup> Fyrir Birni vakti að efla menningarásýnd Garðabæjar í takt við nágrannasveitarfélögin og Reykjavíkurborg.<sup>15</sup>

Í lok árs 2006 þegar Garðabær og menntamálaráðuneytið undirrituðu samning um rekstur Hönnunarsafns Íslands, var það gert án aðkomu Þjóðminjasafnsins. Þar með afhenti ríkisvaldið með formlegum hætti sérsafn til sveitarfélags. Hönnunarsafnið var leyst frá þeirri stoð sem fólst í nærveru Þjóðminjasafnsins á fyrstu árum í uppbyggingu safnsins eins og ráðgert hafði verið við stofnun. Töluverð vatnaskil áttu að verða í starfsemi þess við uppbyggingu, næsta verkefni var að vinna að byggingaráformum fyrir safnið.

Stofnendur safnsins, samkvæmt stofnskrá undirritaðri 21. desember 2006, voru menntamálaráðuneytið og Garðabær. Í samningnum kom fram að menntamálaráðuneytið myndi ekki fela öðrum sambærilegt hlutverk á samningstímanum. Skipulag safnsins breyttist nokkuð þegar Garðabær tók við ábyrgð á safninu og varð eigandi rekstrar þess. Nú kom það í hlut bæjarstjórnar Garðabæjar að skipa þriggja manna stjórn safnsins og

varamenn og hlutverk stjórnar var skilgreint út frá leiðbeiningum Safnaráðs um hlutverk stjórnna í íslenskum söfnum.<sup>16</sup>

Formaður var Erling Ásgeirsson forseti bæjarráðs Garðabæjar sem skapaði mikilvæga taug fyrir framgang safnsins innan bæjarkerfisins og meðstjórnendur voru Helgi Pétursson og Klara Lís Hervaldsdóttir. Stjórnin sat óbreytt til ársins 2014 en eftir sveitarstjórnarkosningar breyttist skipan meðstjórnenda. Stjórn 2014-2018 var skipuð Guðbjörgu Magnúsdóttur og Kristínu Björgvinsdóttir auk Erlings Ásgeirssonar formanns. Núverandi stjórn er skipuð Stellu Stefánsdóttur formanni, Kristínu Björgvinsdóttur og Guðlaugi Kristmundssyni. Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar er ritari stjórnar og forstöðumaður safnsins situr fundi stjórnar. Stjórn safnsins lýtur ekki menningarráði bæjarins og er það í samræmi við upphaflegar hugmyndir bæjarstjórnar um sjálfstæði safnsins og afmörkun starfseminnar.<sup>17</sup> Listræn stjórnun, fagleg umsýsla og daglegur rekstur liggur á herðum forstöðumanns safnsins sem er ráðinn tímabundið til fimm ára. Í stjórnkerfi Garðabæjar heyrir Hönnunarsafnið undir menningar- og fræðslusvið Garðabæjar.

Breytingin á yfirstjórn safnsins vakti viðbrögð innan hönnunarsamfélagsins sem átti ekki lengur beina aðkomu að málefnum safnsins með fulltrúa í stjórn. Haustið 2012 sendi Hönnunarmiðstöð Íslands stjórn Hönnunarsafnsins formlegt erindi og óskaði eftir því að hönnuðir fengju þar fulltrúa. Því var hafnað og vísað í hlutverk stjórnar sem eftirlitsaðila gagnvart rekstri og lögbundnum verkefnum safnsins. Í stærra samhengi hafði sú þróun þegar orðið í höfuðsöfnum ríkisins að þjóðminjaráð var lagt niður með Þjóðminjalögum árið 2001 og stjórn Listasafns Íslands var lögð niður með Myndlistarlögum frá 1. janúar 2013. Forstöðumenn þessara safna heyra undir mennta- og menningarmálaráðherra með rekstur og listræna stefnu. Minnst er á sjálfstæði menningarstofnana í Menningarstefnu Mennta- og menningarráðuneytisins 2013.<sup>18</sup>

## Uppgangur hönnunar – hrunið og nýsköpunin

Beiðni hönnuða um að eiga fulltrúa í stjórn safnsins er til marks um þann mikla kraft sem hefur einkennt hönnunarsviðið frá því um síðustu aldamót.<sup>19</sup> Kapp hönnuða og samhent vinna þeirra að öflugri sýn skilaði sér ekki

einungis með stofnun hönnunarsafns, heldur einnig með stofnun sérstakrar kynningarmiðstöðvar árið 2008. Um sama leyti og menntamálaráðuneytið samdi við Garðabæ um að taka við rekstri safnsins voru níu félagasamtök hönnuða og listamanna að leggja lokahönd á stofnun eigin kynningarmiðstöðvar, Hönnunarmiðstöðvar Íslands, sem þau hafa rekið með styrk frá ríki og borg. Sú hugmynd að Hönnunarsafn og Hönnunarmiðstöð deili húsnæði og eigi samvinnu var haldið á lofti í nokkurn tíma<sup>20</sup> og bauð Garðabær miðstöðinni í bæjarfélagið, en hönnuðir töldu að miðstöð þeirra þyrfti að vera staðsett í miðborg Reykjavíkur sökum eðlis starfseminnar.

Á sama tíma var Listaháskóli Íslands að þróa námsbrautir í hönnun meðal annars með stofnun vöruhönnunarbrautar og síðar með stofnun brautar í arkitektúr. Strax í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 jókst áhersla á notkun hugtaksins nýsköpun til eflingar innviða í samfélaginu og hugtökin hönnun og nýsköpun urðu lykilorð fyrir sóknartækifæri sem leitast átti við að skapa á nýjum stöðum eða í gróinni starfsemi. Þessi sérstaki tími eftir hrun í íslensku samfélagi hefur verið hliðhollur hönnunarsviðinu. Almennt séð hefur hönnun og áhugi á hönnunarsögu aukist samfara vaxandi lífsstílsmenningu á Vesturlöndum á síðustu áratugum, sem hönnunarsöfn hafa sérstaklega notið. Gestafjöldi þessara safna hefur aukist og hönnunarsýningar hafa orðið vinsælar í söfnum og á sýningarstöðum.

Samband Hönnunarsafnsins við norrænu hönnunarsöfnin hefur ekki síður verið mikilvægt. Norrænu söfnin hafa sóst eftir upplýsingum frá safninu um íslenska hönnuði og verk þeirra og ýmist fengið lánuð verk á farandsýningar, sent til landsins norrænar hönnunarsýningar eða safnstjórnarnir komið nokkuð reglulega hingað til lands í ólíkum erindagjörðum. Frá árinu 2009 hefur safnstjóri Hönnunarsafnsins átt sæti, ásamt forstöðumönnum hinna norrænu safnanna, í dómnefnd sænsku hönnunarverðlaunanna Torsten och Vanja Söderbergspris. Mikill samgangur safnstjórnanna vegna verðlaunanna, sem almennt er vitnað til sem Söderbergverðlaunanna, hefur skapað góð vinabönd og opnað leið til að kynnast því allra besta sem er að gerast í norrænni hönnun á hverjum tíma.

## Starfsmenn og stoðkerfi Garðabæjar

Fyrsti starfsmaður safnsins, Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur var ráðinn af stjórnarnefnd í september 1999. Aðalsteinn hafði unnið um árabíl í Listasafni Íslands, verið listráðunautur Kjarvalsstaða og skrifað fjölda greina og gagnrýni á sviði listhönnunar. Aðalsteinn sat í nefndinni sem ráðherra skipaði til að kanna forsendur stofnunar safnsins. Fyrst um sinn gegndi Aðalsteinn hlutastarfi en fór síðar í fullt starf umsjónarmanns og var ráðinn deildarstjóri við Þjóðminjasafn í samræmi við samning menntamálaráðuneytisins og Þjóðminjaráðs við Garðabæ um Hönnunarsafnið. Í janúar árið 2005 bættist safninu liðsauki. Stefán Snæbjörnsson húsgagnaarkitekt og deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu var ráðinn til Þjóðminjasafns sem sérfræðingur sem sinni málefnum Hönnunarsafns Íslands. Stefán hafði verið formaður stjórnarnefndar safnsins og leitt vinnuna í nefnd ráðherra 1996-1997 og var öllum hnútum kunnugur. Haustið 2008 var ráðinn nýr forstöðumaður til safnsins, Harpa Þórsdóttir listfræðingur. Harpa hafði áður verið deildarstjóri sýningadeildar Listasafns Íslands. Þá hafði safnið verið án forstöðumanns og sérfræðings í nokkra mánuði en hafði á þessum tíma aðgang að kennslufulltrúa hönnunar- og listgreina sem heyrði undir fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar. Þriðji forstöðumaður safnsins, Sigríður Sigurjónsdóttir vöruhönnuður og fyrrverandi prófessor við vöruhönnunardeild Listaháskóla Íslands og stofnandi og eigandi Spark Design Space, gallerís á sviði hönnunar, var ráðin til safnsins og tók við af Hörpu í maí 2017.

Haustið 2008 var aðeins stöðugildi forstöðumanns við safnið, auk þess sem kennslufulltrúi kom með virkum hætti að miðlunar- og fræðsluþáttum. Nýrri stöðu var bætt við vorið 2011 þegar Þóra Sigurbjörnsdóttir safnafræðingur var ráðin í 70% starf. Stöðugildið var aukið í 100% nokkru síðar. Nýja starfið var fyrst og fremst skilgreint gagnvart skráningu og umsýslu safnkostsins en fljótlega, samfara aukinni starfsemi safnsins í sýningahaldi og viðburðum, jókst áhersla á fræðslu- og miðlunarþáttinn.

Þrátt fyrir fámennt starfslið hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt. Hönnunarsafnið hefur notið þess að geta haft takmarkaða yfirbyggingu vegna áherslna Garðabæjar að veita stofnunum sínum miðlæga þjónustu. Bókhaldi og launaumsýslu er sinnt af bæjarskrifstofum Garðabæjar. Aðstoð

við ýmis tækni- og tölvumál, uppfærsla kerfa og endurnýjun tölvubúnaðar safnsins er í umsjá tölvudeildar bæjarins. Fasteignaumsýslu og viðhaldsmálum er miðstýrt, skjalastjóri Garðabæjar liðsinnir með skjalakerfi safnsins og forstöðumenn stofnana í bæjarfélaginu svo sem leik- og skólastjórar, forstöðumenn íþróttahúsa og forstöðumenn tómstundastarfs ásamt embættismönnum bæjarfélagsins eru reglulega boðaðir á fundi og fyrirlestra til að efla starfshæfni og endurmenntun stjórnenda.

Öflugt stoðkerfi liggur því að baki þeirri smáu einingu sem Hönnunarsafnið er. Þó er ekki hægt að líta hjá því að safnkosturinn þarfnast bættari aðbúnaðar og efla þarf aðkomu sérfræðinga að safni sem hefur ríku hlutverki að gegna. Í greinargerð stjórnarnefndar frá 2003 er farið afar varfærnislega í mat á nauðsynlegri mönnun safnsins á upphafsárum. Auk forstöðumanns í fullu starfi er lagt til að ráðnir verði til viðbótar tveir starfsmenn með háskólamenntun og tilhlýðilega reynslu. Enn í dag vantar upp á þá mönnun og hefur efnahagshrunið ekki hjálpað þegar eftir því hefur verið leitað að fá að auka föst stöðugildi sérfræðinga safnsins. Umsvif safnsins hafa aukist mikið ásamt því að auknar reglur yfirvalda um sérhæfingu, öryggi og alla faglega umsýslu á síðustu árum íþyngja litlum einingum. Fræðimenn og starfsfólk í tímabundnum verkefnum hafa komið að safninu í auknum mæli á síðasta áratug. En spurning vaknar hvort mennta- og menningarmálaráðuneytið þurfi ekki að skilgreina og tala vafningslaust um lágmarksmönnun í íslenskum söfnum með tilliti til starfsemi og ábyrgðar?

## **Þróun húsnæðismála safnsins**

Við stofnun Hönnunarsafnsins sem deildar í Þjóðminjasafni Íslands lét menntamálaráðuneytið safninu í té rúmlega 200 fermetra húsnæði í vesturenda Lyngáss 7-9, sem áður hafði hýst Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Húsnæðið var í slæmu ásigkomulagi og var gert samkomulag um að Framkvæmdasýsla ríkisins kæmi húsnæðinu í sémilegt horf.<sup>21</sup> Þjóðminjasafnið flutti í sama hús á meðan á viðgerðum og byggingarframkvæmdum stóð á húsnæði þess við Suðurgötu í Reykjavík og var með skrifstofur sínar og deildir í Garðabænum á árunum 1998 til 2007.<sup>22</sup> Starfsemi Hönnunarsafnsins hófst í Lyngásnum, söfnun aðfanga og heimilda, en engin aðstaða var til sýningahalds. Tölva var leigð af Þjóðminjasafninu og þegar skrifstofuhúsbúnaður barst safninu





Vinningstillagan að húsi Hönnunarsafnsins. Mynd: PKdM Arkitektar ehf.

að gjöf snemma árs 2000 var komin vinnuaðstaða fyrir starfsmann. Síðla árs 2001 lét Garðabær safnið hafa til afnota um 100 fermetra sýningarsal í byggingarklasa er hýsir einnig bókasafnið og verslanir við yfirbyggt torg á Garðatorgi 7. Safnið afsalaði sér salnum snemma árs 2009 er forstöðumaður safnsins mat að markmiðum í sýningahaldi og safnastarfsemi yrði ekki náð með því að hafa sýningarsal fjarri skrifstofu og safneign safnsins.

Með samningi ríkis og Garðabæjar um safnið sem tók gildi 2007 var ákveðið að hefjast handa við byggingaframkvæmdir. Garðabær hafði um nokkurt skeið unnið að nýju deiliskipulagi fyrir miðbæ og safninu var ætluð staðsetning þar. Ekki voru allir sammála staðsetningunni og töldu vænlegra að bygging risi við strandlengjuna. Var á þessum tíma meðal annars búið að benda á Arnarnesvoginn þar sem Hönnunarsafnið gæti notið þess að vera í alfaraleið og hægt að tengja safnið við náttúru eða aðra staði í landi Garðabæjar.<sup>23</sup> Efnt var til hönnunarsamkeppni um bygginguna og bárust þrjátíu og sex tillögur snemma árs 2008 sem verður að teljast til marks um mikinn áhuga arkitekta og hönnuða á verkefninu. Tillaga PK-arkitekta, stofu Pálmars Kristmundssonar arkitekts, varð hlutskörpust í vali dómnefndar og stefnt var að því að hefja hönnun og byggingu um 2000 fermetra húss fyrir safnið frá og með hausti 2008 og byggingarnefnd safnsins skipuð. Í augsýn

var metnaðarfullt verkefni sem fátt virtist ógna. Samstaða var í Garðabæ um að byggja yfir safn er tæki þátt í að móta menningarásýnd á bæjarfélagið.<sup>24</sup>

Efnahagshrunið í byrjun október 2008 breytti öllum áætlunum um nýbyggingu. Á mjög skömmum tíma voru áform um ný verkefni og útgjöld ríkis og sveitarfélaga tekin til endurskoðunar. Ein fyrstu skilaboðin sem safnasamfélagið fékk hér á landi voru þau að safnrekstur menningarminjasafna, annarra en bókasafna, tilheyrði ekki lögbundinni starfsemi sveitarfélaga. Hlúa skyldi að innviðum og standa vörð um lögbundna þáttinn.

Hrunið 2008 markar umtalsverð kaflaskil í sögu uppbyggingar safnsins. Fyrir um haustið hafði vinna við endurbyggingu Garðatorgs hafist og fyrsta skrefið tekið með niðurrifi bensínstöðvar er Manfred Vilhjálmsson arkitekt teiknaði. En áætlanir um nýbyggingar voru settar í bið og skipulag torgsins endurskoðað. Ákveðið var að fresta byggingu húss PK-arkitekta fyrir safnið á fráteknu svæði safnsins við Garðatorg og óvissa ríkti um nokkurra mánaða skeið um byggingarmál þess. Samkvæmt samningi Garðabæjar og menntamálaráðuneytisins sem undirritaður var 2006 og tók gildi 2007 var bygging nýs húss skilyrt og fjármunir tilgreindir af beggja hálfu til verkefnisins. Án vafa hefur sá samningur og sú staða, að nýr forstöðumaður var kominn til starfa aðeins mánuði fyrir hrun, ýtt á þá vinnu að finna ásættanlega lausn í húsnæðismálum safnsins. Fljótlega var farið að horfa til stórrar, hrörlegrar og yfirgefnar verslunarbyggingar sem enn stóð við Garðatorg.

Stuttu fyrir sveitarstjórnarkosningar, þann 27. maí 2010 var fyrsta sýningin opnuð í nýjum húsakynnum við Garðatorg 1. Fyrir hrun átti að rífa þetta tveggja hæða hús ásamt kjallara, en nú eygðu menn leiðir til notkunar þess að nýju. Garðabær lét laga hluta þess, um 2000 fermetra, sem bærinn tók svo á leigu með samningi til tuttugu og fimm ára undir safnið. Sýningarrými, safnbúð og móttöku var komið fyrir í fyrsta áfanga og rúmu ári síðar, í júlí 2011, voru skrifstofur safnsins og safneignin flutt á sama stað. Húsið er núna í viðunandi ástandi og hýsti fram til 2018 einnig stóra matvöruverslun og vinnustofur listamanna í félaginu Grósku.

## „Söfnunarvandinn“

Hönnunarsafn Íslands hefur frá upphafi safnað og varðveitt gögn um eftirtalda

flokka: Leirlist, glerlist, húsgagnahönnun, innanhússhönnun, fatahönnun, textílhönnun, gull- og silfursmíði, skartgripahönnun, landslagshönnun, grafíska hönnun, iðnhönnun og vöruhönnun. Söfnunarstefnan kemur fram í markmiðssetningu safnsins, en þar segir að eigi:

„Að safna hönnunargripum, skrá þá og varðveita sem marktækan vitnisburð um íslenska hönnunar- og listhandverkssögu, einkum frá aldamótum 1900 til dagsins í dag (sam tíma). Að safna heimildum og gögnum um íslenska hönnun í formi frásagna, bréfa, viðtala, blaða- og tímaritsgreina, ævisagna, ljósmynda og kvikmynda sem endurspeglar sögu íslenskrar hönnunar. Að hafa frumkvæði að og stunda rannsóknir á sögu íslenskrar hönnunar í samstarfi við fræðimenn á þessu sviði, og skapa þeim jafnframt aðstöðu til vinnu eftir því sem kostur er. Að stuðla að miðlun sögu íslenskrar hönnunar, m.a. í formi fyrirlestra, námskeiða og skólakynninga, með áherslu á að nýta nýjustu aðferðir hverju sinni við miðlun efnis. Að veita nemendum, skólum, einstaklingum og stofnunum sem til safnsins leita ráðgjöf á sviði sögu hönnunar eftir því sem kostur er til nemenda.“<sup>25</sup>

Það er einstök staða Hönnunarsafnsins að ekkert annað safn hafi fram að því starfað á svo breiðu söfnunarsviði að það skapaði slíkan grundvöll til stofnunar þess við lok 20. aldar. Kjölfesta starfseminnar fyrsta áratuginn þegar safnið var undir stjórn Aðalsteins var söfnun aðfanga, en í nefndarálitinu frá 1997 var söfnun muna metið allra brýnasta verkefnið, annað þyrfti að sitja á hakanum fyrst um sinn.<sup>26</sup> Björgunarleiðangur íslenskrar hönnunarsögu var hafinn. Í þeirri vinnu fólust ýmsar leiðir. Aðspurður um söfnunarstefnuna á fyrstu starfsárum safnsins segir Aðalsteinn Ingólfsson:

„Þótt við [Stefán Snæbjörnsson] legðum það ekki beinlínis niður fyrir okkur hvar ætti að byrja, var það húsgagnaarfleifið sem virtist einhvern veginn mest áriðandi að sinna [...] Satt best að segja réði ég mestmegnis ferðinni þegar kom að því hverju skyldi safna, byrjaði á nærumhverfinu, húsgögnum í Þjóðminjasafninu á efri hæðinni, og síðan var lagst í rannsóknir á alls konar ritum um íslensk húsgögn. Að því loknu hófst eftirgrennslan, símhringingar til hönnuða og ættingja þeirra og blákalt betl. Stundum ók ég um 400 kílómetra á mánuði og skoðaði húsgögn og hönnunarhluti vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið. Þegar frá leið fóru hönnuðir sjálfir – og jafnvel framleiðendur – að hafa fumkvæðið og bjóða okkur hluti. Við mættum alla tíð mikilli velvild, sérstaklega meðal eldri hönnuða og handverksmanna.“<sup>27</sup>



Frá sýningunni *Ertu tilbúin frá forseti árið 2014* og vakti mikla athygli. Veröld þjóðarleiðtoga var skoðuð í gegnum fatnað og fylgihluti Vigdísar Finnbogadóttur, fyrsta kvenforseta Íslands. Mynd: Hönnunarsafn Íslands.

„Söfnunarvandinn“ heitir kaflinn um kjölfestuna í tillögu- og greinargerð stjórnarnefndar sem samin var eftir örfá starfsár safnsins 2003.<sup>28</sup> Það er hvorki einfalt né öfundsvert verkefni að standa frammi fyrir því að safna hönnunarmunum frá aldamótunum 1900 til samtíma. Að safna í safn, og í söguna, er seinlegt en smásigrar marka leiðina og þegar góðir hlutir hafa bæst safninu, eflist hugur og þrek starfsfólks. Safnið eignaðist um sextíu norræna muni samtímahönnuða af sýningunni FIND sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur árið 2000 og Sænska glergjöfin svokallaða, sem var afhent 2004 af Karli Gústafi Svíakonungi, er glæsilegt úrval sænskrar samtímaglerlistar gefin af fimmtíu og einum listamanni og framleiðenda og líta má á, sem stofngjöf.<sup>29</sup> Slíkur þverskurður sænskrar samtímaglerlistar utan Svíþjóðar er mikill fengur fyrir safnið og endurspeglar bæði hvatningu og velvilja listamanna og hönnuða frændþjóðar. Árið 2017 veitti Bláa lónið Hönnunarsafninu styrk til að kaupa eitt stærsta íslenska leirmunasafnið í eigu Önnu Eyjólfsdóttur til safnsins og bar framlagið vitni um samfélagslega ábyrgð stöndugs fyrirtækis til varðveislu menningararfleifðar. Í safninu er að finna þverskurð íslenskrar leirlistar og leirmunagerðar eftir nánast alla þá leirlistamenn sem hafa starfað á Íslandi, á annað þúsund munir.



Sýningin *Geymilegir blutir* með úrvali íslenskrar hönnunar úr safneign (2015-2017). Mynd: Hönnunarsafn Íslands.

Hönnuðurinn Einar Þorsteinn Ásgeirsson, arkitekt, hugsuður og frumkvöðull í íslenskrri hönnunarsögu, færði safninu ýmsar heimildir, módel, teikningar og annað það sem hafði mótað lífsstarf hans í marga áratugi. Teikningasöfn og ýmis skjöl hafa borist frá fjölskyldum hönnuða, og reglulega berast safninu innsendar teikningar samkeppna sem haldnar eru eftir reglum Arkitektafélags Íslands.<sup>30</sup> Íslandsbanki keypti Heklu, loftlampa þeirra Jóns Ólafssonar og Péturs B. Lútherssonar húsgagnahönnuða, sem var framleiddur um árabíl í Danmörku af Fog og Mørup og seldur hér heima og víðar. Lampann virtist hvergi vera að finna hér á landi, nema á heimilum hönnuðanna, og var þessi keyptur af uppboðshúsi í Austurríki árið 2011 að tilstuðlan starfsmanns bankans sem hafði samband við forstöðumann safnsins og spurði hvort ekki mætti útvega safninu einhvern mikilvægan grip! Í aðdraganda 90 ára afmælis Félags íslenskra gullsmíða árið 2014 kom stjórn félagsins að máli við forstöðumanns safnsins og leitaði samstarfs um sýningu á verkum félagsmanna. Var í því samhengi komið á framfæri við félagsmenn að gefa að sýningu lokinni muni til safnsins og leggja þannig inn í þetta mikilvæga söfnunarsvið sem gull- og silfursmíði er. Safnaðist við þetta

ákall nokkuð af gripum, helst skarti, af ágætri smíði og hönnun. Þó höfðu væntingar afmælisnefndar félagsins og forstöðumanns safnsins staðið til þess að ákallið skilaði meiru en raunin varð. En það getur reynst viðkvæmt að leita með svo almennum hætti eftir gripum í safnið og er fráleitt að byggja safneign einungis upp með gjöfum.

Á svipuðum tíma og safnið átti í samtali við félag íslenskra gullsmiða um aðföng til safnsins, hófst samtal Hönnunarsafnsins við Textílfélagið. Óskað var eftir ferilskrám með yfirliti um helstu verk félagsmanna í heimildasafn Hönnunarsafnsins. Voru upplýsingarnar afhentar safninu í apríl 2016 eftir að félagsmenn svöruðu kallinu. Í framhaldinu buðu textílfélagar safninu verk að gjöf og fór nefnd yfir þær tillögur. Tók safnið í framhaldi við mikilvægum þverskurði af íslenskrri textílhönnun með gjöfum tuttugu félagsmanna. Í tengslum við yfirlitssýningu á verkum grafíska hönnuðarinnar Gísla B. Björnssonar sem safnið stóð að 2012-2013 var kallaður saman hópur grafískra hönnuða til að nefna vörður úr sögu grafískrar hönnunar fyrir tímalínugerð. Sú vinna varð ekki nógu markviss, en sýndi hversu risavaxið söfnunar- og heimildasvið liggur í sögu grafískrar hönnunar á Íslandi. Greinin er án nokkurs vafa stærsta hönnunargreinin og nú liggur til dæmis á að marka góða stefnu um aðföng og heimildavinnu er lýtur til að mynda að tölvugrafík því frumkvöðlar greinarinnar eru enn að verki en hætta á að fari forgörðum annars.

Það má fara eftir ýmsum leiðum til að byggja upp safneignina og segja margar sögur af því hvernig munir hafa borist safninu. Velunnarar safnsins hafa látið vita þegar markverðir hlutir sjást í Góða hirðinum og rætt hefur í stjórn safnsins að safnið skoði hvort hægt sé að fara í samstarf við fyrirtækið til að ná í aðföng. Á árunum eftir hrun fór Rauði krossinn mikinn í fatasöfnunum og vaknaði vísir að verkefni í Hönnunarsafninu með nemanda í þjóðfræði við Háskóla Íslands um samvinnu við flokkunarstöð þeirra, til að tryggja að íslensk fatahönnun eða markverð framleiðsla ullariðnaðarins færi ekki úr landi, en skilaði sér í Hönnunarsafnið.<sup>31</sup> Ein heimsókn í flokkunarstöðina dugði til að sjá að slík samvinna myndi reynast safninu ofviða að vinna úr með tilhlýðilegum hætti á þeim tíma. Árið 2011 óskaði Hafþór Yngvason forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur eftir því að Hönnunarsafnið tæki í sína vörslu húsalíkön er tilheyrðu byggingarlistadeild safnsins, því til stæði að leggja deildina niður. Voru líkönin og tengd gögn




gefin Hönnunarsafninu. Þá hafði Hönnunarsafnið um nokkurt skeið tekið á móti gögnum arkitektasamkeppna og hugur stjórnar, forstöðumanns og mennta- og menningarráðuneytisins að Hönnunarsafnið væri einnig skilgreint á sviði byggingarlistasögu 20. aldar til dagsins í dag.

Litlir fjármunir hafa verið settir af rekstrarfjármunum til kaupa á safnumum. Í nágildandi stefnumótun stjórnar safnsins kemur fram að finna þurfi leið til að auka svigrúm til innkaupa.<sup>32</sup> Á síðustu árum hefur helst verið lögð áhersla á að kaupa verk af yngri hönnuðum en það hefur ekki verið forgangsverkefni því meiri áhersla hefur verið lögð á þessum áratug í sýningahald og viðburðadagskrá. Tíma tekur að byggja upp nauðsynlegt samtal við hönnuði um verk þeirra í safneign safnsins en nokkrum sinnum hefur verið farin sú leið að tengja innkaup á samtímahönnun sýningarverkefnum. Hafi safnið ekki úr meira fjármagni að spila getur aðfangastefnan farið að einskorðast við smælki eða ódýra muni. Munir sem liggja á jaðri hönnunar og listsköpunar, svo sem skartgripahönnun, leirlist og munir í mjög takmörkuðu upplagi fást ekki í safnið nema með aukningu fjármuna til innkaupa. Með vaxandi áhuga samfélagsins á hönnun og auknum sýnileika safnsins á síðustu árum og miðlun þess á einstaka hönnuðum og verkum þeirra, hefur myndast eftirspurn. Netsíður og Facebook-síður er komnar fram sem miðla upplýsingum um íslenska hönnuði og þekkta gripir sem hefur áhrif á verðlagningu; með öðrum orðum, hefur áhrif á samkeppnishæfni safnsins til að byggja upp safneign sína sem í eru um þrjú þúsund munir. Skráðir gripir safnsins eru rúmlega átján hundruð og munir sem bíða skráningar um tólf hundruð.

## Sýningar á fyrstu áratugum

Fyrstu ár safnsins voru sýningar haldnar stöku sinnum yfir árið og safnið átti að auki í samstarfi við félag, önnur söfn og sýningarstaði. Hönnunarsafnið hafði ekki fjárhagslega burði til að halda úti samfelldri sýningardagskrá á fyrstu starfsárunum. Ekki hafði verið gerð sérstaklega grein fyrir sýningarstarfsemi í kostnaðartölum nefndarálitsins til ráðherra. Styrkir frá fyrirtækjum voru nauðsynlegir til að fjármagna sýningar og segir í ársskýrslu fyrir árið 1999 að óvíst sé að af fyrstu sýningu safnsins hefði orðið, nema af því að fjöldi fyrirtækja studdi verkefnið.<sup>33</sup>





Hönnuðurinn og listamaðurinn Shu Yi, en hún var með vinnustofu á safninu vorið 2019 um veðuráhrif í hönnun. Mynd: Shu Yi/Hönnunarsafn Íslands.

Sú sýning, sem skilgreind var sem kynningarsýning í ársskýrslu stjórnar, bar heitið Íslensk hönnun 1950-1970 og var opnuð 15. október 1999 af Birni Bjarnasyni menntamálaráðherra. Á henni voru verk tuttugu og þriggja hönnuða er varpaði ljósi á stórar en mjög ólíkar greinar; húsgagnahönnun, grafíska hönnun, gull- og silfursmíði, leirlist og vefnað. Sýningarstaðurinn, ófullgert verslunarhúsnæði á neðri hæð Garðatorgs 7, var einungis notað fyrir þessa einu sýningu en menn sáu strax að safnið yrði að hafa sal til eigin umráða, eða eins og Stefán Snæbjörnsson segir í ársskýrslu safnsins frá 2001: „Í kjölfar vel heppnaðrar opnunarsýningar [...] var bæjarstjórn Garðabæjar áhugasöm um að gera safnið sýnilegt til frambúðar í þessari þungamiðju bæjarfélagsins sem torgið er.“<sup>34</sup> Um hundrað fermetra salur var tekinn í

gagnið tveimur árum síðar, þegar sýningarsalur á efri hæð Garðatorgs var opnaður.

Fyrsta sýningin í salnum var á gjöf danska hönnuðarins Eriks Magnussen. Gjöfin var gefin vegna áralangrar vináttu Tryggva Ólafssonar myndlistarmanns og Eriks sem vildi styrkja þetta unga safn. Sýningin Stólar Péturs, 40 ára stólahönnun Péturs B. Lútherssonar kom á eftir, opnuð snemma árs 2002. Hún var látlaus, stólar Péturs settir á lága hringlaga og ferhyrnda palla sem flutu frá gólfi og viðarþiljur á veggjum salarins sköpuðu hlýlega umgjörð. Var hluti sýningarinnar einnig í Listasafni ASÍ við Freyjugötu.<sup>35</sup> Safnið gaf út bók í tilefni sýningarinnar með viðtali Aðalsteins við Pétur og myndum og umfjöllunum um nokkra helstu stóla hans.<sup>36</sup> Á starfsárum Aðalsteins var settur upp töliverður fjöldi sýninga þrátt fyrir tæpa fjármuni og prentaðir kynningarbæklingar. Sýningu á ljósum sem Málmsteypa Ámunda framleiddi fylgdi til að mynda vel gerður bæklingur með myndum af hverjum lampa ásamt nafni hönnuðar. Er bæklingurinn dæmi um mikilvæga heimild um íslenska hönnun sem safnið varpaði ljósi á.

Ekki var stöðugt sýningahald í gangi í salnum. Mestur tími fór í að safna aðföngum og öðrum heimildum. Þegar Harpa Þórsdóttir tók við og ljóst var að af byggingu húss yfir safnið yrði frestað lagði hún áherslu á það við bæjaryfirvöld að Hönnunarsafnið yrði að hafa skrifstofur og sýningarstarfsemi ásamt safnkosti á sama stað. Við þær aðstæður mætti ganga skrefið til fulls að hefja safnrekstur með órofinni sýninga- og viðburðadagskrá allt árið með svo litlum mannafla sem raunin var. Með tilkomu hússins á Garðatorgi 1 sem tekið var í notkun í maí 2010, urðu tímamót.

Fyrsta sýningin í núverandi húsakynnum safnsins að Garðatorgi 1 var opnuð af Gunnari Einarssyni bæjarstjóra Garðabæjar 27. maí 2010. Úr hafi til hönnunar var sýning á hönnun úr roði eða svokölluðu fiskleðri. Á henni voru verk hönnuða og framleiðenda sem notuðu sútað roð frá Íslandi. Munir voru fengnir víða að, meðal annars frá París svo sem tveir hátískufatnaðir frá tískulínu John Galliano, bleik kampavínspikknikktaska úr karfarroði sem var hönnuð af Karl Lagerfeld fyrir Dom Perignon, en einnig var sýnt íslenskt bókband úr roði, roðskór, fisklampar Daggar og Fanneyjar ásamt stígvélum, skartgripum og kjólum íslenskra hönnuða úr fiskleðri. Fyrir sýninguna lét safnið einnig gera myndband er sýndi sútunarferlið, frá sútunarverksmiðju Atlantic leather á Sauðárkróki.

Metnaðarfullar sýningar hafa ætíð einkennt starfsemina. Þær hafa einna helst átt að stuðla að því markmiði að byggja upp þekkingu á hönnunarsögu en undirbúningur sýninga rakar inn ógrynni upplýsinga í heimildasafn Hönnunarsafnsins og sýningarnar hafa byggt upp mikilvæg tengsl við hönnuði og fjölskyldur þeirra. Yfirlitssýningar vekja mikla ánægju og athygli. Ein var á verkum Gunnars Magnússonar húsgagnahönnuðar og í framhaldinu var gefin út bók um verk Gunnars og innréttingar hans.<sup>37</sup> Önnur yfirlitssýning var á verkum grafíska hönnuðarins Gísla B. Björnssonar og gefin út bók samhliða.<sup>38</sup> Sýning Gísla var lánuð Listasafni Akureyrar en Hönnunarsafnið hefur alla tíð rækt það hlutverk vel að bjóða sýningar safnsins öðrum söfnum eða sýningarstöðum úti á landi. Hluti sænsku glergjafarinnar var til sýnis í Duus-húsum í Reykjanesbæ og í Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík. Sýning á íslensku jólaskeiðinni fór til Listasafns Ísafjarðar og kennslusýningin Sjálfsagðir hlutir var sett upp í Duus-húsum, Listasafni Reykjanesbæjar svo nokkur dæmi séu nefnd.

Eftir að safnið var opnað í nýjum húsakynnum við Garðatorg og kominn starfsmaður í fullt stöðugildi við hlið forstöðumanns, jókst ásýnd safnsins til muna. Viðburða- og fræðsludagskrá varð fastur liður og skólaheimsóknir ásamt fjölsóttum vinnusmiðjum sem unnar voru með starfsmanni á fræðsluviði Garðabæjar kveiktu líf.

Árið 2014 var opnuð sýning á fatnaði frá Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta Íslands, Ertu tilbúin frá forseti? Sýningarhugmyndin var djörf fyrir svo lítið safn og nýmæli, sé horft á inntak sýninga á Íslandi. Sýningar Hönnunarsafnsins hafa ekki verið teknar til umfjöllunar gagnrýnenda frá 2009 þegar Morgunblaðið ákvað, sökum niðurskurðar, að hætta gagnrýni á hönnunarsýningum. Viðtökur gesta safnsins voru framúrskarandi. Sýningin spurðist víða og biðraðir mynduðust út á götu þau skipti sem Vigdís eða Ástríður Magnúsdóttir, dóttir hennar, veittu leiðsagnir. Sýningin hentaði öllum skólahópum til fjölbreyttrar fræðslu, frá leikskólastigi og upp úr. Innlendir og erlendir gestir safnsins gátu kynnst með óvæntum hætti hverju Vigdís stóð frammi fyrir í nýju hlutverki sem þjóðarleiðtogi, þegar kom að því að marka nýja síði varðandi fataval í kjölfar þess að kona tók við embættinu. Aðsókn að safninu jókst gríðarlega og nýir hópar komu. Hönnunarsafnið aflaði miklum upplýsingum frá Vigdísi og samstarfsfólki hennar og skráði sögu sem enginn gaumur hafði verið gefinn að áður í þessu samhengi. Safnið

fékk RÚV til samstarfs. Eva María Jónsdóttir tók viðtal við Vigdísu um það efni sem sýningin tók á, fatnað, orður og viðhafnarsíði í opinberu lífi svo háttsetts leiðtoga. Sýningin var marglaga og hana mátti kryfja út frá ólíkum spurningum í mismunandi samhengi.<sup>39</sup> Fjármögnun sýningarinnar varð lærdómsríkur ferill. Áætluð styrkjaleið fyrir svo stórt og fjárfrekt verkefni hékk á bláþræði þegar stutt var í opnun en með samhentum átaki og höfðingsskap nokkurra kvenna náðist upprunalegt markmið um styrki.

Sýning á fatnaði fyrrum forseta varpaði ljósi á nýja möguleika í sýningahaldi og það breiða svið sem sýningar og rannsóknarverkefni hönnunarsafna geta auðveldlega leyft sér að spanna. Ætla má að enn eigi íslensk söfn töluvert „inni“ með nýskapandi sýningagerðir sem geta aukið viðurkenningu á hlutverki safna og vinsældir þeirra. Sú pressa mun aukast með kynslóðinni sem er að vaxa úr grasi og almennt með þeim breytingum sem hafa orðið á ólíkri neyslu fólks og upplýsingagjöf.

## Lokaorð

Að lokum má spyrja sig hvort safnið standi á sterkum stofni. Uppbygging Hönnunarsafns Íslands á tímum efnahagshrunsins var ekki sjálfgefin og lítið má út af bregða í daglegum rekstri svo lítillar einingar sem hefur verksvið á við höfuðsafn hvað varðar sérhæfðan mannauð, rannsóknaráherslur, miðlun og heimildasöfnun. Garðabær hefur staðið myndarlega að baki starfsemi safnsins og þróun þess síðasta áratuginn eins og samkomulag er um og ríkið hefur komið með framlag til safnsins af fjárlögum. Safnið nýtur þess að vera ein af stofnunum bæjarins með öll þau réttindi og skyldur sem bæjarfélagið setur. En starfsemi safnsins er samt sem áður bundin því að samkomulag Garðabæjar og íslenska ríkisins um rekstur þess sé tryggður. Hönnunarsafnið stendur eitt eftir af söfnunum þremur sem ríkið samdi um við sveitarfélögin. Seltjarnarnesbær og Kópavogsbær ákváðu að hætta rekstri Lækningaminjasafns og Tónlistarsafns með ólíkum hætti í hvoru tilvikum, eftir stuttan tíma. Garðabær hefur staðið við samninga við ríkið um framlög til safnsins en eftir efnahagshrunið lækkaði mennta- og menningarmálaráðuneytið samningsbundið rekstrarframlag til Hönnunarsafnsins, líkt og til fleiri samningsbundinna rekstrarverkefna ráðuneytisins.

Ársskýrslur fyrstu starfsára Hönnunarsafnsins lýsa erfiðum aðstæðum sérstaklega hvað húsnæðismál safnsins varðar. Safnið átti snemma í erfiðleikum með að taka á móti gripum sökum plássleysis og öryggis- og varðveislubáttum var ábótavant. Kvartað var yfir viðvarandi skorti á fjármunum til aðfangasöfnunar og sýningahalds og upp kom ágreiningur um sjálfstæði safnsins sem deildar gagnvart Þjóðminjasafninu. Vanda þarf til verka þegar stefnt er að stofnun nýs safns eða þegar söfnum eru settar nýjar skyldur og ábyrgð. Setja þarf fram raunhæfar áætlanir með stigsbundinni uppbyggingu og við þær áætlanir þurfa rekstraráætlanir að ríma. Stofnun safns og safnrekstur kostar óhemju fjármuni eigi safn að geta veitt umhverfi sínu tækifæri til menntunar og bætingu lífskjara sem felst í metnaðarfullu starfi. Það þarf að veita og meta og greina getu, vilja og ástæður sem sveitarfélög hafa til safnreksturs og hversu fýsilegt það er fyrir samfélög, stór og smá, að bera ábyrgð á safni ef harðnar í ári. Eitt af því sem höfðar til ábyrgðar rekstraraðila, eins og sveitarfélaga, er að fá að sitja að sérstöðu. Stjórn Hönnunarsafnsins hefur bæði ályktað eftir að núgildandi Safnalög öðluðust gildi, og sett fram í Stefnumótun safnsins 2016-2020, að Hönnunarsafnið fái skilgreint af yfirvöldum sem ábyrgðarsafn. Slíkt hlutverk ætti að virka sem hvetjandi þáttur í rekstrarumhverfi safna, en safnrekstur sérsafns krefst öryggis.

#### Óprentaðar heimildir

Aðalsteinn Ingólfsson. Tölvupóstur til höfundar, 12. september 2017.

Björn Bjarnason. Tölvupóstur til höfundar, 6. desember 2017.

Björn Bjarnason. Tölvupóstur til höfundar, 7. desember 2017.

Hönnunarsafn Íslands, Tillögur og greinargerð stjórnarnefndar um framtíðarskipan safnsins. Garðabær: Hönnunarsafn Íslands, 2003.

Laufey Jóhannsdóttir. Viðtal höfundar, 8. september 2017.

Stefnumótun stjórnar 2015-2019. Skjalasafn Hönnunarsafns Íslands.

Uppkast að nýjum samningi milli mennta- og menningarráðuneytisins og Garðabæjar um Hönnunarsafn Íslands. Skjalasafn Hönnunarsafns Íslands.

#### Prentaðar heimildir

Aðalsteinn Ingólfsson. Ársskýrsla fyrir árið 2004, Hönnunarsafn Íslands, 2005.

Aðalsteinn Ingólfsson ritstjóri, Stólar Péturs. Pétur B. Lúthersson stólahönnun í 40 ár. Garðabær: Hönnunarsafn Íslands, 2002.

Ársskýrsla fyrir árið 1999. Garðabær: Hönnunarsafn Íslands, 2000.

Ársskýrsla fyrir árið 2000. Garðabær: Hönnunarsafn Íslands, 2001.

Ársskýrsla fyrir árið 2001. Garðabær: Hönnunarsafn Íslands, 2002.

Ársskýrsla fyrir árið 2002. Garðabær: Hönnunarsafn Íslands, 2003.

Ásrún Kristjánsdóttir, Nýjar innréttingar: Skýrsla um hönnunarmál í Reykjavík og nýtingu borgarinnar á húsinu Aðalstræti. Reykjavík: Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, 2007.

Gísli Sigurðsson, „Hönnunarsafn Íslands þarf veglegt hús“, Morgunblaðið, 12. júní 2005, 22-24.

Guðný Margrét Magnúsdóttir, Hver er staða og framtíðarmöguleikar Hönnunarsafns Íslands í jaðarbyggð höfuðborgarinnar í upphafi 21. aldarinnar? Óbirt MA ritgerð: Háskólinn á Bifröst, 2011.

Halldór Gíslason og Sóley Stefánsdóttir, Hönnun – auðlind til framtíðar. Reykjavík: Listaháskóli Íslands, 2007.

Harpa Þórsdóttir ritstjóri, Gunnar Magnússon, húsgögn og innréttingar, Hönnunarsafn Íslands og fjölskylda Gunnars Magnússonar, 2012.

Hönnunarsafn Íslands, nefndarálit um stofnun listhandverks- og hönnunarsafns á Íslandi. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1997.

„Hönnunarsafn Íslands verður byggt í Garðabæ.“ Vefrit menntamálaráðuneytis, 7. janúar 2006.

Hönnunarsafn Íslands: Yfirlit yfir starfsemi safnsins 2005. Garðabær: Hönnunarsafn Íslands, 2006.

Margrét Hallgrímsdóttir, Þjóðminjar. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Crymoea, 2016.

Menningarstefna. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013.

Yfirlit um starfsemi stjórnarnefndar og safns febrúar 1999-ágúst 2001. Garðabær: Hönnunarsafn Íslands, 2001.

#### Vefheimildir

Björn Bjarnason, „Hönnunarsafn Íslands“, 15. október 1999. Sótt 15.11.2017 af:

<http://www.bjorn.is/greinar/nr/43>.

#### Neðanmálgreinar

- 1 Hönnunarsafn Íslands, nefndarálit um stofnun listhandverks- og hönnunarsafns á Íslandi.
- 2 Sama heimild: Ásrún Kristjánsdóttir, Nýjar innréttingar: Skýrsla um hönnunarmál í Reykjavík og nýtingu borgarinnar á húsinu Aðalstræti.
- 3 Hönnunarsafn Íslands, nefndarálit um stofnun listhandverks- og hönnunarsafns á Íslandi, 20.
- 4 Sama heimild, 12.
- 5 Sama heimild. Í nefndarálitinu segir: „Það er að sönnu eindregin skoðun nefndarinnar að ekki sé grundvöllur fyrir því að setja hér upp safn utan um listhandverkið eitt og sér, né heldur iðnhönnunina eina. Til þess er „safnaumhverfi“ okkar Íslendinga einfaldlega of lítið...[h]ins vegar telur nefndin að fyllsta ástæða sé til að setja á stofn íslenskt safn sem tæki bæði til fjöldaframleiddrar iðnhönnunar og listiðnaðar“, 10-11.
- 6 Sama heimild. Í nefndarálitinu segir m.a.: „Á þeim tíma mætti vekja athygli á tilveru og starfi safnsins með því að efnareglulega til sýrýninga á ýmsum aðföngum þess í safnastofnunum eða sýningarsölum bæjarins.“ Sama heimild, 15.
- 7 Sama heimild.
- 8 Sama heimild. „Nefndin telur nauðsynlegt að byggja Hönnunarsafn Íslands upp sem sjálfstæða stofnun, en ekki sem afleggjara af annari sjónmenntastofnun, þar sem markmið hönnunarsafna og myndlistarsafna eru að mörgu leyti ólík“, 16
- 9 Ársskýrsla fyrir árið 1999. Í 2. gr. stofnskrár safnsins frá 2013 segir: „Hlutverk Hönnunarsafns Íslands er að vera miðstöð safnastarfsemi á sviði hönnunar, það beri ábyrgð á söfnun, varðveislu, rannsóknum og miðlun á þeim þætti menningarsögu Íslendinga sem lýtur að hönnun, einkum frá aldamótunum 1900. Safnið skal móta sér söfnunar- og sýningarstefnu sem skal miða að því að varpa ljósi á og efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á hönnunarlist. Framkvæmd stefnunnar skal vera markviss og árangursrík og skal stefnan vera endurskoðuð á tveggja ára fresti. Safnmuni skal skrá eftir viðurkenndum aðferðum og varðveita og forverja eftir bestu getu.“
- 10 Greinargerðin er unnin í samræmi við tillögu nefndar ráðherra að líta yfir fyrstu ár starfseminnar og „gera úttekt á söfnunastarfni og ákveða hvort eigi að framlengja það í sömu mynd, eða stefna að öðrum áfanga, flutningi safngripa í eigið safnhús og formlegri starfsemi.“, Ársskýrsla fyrir árið 2002, 15.
- 11 Guðný Margrét Magnúsdóttir, Hver er staða og framtíðarmöguleikar Hönnunarsafns Íslands í jaðarbyggð höfuðborgarinnar í upphafi 21. aldarinnar? : Gísli Sigurðsson, „Hönnunarsafn Íslands þarf veglegt hús“.
- 12 Björn Bjarnason, „Hönnunarsafn Íslands“.
- 13 Sama heimild. Þar segir m.a.:„Þetta ásamt öðru varð til þess að ég taldi tilgangslaus að ræða nýmála á sviði lista og menningar við yfirvöld borgarinnar [...] ég vildi ekki að hönnunarsafn yrði einhver hornreka í Reykjavík.“ Björn Bjarnason, tölvupóstur til höfundar.
- 14 Laufey Jóhannsdóttir. Viðtal við höfund, 2017.

- 15 Björn Bjarnason. Tölvupóstur til höfundar. Þar segir hann m.a., taldi ég að Garðabær ætti að leggja sitt af mörkum til menningarþróunar og það hlýti að verða bænum til framdráttar, að verða heimahöfn fyrir safn sem mundi aðeins vaxa og dafna ... Þá var mér einnig í huga hvernig staðir höfðu áunnið sér virðingu fyrir listasöfn fyrir utan Kaupmannahöfn.“
- 16 Stjórn skal „Tryggja safninu viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu. Tryggja að safnið starfi að lögum. Tryggja fjármögnun. Tryggja stefnumótun. Tryggja sjálfstæði safnsins. Tryggja að safnstjóri sé faglega hæfur, uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð. Stjórn safns fylgir siðareglum ICOM. Semja og staðfesta stofnskrá.“ Sjá heimasíðu Safnaráðs um viðurkenningarferli.
- 17 Laufey Jóhannsdóttir. Viðtal við höfund, 2017.
- 18 Menningarstefna, 10.
- 19 Ásrún Kristjánsdóttir, Nýjar innréttingar: Skýrsla um hönnunarmál í Reykjavík og nýtingu borgarinnar á húsinu Aðalstræti: Halldór Gíslason og Sóley Stefánsdóttir, Hönnun – auðlind til framtíðar..
- 20 Sama heimild, 59.
- 21 Ársskýrsla fyrir árið 1999.
- 22 Margrét Hallgrímsdóttir, Þjóðminjar, 69.
- 23 Yfirlit um starfsemi stjórnarnefndar og safns febrúar 1999-ágúst 2001: Gísli Sigurðsson, „Hönnunarsafn Íslands þarf veglegt hús“.
- 24 Laufey Jóhannsdóttir. Viðtal við höfund, 2017.
- 25 Úr uppkasti að nýjum samningi milli mennta- og menningarráðuneytisins og Garðabæjar um Hönnunarsafn Íslands.
- 26 Yfirlit um starfsemi stjórnarnefndar og safns febrúar 1999-ágúst 2001, Þar segir: „Hönnunarsafn Íslands þarf að byggja upp frá grunni, og meðan uppbyggingin fer fram er hætt við að ýmislegt sem flokkast undir venjulega safnastarfsemi verði að sitja á hakanum“, 15.
- 27 Aðalsteinn Ingólfsson. Tölvupóstur til höfundar, 2017.
- 28 Hönnunarsafn Íslands, Tillögur og greinargerð stjórnarnefndar um framtíðarskipan safnsins.
- 29 Ársskýrsla fyrir árið 2004. Í skýrslunni segir: „Þannig eignaðist Hönnunarsafnið í einni svipan eitt stærsta safn sænskra glerlistaverka í heimi utan Svíþjóðar“ Aðalsteinn Ingólfsson, 3.
- 30 Samningur var gerður milli Arkitektafélagsins og Hönnunarsafnsins að það siðarnefnda tæki við þeim gögnum er berast í samkeppnum. Miklar heimildir felast í slíkum gögnum fyrir fræðimenn og eftir stofnun arkitektúrbráutar í Listaháskóla Íslands hafa nemendur sótt töluvert í þessi gögn. Framkvæmdasýsla ríkisins leitaði til safnsins 2016 um sambærilega varðveislu.
- 31 Hugmyndin vaknaði vegna verkefna Hildar Þórðardóttur í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands. Heiti verkefnis: Rannsóknarskýrsla, Saga skinnaiðnaðar á Íslandi, 2009.
- 32 Stefnumótun stjórnar 2015-2019.
- 33 Ársskýrsla fyrir árið 1999.
- 34 Ársskýrsla fyrir árið 2001, 2.
- 35 Í salnum á Garðatorgi voru sýndir stólar Péturs er höfðu verið framleiddir í útlöndum en í Listasafni ASÍ voru sýndir stólar framleiddir á Íslandi.
- 36 Aðalsteinn Ingólfsson, Stólar Péturs. Pétur B. Lúthersson stólahönnun í 40 ár.
- 37 Harpa Þórsdóttir, Gunnar Magnússon, húsgögn og innréttingar.
- 38 Harpa Þórsdóttir, Gísli B. Fimm áratugir í grafískri hönnun.
- 39 Á leiðsögnum gafst starfsfólki tækifæri til að segja frá ýmsu sem Vigdís og aðrir höfðu greint frá við undirbúning sýningarinnar og ekki kom fram í textum eða í sýningarskrá. Sýningin hefur vægi í feminískri sögu og er fyrsta sýningin sem sýnir og fjallar sérstaklega um fatnað opinbers embættismanns á Íslandi svo eitthvað sé nefnt.



# Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar

Smári Geirsson

Tryggvi Ólafsson fæddist í Neskaupstað 1. júní árið 1940. Foreldrar hans voru Ólafur Magnússon bókarari og Sigríður Bjarnadóttir kona hans. Tryggvi átti einn yngri bróður, Loft, sem fæddur var árið 1942. Í Neskaupstað ólst Tryggvi upp við leik og störf og þegar hann var 10 ára að aldri fór hann í sveit að Tjarnarlandi í Hjaltastaðarþinghá. Dvölin í sveitinni var honum eftirminnileg. Þar sá hann meistara Jóhannes Kjarval að störfum og það var honum ógleymanlegt. Kjarval kom austur á Hérað og dvaldi þar við störf sín. Hann reisti sér lítinn skúr og hafðist við í honum en málaði utan dyra nánast hvernig sem viðraði. Þegar Tryggvi er spurður að því hvort kynni hans af meistararum hafi haft áhrif á það hvaða lífsstarf hann valdi sér segir hann:

„Það held ég varla. Áhugi minn á listinni er í mínum eigin hormónum. Það var hins vegar nýjung fyrir mig að skynja að til væru menn sem gerðu ekkert annað en sinna list sinni. Á Norðfirði voru menn sjómenn, verkamenn, smiðir eða eitthvað slíkt, en þar var enginn sem starfaði að listsköpun. Fyrir mig var það því opinberun að fylgjast með Kjarval þar sem hann málaði undir berum himni, reykti vindla og sönglaði í sífellu. Og myndirnar sem hann gerði voru svo sannarlega fallegar og áhugaverðar.“<sup>1</sup>

Í Nesskóla, barnaskólanum í Neskaupstað, kenndi Jóhann Jónsson teikningu. Tryggvi fékk strax eldlegan áhuga á þeirri grein þó flestum félögum hans þættu teiknitímar ógurlega langir og leiðinlegir. Það var ekki nóg með að Tryggvi teiknaði í skólanum heldur fór hann einnig að teikna mikið heima. Hann teiknaði myndir af fuglum, skútum, mannamyndir og myndir af húsum í kaupstaðnum. Hann hóf að mála með vatnslitum og glímdi við að ná réttum litum á grasið, himininn eða sjóinn. Allt voru þetta spennandi verkefni í hans huga.<sup>2</sup>

## Fermingarpeningarnir komu sér vel

Smátt og smátt færði Tryggvi sig upp á skaftið á sviði teikninganna. Hann hóf að teikna fantasíur og eins útsýnið út um gluggann heima. Ávallt var hann að gera tilraunir og sífellt tókst honum betur upp. Þegar nálgast fermingu kynntist Tryggvi Sveini Vilhjálmssyni vélstjóra sem oftast var nefndur Sveinn á Dalatanga. Sveinn málaði myndir í frístundum, einkum landslagsmyndir. Að sögn Tryggva var Sveinn afar flinkur miðað við það að vera sjálfmenntaður í listinni. Hann réði við að mála skugga og kunni allt það helsta sem landslagsmálari þurfti að hafa tileinkað sér. Tryggvi bar virðingu fyrir Sveini og Sveinn leiðbeindi honum og kenndi. Fyrir Tryggva var það afar mikilvægt að þekkja þennan eina mann sem fékkst við málalíst í Neskaupstað af einhverri alvöru, en Sveinn málaði með olíulitum stórar og fallegar myndir.<sup>3</sup>

Þegar Tryggvi fermdist fékk hann hefðbundnar fermingargjafir, þar á meðal dálitla peninga. Fyrir peningana vildi hann eignast olíulíti. Faðir hans ritaði versluninni Málaranum í Reykjavík bréf og pantaði litakassa. Það ríkti sannkallaður spenningur hjá nýfermdum stráknum þegar sendingin barst austur til Neskaupstaðar. Í ljós kom bæsaður og lakkaður kassi úr krossviði og undir lokinu var paletta. Með fylgdu penslar, litatúpur, mastixglas og glas með steinolíuterpentínu til að þvo penslana.<sup>4</sup>

Eftir að Tryggvi fékk olíulitina hóf hann í ríkum mæli að mála landslagsmyndir. Hann málaði myndir af fjallatoppunum við Norðfjörð, Drangaskarði og Lolla. Með þessum fermingarlitum málaði hann einnig mynd af því sem sást út um gluggann á herbergi þeirra bræðra í Kaupfélagshúsinu sem fjölskyldan bjó þá í. Á myndinni sést meðal annars hafnarvigtin, kolabingur kaupfélagsins og fjörðurinn í baksýn. Þessi mynd er enn til og er elsta myndin sem nú er í eigu Myndlistarsafns Tryggva Ólafssonar.

Hægt og bitandi komst Tryggvi upp á lag með að teikna og mála. Hann þroskaðist stig af stigi á listasviðinu og í bók Helga Guðmundssonar um Tryggva er eftirfarandi haft eftir listamanninum:

„Sannleikurinn er sá að ég hef ekki meðfædda hæfileika til að teikna, en ég held – og það er eins og hver önnur líffræðileg staðreynd sem ég hef ekkert með að gera – að ég sé fæddur með ákveðinn litasans.



Ýmsar hliðar Tryggva Ólafssonar. Mynd: Rigmor Mydtskov.

Hann hefur alla tíð verið til staðar, sumir læra melódíur strax og aðrir ekki. En ég hef orðið að læra að teikna. Það getur verið að það hljómi hátíðlega, en ég hef orðið að aga sjálfan mig. Ég hef gert óteljandi vitleysur, en mér hefur farið fram“<sup>5</sup>

Tryggvi var kominn með alvarlega málaradellu þegar um fermingu. Foreldrarnir ýttu ekki undir delluna, en bönnuðu hana ekki heldur. Móðir hans var listhneigð en faðir hans hafði allt aðrar hugmyndir um son sinn en að hann yrði listmálari.

### **Haldið á sjóinn en hugsað um listina**

Eins og flesta stráka í Neskaupstað á þeim tíma dreymdi Tryggva snemma um að komast á sjó. Hann fór í sinn fyrsta sjóróður 9 ára gamall á trillu með gömlum sjómanni. Tryggva fannst fiskiríð ævintýri líkast og þarna lærði hann að blóðga fiskinn strax og hann hafði verið dreginn um borð. Þegar hann stálpaðist sinnti hann ýmsum störfum á sumrin; hann vann til dæmis í vigtarskúrnum og einnig í frystihúsi kaupfélagsins.

En þó svo að strákurinn væri farinn að stunda sumarvinnu hélt hann áfram að hugsa um málaralistina öllum stundum. Og hæfileikar hans nýttust vel þegar leikfélagið á staðnum setti upp leikritið Ímyndunarveikina haustið 1954. Þá var Tryggvi fenginn til að aðstoða Jóhann teiknikennara við að

gera leiktjöld. Það fannst 14 ára drengnum skemmtilegt og gefandi verkefni.<sup>6</sup>

Tryggvi sýndi ómælda þolinmæði við tilraunir sínar til að ná árangri í málalartistinni. Veturinn 1955-1956 glímdi hann lengi við að mála tungsljósið yfir Barðnesi. Myndina málaði hann á pokastriga eftir ljósmynd. Nótt eftir nótt skoðaði hann tunglið og Barðnesið, einkum í kulda og logni. Fjölmargar tilraunir voru gerðar til að fá tungsljósið til að virka. Daglega var málað í myndina í langan tíma en aldrei tókst ætlunarverkið. Að lokum gafst hann svo upp.<sup>7</sup>

Vorið 1956 flutti Tryggvi og fjölskylda hans suður til Reykjavíkur vegna veikinda móðurinnar. Þá hafði Tryggvi nýlokið landsprófi. Örfáum dögum eftir að fjölskyldan flutti suður hélt Tryggvi aftur austur. Hann hafði ráðið sig á spánnýjan 64 tonna síldarbát, Hugin NK, sem Jóhann K. Sigurðsson frændi hans var skipstjóri á. Tryggvi var svo sannarlega spenntur að fá að upplifa síldveiðar og ekki skemmdi fyrir að vélstjóri á bátnum var enginn annar en Sveinn á Dalatanga sem hafði leiðbeint honum svo vel á braut listarinnar. Þeir Tryggvi og Sveinn áttu oft spaklegar umræður um málalartist í lúkarnum á Hugin en fyrir utan hið daglega strit var það listin sem þeir voru uppteknir af.<sup>8</sup>

## **Menntaskólanám, sjómennska og málalartist**

Leið Tryggva lá í Menntaskólann í Reykjavík. Um framtíðina var hann þó óviss. Hann hafði engan áhuga á guðfræði, lögfræði eða læknisfræði en móðir hans hvatti hann til skólanáms og fyrir hennar orð fór hann í skólann. Annars hafði Tryggvi velt því fyrir sér að fara í prentnám en úr því varð ekki.<sup>9</sup> Hann hélt áfram að teikna og mála og myndefnið breyttist frá því sem var fyrir austan. Nú málaði hann húsin í Þingholtunum og annað sem fyrir augu bar syðra. Tryggvi þurfti að vinna fyrir sér og þá vann hann ýmist í fiski eða fór á sjó. Eftir fyrsta árið í menntaskólanum vann hann um tíma í saltfiski hjá Kveldúlfí en fór fljótlega austur til Norðfjarðar þar sem hann hafði ráðið sig á síldarbátinn Goðaborg NK. Þetta sumar lést móðir Tryggva og fráfall hennar olli honum mikilli sorg. Sumarið 1958 réð Tryggvi sig á Guðbjörgu GK frá Sandgerði sem hélt til síldveiða fyrir norðan og austan land. Um haustið hélt Guðbjörg á reknet með Tryggva í áhöfn. Fljótlega eftir að skólinn hófst þetta haust flosnaði Tryggvi upp í hinu hefðbundna námi í menntaskólanum og las utanskóla eftir það.<sup>10</sup>

Ávallt þegar tími gafst fékkst Tryggvi við að teikna og mála og haustið 1958 hóf hann að sækja námskeið í teikningu hjá Hringi Jóhannessyni myndlistarmanni. Námskeiðið tengdist starfsemi Handíða- og myndlistaskólans í Reykjavík. Hluti af náminu hjá Hringi var að teikna módel, stúlku sem sat hreyfingarlaus í 20 mínútur. Það var góð æfing og mikilvægt að þurfa að teikna hratt. Námskeiðið hjá Hringi var aðdragandi þess að Tryggvi hóf nám í Handíða- og myndlistaskólanum þar sem hann sótti ýmis námskeið veturinn 1960-1961.<sup>11</sup>

Til haustsins 1961 var Tryggvi með annan fótinn á sjó og hinn í námi. Reyndar segir hann að námið hafi oft verið í skötulíki. Tryggvi hóf að ráða sig á togara enda var áhuginn á sjómennsku ávallt verulegur. Fyrst réðst hann á Ingólf Arnarson RE og síðar á Reykjavíkurtogarana Jón Þorláksson og Geir. Síðast var hann á Gylfa BA frá Patreksfirði. Sumarið 1961 var Tryggvi á Gylfa og þá fór togarinn í sölutúr til Grimsby. Það var í fyrsta sinn sem Tryggvi kom til útlanda. Eitt fyrsta verk Tryggva í hinni erlendu höfn var að leita uppi listasafn borgarinnar og heimsækja það. Ekki er ósennilegt að hann sé eini íslenski togarasjómaðurinn sem hefur haft slíkt forgangsverkefni þegar stigið var á erlenda grund í fyrsta sinn.

Á þessum tíma lærði Tryggvi mikið í málverki og hvert tækifæri var nýtt til að bæta kunnáttuna á því sviði. Í tengslum við áður nefnt námskeið hjá Hringi kynntist Tryggvi myndlistarmönnum á borð við Einar G. Baldvinsson og Jóhannes Geir og af þeim lærði hann mikið auk þess sem kennarar Handíða- og myndlistaskólans opnuðu fyrir honum nýja heima á sviði listarinnar. Í skólanum kynntist hann einnig verðandi eiginkonu sinni, Gerði Sigurðardóttur, sem starfaði þar sem módel.<sup>12</sup>

## Leiðin lá til Danmerkur

Þegar Tryggvi hafði lokið stúdentsprófi og einum vetri í Handíða- og myndlistaskólanum stóð hann á tímamótum. Hvert skyldi halda? Hvað skyldi gera? Hann tók þá ákvörðun að sækja um nám í Konunglegu listaakademíunni í Kaupmannahöfn. Umsóknin var send utan og henni fylgdu meðmælabréf frá myndlistarmönnum Svavari Guðnasyni og Sigurði Sigurðssyni. Báðir höfðu þeir Svavar og Sigurður lagt stund á nám í akademíunni og Svavar reyndar orðinn þekkt nafn í listaheiminum ytra. Öruggt má telja að meðmæli

þeirra hafi haft jákvæð áhrif þegar umsóknin var tekin fyrir.

Þegar svar barst frá akademíunni kom fram að aðeins væru teknir inn nemendur einu sinni á ári og sextíu og fimm hefðu sótt um þetta árið en sautján væru teknir inn. Var Tryggvi beðinn um að senda fimm til sex myndir til Danmerkur sem prófessorar akademíunnar myndu meta og dæma áður en endanlegt svar yrði veitt. Tryggvi hafði snör handtök og sendi myndirnar út. Þegar svarið barst loks var það handskrifað og stuttaralegt: „Þú kemst inn – gjöra svo vel að mæta sem fyrst.“<sup>13</sup> Tryggvi var að vonum stoltur og ánægður með að komast inn í akademíuna en tók það svo sem ekki mjög hátíðlega. Hann vildi láta reyna á námið ytra en ef allt færi í handskolum gæta hann bara komið heim og fundið sér eitthvað að gera, til dæmis farið á sjóinn eða lært prentverk. Hann lagði af stað sjóleiðis til Kaupmannahafnar hinn 4. nóvember árið 1961. Tryggvi bjó við þröngan kost í Kaupmannahöfn í fyrstu en námið féll honum vel. Helsti kennari hans var Søren Hjorth Nielsen prófessor og urðu þeir hinir mestu mátar. Í Konunglegu listaakademíunni stundaði Tryggvi nám til ársins 1966 eða í fimm ár. Til viðbótar var hann eitt ár í grafíska skólanum og lauk því endanlega námi árið 1967.

## **Að mála sig út í horn og finna síðan nýjan stíl**

Þegar Tryggvi lauk náminu í listaakademíunni stóð hann á tímamótum. Hann hafði lagt áherslu á abstraktlist á námstímanum en var búinn að fá nóg af henni. Hann hafði „málað sig út í horn“ eins og hann orðar það sjálfur. Hið óhlutbundna málverk virtist ekki henta honum þegar á reyndi. Á þessum tímamóti var allt óráðið hjá Tryggva og hann hóf að leggja stund á almenna vinnu en í hléum tók hann þó fram pensilinn.<sup>14</sup> Tryggvi sóttist eftir erfiðri vinnu enda var slík vinna betur borguð en önnur. Hann gegndi lagerstörfum um tíma, vann í sykurverksmiðju og hjá dönsku járnbrautunum. Það var ekki fyrr en á árunum 1969-1970 sem Tryggvi varð sér úti um vinnustofu og hóf alfarið að helga sig myndlistinni, en þá hafði hann líka hafið að þróa með sér nýjan stíl.<sup>15</sup> Peter Michael Hornung segir svo frá upphafi mótunar þeirrar listsköpunar sem einkennt hefur málverk Tryggva frá því um 1970:

„Hann átti eftir að finna sjálfan sig í málverkinu. Það gerði hann, næstum fyrir tilviljun, meðan hann stundaði vinnu sína

sem gluggaþvottamaður hjá dönsku ríkisjárnbrautunum. Sem starfsmaður járnbrautanna fékk hann tækifæri til að sjá menjar hins stóra heims renna inn á brautarstöðina. Oft komu lestirnar alla leiðina frá Ítalíu og þegar erlendu farþegarnir yfirgáfu klefa sína skildu þeir eftir blöð og tímarit með ljósmyndum sem voru ekki líkar neinu sem Tryggvi hafði áður séð. Hann minnst málverks eftir ameríska popplistamanninn Roy Lichtenstein, af flugvél í spaghetí, sem hreyfði verulega við hugmyndum hans um hvað málverk gæti yfirleitt verið.<sup>16</sup>

Tryggvi hóf að mála myndir þar sem raðað er saman allskyns brotum úr veruleikanum. Á myndfletinum gat birst landslag, mannlíkamar, dýr, og hin fjölbreytilegustu tæki og tól. Þessu raðaði listamaðurinn saman og gekk alltaf lengra og lengra í því að „ljúga sögum á myndflötinn“ hann teygði, togaði og raðaði upp á nýtt. Tryggvi líkir þessu við gott djasssóló hjá Louis Armstrong, Johnny Hodges eða Ben Webster, en þessir hljóðfæraleikarar gátu spunnið í kringum laglínu án allrar áreynslu.<sup>17</sup> Í viðtali við vikublaðið Austurland árið 1975 útskýrði Tryggvi hvernig mynd yrði til hjá honum og það gerði hann með einföldum hætti:

„Ég safna drasli, oft gömlu og verðlausu drasli, sem ég fæ hjá fornsöllum eða hirði á öskuhaugum eins og ég gerði sem strákur á Norðfirði. Síðan hugsa ég um þetta dót í stærðarhlutföllum innan myndflatarins. Þá fyrst er komið að því, sem ég hef mestan áhuga á í myndlistinni – litunum. Þeir koma inn þegar ég fer að vinna þetta sem daglegt verk. Stundum stranda ég með málverk og þá fer ég aftur af stað og safna drasli og skoða mig um til að fá hugmyndir.“<sup>18</sup>

Ýmsir hafa kennt þessa list Tryggva Ólafssonar við popplist en listamaðurinn leggur áherslu á að áhrifa popplistarinnar hafi einungis gætt við upphaf mótunarskeiðs þess stíls sem einkennt hefur myndir hans um áratuga skeið. Popplistin opnaði augu hans fyrir nýjum möguleikum en síðan fór hann sínar eigin leiðir.<sup>19</sup>



## Vill ekki predika

Um og fyrir 1970 málaði Tryggvi töluvert af myndum sem álitnar voru pólitískar. Á þeim tíma var Víetnamstríðið í algleymingi og margir uppteknir af þeim hildarleik. Þrátt fyrir þessar myndir segir Tryggvi að hann hafi aldrei haft áhuga á því að vera spámaður eða breyta heiminum. Hann hafi hins vegar orðið fyrir áhrifum af ýmsu sem gekk á í heiminum og þá ekki síst hinu hörmulega stríði í Víetnam. Á þeim tíma sem hann málaði pólitísku myndirnar hafi hann verið að losa sig úr viðjum abstraktlistarinnar og verið leitandi.<sup>20</sup> Tryggvi fjallar með skýrum hætti um það hvort hann vilji hafa áhrif með list sinni. Hann segir eftirfarandi:

„Í sjálfu sér hef ég engan boðskap með myndum mínum. Ég vil alls ekki predika eitt né neitt með list minni. Ég vil einungis túlka það sem er í kringum mig og setja það í mitt eigið samhengi á myndfletinum. Boðskapur minn kemur í gegnum vinnuna. Ég er alltaf að líkja hlutum saman rétt eins og jassmúsíkantar gera og eins og þeir fer ég býsna frjálsglega með efnið sem byggt er á. Auðvitað hefur margt sem gerist í heiminum áhrif á mig og ég hef skoðun á því, jafnvel sterka skoðun, en málverk er ekki rétta verkfærið til að tjá skoðanir sínar í þeim tilgangi að reyna að hafa áhrif á aðra. Málverk er ekki tæki fyrir pólitískan áróður.“<sup>21</sup>

## Tengslin við æskustöðvarnar

Brátt kom að því að nafn Tryggva Ólafssonar varð þekkt í heimi listarinnar hér á landi og reyndar einnig víða erlendis og þá ekki síst í Danmörku. Einhvern veginn var það samt svo að Tryggvi hélt ávallt tengslum við æskustöðvarnar eystra. Hann fylgdist með fréttum frá Neskaupstað, fékk Norðfirðinga í heimsókn í Kaupmannahöfn og spurði þá spjörunum úr auk þess að skrifast á við nokkra menn í gamla heimabænum. Þá heimsótti hann Neskaupstað og heilsaði upp á ættmenni, vini og kunningja og var hrókur alls fagnaðar. Norðfirðingurinn Magni Kristjánsson orðar þetta ágætlega í sýningarskrá frá árinu 2001:



Skriður eftir Tryggva Ólafsson frá árinu 1998.

„Þegar hann kemur er eins og hann hafi aldrei farið. Fór hann? Já víst fór hann. En hér, innan fjallahringsins, samsamast hann aftur fólkinu, landinu, náttúrunni og öllu öðru, hvort sem það dregur lífsandann eður ei. Þá er eins og hann hafi aldrei farið. Er þetta hægt? Já með því að hitta fólkið, kryfja það gamla og hlusta. Hlusta eftir hjartslætti líðandi stundar og horfa með okkur hinum, sem búum hér, til framtíðar. Hitta sjóara, bændur eða skólafélaga. Nú eða skrafla við gamla konu, sem hefur vikið að honum einhverju góðu í bernsku. Uppruninn er inngróinn í hjartað. Ást og virðing til lands og lýðs sem fósraði hann er í fyrirrúmi.“<sup>22</sup>

Þegar Tryggvi hafði mótað sinn persónulega stíl í myndlistinni þótti tímabært að hann héldi myndlistarsýningu í Neskaupstað. Menningarráð bæjarins bauð honum að sýna verk sín og það gerði hann í nóvembermánuði 1975. Sýningin var í félagsheimilinu Egilsbúð og þótti vel heppnuð í alla staði. Alls sáu tæplega sjö hundruð manns sýninguna og seldi listamaðurinn allmargar myndir á henni.<sup>23</sup>

Þegar sýningin var haldin í Neskaupstað hafði verið samið við Tryggva um að annast skreytingar á nýbyggingu Fjórðungssjúkrahúsins þar en gert var ráð fyrir listskreytingum bæði utan- og innandyra. Tryggvi tók þessu verkefni fagnandi og veturinn 1975-1976 vann hann úr hugmyndum um skreytingarnar. Í júlímánuði 1976 dvaldi Tryggvi síðan ásamt danska listamanninum Jørgen Bruun Hansen í Neskaupstað þar sem þeir unnu að

listskreytingunum á sjúkrahúsinu. Skreytingin var unnin með sérstakri aðferð sem Hansen hafði fundið upp og fólst hún í því að myndir voru skornar í steinsteypu með rafknúnum tækjum og síðan var grópin sem skorin var í steypuna höggvin út og fyllt lituðum sandi. Sandurinn var bundinn með sérstökum vökva sem gerði hann grjótharðan en sandurinn sem notaður var í skreytinguna á sjúkrahúsinu var líparítsandur fenginn úr Rauðubjörgum við Norðfjarðarflóann.<sup>24</sup>

Fleiri húseigendur í Neskaupstað fengu Tryggva til að skreyta hús sín og hann málaði myndir á veggum sér og öðrum til ánægju. Eftir þetta kom fyrir að Norðfirðingar bæðu Tryggva um að gera verk fyrir sig. Verkalýðsfélag Norðfirðinga bað hann til dæmis um verk sem nota skyldi á minnisvarða um þá sem létu lífið í snjóflóðunum sem féllu í Neskaupstað 20. desember 1974. Tryggvi brást vel við beiðninni og gerði fagran mósaíkskjöld á árinu 1979. Þá báðu systkinin frá Naustahvammi Tryggva um að gera útilistaverk fyrir sig til minningar um foreldra þeirra. Tryggvi afhenti verkið árið 1995 og prýðir það vegg á norðurhlíð Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað. Aðra listsýningu hélt Tryggvi í Neskaupstað árið 1984. Þá sýndi hann verk sín í safnaðarheimili Norðfjarðarkirkju og rétt eins og áður var þessi sýning vel sótt. Margir Norðfirðingar sóttust eftir að eignast verk eftir Tryggva. Enginn safnaði þó verkum hans í sama mæli og Magni Kristjánsson og eiginkona hans, Sigriður Guðbjartsdóttir, og brátt áttu þau gott safn mynda eftir hann.

## Hugmyndin að safni fæðist

Áhugi Magna Kristjánssonar á myndlist Tryggva leiddi til þess að hann fékk þá hugmynd að kanna hvort ekki væri áhugi fyrir því hjá listamanninum að koma á fót safni um listsköpun hans í Neskaupstað. Magni þekkti Tryggva vel en þeir voru nágarnar um tíma í barnæsku og Tryggvi einungis tveimur árum eldri en Magni. Þeir kynntust þó fyrst og fremst á fullorðinsaldri og með þeim tókst náinn vinskapur. Heimsótti Magni Tryggva á vinnustofuna í Kaupmannahöfn í hvert sinn sem hann átti leið um borgina.

Það var um jólin árið 2000 að Magni settist niður og skrifaði Tryggva langt og mikið bréf þar sem hann viðraði hugmyndina um stofnun safnsins. Tryggvi tók hugmyndinni strax afar vel og sýndi henni mikinn áhuga. Þeir Magni hófu þegar að huga að undirbúningi og var safnið frá upphafi hugsað

sem miðstöð um Tryggva og list hans. Áhersla var lögð á að safnið myndi ekki einungis leggja áherslu á að eignast myndir eftir listamanninn heldur myndi það sinna öllu því sem tengdist lífi hans. Þannig ætti safnið í framtíðinni að varðveita minnisbækur, skissur, alls konar vinnuteikningar og upplýsingar um ævi og störf Tryggva.<sup>25</sup>

Magni hefur sagt að hann hafi gert ráð fyrir að undirbúningur að stofnun safnsins myndi taka nokkur ár, ef til vill sex til tíu ár, en þegar á reyndi tók hann miklu skemmri tíma. Magni hafði fest kaup á gamla kaupfélagshúsinu í Neskaupstað að Hafnarbraut 2 og í því húsi var góð sýningaraðstaða á tveimur hæðum. Í húsnæðinu voru tveir stórir salir, samtals um 500 fermetrar að stærð, sem voru eins og sniðnir fyrir listsýningar. Það að sýningaraðstaðan var fyrir hendi flýtti mjög fyrir stofnun safnsins en Magni vildi að safnið fengi full afnot af henni. Þá sneri Magni sér til bæjarstjórnar Fjarðabyggðar og leitaði eftir stuðningi sveitarfélagsins við hið fyrirhugaða safn. Undirtektir bæjarstjórnarinnar voru jákvæðar og virkaði það hvetjandi á þá félagasem unnu að undirbúningi stofnunar safnsins.<sup>26</sup>

## Vígsla safnsins

Málverkasafn Tryggva Ólafssonar var opnað með formlegum hætti í gamla kaupfélagshúsinu í Neskaupstað hinn 29. september 2001, einungis rúmlega einu og hálfu ári eftir að hugmyndin um stofnun safnsins var fyrst viðruð. Í tilefni vígslunnar var efnt til stórrar málverkasýningar og spönnuðu myndirnar á henni allan listamannsferil Tryggva.<sup>27</sup> Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, lýsti safnið opnað með ræðu og færði því um leið að gjöf frá ríkisstjórninni málverkið Kronos sem Tryggvi hafði málað fyrir á árinu. Að auki var safninu færður stofnstyrkur frá ríkinu. Í ræðunni sagði Björn meðal annars að það hefði verið ævintýri líkast að fylgjast með hugmynd Magna um Málverkasafn Tryggva Ólafssonar verða að veruleika en einungis væru liðnir tíu mánuðir frá því að hann hóf að beita sér fyrir framgangi safnsins.<sup>28</sup>

Á opnunarsýningunni voru níutíu og níu málverk og klippimyndir sem Tryggvi sá sjálfur um að hengja upp. Um þrjátíu verkanna voru í eigu hins nýja safns og höfðu þau komið frá Tryggva, Magna, íslenskum og dönskum einkaaðilum og sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Upplýst var við vígsluna að

Tryggvi hygðist bæta í safnið olíumálverkum, teikningum, grafíkmyndum, bókum og fleiru sem tengdist listsköpun hans. Þá tilkynntu bæjaryfirvöld að þau ætluðu að veita safninu árlegan styrk til listaverkakaupa. Mörg forvitnileg málverk Tryggva voru á opnunarsýningunni og það elsta var málað þegar hann var 14 ára að aldri. Forvitnilegar þóttu landslags- og húsamyndir frá árunum 1958-1959 og pólitískar myndir frá 1968-1969. Flestar myndirnar voru hins vegar hefðbundnar Tryggvamyndir sem gerðar voru síðar.<sup>29</sup> Í blaðaviðtali nokkru eftir að safnið var vígt tjáði Magni Kristjánsson sig um tilganginn með stofnun þess:

„Tryggvi er tvímælalaust mjög merkur myndlistarmaður og hefur safn um hann ótvírætt gildi. Það að setja það niður hér í Neskaupstað er jafnframt nokkuð sem á eftir að styrkja menningarlíf og ferðamennsku hér á svæðinu. Safnið eitt og sér gæti laðað fólk að, ekki aðeins til að heimsækja bæinn heldur einnig til að setjast hér að. Það að hlúa að listum er nokkuð sem auðgar mannlífið og bætir. Þá má búast við að nærvera safns um Tryggva og samskiptin við listamanninn, sem þessi starfsemi hefur t.d. gefið grunnskólabörnum kost á, muni örva áhuga og skilning fólks hér á svæðinu á listum. Það er varla hægt að meta verðmæti lista og menningar þegar til framtíðar er lítið, og er það nokkuð sem við hér á landsbyggðinni þurfum e.t.v. að melta dálítið. Það að byggja upp safn á borð við þetta felur ekki í sér peningasóun þó svo að erfitt sé að sjá beinan gróða af því. Það viðhorf virðist engu að síður vera dálítið ríkjandi hjá mörgum. Ég held að blómlegt menningarlíf hljóti að skila atvinnulífi í bænum ávinningi. Og síðan erum við svo heppin að eiga hann Tryggva. Hann er okkar van Gogh og finnst okkur vel þess virði að undirstrika tengsl hans við byggðarlagið.“<sup>30</sup>

## **Framtíðarfyrirkomulag safnsins**

Eins og fyrr greinir voru það Magni Kristjánsson og Tryggvi sem höfðu veg og vanda af því að koma Málverkasafni Tryggva Ólafssonar á laggirnar. Þegar á árinu 2002 hófst umræða um það hvernig mætti treysta grundvöll safnsins og fá fleiri til að leggja eitthvað af mörkum til þess. Kom þá fljótlega

upp sú hugmynd að safnið yrði sjálfseignarstofnun með þátttöku stofnana og fyrirtækja.

Á árunum 2002 og 2003 var komið upp sumarsýningum á vegum safnsins í gamla kaupfélagshúsinu og voru þar meðal annars til sýnis ný verk sem safninu hafði áskotnast. Að því kom að gamla kaupfélagshúsið var tekið til annarra nota og á árinu 2004 hófst umræða um það að koma þremur söfnum fyrir í svonefndu Hafnarhúsi í miðbæ Neskaupstaðar. Þetta voru Náttúrugripasafnið í Neskaupstað, Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar og Málverkasafn Tryggva Ólafssonar. Með þessu fengi Hafnarhúsið nýtt hlutverk og yrði gert að Safnahúsi Neskaupstaðar.<sup>31</sup> Húsið var reist árið 1922 af Hinum sameinuðu íslensku verslunum og var þá stærsta húsið í Neskaupstúni. Í upphafi var það nýtt sem vörugeymsla og fiskverkunarhús. Sameinuðu verslanirnar urðu gjaldþrota árið 1926 og fljótlega eftir það eignaðist hafnarsjóður sveitarfélagsins húsið. Eftir að húsið komst í eigu hafnarsjóðs var það nýtt með ýmsum hætti. Það var notað sem vörugeymsla og fiskigeymsla, sem beitningaraðstaða og til saltfiskverkunar. Netagerð var starfrækt í húsinu í tæplega tvo áratugi og þar hafði útgerð Síldarvinnslunnar einnig geymslu- og viðgerðarrými.<sup>32</sup> Niðurstaðan varð sú að Málverkasafn Tryggva Ólafssonar fékk sýningarrými á neðstu hæð Safnahússins, Sjóminja- og smiðjumunasafninu var komið fyrir á annarri hæð en Náttúrugripasafnið fékk efstu hæðina til ráðstöfunar. Öll söfnin höfðu komið sér fyrir í húsinu á árinu 2007 og hafa þau síðan haft þar aðsetur.

Árið 2010 var komið upp listaverkageymslu fyrir safnið að Hólsgötu 5 í Neskaupstað. Húsnæðið er í eigu Samvinnufélags útgerðarmanna og fær safnið að nota geymsluna án endurgjalds. Geymsluhúsnæðið hefur verið innréttað sérstaklega með þarfir safnsins í huga.<sup>33</sup>

## **Sjálfseignarstofnun komið á fót**

Eins og fram hefur komið var umræða um að Málverkasafn Tryggva Ólafssonar yrði sjálfseignarstofnun hafin þegar á árinu 2002. Niðurstaða þeirrar umræðu varð sú að eðlilegast væri að koma slíkri stofnun á fót en undirbúningur að stofnun hennar tók töluverðan tíma.

Stofnfundur sjálfseignarstofnunarinnar var haldinn í Gallerí Fold í Reykjavík 24. ágúst 2007. Á fundinn komu fulltrúar allra stofnenda auk



Sýningarsalur Tryggvasafns í Safnahúsinu í Neskaupstað. Ljósmynd Smári Geirsson.

nokkurs fjölda gesta. Stofnendurnir voru eftirtaldir: Tryggvi Ólafsson, Magni Kristjánsson, Fjarðabyggð, Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað, Sparisjóður Norðfjarðar, Alcoa-Fjarðaál sf. og Landsbanki Íslands hf.. Á stofnfundinum voru helstu stofnskjöl stofnunarinnar lögð fram en þau voru stofnskrá, myndaskrá safnsins og stofnefnahagsreikningur. Á stofnfundinum var nafni safnsins breytt í Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar, oft skammstafað MTÓ, og heiti þess því gert víðtækara enda eru myndir safnsins ekki eingöngu málverk. Í daglegu tali gengur safnið oft undir nafninu Tryggvasafn. Heildarstofnframlag nam kr. 41.144.366.- og var það lagt fram í reiðufé og myndum, en öll myndverk safnsins voru lögð fram sem stofnfé.<sup>34</sup>

Stofnskráin var samþykkt á fundinum og einnig önnur stofngögn. Í stjórn safnsins voru eftirtaldir kjörnir: Magni Kristjánsson framkvæmdastjóri Neskaupstað, Freysteinn Bjarnason framkvæmdastjóri Neskaupstað og Jón Sveinsson hrl. Reykjavík. Varamaður var kjörinn Smári Geirsson framhaldsskólakennari Neskaupstað. Fram kom í stofnskránni að stjórnarmenn sitji í stjórn ótímabundið en segi þeir sig úr stjórn skulu þeir tilnefna nýjan mann í sinn stað.<sup>35</sup> Á fyrsta fundi stjórnarinnar skipti hún með sér verkum. Magni varð formaður, Freysteinn ritari og Jón gjaldkeri. Sú breyting varð á stjórninni í nóvembermánuði 2009 að Magni Kristjánsson hvarf úr henni og tók Smári Geirsson þá sæti hans í aðalstjórn. Við brotthvarf Magna tók Freysteinn við formennsku í stjórninni, Smári varð



ritari en Jón gegndi áfram störfum gjaldkera. Á aðalfundi 2018 varð mikil breyting á stjórninni. Þá létu þeir Jón Sveinsson og Freysteinn Bjarnason af stjórnarstörfum en í þeirra stað komu þær Berglind Þorbergsdóttir og Gígja Tryggvadóttir auk þess sem Sigrún Víglundsdóttir tók sæti varamanns. Að lokinni þessari breytingu hóf Smári Geirsson að gegna embætti formanns, Berglind tók við gjaldkeraembættinu og Gígja varð ritari.

Í skipulagsskrá safnsins sem samþykkt var á stofnfundi sjálfseignarfélagsins segir eftirfarandi um markmið þess:

„Markmið með stofnun safnsins er aðallega að eiga og safna myndverkum eftir Tryggva Ólafsson myndlistarmann, varðveita myndverkin og halda á þeim sýningar fyrir almenning í húsnæði safnsins í Neskaupstað og annarsstaðar þar sem henta þykir. Sömuleiðis eiga þau að nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar. Safninu er heimilt að eiga og safna myndverkum eftir aðra myndlistarmenn í sama tilgangi. Safninu er heimilt að taka að sér umsjón, varðveislu og sýningu myndverka í eigu annarra en safnsins á grundvelli skriflegra samninga á milli safnsins og viðkomandi aðila. Safninu er heimilt að lána og/eða leigja út myndverk í eigu eða umsjón safnsins með það að markmiði að almenningur fái notið myndverkanna. Við þær aðstæður skal gætt að fyllsta öryggi myndverkanna. Markmiðum með stofnun safnsins skal náð með beinum fjárframlögum, myndgjöfum og styrkjum“<sup>36</sup>

Í 10. grein skipulagsskrárinnar er kveðið á um að ef stofnaðilar verði sammála um að leggja safnið niður skuli allar eigur þess, þar með talin öll myndverk þess, verða eign Fjarðabyggðar.<sup>37</sup>

## Listaverkæign safnsins

Áður hefur komið fram að þegar Málverkasafn Tryggva Ólafssonar var vígt í septembermánuði 2001 hafi um þrjátíu málverk verið í eigu þess. Flest verkanna fékk safnið að gjöf frá listamanninum og Magna Kristjánssyni. Um mitt ár 2002 hafði verkunum í eigu safnsins fjölgað mikið. Þá átti safnið á níunda tug olíumálverka auk fjölda grafíkverka og myndlýsinga. Spönnuðu

verkin allan listamannsferil Tryggva, allt frá æskuverkum til nýrra verka. Áfram var það listamaðurinn og Magni sem einkum létu safninu í té verk en að auki var farið að kaupa verk til safnsins.

Við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar árið 2007 var framlag þeirra Tryggva og Magna Kristjánssonar til safnsins tvö hundruð og eitt myndverk og sveitarfélagið Fjarðabyggð lagði fram níu myndverk. Þarna var um að ræða áttatíu og sjö akrýl-, lakk- og olíuverk og hundrað tuttugu og þrjár vatnslitamyndir, litógrafiur og teikningar.<sup>38</sup>

Frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar hefur safnstjórnin reynt, eftir því sem fjárhagur hefur leyft á hverju ári, að bæta myndum við safneignina með kaupum. Einkum hafa verið keyptar akrílmyndir, olíumyndir og klippimyndir. Með kaupunum hefur verið reynt að fylla í skörð sem verið hafa í myndeign safnsins þannig að tryggt sé að í eigu þess séu myndir frá hverjum tíma og eins myndir sem sýna glögglega breytingar sem orðið hafa í sköpun listamannsins. Einstaka myndir hefur safnið einnig fengið að gjöf. Myndir sem keyptar hafa verið hafa fengist á uppboðum hérlendis og erlendis en eins hafa verið keyptar myndir af einkaaðilum og þá gjarnan eftir að ábendingar hafa borist. Þá hefur Tryggvi gefið safninu litógrafiur af ýmsum toga sem mikill fengur hefur verið af.

Samkvæmt myndaskrá safnsins eru nú í eigu þess alls hundrað fjörutíu og sjö lakk-, olíu- og akrýlmyndir, hundrað sextíu og þrjár litógrafiur, klippimyndir og teikningar og níu prentuð plaköt sem Tryggvi hefur gert. Alls eru myndverk í eigu safnsins því þrjú hundruð og nítján talsins. Í sumum tilvikum á safnið fleiri en eitt eintak af litógrafíum en slík viðbótareintök eru ekki talin með í heildarfjölda myndverkanna. Frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar hefur myndverkum í eigu safnsins fjölgað úr tvö hundruð og tíu í þrjú hundruð og nítján eða um hundrað og níu verk.<sup>39</sup> Segja má að myndaeign safnsins gefi orðið góða innsýn í listsköpun Tryggva Ólafssonar og þá þróun sem hann hefur gengið í gegnum á ferli sínum. Tryggvi upplýsir að alls hafi hann málað liðlega tvö þúsund myndir á ferlinum og þar til viðbótar eru klippimyndir og litógrafiur.

Hvað varðar fjármál sjálfseignarstofnunarinnar þá hefur einkum verið treyst á styrki og frjáls framlög auk aðgangseyris að árlegri sumarsýningu safnsins í Safnahúsinu í Neskaupstað. Þá hefur stofnunin haft nokkrar tekjur af sölu bóka og korta. Fyrstu árin eftir stofnun sjálfseignarstofnunarinnar



Tryggvi Ólafsson og Bragi Ásgeirsson, myndlistarmaður og listgagnrýnandi árið 2013 í Gallerí Fold, þar sem þeir voru með sýningu á verkum sínum. Mynd: Ómar Óskarsson/Morgunblaðið.

naut hún árlegs styrks á fjárlögum Alþingis en síðan voru slíkar styrkveitingar fluttar til einstakra landshlutasamtaka í tengslum við svonefnda sóknaráætlun. Vegna kerfisbreytingarinnar féllu styrkir til stofnunarinnar niður í tvö ár en síðan hefur safnið notið árlegra styrkja sem þó hafa aldrei náð þeirri upphæð sem það fékk áður á fjárlögum. Því má segja að þær breytingar sem urðu á fyrirkomulagi styrkveitinga hafi komið Myndlistarsafni Tryggva Ólafssonar illa.

Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað hefur reynst safninu afar vel í gegnum árin. Félagið hefur margoft veitt safninu myndarlega styrki og eins hefur það látið því geymsluhúsnæði í té eins og fyrir er getið. Annars hefur safnið almennt notið mikillar velvildar og átt marga hauka í horni. Bókfært matsverð myndverka í eigu Myndlistarsafns Tryggva Ólafssonar árið 2016 var kr. 54.944.942. Að mati safnstjórnar og miðað við gangverð á myndum Tryggva er raunvirði myndanna mun hærra.<sup>40</sup>

## Tryggvi slasast og flytur til Íslands

Í byrjun árs 2007 slasaðist Tryggvi illa og var síðan bundinn við hjólastól. Í

kjölfar slyssins fluttust þau Gerður heim til Íslands og settust að í Reykjavík. Þar með lauk fjörutíu og sjö ára dvöl hans í Kaupmannahöfn. Þrátt fyrir fötlunina sagði Tryggvi ekki skilið við listina. Hann gat að vísu ekki málað lengur en þess í stað gerði hann litógrafiur frá árinu 2013. Hann lærði á sínum tíma að gera litógrafiur og gerði slík verk í einhverjum mæli til hliðar við málverkin. Tryggvi bjó síðustu árin á Droplaugarstöðum og þar gat hann unnið og kom sér upp eins konar vinnustofu til vinnslu grafíkverka með hjálp góðra manna.<sup>41</sup> Eins og Tryggva var tamt var hann ekki hátíðlegur þegar hann talar um litógrafiurnar. Hann benti á að þær séu gerðar á pappír og ef menn verði leiðir á verkunum megi nota þau til að pakka inn rauðsprettu.<sup>42</sup> Tryggvi andaðist þann 3. janúar 2019.

## Glæsilegur ferill

Segja má að listamannsferill Tryggva Ólafssonar hafi verið glæsilegur. Hann hélt sína fyrstu málverkasýningu í Menntaskólanum í Reykjavík árið 1960 eða áður en hann hélt til náms til Kaupmannahafnar. Í Danmörku tók hann þátt í haustsýningu listamanna á Den frie haustið 1963 en efndi til fyrstu einkasýningarinnar þar með hönnuðinum Erik Magnussen í Galleri Jensen í Kaupmannahöfn árið 1966. Tryggvi var félagi í SÚM-hópnum og sýndi með honum á árunum 1969-1977 og eins tók hann þátt í sýningum hópsins Den Nordiske í Danmörku, Svíþjóð og á Íslandi á árunum 1970-1980. Tryggvi skreytti byggingar bæði á Íslandi og í Danmörku. Árið 1976 gerði hann kvikmynd um kennara sinn, Søren Hjorth Nielsen, ásamt kvikmyndaleikstjóranum H. H. Jørgensen. Þá myndskreytti Tryggvi fjölda bóka bæði í Danmörku og á Íslandi. Árið 1984 var gerð heimildamynd um myndir og list Tryggva í leikstjórn Baldurs Hrafnkels Jónssonar og eins hafa bækur um list Tryggva verið gefnar út. Þá gaf Mál og Menning út áður nefnda bók Helga Guðmundssonar um Tryggva árið 2004. Í bókinni er fjallað um ævi listamannsins þar til hann heldur til náms í listaakademíunni í Kaupmannahöfn.

Tryggvi tók þátt í sýningum í öllum höfuðborgum Norðurlanda og einnig í Hollandi, Þýskalandi, Frakklandi, Englandi, Bandaríkjunum og Kína. Einnig sýndi hann list sína víða á Íslandi og á árinu 2000 var haldin stór yfirlitssýning á verkum hans í Gerðarsafni í Kópavogi. Verk eftir Tryggva er að finna á

sautján listasöfnum á Norðurlöndum utan Íslands og auk þess víða um heim. Á síðustu árum hafa verið haldnar sýningar á verkum hans í París, Gallerí Fold í Reykjavík, á Ísafirði og tvær stórar yfirlitssýningar, sú fyrri á Akureyri og sú síðari á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn. Síðasttöldu sýningarnar hafa verið haldnar í samvinnu við Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað. Tryggvi hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir list sína. Vorið 2017 var hann sæmdur riddarakrossi af Dannebrog og 17. júní sama ár var honum veitt hin íslenska fálkaorða.

#### Óprentaðar heimildir

Björn Bjarnason, „Málverkasafn Tryggva Ólafssonar“. Ræða Björns við opnun Málverkasafns Tryggva Ólafssonar 29. september 2001. Skjalasafn Myndlistarsafns Tryggva Ólafssonar.

Fundargerðarbók Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað 2008. Samvinnufélagi útgerðarmanna í Neskaupstað.

Fundargerðarbók sjálfseignarstofnunarinnar Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar 2007- og skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar. Myndlistarsafni Tryggva Ólafssonar.

Magni Kristjánsson. Viðtal við höfund, 9. júlí 2017.

Myndaskrá Myndlistarsafns Tryggva Ólafssonar. Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar.

Skipulagsskrá Myndlistarsafns Tryggva Ólafssonar. Skjalasafn Myndlistarsafns Tryggva Ólafssonar.

Smári Geirsson. Samantekt um sögu Safnahússins í Neskaupstað (handrit). Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar.

Tryggvi Ólafsson. Viðtal við höfund, 10. júlí 2017.

#### Prentaðar heimildir

Aðalsteinn Ingólfsson, „Í Tryggvaskála“. DV, 29. október 2001, 10.

„Ávöxtur æskuvínáttu tveggja manna“, Morgunblaðið, 3. október 2001, 24.

Halldór B. Runólfsson, „Tryggvi Ólafsson málarí“. Í Tryggvi Ólafsson. Reykjavík: Listasafn ASÍ og Lögberg, 1987.

Heiða Jóhannsdóttir, „Grunnur að Tryggvasafni“. Lesbók Morgunblaðið, 15. júní 2002, 14.

Helgi Guðmundsson, Hvað er á bak við fjöllin?: Tryggvi Ólafsson listmálarí segir frá. Reykjavík: Mál og menning, 2004.

Hornung, Peter Michael, „Að skálda með hlutunum“. Í Málverk í 20 ár. Reykjavík: Mál og menning, 2007.

Hornung, Peter Michael og Aðalsteinn Ingólfsson, „Tryggvi Ólafsson“. Í Málverk í 20 ár. Reykjavík: Mál og menning, 2007.

Magni Kristjánsson, „Já vinur, þú meinar það“. Málverkasafn Tryggva Ólafssonar 2001, 12. Kynningarbæklingur.

mg. „Litir – ekki númer“. Fréttablaðið, 29. apríl 2017, 51.

Smári Geirsson, Norðfjarðarsaga II, fyrri hluti. Reykjavík: Hólar, 2009.

S. G., „Boðskapur minn kemur í gegnum vinnuna: Tryggvi Ólafsson tekinn tali“. Austurland, 14. nóvember 1975, 1.

S.G., „Listskreytingar við Fjórðungssjúkrahúsið“. Austurland 13. ágúst 1976, 4.

S.G., „Sýningu Tryggva lokið“. Austurland, 21. nóvember 1975, 1.

„Sýning Tryggva í Neskaupstað“. Austurland, 7. nóvember 1975, 1.

Thor Vilhjálmsson, „Tryggvi Ólafsson“. Í Tryggvi Ólafsson. Reykjavík: Listasafn ASÍ og Lögberg, 1987.

#### Vefheimildir

Björn Bjarnason, „Málverkasafn Tryggva Ólafssonar“, 29. september 2001. Sótt 15. Júlí 2017 af <https://www.bjorn.is/greinar/nr/702>.

## Neðanmálgreinar

- 1 Tryggvi Ólafsson. Viðtal við höfund, 2017.
- 2 Helgi Guðmundsson, Hvað er á bak við fjöllin?: Tryggvi Ólafsson listmáleri segir frá, 68.
- 3 Tryggvi Ólafsson, viðtal við höfund, 2017; Helgi Guðmundsson, Hvað er á bak við fjöllin?: Tryggvi Ólafsson listmáleri segir frá, 67-68.
- 4 Helgi Guðmundsson, Hvað er á bak við fjöllin?: Tryggvi Ólafsson listmáleri segir frá, 69 og Thor Vilhjálmsson, „Tryggvi Ólafsson“, 1987, 9.
- 5 Helgi Guðmundsson, Hvað er á bak við fjöllin?: Tryggvi Ólafsson listmáleri segir frá, 70.
- 6 Helgi Guðmundsson, Hvað er á bak við fjöllin?: Tryggvi Ólafsson listmáleri segir frá, 85-86.
- 7 Sama heimild, 111.
- 8 Tryggvi Ólafsson, viðtal við höfund, 2017.
- 9 Sama heimild.
- 10 Sama heimild.
- 11 Helgi Guðmundsson, Hvað er á bak við fjöllin?: Tryggvi Ólafsson listmáleri segir frá, 127-129.; Tryggvi Ólafsson. Viðtal við höfund, 2017; Thor Vilhjálmsson, „Tryggvi Ólafsson“, 1987, 11-12.
- 12 Tryggvi Ólafsson. Viðtal við höfund, 2017.
- 13 Helgi Guðmundsson, Hvað er á bak við fjöllin?: Tryggvi Ólafsson listmáleri segir frá, 168; Halldór B. Runólfsson, „Tryggvi Ólafsson máleri“, 1987, 32.
- 14 Tryggvi Ólafsson. Viðtal við höfund, 2017.
- 15 S.G., „Boðskapur minn kemur í gegnum vinnuna: Tryggvi Ólafsson tekinn tali“, 1975, 1.
- 16 Peter Michael Hornung, „Að skálda með hlutunum“, 9.
- 17 Helgi Guðmundsson, Hvað er á bak við fjöllin?: Tryggvi Ólafsson listmáleri segir frá, 132.
- 18 S.G., „Boðskapur minn kemur í gegnum vinnuna: Tryggvi Ólafsson tekinn tali“, 1.
- 19 Tryggvi Ólafsson. Viðtal við höfund, 2017; Halldór B. Runólfsson, „Tryggvi Ólafsson máleri“, 1987, 33 og 36.
- 20 Tryggvi Ólafsson. Viðtal við höfund, 2017; Halldór B. Runólfsson, „Tryggvi Ólafsson máleri“, 1987, 38-39.
- 21 Tryggvi Ólafsson. Viðtal við höfund, 2017.
- 22 Magni Kristjánsson. „Já vinur, þú meinar það“. Málverkasafn Tryggva Ólafssonar 2001, 12.
- 23 „Sýning Tryggva í Neskaupstað“, 1975, 1; S.G. „Sýningu Tryggva lokið“, 1975, 1.
- 24 S.G. „Listskreytingar við Fjórðungssjúkrahúsið“, 1976, 4.
- 25 Magni Kristjánsson. Viðtal við höfund, 2017.
- 26 Magni Kristjánsson. Viðtal við höfund, 2017; Heiða Jóhannsdóttir, „Grunnur að Tryggvasafni“, 2002, 14.
- 27 „Ávöxtur æskuvínáttu tveggja manna“, 2001, 24.
- 28 Björn Bjarnason, „Málverkasafn Tryggva Ólafssonar“. 2001.
- 29 Aðalsteinn Ingólfsson, „Í Tryggvaskála“, 2001, 10.
- 30 Heiða Jóhannsdóttir, „Grunnur að Tryggvasafni“, 2002, 14.
- 31 Smári Geirsson: Samantekt um sögu safnahússins í Neskaupstað (handrit).
- 32 Smári Geirsson 2009, Norðfjarðarsga II, fyrra bindi, 192.
- 33 Fundargerðarbók Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað 2008-.
- 34 Fundargerðarbók sjálfseignarstofnunarinnar Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar 2007-; Skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar.
- 35 Sömu heimildir.
- 36 Skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar.
- 37 Sama heimild.
- 38 Sama heimild.
- 39 Myndaskrá Myndlistarsafns Tryggva Ólafssonar.
- 40 Skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar.
- 41 Tryggvi Ólafsson. Viðtal við höfund, 2017.
- 42 Tryggvi Ólafsson. Viðtal við höfund, 2017.

# Safn

## Edda Halldórsdóttir

Hjónin Pétur Arason verslunarmaður og Ragna Róbertsdóttir myndlistarmaður hafa á undanförunum fjórum áratugum komið sér upp stóru einkasafni með verkum íslenskra og erlendra myndlistarmanna. Í safni Péturs og Rögnu eru yfir þúsund verk en það er stærsta einkasafn á Íslandi og jafnframt eitt stærsta safn erlendra samtímamyndlistar í landinu. Á áttunda áratugnum myndaðist grunnurinn að safninu en frá árinu 1980 varð söfnunin markvissari og flest verkin komu inn í safneignina eftir þann tíma.<sup>1</sup> Stærstur hluti safnsins eru verk naumhyggju- og konseptlistamanna en meðal listamanna sem eiga verk í safninu eru Alan Johnston, Birgir Andrésón, Dan Flavin, Dieter Roth, Richard Long, Bernd og Hilla Becher, Richard Tuttle, Donald Judd, Pipilotti Rist og Magnús Pálsson, svo fáeinir séu nefndir.

Samfara áhuga á myndlist og söfnun þróaðist hjá Pétri og Rögnu löngun til að standa að sýningarhaldi og gera samtímamyndlist sýnilegri almenningi á Íslandi. Frá 1988-1992 ráku þau galleríið Krók í verslun Péturs á fyrstu hæð á Laugavegi 37 þar sem settar voru upp sýningar ungra íslenskra myndlistarmanna. Frá 1992-1997 ráku þau galleríið Aðra hæð í sama húsi á heimili þeirra en þar var áhersla lögð á að kynna erlenda myndlist og buðu þau listamönnum að koma og sýna hjá sér gegn því að borga ferðir þeirra og uppihald.<sup>2</sup> Meðal listamanna sem sýndu á Annarri hæð má nefna Donald Judd, Lawrence Weiner, Carl Andre, On Kawara og Richard Long en margir listamannanna voru á þessum tíma orðnir virtir og vel þekktir.<sup>3</sup> Pétur og Ragna keyptu verk af þeim listamönnum sem sýndu hjá þeim og einkasafn þeirra óx meðfram sýningarhaldinu.<sup>4</sup>

Í tilefni Listahátíðar í Reykjavík árið 2000 var haldin sýning í Gerðarsafni í Kópavogi með verkum úr safneign Péturs og Rögnu en þar voru verk þeirra í fyrsta skipti sett saman upp á sýningu og sýnd almenningi sem einkasafn. Fram að því höfðu verk Péturs og Rögnu verið heima hjá þeim eða í geymslu. Sýningin var aðdragandi að stofnanavæðingu einkasafns Péturs og Rögnu en þann 11. júní 2003 var samtímalistasafnið Safn opnað á Laugavegi 37. Í janúar sama ár höfðu Pétur og Ragna undirritað samning við



Reykjavíkurborg um fjárframlög frá borginni til að gera umbætur á húsi sínu og gera þeim kleift að gera einkasafn sitt opið almenningi að staðaldri.<sup>5</sup> Safn, sem náði yfir þrjár hæðir hússins, var starfrækt í fimm ár og endurspeglaði vissan metnað yfirvalda til að efla menningarlíf í miðborginni. Þar héldu Pétur og Ragna áfram að sýna ný verk samtímalistamanna líkt og í Króki og Annarri hæð en aðaltilgangurinn var þó að ákveðinn hluti Safns væri helgaður fastasýningu með verkum úr safneign þeirra. Mikil áhersla var lögð á að tefla saman íslenskri og erlendri myndlist og mynda samhengi og samtal þar á milli. Hluti af samningi Péturs og Rögnu við borgina var að verk úr safneigninni færu til láns á sýningar í Listasafni Reykjavíkur og þau hafa líka lánað verk til annarra safna og gallería innanlands sem erlendis. Árið 2007 lauk samstarfi Reykjavíkurborgar og Safns og listaverkæign þeirra var því ekki sýnileg í nokkur ár eða þar til snemma á árinu 2013 að hjónin opnuðu það aftur í eigin húsnæði að Bergstaðastræti 52. Þar hafa verið settar upp nokkrar sýningar en starfsemin veltur á hentugleika hverju sinni og sýningar eru settar upp með óreglulegu millibili. Frá 2014-2016 var Safn einnig starfrækt í Berlín en Pétur og Ragna eru búsett þar hluta úr ári. Þar voru, líkt og í Bergstaðastræti, settar upp sýningar úr einkasafninu á verkum íslenskra og erlendra listamanna.

Einkasafn Péturs og Rögnu skipaði ákveðinn sess í íslensku listalífi vegna sýnileika safnsins og aðgengis almennings að því. Safnið er einstakt að því leyti að þar er að finna magn erlendra samtímalistar eftir listamenn sem komu fram á ofanverðri 20. öld sem brutust gegn málverkshefðinni með því að skapa annars konar listhluti úr óhefðbundnum efnivið. Yfirlit yfir sögu einkasafna á Íslandi er ekki til en talsvert hefur verið skrifað um safn Péturs og Rögnu í dagblaðagreinum og íslenskir fjölmiðlar hafa veitt safninu nokkra athygli. Í þeim er að finna gagnrýni um sýningar í Króki, Annarri hæð og Safni og á vefnum tímarit.is má nálgast upplýsingar um einstaka sýningar auk fréttu og umfjallana um starfsemi sýningarrýmanna. Í Íslenskri listasögu, sem var gefin út árið 2011, er fjallað stuttlega um Aðra hæð og Safn í almennri umræðu um starfandi sýningarrými á Íslandi undir lok 20. aldar. Eins kom út sýningarskrá í tengslum við sýninguna „Áráttu“ í Gerðarsafni árið 2000 þar sem mátti finna umfjöllun Evu Heisler um einkasafnið auk viðtals Kristjáns Guðmundssonar við Pétur ásamt myndefni af verkum úr safneigninni og frá Króki og Annarri hæð.

Pétur og Ragna koma að myndlistarheiminum úr ólíkum áttum en Ragna er myndlistarmaður og lagði stund á nám í Reykjavík og í Stokkhólmi. Pétur er verslunarmaður sem komst ungur í kynni við list og hefur lifað í listheiminum í langan tíma. Hann hefur lagt sig fram um að skoða list innanlands sem erlendis, kynnt sér það nýjasta í stefnum og straumum og keypt verk eftir listamenn sem hafa verið brautryðjendur á sínu sviði og sett mark sitt á listheiminn. Viss þráður í söfnun Péturs og Rögnu hefur verið að kynnst þeim listamönnum sem þau kaupa verk eftir og þau hafa því myndað góð tengsl við listamenn. Söfnunin er samvinnuverkefni þeirra en Pétur heldur utan um safneignina og hefur verið atkvæðameiri í söfnuninni í gegnum tíðina. Í þessari grein er því gjarnan talað bara um Pétur, en ekki alltaf þau bæði í sömu andrá.<sup>6</sup>

## Upphaf söfnunar

Sjöundi og áttundi áratugurinn voru miklir umbrotatímar í listum í Evrópu, Bandaríkjunum og víðar en þá fékk Pétur mikinn áhuga á því sem var að gerast og lagði sig fram um að kynna sér nýja strauma og þá gerjun sem var í gangi. Miklar hræringar áttu sér stað og hreyfingar komu fram sem endurmátu gildi listarinnar og skilgreindu listhugtakið upp á nýtt. Ólíkir hlutir tóku að skarast, renna saman og mynda flæði sín á milli og listamenn leituðu fanga í ýmsar áttir. Nær stöðug bylting átti sér stað og nýjar hugmyndir kollvörpuðu þeim sem fyrir voru.<sup>7</sup> Flúxus-hreyfingin, sem myndaðist undir lok sjötta áratugarins og í upphafi þess sjöunda, varð áberandi en í henni komu saman listamenn með ólíkan bakgrunn víðs vegar að úr heiminum. Hugmyndir um óaðskiljanleika lífs og listar voru ofarlega á baugi og að listaverk ætti að vera forgengilegt líkt og lífið. Flúxus miðaði að því að gera listina hversdagslegri og var á móti liststofnunum og list sem bundin var á klafa hefðar. Skörun listgreina var áberandi og unnið var með nýja miðla líkt og bókverk, veggspjöld, myndbönd og gerninga. Matur, rusl og lífræn efni voru algengur efniviður. Um miðjan sjöunda áratuginn mótaðist mínímalisminn í listum en með honum hvarf persónulegur stíll, form og táknræn merking listamannsins úr verkinu og eftir stóð hreint form efnisins.<sup>8</sup> Undir lok áratugarins þróaðist svo konsept- eða hugmyndalistin en konseptlistamenn álitu hið sanna listaverk ekki felast í listhlutum sjálfum



Hjónin Ragna Róbertsdóttir og Pétur Arason. Mynd úr einkaeygu.

heldur í hugmyndinni að baki. Þannig væri listhluturinn tæki til miðlunar á ákveðinni hugmynd.<sup>9</sup>

Uppistaða einkasafns Péturs og Rögnu er í takt við þessar nýju áherslur og varpar ljósi á áhuga þeirra innan listarinnar, en birtir líka næmi fyrir því sem var að gerast og var mikilvægt. Á íslensku er orðið „nýlist“ notað yfir birtingarmyndir og áhrif frá flúxus-hreyfingunni og nýjum straumum á sjöunda og áttunda áratugnum en nýlistadeild var stofnuð í Myndlista- og handíðaskólanum árið 1975 og árið 1978 var Nýlistasafnið stofnað.<sup>10</sup> Á sama tíma og þessir nýju straumar voru að ná fótfestu meðal íslenskra myndlistarmanna var hið nýja málverk svokallaða einnig áberandi í íslensku listalífi og þessir tveir pólar tókust á. Pétur hafði aldrei mikinn áhuga á fígúratífri list eða nýja málverkinu en hreifst mjög af hinni nýju framsæknu list sem var að koma fram, þá sérstaklega hugmyndalist og naumhyggju.<sup>11</sup>

## Gallerí Krókur

Samfara áhuga á myndlist og söfnun óx löngun hjá Pétri og Rögnu til að standa að sýningarhaldi. Á tímabilinu 1988-1992 stóð Pétur að starfsemi

Gallerí Króks í verslun sinni á Laugavegi 37 en verslunin hafði tekið breytingum og var nú orðin að Levi's-búð. Í búðinni var krókur sem Pétur sá not fyrir og á þeim fjórum árum sem Krókur var starfræktur stýrði Pétur tuttugu sýningum á verkum ungra íslenskra listamanna. Opnunarsýningin var þó undantekning þar á en hún var sýning á verkum hollenska listamannsins Kees Visser. Á sýningum voru verk sett upp í króknum innan um fatnað og annan varning í versluninni og sýningar voru opnar á verslunartíma. Pétur bauð listamönnunum að sýna hjá sér og segir það hafa verið mjög vinsælt þar sem ekki voru margir staðir á þessum tíma þar sem ungir myndlistarmenn gátu sýnt verk sín.<sup>12</sup> Helstu sýningarstaðir í Reykjavík sem gerðu nýjum straumum í myndlist skil á áttunda og níunda áratugnum voru Gallerí Suðurgata 7, Nýlistasafnið og Gangur Helga Þorgils Friðjónssonar en á þessum stöðum átti sér stað samspil íslenskrar og erlendra myndlistar og alþjóðlegir straumar voru kynntir.<sup>13</sup> Einnig voru einstaka myndlistarviðburðir haldnir hér á landi sem vörpuðu ljósi á alþjóðlegt samstarf listamanna en þar má meðal annars nefna norrænu myndlistarsýninguna Experimental Environment II sem var haldin á Korpúlfsstöðum árið 1980.

## Önnur hæð

Um sumarið 1992 opnuðu Pétur og Ragna sýningarrýmið Önnur hæð en opnunarsýningin var sýning á verkum þýska myndlistarmannsins Günthers Umberg sem stóð yfir í júní og júlí. Önnur hæð var starfrækt í tveimur stórum stofum á heimili þeirra hjóna á annarri hæð að Laugavegi 37 og á sömu hæð var eldhúsið þeirra en svefnherbergið var á þriðju hæð. Rými Annarrar hæðar var því talsvert frábrugðið Króki en á sama hátt voru rýmin ekki einungis hugsuð sem sýningarstaðir heldur þjónuðu öðrum tilgangi sem verslun og vistarverur þar sem myndlistinni var blandað inn í það sem fyrir var. Önnur hæð var opin á miðvikudögum frá 14-18 eða samkvæmt samkomulagi og hver sýning stóð yfir í um tvo mánuði.<sup>14</sup> Ingólfur Arnarsson myndlistarmaður var meðstjórnandi Annarrar hæðar og stefna rýmisins var að kynna Íslendingum erlenda myndlist eftir listamenn sem voru flestir orðnir heimsþekktir en höfðu fengið litla athygli á Íslandi fram að þessu. Pétri og Ingólfi fannst gap hafa myndast í sýningarhaldi á Íslandi þar sem lítil áhersla hafði verið á að kynna erlenda listamenn sem unnu eftir nýjum

áherslum naumhyggju og konseptlistar sem höfðu þróast á undanförunum áratugum. Pétur og Ingólfur skrifuðu listamönnunum bréf þar sem þeir lýstu aðstæðum og buðu þeim að koma og sýna og þáðu langflestir boðið. Pétur segir að staðsetningin á Íslandi hafi skipt sköpum í því að listamennirnir höfðu áhuga á að sýna. Fólk hafði áhuga á Íslandi og var forvitið um land og þjóð en allir listamennirnir komu til landsins og settu upp sýningarnar sjálfir að frátöldum Dan Flavin og Josef Albers, sem voru látinir, og Louise Bourgeois sem komst ekki.<sup>15</sup> Auk þeirra erlendu listamanna sem sýndu á Annarri hæð voru settar upp sýningar á verkum þriggja Íslendinga; Svavars Guðnasonar, Eyborgar Guðmundsdóttur og Kristins Péturssonar sem öll voru látin. Með sýningum íslensku listamannanna vildu Pétur og Ingólfur koma á framfæri listamönnum sem höfðu að þeirra mati ekki fengið næga athygli og sem erfitt var fyrir almenning að nálgast verk eftir því hvergi var hægt að ganga að þeim sem vísun.<sup>16</sup> Um starfsemi Annarrar hæðar sagði Pétur í viðtali árið 2000: „Mig langaði til að sýna verk þessa fólks og fannst nauðsynlegt að gefa Íslendingum færi á að sjá þau. Ef þú býrð í landi þar sem þú ert ekki alveg ánægður með ástandið, er þá ekki um að gera að reyna að leggja eitthvað af mörkum?“<sup>17</sup>

Listamennirnir sem sýndu á Annarri hæð komu ýmist með verk með sér eða unnu ný verk á Íslandi. Flug og upphald listamannanna var kostað af Annarri hæð og einnig framleiðslukostnaður við þau verk sem voru unnin hér á landi. Önnur hæð hlaut ekki styrki úr opinberum sjóðum nema í tengslum við Listahátíð í Reykjavík sem á þeim tíma var haldin á tveggja ára fresti. Þannig var sýning á verkum Ilya Kabakovs á Annarri hæð 1994 unnin í tengslum við Listahátíð og eins sýning Carl Andre árið 1996.<sup>18</sup> Ingólfur Arnarsson var um þær mundir kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og í tengslum við sýningar á Annarri hæð kom hann því til leiðar að listamennirnir héldu fyrirlestra eða kæmu að gestakennslu við skólann.<sup>19</sup>

Með þessu móti kynntist Pétur listamönnunum náíð en suma hafði hann komist í kynni við áður. Í viðtali segir Pétur að drifkrafturinn að baki söfnun sinni sé persónuleg samskipti og vinátta við listamenn sem hann lagði mikið upp úr. Pétur og Ragna keyptu yfirleitt verk af þeim listamönnum sem sýndu hjá þeim og þannig bættu þau verkum í einkasafn sitt.<sup>20</sup> Í viðtali segist Pétur hafa mætt miklum skilningi hjá listamönnunum um kaup á verkum og segir að mörg verkanna hefði hann ekki haft tók á að eignast nema fyrir velvilja

listamannanna. Þeir voru margir orðnir heimsþekktir og verk þeirra þar af leiðandi dýr.<sup>21</sup>

Á umfjöllunum blaða má sjá að vel var látið af starfsemi Annarrar hæðar og metnaðarfullar sýningarnar álitnar mikilvægar fyrir íslenskt listalíf. Í umfjöllum um opnunarsýningu Günthers Umberg sagði Bragi Ásgeirsson húsnæðið á Laugavegi glæsilegt og vel til þess fallið að sýna „hvers konar naumhyggju og innsetningar“. Hann hrósaði aðstandendum fyrir smekklegt sýningarrými og sagði það standast samanburð við sýningarrými erlendis. Jafnframt orðaði hann það svo að upp væri risið „musteri þeirra er dýrka hreinræktuð viðhorf í myndlistinni“.<sup>22</sup> Í gagnrýni um sýningu Lawrence Weiner á Annarri hæð í lok árs 1996 sagði Ólafur Gíslason aðstandendur sýningarsalarins eiga „þökk skilda fyrir að koma verki þessa brautryðjanda bandarískrar konseptlistar á framfæri hér á landi“<sup>23</sup> og um sömu sýningu sagði Eiríkur Þorláksson í Morgunblaðinu að enn á ný hefði „forráðamönnum þessa sérstaka sýningarstaðar tekist að fá til sín listamann, sem verður að telja í lykilstöðu á sínu sviði“.<sup>24</sup>

Í viðtali sem Hulda Stefánsdóttir tók við Pétur og Ingólf árið 1997, þegar starfsemi Annarrar hæðar hafði verið hætt, kom fram að vegna lítills sýnileika á nútímamyndlist á Íslandi ætti almenningur erfitt með að takast á við nýja strauma. Pétur og Ingólfur töldu ágalla á íslensku listalífi að ekki væri til varanlegt safn nútímalistar og álitu að ef opinberu söfnin hefðu verið meira vakandi undangengna áratugi gætu þau átt vísi að mjög góðu nútímalistasafni. Ingólfur sagði að sú bylting sem hefði átt sér stað í myndlist hefði mætt skilningsleysi hér á landi og að söfn, skólakerfið og fjölmiðlar hefðu ekki lagt sig nægilega fram um að kynna sér og öðrum það sem væri að gerast í listgreininni. Ljóst er að Pétur og Ingólfur sáu vankanta á íslenskri safnamenningu og Önnur hæð var því viðleitni til að fylla upp í eyðu sem hafði að þeirra mati skapast.

## **Árátta - sýning í Gerðarsafni á verkum úr einkasafni Péturs og Rögnu**


Áður en að formlegri stofnun Safns kom var sýningin „Árátta“ opnuð í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni sumarið 2000 að frumkvæði Guðbjargar Kristjánsdóttur forstöðukonu safnsins en sýningin samanstóð af verkum úr



Roth

**Magn, gæði** Dieter Roth  
og nokkrir félagar  
**Quality, Quantity** Dieter Roth  
and a Few Friends

Dieter Roth  
Dorothy Iannone  
Hörður Ágústsson  
Joseph Beuys  
Jón Gunnar Árnason  
Kristján Guðmundsson  
Magnús Pálsson  
Ragnar Kjartansson  
Sigríður Björnsdóttir



Dieter

11.01. – 02.03. 2014



Boðskort frá sýningunni Magn, gæði: Dieter Roth og nokkrir félagar í Safni, Bergstaðastræti, í byrjun árs 2014.



safneign Péturs og Rögnu og var þetta í fyrsta skipti sem verk úr einkasafni þeirra voru sett saman á sýningu. Sýningin, sem var hluti af Listahátíð í Reykjavík, stóð yfir 2. júní - 8. ágúst 2000, og voru verk sett upp í öllum sölum safnsins.<sup>25</sup> Í ítarlegu viðtali við hjónin þegar undirbúningur sýningarinnar stóð sem hæst kemur fram að það hafi tekið þau drjúgan tíma að velta boðinu fyrir sér og ákveða að slá til. Þeim fannst spennandi að hafa völ á að sjá verkin sín samankomin á einni sýningu en Pétur sagði að verkin hefðu ekki verið keypt með það fyrir augum að þau væru sýnd saman á safni. Með sýningunni skapaðist líka tækifæri fyrir Pétur og Rögnu að fara í gegnum einkasafn sitt og skrá verkin sem þau höfðu ekki gert fram að þessu.<sup>26</sup> Hugmyndin með sýningunni, og jafnframt safni Péturs og Rögnu í heild, var að tefla saman innlendri og erlendri myndlist en eins og Pétur sagði í viðtali við opnun sýningarinnar þá er myndlistin alþjóðleg og ekki hægt að tala lengur um landamæri í listum. Pétri fannst vanta í íslensk söfn þann samanburð sem sæist erlendis, þar sem þarlend list væri borin saman við list annarra landa, og benti á að þó listamaður væri fæddur og uppalinn í ákveðnu landi og verkin hans bæru þess merki þá yrði öll góð list alþjóðleg.<sup>27</sup> Pétur bar stöðuna á Íslandi saman við nágrannaþjóðir á hinum Norðurlöndunum og í Evrópu þar sem söfn hafa lagt áherslu á að tefla saman innlendri og erlendri myndlist og hann varpaði fram opinni spurningu til viðmælenda sinna: „Finnst ykkur ekki að íslensk list þurfi að kallast á við erlenda list?“<sup>28</sup> Ljóst er að Pétri fannst slíku samhengi ábótavant hér á landi og svo virtist sem íslenskur myndlistarheimur hefði ekki mætt alþjóðlegum kröfum og samræmdist ekki þeim áherslum sem sæjust annars staðar um afnám skilgreindra landamæra og þjóðerna.

## **Stofnanavæðing einkasafnsins**

Árið 2003 var Samtímalistasafnið Safn opnað á Laugavegi 37 og með því var einkasafn Péturs og Rögnu gert almenningi aðgengilegt um fimm ára skeið. Húsið að Laugavegi 37 skipaði stóran sess í lífi og starfi Péturs og Rögnu en þar voru sýningarrými þrjú starfrækt, hvert með sínu sniði, auk þess sem þau voru þar til heimilis í mörg ár. Pétur hafði rekið fataverslun á fyrstu hæð hússins um nokkurt skeið en árið 1990 fluttu Pétur og Ragna inn í húsið á efri hæðirnar tvær. Laugavegur 37 er þriggja hæða bárujárnsklætt timburhús sem húsameistari ríkisins Jens Eyjólfsson teiknaði og Árni Jónsson lét reisa

árið 1906. Fyrsta hæðin hefur verið gerð upp að hluta; stórir búðargluggar settir í framhliðina auk nýs gólfefnis. Á annarri hæð, sem hefur að mestu verið haldið í upprunalegu horfi, eru nokkur misstór herbergi og í tveimur björtum samliggjandi stofum var Önnur hæð starfrækt. Þegar allt húsið var lagt undir Safn árið 2003 var ráðist í talsverðar breytingar og Pétur og Ragna fluttu í lítið bakhús að Laugavegi 37b þar sem þau bjuggu í þau fimm ár sem Safn var opið.<sup>29</sup>

Safn var rekið í samvinnu við Reykjavíkurborg og var starfrækt til ársins 2007 þegar samstarfssamningnum lauk. Sýningin „Árátt“ í Gerðarsafni hefur án efa haft áhrif á það að Pétur og Ragna íhuguðu að opna safn sitt almenningi að staðaldri en auk þess höfðu þau fengið hvatningu frá kunningjum sínum innan listheimsins sem töldu húsnaðið að Laugavegi 37 henta vel til sýninga á samtímalist og ekki síst á safneign Péturs og Rögnu. Pétur kynnti hugmyndina um rekstur Safns fyrir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, borgarstjóra Reykjavíkur, og í aðdraganda viðræðna um samstarfssamning skrifuðu nokkrir vinir hjónanna bréf til borgarstjórans þar sem þeir töluðu fyrir samningnum og mikilvægi samtímalistasafns af þessu tagi. Bandaríski myndlistarmaðurinn Roni Horn sendi snemma árs 2002 tölvupóst til borgarstjórans þar sem hún taldi upp kosti þess að opna Safn í Reykjavík en hún taldi þá meðal annars liggja í því að í gegnum safnið yrði hægt að mennta samfélagið og efla myndlistarlífið í borginni. Eins sendi Ólafur Elíasson, myndlistarmaður, Ingibjörgu Sólrúnu meðmælabréf og líka Olga Sviblova, forstöðumaður Ljósmyndasafns Moskvu. Jafnframt skrifuðu Kristján Steingrímur Jónsson, deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, og prófessorarnir Anna Línadal, Einar Garibaldi Eiríksson, Ingólfur Arnarsson og Tumi Magnússon bréf fyrir hönd skólans en í bréfinu sögðu þau að stofnun alþjóðlegs samtímalistasafns að Laugavegi yrði mikilvægt fyrir skólann meðal annars þar sem nemendur myndu þar fá aðgang að mikilvægum listaverkum og góðum bókakosti.<sup>30</sup>

Í Safni varð einkasafn Péturs og Rögnu að stofnun en það hefur lengi fylgt einkasöfnurum að reisa stofnun yfir safn sitt. Þegar líða tók á 20. öld fór stofnanavæðing einkasafna að færast í aukana og krafan varð meiri frá almenningi um að eiga hlutdeild í einkasöfnum, ýmist með því að hluti þeirra væri sýndur inni á opinberum söfnum og sýningarrýmum eða með því að reisa stofnun utan um þau.<sup>31</sup> Sýningarrými risu yfir einkasöfn, mörg hver með



Safn í Bergstaðastræti. Sýningin Magn, gæði: Dieter Roth og nokkrir félagar, 2014. Mynd: Sigfús Már Pétursson.

góðu geymsluplássi, bókasafni og starfsfólki og einkasöfnin tóku á sig mynd sjálfseignarstofnana sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni.<sup>32</sup> Með auknu aðgengi almennings fóru einkasöfn að hafa meiri þýðingu í menningarlegu samhengi og einkasöfn gáfu ekki aðeins til kynna smekk safnarans heldur fóru að standa sem heildarverk með innra samhengi. Þannig voru það ekki einstaka verk sem höfðu gildi heldur heild safneignarinnar.<sup>33</sup>

Þegar einkasöfn stækka ört verður oft nauðsynlegt að reisa rými yfir safneignina og í viðtali hefur Pétur sagt að það hlyti „að vera skemmtilegra að hafa myndlist uppi við heldur en ofan í kössum og niðri í kjallara“.<sup>34</sup> Hjá honum og Rögnu hefur löngunin frá upphafi söfnunarinnar verið að gera myndlist almennt aðgengilegri almenningi og það hefur þá komið náttúrulega í kjölfarið að vilja sýna einkasafn sitt.<sup>35</sup> Öll sýningarrými á vegum Péturs og Rögnu hafa verið rekin án hagnaðarsjónarmiðs, eingöngu til að sýna og miðla list. Líkt og Pétur hafa margir safnarar tilhneigingu til að hallast að sýningarstjórn og í eigin sýningarrými geta þeir sett upp sýningar sem ekki væri á þeirra færi annars staðar. Þá geta stofnanir einkasafnara leikið stórt hlutverk á svæðum þar sem fjárveitingar frá hinu opinbera til lista eru tak-

markaðar eða ekki fyrir hendi. Stofnanavæðing einkasafna getur þannig falið í sér ákveðna gagnrýni á starfsemi opinberra liststofnana og persónulegri sýn eins manns er þannig stillt upp sem mótvægi við yfirráðum þeirra. Í mörgum tilfellum nota einkasafnarar ekki hugtakið „safn“ (e. museum) yfir starfsemi sína, þar sem það vísar til stofnanalegrar uppbyggingar með annars konar markmiðum og starfsemi.<sup>36</sup> Íslenska hugtakið „safn“ hefur víðari merkingu en svo að það vísi einvörðungu til safnastofnunar en það er einnig notað yfir samansafn hluta (e. collection), sauðahjarðar (sbr. fjársafn), birgða og fjölda. Hugmyndin að nafninu er frá Rögnu komin en það var Roni Horn sem lagði til að nafninu yrði haldið á íslensku og ekki þýtt yfir á ensku fyrir erlenda gesti. Horn lagði þannig til að íslenskum uppruna safnsins væri haldið á lofti þar sem safnið er íslenskt þó að í því séu mörg erlend verk.<sup>37</sup> Þó Safn Péturs og Rögnu vísi til samansafn hluta frekar en stofnunar safns var þó með samstarfssamningnum við Reykjavíkurborg leitast við að búa til varanlegt samtímalistasafn á Íslandi í líkingu við samtímalistasöfn annars staðar en Pétri fannst vanta í íslenska flóru safn sem væri með fastasýningar á safneigninni í bland við breytilegar sýningar. Krókur, Önnur hæð og Safn í Bergstaðastræti og í Berlín voru sýningarrými þar sem settar voru upp breytilegar sýningar á nokkurra mánaða fresti en Safn á Laugavegi var meira í ætt við starfsemi safnastofnana sem standa fyrir fastasýningum, breytilegum sýningum, fræðslustarfi, aðgengi að bókasafni og fleira.

## **Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg**

Þann 21. janúar 2003 var í Höfða undirritaður samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Péturs Arasonar um rekstur alþjóðlegs samtímalistasafns sem byggði starfsemi sína á viðamikilli listaverkaeign Péturs og Rögnu. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Pétur undirrituðu samninginn og auk þeirra kom að málinu Stefán Jón Hafstein formaður menningarmálanefndar.<sup>38</sup> Í samstarfssamningnum kom fram að gegn 14 milljóna króna árlegu fjárframlagi Reykjavíkurborgar myndi félagið Pétur Arason ehf. leggja til húsnæði við Laugaveg 37, listaverkaeign hjónanna auk bóka í þeirra eigu. Húsnæðið skyldi notað til sýninga á safneigninni og á nýjum verkum eftir erlenda listamenn auk íslenskrar nútímalistar og þar átti jafnframt að vera bókasafn og vinnuástaða fyrir listfræðinga og myndlistarnemendur.<sup>39</sup> Upp-

hæðin átti að standa straum af rekstri safnsins hvað varðar opinber gjöld og laun til starfsmanns sem yrði ráðinn í hálfstarf. Samningstíminn var fimm ár eða frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2007. Í samningnum kom einnig fram að Listasafn Reykjavíkur fengi aðgang að listaverkasafninu vegna sýninga á þeirra vegum og jafnframt að félagið Pétur Arason ehf. fengi aðgang að listaverkasafni Listasafns Reykjavíkur í tengslum við sýningar í Safni. Markmiðið með því að opna safnið almenningi var að „veita nýjum straumum inn í íslenskt myndlistarlíf og stuðla að endurmati og gagnrýnni skoðun á möguleikum og tilgangi myndlistar á Íslandi“ eins og fram kom í samningnum.<sup>40</sup>

Borgarstjóri og formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar voru bæði ánægð með fyrirkomulag samningsins, en Ingibjörg Sólrún borgarstjóri sagðist sannfærð um að safn af þessu tagi gerði borgina að öflugra samfélagi.<sup>41</sup> Stefán Jón, formaður menningarmálanefndar, sagði að tilfinnanlega hafi vantað samtímalistasafn í Reykjavík þar sem alþjóðleg list væri sýnd og sagði að borgin væri mjög þakklát fyrir samstarfið. Hann sagði Safn breyta menningarlandslaginu og styrkja miðborgina og að Pétur ætti heiður skilinn fyrir að bæta menningarlíf borgarinnar. Safn var að þeirra mati viðleitni til að styrkja Laugavegin og að með nábyli Safns við Nýlistasafnið að Vatnsstíg og ið í Ingólfsstræti skapaðist spennandi vettvangur fyrir myndlist í hjarta miðbæjarins og að starfsemin myndi styrkja hver aðra.<sup>42</sup> Stefán Jón sagði jafnframt að miklu máli skipti að Pétur hefði víðtæk sambönd erlendis og myndi koma til með að standa að sýningum erlendra listamanna á Íslandi en í samningnum voru 400 þúsund krónur eyrnamerkta árléga til að bjóða einum erlendum listamanni að sýna í safninu.<sup>43</sup> Yfirlýst stefna Reykjavíkurborgar var að „efla alþjóðleg tengsl og alþjóðlegan borgarbrag“ en Stefán Jón taldi að með Safni myndi borgin ná fram slíkum markmiðum. Af orðum Ingibjargar Sólrúnar við undirritun samstarfssamningsins er ljóst að samstarfið var mikils metið og myndi renna stöðum undir blómlegra menningarlíf í borginni: „Hér er til þetta safn, ómetanlegt safn, og sá sem á það er tilbúinn að opna okkur hinum leið að því. Það auðgar miðborgina, auðgar menningarflóruna og gerir þetta samfélag ríkara en það ella væri.“<sup>44</sup>

Um aldamótin 2000 hafði menningarstarfsemin í Reykjavík farið að taka nokkrum breytingum og samstarfssamningurinn við Pétur og Rögnu féll vel að nýjum áherslum sem voru að mótast. Árið 2000 var

Reykjavík ein af níu menningarborgum Evrópu en á hverju ári frá 1985 hefur Evrópusambandið veitt einni eða fleiri borgum álfunnar þennan titil. Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á menningarlega sérstöðu einstakra borga og sýna fjölbreytileika Evrópuþjóðanna sem og að auka tengsl milli þeirra. Markmið Reykjavíkur sem menningarborgar voru meðal annars að auka hlut menningar í starfsemi borgarinnar og að vekja Íslendinga til gagnrýnnar hugsunar um stöðu eigin menningar í alþjóðlegu samhengi.<sup>45</sup> Fyrsta menningarstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt árið 2001 en hún hefur verið endurskoðuð með reglulegu millibili þó grunnþættir hennar hafi haldist þeir sömu. Leiðarljós stefnunnar er að „Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu“, að „sjálfsmýnd borgarinnar byggji á menningararfi, frjórri hugsun og frumkvæði“ og að „menningarlífíð einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta“. Í stefnunni eru skýr markmið borgarinnar í menningarmálum mótuð en málaflokkar sem falla undir stefnuna eru meðal annars „menningarstofnanir Reykjavíkurborgar“, „listir“ og „alþjóðleg menningarborg“. Formlegar menningarstofnanir Reykjavíkurborgar eru söfn á borð við Listasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Borgarbókasafnið en í menningarstefnunni kemur fram að til að efla listalíf í borginni og endurspegla fjölbreytileika menningarinnar skuli einnig gera þjónustusamninga og veita styrkjum til einstakra listamanna og stofnana. Undir málaflokknum um Reykjavík sem alþjóðlega menningarborg er mikilvægi samvinnu erlendra og íslenskra listamanna undirstrikað og þátttaka erlendra listamanna á íslenskum myndlistarvettvangi talin lyftistöng fyrir listalífið.<sup>46</sup> Á umfjöllunum að dæma var tilkoma Safns kærkomin viðbót við menningarlífíð og féll vel að stefnu borgarinnar í menningarmálum.<sup>47</sup>

## Gagnrýni á samstarfssamning

Á vordögum 2003 áttu sér stað skoðanaskipti í fjölmiðlum um samstarfssamning Reykjavíkurborgar við Pétur og Rögnu og ýmsir höfðu uppi gagnrýnisraddir. Gagnrýnin beindist aðallega að því fjárframlagi sem Pétri Arasyni ehf. var veitt sem sumum fannst koma niður á frjálsri grasrótastarfsemi og stofnunum á borð við Nýlistasafnið. Við undirritun samstarfssamningsins í Höfða hafði líka verið tilkynnt um fyrirhugaða fjárveitingu til Nýlistasafnsins vegna flutninga þess og Ingibjörg Sólrún

borgarstjóri sagðist vonast til að geta gengið farsællega frá þeim málum sem fyrst. Geir Svansson, þáverandi framkvæmdastjóri Nýlistasafnsins, sagðist hafa fulla trú á því að svo myndi verða þar sem hann teldi mikinn skilning og vilja fyrir hendi hjá ráðamönnum um að styrkja safnið.<sup>48</sup> Ásmundur Ásmundsson, þáverandi formaður stjórnar Nýlistasafnsins, efaðist þó um að 80 milljóna króna framlag borgarinnar til einkasafnara væri líklegt til að styrkja framsækna myndlist á Íslandi og taldi að samningurinn vægi að tilvistargrundvelli Nýlistasafnsins sem stæði frammi fyrir miklum fjárhagsörðugleikum.<sup>49</sup> Einnig var menningarmálanefnd gagnrýnd fyrir að veita frekar fjármunum til einkaaðila heldur en „öflugasta og langlífasta félagsrekna sýningar[sal[ar] samtímalistar í borginni [Nýlistasafnsins]“.<sup>50</sup> Stefán Jón Hafstein formaður menningarmálanefndar vísaði gagnrýninni á bug og dró fram sína hlið á málinu. Hann sagði að samningurinn við Pétur Arason ehf. hefði ekki verið spurning um annaðhvort eða; að Safn hefði ekki „tekið frá“ annarri menningarstarfsemi“.<sup>51</sup> Umræðan fór að mestu fram áður en Safn var opnað en eftir það dró úr gagnrýni á fyrirkomulagið.

Það má velta fyrir sér undirliggjandi ástæðu þessarar togstreitu en á Íslandi hefur öflugasta menningarstarfsemin í gegnum tíðina verið að frumkvæði listamanna sjálfra og framtaks þeirra. Listamannarekin rými hafa verið helsti vettvangur fyrir listamenn að sýna verk sín en ástæðu þess má rekja til lítils markaðar fyrir starfsemi viðskiptagallería og safnara hér á landi. Það hafði ekki sést fram að þessu að framtak einkasafnara færi inn í fjárlög borgarinnar og olli því umróti í fyrir fram mótuðum listheimi á Íslandi sem einkenndist af grasrótastarfsemi sem var vön að berjast í bökkum við að halda starfsemi sinni lifandi. Árið 2000 birtist í bandaríska listtímaritinu *Art in America* umfjöllun listgagnrýnandans og sýningarstjórans Gregory Volk um listalífið á Íslandi en Volk hefur lengi skrifað fyrir tímaritið og verið ötull í skrifum um íslenska list. Í greininni gerði hann úttekt á sýningum íslenskra listamanna í Reykjavík og erlendis og komst að þeirri niðurstöðu að Ísland væri hratt að færast í átt til meiri heimsborgarbrags og að íslenskir listamenn væru að laga sig að og mæta alþjóðlegum listmarkaðskröfum.<sup>52</sup> Volk sagði ástæðu þess að svo mörg listamannarekin rými og frumkvæði hefðu verið starfrækt á Íslandi í gegnum árin væri skortur á söfnurum og sýningarstjórum sem létu sig samtímalist varða en í því samhengi nefndi hann Pétur Arason sem hefði með stóru einkasafni sínu og sýningarhaldi haft mikil áhrif á menningar-



umhverfið á Íslandi.<sup>53</sup> Þremur árum síðar var samningurinn um rekstur Safns gerður og þrátt fyrir óánægju í upphafi var með samningnum verið að færast í átt til alþjóðlegri strauma og áherslna úti í heimi sem höfðu ekki enn náð almennilegri fótfestu hér á landi.

## Starfsemi Safns

Þann 11. júní 2003 var Safn opnað almenningi en helgina áður hafði safnið verið opnað fyrir boðsgesti. Í einkasafni Péturs og Rögnu voru á þessum tíma um fjögur hundruð verk, þar af tvöhundruð og fimmtíu eftir erlenda listamenn en um hundrað og fimmtíu eftir íslenska.<sup>54</sup> Safn starfaði á þremur hæðum hússins að Laugavegi 37 eða á rúmlega 500 fermetra gólfleti. Styrkurinn frá Reykjavíkurborg samsvaraði leigu á húsnæðinu og gerði þeim kleift að hafa opið fimm daga vikunnar. Pétur sá um rekstur Safns og vann við það endurgjaldslaust. Hann annaðist uppsetningar og umsjón sýninga en réð til sín starfsmann í hálftr starf.<sup>55</sup> Markús Þór Andrésson sýningarstjóri vann þar í tvö ár og við af honum tók Birta Guðjónsdóttir sýningarstjóri. Einnig vann Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir í Safni í nokkra mánuði.

Talsverðar breytingar voru gerðar á húsinu áður en Safn var opnað. Á fyrstu hæð var útbúin aðstaða fyrir starfsmann og á efstu hæð voru settir nýir gluggar sem hleyptu góðri birtu inn í rýmið. Efsta hæðin samanstóð af miðrými og nokkrum öðrum smærri rýmum og í einu þeirra var bókasafn þar sem fólk gat sest niður og litið í myndlistartengdar bækur í eigu Péturs og Rögnu. Nemendur og kennarar Listaháskóla Íslands notaðu bókasafnið og sýningarnar í Safni mikið og komu hópar þaðan í skipulagðar leiðsagnir um safnið og sýningarnar.<sup>56</sup> Almenn var talið að húsnæði safnsins gerði samtímamyndlist góð skil þar sem hún birtist í öðru ljósi en í stórum sýningar-sölum safna og gallería. Í Safni gafst kostur á því að sjá verkin í miklu návígi sökum smæðar rýmisins og tilfinning fékkst fyrir því að hægt væri að hafa samtímamyndlist heima hjá sér.<sup>57</sup>

Spurður út í þá ákvörðun að flytja að heiman til að veita almenningi aðgang að safninu sagði Pétur að um væri að ræða listaverk sem honum þætti vænt um og hann langaði til að kæmu fyrir augu almennings. Stór hluti af listaverkeigninni hafði fram að þessu verið í geymslu og eins og Pétur hefur sagt þá er skemmtilegra að hafa verk til sýnis heldur en í geymslu. Pétur

hefur einnig sagt að drifkrafturinn að baki opnun Safns sé svipaður og hjá myndlistarmanni; samfara því að skapa eða eignast góð verk og vera stoltur af þeim er gaman að hafa kost á því að miðla.<sup>58</sup> Pétur sagði að með tilkomu Safns rættist það sem hann hefði óskað sér alla tíð því uppáhaldsstaða safnarans væri að vera daglega með verkum sínum.<sup>59</sup> Í viðtali sagði Pétur það nauðsynlegt fyrir Íslendinga að eiga aðgang að verkum helstu listamanna samtímans. Í Safni var lögð áhersla á að ákveðin lykilverk væru til sýnis að staðaldri og nýjar breytilegar sýningar fléttuðust inn í fastasýningu úr safneigninni.<sup>60</sup>

Ragna Sigurðardóttir fjallaði um opnunarsýningu Safns í Lesbók Morgunblaðsins nokkrum dögum eftir opnun en sýningin samanstóð af verkum íslenskra og erlendra listamanna úr safneigninni. Um helmingur einkasafnsins var til sýnis en þegar komið var inn á fyrstu hæð gat meðal annars að líta verk eftir Ólaf Elíasson, textaverk Lawrence Weiner, fjörugrjót Richard Long og fuglamyndir Roni Horn. Á annarri hæð var meðal annars sameiginlegt verk Finnþoga Péturssonar og Rögnu Róbertsdóttur, uppblásin sundlaug Céleste Boursier-Mougenot og verk eftir Hrein Friðfinnsson, Hrafnkel Sigurðsson, Gabríelu Friðriksdóttur, Söruh Lucas og Roman Signer. Á þriðju og efstu hæðinni voru til dæmis verk eftir Stanley Brouwn, Gerwald Rockenschaub og Richard Tuttle. Í september hófst svo vetrardagskrá Safns með gjörningi Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur, „Árstíðirnar,“ og eftir það voru nýjar sýningar settar upp á nokkurra mánaða fresti og fastasýningin var aðlöguð að þeim.<sup>61</sup> Það sem eftir var af árinu 2003 voru settar upp sýningar á nýjum verkum eftir Adam Barker-Mill og Hrafnkel Sigurðsson, yfirlitssýning á verkum Hreins Friðfinnssonar og fimm nýjar DVD-teiknimyndir eftir Lawrence Weiner voru sýndar á efstu hæðinni.<sup>62</sup>

## Safni lokað á Laugavegi

Í september árið 2007 birtist í Fréttablaðinu úttekt Páls Baldvins Baldvinssonar á menningarstarfsemi í miðborginni en þar kom fram að mörg sýningarrými stæðu frammi fyrir húsnæðis- og geymsluvanda og flutningar eða starfslok væru yfirvofandi. Safn Péturs og Rögnu var þar á meðal því samstarfssamningur við Reykjavíkurborg var að renna út og útlit fyrir að samningurinn yrði ekki framlengdur.<sup>63</sup> Sú varð raunin og með sýningu á



Safn í Berlín. Verk eftir Richard Long á sýningunni The Light of Day - Magma works, 2014. Mynd: Henrik Strömberg.

verkum Kristjáns Guðmundssonar var dyrum Safns lokað þann 31. desember 2007.<sup>64</sup>

Á haustmánuðum áður en Safni var lokað bar nokkuð á umfjöllunum í fjölmiðlum þar sem fólk mælti gegn lokun Safns. Guðrún Erla Geirsdóttir myndlistarmaður og Oddný Sturludóttir sátu báðar í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkur fyrir hönd Samfylkingarinnar og skrifuðu sameiginlega ályktun í Fréttablaðið þar sem þær hörmuðu yfirvofandi lokun.<sup>65</sup> Marianne Ping Huang, skórarformaður lista- og menningarfræðideildar Kaupmannahafnarháskóla og meðlimur í dómnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, og Tania Örum, lektor í lista- og menningarfræðideild Kaupmannahafnarháskóla, skrifuðu jafnframt grein í Morgunblaðið en þær höfðu komið í tíðar heimsóknir til Íslands á síðustu árum, ferðast um landið og heimsótt helstu menningarstofnanir og sýningar í Reykjavík. Mestu upplifunina sögðu þær hafa verið þegar þær fundu Samtímalistasafnið Safn á Laugavegi og sáu samankomin verk heimsþekktara alþjóðlegra listamanna á borð við Pipilotti Rist, Dieter Roth, Donald Judd, Ilya Kabakov, On Kawara og Carl Andre við hlið verka íslenskra listamanna. Þær sögðu að Safn væri meira en listaverkasafn og sýningarrými heldur væri það „lifandi vitnisburður um alþjóðleg tengsl Íslands og umheimsins í myndlist á síðari hluta tuttugustu aldar“.<sup>66</sup> Þær tjáðu furðu sína á því að svo mikilvægur hluti af menningarsögu Íslands væri í einkaeign en ekki í eigu hins opinbera og mótmæltu lokun Safns: „Ekki slá hendinni á móti íslenskri menningarsögu sem sýnir svo vel hin fjörlegu samskipti Íslands og listamanna úr öllum heimshornum, listamanna sem eru að geta sér æ meira orð og eiga eftir að hafa mikil áhrif á 21. öldina.“<sup>67</sup>

Svipuð sjónarmið setti Fríða Björk Ingvarsdóttir fram í Morgunblaðinu árið 2009 þar sem hún harmaði að ekkert alþjóðlegt samtímalistasafn væri til á Íslandi eftir að Safni hafði verið lokað rúmu ári áður. Hún sagði að erfitt væri að gefa sanna mynd af íslenskri myndlist nema setja hana í samhengi við alþjóðlegar stefnur og strauma og að betri skilningur fengist á list íslenskra listamanna ef hún væri borin saman við list erlendra kollega þeirra: „Skilningur okkar á Kristjáni Guðmundssyni er dýpri ef við þekkjum Donald Judd, á Kristni Hrafnssyni ef við höfum séð Lawrence Weiner [...] Þannig mætti lengi telja.“<sup>68</sup>

Segja má að með samanburði íslenskra og erlendra listamanna á

sýningunum í Safni fékkst ný sýn á listasöguna og tengsl íslenskra listamanna við umheiminn voru undirstrikuð; tengsl sem höfðu alltaf verið til staðar en skort hafði vettvang þar sem þau voru færð fram í dagsljósið og haldið á lofti.

## Safn á Bergstaðastræti og í Berlín

Meðalaðsókn í Safn á ári var á bilinu fjórtán til sextán þúsund gestir en á síðustu tveimur árunum sem Safn var starfrækt komu um tuttugu þúsund gestir hvort árið og því ljóst að áhugi almennings var fyrir hendi og aðsókn eftir því.<sup>69</sup> Safneignin hafði vaxið og samanstóð við lokun af um sjöhundruð og fimmtíu verkum sem var þá pakkað niður og færð í kjallara að Vatnsstíg þar sem þau voru að stórum hluta í geymslu þar til Safn var opnað í nýju sýningarrými að Bergstaðastræti árið 2013. Fyrsta sýningin sem var formlega opnuð í Bergstaðastræti 52 var sýningin Magn, gæði: Dieter Roth og nokkrir félagar sem Markús Þór Andrésson stýrði en sýningin stóð yfir frá 11. janúar til 2. mars 2014. Á sýningunni voru bókverk, teikningar og grafíkverk eftir Dieter Roth auk verka eftir nokkra félaga hans og samstarfsfólk; Dorothy Iannone, Hörð Ágústsson, Joseph Beuys, Jón Gunnar Árnason, Kristján Guðmundsson, Magnús Pálsson, Ragnar Kjartansson og Sigríði Björnsdóttur. Árið á undan opnun sýningarinnar höfðu Pétur og Ragna stillt upp í safninu verkum úr safneigninni án þess að um formlega sýningu væri að ræða en þar gat að líta verk eftir Bernd og Hillu Becher, Hrein Friðfinnsson, Jóhann Eyfells, Lawrence Weiner, Ólaf Elíasson, Roger Ackling og Sigurð Guðmundsson. Sýningarrými Safns er á jarðhæð hússins og stórir gluggar og góð lýsing gefa gestum og vegfarendum innlit í safnið frá götunni og listinni er þannig miðlað beint út í borgarrýmið. Í janúar 2015 var opnuð sýningin < alin I í sýningarstjórn Birtu Guðjónsdóttur en á sýningunni voru valin smáverk úr safninu. Síðan þeirri sýningu lauk hefur engin formleg sýning verið haldin en rýmið nota Pétur og Ragna líka sem vinnurými og setja upp sýningar með óreglulegu millibili.

Í mars 2014 var Safn opnað í Berlín en Pétur og Ragna eru búsett þar hluta úr ári, eins og áður segir. Þar voru settar upp sýningar á verkum úr einkasafninu og áhersla lögð á sýningar eins eða tveggja listamanna frekar en stærri samsýningar. Rýmið í Berlín var starfrækt sem sýningarrými í tæp þrjú ár en síðasta sýningin þar var sýningin Mixed Media með verkum Dieters

Roth og Karin Sander sem lauk í upphafi árs 2017. Katharina Wendler var sýningarstjóri sýningarinnar en hún sá um rekstur og starfsemi rýmisins ásamt Pétri og Rögnu. Markmiðið með Safni í Berlín var að gera einkasafnið aðgengilegt á alþjóðlega vísu og skapa jafnframt vettvang til að sýna verk íslenskra listamanna erlendis.<sup>70</sup> Safnið var á Levetzowstraße 16 en fyrsta sýningin var *The light of day – Magma works* sem stóð yfir dagana 14. mars til 31. júlí 2014 með verkum Rögnu Róbertsdóttur og Lawrence Weiner auk eins verks eftir Richard Long. Í viðtali við Katharinu Wendler kemur fram að með opnunarsýningu Safns í Berlín hafi þau leitast við að kynna sýningarrýmið á þessum nýja vettvangi og jafnframt að kynna uppruna og eðli einkasafnsins fyrir listheiminum í Berlín. Sýningin vísaði því sterkt til íslensks hugarheims og náttúru auk þess sem þar var teft saman íslenskum og erlendum listamönnum sem vinna eftir nálgunum mínímalisma og konseptlistar. Aðrar sýningar í Safni Berlín voru *Faster and Slower and Cause and Consequence* á verkum Kristjáns Guðmundssonar og Donalds Judd, 11. september 2014 til 31. janúar 2015, í sýningarstjórn Katharinu Wendler; *Notions of Time* með verkum Hreins Friðfinnssonar og Roman Signer, 20. mars til 25. júlí 2015, í sýningarstjórn Wendler; *Invisible Lines* með verkum Alan Johnston og Stanley Brouwn, 24. september 2015 til 30. janúar 2016, í sýningarstjórn Wendler og *Visiology / Methodology* með verkum Bjarna Þórarinssonar og Hanne Darboven, 18. mars til 17. júlí 2016 í sýningarstjórn Wendler og Birtu Guðjónsdóttur.<sup>71</sup>

## Lokaorð

Pétur Arason og Ragna Róbertsdóttir eiga eitt stærsta einkasafn á Íslandi og jafnframt eitt stærsta safn erlendra samtímamyndlistar í landinu en meðfram söfnuninni hafa þau rekið ólík sýningarrými og verið virk í sýningarhaldi á safneign sinni. Í starfi sínu hefur það verið þeim hugleikið að fá erlenda samtímamyndlist til að kallast á við íslenska og koma á flæði þar á milli. Í tengslum við starfsemi sýningarrýma sinna fengu þau marga erlenda listamenn til að sýna hjá sér en koma listamannanna og sýningar þeirra urðu lyftistöng fyrir íslenskt menningarlíf. Pétur og Ragna keyptu yfirleitt verk af þeim listamönnum sem sýndu hjá þeim og verk listamannanna urðu því eftir á Íslandi og urðu hluti af íslenskri einkasafneign. Stærstur hluti

safneignarinnar eru erlend verk og þegar samstarfssamningur var gerður milli Reykjavíkurborgar og Péturs og Rögnu árið 2003 fannst fulltrúum í menningarráði borgarinnar mikilvægt að standa að sýningum erlendra listamanna á Íslandi. Menningarstefna Reykjavíkurborgar var á þessum tíma að efla alþjóðabrag borgarinnar og féll starfsemi Safns vel að þeim menningarpólitísku áherslum. Safn var nýjung í menningarlandslaginu og sætti gagnrýni, þar sem ýmsum fannst að með opinberum fjárstuðningi til einkaaðila væri vegið að starfsemi annarra liststofnana og liststarfsemi. Opinberu söfn landsins höfðu fram að stofnun Safns veitt samtímalistamönnum takmörkuð tækifæri til að sýna verk sín en auk sýningarrýma Péturs og Rögnu voru það helst Suðurgata 7, Nýlistasafnið og Gangur Helga Þorgils Friðjónssonar sem sinntu og lögðu áherslu á samtímamyndlist og tengsl Íslands við hinn alþjóðlega listheim.<sup>72</sup> Með stuðningi borgaryfirvalda gátu Pétur og Ragna haft verk úr safneign sinni til stöðugrar sýningar og þar með staðið að bótum á því sem þeim fannst vera miður hjá opinberum söfnum auk þess sem að í Safni fór fram fjöldi myndlistartengdra viðburða og nýjar sýningar samtímalistamanna voru settar upp. Eftir að samstarfi við Reykjavíkurborg lauk var Safn ekki sýnilegt um nokkurra ára skeið eða þar til Pétur og Ragna opnuðu Safn í nýju rými í miðbæ Reykjavíkur þar sem þau héldu stofnuninni í gangi að eigin frumkvæði og forsendum. Þau færðu einnig út kvíarnar til Berlínar þar sem safneignin náði til stærri hóps fólks og alþjóðlegri.

Segja má að Pétur og Ragna hafi átt ríkan þátt í því að verk heimsþekkra myndlistarmanna eru til á Íslandi, hafa komið fyrir sjónir almennings og verið sett í samtal við íslenska list en slíkt samhengi hefur aukið gildi listarinnar og fært íslenskan listheim nær alþjóðlegum áherslum.



### Óprentaðar heimildir

Bréf í eigu Péturs Arasonar.

Pétur Arason. Viðtal við höfund, 3. desember 2013.

Pétur Arason. Viðtal við höfund, 28. maí 2014.

Ragna Róbertsdóttir. Viðtal við höfund, 21. nóvember 2012.

Ragna Róbertsdóttir. Viðtal við höfund, 3. júní 2014.

Ragna Róbertsdóttir og Pétur Arason. Viðtal við höfund, 12. ágúst 2014.

Samstarfssamningur um rekstur alþjóðlegs listasafns að Laugavegi 37, Reykjavík. Borgarskjalasafn.

Wendler, Katharina. Viðtal í tölvupósti, 5. júlí 2014.

### Prentaðar heimildir

Ásmundur Ásmundsson, „Samtímalistasafn“, Morgunblaðið, 3. maí 2003, 42.

Braddock, Jeremy, Collecting as Modernist Practice. Baltimore: The Johns Hopkins University Press, 2012.

Bragi Ásgeirsson, „Blakkir fletir“, Morgunblaðið, 22. júlí 1992, 11.

Buck, Louisa og Judith Greer, Owning Art: The Contemporary Art Collectors Handbook, London: Cultureshock Media, 2006.

„Nú rætast óskirnar“, Dagblaðið Vísir, 29. janúar 2003, 14.

Einar Falur Ingólfsson, „Frumformin undirstaða alls“, Morgunblaðið, 6. febrúar 1997, 24.

Einar Falur Ingólfsson, „Safnarar samtímans“, Morgunblaðið, 28. maí 2000, 6B-9B.

Einar Falur Ingólfsson, „List sem á erindi“, Morgunblaðið, 25. maí 2003, 24.

Eiríkur Þorláksson, „Undirstaðan“, Morgunblaðið, 13. júní 1996, 28.

Eiríkur Þorláksson, „(Sem tærast)“, Morgunblaðið, 3. desember 1996, 30.

Fríða Björk Ingvarsdóttir, „Hugsunarháttur eyþjóðar“, Lesbók Morgunblaðsins, 4. apríl 2009, 1.

Gerla og Oddný Sturludóttir, „Safn við Laugaveg“, Fréttablaðið, 27. september 2007, 28.

Gudsteinn, „Listaverkasafnari af ástriðu“, Fréttablaðið, 25. janúar 2003, 28.

Halldór Björn Runólfsson, „Alþjóðlegt samtímasafn“, Morgunblaðið, 1. mars 2003, 35.

Halldór Björn Runólfsson, „Hið gegnsæja gól“, Morgunblaðið, 27. apríl 2003, 30.

Halldór Björn Runólfsson, „Að loknum ýfingum“, Morgunblaðið, 9. maí 2003, 33.

Halldór Björn Runólfsson, „Erlend tengsl: Holland og Bandaríkin“, í Íslensk listasaga frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar, IV bindi, ritstj. Ólafur Kvaran, 168-170. Reykjavík: Forlagið og Listasafn Íslands, 2011.

Hannes Lárusson, „Yfirsjónir“, Lesbók Morgunblaðsins, 12. apríl 2003, 4-5.

Harpa Þórsdóttir, „Tilvistarleg tilvera“, í Íslensk listasaga: frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar, V bindi, ritstj. Ólafur Kvaran. Reykjavík: Forlagið og Listasafn Íslands, 2011.

Heisler, Eva, „Um safn Péturs Arasonar“, í Árátt: Sýning úr einkasafni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur, ritstj. Guðbjörg Kristjánsdóttir. Kópavogur: Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, 2000.

Helgi Þorgils Friðjónsson, „Safn“, Morgunblaðið, 1. júní 2003, 34.

Jakob Bjarnar Grétarsson, „Listin styrkir miðborgina“, Fréttablaðið, 22. janúar 2003, 18.

J.H., „Áhrif Dieters Roth og andardráttur reglu og óreiðu“, Morgunblaðið, 14. maí 1994, 4C.

Kristján Guðmundsson, „Viðtal við Pétur Arason. Gestir: Sigurður Guðmundsson og Alan Johnston“, í Árátt: Sýning úr einkasafni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur, ritstj. Guðbjörg Kristjánsdóttir. Kópavogur: Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, 2000.

Laufey Helgadóttir, „Markalínur máðar“, í Íslensk listasaga frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar, IV bindi, ritstj. Ólafur Kvaran. Reykjavík: Forlagið og Listasafn Íslands, 2011.

Margrét Elísabet Ólafsdóttir, „Hugsjónir menningarmálanefndar“, Morgunblaðið, 25. maí 2003, 30-31.

Menning er mannækt: Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2009-2012, Reykjavíkurborg, 2009.

Osborne, Harold, The Oxford Companion to Twentieth-Century Art, Oxford: Oxford University Press, 1988.

Ólafur Engilbertsson, „Donald Judd á Annarri hæð“, DV, 30. september 1992, 32.

Ólafur Gíslason, „Dagsljósið eins og það er“, Dagblaðið Vísir, 18. nóvember 1996, 12.

Páll Baldvin Baldvínsson, „Samtímalist hverfur frá Laugavegi“, Fréttablaðið, 23. september 2007, 22.

Ping Huang, Marianne og Tania Örum, „Haldið Safninu!“, Lesbók Morgunblaðsins, 1. desember 2007, 10.

Ragna Sigurðardóttir, „Listsköpun við Laugaveg“, Lesbók Morgunblaðsins, 14. júní 2003, 14.

Ragna Sigurðardóttir, „Tímalínur“, Morgunblaðið, 8. desember 2007, 24.

„Reykjavík - menningarborg Evrópu árið 2000“: Framkvæmdastjórnin tekur við undirbúningi.“  
Morgunblaðið, 27. febrúar 1997, 23.

SA, „Í listum eru engin landamæri“, Dagblaðið Vísir, 2. júní 2000, 40.

„Samningur um samtímalistasafn undirritaður: Gerir samfélagið ríkara en ella“, Morgunblaðið, 28. janúar 2003, 23.

Schön, Christian og Jón Proppé, „Pétur Arason, collector and curator: Safn Closes its Doors“, LIST: Icelandic Art News. (artnews.is, 22. september), 2007.

„Skiptir miklu máli fyrir menningarlandslagið í borginni“, Morgunblaðið, 22. janúar 2003, 24.

Stefán Jón Hafstein, „Ábendingar vegna umræðu um samtímalistasafn“, Morgunblaðið, 27. maí 2003, 27.

„Vetrarstarf Safns hefst með gjörningi“, Morgunblaðið, 18. september 2003, 25.

„Vil hafa lykilverkin uppi“, Morgunblaðið, 11. júní 2003, 21.

Volk, Gregory. „Art on Ice“, Art in America 88, 2000, 41-45.

Þóroddur Bjarnason. „DVD“, Morgunblaðið, 11. desember 2003, 32.

### Neðanmálgreinar

- 1 Heisler, Eva, „Um safn Péturs Arasonar“, 6.
- 2 Kristján Guðmundsson, „Viðtal við Pétur Arason Gestir: Sigurður Guðmundsson og Alan Johnston“, 28.
- 3 Kristján Guðmundsson, „Viðtal við Pétur Arason Gestir: Sigurður Guðmundsson og Alan Johnston“, 20.
- 4 Schön og Jón Proppé, „Pétur Arason, collector and curator: Safn Closes its Doors.“
- 5 „Vil hafa lykilverkin uppi“, 21.
- 6 Greinin byggir á MA-ritgerð höfundar, Einkasafn Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur: Söfnun og sýningarhald á alþjóðlegri myndlist á Íslandi, 2014. Sjá skemman.is.
- 7 Laufey Helgadóttir, „Markalínur máðar“, 2011, 8-9.
- 8 Halldór Björn Runólfsson, „Erlend tengsl: Holland og Bandaríkin“, 2011, 168-169.
- 9 Osborne, The Oxford Companion to Twentieth-Century Art, 122-123.
- 10 Harpa Þórsdóttir, „Tilvistarleg tilvera“, 2011, 148.
- 11 Pétur Arason. Viðtal við höfund, 2013.
- 12 Sama heimild.
- 13 Yfirlit yfir gróskuna í rekstri listamannarekinnar sýningarrýma má meðal annars sjá í MA ritgerð Hörpu Flóventsdóttur, Undirliggjandi þræðir listasögunnar, 2012. Sjá skemman.is.
- 14 Ólafur Engilbertsson, „Donald Judd á Annarri hæð“, 1992, 32.
- 15 Pétur Arason. Viðtal við höfund 2013.
- 16 Einar Falur Ingólfsson, „Frumformin undirstaða alls“, 1997, 24.
- 17 Einar Falur Ingólfsson, „Safnarar samtímans“, 2000, 8B.
- 18 Eiríkur Þorláksson, „Undirstaðan“, 1996, 28.; J.H., „Áhrif Dieters Roth og andardráttur reglu og óreiðu“, 1994, 4C.
- 19 Pétur Arason. Viðtal við höfund, 2014.
- 20 Schön, Christian og Jón Proppé, „Pétur Arason, collector and curator: Safn Closes its Doors“, 2007.
- 21 Kristján Guðmundsson, „Viðtal við Pétur Arason. Gestir: Sigurður Guðmundsson og Alan Johnston“, 2000, 29.
- 22 Bragi Ásgeirsson, „Blakkir fletir“, 1992, 11.
- 23 Ólafur Gíslason, „Dagsljósið eins og það er“, 1996, 12.
- 24 Eiríkur Þorláksson, (Sem tærast)“, 1996, 30.
- 25 SA, „Í listum eru engin landamæri“, 2000, 40.
- 26 Einar Falur Ingólfsson, „Safnarar samtímans“, 2000, 6B-7B.
- 27 SA, „Í listum eru engin landamæri“, 2000, 40.
- 28 Kristján Guðmundsson, „Viðtal við Pétur Arason. Gestir: Sigurður Guðmundsson og Alan Johnston“, 2000, 26.
- 29 Pétur Arason. Viðtal við höfund, 2014.
- 30 Bréf í eigu Péturs Arasonar.
- 31 Braddock, Jeremy, Collecting as Modernist Practice, 11.
- 32 Buck, Louisa og Greer, Judith, Owning Art: The Contemporary Art Collector's Handbook, 268.
- 33 Braddock, Jeremy, Collecting as Modernist Practice, 11-12.

- 34 Guðsteinn, „Listaverkasafnari af ástriðu“, 2003, 28.
- 35 Meðal einkasafnara sem hafa gert einkasafn sitt aðgengilegt almenningi undir lok 20. aldar og í upphafi þeirrar 21. má nefna Ingvild Goetz , Dakis Joannou , Don og Mera Rubell, Francois Pinault , Christian Boros , Erika og Rolf Hoffmann, Eugenio López Alonso, og Thomas Olbricht.
- 36 Braddock, Jeremy, Collecting as Modernist Practice, 12-13.
- 37 Ragna Róbertsdóttir og Pétur Arason. Viðtal við höfund, 2014.
- 38 “Skiptir miklu máli fyrir menningarlandslagið í borginni”, 2003, 24.
- 39 „Samningur um samtímalistasafn undirritaður: Gerir samfélagið ríkara en ella“, 23.; Samstarfssamningur um rekstur alþjóðlegs listasafns að Laugavegi 37, Reykjavík. 1. gr.
- 40 Samstarfssamningur um rekstur alþjóðlegs listasafns að Laugavegi 37, Reykjavík. 1. gr.
- 41 „Samningur um samtímalistasafn undirritaður: Gerir samfélagið ríkara en ella“, 23.
- 42 „Skiptir miklu máli fyrir menningarlandslagið í borginni“, 24.
- 43 Jakob Bjarnar Grétarsson. „Listin styrkir miðborgina“, 2003, 18.; Samstarfssamningur um rekstur alþjóðlegs listasafns að Laugavegi 37, Reykjavík. 10. gr.
- 44 „Samningur um samtímalistasafn undirritaður: Gerir samfélagið ríkara en ella“, 23.
- 45 „Reykjavík - menningarborg Evrópu árið 2000“, 23.
- 46 Menning er mannrækt: Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2009-2012.
- 47 „Skiptir miklu máli fyrir menningarlandslagið í borginni“, 2003, 24.; Halldór Björn Runólfsson, „Alþjóðlegt samtímasafn“, 2003, 35.
- 48 „Samningur um samtímalistasafn undirritaður: Gerir samfélagið ríkara en ella“, 23.
- 49 Ásmundur Ásmundsson, „Samtímalistasafn“, 2003, 42.
- 50 Margrét Elísabet Ólafsdóttir, „Hugsjónir menningarmálanefndar“, 2003, 31.
- 51 Stefán Jón Hafstein, „Ábendingar vegna umræðu um samtímalistasafn“, 2003, 27. Frekari innlegg í umræðuna má finna á ýmsum vettvangi. Hér eru höfundar og heiti greina þeirra nefnd: Hannes Lárusson, „Gegnsæi“; Halldór Björn Runólfsson, „Hið gegnsæja gól“.; Halldór Björn Runólfsson, „Að loknum ýfingum“.; Einar Falur Ingólfsson, „List sem á erindi“.; Helgi Þorgils Friðjónsson, „Safn“.
- 52 Volk, Gregory, „Art on Ice“, 2000, 41.
- 53 Sama heimild, 45.
- 54 Jakob Bjarnar Grétarsson, „Listin styrkir miðborgina“, 2003, 18.
- 55 Samstarfssamningur um rekstur alþjóðlegs listasafns að Laugavegi 37, Reykjavík. 2. gr.
- 56 Ragna Róbertsdóttir. Viðtal við höfund, 2014.
- 57 Schön, Christian and Jón Proppé, „Pétur Arason, collector and curator“.
- 58 Pétur Arason. Viðtal við höfund, 2013.
- 59 „Nú rætast óskirnar“, 2003, 14.
- 60 Guðsteinn, „Listaverkasafnari af ástriðu“, 2003, 28.
- 61 „Vetrarstarf Safns hefst með gjörningi“, 2003, 25.
- 62 Þóroddur Bjarnason, „DVD“, 2003, 32.
- 63 Páll Baldvin Baldvinsson, „Samtímalist hverfur frá Laugavegi“, 2007, 6.
- 64 Ragna Sigurðardóttir, „Tímalínur“, 2007, 24.
- 65 Gerla og Oddný Sturludóttir, „Safn við Laugaveg“, 2007, 28.
- 66 Ping Huang, Marianne og Örum, Tania, „Haldið Safninu!“, 2007, 10.
- 67 Sama heimild.
- 68 Fríða Björk Ingvarsdóttir, „Hugsunarháttur eyþjóðar“, 2009, 1.
- 69 Ragna Róbertsdóttir. Viðtal við höfund, 2012.
- 70 Wendler, Katharina. Viðtal í tölvupósti, 2014.
- 71 Sama heimild.
- 72 Einnig voru haldnar einstaka sýningar á opinberum söfnum þar að lútandi auk myndlistartengdra viðburða á borð við norrænu myndlistarsýninguna Experimental Environment II á Korpúlfsstöðum 1980.



# Vatnasafnið

Guðni Tómasson

Vatnasafnið á Stykkishólmi, sem hefur verið starfrækt í rúman áratug í fyrrverandi húsnæði Amtsbókasafns bæjarins, getur tæplega talist listasafn í hefðbundnum skilningi þess orðs. Það er heldur ekki hreinræktað gallerí eða sýningarsalur. Vatnasafnið er að stofninum til innsetning en samt ekki „bara“ eiginlegt listaverk sem maður gengur inn í og nýtur. Meðal íslenskra safna sem hafa með myndlist að gera er því ljóst að Vatnasafnið hefur svo sannarlega nokkra sérstöðu.

Kannski er Vatnasafnið fyrst og fremst hugmynd eða upplifun sem ber listhugsun bandarísku listakonunnar Roni Horn vitni og sýnir hvernig hún vinnur með tvö allt um lykjandi og lífsnauðsynleg fyrirbæri í list sinni, vatn og veður, í séríslensku samhengi. Jafnframt er Vatnasafnið hugsað sem samkomustaður eða fjölnota rými fyrir bæjarbúa þegar þeir vilja koma saman af einhverju tilefni, auk þess sem safnið er lánað út til ýmissa nota. Á neðri hæð hússins er auk þess lítil íbúð sem lánuð hefur verið rithöfundum eftir að húsið var gert upp og fékk sitt nýja hlutverk.

## Listakonan og Ísland

Roni Horn er fædd í New York í Bandaríkjunum 25. september árið 1955 og hefur starfað í heimaborg sinni og gert þaðan út alla tíð. Auk skúlptúrverka hefur Horn einkum unnið ljósmyndaseríur, textaverk, teikningar og innsetningar á sínum langa ferli. Ef finna á verkum listakonunnar ákveðinn stað innan strauma samtímamyndlistarinnar er handhægast að grípa til hugtaks á borð við ljóðræna hugmyndalist, í það minnsta rímar Vatnasafnið vel við þá flokkun.

Náttúra og tungumál eru sjaldnast langt undan í verkum Roni Horn og í gegnum tíðina hefur náttúra Íslands og menning landsmanna reynst listakonunni gjöfull efniviður. Það var árið 1975 sem hin tvítuga Roni Horn kom fyrst til Íslands og ferðaðist um hálendið. Fyrsta ferð Horn til Íslands

vakti ekki mikla athygli hér á landi, en hún ferðaðist um landið á mótörhjóli. Í annarri ferðinni 1979 varð Dagblaðið fyrst íslenskra fjölmiðla til greina frá ferðum hennar og birti nokkuð vígalega ljósmynd af Horn á mótörhjólinu. Í viðtalinu greindi hún frá því að strax í fyrstu ferðinni hefði henni orðið „ljóst að hjarta mitt tilheyrir þessu landi.“<sup>1</sup> Því er greinilegt að strax var um andlegt samband að ræða og hefur breski listfræðingurinn Briony Fer bent á að í raun sverji áhugi Roni Horn á Íslandi sig í ætt við áhuga ýmissa annarra bandarískra myndlistarmanna sem komu á undan henni þegar þeir leituðu andagiftar í eyðimörkinni. Í því sambandi bendir Fer sérstaklega til minimalistans Donalds Judd. Þannig sé Ísland í raun hennar háslétta eða eyðimörk með öllum þeim töfrum sem því fylgi.<sup>2</sup>

Roni Horn hefur lýst Íslandi þannig að eyjan sé nógu stór fyrir hana til að villast og nógu stór til að hún finni sig. Þannig noti hún sér þessa eyju í list sinni. „Ég kem hingað til að finna mér stað í heiminum.“<sup>3</sup> Leitin að innblæstri er hverjum listamanni mikilvæg og ljóst er að Ísland blandaðist strax inn í myndlist Horn eftir að hún kynntist landinu. Í fyrstu heimsókninni varð til dæmis til ljósmyndaverkið Örlög (e. Destiny) þar sem listakonan gægist sjálf eins og upp úr gjótu í mosavöxnu íslensku hrauni með gríðarmikinn rauðan hármakka.<sup>4</sup> Myndin ber vitni þeim skyldleika sem listakonan virðist hafa fundið við landið og þörfinni til að vinna nánar með það, jafnvel renna á einhvern hátt saman við það. Örlögin voru ráðin, tengingin við Ísland strax tryggð.

## Hugmynd að veruleika

Í einni af ferðum Horn til landsins, snemma á áttunda áratugnum, fangaði Amtsbókasafnið á Stykkishólmi athygli listakonunnar. Mörgum árum síðar átti hún eftir að rifja það upp að þessi sérstæða bókasafnsbygging minnti hana á „bandaríska bensinstöð í Art Deco stíl eða jafnvel vita“ þar sem húsið stendur á svokölluðum Þinghúshöfða í bænum og horfir út á Breiðafjörðinn með sínar óteljandi eyjar.<sup>5</sup> Húsið er á áberandi fallegum stað við höfnina og það var þessi miðlæga staðsetning bókasafns í bænum sem einnig heillaði listakonuna: „Ég man hvað ég var hissa á að þetta væri bókasafnið. Það er ekki vani að setja bókasafn á dýrmætasta byggingarland bæjarins. Þar er alltaf kirkja eða hús einhvers auðjöfurs.“<sup>6</sup> Á öðrum stað hefur Horn



Roni Horn og James Lingwood fyrir utan Vatnasafnið. Mynd: Einar Falur Ingólfsson.

undirstrikað tengsl húsnæðisins við hafið og lýst safninu sem „vita þar sem áhorfandinn er vitaljósíð.“<sup>7</sup>

Amtsbókasafnið í Stykkishólmi var stofnað 1847. Núverandi húsnæði Vantasafnsins var hannað og reist fyrir starfsemi bókasafnsins í húsameistaratið Harðar Bjarnasonar og var það danski arkitektinn Jens-Peter Matull sem teiknaði húsið.<sup>8</sup> Í Alþýðublaðinu árið 1962 var leiðarahöfundur blaðsins stórhreifinn af myndarskap bæjarbúa þegar kom að því að reisa myndarlega byggingu fyrir bókakostinn og nefndi hann sem dæmi um það hvernig Íslendingar allir gætu tekið á málum í sjálfu handritamálinu sem þá var í hámmæli. Samkvæmt forskrift frá Stykkishólmi gat þjóðin þannig ráðist í það þjóðþrifaverk að byggja þjóðarbókhöfuð yfir sín dýrustu hnoss sem hlytu að vera á leið heim: „Vestur í Stykkishólmi er ein gnípa, sem gnæfir yfir byggðina, og er þar gullfögur útsýn yfir Breiðafjörð. Í öðrum löndum hefði slíkur staður verið notaður fyrir konungshöll eða virki. Ekkert slíkt hefur risið í Stykkishólmi, heldur hafa Hólmarar reist þar fagra og hóflega byggingu fyrir mesta dýrgrip sinn: hið sögufræga amtsbókasafn.“<sup>9</sup>

Svo leið 20. öldin en í upphafi 21. aldar var orðið ljóst að farið var að þrengja að Amtsbókasafninu í þessari hóflegu byggingu á gnípunni á Stykkishólmi, en einmitt um það leyti voru hugmyndir Roni Horn og



breska listframleiðslufyrirtækisins Artangel að þróast um samstarf um langtímaverkefni á Íslandi.

Artangel var stofnað árið 1985 en hefur frá árinu 1991 verið stjórnað af Micheal Morris og James Lingwood sem hafa komið að fjölmörgum myndlistarverkefnum í Bretlandi og víðar um veröldina.<sup>10</sup> Lingwood, sem einkum hefur verið í forsvari fyrir Vatnasafnið í Stykkishólmi fyrir hönd Artangel, hefur lýst því hvernig hann kynntist fyrst verkum Roni Horn í gegnum bækur með ljósmyndum, teikningum og skrifum sem tengdust Íslandi. Síðar, eftir að Lingwood hafði hrifist af ljósmyndaseríunni Still Water þar sem Horn fjallar um myrkar hliðar Thames fljóts í London, hafi fundum þeirra borið saman og í fyrstu hafi staðið til að þau störfuðu saman að verki í Englandi.<sup>11</sup> Fljótlega áttaði Lingwood sig þó á gríðarlegum áhuga Horn á Íslandi og fylgdi henni loks hingað til lands árið 2004. Ferðin var farin til að skoða möguleika á að listakonan og Artangel ynnu að verkefni á Íslandi en Lingwood segir að þá hafi ekkert verið ákveðið um staðsetningu eða inntak verkefnisins.

„Á þessum tíma breyttist samband Roni við Ísland. Áður hafði Ísland verið henni mjög persónulegur staður en nú vildi hún að einhverju leyti taka til máls, enda var henni umhugað um breytingarnar sem áttu sér stað á Íslandi undir lok tuttugustu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu og fyrstu. Hún er ástríðufull um náttúruna og það sem gerir Ísland svo einstakt og á þessum tíma virtist hún vilja taka sér meira hlutverk í þeirri umræðu. Vatnasafnið var hluti af þessum vilja. Þegar Roni fór síðan að þróa hugmyndir sínar um verkefnið í Stykkishólmi þá þurfti ekki mikið meira til að sannfæra mig. Í hennar huga var verkefnið nauðsynlegt og það er það sem við erum alltaf að leita að í verkefnum sem við komum að.“<sup>12</sup>

Eftir þreifingar og viðræður milli bæjarstjórnar Stykkishólms, menntamálaráðuneytis, Roni Horn og Artangel, var boðað til fundar í Stykkishólmi þar sem kynntar voru hugmyndir um breytt hlutverk Bókhöðunnar eins og húsið var yfirleitt kallað af bæjarbúum. Á fundinum fjallaði Horn um hugmyndir sínar ásamt James Lingwood. Fundarstjórar voru Guðmundur Páll Ólafsson og Friða Björk Ingvarsdóttir. Friða Björk starfaði þá sem ritstjórnarfulltrúi menningar hjá Morgunblaðinu og fylgdist blaðið náið með

verkefningu þegar það var að mótast og greindi meðal annars frá fundinum:

„Safnið kennir [Roni Horn] við vatn og vill með því leggja áherslu á fjölbreytileg birtingarform vatnsins sem endurspeglast ætti í starfsemi safnsins. Að sögn Roni Horn byggist hugmynd hennar á þrískiptu hlutverki safnsins. Í fyrsta lagi að með safninu verði skapað opið rými, „rammi fyrir menningarstarfsemi þar sem samræður milli ýmissa listgreina færu fram. Það yrði vettvangur fyrir fólk til þess að koma hugðarefnum sínum á framfæri,“ segir Roni. Einnig hefur hún áhuga á að húsnæðið verði notað fyrir skákkennslu. „Ég álít almennan áhuga skák vera eitt af sérkennum Íslendinga sem nauðsynlegt sé að hlúa að.“ Síðast en ekki síst vill Roni Horn safna frásögnum af veðráttu á Íslandi og halda þeim til haga á safninu. Er tilgangurinn með því ekki aðeins sá að gefa svipmynd af náttúru landsins heldur einnig af fólkinu sem þar býr. Segir hún að veðrið hafi mikil áhrif á sjálfsmynd íbúanna og að sjálf kjósi hún frekar rysjótt veðurfar en lognmollu.“<sup>13</sup>

Í umfjöllun blaðsins um fundinn var tekið skýrt fram að listakonan vildi leggja sérstaka áherslu á nána og góða samvinnu við heimamenn og greindi blaðið frá því að fundurinn hafi verið „vel sóttur og var góður rómur gerður að málflutningi hennar“, þó að engin ákvörðun lægi fyrir að fundi loknum.

Þá um haustið 2005 hafði málið þróast enn frekar. Þáverandi bæjarstjóri í Stykkishólmi, Erla Friðriksdóttir, lýsti miklum áhuga í bæjarfélaginu um verkefnið þegar Morgunblaðið greindi aftur frá þróun mála. Erla sagði málið hafa fengið „mjög góðan hljómgrunn bæði meðal stjórnenda og bæjarbúa. Uppsetning Vatnasafnsins myndi styrkja landsvæðið hér og kemur til með að vekja athygli á því á heimsvísu.“<sup>14</sup> Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, var ekki síður spennt yfir þróun mála. Hún taldi verkefnið frábært, hrósaði aðstandendum og fagnaði því að ríkisvaldið gæti komið að því:

„Aðkoma Roni Horn er náttúrlega einstök, en ekki síður Artangelmanna sem eru tilbúnir að leggja heilmikið á sig til þess að verkefnið geti orðið að veruleika, ekki aðeins fjárhagslega, heldur, sem skiptir



Kvöldsólin við Breiðafjörð brotnar á vatninu og hlutföll brenglast. Mynd: Stefan Altenburger.

ekki síður máli í þessum alþjóðaheimi listanna, eru þeir tilbúnir að koma hingað með sína miklu þekkingu og tengsl inn í listaheiminn sem er algjörlega ómetanlegt fyrir okkur,“ segir Þorgerður og bendir á að Artangel muni, verði verkefnið að veruleika, skuldbinda sig til að kynna verkefnið í Stykkishólmi á alþjóðavettvangi sem eitt af meginverkefnum sínum.“<sup>15</sup>

Af þessum viðbrögðum má sjá að fulltrúar stjórnvalda, bæði á landsvísu og á sveitarstjórnarstigi, álitu einn helsta kost verkefnisins að það gæti nýst til landkynningar og til þess að vekja athygli á Vesturlandi og Stykkishólmi. Verkefnið hlaut því hljómgrunn og í dag er það upplifun James Lingwood að þeir aðilar sem hann ræddi við í íslensku stjórnkerfi um hugmyndina um Vatnasafn á þessum tíma hafi strax tekið vel í hana:

„Við þurftum alls ekki að sparka upp neinum hurðum. Við vorum líklega á réttum tíma þegar hugmyndin var sett fram á árunum

2005-2006 og það er ekki víst að við hefðum fengið sömu viðbrögð við henni á árunum 2008 og 2009. Þetta þýðir samt ekki að samningaviðræður um málið hafi ekki verið flóknað, því að það þurfti að skilgreina nákvæmlega skyldur þeirra aðila sem komu að þessu samstarfi. Hugmyndinni var tekið af áhuga og forvitni.“<sup>16</sup>

En stjórnkerfið í Reykjavík og bæjarstjórnarskrifstofum Stykkishólms er eitt, viðmót og áhugi heimamanna í bænum er annað. Lingwood orðar það svo að landslagið sé yfirleitt nokkuð svipað þegar kynna á hugmyndir um ný listverkefni í nærumhverfinu:

“Íbúar í bænum skiptust kannski í þrjá hópa, eins og við höfum áður rekið okkur á þegar við vinnum ný verkefni af þessu tagi. Einn hópur er strax mjög áhugasamur og opinn fyrir hugmyndinni og trúir á að hún sé góð í táknrænum og listrænum skilningi. Öðrum hópi er hreint og beint sama um verkefnið og loks er alltaf einhver hópur fólks sem er ekki eins spennur yfir hugmyndinni og jafnvel mótfallinn henni. Við vissum af öllum þessum hópum og skoðunum.“<sup>17</sup>

Yfir veturinn 2005-2006 mótaðist hugmyndin enn frekar og varð verkefnið formlega að veruleika vorið eftir þegar samningur um Vatnasafnið var undirritaður 17. maí árið 2006.

## Samningurinn

Líklegast á samningurinn um Vatnasafn í Stykkishólmi engan sinn líka í íslenskri menningarflóru enda er verkefnið sannarlega óvenjulegt. Að honum komu tvö ráðuneyti, eitt bæjarfélag, erlent listframleiðslufyrirtæki og heimspekkur erlendur myndlistarmaður. Ráðuneytin tvö voru vitanlega mennta- og menningarmálaráðuneyti en einnig samgönguráðuneyti sem fór á þessum tíma með málefni ferðamála.

Eins og lög gera ráð fyrir er samningurinn, sem er á ensku, nokkuð nákvæmur, en hann er níu blaðsíður á lengd. Áður en tölusett atriði sem varða skyldur samningsaðila, leiguframsál, viðgerðir á húsnæðinu og fleira eru skilgreind í samningnum eru grunnatriði hans tíunduð fremst í skjalinu,

en þau eru dregin saman hér:

- Safnbyggingunni verði breytt í Vatnasafn listakonunnar Roni Horn.
- Það sé aðeins gerlegt ef bókasafni bæjarins verði fundinn annar staður í miðbænum.
- Málsaðilar standi við skyldur sínar sem tíundaðar eru í samningnum. Nýtt bókasafn geri bæjarfélaginu kleift að bjóða upp á breiðari og nútímalegri bókasafnsþjónustu í nýju bókasafni.
- Ekki verði of langt milli safnanna tveggja.
- Nýtt húsnæði bókasafnsins hafi þá þegar verið valið við Hafnargötu 7.
- Artangel komi Vatnasafninu á framfæri sem nýju meiriháttar framtaki í heimi alþjóðlegrar myndlistar með vel skipulagðri fjölmiðlaherferð í alþjóðlegum listtímaritum og fjölmiðlum.<sup>18</sup>

Af þessu má dæma að uppsetning Vatnasafnsins er af aðstandendum þess vandlega tengd því að vel fari að koma bókasafni bæjarins fyrir á nýjum stað. Fjárframlög mennta- og menningarmálaráðuneytisins sneru að þessum þætti verksins, það er að segja flutningi bókasafnsins en ráðuneytið keypti helmingshlut í húsnæði gamla Amtsbókasafnsins af Stykkishólmsbæ svo að það fjárframlag gæti nýst við flutning bókasafnsins á nýjan stað.

Samningurinn er orðmargur og tæknilegur og því verður ekki reynt að rekja efni hans í smáatriðum hér. Artangel fjármagnaði hins vegar verkefnið með stuðningi mennta- og samgönguráðuneyta og Stykkishólmsbæjar og var byggingunni ráðstafað til verkefnisins til næstu tuttugu og fimm ára endurgjaldslaust frá undirritun samningsins, eða fram til ársins 2031. Í samningnum er einnig ákvæði um að hann sé endurnýjanlegur að þeim tíma loknum og jafnframt að hann megi taka til endurskoðunar á fimm ára fresti sé það vilji samningsaðila.

Fjárhagslegar skuldbindingar við að gera húsnæðið klárt undir verk Roni Horn eru jafnframt tilgreindar í samningnum og þær sagðar lenda að fullu á Artangel-sjóðnum:

- Breytingakostnaður við bygginguna, þar með taldar breytingar á innra skipulagi á báðum hæðum og frágangur vinnustofu fyrir rithöfunda.

- Efnis- og framleiðslukostnaður við verkið.
- Flutningskostnaður.
- Uppsetningarkostnaður.
- Gisti, ferða- og skipulagskostnaður við ferðir starfsmanna Artangel sjóðsins.
- Þóknun til listamannsins.
- Allur kostnaður sem tengist breytingum og viðbótum við innsetninguna af hálfu Roni Horn á meðan á leigutíma stendur.<sup>19</sup>

Skyldur bæjarráðs Stykkishólmsbæjar eru einnig tíundaðar í samningnum en þær snúa að eftirtöldum atriðum:

- Tryggingamálum.
- Að útvega rafmagn, vatn, húshitun, síma, öryggiskerfi og þrif.
- Viðhaldi hússins, sem nánar er skilgreint í öðrum samningi.
- Kostnaði við starfsfólk, en upphaflega verði starfsfólk bókasafnsins með lykлавöld í Vatnasafni.
- Greiðslu allra skatta sem tengjast samkomulaginu.
- Flutningi bóka úr húsnæðinu og tækjakosts bókasafnsins á nýjum stað.<sup>20</sup>

Eins og áður sagði er ekki hægt að telja hér upp öll efnisatriði samningsins en þó er rétt að nefna skyldur samgönguráðuneytis er varða kynningarmál safnsins á fyrstu þremur árum starfseminnar. Þar er gert ráð fyrir 500.000 kr. framlagi ráðuneytisins á ári til kynningar á safninu sem unnin verði í nánú samstarfi við Artangel fyrirtækið.

Auk þessa má í sérstöku minnisblaði finna upplýsingar sem að nokkrum hluta eru samhljóða samningnum en þar eru jafnframt settar fram áætlaðar tölur á framlagi Roni Horn og Artangel til verkefnisins. Þar kemur fram að með því að gefa íslensku þjóðinni verk sín í Vatnasafni megi gera ráð fyrir að listakonan gefi eftir tekjur upp á 200.000 Bandaríkjadali. Samkvæmt gengi við undirskrift samningsins hafa það verið 12,6 milljónir króna. Þar er framlag Artangel til verkefnisins metið á 300.000 dali og 150.000 dali til viðbótar vegna aðstöðu fyrir rithöfunda á neðri hæð safnsins, eða samtals ríflega 28 milljónir á gengi þess tíma.<sup>21</sup>

## Nýtt módel í menningarstarfi

Opnun Vatnasafnsins fór fram laugardaginn 5. maí 2007, en þá var margt um manninn í Stykkishólmi og bar margt er varðaði hátíðahöldin nokkurt svipmót góðærisins sem þá stóð sem hæst á Íslandi. Eftir formlega opnun var haldin glæsileg veisla í risastóru tjaldi í miðbæ bæjarins þar sem erlendir og innlendir gestir fögnuðu opnun Vatnasafnsins.

Í ræðu við opnunina sagðist mennta- og menningarmálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sannfærð um að safnið myndi „koma Stykkishólmi rækilega á kortið í hinum alþjóðlega listaheimi. Okkur er mikill fengur í því að fá jafn mikla listakonu og Roni Horn og öflugt fyrirtæki á borð við Artangel til að stilla saman strengi sína hér með þessum hætti.“<sup>22</sup> Að opunarhelginni lokinni greindi Morgunblaðið frá hátíðahöldunum og í viðtali við blaðið var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, fullviss um mikilvægi verkefnisins: „Vatnasafnið í Stykkishólmi mun vekja athygli víða um heim. [...] Þetta er merkisviðburður í listaheimi veraldar. Verkið opnar augu okkar á nýjan hátt, fyrir náttúrunni, hafinu, fjöllumum, eyjunum úti fyrir sem speglast í súlunum. [...] Hér er verið að skapa einstakan speglasal náttúrunnar og ég hvet alla til að heimsækja þessa viðbót við safnaflóru Íslendinga.“<sup>23</sup>

Þó að ráðuneytin tvö og Stykkishólmsbær hafi haft hina formlegu innlendu aðkomu að verkefninu komu þó fleiri aðilar að verkefninu með fjárframlögum. Mánuði fyrir opnunina var tíundað á baksíðu Morgunblaðsins að stórar upphæðir til viðbótar höfðu safnast til Vatnasafnsins. Þar greindi James Lingwood frá því að þriðjungur þess fjár kæmi frá íslenskum aðilum og restin frá aðilum utan Íslands. Lingwood sagði þetta fólk hafa „trú á listamanninum Roni Horn og vill leggja sitt af mörkum til þess að gera hugmynd hennar um endurgjald til Íslands í Vatnasafni í Stykkishólmi að veruleika.“ Í greininni er greint frá því að þrjú íslensk fyrirtæki hafi skrifað undir 13,5 milljón króna styrk til safnsins en öll heyra nöfn þeirra nú viðskiptasögu landsmanna til: Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki, FL Group og Olíufélagið. Í viðtalinu tiltók Lingwood einnig að margir einstaklingar hefðu lagt rösklega hálfu aðra milljón til safnsins hver en meðal þeirra var Hreiðar Már Sigurðsson sem þá var forstjóri Kaupþings.<sup>24</sup> Á heimasíðu Artangel eru fleiri einkaaðilar taldir upp sem veittu verkefninu stuðning á sínum tíma. Þar má meðal annars finna



frönsku listakonuna Louise Bourgeois, listvinina og hjónin Agnes Gund og Daniel Shapiro og svissnesku LUMA liststofnunina.<sup>25</sup>

Á þessum miklu uppgangstímum í íslensku viðskiptalífi var ljóst að aðkoma einkaaðila að svo áberandi verkefni á menningar sviðinu var líkleg til að vekja athygli og jafnvel aðdáun. Aðkoma Artangel að Vatnasafninu í Stykkishólmi varð kveikja hugleiðinga í Reykjavíkurbrefti Morgunblaðsins um samfélagslegt vægi lista og menningar skömmu eftir opnun safnsins. Þar er því fagnað að svo vel hefði tekist til við verkefnið:

„Með tilkomu starfsemi stofnunar á borð við Artangel inn í íslenskt menningarlíf hefur verið sleginn nýr tónn, sem ef vel er á málum haldið getur haft afar jákvæð fordæmisgefandi áhrif í íslensku samfélagi. Artangel er stofnun sem miðlar fé til listsköpunar með óvenjulegum hætti. Starfsemin, sem nýtur reyndar nokkurs styrks frá opinberum aðilum, byggist fyrst og fremst á framlögum stuðningsaðila, bæði einstaklinga og fyrirtækja, sem hafa hug á að vinna myndlistum eitthvað til framdráttar og treysta Artangel til að beina fjármagninu í verðug verkefni. Sumir þeirra einstaklinga sem láta fé renna til starfsemi Artangel vilja einungis starfa á bak við tjöldin og láta því hvergi nafns síns getið, en aðrir eru virkir í framvarðasveit stuðningsmanna stofnunarinnar og njóta virðingar sem slíkir. Það sem greinir starfsemi Artangel frá starfsemi annarra sambærilegra stofnana er sú stefna þeirra að stuðla fyrst og fremst að því að gera listamönnum mögulegt að vinna listaverk inn í óhefðbundin rými, utan safna og gallería. Listamönnum er m.ö.o. gert kleift að skapa verk þar sem þeir geta brotist út úr þeim þrönga stakki sem þeim er iðulega sniðinn í listasöfnum og galleríum, hvað rými, tímamörk, listræna sýn og kostnað varðar. Artangel vinnur með listamönnum að verkum sem byggjast á tiltekinni staðsetningu og óvenjulegri framsetningu ... Það hversu margir erlendir stuðningsaðilar voru tilbúnir til að fjárfesta í listaverki Roni Horn á Íslandi er í raun undravert, og þá ekki síður hversu vel tókst til á síðustu metrunum að fá íslenska aðila til samstarfs við Artangel til þess að verkið mætti verða að veruleika.“<sup>26</sup>

Þarna má greinilega greina hrifningu bréfitara yfir nýju vinnulagi í menn-

ingarlífi landsmanna þar sem einkaaðilar komi með virkari hætti að verkefnum á sviði lista og menningar. Einmitt á þessum tímapunkti má segja að góðærið hafi verið í hámarki og einkaaðilar tóku með ýmsum hætti þátt í listalífinu.<sup>27</sup> Suður í Reykjavík var til dæmis bygging tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu enn í höndum einkaaðila þegar þessi orð voru skrifuð, en landslagið átti eftir að breytast með róttækum hætti áður en leið á löngu.

## Vatnið og veðrið

Í ljósi þess að Vatnasafnið í Stykkishólmi er fyrst og fremst hugmyndalegs eðlis er ekki úr vegi að huga að því sem listakonan Roni Horn beinir sjónum okkar og vitund að þar á bæ, þessum tveimur allt umlykjandi fyrir-bærum í mannlegri tilvist, vatni og veðri. Aðalrými safnsins er tekið undir innsetninguna Vatn, úrval sem lýst er svo á heimasíðu safnsins: „Vatn, úrval er safn 24 glersúlna fylltum af vatni sem safnað var úr ís af mörgum helstu jöklum Íslands. Glersúlurnar brjóta upp og endurvarpa ljósi á gúmmígólf sem búið er að greypa í breiðu orða á ensku og íslensku er öll lúta að veðrinu. Innsetningin býður upp á svigrúm til íhugunar í ein-rúmi jafnframt því að nýtast til allskyns félagslegra nota.“<sup>28</sup> Vatninu var safnað með ærnum tilkostnaði og erfiði af íslenskum samstarfsmönnum listakonunnar. Blokkir úr jöklunum voru fluttar til byggða og bræddar niður eftir kúnstarinnar reglum. Það voru Freyr Jónsson og Gísli Jónsson sem sóttu vatnið í jöklana en Klara Stephensen hafði umsjón með þeim verklega þætti fyrir hönd listakonunnar.

Mörg verka Roni Horn hafa fjallað um vatn í einu eða öðru formi og með einum eða öðrum hætti í gegnum tíðina. Hrifningu sína af þessu forna frumefni hefur listakonan meðal annars lýst með þessum orðum: „Ég held það sé ekki eitthvað eitt sem dregur mig að vatni. Ef maður byrjar að hugsa um vatn, þá fer hugsunin í allar áttir því það er svo ríkulegt og flókið. Vatn er allt og ekkert. Mér finnst ég nánast enduruppgötva vatn aftur og aftur og aftur. Það er ekki eins og ég fari út og eltist við vatn, það er frekar að vatnið komi eftir mér. Ég er fórnardýrið en ekki rándýrið í því sambandi.“<sup>29</sup> Í þessu viðtali nær Roni Horn ágætlega utan um það hvað vatn er í senn hversdagslegt og guðdómlegt, einfalt og flókið fyrirbæri. Táknheimur þess er til að mynda ríkulegur og breytilegur eftir mismunandi menningarsamfélögum en samt

hefur hann verið dreginn saman í þrjú meginvið. Vatn er þannig séð sem „uppspretta lífs, fært um andlega hreinsun og endursköpun.“<sup>30</sup> Svo er vatn auðvitað undirstaða alls lífs á jörðinni. Þeir sem hafa nóg af því eiga til að taka því sem gefnum hlut á meðan aðra skortir það sárlega. Vatn er vitanlega hápólitískt fyrirbæri og öllum er fullljóst að ekkert mun draga úr þeirri staðreynd þegar jarðarbúum fjölgar jafnt og þétt og áhrif hnattrænnar hlýnunar koma skýrar fram.

Í verkinu Vatn, úrval virðist vatnið alltaf eins í súlunum sem ná frá gólfi til lofts og fylltar eru vatni sem umbreyست hefur úr föstu formi í fljótandi úr mörgum helstu jöklum Íslands. Aðeins botnfall í súlunum gefur vísbendingar um annað. Rýmið er líka síkvíkt vegna vatnsins og samspilsins við birtuna sem streymir inn um háa gluggana. Glersúlurnar brjóta upp ljósið sem skín inn um gluggana að utan og þær endurvarpa ljósbroti á vegg og á órðin á gúmmigólfinu sem öll hafa með síbreytilegt veðrið að gera. James Lingwood sem komið hefur í safnið á hverju ári eftir að það var opnað talar um að þó að verkefnið hafi verið metnaðarfullt þá sé safnið í raun mjög hlédrægt:

„Vatnasafnið vill ekki þröngva sér upp á neinn. Það er þögull staður og íhugull. Fyrir mig persónulega heldur Vatnasafnið áfram að gefa, hver heim-sókn er eilítið ólík þeim sem maður hefur farið í áður. Þetta er staður sem býr yfir þöglum segulkrafti. Það eru alltaf einhverjir sem gera sér sérstaka ferð til Íslands til að fara þangað. Ára Vatnasafnsins er sterk og tengist mikilvægi Roni Horn sem listamanns.“<sup>31</sup>

Þarna í aðalrými safnsins, innan um þetta sérstæða úrval, koma upp hugrenningar um það að vernda, safna og bjarga vatni, auk þess sem tæplega er hægt að verjast hugsunum sem leita á hugann og varða breytingar á umhverfinu af mannavöldum. Upp koma líka hugsanir um það að verða uppiskroppa með vatn. Hugurinn reikar til fjarlæggra staða og fréttamynda sem sýna manni alvöru þorsta og alvöru hungur. Hefur maður einhvern tímunn verið sannarlega þyrstur? Svárið hjá þeim sem þetta skrifar er nei. Þessi sársaukafulla hlið verksins, ef svo má kalla, um það hve vatn er dýrmætt og lífsnauðsynlegt er algjörlega til staðar í ætlun listakonunnar með verkinu: „Þegar maður talar um að safna vatni og skrásetja það þá er maður í raun að fjalla um einhvers konar endalok því það er jú undirstaða lífsins. Uppsprettur þess eru víða eyðilagðar og hvað það hefur í för með sér er augljóst.“<sup>32</sup>

Einn táknrænn lestur á vatninu í Vatnasafni er að það standi fyrir Ísland

og upplifunina sem landið hafi upp á að bjóða, hættan sem steðji af vatninu sé hættan sem stafi af þeirri upplifun. Þessar hugmyndir setti Fríða Björk Ingvarsdóttir fram í grein í sýningarskrá um sýninguna My Oz sem opnuð var í Listasafni Reykjavíkur um svipað leyti og Vatnasafnið opnaði dyr sínar fyrir gestum en sýningin var hluti Listahátíðar í Reykjavík árið 2007. Orð Fríðu hafa öðlast aukið vægi á árunum sem síðan eru liðin: „Jafnvíst er að Ísland verði innan tíðar eins og hver annar vel þekktur og vel skilgreindur ferðamannastaður þar sem upplifun einstaklingsins byggir á fyrirfram markaðri og kunnri leið í gegnum landslagið (skemmtigarðinn), fremur en uppgötvunum hans sjálfs fyrir tilstilli samruna við náttúruna, veðrið, óvissuna – það sem Roni Horn hefur kallað „hvergi“.“<sup>33</sup>

En Vatnið í Vatnasafninu er fallett í sínum einfaldleika, það er stílhreint þar sem það bíður eins og sýnishorn í súlunum í innsetningunni. Maður heillast, tilfinningin getur af sér hugsanir um innra verðmæti í huga þess sem á horfir. Í viðtali sínu við Roni Horn á opnunardegi Vatnasafnsins lýsti Fríða Björk skemmtilega þeirri hugmynd að loka dýrmætt vatnið inni með þessum hætti:

„Inni er náttúran geymd í tærum og stórum glersúlum, þar sem jökla landsins hafa eignast varanlegan samastað – líkt og dýr í útrýmingarhættu. Drangajökull, Köldukvíslarjökull, Þrístapajökull og Sléttujökull, svo nokkrir séu nefndir, hafa allir verið sóttir heim með töluverðum erfiðismunum af íslenskum fjallamönnum, og eftirlátið safninu sýnishorn af sínum aldagömlu ískjörnum er síðan voru bræddir ofan í súlurnar. Fyrir bragðið geymir hver súla sögu er telur árþúsundin í hverju augnabliki líkt og smáblómið í þjóðsöngnum. Sérkenni hvers jökuls eru greinanleg í botnfalli súlnanna; saga hvers og eins þeirra einstök og ólík hinum þótt seint verði nokkur þeirra lesin til fullnustu.“<sup>34</sup>


Hitt yrkisefni Roni Horn í Vatnasafninu er veðrið, sígilt umræðuefni Íslendinga um aldir og það auðvitað skiljanlega í svo harðbýlu landi norðarlega í veröldinni. Eins og á við um vatnið hefur listakonan hrifist af veðrinu. Hún hefur orðað það svo að „hennar veður“ hafi komið til snemma og á ákveðnu augnabliki: „Í skóla tilkynnti kennarinn að hvirfilbylur væri

á leiðinni. Með þeim orðum var okkur hleypt út og einfaldlega skipað: „Hlaupið heim!“ Hrædd í fyrstu, en síðar spennt, hljóp ég alla leið heim. Heim komin kraup ég niður undir glugga sem var eins og mynd á veggnum og horfði á himininn verða grænan og trén feykjast um í vindinum.“<sup>35</sup> Veðrið yfirgefur okkur ekki, þó að við reynum að hlaupa undan því. Það mótar okkur alla tíð, rétt eins og það mótar fjöll og land. Þetta er það sem Roni Horn gengur til með því að velja veðrið sem aðra stoð undir Vatnasafnið, ásamt vatninu sjálfu.

Birtingarmyndir veðursins í safninu í Stykkishólmi eru með tvennum hætti. Annars vegar sjást orð letruð á gólfið innan um súlurnar, á ensku og íslensku. Sem dæmi má nefna orð eins og „stormasamt“, „dyntótt“, „cruel“ og „tranquil.“ Íslensku orðin valdi myndlistarkonan Margrét H. Blöndal. Á heimasíðu safnsins eru áhrifin tíunduð af Roni Horn:

„Listi orða er ólíkur þegar þú lest hann af blaði eða þegar þú fellir hann inn í gólf í húsi langt upp á kletti. Slíkur listi verður aldrei tæmdur en mér fannst mikilvægt að listinn væri lifandi rétt eins og veðrið með öll sín hörðu og blíðu blæbrigði. Sum orðin vildi ég ekki að vísuðu beint í veðrið heldur frekar í ástand sjávar eða lofts. Í öðrum tilvikum eiga orðin við ástíðarbundnar aðstæður í landbúnaði en vísa órætt í veður á sama tíma. [...] Gesturinn í innsetningunni gengur á yfirborði ólíkra krafta og í hverju skrefi breytist veðrið. „Hann/hún“ – því að oft er veðrið á Íslandi persónugert með þessum hætti – breytist því í sífellu.“<sup>36</sup>

Þarna kemur fram kjarninn í hugsun Roni Horn um það hvernig við tölum um veðrið, því hún er á því að með því að tala um það séum við alltaf að tala um okkur sjálf. Þetta birtist enn frekar í hinu veður-verkefninu sem hún kom af stað í tengslum við Vatnasafn en það kallar hún Veðrið vitnar um þig (e. Weather reports you). Þar er um söfnun á veðurlýsingum að ræða, því á árunum 2005 til 2006 tóku Oddný Eir Ævarsdóttir, rithöfundur, bróðir hennar, fornleifafræðingurinn Uggi Ævarsson, og faðir þeirra Ævar Kjartansson, útvarpsmaður, viðtöl um veðrið við um það bil hundrað einstaklinga frá Stykkishólmi og nágrenni. Viðtölin, sem voru tekin að undirlagi Roni Horn er hægt að heyra í Vatnasafninu en þau hafa líka komið út



„Tryllt, bright, rýsjótt, þungur.“ Aðeins örfá af þeim lýsingarorðum um veðrið sem finna má á gólfinu í Vatnasafninu. Í botni súlnanna má smá örlítið set, óhreinindi sem hafa komið með jökul vatninu. Mynd: Stefan Altenburger.

á bók. Oddný lýsti þessari reynslu með þeim orðum að það að ætla sér að „tala að yfirlögðu ráði um veðrið sé eins og að ætla að hlaupa undir regnboga.“<sup>37</sup> Líklega sprettur því umræða um veðrið ekki svo auðveldlega fram þegar beðið er um hana og kveikt er á hljóðupptökutæki, en söfnunin gekk þó ágætlega upp. Í huga listakonunnar Roni Horn var markmiðið með söfnun veðurfrásagna þó skýrt. Í huga hennar var verkefnið nær sígildum hugmyndum listasögunnar um mannamyndir (e. portrait):

„Ég lít á það sem eins konar hóp-sjálfsmynd, sem er önnur algjörlega „absúrd“ hugmynd eins og að safna vatni. Það tengist þeirri hugmynd um að þegar maður tali um veðrið þá sé maður að tala um sjálfan sig. [...]Stóra ástæðan fyrir því að koma til Íslands var að mínu mati alltaf veðrið. Það myndaði mín tengsl. Það var þetta subbulega, óútreiknanlega og ofbeldisfulla fyrirbæri sem ég algjörlega elskaði. [...] Það var dramatískt, fullt af adrenalíni. Allur pakkinn.“<sup>38</sup>

## Lokaorð

Í maí árið 2017 varð Vatnasafnið í Stykkishólmi, innsetning, staður eða verkefni sem ber listhugsun Roni Horn vitni, tíu ára. Af því tilefni komu listakonan og forsvarsmenn Artangel til landsins. Það er ekki auðvelt að segja til um það með vissu hvornig verkefninu hefur reitt af á þeim tíu árum sem liðin eru frá opnun þess. Vatnasafnið í Stykkishólmi lætur ekki mikið fara fyrir sér og kannski er það einmitt helsti styrkleiki hugmyndarinnar, það hvíslar í heimi sem er fullur af öskrum. Ári eftir opnun safnsins áleit leiðarahöfundur Morgunblaðsins Vatnasafnið eiga sinn þátt í þeim brennipunkti „sem nú finnst á Íslandi í hinum alþjóðlega listheimi“ og leiðarahöfundurinn mat sem „ótrúlega sterkan“ um leið og hann hrósaði menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fyrir myndugleik í málefnum myndlistarinnar.<sup>39</sup>

Vatnasafn í Stykkishólmi er vart hægt að álíta sem brennipunkt í íslensku myndlistarlífi en það hefur fallegan og þögulan þyngdarkraft, þó að líklegt megi telja að draumar um landkynningaráhrif þessi hafi ekki að fullu ræst. Líklega valdi James Lingwood ágæta samlíkingu um safnið í viðtali við Morgunblaðið þegar samningur um það var undirritaður: „Það kann að vera að þetta sé eins og að kasta litlum steini út í stórt vatn. En ef steinninn fellur á réttan hátt í vatnið myndast sífellt stærri hringir sem færast út um yfirborðið. Þannig vonum við að raunin verði með Vatnasafn.“<sup>40</sup> Hins vegar sýnir skoðun á fundargerðum Safna- og menningarmálanefndar Stykkishólmsbæjar að fljótlega eftir opnun safnsins fór að bera á vandræðagangi varðandi fyrirkomulag á opnun safnsins og vangaveltur nefndarmanna um nýtingu þess koma einnig reglulega upp í fundargerðunum og örlar nokkuð á togstreitu í þeim efnum. Einnig ber þar líka á hugmyndum um samstarf safnsins við önnur söfn í bænum, til dæmis Eldfjallasafn sem opnað var í bænum árið 2009.<sup>41</sup> Hvort þetta segir eitthvað um togkraft safnsins tíu árum eftir opnun þess skal ósagt látið.



### Óprentaðar heimildir

Agreement Establishing Vatnasafn / Library of Water in Stykkishólmur. (2006, 17. maí). Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

James Lingwood. Viðtal við höfund, 2. maí 2017.

Memorandum of understanding, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2006.

Guðni Tómasson. Viðtal við Roni Horn í Viðsjá, 2. maí 2007. Ríkisútvarpið (RÚV).

Þorgeður Katrín Gunnarsdóttir, Ræða við opnun Vatnasafns, 7. maí 2007. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

### Prentaðar heimildir

„Áhugi er á stofnun menningarseturs“, Morgunblaðið, 27. júní 2005, 13.

Chevalier, Jean og Alain Gheerbrant, Dictionary of Symbols, London: Penguin, 1994.

Einar Falur Ingólfsson, „Samningur um Vatnasafn“, Morgunblaðið, 18. maí 2006, 32-33.

Fer, Briony. „Storm of the Eye“, í Vatnasafn / Library of Water. London and Göttingen: Artangel and Steidl, 1991.

Freysteinn Jóhannsson, „Hundrað milljónir hafa safnast til Vatnasafnsins“. Morgunblaðið, 2007, 8. apríl, 64.

Fríða Björk Ingvarsdóttir, „Á valdi þess staðar sem er hvergi“, Í My Oz. Reykjavík: Listasafn Reykjavíkur, 2007.

Fríða Björk Ingvarsdóttir, „Tvítýngt gólf og jöklar í útrýmingarhættu“, Lesbók Morgunblaðsins, 5. maí 2007, 4-5.

GAJ, „Bandarísk stúlka á mótorhjólí yfir hálendi Íslands“, Dagblaðið, 7. júlí 1979, 6.

„„Hér er verið að skapa einstakan speglasal náttúrunnar.““ Morgunblaðið, 7. maí 2007, 18.

Horn, Roni, „Island and Labyrinth.“ Í Vatnasafn / Library of Water. London and Göttingen: Artangel and Steidl, 1991.

Horn, Roni, Weather Reports You. Göttingen: Steidl, 2007.

„Húsið í Hólminum“, Alþýðublaðið, 25. mars 1962, 2.

Loftur Atli Eiríksson, „Menningarvæðing viðskiptalífsins“, Ritið 1, 2010.

Páll Baldvin Baldvinsson, „Vatnasafn vígt í Hólminum“, Fréttablaðið, 4. maí 2007, 44.

„Reykjavíkurbréf“, Morgunblaðið, 3. júní 2007, 44.

Silja Björk Huldudóttir, „Kæmi Stykkishólmi á heimskortið á menningarsviðinu“, Morgunblaðið, 10. október 2005, 9.

Smith, Roberta, „Gaining a Voice And an Identity in Minimalism“, The New York Times, 5. nóvember 2009, C25.

„Stefnumótandi ákvarðanir á sviði myndlistar“, Morgunblaðið, 29. maí 2008, 26.

„Spennit fyrir að virkja samfélagið hér“, Morgunblaðið, 18. maí 2006, 33.

### Vefheimildir

Roni Horn, Vatnasafn/Library of Water, 30. apríl 2007. Sótt 15.05.2017 af:

<https://www.artangel.org.uk/project/library-of-water/>.

Lingwood, James. „Journey to the Library of Water“, 2007. Sótt 28.04.2017 af: <https://www.artangel.org.uk/library-of-water/journey-to-the-library-of-water/>.

Art:21 Roni Horn. Sótt 28.04.2017 af:

<https://www.youtube.com/watch?v=eepmYQvBl-s>.

### Neðanmálgreinar

1 GAJ, „Bandarísk stúlka á mótorhjólí yfir hálendi Íslands“, 1979, 6.

2 Fer, Briony, „Storm of the Eye“.

3 Horn, „Island and Labyrinth“.

4 Smith, Roberta, „Gaining a Voice and an Identity in Minimalism“, 2009, C25.

5 Guðni Tómasson. Viðtal við Roni Horn í Viðsjá, 2007. Þýðing höfundar.

6 „Spennit fyrir að virkja samfélagið hér“, 2006, 33.

7 Roni Horn, Vatnasafn/Library of Water, 2007.

8 Páll Baldvin Baldvinsson, „Vatnasafn vígt í Hólminum“, 2007, 44.

- 9 „Húsið í Hólminum“, 1962, 2.
- 10 Sjá vefsíðu Artangel.
- 11 Lingwood, James, „Journey to the Library of Water“.
- 12 James Lingwood. Viðtal við höfund, 2017.
- 13 „Áhugi er á stofnun menningarseturs“, 2005, 13.
- 14 Silja Björk Huludóttir, „Kæmi Stykkishólmi á heimskortið á menningarsviðinu“, 2005, 9.
- 15 Sama heimild.
- 16 James Lingwood. Viðtal við höfund, 2017.
- 17 Sama heimild.
- 18 Agreement Establishing Vatnasafn / Library of Water in Stykkishólmur. Þýðing höfundar.
- 19 Sama heimild.
- 20 Sama heimild.
- 21 Memorandum of understanding. Þýðing höfundar.
- 22 Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ræða við opnun Vatnasafns, 2007.
- 23 „Hér er verið að skapa einstakan speglasal náttúrunnar“, 2007, 18.
- 24 Freysteinn Jóhannsson, „Hundrað milljónir hafa safnað til Vatnasafnsins“, 2007, 64.
- 25 Sjá vefsíðu Artangel, <https://www.artangel.org.uk/library-of-water/credits/>.
- 26 „Reykjavíkurbréf“, 2007, 44.
- 27 Loftur Atli Eiríksson, „Menningarvæðing viðskiptalífsins“, 2010.
- 28 Roni Horn, Vatnasafn/Library of Water.
- 29 Art:21 Roni Horn. Þýðing höfundar.
- 30 Chevalier, Jean og Gheerbrant, Alain, Dictionary of Symbols, 1081.
- 31 James Lingwood. Viðtal við höfund, 2017.
- 32 Guðni Tómasson. Viðtal við Roni horn í Viðsjá, 2007. Þýðing höfundar.
- 33 Fríða Björk Ingvarsdóttir, „Á valdi þess staðar sem er hvergi“, 2007, 25.
- 34 Fríða Björk Ingvarsdóttir, „Tvítýngt gólf og jöklar í útrýmingarhættu“, 2007, 4.
- 35 Horn, Weather Reports You, 9.
- 36 Roni Horn, Vatnasafn/Library of Water.
- 37 Horn, Weather Reports You, 14.
- 38 Guðni Tómasson. Viðtal við Roni Horn í Viðsjá, 2007. Þýðing höfundar..
- 39 „Stefnumótandi ákvarðanir á sviði myndlistar“, 2008, 26.
- 40 Einar Falur Ingólfsson, „Samningur um Vatnasafn 2006, 33.
- 41 Fundargerðir Safna- og menningarmálanefndar Stykkishólmsbæjar má nálgast á vefsíðu bæjarins.



„*Saga listasafna á Íslandi* er umfangsmikið verk sem orðið var tímabært í ljósi þeirrar líflegu flóru listasafna sem finna má á landinu gervöllu. Umfjallanir um einstök söfn eru ítarlegar og fróðlegar, en í þeim eru sögu, stjórnunarháttum og listrænni stefnu gerð greinagóð skil. Hér er komið rit sem fyllir skarð í sögu lista, söfnunar og menningarmiðlunar hér á landi, allt frá stofnun Listasafns Íslands árið 1884 til dagsins í dag.“

Dr. Ásdís Ólafsdóttir, listfræðingur og forstöðumaður Maison Louis Carré safnsins

„Ætla mætti að hinn mikli fjöldi listasafna á Íslandi sé í réttu hlutfalli við listþörfina í samfélaginu.

Starfsemi þeirra vekur óneitanlega upp áleitnar spurningar um skilgreiningar á listhugtakinu, hlutverk listaverka, ætlað starfsvið listamanna og tilgang safnastarfs. Þrátt fyrir vaxandi umfang safna er ekki auðvelt að gera sér grein fyrir hvort þau hafa almennt þróast fram á við eða staðið í stað innan tillölulega lokaðs kerfis. *Saga listasafna á Íslandi* dregur upp trúverðuga mynd af listasöfnum á Íslandi og mun vafalaust reynast góður grunnur við að skoða starfsemi þeirra frekar með gagnrýnum augum.“

Hannes Lárusson, myndlistarmaður og gagnrýnandi



„*Saga listasafna á Íslandi* er mikilvæg heimild um íslensk söfn og menningarsögu. Greinar eru vandaðar og skrifaðar á aðgengilegu máli. Gildi bókarinnar *Saga listasafna á Íslandi* er margþætt bæði fyrir fræðimenn og almenning en líka stjórnendur safna og starfsmenn þeirra. Hún gefur innsýn inn í hvernig söfnin urðu til og þann drifkraft sem gerði þau að veruleika – hvernig þau urðu til út frá stórum einkasöfnum, arfleidd einstakra listamanna og jafnvel út frá huglægum efnivið eins og Vatnasafnið. *Saga listasafna á Íslandi* er heimild sem kemur öllum við.“

Dr. Halldóra Arnardóttir, listfræðingur og sýningarstjóri